Hæstaréttardómar 1982 - 2. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar gallar á bls. 839, 1692 og 2020 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1982

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.

Aðiljafyrirkall 1985
Aðstöðugjald 1834
Almannahætta, almannahættubrot 969, 1206
Almenn hegningarlög, 173. gr. a 816, 995, 1718
Árekstur skipa 1192, 1860
Ávana- og fíkniefni 816, 928, 995, 1053, 1373, 1472, 1570, 1718, 1752, 1777, 1782, 1822
Bifreiðaárekstur 1097
Bifreiðakaup 961, 1306
Bifreiðar:
a) einkamál 836, 961, 1084, 1097, 1306, 1354, 1845, 1877, 1941, 1990
b) opinber mál 771, 918, 1149, 1206, 1225, 1254, 1289, 1544, 1555, 1559, 1636, 1641, 1695
Björgunarlaun 1229, 1238
Blóðrannsókn, bifreiðarstjórn 771, 918, 1225, 1289, 1544, 1559, 1636, 1641, 1695
Brot í opinberu starfi 1206
Brottvikning úr starfi 1968
Brunatjón 969, 1295, 1629
Dómarar 1278, 1283, 1347
Dómssátt 1271, 1287
Dómstólar 1160
Dráttarvextir 1788
Eignarupptaka 1472, 1718, 1752
Farmflutningar 1629
Fasteignagjöld 1788
Fasteignakaup 934, 1059, 1492, 1583
Fasteignaskattur 1045
Félagsdómur 1160
Félagsréttindi 1801
Fjárdráttur 1206
Fjárnám, fjárnámsgerð 1041, 1456, 1507
Fjárskipti 1107, 1141, 1412
Forkaupsréttur, jörð 1955
Framfærandi, missir 1084
Framlagning skjala 1368

Frávísun: Bls.
a) frá héraðsdómi 891, 1041, 1160, 1347, 1538, 1860, 2017
b) frá Hæstarétti 1180, 1264, 1278, 1283, 1799
c) frávísunardómur úr gildi felldur .. 1321, 1328, 1424, 1434, 1527
Frestur 1266, 1268
Fyrning 1788
Fyrning sakar 1472
Gagnaöflun 900, 901
Gallar 934, 961, 1059, 1492, 1507, 1583, 1890
Gjafsóknarlaun 1412, 1676
Gjaldþrotalög 1408
Gæsluvarðhald 889, 1175, 1187, 1189, 1608, 1661, 1884
Hafning máls 1041, 1888
Hald á munum 1463
Heimvísun 881, 1321, 1328, 1334, 1466, 1527, 1676
Heitfesting 896
Húftrygging 1354
Húsleit 1605
Höfundaréttur 1124
Íkveikja 969, 1206
Innsetning, innsetningargerð 1701
Ítrekun 771, 918, 1254, 1289, 1544, 1559, 1636, 1695
Jörð, forkaupsréttur 1955
Kaupgjaldsmál 1533, 1566
Kosningarréttur 769
Kærumál:
1) Aðiljafyrirkall 1985
2) Dómarar, dómaraverk 1278, 1283, 1347
3) Dómssátt 1271, 1287
4) Dómstólar 1160
5) Félagsdómur 1160
6) Framlagning skjala 1368
7) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 891, 1160, 1347
b) frá Hæstarétti 1180, 1264, 1278, 1283, 1799
c) frávísunardómur úr gildi felldur 1321, 1328, 1424, 1434, 1527
8) Frestur 1266, 1268
9) Gæsluvarðhald 889, 1175, 1187, 1189, 1608, 1661, 1884
10) Hald á munum 1463
11) Heimvísun 1321, 1328, 1527
12) Heitfesting 896
13) Húsleit 1605
14) Málskostnaður 1271
15) Munir, hald á 1463
16) Sératkvæði 1160, 1985
17) Skjöl, framlagning 1368
18) Vanhæfi dómara 1278, 1283

Bls.
19) Vitnastefna, útgáfa 1985
20) Vitni, heitfesting 896
21) Þnglýsing 891
Landakort 1124
Landamerkjamál 1334
Lausafjárkaup 961, 1306, 1665, 1890, 1921
Líkamsárás, líkamsmeiðingar 1167, 2017
Lögbannsgerð úr gildi felld 1124, 1801
Lögheimili 769
Málskostnaður 1271, 1885
Málverk, innsetning 1701
Missir framfæranda 1084
Munir, hald á 1463
Nefndarstörf, þóknun 1611
Nytjastuldur 1544
Ómaksbætur 1205
Ómerking 771, 881, 1041, 1334, 1466, 1538, 1676
Ómerking ummæla 1648
Opinbert starf, brot í 1206
Óvígð sambúð 1107, 1141, 1412
Riftun 1890, 1921
Sambúð, óvígð 1107, 1141, 1412
Sátt í opinberu máli 2017
Sáttaumleitun 1507
Sératkvæði 816, 836, 934, 969, 1045, 1059, 1084, 1107, 1124, 1141, 1160, 1306, 1354, 1373, 1440, 1472, 1618, 1665, 1718, 1752, 1845, 1877, 1890, 1921, 1955, 1985, 1990, 2017
Sjálftaka 902
Sjómannalög 1566
Sjóveðréttur 1860
Skaðabótamál, skaðabætur 836, 902, 934, 1084, 1097, 1124, 1192, 1306, 1440, 1492, 1507, 1583, 1629, 1845, 1860, 1877, 1941, 1955, 1968, 1990, 2017
Skilorð, skjalafals 1247
Skip, árekstur 1192, 1860
Skipsleiga 1229, 1238
Skjalafals 771, 1247
Skjöl, framlagning 1368
Skurðgrafa 1618
Stjórnsýsla 902
Sönnun 1533
Tékkasvik 1274
Tilboð 1198
Tómlæti 1706
Umboðssala 1306

Bls.
Umferðarlög 771, 836, 918, 1149, 1206, 1225, 1254, 1289, 1544, 1555, 1559, 1618, 1636, 1641, 1695
Ummæli, ómerking 1648
Umboðsandvirði, úthlutun 1408
Útburður 876
Úthlutun umboðsandvirðis 1408
Útivistardómar 1191, 1205, 1206, 1701
Vanhæfi dómara 1278, 1283
Vanreifun 2017
Vátryggingarbætur 1295
Veðskuldabréf 1456
Vegir 1845
Verksamningur 1198, 1507
Vextir 1665, 1706
Vinnuslys 1440
Vitnastefna, útgáfa 1985
Vitni, heitfesting 896
Þinglýsing 891
Þjófnaður 771, 1075
Ærumeiðingar 1648

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIII. árgangur. 2. hefti. 1982

Laugardaginn 22. maí 1982.

Nr. 118/1982. **Klara Hilmarsdóttir**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
borgarstjórn Reykjavíkur
(Jón G. Tómasson hrl.).

Kosningarréttur. Lögheimili.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1982. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt að taka nafna áfrýjanda á kjörskrá þá í Reykjavík, sem gildir við borgarstjórnarkosningar, er fram fara í dag.

Stefndi hefur lýst yfir, að hann hreyfi engum andmælum gegn kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi er eiginkona starfsmanns alþjóðastofnunar, sem fellur undir 10. gr. laga nr. 35/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1966. Í hæstaréttarmálinu nr. 117/1982 er dæmt, að eiginmaður áfrýjanda eigi lögheimili hér á landi, og á hún það þá einnig, sbr. 7. gr. laga nr. 35/1960. Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda í máli þessu.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórn Reykjavíkur, ber að taka nafn áfrýjanda, Klöru Hilmarsdóttur, á kjörskrá þá, sem gildir við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 22. maí 1982.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var nú í dag, hefur Klara Hilmarsdóttir, sögð með lögheimili að Drápuhlíð 47, Reykjavík, fædd 5. nóvember 1948, nnr. 5625-9082, höfðað gegn borgarstjórn Reykjavíkur til þess að fá viðurkenndan rétt sinn til að vera á kjörskrá í Reykjavík við komandi borgarstjórnarkosningar 22. maí nk.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að við samningu kjörskrár fyrir Reykjavík hefur nafn stefnanda fallið niður, þar sem hann er í þjóðskrá talinn búsettur í Belgíu.

Stefnandi hefur frá því snemma í haust dvalið í Brüssel vegna starfa maka á vegum NATO (Róbert Trausti Árnason nnr. 7352-2382), og samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili á hann skýlausan rétt á að vera hér á kjörskrá, sbr. meðfylgjandi vottorð utanríkisráðuneytisins á dskj. nr. 3, ljósrit.

Áður en maki stefnanda tók til starfa í Brüssel, var hann við nám í Kanada, og mun það vera ástæða þess, að hann féll af þjóðskrá sem búsettur erlendis. Hann uppfyllir öll skilyrði laga fyrir kosningarrétti, þ. m. t. að eiga lögheimili hér á landi.

Stefnandi lagði ekki fram kæru vegna kjörskrár fyrir borgarstjórn Reykjavíkur innan kærufrests, og er ástæðan sú, að stefnandi var erlendis, er kjörskráin lá frammi fyrir kærufrest, og er mál þetta höfðað með stoð í 24. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar."

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og málatilbúnaði stefnanda eigi mótmælt.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram vottorð utanríkisráðuneytisins, dags. 18. maí, um, að eiginmaður stefnanda sé starfsmaður Atlantshafsbandalagsins í Brüssel. Þá hefur og af hálfu stefnanda verið lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, dags. 20. maí 1982, um, að hún hafi átt lögheimili í Belgíu 1. desember 1981, en áður að Drápuhlíð 47, Reykjavík, og enn fremur skrifleg sókn í málinu, þar sem er að finna túlkun lögmanns stefnanda á ákvæðum 10. gr. laga nr. 35/1960.

Álit dómsins.

Framangreint vottorð Hagstofu Íslands sýnir, að stefnandi hefur flutt lögheimili sitt frá Drápuhlíð 47, Reykjavík, til Belgíu, en lögheimili hennar er skráð þar í landi 1. desember 1981, og ekki hefur öðru verið haldið fram en svo sé enn.

Kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960, að íslenskir

ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, skuli eiga lögheimili á Íslandi og þá væntanlega einnig makar þeirra skv. 7. gr. sömu laga, en Atlantshafsbandalagið, sem maki stefnanda starfar hjá, þykir verða að skoða sem alþjóðastofnun í skilningi þessa lagaákvæðis. Stefnandi hefur engu að síður flutt lögheimili sitt af landi brott og á það nú í Belgíu. Niðurstaða dómsins er því sú, að stefnandi fullnægi ekki kosningarréttarskilyrði því, sem kveðið er á um í d lið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, og enda þótt kröfu hennar hafi eigi verið mótmælt af hálfu stefnda, verður hún ekki tekin til greina.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórn Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Klöru Hilmarsdóttur, í máli þessu.

Þriðjudaginn 25. maí 1982.

Nr. 8/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Viðari Ágústssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ómerking. Skjalafals. Þjófnaður. Bifreiðar.
Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Með stefnu 29. desember 1981 áfrýjaði ríkissaksóknari að ósk ákærða dómi sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980. Var málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar. Ágrip barst Hæstarétti 31. mars 1982. Þetta mál var höfðað

gegn tveimur mönnum í héraði, en því er eingöngu áfrýjað að því er varðar ákærða.

Með stefnu 9. apríl 1981 áfrýjaði ríkissaksóknari að ósk ákærða dómi sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar s. á. Var málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 10. nóvember 1981.

Með stefnu 19. júní 1981 áfrýjaði ríkissaksóknari að ósk ákærða dómi sakadóms Reykjavíkur 1. apríl s. á. Var málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Þessi þrjú mál hafa verið sameinuð í Hæstarétti.

Kröfur ríkissaksóknara eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákærum, en refsing lækkuð frá því, sem ákveðið er í héraðsdómum samanlögðum.

Verjandi krefst þess, að dómur sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980 verði ómerktur og sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, en til vara, að ákærði verði sýknaður af ákærum 9. desember 1974 og 10. júní 1975, en refsing vegna ákæruefna í ákæru 27. júní 1977 verði lækkuð. Þá krefst hann þess, að refsing sú, sem ákærða var dæmd með dómum sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar og 1. apríl 1981 verði lækkuð.

Ríkissaksóknari lýsti yfir því í málflutningi fyrir Hæstarétti, að fallið væri frá vísun í áfengislög í ákæru 27. júní 1977 í kafla II, 2. mgr., og í ákæru 19. desember 1980 í kafla I, 2. mgr., og enn í ákæru 4. mars 1981 í ákærulið 1, 2 og 3.

Á ákæruskjali 10. júní 1975 hefur ríkissaksóknari gert eftirfarandi leiðréttingar fyrir Hæstarétti:

1. Í kafla I, B 6 er ranglega greint númer á tékka 1620 í stað 1612.

2. Í III, 12 er greint tékkanúmerið 30373, en á að vera 30367.

Enn fremur lýsti ríkissaksóknari yfir því, að fella ætti niður orðin „Ásgarði 141, Reykjavík“ úr sama tölulið.

Unnt er út af fyrir sig þrátt fyrir þessar villur að leggja dóm á ákæruefni, sbr. 118. gr., 3. málsgr., laga nr. 74/1974, enda hefur fullkomin vörn komið fram um þau fyrir Hæstarétti svo leiðrétt.

I.

Ákæruefni, sem fjallað er um í dómi sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980.

Í þessum dómi er leyst úr ákæruefnum samkvæmt þremur ákæruskjölum, 9. desember 1974, 10. júní 1975 og 27. júní 1977.

I.1. Brot þau, sem ákæruskjal 9. desember 1974 lýtur að, eru talin framan á tímabilinu 29. mars 1974 til upphafs ágústmánaðar s. á. Þessi brot rannsakaði lögreglan á Sauðárkróki 29. mars til 28. júlí 1974. Hinn 23. september s.á. kom ákærði fyrir sakadóm Sauðárkróks og tjáði sig um hvert einstakt sakarefni. Á grundvelli þessa var ákæra gefin út 9. desember s. á., eins og áður greinir. Eigi var hún birt ákærða fyrr en 5. maí 1976, og ritaði dómari á hana fyrirhugaðan þingfestingardag 28. júlí 1976. Málið var eigi þingfest fyrr en 19. ágúst s. á., og er þá skráð í þingbók, að fyrirtökudegi hafi verið frestað með samþykki ákærða. Í þingbók greinir, að ákærði hafi eigi komið fyrir dóminn, þótt honum hafi verið löglega boðað þinghaldið.

I.2. Brot þau, sem ákæra 10. júní 1975 varðar, eru talin framin í ágúst og september 1974. Rannsóknarlögreglan í Reykjavík rannsakaði öll þau brot þetta haust og fram á vetur. Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 26. nóvember 1974. Var þá bókað í þingbók: „Kærði kveðst hafa stolið 3 tékkheftum við innbrot í hús í Reykjavík og í bifreið í Húnaveri.

Kærði kveðst hafa falsað marga tékka úr tékkheftum þessum".

Þá gekkst hann við því að hafa stolið í húsi við Barónsstíg „auk tékkheftisins 1 leðurjakka, sem hann seldi samdægurs, og veski með skilríkjum, . . .". Að svo búnu var kveðinn upp gæsluvarðhalsúrskurður yfir ákærða.

Ákæra var gefin út 10. júní 1975 á hendur ákærða og öðrum manni. Ríkissaksóknari sendi bæjarfógetanum á Sauðárkróki hana með bréfi samdægurs, þar sem vakin er athygli á ákæru á hendur ákærða 9. desember 1974, sem ódæmd sé, „sem nærtækast sýnist að sameina máli þessu til dómsálagn-

ingar". Ákæran var birt ákærða 5. maí 1976. Þetta mál var þingfest í sakadómi Sauðárkróks 19. ágúst 1976 sem sakadómsmálið nr. 22/1976, og virðist svo sem ákærurnar tvær hafi átt að sameina í eitt og sama mál. Segir síðan í þingbók: „Hvorugur hinna kærðu er mættur í dóminum, og er þó báðum löglega stefnt. Hefur og hvorugur óskað eftir því, að sér yrði skipaður verjandi." Út af þeim ákæruefnum, er um ræðir í ákæruskjali 10. júní 1975, kom ákærði aldrei fyrir sakadóm Sauðárkróks.

Eftir þingfestingu máls í sakadómi Sauðárkróks 19. ágúst 1976 að lokinni framangreindri bókun í þingbók var málið dómtekið.

I.3. Hinn 27. júní 1977 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur ákærða fyrir brot, sem talin eru framin í apríl 1977 og voru rannsökuð af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík á tímabilinu 18. apríl til 20. maí s. á. Sendi ríkissaksóknari bæjarfógetanum á Sauðárkróki ákæru þessa með bréfi samdægurs ásamt skýrslum rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Er jafnframt minnt á fyrri ákærurnar tvær á hendur ákærða. Ákæra þessi var birt ákærða í Reykjavík hinn 26. ágúst 1977. Ekki greinir í birtingaráritun, hvenær mál þetta verði þingfest, og eigi, hver dómstóll muni fjalla um ákæruna.

Nú er ekkert aðhafst í máli þessu um langan tíma, eða allt til 19. maí 1980, þegar háð er dómþing í sakadómi Sauðárkróks. Segir þá í bókun, að fyrir sé tekið sakadómsmálið nr. 22/1978: Ákæruvaldið gegn Jóni Viðari Ágústssyni og Atla Örvari. Síðan er skráð: „Skjöl málsins nr. 1 til 58 liggja frammi í dóminum. Skjölin eru svohljóðandi: / / /. Var þá í máli þessu kveðinn upp svofelldur dómur: ...". og er það hinn áfrýjaði dómur.

Þegar ákærur 9. desember 1974 og 10. júní 1975 voru þingfestar 19. ágúst 1976, var því máli gefið sérstakt númer (22/1976), en hinn 19. maí 1980 er sakadómsmálið nr. 22/1978 tekið fyrir. Af þeim þingskjölum nr. 1—58, „sem liggja frammi í dóminum", má ráða, að þingskjöl nr. 1—51 séu skjöl þau, sem lögð voru fram í þinghaldi 19. ágúst 1976, en skjöl nr. 52—58 eru ákæran 27. júní 1977 ásamt rannsóknargögnum og öðrum skjölum, er hana varða, en engin grein

er gerð fyrir skjölum þessum í bókun í þinghaldi 19. maí 1980. Ekki er bókuð nein ákvörðun um, að málið nr. 22/1976, sem dómtekið var 19. ágúst 1976, sé endurupptekið né samkvæmt hvaða lagaheimild og þá eigi heldur, að hið nýja mál (nr. 22/1978) sé sameinað eldra málinu.

I.4. Ýmsir ágallar eru á meðferð og rekstri máls þessa, svo sem að framan greinir. Þar á meðal hafa rannsóknargögn og ákæruefni samkvæmt ákæruskjölum eigi verið kynnt ákærða og borin undir hann sem skyldi, og ákvörðun dómara um tíma og stað til þingfestingar máls samkvæmt ákæruskjali 27. júní 1977 var eigi rituð á ákæruskjalið, svo sem það var birt honum, og er það andstætt ákvæðum 3. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976, og áður 4. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974. Eru hér slíkir megingallar á, að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 19. ágúst 1976. Verða því ekki efni til að fjalla um það hér, hvort sakir þær, sem greinir í ákæruskjölum 9. desember 1974 og 10. júní 1975, séu fyrndar.

II. Ákæruefni samkvæmt ákæru 19. desember 1980, dæmd með dómi sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar 1981.

II.A. Atferli ákærða, það er lýst er í I. lið ákæru, varðar við 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr.

II.B. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um háttsemi ákærða, sem honum er gefin að sök í II.—IV. lið ákæru.

II.C. Atferli ákærða, sem hann er sóttur til saka fyrir í V. lið ákæru, varðar við 2. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr.

II.D. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ráðlag ákærða, sem hann er saksóttur út af í VI. og VII. lið ákæru.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um fébótakröfur nema um vexti. Dæma ber ársvexti af fébótakröfu verslunarinnar JMJ, Akureyri, frá 1. september 1980 46% til 1. mars 1981, frá þeim degi 42% til 1. júní s. á., 39% frá þeim degi til upp-

kvaðningar dóms þessa, en frá þeim degi hæstu innlánsvexti, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Ársvextir af fébótakröfu verslunarinnar Brynju, Akureyri, verði hinir sömu frá 1. október 1980, af fébótakröfu Hermínu Marinósdóttur frá 2. september s. á., af fébótakröfu iðnaðardeildar SÍS, Akureyri, frá 22. ágúst s. á., af fébótakröfu Kaupfélags Þingeyinga frá 11. ágúst s. á. svo og af fébótakröfu Hótels Reynihlíðar frá 11. ágúst s. á.

III. Ákæruefni samkvæmt ákæru 4. mars 1981, dæmd með dómi sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1981.

III.1. Atferli ákærða 29. júlí 1980, sem honum er gefið að sök í ákæru, varðar við 14. gr., 25. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr., og 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr., en eigi verður honum dæmd refsing samkv. 11. gr. og 18. gr. umferðarlaga.

III.2. Akstur ákærða 29. desember 1980 í fyrra skipti þann dag varðar við 2. mgr. 11. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976, 4. gr., og enn fremur við 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr. Akstur hans sama dag að kveldi varðar við sömu refsiákvæði, en þetta atferli varðar þó við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ökuleyfissviptingu, þar sem brot er ítrekað, sbr. dóma sakadóms Reykjavíkur 9. apríl og 11. júlí 1980.

IV. Refsing og önnur viðurlög svo og sakarkostnaður.

IV.A. Refsingu ákærða vegna þeirra brota, sem hann er sakfelldur fyrir í þessum dómi, ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi. Gæsluvarðhaldsvist sú, er ákærði sætti í 15 daga frá 26. nóvember 1974 og í 30 daga frá 21. apríl 1977 tengist ekki þeim brotum, sem ákærða er refsað fyrir í máli þessu. Kemur hún því eigi til álita hér refsingu hans til frádráttar.

Hér að framan er dæmt um fébótakröfur á hendur ákærða og kröfu um ökuleyfissviptingu ákærða.

IV.B. Allur kostnaður við áfrýjun sakar þeirrar, er dæmd var með dómi sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti af rekstri mála þeirra á hendur honum, sem dæmd voru í sakadómi Reykjavíkur 26. febrúar og 1. apríl 1981, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti 3.500.00 krónur.

V. Rekstur máls þess, sem dæmt var í sakadómi Sauðárkróks 19. maí 1980, hefur farið mjög aflaga, og er getið ýmissa ágalla hér að framan. Töf hefur orðið á birtingu ákæru, svo sem greint hefur verið, og þess eigi gætt til hlítar að kveðja ákærða fyrir dóm til að kynna honum sakargögn. Þá hafa þau stórfelldu mistök orðið, að ekkert var aðhafst í máli, sem dómtekið var 19. ágúst 1976, allt til 19. maí 1980, er það var sameinað öðru máli. Í dóminum er eigi vikið einu orði að ástæðum þess, sem þó var ærið tilefni til. Engin skýring er heldur komin fram á því, að dómsgerðir voru eigi sendar ríkissaksóknara fyrr en með bréfi 4. desember 1981, er barst ríkissaksóknara hinn 29. s. m. samkvæmt því, er greinir í áfrýjunarstefnu, en ákærði hafði lýst því yfir þegar hinn 13. ágúst 1980, að hann óskaði eftir áfrýjun málsins.

Verður að átelja þessi mistök harðlega.

Dómsorð:

1. Hinn áfrýjaði dómur sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980 á að vera ómerkur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 19. ágúst 1976.

2. Ákærði sæti 10 mánaða fangelsi vegna brota, sem hann er sakfelldur fyrir með hinum áfrýjuðu dómum sakadóms Reykjavíkur. Þá eiga ákvæði dóms sakadóms

Reykjavíkur 26. febrúar 1981 um fébætur að vera óröskuð að undanteknum vöxtum, svo sem að framan greinir. Ákvæði dóms sama dómstóls 1. apríl 1981 um ökuleyfissviptingu eiga að vera óröskuð.

3. Allur kostnaður af áfrýjun sakar þeirrar, sem dæmd var í sakadómi Sauðárkróks 19. maí 1980, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur. Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti vegna mála þeirra á hendur honum, sem dæmd voru í sakadómi Reykjavíkur 26. febrúar og 1. apríl 1981, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun framangreinds verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980.

Ár 1980, 19. maí, var kveðinn upp í sakadómi Sauðárkróks, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki, af Þorbirni Árnasyni, fulltrúa bæjarfógeta, dómur í sakadómsmálinu nr. 22/1976: Ákæruvaldið gegn Jóni Viðari Ágústssyni og Atla Örvari, sem tekið var til dóms 19. ágúst 1976.

I.

Málið er höfðað með ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagssettum 9. desember 1974, gegn ákærða Jóni Viðari Ágústssyni, Birkihlíð 1 á Sauðárkróki, fæddum 26. maí 1952 í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot:

1. Föstudagsnóttina 29. mars 1974 ekið bifreiðinni K 882 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum um götur á Sauðárkróki, allt þar til lögreglumenn hindruðu hann í frekari akstri í Hlíðarhverfi þar í bæ.

Telst þetta varða við 2. málsgrein, sbr. 4. málsgrein 25. greinar og 3. málsgrein 80. greinar, sbr. 81. grein umferðarlaga nr. 40/1968.

2. Einhvern tíma fyrstu dagana í aprílmánuði 1974 stolið frá Eiríki Björnssyni, Lindargötu 9, Sauðárkróki, bankabók á Búnaðarbanka Íslands, Sauðárkróki, með innstæðu að fjárhæð kr. 10.849, tekið síðan út úr bókinni kr. 5.250 og veðsett síðan bókina Magnúsi Konráðssyni, Sævarstíg 4, Sauðárkróki, til tryggingar greiðslu á láni að upphæð kr. 3.000, sem ákærði fékk hjá Magnúsi með þessum hætti.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Þriðjudaginn 7. maí 1974 stolið frá fyrrgreindum Magnúsi Konráðssyni kr. 20.000 í peningum, og fór takan fram á heimili Magnúsar að Sævarstíg 4, Sauðárkróki, þar sem ákærði kom til að sækja fyrrgreinda bankabók, en hitti engan þá heima.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

4. Fimmtudaginn 25. júlí 1974 komið að bænum Vöglum, Akrahreppi í Skagafirði, og stolið þar úr ólæstum skáp kr. 8.500 frá bóndanum, Gísla Magnússyni. Sama dag komið á heimili Friðbergs Sveinssonar, Skógargötu 10, Sauðárkróki, og stolið þar frá Friðbergi ávísun á orlofsfé að fjárhæð kr. 6.596. Falsað síðan úttektarheimild sér til handa til að taka út orlofsfé, sem hann fékk greitt á pósthúsinu á Sauðárkróki með tékka á Búnaðarbanka Íslands, stíluðum á Friðberg Sveinsson, sem ákærði framseldi síðan með því að falsa á hann nafn Friðbergs.

Telst þetta varða við 1. málsgrein 155. greinar og 244. grein almennra hegningarlaga.

5. Loks er ákærða gefið að sök að hafa fyrstu dagana í ágústmánuði 1974 stolið á skrifstofu Skjaldar h/f á Sauðárkróki tveimur tékkum á Iðnaðarbanka Íslands h/f, sem báðir voru út gefnir af Skildi h/f, annar að fjárhæð kr. 2.000, en hinn að hluta óútfylltur, að fjárhæð 16.354, auk þess sem ákærði hafði á brott með sér af skrifstofunni kr. 2.700 í peningum.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

II.

Þá er málið höfðað með ákæru, dagsettri 10. júní 1975, gegn sama Jóni Viðari Ágústssyni og Atla Örvari sjómanni, Laugavegi 54 í Reykjavík, fæddum þar í borg 26. febrúar 1938, fyrir eftirgreind brot:

I.

1. Ákærða Jóni Viðari Ágústssyni er gefið að sök að hafa um verslunarmannahelgina 1974 stolið úr bifreiðinni E 1515 við samkomuhúsið Húnaver í Laugadal tékkhefti á Búnaðarbanka Íslands, útibúið á Blönduósi, og áfengisflösku með slatta í, hvort tveggja úr eigu Kristjáns Péturssonar, Húnabraut 7, Blönduósi.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða Jóni Viðari er svo gefið að sök að hafa í framhaldi af fyrrgreindu þjófnaðarbroti tekið til við að gefa út tékka úr greindu tékkhefti, ýmist í eigin nafni, án innstæðu, eða með fölsuðum nafnritunum, sem hann notaði síðan í viðskiptum með eftirgreindum hætti:

a. Tékkar gefnir út af ákærða Jóni Viðari Ágústssyni í eigin nafni:

1. C nr. 1614, að fjárhæð kr. 3.630, útgefinn til ÁTVR 6. ágúst 1974, notaður til greiðslu á áfengi í vínbúðinni að Lindargötu 46, Reykjavík.
2. C nr. 1616, að fjárhæð kr. 194, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, notaður til greiðslu á vörum í lyfjabúðinni Iðunni í Reykjavík.
3. C nr. 1617, að fjárhæð kr. 2.000, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, seldur á bifreiðastöð í Hafnarfirði.
4. C nr. 1618, að fjárhæð kr. 2.629, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, notaður til greiðslu á vörum í versluninni Hagkaupum í Reykjavík.
5. C nr. 1619, að fjárhæð kr. 500, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, notaður til greiðslu á vörum í Ingólfsapóteki, Reykjavík.
6. C nr. 1620, að fjárhæð kr. 1.000, útgefinn á handhafa 6. ágúst 1974, notaður til vörukaupa í versluninni Vestrinu, Garðastræti 2, Reykjavík.
7. C nr. 1621, að fjárhæð kr. 500, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, seldur í einhverri verslun í Reykjavík.
8. C nr. 1622, að fjárhæð kr. 500, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, notaður til greiðslu á aðgöngumiða o. fl. í Laugarásbíói í Reykjavík.
9. C nr. 1623, að fjárhæð kr. 250, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, notaður til vörukaupa í verslun í Reykjavík.
10. C nr. 1624, að fjárhæð kr. 3.000, útgefinn til handhafa 6.

ágúst 1974, notaður til vörukaupa í biðskýlinu við Bústaðaveg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. grein hegningarlaga.

b. Tékkar úr sama hefti, falsaðir af Jóni Viðari Ágústssyni:

1. C nr. 1607, að fjárhæð kr. 1.000, útgefinn til handhafa, án dags. 1974, á hann falsað útgefandanafnið Guðmundur Árnason, óupplýst um notkun tékkans, sem framseldur er með nafninu Jón Tryggvason.
2. C nr. 1608, að fjárhæð kr. 2.404, útgefinn til handhafa 5. ágúst 1974, á hann falsað útgefandanafnið Guðmundur Árnason, notaður í viðskiptum við Kaupfélag Húnvetninga Blönduósi.
3. C nr. 1609, að fjárhæð kr. 5.000, útgefinn til Hótels Blönduóss 5. ágúst 1974, á hann falsað útgefandanafnið Þorsteinn Árnason, notaður til greiðslu á gistikostnaði á hótelinu.
4. C nr. 1610, að fjárhæð kr.6.000, útgefinn til handhafa 5. ágúst 1974, á hann falsað útgefandanafnið Þorsteinn Árnason og framseldur með sömu nafnritun, notaður í viðskiptum við Olíustöðina í Hvalfirði.
5. C nr. 1611, að fjárhæð kr. 1.500, útgefinn til handhafa 5. ágúst 1974 og á hann falsað útgefandanafnið Þorsteinn Árnason, notaður í viðskiptum við Staðarskála, Hrútafirði.
6. C nr. 1620 (sic), að fjárhæð kr. 5.820, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974 og á hann falsað útgefandanafnið Þorsteinn Árnason og framseldur með sömu nafnritun, notaður í viðskiptum við Sverri Jónsson leigubifreiðarstjóra, Kópavogsbraut 69, Kópavogi.
7. C. nr. 1613, að fjárhæð kr. 490, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, á hann falsað útgefandanafnið Þorsteinn Árnason, notaður í viðskiptum við Björn Pálsson ljósmyndara, Víðilundi 4, Garðahreppi.

Telst þetta varða við 1. málsgrein 155. greinar almennra hegningarlaga.

II.

Ákærða Jóni Viðari Ágústssyni er gefið að sök að hafa miðvikudaginn 11. sept. 1974 brotist inn í kjallaraherbergi að Barónsstíg 65 í Reykjavík, þar sem Kristinn Þór Jakobsson matreiðslunemi bjó, og stolið frá honum leðurjakka og peningaveski, sem hafði

að geyma, auk persónulegra skilríkja, tékkhefti á sparisjóðinn í Keflavík.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

III.

Ákærða Jóni Viðari Ágústssyni er svo gefið að sök að hafa í framhaldi af þjófnaðarbroti því, sem greinir í kafla II hér að framan, tekið til við að gefa út tékka úr þar greindu tékkhefti með fölsuðum nafnritunum, að undanskildum einum tékka, sem ákærði gaf út í eigin nafni, og notað síðan tékkana í viðskiptum, fyrst einsamall og síðan í félagi við meðákærða, Atla Örvar, svo sem nánar verður vikað að hér á eftir, þegar Atli á í hlut.

1. Nr. 30360, að fjárhæð kr. 500, útgefinn til handhafa 11. september 1974 og á hann falsað útgefandanafnið Guðmundur Árnason, notaður í viðskiptum við söluturninn, Lokastíg 12, Reykjavík.
2. Nr. 30361, að fjárhæð kr. 9.200, útgefinn til Árna Magnússonar 11. september 1974 og á hann falsað útgefandanafnið Ólafur Sigurðsson og framsalið Árni Magnússon, notaður í viðskiptum við verslunina Víkurnesti í Grindavík.
3. Nr. 30362, að fjárhæð kr. 4.200, útgefinn til handhafa 11. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Árni Magnússon og notaður í viðskiptum við verslunina Karnabæ í Reykjavík.
4. Nr. 30363, að fjárhæð kr. 4.800, útgefinn til ÁTVR 11. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Árni Magnússon og notaður í viðskiptum við vínbúðina við Laugarásveg í Reykjavík.
5. Nr. 30365, að fjárhæð kr. 8.500, útgefinn til Árna Magnússonar 11. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Pétur Sæmundsson og framsalið Árni Magnússon, Hólavegi 3, Kópavogi, notaður í viðskiptum við Hafnarbúðina í Keflavík.
6. Nr. 30366, að fjárhæð kr. 5.750, útgefinn til ÁTVR 11. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Árni Magnússon, notaður í viðskiptum við áfengisútsöluna í Keflavík.
7. Nr. 30368, að fjárhæð kr. 2.000, útgefinn til handhafa 12. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Árni Magnússon og framsalið Gunnar Jónsson, notaður í viðskiptum við verslun Mjólkursamsölunnar við Laugaveg í Reykjavík.

8. Nr. 30369, að fjárhæð kr. 2.000, útgefinn til handhafa 12. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Magnús Árnason og framsalið Guðmundur Jónsson, Skúlagötu 68, notaður í viðskiptum við verslunina Skúlaskeið, Skúlagötu 64, Reykjavík.
9. Nr. 30370, að fjárhæð kr. 1.000, útgefinn til handhafa 12. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Árni Magnússon og notaður í viðskiptum við Hverfisbúðina, Hverfisgötu 117, Reykjavík.
10. Nr. 30371, að fjárhæð kr. 10.000, útgefinn til meðákærða, Atla Örvars, 12. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Jón Guðmundsson, notaður í viðskiptum við Ronald M. Kristjánsson leigubifreiðarstjóra, Bifreiðastöð Steindórs, með aðstoð meðákærða Atla Örvars, sem jafnframt framseldi tékkann með eigin nafni, þrátt fyrir fulla vitneskju um að tékkinn væri falsaður að öðru leyti.
11. Nr. 30372, að fjárhæð kr. 3.000, útgefinn til handhafa 13. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Pétur Sæmundsson, notaður í viðskiptum við eina af verslunum Silla & Valda í Reykjavík með aðstoð Atla Örvars, sem jafnframt framseldi tékkann með eigin nafni, þrátt fyrir fulla vitneskju um að tékkinn væri falsaður að öðru leyti.
12. Nr. 30367 (sic), að fjárhæð kr. 5.000, útgefinn til handhafa 5. september 1974 (sic), á hann falsað útgefandanafnið Pétur Sæmundsson, notaður í viðskiptum við verslunina Hástein, Ásgarði 41 í Reykjavík (sic), með aðstoð Atla Örvars með sama hætti og greinir í lið 11 hér að framan.
13. Nr. 30374, að fjárhæð kr. 6.000, útgefinn til handhafa 13. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Pétur Sæmundsson og notaður í viðskiptum við Kjötbúðina Laugavegi 32, Reykjavík, með aðstoð Atla Örvars á sama hátt og fyrr greinir.
14. Nr. 30375, að fjárhæð kr. 3.800, útgefinn til ÁTVR 13. september 1974 af ákærða Jóni Viðari sjálfum í eigin nafni og notaður til greiðslu á vínföngum í vínbúðinni á Lindargötu 46 í Reykjavík.

Háttsemi beggja ákærðu, sem rakin er í kafla III hér að framan, telst varða við 1. málsgrein 155. grein almennra hegningarlaga, að undanteknum lið 14, sem telst varða við 248. grein sömu laga.

IV.

Ákærða Jóni Viðari er gefið að sök að hafa einhvern tíma í septembermánuði 1974 farið í heimildarleysi inn í húsakynni Óskars Clausen rithöfundar að Bankastræti 12 í Reykjavík, gert þar leit að peningum, sem hann ekki fann, en haft þaðan á brott með sér tékkhefti á Landsbanka Íslands, aðalbankann, sem hann fann í hirslum Óskars.

Ákærði telur sig hafa gefið út tvo tékka úr heftinu og notað í viðskiptum, en að því búnu komst tékkheftið með einhverjum hætti í hendur meðákærða, Atla Örvars, sem tók til að gefa út tékka úr heftinu, svo sem nánar verður rakið.

Framangreind háttsemi Jóns Viðars telst varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

V.

Ákærða Atla Örvari er gefið að sök að hafa í framhaldi af viðtöku sinni á framangreindu tékkhefti gefið út eftirgreinda tékka, ýmist í eigin nafni og þá innstæðulausa eða með fölsuðum nafnritunum og notað þá í viðskiptum með eftirgreindum hætti:

1. B Nr. 203892, að fjárhæð kr. 5.000, útgefinn til handhafa 17. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Jón Guðmundsson, sem ákærði notaði síðan í viðskiptum við veitingahúsið Röðul í Reykjavík.
2. B Nr. 703893, að fjárhæð kr. 1.000, útgefinn af ákærða sjálfum til handhafa 18. september 1974, notaður til greiðslu á ökugjaldi til Rúnars Guðmundssonar leigubifreiðarstjóra, Meistaravöllum 21, Reykjavík.
3. B Nr. 703894, að fjárhæð kr. 5.000, útgefinn af ákærða sjálfum til handhafa 18. september 1974, notaður til skókaupa í Skóbúð Austurbæjar í Reykjavík.
4. B Nr. 703895, að fjárhæð kr. 3.000, útgefinn af ákærða sjálfum til handhafa 18. september 1974, notaður til bensínkaupa hjá Olíufélaginu Skeljungi h/f í Reykjavík.
5. B Nr. 703896, að fjárhæð kr. 6.000, útgefinn af ákærða sjálfum til Helga Aðalsteinssonar 18 .september 1974, notaður til greiðslu á veitingum á Hótel Borg, Reykjavík.
6. B Nr. 703897, að fjárhæð kr. 4.000, útgefinn af ákærða sjálfum til handhafa 18. september 1974, notaður í viðskiptum við verslunina O. Ellingsen í Reykjavík.
7. B Nr. 703898, að fjárhæð kr. 40.000, útgefinn til handhafa 17. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Matthías

Ingibergsson og notaður í viðskiptum við Óskar Magnússon, Fellsmúla 12, Reykjavík.

8. B Nr. 703900, að fjárhæð kr. 40.000, útgefinn til handhafa 20. september 1974, falsaður á sama hátt og greinir í lið 7 og notaður í viðskiptum við Guðmund Ágúst Jónsson, þjón í veitingahúsinu Glæsibæ í Reykjavík, þar sem ákærði greiddi með tékkanum að hluta veitingar.

Háttsemi ákærða Atla Örvars, sem rakin er í kafla V, telst að því er varðar liði 1, 7 og 8 varða við 1. málsgrein 155. grein almennra hegningarlaga, en að öðru leyti við 248. grein sömu laga.

VI.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

III.

Þá hefur eftir dómtöku máls þessa verið birt ákæra á Jón Viðar Ágústsson, útg. 27. júní 1977, og óskað sameiningar hennar við fyrri mál ákærða við dómsuppsögu.

I. Ákærða eru gefin að sök fjársvik samkv. 248. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa miðvikudagskvöld 6. apríl 1977 tekið á leigu bifreiðina R 1834 og látið aka með sig frá Reykjavík til Sauðárkróks og til baka án þess að hafa fé handbært til að greiða áfallið ökugjald, kr. 55.000.

II. Laugardagskvöldið 16. apríl 1977 eða síðar um nóttina braust ákærði ölvaður inn í húsið nr. 15 við Fjólugötu í Reykjavík og stal þaðan 14 áfengisflöskum, tveimur vindlingalengjum, fimm bókum, háfjallasól, útvarpstæki, peysu, ferðatösku, úri rafmagnsrakvél, hárkambi, jakka og buxum og reyndi að gangsetja bifreiðina R 39914 í bifreiðageymslu hússins í því skyni að taka hana í heimildarleysi.

Telst þetta varða við 244. grein og 1. málsgrein 259. grein, sbr. 20. grein almennra hegningarlaga, 2. málsgrein 25. greinar, sbr. 80. grein umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. málsgrein 24. greinar, sbr. 45. grein áfengislaga nr. 82/1969.

III. Þriðjudagskvöldið 19. apríl 1977 braust ákærði inn í hús nr. 9 við Njarðargötu í Reykjavík og stal þaðan 21 bók, allt að 45 hljómplötum, tveim gullhringum með steinum, vasatölvu, skrautbyssu, þremur minnispeningum, leðurjakka, úlpu, peysu, bol, buxum, ferðatösku, leðurbelti, hálsmeni, kveikjara og vasaljósi.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

IV.

Ákærði Jón Viðar Ágústsson hefur samkvæmt sakavottorði sínu sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1970 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. grein hegningarlaga, ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár 16. september 1970.

1970 31/12 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25. grein umferðarlaga, sviptur ökuleyfi í þrjá mánuði frá 31. desember 1970.

1971 11/7 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. grein áfengislaga.

1971 30/11 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. grein áfengislaga.

1974 11/3 í Reykjavík: Dómur: Sjö mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot á 244. grein hegningarlaga, 25. grein umferðarlaga og 24. grein áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í átta mánuði frá 11/3 1974.

Ákærði Atli Örvar hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir samkvæmt sakavottorði frá sakaskrá ríkisins:

1963 5/11 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tékkamisferli.

1966 2/3 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 244. grein, sbr. 256. og 261. grein hegningarlaga.

1966 í Hafnarfirði: Áminning fyrir brot á 25. grein áfengislaga.

1966 12/8 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 248. grein, sbr. 1. málsgrein 256. grein hegningarlaga.

1966 18/10 í Hafnarfirði: Dómur: Fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. málsgrein 155. grein hegningarlaga.

1967 18/5 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 2. málsgrein, sbr. 3. málsgrein 25. gr., 1. málsgrein 37. grein, 2. málsgrein 41. grein og 49. grein umferðarlaga og 1. málsgrein 24. grein áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá 7/2 1967.

1971 21/6 í Hafnarfirði, Sátt, 550 kr. sekt fyrir brot á 21. grein, sbr. 44. grein áfengislaga.

1971 3/5 í Hafnarfirði: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 248. grein hegningarlaga. (Dómur frá 18/10 1966 dæmdur með). Staðfest í Hæstarétti þann 11/11 1971.
1974 24/9 í Reykjavík: Dómur: Tveggja mánaða fangelsi fyrir brot á 259. grein hegningarlaga, 25. grein umferðarlaga og 244. grein áfengislaga (sic). Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 24/9 1974.

Málsatvik.

Ákæra, dags. 9. desember 1974.

Við rannsókn málsins er upplýst, að mætti (sic) ók aðfaranótt föstudagsins 29. mars 1974 bifreiðinni K 882 frá Lindargötu 9 á Sauðárkróki, en þar var hann þá búsettur, og áleiðis upp í Birkihlíð 1 og var þá undir áhrifum áfengis. Hann hefur skýrt svo frá, að kona sín hafi neitað sér um lykla að bílnum og hafi hann því leitt saman til að gangsetja bílinn. Lögreglan hafi veitt honum eftirför á þessum akstri hans og gefið honum stöðvunarmerki, sem hann hafi ekki sinnt, en bíllinn hafi stöðvast í brekkunni upp að Hlíðarhverfi og lögreglan þar náð sér og fært sig á sjúkrahúsið til þess að láta taka úr sér blóðsýni. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist vera 1.54 promill. Brot ákærða, sem að sannað er með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu, varða við 2. málsgrein, sbr. 4. málsgrein 25. greinar og 3. málsgrein 21. greinar (sic) umferðarlaga nr. 40/1968.

Mætti (sic) hefur viðurkennt að hafa vorið 1974 tekið bankabók frá Eiríki Björnssyni, Lindargötu 9 á Sauðárkróki, en mætti (sic) var þá leigjandi hjá Eiríki. Bók þessa tók hann úr skifborðsskúffu, þegar Eiríkur var ekki heima. Mætti (sic) fór með bók þessa í Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki og tók út úr henni kr. 5.000, og hafði hann undirritað úttektarseðil með eigin nafni. Upphæð þessa hefur ákærði nú endurgreitt Eiríki, og hefur Eiríkur ekki farið fram á frekari greiðslur úr hendi ákærða. Nokkrum dögum síðar fékk ákærði lánaðar kr. 3.000 hjá Magnúsi Konráðssyni, Sævarstíg 4 á Sauðárkróki, og afhenti þá Magnúsi umrædda bankabók Eiríks að veði og tjáði Magnúsi, að bókin væri sín eign. Viku síðar fór mætti (sic) heim til Magnúsar. Segist hann þá hafa verið aðeins undir áhrifum áfengis. Erindið til Magnúsar var að fá afhenta bókina aftur, enda hafði hann þá meðferðis peninga til að greiða honum lánið. Óttaðist mætti (sic), að Eiríkur mundi sakna bókarinnar, og ætlaði að láta hana aftur, þar sem hann tók hana, að eigin sögn.

Magnús reyndist ekki vera heima, þegar mætti (sic) kom, en mætti (sic) segir, að opið hafi verið inn til hans. Hóf ákærði þá leit að bókinni og opnaði skápa og skúffur á heimili Magnúsar. Í skúffu efst í skápnum sá mætti (sic) talsvert af peningum og tók hluta þeirra, um kr. 20.000, en bókina fann hann hins vegar ekki.

Framangreind háttsemi ákærða, sem sönnuð þykir með játningu hans og framlögðum gögnum í málinu, þykir varða við 244. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Magnús Konráðsson hefur ekki óskað eftir að hafa uppi skaðabótakröfur í máli þessu á hendur ákærða, enda mun ákærði hafa greitt beint til Magnúsar fé það, er hann stal frá honum.

Fimmtudaginn 25. júlí 1974 var ákærði staddur sem gestur að bænum Vöglum í Blönduhlíð í Skagafirði. Seinni part dagsins var mætti (sic) einn í bænum, og hefur hann játað að hafa þá notað tækifærið til þess að leita að peningum í húsinu og fundið kr. 8.000 í seðlaveski, sem geymt var í ólæstu skrifborði í svefnherbergi hjónanna, og tekið þá peninga og haft á brott með sér. Síðar þennan sama dag, 25. júlí 1974, fór mætti (sic) á heimili Friðbergs Sveinssonar, Skógargötu 10, Sauðárkróki. Friðberg var þá ekki heima, en sonur Friðbergs, 6 ára gamall, var heima, og sætti ákærði lagi, þegar hann hafði sent drenginn út í búð til að kaupa fyrir sig appelsín, að leita í íbúðinni, og rakst hann þá á umslag með orlofsávísun, sem að hljóðaði upp á 6.596 kr. Tók mætti (sic) ávísunina í þeim tilgangi að nota hana og útbjó síðan úttektarheimild sér til handa og stældi eftir því sem hann gat rithönd Friðberg undir heimildina. Fór mætti (sic) síðan á pósthúsið á Sauðárkróki og fékk þar orlofið greitt með ávísun á Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki, sem stíluð var á Friðberg Sveinsson. Fór mætti (sic) síðan með nefnda ávísun í verslunina Bláfell á Sauðárkróki og greiddi þar fyrir vöruúttekt með nefndri ávísun. Við framsal á ávísuninni skrifaði ákærði fyrst nafn Friðbergs Sveinssonar aftan á ávísunina og síðan sitt nafn undir.

Framangreind brot ákærða, sem þykja nægilega sönnuð með játningu hans og framlögðum gögnum í málinu, teljast varða við 1. málsgrein 155. greinar og 244. grein almennra hegningarlaga.

Aðiljar þeir, sem fyrir tjóni hafa orðið með þessu atferli ákærða, hafa ekki farið fram á greiðslur úr hans hendi við dómsálagningu, enda munu þeir hafa fengið greitt, að minnsta kosti að hluta, af launum hans hjá Útgerðarfélagi Skagfirðinga á Sauðárkróki á sínum tíma.

Þá hefur mætti (sic) viðurkennt að hafa síðustu dagana í ágúst-

mánuði 1974, u. þ. b. er hann hætti vinnu hjá Skildi h/f á Sauðárkróki, stolið á skrifstofu fyrirtækisins tveimur tékkum á Iðnaðarbanka Íslands, sem báðir voru út gefnir af Skildi h/f, annar að fjárhæð kr. 2.000, en hinn að hluta óútfylltur, að fjárhæð kr. 16.354 (sic). Auk þess tók hann þar á skrifstofunni kr. 2.700 í peningum. Ávísanir þessar seldi hann síðan í Varmahlíð á leið sinni á dansleik í Húnaveri. Eitthvað smávegis mun hann hafa keypt sér í Varmahlíð fyrir ávísanirnar, en fengið mismuninn til baka í peningum.

Framangreint brot ákærða, sem sannað er með játningu hans og gögnum málsins, teljast varða við 244. grein almennra hegningarlaga. Forráðamenn Skjaldar h/f hafa ekki krafist skaðabóta í máli þessu.

II.

Ákæra, dagsett 10. júní 1975.

Um verslunarmannahelgina 1974 var ákærði staddur að Húnaveri í Svartárdal í Húnavatnssýslu, þar sem þá var haldin skemmtun. Ákærði var talsvert ölvaður og braust þá inn í bifreiðina E 1515 og tók þaðan tékkhefti á Búnaðarbanka Íslands, útibúið á Blönduósi, og áfengisflösku með slatta af áfengi í. Hvort tveggja var í eigu Kristjáns Péturssonar, Húnabraut 7 á Blönduósi.

Ákærði, sem hefur viðurkennt þetta brot sitt, hefur sagt, að hann telji, að tékkheftið hafi verið sem næst ónotað, enda er framhald málsins og útgáfa hans á tékkum í samræmi við það. Tékka úr nefndu tékkhefti gaf ákærði út, bæði í eigin nafni og einnig með fölsuðum undirskriftum á nokkrum ávísunum. Eru ávísanirnar taldar upp í ákæru og rétt greindar þar, og þykir ekki ástæða til þess að telja þær upp aftur, enda hefur ákærði játað við yfirheyrslur brot sitt, og þykir það nægilega sannað með játningum hans og gögnum málsins. Tékkar þeir, sem ákærði hefur gefið út í eigin nafni, eru taldir upp undir staflið a í fyrsta lið ákæru frá 10. júní 1975, töluliðum 1—10.

Telst þetta atferli ákærða varða við 248. grein almennra hegningarlaga. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta samkvæmt framkomnum kröfum þar um til eftirgreindra aðilja:

Vínbúðar ÁTVR að Lindargötu 46 í Reykjavík, upphæð tékka kr. 3.630.

Verslunarinnar Hagkaupa í Reykjavík, upphæð tékka kr. 2.629.

Ingólfs Apóteks í Reykjavík, upphæð tékka kr. 500.

Til Snorra Gíslasonar kaupmanns, Laugavegi 57, Reykjavík, f. h. verslunarinnar Vestrið, Garðastræti 2 í Reykjavík, upphæð tékka kr. 1.000.

Til Finnboga I. Ágústssonar, Rauðagerði 52, Reykjavík, vegna biðskýlisins við Bústaðaveg, upphæð tékka kr. 3.000.

Þá hefur ákærði einnig viðurkennt að hafa falsað tékka úr sama ávísanahefti með ýmsum nafnritunum, og eru tékkar þessir upp taldir í ákæru frá 10. júní 1975 undir staflið b, töluliðum 1—7.

Ákærði hefur viðurkennt þar greind brot sín við yfirheyrslur, og þykja þau nægjanlega sönnuð með þeim játningum hans og gögnum málsins, og teljast þessi brot hans varða við 1. málsgrein 155. greinar almennra hegningarlaga.

Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta vegna falsaðra tékka til eftirgreindra aðilja:

Til Hótels Blönduóss, upphæð tékka kr. 5.000.

Til Olíufélagsins h/f, Klapparstíg 27, Reykjavík, upphæð tékka kr. 6.000.

Til Sverris Jónssonar leigubifreiðarstjóra, Kópavogsbraut 69, Kópavogi, kr. 5.820, sem er upphæð tékka.

Til Björns Pálssonar ljósmyndara, Víðilundi 4, Garðabæ, kr. 490, sem er upphæð tékka.

II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa fyrir hádegi miðvikudaginn 11. september 1974 brotist inn í kjallaraherbergi að Barónsstíg 65 í Reykjavík, þar sem bjó Kristinn Þór Jakobsson matreiðslunemi, stolið frá honum leðurjakka og peningaveski, sem hafði að geyma, auk persónulegra skilríkja Kristins Þórs, tékkhefti á sparisjóðinn í Keflavík.

Ákærði hefur borið, að hann hafi verið staddur að Barónsstíg 65 til þess að heimsækja ömmu sína, sem þar hafi búið á efri hæð hússins, en hún hafi ekki verið heima. Hann muni hafa verið í peningaleit og þess vegna brotist inn um kjallaraglugga, sem mun hafa verið opinn. Peningaveskinu kveðst ákærði hafa hent í ruslafötu, en jakkann segist hann hafa selt einhverjum náunga þetta sama kvöld, sem hann hitti við kaffivagninn á Grandagarði, fyrir kr. 4.000. Í nefndu tékkhefti munu hafa verið eftir 15—20 ávísanir.

Telst þetta brot ákærða vera nægilega sannað með játningu

hans og framlögðum gögnum í málinu og varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa hefur borist frá Kristni Þór Jakobssyni í máli þessu.

III.

Í framhaldi af þjófnaðarbroti því, sem greint var í kafla II, þegar ákærði Jón Viðar Ágústsson hafði brotist inn að Barónsstíg 65 í Reykjavík, hóf hann að gefa út tékka úr þar stolnu tékkhefti með fölsuðum nafnritunum, að undanskildum einum tékka, sem ákærði gaf út í eigin nafni.

Síðan notaði hann tékkana í ýmiss konar viðskiptum, fyrst einsamall, en síðan í félagi við meðákærða Atla Örvar, svo sem greint er frá í ákæruskjali, en þeir félagar, ákærðu, munu hafa hist í Reykjavík um svipað leyti og þjófnaðurinn átti sér stað, en þeir eru gamlir skipsfélagar, og hófu þeir drykkju saman og voru á nokkurra daga fylliríi, eins og segir í gögnum málsins. Í þriðja kafla ákærunnar eru taldar upp fjórtán ávísanir, sem falsaðar hafa verið af þeim félögum, ýmist í sameiningu, samanber töluliði 10—13 í ákæruskjali, eða af Jóni Viðari einum, samanber töluliði 1—9 og tölulið 14.

Þykir ekki ástæða til eins og fyrr að rekja hér ávísanirnar sérstaklega, heldur vísa til ákærunnar, þar sem þær eru rétt upp teknar og frá viðskiptum greint.

Þykja brot hinna ákærðu nægjanlega sönnuð með gögnum málsins svo og játningum þeirra beggja á öllum liðum ákærunnar.

Er háttsemi þeirra, sem talin er í III. kafla ákærunnar, tölulið-um 1—13, brot á 1. málsgrein 155. greinar almennra hegningarlaga, en að því er tölulið 14 varðar, í þriðja kafla ákæru, brot á 248. grein nefndra laga. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu skaðabóta sem hér segir:

Ákærði Jón Viðar Ágústsson greiði skaðabætur til eftirgreindra aðilja:

Sveins Jónssonar kaupmanns, Frakkastíg 12, Reykjavík, vegna söluturnsins Tvists, Lokastíg 12, Reykjavík, kr. 500, sem er upphæð tékka.

Verslunarinnar Víkurness, Grindavík, kr. 9.200, sem er upphæð tékka.

Verslunarinnar Karnabæjar í Reykjavík, kr. 4.200, sem er upphæð tékka.

Vínbúðarinnar við Laugarásveg í Reykjavík, kr. 4.800, sem er upphæð tékka.
Hafnarbúðarinnar í Keflavík, kr. 8.500, sem er upphæð tékka.
Áfengisútsölunnar í Keflavík, kr. 5.700, sem er upphæð tékka.
Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, kr. 2.000, sem er upphæð tékka.
Verslunarinnar Skúlaskeiðs, Skúlagötu 54 í Reykjavík, kr. 2.000, sem er upphæð tékka.
Hverfisbúðarinnar, Hverfisgötu 17, Reykjavík, kr. 1.000, sem er upphæð tékka.
Vínbúðarinnar að Lindargötu 46, Reykjavík, kr. 3.800, sem er upphæð tékka.

Þá ber að dæma ákærðu báða til greiðslu skaðabóta in solidum sem hér segir:
Til Ronalds M. Kristjánssonar leigubifreiðarstjóra, Framnesvegi 11, Reykjavík, kr. 10.000, sem er upphæð tékka.
Fyrirtækinu Silla & Valda í Reykjavík kr. 3.000, sem er upphæð tékka.
Versluninni Hásteini Ásgarði 141 í Reykjavík, kr. 5.000, sem er upphæð tékka.
Gunnari Gunnarssyni, Keldulandi 1 í Reykjavík, vegna Kjötbúðarinnar Laugavegi 32, Reykjavík, kr. 6.000, sem er upphæð tékka.

IV.

Á svipuðum tíma og greinir hér að framan var það sem ákærði Jón Viðar að eigin sögn hafði í hyggju að heimsækja Óskar Clausen rithöfund, Bankastræti 12 í Reykjavík, og fá lánaða hjá honum peninga. Óskar var ekki heima, og ákærði hefur borið, að dyrnar inn í íbúð hans hafi verið opnar og hafi hann gengið inn. Ákærði hefur viðurkennt að hafa hafið leit að peningum í herberginu og fundið loks í skrifborðsskúffu tékkhefti á Landsbanka Íslands, aðalbankann í Reykjavík, og hafi hann tekið heftið og haft á brott með sér, en ekkert annað.

Þessi háttsemi ákærða, sem þykir nægilega sönnuð með játningum hans og framlögðum gögnum í málinu, telst varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

V.

Meðákærði Atli Örvar komst síðan yfir tékkhefti það, sem Jón Viðar hafði stolið úr íbúð Óskars Clausen, annað hvort með af-

hendingu frá ákærða Jóni Viðari eða með öðrum hætti, sem ekki er fullljóst, og hóf hann síðan að gefa út tékka úr framangreindu tékkhefti, ýmist í eigin nafni og þá innstæðulausa eða með fölsuðum nafnritunum og notaði þá í viðskiptum með ýmsum hætti.

Tékkar þeir, sem ákærði Atli Örvar gaf út úr nefndu tékkhefti, eru raktir í fimmta kafla ákærunnar frá 10. júní 1975, og þykir ekki ástæða til þess að rekja þá frekar hér, en vísa til ákærunnar, þar sem þeir eru rétt upp teknir og viðskiptum lýst, sem áttu sér stað.

Þykir háttsemi ákærða Atla Örvar að því er varðar liði 1, 7 og 8 í fimmta kafla ákæruskjalsins varða við 1. málsgrein 155. greinar almennra hegningarlaga, en að því er varðar aðra töluliði, þ. e. a. s. 2., 3., 4., 5. og 6. við 248. grein sömu laga.

Þá þykir rétt að dæma ákærða Atla Örvar til greiðslu skaðabóta samkvæmt framkomnum skaðabótakröfum til eftirtalinna aðilja:

Til veitingahússins Röðuls í Reykjavík, kr. 5.000, sem er upphæð tékka.

Til Rúnars Gunnarssonar leigubifreiðarstjóra, Meistaravöllum 21 í Reykjavík, kr. 1.000, sem er fjárhæð tékka.

Til Olíufélagsins Skeljungs h/f í Reykjavík, kr. 3.000, sem er upphæð tékka, ásamt 2% dráttarvöxtum frá 18. september 1974 til greiðsludags.

Til Hótels Borgar í Reykjavík, kr. 6.000, sem er fjárhæð tékka, auk vaxta og kostnaðar frá 18. september 1974.

Til verslunarinnar O. Ellingsen í Reykjavík, kr. 4.000, sem er fjárhæð tékka.

Til Óskars Magnússonar, Fellsmúla 12 í Reykjavík, kr. 40.000, sem er fjárhæð tékka.

Til Guðmundar Ágústs Jónssonar þjóns, Hellulandi 7 í Reykjavík, kr. 40.000, sem er fjárhæð tékka.

VI.

Þá hefur ákærði viðurkennt, sbr. dómskjal nr. 51 í málinu, að hafa brotist inn að Þórsgötu 19 í Reykjavík föstudaginn 1. ágúst 1975 og stolið þaðan 4 ársbókum og vasatölvu af Litronix-gerð.

Málavextir í það sinn voru þeir, að ákærði var að drykkju ásamt félögum sínum tveim. Fór ákærði þá upp í íbúð að Þórsgötu 19 til að falast eftir húsnæði til að drekka í. Þá var enginn heima í nefndu húsi, en ákærði stal úr herbergi, sem var ólæst og hann braust inn í, fjórum ársbókum og einni vasatölvu af Litronix-gerð. Bækurnar og tölvuna seldi svo ákærði til að afla

peninga fyrir áfengi og fari til Vestmannaeyja, en ákærði var þá skipverji á togaranum Ásver, VE 355. Ákærði hefur nú endurgreitt söluverð tölvunnar og hluta bókanna, og eru ekki hafðar uppi skaðabótakröfur í málinu vegna þessa afbrots.

Þykir þessi sök ákærða vera nægilega sönnuð með játningu hans og framkomnum gögnum í málinu.

Framangreint brot ákærða varðar við 244. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VII.

Ákæra, dagsett 27. júní 1977 .

1. Miðvikudagskvöldið 6. apríl 1977 tók ákærði á leigu bifreiðina R 1834 á leigubifreiðastöðinni Hreyfli í Reykjavík og lét aka með sig frá Reykjavík til Sauðárkróks og til baka og hafði þá ekki fé handbært til að greiða fyrir aksturinn. Sagði ákærði leigubifreiðarstjóranum, sem þekkti hann lítils háttar, að hann væri skipverji á m/b Donnu, HU 4, og að skipstjóri hans væri staddur í Reykjavík og mundi hann fá peninga hjá honum, þegar þeir kæmu aftur til Reykjavíkur daginn eftir. Þetta reyndist hins vegar ekki mögulegt, og hefur leigubifreiðarstjórinn, Sigurður Eiríksson, Langholtsvegi 173 í Reykjavík, gert kröfu til þess, að Jón Viðar verði dæmdur til þess að greiða sér ökugjaldið, kr. 55.000.

Framangreint brot ákærða, sem þykir nægilega sannað með játningum hans og gögnum málsins, er brot á 248. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Laugardagskvöldið 16. apríl 1977 eða aðfaranótt sunnudagsins 17. apríl braust ákærði inn í húsið nr. 15 við Fjólugötu í Reykjavík, sem er aðsetur norska sendiherrans á Íslandi, og stal þaðan talsverðu magni af áfengi, vindlingum, bókum, háfjallasól, útvarpstæki, peysu, ferðatösku, úri, rafmagnsrakvél, hárkambi, jakka og buxum og reyndi síðan að gangsetja bifreið sendiherrans, sem var af gerðinni BMV 525, skráningarnúmer R 39914, sem geymd var í bifreiðageymslu hússins, í því skyni að aka henni á brott í heimildarleysi.

Aðdragandinn að innbroti þessu var sá, að ákærði var á gangi um Bergstaðastræti í Reykjavík umrætt laugardagskvöld og var þá að leita að mannlausu húsi til að brjótast inn í og ná sér í peninga eða eitthvað fémætt til að selja. Fór hann um Bergstaðastræti og Bragagötu og kom þá auga á nefnt hús nr. 15 við Fjólugötu, sem var þá myrkvað, enda mannlaust, og kannaði

hann fyrst með því að hringja á dyrabjöllur, hvort þar væri einhver heima, og þegar ekki var svarað, fór hann að kjallaradyrum og braut rúðu og reyndi að komast þar inn, en tókst ekki, þar sem hurðin var vel læst að innanverðu. Fór hann síðan að kjallaraglugga, sem er undir altani, og braut þar rúðu í glugganum með því að sparka í hana og reif upp vírnet, sem í glugganum var, og fór þar síðan inn. Er inn í húsið kom, þá braut hann hurðir til að geta gengið greiðlega um það og rótaði til í herbergjum í leit sinni að fjármunum. Braust hann inn í vínkjallara hússins og tók þaðan talsvert af áfengi, 14 flöskur, sígarettur, og setti hvort tveggja í ferðatösku, sem hann fann í kjallaranum. Á efri hæð hússins reyndi hann að brjóta upp skrifborðsskúffur, sem voru læstar, en tókst ekki. Þaðan stal hann bókum og setti í ferðatöskuna, m. a. stóru útgáfuna af Einari Benediktssyni. Í húsinu, á vegg á fyrstu hæð, fann hann lykla, sem merktir voru bílskúrnum. Tók hann lyklana og fór í bílskúrinn og hugðist stela bifreið sendiherrans, sem er, eins og fyrr segir, BMV, en bifreiðin var læst. Braut hann hægri afturrúðu í hægri afturhurð bifreiðarinnar til þess að komast í hana. Síðan reyndi hann að gangsetja bifreiðina með ýmsum verkfærum, skrúfjárni o. fl., reyndi að tengja saman sem kallað er, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að gera það, og skemmdi hann bifreiðina talsvert við þessar framkvæmdir sínar, en vegna vankunnáttu sinnar tókst honum aldrei að setja bílinn í gang.

Hann reyndi að selja bækur, sem hann hafði tekið í sendiráðinu, en tókst ekki, vegna þess að stimpill sendiráðsins var á bókunum, en þeim bókum, sem munu hafa verið þrjár, henti hann síðan í öskutunnu, þar sem hann sá, að tilgangslaust væri að reyna að selja þær. Hins vegar mun hann hafa selt tvær bækur, þar af hefur hann sagt, að önnur þeirra hafi verið stóra útgáfan af Einari Benediktssyni. Í húsinu Óðinsgötu 8 A fundust síðan eftirtaldir munir, sem stolið hafði verið úr sendiráðinu, en húsráðandi, Aðalheiður Ingimundardóttir, hefur sagt, að ákærði Jón Viðar hafi komið þangað sunnudaginn 17. eða mánudaginn 18. apríl til þess að hitta syni hennar, sem þá voru ekki heima, og hafi þá að líkindum skilið eftir eitthvert dót í íbúðinni, en Jón Viðar hafði komið þangað og verið þá með ferðatösku og sagðist vera að koma frá Vestmannaeyjum. Munir þeir, sem fundust þar, voru: brún ferðataska, blá handtaska, kvenmannsgullúr með gullkeðju, tegund Tudor, háfjallasól, ferðaútvarp af gerðinni Panasonil, og Philips rakvél með tveim rakhnífum. Allir þessir munir voru í

eigu norska sendiherrans, utan Philips rafmagnsrakvél, sem var ekki þeirrar gerðar, sem stolið var út sendiráðinu. Þessum munum hefur nú verið skilað aftur til sendiráðsins.

Framangreint brot ákærða, sem þykir nægilega sannað með játningu hans og gögnum málsins, varðar við 244. grein og 1. málsgrein 259. greinar, sbr. 20. grein almennra hegningarlaga, 2. málsgrein 25. greinar, sbr. 80. grein umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. málsgrein 24. greinar, sbr. 45. grein áfengislaga nr. 82/1969.

Rétt þykir að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta til norska sendiráðsins samkvæmt síðar framkomnum kröfum.

3. Ákærði hefur viðurkennt að hafa þriðjudagskvöldið 19. apríl 1977 brotist inn í húsið nr. 9 við Njarðargötu í Reykjavík og stolið þaðan 21 bók, allt að 45 hljómplötum, tveim gullhringum með steinum, vasatölvu, skrautbyssu, þremur minnispeningum, leðurjakka, úlpu, peysu, bol, buxum, ferðatösku, leðurbelti, hálsmeni, kveikjara og vasaljósi.

Málsatvik eru þau, að ákærði ráfaði um nágrenni norska sendiherrabústaðarins, þar sem hann hafði brotist inn nokkrum kvöldum áður, eins og fram hefur komið, og hugðist hann brjótast þar inn á nýjan leik til þess að ná sér í áfengi, en vegna þess að ljós var í húsinu, taldi hann einhvern vera þar og hætti þess vegna við áform sín að brjótast þar inn. Hins vegar ákvað hann að leita að öðru mannlausu húsi, sem hann gæti brotist inn í í leit að áfengi eða einhverju fémætu. Kom hann þá að húsinu nr. 9 við Njarðargötu, þar sem enginn virtist vera heima. Fór hann að húsinu og bankaði á dyrnar nokkrum sinnum til þess að kanna, hvort þar væri nokkur innan dyra. Svo reyndist ekki vera, og braut hann þá rúðu í kjallaraglugga á vesturhlið hússins og fór þar inn. Fór hann um allt húsið í leit sinni að áfengi og einhverju fémætu, sem hann gæti stolið til þess að koma í peninga, og fann hann þar muni þá, sem upp voru taldir hér að framan, og hafði þá á brott með sér úr húsinu í kassa.

Seldi hann leigubifreiðarstjóra hluta þýfisins og fékk brennivínsflösku og nokkra peninga í staðinn og sneri síðan aftur að húsinu nr. 9 við Njarðargötu og braust inn aftur og dvaldist þar um nóttina.

Daginn eftir, miðvikudaginn 20. apríl, seldi síðan ákærði hljómplöturnar í Safnabúðinni við Laufásveg fyrir 10.000 kr., og síðar sama dag fékk hann kunningja sinn, Pál Konráðsson, til að fara í Fornbókaverslun Kristjáns á Hverfisgötu og selja bækurnar þar

fyrir sig, sem Páll gerði. Páll mun ekki hafa vitað, hvernig ákærði komst yfir bækurnar, en fyrir þær fékk hann kr. 17.000, sem hann fékk ákærða. Nokkru síðar en þetta gerðist var ákærði handtekinn, þar sem hann var á gangi á Laugaveginum, af rannsóknarlögreglunni, og var hann þá með á sér það, sem eftir var af þýfinu, sem lögreglan tók, svo og 25.400 kr. í peningum, sem hann átti eftir af andvirði hljómplatnanna og bókanna. Munir þeir, sem ákærði hafði á sér við handtökuna, voru eftirtaldir:

Tveir minnispeningar úr silfri, útgefnir í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar af Seðlabanka Íslands, annar á 500 kr. og hinn á 1.000 kr., og eru þeir báðir saman í plastumbúðum.

Fimmtíu króna peningur í plastumbúðum, gefinn út í tilefni 50 ára fullveldis Íslands.

Skrautbyssa, framhlaðningur — gaskveikjari — lítið vasaljós — þrír smekkláslyklar og einn pípulykill — og kr. 25.400 í peningum, eins og fyrr segir. Munum þeim, sem að framan getur, var skilað aftur til íbúðareiganda að Njarðargötu 9 í Reykjavík, Bergljótar Gunnarsdóttur, og endurgreiddar voru hljómplötur þær, sem ákærði hafði selt í Safnarabúðinni, og þær fengnar aftur, og enn fremur var greitt til Egils Bjarnasonar fornbókasala kr. 15.400, og gera þessir aðiljar ekki frekari kröfur í máli þessu.

Framangreint brot ákærða þykir nægjanlega sannað með játningum hans og framlögðum gögnum í málinu og varðar við 244. grein almennra hegningarlaga. Brunadeild Samvinnutrygginga krefst þess, að ákærði greiði þeim kr. 81.290. ásamt vöxtum og kostnaði frá 21. nóvember 1977 vegna endurgreiðslu tryggingganna til Bergljótar Gunnarsdóttur, Njarðargötu 9 í Reykjavík, sem tryggð var hjá Samvinnutryggingum í Reykjavík.

VIII.

Eins og ljóst má vera af því, sem áður hefur verið rakið í málum þessum, virðist svo sem ákærði Jón Viðar Ágústsson sé síbrotamaður og ofdrykkjumaður. Er svo með hann eins og fleiri slíka, að einskis virðist svifist til þess að komast yfir áfengi. Engu máli virðist skipta, þótt fjölda margir saklausir borgarar verði fyrir miklu tjóni og óþægindum af athöfnum þessara manna við áfengisútvegun sína. Rakið hefur verið, hvernig brotist hefur verið inn í mörg hús og munum stolið til þess að breyta þeim í peninga, svo hægt sé að kaupa áfengi, hvernig ávísanaheftum hefur verið stolið og gefnar út ávísanir, ýmist í eigin nafni og þá

á innstæðulausa reikninga og þá oft tilbúna og einnig með ýmsum öðrum nöfnum eftir hentugleikum. Jafnframt er ljóst, að þessir aðiljar hafa haft litlar tilraunir til að bæta fyrir brot sín með því að greiða þeim aðiljum, sem orðið hafa fyrir barðinu á athöfnum þeirra. Er því full ástæða til þess að líta brot slíkra manna mjög alvarlegum augum, enda hljóta slíkir menn, sem ganga lausir í þjóðfélaginu, að vera hinum almenna borgara stórhættulegir.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur nr. 101/1974 var ákærði Jón Viðar Ágústsson dæmdur í 7 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár. Þetta skilorð hefur hann margoft brotið, og verður því refsing hans í þessum dómi ákveðin í einu lagi með tilliti til skilorðsrofa hans.

Ákærði Jón Viðar Ágústsson hefur gerst brotlegur við 1. málsgrein 155. greinar, 244. grein og 248. grein og 1. málsgrein 259. greinar, sbr., 20. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. málsgrein 25., sbr. 80. grein umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. málsgrein 24. greinar, sbr. 45. grein áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá 29. mars 1974 að telja. Þá þykir refsing ákærða Jóns Viðars Ágústssonar með tilliti til 8. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 30 mánaða fangelsi. Þá skal ákærði greiða skaðabætur, eins og krafist hefur verið og áður er rakið, til eftirgreindra aðila:

ÁTVR, Lindargötu 46 í Reykjavík, kr. 3.630.

Verslunarinnar Hagkaupa í Reykjavík kr. 2.629.

Ingólfs Apóteks í Reykjavík kr. 500.

Snorra Gíslasonar kaupmanns, Laugavegi 57, Reykjavík, f. h. verslunarinnar Vestursins, Garðastræti 2, Reykjavík, kr. 1.000.

Finnboga Þorsteinssonar, Meistaravöllum 21, Reykjavík, kr. 250.

Guðmundar Inga Ágústssonar, Rauðagerði 52, Reykjavík, kr. 3.000.

Hótels Blönduóss kr. 5.000.

Olíufélagsins h/f, Klapparstíg 27, Reykjavík, kr. 6.000.

Sverris Jónssonar leigubifreiðarstjóra, Kópavogsbraut 69, Kópavogi, kr. 5.820.

Björns Pálssonar ljósmyndara, Víðilundi 4, Garðabæ, kr. 490.

Sveins Jónssonar, Frakkastíg 12, Reykjavík, kr. 500.

Verslunarinnar Karnabæjar í Reykjavík kr. 4.200.

Útsölu ÁTVR við Laugarásveg í Reykjavík kr. 4.800.

Hafnarbúðarinnar í Keflavík kr. 8.500.

Áfengisútsölunnar í Keflavík kr. 5.750.
Mjólkursamsölunnar við Laugaveg í Reykjavík kr. 2.000.
Verslunarinnar Skúlaskeiðs, Skúlagötu 54, Reykjavík, kr. 2.000.
Hverfisbúðarinnar Hverfisgötu 117, Reykjavík, kr. 1.000.
Vínbúðarinnar Lindargötu 46, Reykjavík, kr. 3.800.
Sigurðar Eiríkssonar leigubifreiðarstjóra, Langholtsvegi 173, Reykjavík, kr. 55.000.
Samvinnutrygginga í Reykjavík kr. 91.290 ásamt vöxtum og kostnaði frá 1, janúar 1978.
Norska sendiráðsins í Reykjavík samkv. síðar framlögðum reikningi.

Ákærði Atli Örvar hefur gerst brotlegur við 1. málsgrein 155. greinar og 248. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot hans þykja nægilega sönnuð með játningu ákærða sjálfs og gögnum málsins. Þykir refsing ákærða Atla Örvars með tilliti til 8. kafla almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Þá greiði ákærði Atli Örvar skaðabætur til eftirtalinna aðilja:
Veitingahússins Röðuls, Reykjavík, kr. 5.000.
Rúnars Gunnarssonar, Meistaravöllum 21, Reykjavík, kr. 1.000.
Olíufélagsins Skeljungs h/f í Reykjavík kr. 3.000 með 2% dráttarvöxtum frá 1. september 1974 til greiðsludags.
Hótels Borgar í Reykjavík kr. 6.000 auk vaxta og kostnaðar frá 18. september 1974.
Verslunar O. Ellingsen í Reykjavík kr. 4.000.
Óskars Magnússonar, Fellsmúla 12, Reykjavík, kr. 40.000.
Guðmundar Ágústs Jónssonar, Hellulandi 7, Reykjavík, kr. 40.000.

Þá ber að dæma ákærðu, Atla Örvar og Jón Viðar Ágústsson, til greiðslu skaðabóta in solidum sem hér segir:
Ronald M. Kristjánssyni, Framnesvegi 11, Reykjavík, kr. 10.000.
Til fyrirtækisins Silla & Valda í Reykjavík kr. 3.000.
Til verslunarinnar Hásteins, Ásgarði 41, Reykjavík, kr. 5.000.
Til Gunnars Gunnarssonar, Keldulandi 1, Reykjavík, vegna Kjötbúðarinnar Laugavegi 32, Reykjavík, kr. 6.000.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar óskipt in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Jón Viðar Ágústsson sæti fangelsi í 30 mánuði.

Ákærði Jón Viðar Ágústsson er sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá 29. mars 1974.

Ákærði Atli Örvar sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði Jón Viðar Ágústsson greiði eftirtöldum aðiljum skaðabætur sem hér segir:

ÁTVR, Lindargötu 46 í Reykjavík, kr. 7430.

Versluninni Hagkaupum í Reykjavík kr. 2.629.

Ingólfs Apóteki í Reykjavík kr. 500.

Snorra Gíslasyni kaupmanni, Laugavegi 57, Reykjavík, f. h. verslunarinnar Vestursins, Garðarsstræti 2, Reykjavík, kr. 1.000.

Finnboga Þorsteinssyni, Meistaravöllum 21, Reykjavík, kr. 250.

Guðmundi Inga Ágústssyni, Rauðagerði 52, Reykjavík, kr. 3.000.

Hótel Blönduós kr. 5.000.

Olíufélaginu h/f, Klapparstíg 27, Reykjavík, kr. 6.000.

Sverri Jónssyni leigubifreiðarstjóra, Kópavogsbraut 69, Kópavogi, kr. 5.820.

Birni Pálssyni ljósmyndara, Víðilundi 4, Garðabæ, kr. 490.

Sveini Jónssyni, Frakkastíg 12, Reykjavík, kr. 500.

Versluninni Karnabæ, Reykjavík, kr. 4.200.

Útsölu ÁTVR við Laugarásveg í Reykjavík kr. 4.800.

Hafnarbúðinni í Keflavík kr. 8.500.

Útsölu ÁTVR í Keflavík kr. 5.750.

Mjólkursamsölunni við Laugaveg í Reykjavík, kr. 2.000.

Versluninni Skúlaskeið, Skúlagötu 54, Reykjavík, kr. 2.000.

Hverfisbúðinni, Hverfisgötu 117, Reykjavík, kr. 1.000.

Sigurði Eiríkssyni leigubifreiðarstjóra, Langholtsvegi 173, Reykjavík, kr. 55.000.

Samvinnutryggingum í Reykjavík kr. 91.290 ásamt vöxtum og kostnaði frá 1. janúar 1978.

Norska sendiráðinu í Reykjavík samkv. síðar framlögðum reikningi.

Ákærði Atli Örvar greiði eftirtöldum aðiljum skaðabætur sem hér segir:

Veitingahúsinu Röðli, Reykjavík, kr. 5.000.

Rúnari Gunnarssyni, Meistaravöllum 21, Reykjavík, kr. 1.000.

Olíufélaginu Skeljungi h/f í Reykjavík kr. 3.000 með 2% dráttarvöxtum frá 1. september 1974 til greiðsludags.

Hótel Borg í Reykjavík kr. 6.000 auk vaxta og kostnaðar frá 18. september 1974.

Versluninni O. Ellingsen í Reykjavík kr. 4.000.

Óskari Magnússyni, Fellsmúla 12, Reykjavík, kr. 40.000.

Guðmundi Ágústi Jónssyni, Hellulandi 7, Reykjavík, kr. 40.000.

Ákærðu, Atli Örvar og Jón Viðar Ágústsson, greiði óskipt skaðabætur in solidum til eftirtalinna aðilja sem hér segir:

Ronalds M. Kristjánssonar, Framnesvegi 11, Reykjavík, kr. 10.000.

Til fyrirtækis Silla & Valda í Reykjavík kr. 3.000.

Til verslunarinnar Hásteins, Ásgarði 41, Reykjavík, kr. 5.000.

Til Gunnars Gunnarssonar, Keldulandi 1, Reykjavík, vegna Kjötbúðarinnar Laugavegi 32, Reykjavík, kr. 6.000.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 26. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 75/1981: Ákæruvaldið gegn Jóni Viðari Ágústssyni, sem tekið var til dóms s. d.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dags. 19. september 1980, á hendur ákærða, Jóni Viðari Ágústssyni verkamanni, Gyðufelli 4 í Reykjavík, fyrir eftirtalin brot árið 1980 „með því að hafa: I. Mánudaginn 28. júlí ekið bifreiðinni Z 1043 frá Nauthólsvík, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, um götur Reykjavíkur, síðan til Keflavíkur og að hafa neytt áfengis við aksturinn um götur Keflavíkur, þar til ákærði hætti akstrinum við Birkiteig 5 þar í bænum.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

II. Að kvöldi þessa sama dags farið inn í húsið nr 4 A við Kirkjuveg í Keflavík og stolið plötuspilara, magnara og tveimur hátölurum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. Aðfararnótt sunnudagsins 10. ágúst farið inn í kjallara hússins nr. 2 við Eiríksgötu í Reykjavík og stolið þar tveimur úrum og tveimur gullhringum með steinum.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

IV. Þriðjudaginn 16. september stolið 11 bókum í húsinu nr. 18 B við Óðinsgötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

V. Daginn eftir ekið bifreiðinni H 1599, ófær til aksturs vegna áhrifa deyfilyfja og sviptur ökuréttindum, afturábak um bílastæði við Grettisgötu 12—18 í Reykjavík og á kyrrstæða bifreið þar á stæðinu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 24. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

VI. Aðfaranótt sunnudagsins 10. ágúst brotist inn í húsið nr. 19 við Fjólugötu og stolið þar tékkhefti, merktu Verzlunarbanka Íslands h.f., Laugavegi 172 í Reykjavík, 2 ljósmyndavélum, 2 hátölurum, plötuspilara, segulbandi, 5 spólum, viskíflösku, vindlingakveikjara, tónjafnara og 3 töskum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Þennan sunnudag og daginn eftir falsað tékka á blöð úr ofangreindu hefti með nafni Jóns K. Friðgeirssonar, nema annars sé getið, á reikning 265, nema annars sé getið, alla stílaða á handhafa, og notað tékkana í viðskiptum, svo sem rakið er:

Nr. 1380351, kr. 120.000, útg. 10.8.1980, greiðsla til flugafgreiðslu Flugleiða á Reykjavíkurflugvelli.

— 1380352, kr. 15.000, útg. sama dag, reikn nr. 276, með nafni Jóns K. Sigtryggssonar, seldur í Laugavegs Apóteki, Reykjavík.

— 1380354, kr. 30.000, útg. s. d., seldur í verslun JMJ Akureyri.

— 1380355, kr. 25.000, útg. s. d., greiðsla til Hótels Akureyrar.

— 1380356, kr. 15.000, útg. s. d., greiðsla til verslunarinnar Brynju, Aðalstræti 3, Akureyri.

— 1380357, kr. 20.000, útg. s. d., greiðsla til Hermínu Marinósdóttur, Litlu-Hlíð, Akureyri.

— 1380358, kr. 81.900, útg. s. d., greiðsla fyrir leiguakstur frá Akureyri til Mývatns.

— 1380360, kr. 20.000, útg. s. d., greiðsla fyrir vörur í verslun Kaupfélags Svalbarðseyrar að Fosshóli.

— 1380366, kr. 25.000, útg. 11.8.1980, seldur í verslun Kaupfélags Þingeyinga, Reykjahlíð.

Nr. 1380359, kr. 25.000, útg. 10.8.1980, seldur í Hótel Reynihlíð v. Mývatn.
— 1380361, kr. 20.000, útg. 11.8.1980, sama notkun.
— 1380363, kr. 10.000, útg. 10.8.1980, reikn. nr. 675, sama notkun.
— 1380364, kr. 35.000, útg. s. d., sama notkun.
— 1380365, kr. 5.000, útg. s. d., sama notkun.
— 1380367, kr. 10.000, útg. 11.8.1980, sama notkun.
— 1380369, kr. 100.000, útg. s. d., greiðsla til Pálma Karlssonar bifreiðarstjóra.
— 1380371, kr. 10.000, útg. s. d., sama notkun.

Telst þetta atferli ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

I.

Hinn 28. júlí 1980 ók ákærði bifreiðinni Z 1043 frá Reykjavík til Keflavíkur og síðan um götur þar í bæ. Ákærði hafði byrjað að neyta áfengis í Reykjavík, áður en akstur hófst, svo og neytti hann áfengis við aksturinn. Hann fann til áfengisáhrifa við aksturinn. Lögreglan í Keflavík hafði afskipti af ákærða, skömmu eftir að akstri hans lauk, og færði hann til blóðtöku. Alkóhólmagn í blóði hans reyndist við rannsókn 1.24‰.

Ákærði hafði með dómi 9. apríl 1980 verið sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 25. janúar 1980.

Með eigin játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum telst ofangreint atferli ákærða sannað, og varðar það við 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

II.

Þegar ákærði var staddur í Keflavík að kvöldi sama dags, 28. júlí 1980, fór hann inn í húsið Kirkjuveg 4 A þar í bæ og stal hljómflutningstækjum, þ. e. plötuspilara, magnara og tveimur hátölurum. Þjófnaður þessi var kærður strax þetta sama kvöld, og hafðist þegar upp á hljómflutningstækjunum í húsi, þar sem ákærði var staddur.

Framangreint atferli ákærða er sannað með eigin játningu hans

og öðrum gögnum málsins, og varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Aðfaranótt 10. ágúst sl. braust ákærði inn í kjallaraíbúð hússins Eiríksgötu 2 hér í borg. Stal hann þar tveimur hringum og kvenmanns- og karlmannsúrum. Kvenúrið og hringana gaf hann stúlku, en karlmannsúrið notaði hann sjálfur. Munirnir komust allir til skila til rétts eiganda.

Atferli það, sem hér hefur verið lýst, er sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, og varðar það við 244. gr. hegningarlaganna.

IV.

16. september sl. fór ákærði inn í íbúð að Óðinsgötu 18 B og stal þar 11 bókum, sem hann seldi í fornbókaverslun fyrir kr. 20.000. Bækurnar voru afhentar réttum eiganda af hálfu verslunarinnar.

Þetta atferli ákærða er sannað með játningu hans og öðrum gögnum og varðar við 244. gr. hegningarlaga.

V.

Hinn 17. september sl., kl. 1100, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um, að þá skömmu áður hefði bifreiðinni H 1599 verið ekið aftur á bak á bifreiðina A 3694, sem stóð mannlaus á bifreiðastæði vestan Grettisgötu 12—18. Er lögreglumenn komu á vettvang, kom í ljós, að ákærði hafði ekið bifreiðinni H 1599 þarna, en sú bifreið var þarna á vegum Bílamarkaðarins til sölu. Hafði ákærði óskað eftir lyklum að bifreiðinni. Ákærði virtist mjög verulega undir áhrifum einhvers konar vímugjafa, og var allur framburður hans mjög ruglingslegur.

Ákærði var skoðaður kl. 0300 sama dag af Helga Guðbergssyni aðstoðarborgarlækni. Segir svo í vottorði hans, að ákærði hafi verið með 1 glas af Diazepam töflum (5 mg.) og 1 glas af Benxhexol töflum (5 mg.). Tjáði ákærði lækninum, að hann hefði tekið nokkrar töflur um morguninn. Segir læknirinn, að ástand hans hafi getað komið heim við, að hann væri undir áhrifum róandi lyfja og hafi þau væntanlega verið meiri fyrir hádegið þennan dag.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 25. september skýrði ákærði svo frá, að hann hefði tekið inn „einhvern helling“ af Diazepam og

eitthvað meira af lyfjum umræddan dag. Muni hann síðan ekkert eftir sér fyrr en einhvern tíma síðari hluta dagsins, að hann var staddur í fangageymslu lögreglunnar. Hefur hann staðfest þetta fyrir dómi. Hann kveðst ekkert muna eftir að hafa ekið bifreiðinni H 1599 umrætt sinn, en hann vefengir ekki, að hann hafi gert það.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Árni Einarsson bílasali, Skeggjagötu 8 í Reykjavík, sem kvaðst hafa verið við vinnu sína í Bílamarkaðnum, Grettisgötu 12—18, 17. september sl., er til hans kom maður, sem hann staðfesti, að væri ákærði, er hann sá hann í dóminum nú í dag. Bað ákærði um lykla að bifreiðinni H 1599, sem var þarna til sölu, í því skyni að fá að skoða hana. Árni sá ekkert athugavert við manninn og afhenti honum lyklana. Skömmu síðar kom hann aftur og kvað lyklana ekki ganga að bifreiðinni, en Árni tjáði honum, að svo hlyti að vera. Fór ákærði þá aftur út, en Árni var að tala í síma. Rétt á eftir, e. t. v. 10—15 mínútum síðar, fór Árni út til að hyggja að ákærða og aðstoða hann. Sá hann þá, að bifreiðin hafði verið færð úr stað, og virtist sem henni hefði verið ekið aðeins utan í Landrover bifreið, sem stóð í næsta stæði, og var bifreiðin H 1599 alveg upp við þá bifreið. Taldi Árni, að bifreiðinni hefði fyrst verið ekið áfram úr stæði sínu og síðan aftur á bak, uns hún lenti á hinni bifreiðinni. Ákærði stóð þarna rétt hjá og var að ræða við menn, sem voru þarna við vinnu. Var hann greinilega undir einhvers konar áhrifum, sem virtust hafa komið skyndilega yfir hann, og var lítt viðræðuhæfur. Afhenti hann Árna lykla að bifreiðinni að beiðni hans, og taldi Árni útilokað annað en hann hefði fært bifreiðina þarna. Öðrum hafi ekki verið til að dreifa. Tilkynnti Árni lögreglunni um atvik þetta.

Ákærði gerði engar athugasemdir við ofangreindan framburð. Ákærði var sviptur ökuréttindum á þessum tíma, sbr. I hér að framan.

Með hliðsjón af gögnum málsins, einkum framburði ákærða og ofangreinds vitnis, telst sannað, að hann hafi umrætt sinn ekið bifreiðinni H 1599 svo sem lýst er í ákæru, og varðar það atferli hans við 2. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

VI

Aðfararnótt 10. ágúst braust ákærði inn í húsið Fjólugötu 19 og stal þar tékkhefti frá Verzlunarbanka Íslands h/f, 2 ljósmyndavélum, 2 hátölurum, plötuspilara, segulbandi, 5 segulbandsspól-

um, viskíflösku, vindlingakveikjara, tónjafnara og 3 töskum. Ákærði neytti áfengisins úr ofangreindri flösku og notaði ávísanir úr ávísanaheftinu, sbr. VII hér á eftir, en að öðru leyti munu framangreindir munir hafa komist til skila.

Atferli þetta telst sannað með eigin játningu ákærða og öðrum málsgögnum, og varðar það við 244. gr. hegningarlaga.

VII.

Ákærði falsaði þennan dag og hinn næsta tékka úr framangreindu ávísanahefti og notaði sem hér segir:

Tékki nr. 1380351, kr. 120.000, útg. 10. ágúst 1980, falsaður með nafni Jóns K. Friðgeirssonar á reikning nr. 265. Notaður til greiðslu til flugafgreiðslu Flugleiða á Reykjavíkurflugvelli.

Tékki nr. 1380352, kr. 15.000, útg. sama dag á reikning nr. 276, með nafni Jóns K. Sigtryggssonar. Seldur í Laugavegs Apóteki í Reykjavík.

Tékki nr. 1380354, kr. 30.000, útgefinn s. d., á reikning 265, með nafni Jóns K. Friðgeirssonar. Seldur í verslun JMJ, Akureyri.

Tékki nr. 1380355, kr. 25.000, útgefinn s. d. á sama reikning, með sama nafni. Notaður sem greiðsla til Hótels Akureyrar.

Tékki nr. 1380356, kr. 15.000, útg. s. d. á sama númer með sama nafni. Notaður sem greiðsla til versl. Brynju, Aðalstræti 3, Akureyri.

Tékki nr. 1380357, kr. 20.000, útg. s. d., á sama reikning, með nafni Jóns K. Friðbergssonar. Ákærði kveðst hafa notað tékka þennan til greiðslu á áfengi, er hann hafi keypti af syni Hermínu Marinósdóttur, Litlu-Hlíð, Akureyri. Hermína segir hins vegar, að tékkinn hafi verið notaður til greiðslu á vörum í versluninni Esju, en ákærði hafnar því með öllu.

Tékki nr. 1380358, kr. 81.900, útg. s. d., á sama reikning, með sama nafni. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur frá Akureyri til Mývatns.

Tékki nr. 1380360, kr. 20.000, útg. s. d., á sama reikning, með sama nafni. Notaður til greiðslu á vörum í verslun Kaupfélags Svalbarðseyrar að Fosshóli.

Tékki nr. 1380366, kr. 25.000, útg. 11. ágúst 1980, á sama reikning, með sama nafni. Notaður í verslun Kaupfélags Þingeyinga, Reykjahlíð.

Tékki nr. 1380359, kr. 25.000, útg. 10. ágúst 1980, nr. 1380361, kr. 20.000, útg. 11. ágúst, nr. 1380363, kr. 10.000, útg. 10. ágúst, nr. 1380364, kr. 35.000, útg. s. d., nr. 1380365, kr. 5.000, útg. s. d.,

og nr. 1380367, kr. 10.000, útg. 11 ágúst. Allir útgefnir með sama nafni, Jóns K. Friðgeirssonar, og á sama reikningsnúmer, 265, nema tékki nr. 1380363, sem stílaður var á reikning nr. 675. Allir voru þessir tékkar notaðir í Hótel Reynihlíð við Mývatn.

Tékkar nr. 1380369, kr. 100.000, og nr. 138071, kr. 10.000, útg. 11. ágúst 1980, á sama reikning, með sama nafni. Notaðir til greiðslu til Pálma Karlssonar bifreiðarstjóra fyrir leiguakstur.

Atferli það, sem hér hefur verið lýst, telst sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, og varðar það við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 28. janúar sl., hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1970 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16/9 1970.

1970 31/12 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 31/12 1970.

1971 11/7 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1971 30/11 á Sauðárkróki: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1974 11/3 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1974 11/3 í Reykjavík: Dómur: 7 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mán. frá 11/3 1974.

1978 20/7 í Kópavogi: Dómur: 5 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. og 254. gr. hegningarlaga.

1977 13/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1979 24/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. og 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga.

1979 25/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1980 9/4 í Reykjavík: Dómur: 225.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 37. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/1 1980.

1980 11/7 í Reykjavík: Dómur: 400.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/1 1981 (hegningarauki).

1980 24/9 í Reykjavík: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr., 1. mgr. 28. gr., sbr. 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 25/1 1982 (hegningarauki).

Dómurinn hafði grun um, að sakavottorð ákærða væri ekki með öllu rétt, þar eð nýlega hafði verið til meðferðar erindi frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu varðandi birtingu dóms á hendur ákærða. Var þess óskað, að ríkissaksóknari aflaði nánari gagna hér að lútandi. Í framhaldi af því barst dóminum með bréfi, dagsettu 4. þ. m., ljósrit dóms í sakadómsmálinu nr. 22/1976 á Sauðárkróki gegn ákærða, en dómur þessi var kveðinn upp 19. maí 1980. Er ákærði þar sakfelldur fyrir brot gegn 155., 244., 248. og 259. gr. alm. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Er hann dæmdur í 30 mánaða fangelsi og sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29. mars 1974. Í þessum dómi sakadóms Sauðárkróks virðist byggt á sakavottorði, þar sem síðasta innfærsla er dómur frá 11. mars 1974.

Ljóst er, að dómar, sem kveðnir voru upp í sakadómi Reykjavíkur 11. júlí og 24. september 1980 hafa verið kveðnir upp án vitneskju um þennan dóm sakadóms Sauðárkróks.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga svo og af 78. gr. sömu laga með tilliti til dóms frá 24. september 1980. Þá ber og að hafa í huga brotaferil ákærða. Að öllu þessu athuguðu þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Gerðar hafa verið skaðabótakröfur á hendur ákærða vegna tékka þeirra, sem um getur í ákærulið VII, og verður nú tekin afstaða til þeirra. Kröfurnar eru miðaðar við gamlar krónur, en fjárhæðir verða hér tilgreindar í nýjum krónum.

Flugleiðir gera kröfu á hendur ákærða um greiðslu andvirðis tékka nr. 1380351, kr. 1.200.00. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina.

Valdimar Óskarsson, Holtagerði 43, Kópavogi, krefst endurgreiðslu andvirðis tékka nr. 1380352, að fjárhæð kr. 150.00. Ákærði samþykkir kröfuna, og er hún tekin til greina.

Verslun JMJ, Akureyri, gerir kröfu um greiðslu andvirðis tékka nr. 1380354, kr. 300.00 auk dráttarvaxta frá 1. september 1980 til greiðsludags. Ákærði samþykkir kröfuna, og er hún tekin

til greina þannig, að ákærði greiði 4.5% dráttarvexti á mánuði af fjárhæðinni frá 1. september 1980 til greiðsludags.

Hótel Akureyri krefst þess, að ákærði greiði því andvirði tékka nr. 1380355, kr. 250.00. Ákærði samþykkir kröfuna, sem er tekin til greina.

Verslunin Brynja, Akureyri, gerir kröfu um, að ákærði greiði henni andvirði tékka nr. 1380356, kr. 150.00 auk dráttarvaxta frá 1. október 1980 til greiðsludags. Ákærði samþykkir kröfuna, sem tekin er til greina þannig, að ákærði greiði 4.5% dráttarvexti á mánuði af fjárhæðinni frá 1. október 1980 til greiðsludags.

Hermína Marinósdóttir, Litlu-Hlíð, Akureyri, eigandi verslunarinnar Esju, Akureyri, hefur gert kröfu um, að ákærði greiði henni andvirði tékka nr. 1380357, kr. 200.00 ásamt dráttarvöxtum frá 2. september 1980 til greiðsludags. Ákærði hefur hafnað þessari bótakröfu á þeim forsendum, að rangt sé hjá bótakrefjanda, að hann hafi notað tékkann í ofangreindri verslun, heldur hafi hann notað hann til kaupa á áfengi. Ekki þykir hér skipta máli um bótaskyldu ákærða, hvaða viðskipti lágu að baki útgáfu hins falsaða tékka. Verður ákærði því dæmdur til að greiða krefjanda tékkafjárhæðina, kr. 200.00 auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 2. september 1980 til greiðsludags.

Iðnaðardeild SÍS Akureyri, gerir þá kröfu á hendur ákærða, að hann greiði henni andvirði tékka nr. 1380358, kr. 819.00 auk dráttarvaxta frá 22. ágúst 1980. Ákærði samþykkir kröfuna, og er hún tekin til greina þannig, að ákærði greiði af fjárhæðinni 4.5% dráttarvexti á mánuði frá 22. ágúst 1980 til greiðsludags.

Kaupfélag Svalbarðseyrar krefst þess, að ákærði greiði því andvirði tékka nr. 1380360, kr. 200.00. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, sem tekin er til greina.

Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík, krefst greiðslu á andvirði tékka nr. 1380366, kr. 250.00 auk vaxta frá útgáfudegi tékkans, 11. ágúst 1980. Ákærði samþykkir kröfu þessa, og er hún tekin til greina þannig, að ákærði greiði 4.5% dráttarvexti á mánuði af fjárhæðinni frá 11. ágúst 1980.

Hótel Reynihlíð við Mývatn hefur lagt fram kröfu um greiðslu andvirðis 6 tékka, þ. e. nr. 1380359, 1380361, 1380363, 1380364, 1380365 og 1380367, samtals að fjárhæð kr. 1.050.00 auk dráttarvaxta frá útgáfudegi tékkanna til greiðsludags. Ákærði samþykkir kröfu þessa, sem tekin er til greina þannig, að ákærði greiði af fjárhæðinni 4.5% dráttarvexti á mánuði frá 11. ágúst 1980 til greiðsludags.

Að lokum hefur Pálmi Karlsson, Grenivöllum 28, Akureyri, gert þá kröfu á hendur ákærða, að hann greiði sér andvirði tékka nr. 1380369 og 1380371, samtals að fjárhæð kr. 1.100.00. Ákærði samþykkir kröfuna, sem tekin er til greina.

Að síðustu verður ákærði dæmdur til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Viðar Ágústsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum aðiljum skaðabætur sem hér segir:

Flugleiðum kr. 1.200.00. Valdimar Óskarssyni, Holtagerði 43, Kópavogi kr. 150.00. Verslun JMJ, Akureyri, kr. 300.00 með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. september 1980 til greiðsludags. Hótel Akureyri kr. 250.00. Versluninni Brynju, Akureyri, kr. 150.00 með 4.5% vöxtum á mánuði frá 1. október 1980 til greiðsludags. Hermínu Marinósdóttur, Akureyri, kr. 200.00 með 4.5% vöxtum á mánuði frá 2. september 1980. Iðnaðardeild SÍS, Akureyri, kr. 819.00 með 4.5% vöxtum á mánuði frá 22. ágúst 1980 til greiðsludags. Kaupfélagi Svalbarðseyrar kr. 200.00. Kaupfélagi Þingeyinga, Húsavík, kr. 250.00 með 4.5% vöxtum á mánuði frá 11. ágúst 1980. Hótel Reynihlíð við Mývatn kr. 1.050.00 með 4.5% vöxtum á mánuði frá 11. ágúst 1980. Pálma Karlssyni, Grenivöllum 28. Akureyri, kr. 1.100.00.

Ákærði greiði allan kostnað málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 1. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 133/1981: Ákæruvaldið gegn Jóni Viðari Ágústssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 4. mars 1981, gegn ákærða, Jóni Viðari Ágústssyni lagermanni, Gyðufelli 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 26. maí 1952, „fyrir að aka þriðjudaginn 29. júlí 1980 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni Z 1043 heiman frá sér skammt austur fyrir Selfoss og áleiðis til baka, aka þá á allt að 120 km hraða miðað við klst. á Suðurlandsvegi, þar sem leyfilegur hámarkshraði er 80 km. Ennfremur fyrir að vanrækja að tilkynna eigandaskipti og

láta umskrá nefnda bifreið, er ákærði keypti hana af Emil Pálssyni, Fögrubrekku 1, Kópavogi, þann 28. júlí 1980, svo og að færa hana ekki til lögboðinnar aðalskoðunar 1979.

Telst þetta varða við 11. gr., 14. gr., 18. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27 gr. og 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ennfremur fyrir að aka mánudaginn 29. september 1980 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni Z 1043, án númeraspjalda, heiman frá sér að Apóteki Austurbæjar, Háteigsvegi 1, og eftir stutta viðdvöl þar niður á Laugaveg inn á baklóð húss nr. 47.

Telst þetta varða við 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Loks fyrir að aka að kvöldi sama dags undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum sömu bifreið án númeraspjalda frá Laugavegi 47 um Frakkastíg, Hverfisgötu og Barónsstíg og eftir stutta viðdvöl þar í húsi aftur að Laugavegi 47.

Telst þetta varða við 2. mgr. 11. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

Um kl. 1830 þriðjudaginn 29. júlí sl. var hringt á lögreglustöðina á Selfossi, þar sem talið var, að ökumaður bifreiðarinnar Z 1043, sem var austan Hveragerðis á vesturleið, væri ölvaður. Tveir lögreglumenn úr Árnessýslu, sem voru staddir á Þrengslavegi, fengu boð um talstöð um framangreindan akstur. Samkvæmt skýrslu Arngríms V. Baldurssonar lögreglumanns reyndu þeir lögregumennirnir að stöðva akstur bifreiðarinnar í Svínahrauni skammt austan Þrengslavegamóta, en bifreiðinni var ekið rakleitt fram hjá. Var lögreglubifreiðinni þegar snúið við og bifreiðinni veitt eftirför. Ökumaður bfreiðarinnar Z 1043 sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglumannanna, þrátt fyrir að uppi voru höfð rauð aðvörunarljós og hljóðmerki. Mældist hraði bifreiðarinnar 120 km á klst. með því, að haldið var jöfnum hraða milli lögreglubifreiðarinnar og Z 1043. Talsverð umferð var í báðar áttir, og

sinnti ökumaður því engu, þótt hann mætti bifreiðum, um leið og hann ók fram úr öðrum bifreiðum. Er akstur þessi átti sér stað, var veður bjart og vegur þurr. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður skammt vestan Litlu-Kaffistofunnar. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu, Jón Viðar Ágústsson. Virtist hann vera undir áhrifum áfengis eða lyfja. Kvaðst hann ekki hafa stöðvað bifreiðina, þegar honum var gefið merki um það, þar sem hann hefði verið undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt skráningarskírteini, sem var í bifreiðinni, var hún síðast færð til skoðunar þann 8. maí 1978.

Skráður eigandi bifreiðarinnar Z 1043 reyndist vera Sigurður B. Halldórsson, Silfurbraut 33, Höfn, Hornafirði. Samkvæmt afsali, sem fannst í bifreiðinni, keypti ákærði bifreiðina af Emil Pálssyni, Fögrubrekku 1, Kópavogi, þann 28. júlí 1980.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina á Selfossi og var þar færður fyrir varðstjóra. Viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Guðmundur Axelsson læknir kom á lögreglustöðina, og tók hann ákærða blóð til alkóhólrannsóknar kl. 1945. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist alkóhól í blóði hans vera 2.12‰.

Ákærði var yfirheyrður vegna máls þessa hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 30. september sl. og 19. janúar sl. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið við áfengisneyslu á heimili sínu um kl. 12—1230 þennan dag. Skömmu síðar fór hann á bifreið sinni, Z 1043, frá heimili sínu og ók um ýmsar götur í Breiðholti og þaðan áleiðis til Selfoss. Var hann við áfengisneyslu á leiðinni. Kvaðst hann hafa ekið nokkurn spotta austur fyrir Selfoss, en snúið þar við, og ók hann sömu leið til baka, þ. e. um Suðurlandsveg. Hann fann til mikilla áfengisáhrifa við aksturinn, en mundi ekki, hversu mikið áfengi hann hafði drukkið. Ákærði kvaðst ekki mótmæla því, að hann hefði ekið með allt að 120 km hraða á klst. þann vegarkafla, sem hraðamæling lögreglumanna stóð, enda hefði hann ekki litið á hraðamælinn á þessari leið. Ákærði viðurkenndi, að hann hefði vanrækt að tilkynna eigandaskipti að bifreiðinni Z 1043, sem hann keypti af Emil Pálssyni. Ákærði var ekki inntur eftir því við framangreinda yfirheyrslu, hvort hann hefði verið ökuréttindalaus við framangreindan akstur.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi í dag vegna máls þessa. Var framburður hans á sama veg og fyrir lögreglu. Viðurkenndi hann enn fremur, að hann hefði verið sviptur ökuréttindum,

þegar aksturinn fór fram, svo og að hafa vanrækt að færa bifreiðina til lögboðinnar aðalskoðunar fyrir árið 1979. Staðfesti hann skýrslur sínar fyrir lögreglu.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin í fyrsta hluta ákæruskjals og þar þykir rétt heimfærð til refsiákvæða að öðru leyti en því, að brot hans þykir einnig varða við 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga, þar sem ákærði neytti áfengis við aksturinn.

II.

Mánudaginn 29. september sl., um kl. 2255, var lögreglumönnum úr Reykjavík, sem voru á eftirlitsferð á Skúlagötu, tilkynnt um númerslausa Volkswagen bifreið, sem hefði verið ekið inn á bifreiðastæði á bak við verslunina Adam á Laugavegi. Maður sá, er tilkynnti um aksturinn, kvað ökumanninn hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis og hefði bifreiðin rásað til á götunni. Lögreglumennirnir fóru á staðinn og sáu bifreiðina á bak við verslunina Adam. Var ökumaðurinn og farþegi í bifreiðinni að stíga út úr henni. Reyndist ökumaðurinn vera ákærði, Jón Viðar Ágústsson. Hann var færður fyrir varðstjóra, og við yfirheyrslu viðurkenndi hann, að hann hefði ekið bifreiðinni. Samkvæmt varðstjóraskýrslunni var ákærði mjög undir áhrifum áfengis eða lyfja. Að lokinni yfirheyrslu hjá varðstjóra var ákærði færður til töku blóðsýnis á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 2345. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist alkóhól í blóði hans vera 1.89‰.

Ákærði var yfirheyrður vegna máls þessa fyrir lögreglu þann 30. september sl. og fyrir dómi í dag. Viðurkenndi hann, að hann hefði ekið bifreið sinni, sem áður bar skráningarmerkin Z 1043, númerslausri frá heimili sínu, Gyðufelli 4 hér í borg, um kl. 1400 framangreindan dag lítillega undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Ók hann um ýmsar götur og að Apóteki Austurbæjar, þar sem hann hafði viðdvöl um stund, og þaðan að baklóð við hús nr. 47 við Laugaveg. Ákærði kvaðst hafa setið að drykkju með tveim félögum sínum í húsinu nr. 51 við Laugaveg þar til um kl. 2230, en þá ók ákærði framangreindri bifreið frá þeim stað, sem hann hafði skilið hana eftir, um nærliggjandi götur og aftur til baka að porti við baklóð hússins nr. 47 við Laugaveg. Kvaðst ákærði hafa fundið til verulegra áfengisáhrifa, er hann ók bifreiðinni í síðargreint sinn, enda kvaðst hann hafa

drukkið mikið magn áfengis, þar sem hann dvaldi að Laugavegi 51 um kvöldið, aðallega brennivín og sherry. Ákærði kvaðst hafa drukkið um hálfa flösku af sherry á heimili sínu milli kl. 1300 og 1400 þennan dag. Ákærði viðurkenndi, að hann hefði verið sviptur ökuréttindum, er aksturinn átti sér stað.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er að sök gefið í öðrum hluta ákæruskjals, og þar þykir réttilega heimfært til refsiákvæða.

Með alkóhólrannsókn og játningu ákærða, sem hvort tveggja fær stoð í öðrum gögnum málsins, telst einnig sannað, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er að sök gefið í þriðja hluta ákæruskjals og þar þykir réttilega heimfært til refsiákvæða.

III.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 1. apríl 1981, hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1970 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16/9 1970.

1970 31/12 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 31/12 1970.

1971 11/7 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1971 30/11 á Sauðárkróki: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1974 11/3 í Reykjavík: Dómur: 7 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mán. frá 11/3 1974.

1978 20/7 í Kópavogi: Dómur: 5 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga.

1977 13/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1979 24/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga.

1979 25/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1980 9/4 í Reykjavík: Dómur: 225.000 kr. sekt fyrir brot gegn

25. gr. og 37. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/1 1980.

1980 11/7 í Reykjavík: Dómur: 400.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/1 1981 (hegningarauki).

1980 24/9 í Reykjavík: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr., 1. mgr. 28. gr., sbr. 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 25/1 1982 (hegningarauki).

1981 26/2 í Reykjavík: Dómur: 10 mán. fangelsi fyrir brot á 155. og 244. gr. hegningarlaga, 24., 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur frá 26. febrúar sl. kemur fram, að með dómi sakadóms Sauðárkróks nr. 22/1976, uppkveðnum 19. maí 1980, sem dómarinn hefur aflað sér ljósrits af, var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 248. og 259. gr. almennra hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Með dómi þessum er honum gert að sæta 30 mánaða fangelsi og hann sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29. mars 1979.

Ljóst er, að dómar, sem kveðnir voru upp í sakadómi Reykjavíkur 11. júlí og 24. september 1980, voru kveðnir upp án vitneskju um dóm sakadóms Sauðárkróks.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Brot ákærða, sem fjallað er um í dómi þessum, eru öll framin áður en síðasti refsidómur yfir honum var kveðinn upp þann 26. febrúar 1981, og brot þau, sem ákærði framdi þann 29. júlí sl., eru framin áður en dómurinn frá 24. september 1980 var kveðinn upp. Ber því að dæma honum hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í 45 daga.

Þar sem um ítrekað brot ákærða er að ræða skv. 71. gr. almennra hegningarlaga, sbr. dómarnir frá 9. apríl og 11. júlí 1980, sbr. og dóm sakadóms Sauðárkróks frá 19. maí sama ár, þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks er ákærði dæmdur skv. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Viðar Ágústsson, sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 25. maí 1982.

Nr. 264/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Halldóri Lárusi Péturssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 14. ágúst 1981, og er málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu. Ágrip máls barst Hæstarétti 7. apríl 1982.

Af hendi ákæruvalds er krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu í einstökum ákæruliðum“ svo og staðfestingar á ákvæðum dómsins um eignarupptöku og sakarkostnað. Þá er krafist þyngingar refsingar.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvalds samkvæmt III. og IV. lið ákæru og að honum verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, fyrir önnur brot, er ákæran varðar, og verði þau aðeins talin varða við lög nr. 65/1974.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um sakarmat. Brotin eru framin frá maí til september 1978. Brot það, er greinir í I. ákærulið, er fólgið í innflutningi hassefna frá Hollandi til Danmerkur. Á það ekki undir verknaðarlýsingu 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot þetta varðar við 2. gr., sbr. 6. gr. og 5. gr. laga nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, 2. gr., hvort tveggja samanborið við 2. tl. 5. gr. laga nr. 19/1940. Ber nú að dæma honum refsingu vegna þessa brots samkvæmt lögum nr. 60/1980, en þó verður eigi beitt þyngri viðurlögum en felast í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Hin brotin öll fela í sér óslitna brotastarfsemi, sem virða ber heildstætt, og varða þau ákærða refsingu samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974, 1. gr., sbr. og 2. tl. 5. gr. laga nr. 19/1940 að því er varðar brot þau, er eigi tengjast Íslandi. Beita má enn fremur viðurlögum samkvæmt 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, svo sem þeim ákvæðum var breytt með lögum nr. 101/1976, 4. og 5. gr.

Brot ákærða eru stórfelld. Er hér bæði um innflutning allmikils magns af hassi að ræða og umfangsmikla dreifingu gegn háu fégjaldi. Sammæltist ákærði við ýmsa menn um framningu brotanna, svo sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Hann var aðeins tvítugur að aldri, er hann framdi brotin. Refsingu hans ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 16 mánaða fangelsi. Til frádráttar refsivistinni komi gæsluvarðhaldsvist hans í 26 daga, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Þá sæti hann enn fremur 20.000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 4 mánaða fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, sæti 16 mánaða fangelsi, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 26 dagar. Enn fremur sæti hann 20.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 mánaða fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði er með dómi í máli þessu sakfelldur fyrir margendurtekin kaup mikils magns af hassefnum, flutning þeirra milli landa og sölu þeirra í fjárgróðaskyni. Þegar þetta er virt, tel ég ekki efni til að breyta ákvæði hins áfrýjaða dóms um fangelsisrefsingu ákærða.

Að öðru leyti er ég samþykkur dómsatkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 11. maí 1981.

Ár 1981, mánudaginn 11. maí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 812/1981: Ákæruvaldið gegn Halldóri Lárusi Péturssyni.

Mál þetta, sem munnlega var flutt og dómtekið 30. apríl sl., er af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæru, dags. 25. febrúar 1981, á hendur Halldóri Lárusi Péturssyni, Ljósheimum 14, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. mars 1958, „fyrir að hafa á

tímabilinu frá maí—september 1978 margsinnis haft hassefni til meðferðar í ávinningsskyni, einkum í Hollandi, Danmörku og Svíþjóð, svo sem rakið er:

I.

Um miðjan maí í félagi við Árna Hrafnsson keypt 120 gr af hassi í Amsterdam og flutt megnið af því til Kaupmannahafnar, en efnið höfðu þeir til eigin nota.

II.

Í seinni hluta júlí í félagi við nafngreindan íslending, S. Þ. S., keypt hassefni í Kaupmannahöfn, um 250 gr, á 17—18 kr. danskar hvert gramm, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir um 6—7.000 sænskar krónur, sem ákærði afhenti nefndum S. Þ. S.

III.

Nærri mánaðamótum júlí/ágúst í félagi við nefndan S. Þ. S. selt um 200 gr af hassi í eigu S. Þ. S. ótilgreindum mönnum í Gautaborg fyrir um 6—7.000 s. kr.

IV.

Um sama leyti í félagi við nefndan S. Þ. S. selt 4—500 gr af hassi í eigu hans ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir 10—11.000 s. kr.

V.

Í fyrri hluta ágúst enn í félagi við S. Þ. S. keypt 1 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, en fé til kaupanna tóku þeir af söluandvirði efnisins í IV. lið. Nefndur S. Þ. S. flutti síðan megnið af efninu til Svíþjóðar og seldi þar fyrir þá félaga fyrir um 19.000 s. kr.

VI.

Um miðjan ágúst í félagi við nafngreinda íslendinga, G. E. og G. G., keypt alls um 4.4 kg af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Kaupmannahafnar og fengið þar í sinn hlut 2.2 kg af efninu, sem taldist sameign ákærða og framangreinds S. Þ. S., en fé til kaupanna tók ákærði af söluandvirði hassins í V. lið. Ákærði seldi megnið af efninu ótilgreindu fólki í Kaupmannahöfn í félagi við S. Þ. S.

VII.

Nærri mánaðamótum ágúst/september í félagi við nefndan S. Þ. S. og Árna Hrafnsson flutt 4 kg af hassi frá Kaupmannahöfn til Svíþjóðar og ásamt S. Þ. S. selt þar hluta efnisins ótilgreindum mönnum í Gautaborg og Málmey. Um 5. september enn haft til umráða um 1200 gr efnisins, sem ákærði seldi að

hluta í Gautaborg, og síðan flutt megnið af þessum efnisskammti til Osló í félagi við Árna Hrafnsson, Pétur Blöndal Gíslason og Kristján Aðalsteinsson og selt þar ótilgreindum aðilum, en að því loknu hafði ákærði í fórum sínum u. þ. b. jafnvirði 27.000 danskra króna, sem hann flutti til Kaupmannahafnar.

VIII.

Um miðjan september í Kaupmannahöfn afhent nefndum Árna Hrafnssyni, Pétri Blöndal Gíslasyni og Kristjáni Aðalsteinssyni megnið af fénu, sem um ræðir í lok VII. liðs, til kaupa á hassi í Amsterdam, þar sem þeir þremenningar keyptu síðan 3 kg af efninu og fluttu til ákærða í Kaupmannahöfn, og taldist meginhluti efnisins eign ákærða, en 400 gr eign nefnds Árna, sem ákærði afhenti 200 gr þá þegar, og ennfremur afhent nefndum þremenningum um 200 gr efnisins að láni. Auk þess ráðstafað um 1 kg af efninu í borginni að mestu til ótilgreindra aðila. Samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans, Árna, Péturs og Kristjáns, flutti Margrét María Einarsdóttir um 1.6 kg af þessu efni hingað til lands 21. september, og hugðist ákærði selja meginhluta þess efnisskammts nokkru síðar á Keflavíkurflugvelli í ágóðaskyni, en ákærði var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar 30. s. m., og síðan lagði lögreglan hald á um 1260 gr efnisins í Reykjavík 25. október."

Er þetta talið varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á um 1260 gr af hassi samkvæmt 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 69. gr. hegningarlaganna svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 6. mars 1958. Hann hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

1973 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 27/6 1973.

1974 29/3 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. umferðarlaga.

1974 28/8 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og 25., 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 8 mán. frá 28/8 1974.

1974 2/11 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1975 4/7 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr., sbr. 20. gr., 1. mgr. 254. gr., 1. mgr. 259. gr., 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga, 25. gr., 27. gr. umferðarlaga og 21. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 4/7 1975.

1976 23/2 í Reykjavík: 4 mán. fangelsi—gæsluvarðhald frá 23/6 til 22/8 1975—fyrir brot gegn 244. gr., 155. og 259. gr. hegningarlaga.

1977 1/2 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga og 1. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1975 7/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1979 22/2 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

1980 21/11 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga.

1980 24/11 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð refsing.

1981 10/3 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 8.500 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.

MÁLSATVIK.

Í lok september 1978 hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík viðamikil rannsókn á stórfelldu fíkniefnamisferli margra Íslendinga. Var hér um að ræða ætluð meiri háttar kaup á hassefnum í Amsterdam og sölu slíkra með hagnaði í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Malmö og Gautaborg, en jafnframt flutning slíkra hingað til lands í söluskyni.

Sættu margir aðiljar gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa, og var ákærði einn slíkra. Vegna eðlis brota og umfangs dróst rannsókn málsins mjög á langinn, og réð þá mestu, hve erfitt var að ná til þeirra, er við málið voru riðnir, enda margir þá dveljandi langdvölum erlendis og eru það enn.

Ákærði var í upphafi rannsóknar borinn verulegum sökum og var fyrst yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 30. september 1978, en neitaði þá öllum sökum. Ákærði var enn yfirheyrður hjá lögreglu og hér í dómi 11. október s. á. og þann sama dag

úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum. Sætti ákærði gæsluvarðhaldi til 6. nóvember þ. á. og var á gæsluvarðhaldstímanum margítrekað yfirheyrður hjá lögreglu. Voru framburðir hans beytilegir, en hann staðfesti endanlegan framburð sinn hér í dómi 6. nóvember. Þá var ákærði enn yfirheyrður hér í dómi 23. maí 1979.

Hér á eftir verður vikið að málsatvikum í þeirri röð, er í ákæruskjali greinir:

I. ákæruliður.

Við yfirheyrslu hér í dómi 11. október 1978 viðurkenndi ákærði að hafa haldið til London flugleiðis 11. maí þ. á. og samdægurs haldið þaðan til Amsterdam. Með ákærða í förum hafi verið Árni Hrafnsson, kunningi ákærða. Þar hafi þeir félagar dvalið í vikutíma og í helmingafélagi keypt 120 gr af hassi til eigin neyslu. Hafi þeir notað af efni og flutt með sér til Kaupmannahafnar, þar sem efni hafi verið notað til eigin neyslu þeirra félaga.

Árni Hrafnsson, fæddur 27. desember 1958 í Reykjavík, sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 29. september til 29. október 1978. Hér í dómi 29. október lýsti nefndur Árni Amsterdamför þessari á sama veg og ákærði, en kvað hassefni það, er þeir keyptu sameiginlega í Amsterdam, 200 gr, er þeir hafi síðan flutt til Kaupmannahafnar og neytt ásamt mörgum kunningjum, en ekkert selt.

II. ákæruliður.

Ákærði lýsti atvikum þennan ákærulið varðandi hér í dómi 6. nóv. 1978. Kvað hann mág sinn, Sigurð Þór Sigurðsson, og systur sína, Sigríði Brynju Pétursdóttur, hafa komið til Kaupmannahafnar um miðjan júlí þ. á. Hafi Sigurður Þór haft nokkurt handbært fé og komið að máli við ákærða og spurt hann, hvort ákærði væri reiðubúinn að flytja hass til Svíþjóðar og selja þar, ef Sigurður Þór keypti efni. Ákærði kvaðst hafa tekið vel í þetta og Sigurður Þór síðan afhent sér fé, ekki kvaðst ákærði muna hve mikið. Hafi hann síðar í félagi við Hermann Ólason keypt hass af dönskum aðilja í Christianiu fyrir fé Sigurðar Þórs og fyrir það fengið 250 gr. Hafi hann greitt sem svaraði um 17—18 dönskum krónum fyrir hvert gramm, en síðan

flutt það til Svíþjóðar og í Gautaborg selt það ónefndum aðiljum og söluandvirði numið um 6—7.000 sænskum krónum. Að lokinni sölu, er tók um vikutíma, kvaðst ákærði hafa afhent Sigurði Þór söluandvirðið.

Nefndur Sigurður Þór Sigurðsson, fæddur 19. desember 1952, var handtekinn af fíkniefnalögreglu í Kaupmannahöfn í byrjun mars 1979 vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis og sætti gæsluvarðhaldi þar til 2. maí s. á., er hann var dæmdur í 3ja ára fangelsi fyrir stórfellda verslun með fíkniefni. Er rannsókn sú stóð yfir, voru gögn varðandi nefndan Sigurð Þór úr rannsókn þeirri, er hér er til umfjöllunar, send dönskum yfirvöldum. Af gögnum varðandi nefndan dóm yfir Sigurði Þór, er borist hafa þessu embætti, verður ekki fullyrt, að Sigurður Þór hafi verið yfirheyrður um sakarefni það, er hér um ræðir, þrátt fyrir fjölmargar umleitanir þessa embættis.

Hins vegar er í áðurgreindum dómi talið sannað, að Sigurður Þór margnefndur hafi í júní 1978 gerst sekur um refsiverða meðhöndlun hassefna. Þykir nægilega ljóst, að þar sé átt við efnislega sömu háttsemi og í þessum lið ákæruskjals greinir, þótt lítillega skeiki um tímasetningu.

Nefndur Sigurður Þór strauk úr fangelsi í Kaupmannahöfn þann 27. ágúst 1979, er hann var að afplána ofangreindan fangelsisdóm, og fer huldu höfði. Samkvæmt upplýsingum lögreglu er hann talinn dvelja í Mexíkó, og þykir því ekki útlit fyrir, að unnt verði að yfirheyra hann vegna máls þessa í náinni framtíð.

Sigríður Brynja Pétursdóttir, fædd 29. janúar 1956, var yfirheyrð hér í dómi 29. september 1978 sem vitni.

Kvaðst hún hafa haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar 15. júlí sl. og komið hingað til lands aftur 23. eða 24. s. m. Hafi hún haldið utan ásamt eiginmanni sínum, Sigurði Þór Sigurðssyni, og þau verið í atvinnuleit. Kvað hún í Kaupmannahöfn bróður sinn, Halldór Lárus Pétursson, hafa tekið á móti þeim ásamt kunningja sínum, Árna Hrafnssyni. Kvað hún nafngreinda Íslendinga, er þau hafi hitt í Christianiu, hafa stundað umfangsmikla fíkniefnaverslun þar í borg. Skömmu eftir komu þeirra til Kaupmannahafnar kvaðst Sigríður ásamt bróður sínum, Halldóri Lárusi, og eiginmanni sínum hafa haldið með lest til Gautaborgar. Þar hafi hún orðið vitni að sölu á 200 gr af hassi, án afskipta eða þátttöku. Vegna stöðu vitnis taldi dómari varhugavert að leggja frekari spurningar fyrir vitni að svo komnu máli.

Er nefnd Sigríður var yfirheyrð sem grunuð 29. september

1978, kvaðst hún hafa orðið vitni að samkaupum þeirra Hermanns Ólasonar og Sigurðar Þórs á hassefnum fyrir 8.000 danskar kr. í Kaupmannahöfn á greindum tíma. Hafi þeir Sigurður og ákærði selt hassið í Gautaborg.

Árni Hrafnsson áðurnefndur bar hér í dómi 29. október 1978, þá í gæsluvarðhaldi sem að ofan greinir, að hafa líklega 14. júlí þ. á. tekið á móti Sigurði Þór Sigurðssyni og eiginkonu hans ásamt ákærða, er þau komu flugleiðis til Kaupmannahafnar. Hafi nefnd hjón 3 dögum síðar ásamt ákærða haldið til Gautaborgar með 200 gr af hassi í söluskyni.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að ofangreindur Hermann Ólason hafi gengist við aðild að hasskaupum þeim, er hér um ræðir.

III. ákæruliður.

Ákærði lýsti sakarefni í þessum ákærulið í yfirheyrslu hjá lögreglu 19. október 1978 og hér í dómi 6. nóvember þ. á. Ákærði kvaðst ásamt Sigurði Þór hafa haldið til Kaupmannahafnar, eftir að sölu hassefna þeirra, er í næsta ákærulið hér að ofan lauk. Þar hafi þeir hitt Hermann Ólason, sem hafi lagt til, að peningar þeir, sem fengust fyrir sölu hassefna úr næsta ákærulið hér að ofan, yrðu ávaxtaðir með því að kaupa hass í Amsterdam og flytja til Kaupmannahafnar. Hafi það verið um danskar kr. 2.700, sem Sigurður hafði handbærar. Hafi Sigurður Þór og nefndur Hermann haldið með lest til Amsterdam og keypt hass og flutt til Kaupmannahafnar. Ekki kvaðst ákærði vita, hve mikið magn Hermann hafi keypt, en Sigurður Þór fengið í sinn hlut 200 gr af svonefndu Pakistanhassefni. Sigurður Þór og ákærði hafi síðan flutt efnið til Gautaborgar og þar í félagi selt efnið ótilgreindum aðiljum og söluandvirði numið 6—7.000 sænskum kr. Ákærði kvaðst engin sölulaun hafa fengið greidd fyrir ofangreint, utan hvað Sigurður Þór hafi kostað uppihald sitt og ákærði fengið hassefni til eigin nota.

Varðandi Sigurð Þór Sigurðsson vísast til þess, er um fjarveru hans segir í málsatvikum varðandi II. ákærulið.

Hermann Ólason, fæddur 30. janúar 1946 í Reykjavík, sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 7. október 1978 til 11. nóvember s. á. Hér í dómi 11. nóv. þ. á. lýsti Hermann nefndri hasskaupaferð ásamt Sigurði Þór, en kvaðst þá hafa farið í bílaleigubifeið og Sigurð Þór keypt 200 gr af hassi og selt í Gautaborg.

IV. ákæruliður.

Hér í dómi 6. nóvember 1978 og 19. október s. á. hjá lögreglu skýrði ákærði svo frá, að stuttu eftir að sölu efna í III. ákærulið lauk, þá hafi hann haldið áleiðis til Amsterdam til hasskaupa ásamt Sigurði Þór margnefndum, Hermanni Ólasyni og pilti, er heiti Róbert, og ferðin verið farin á bílaleigubifreið. Er til Hamborgar kom, hafi komið í ljós, að ákærði hafi gleymt vegabréfi sínu í Kaupmannahöfn og hann því orðið að snúa við og haldið aftur þangað. Ákærði kvaðst hafa beðið þeirra félaga í viku í Christianiu, en Sigurður Þór þá komið með 400—500 gr af hassi, er hafi verið hans hlutur úr ferðinni. Hafi ákærði og Sigurður Þór síðan haldið með hassið til Gautaborgar og selt þar í almenningsgarði ónefndum aðiljum á 30—35 sænskar kr. hvert gr og salan tekið um vikutíma. Hafi söluandvirðið numið 11.000 sænskum kr. brúttó, en þeir haldið að nýju til Kaupmannahafnar með eftirstöðvar söluandvirðisins.

Sigurður Þór Sigurðsson hefur ekki verið yfirheyrður, eins og rakið er undir ákærulið II hér að ofan.

Áðurnefndur Hermann Ólason bar hér í dómi 11. nóvember 1978 og hjá lögreglu daginn áður um hasskaupaferð þessa. Hafi þeir haldið af stað 4. ágúst þ. á. og með sér til Amsterdam haldið Sigurður Þór Sigurðsson og piltur nefndur Róbert. Kvaðst Hermann hafa keypt 290 gr af hassi, en Sigurður og Róbert keypt 1½ kg og efni síðan verið flutt til Gautaborgar. Þar hafi efninu verið skipt og ákærði þar aðstoðað Sigurð Þór við sölu hassins. Ekki tekur nefndur Hermann fram, hver hlutur Sigurðar og Róberts var hvors um sig.

Róbert Rósmann Guðjónsson, fæddur 25. febrúar 1957, var yfirheyrður um ofangreint hjá lögreglu 17. febrúar 1979 og hér í dómi 17. febrúar s. á., þá í gæsluvarðhaldi. Hann kvaðst „líklega í lok júlí“ sl. hafa haldið með nefndum Sigurði Þór, ákærða og Hermanni Ólasyni áleiðis til Amsterdam á bílaleigubifreið til hasskaupa. Ákærði hafi þó orðið að snúa við í Þýskalandi vegna vöntunar á vegabréfi. Þeir þremenningar hafi síðan haldið áfram til Amsterdam og keypt samtals 2½ kg af hassi og flutt til Kaupmannahafnar. Kvaðst Róbert hafa átt 800 gr af hassinu, en gat ekki um eignarhlutföll hinna.

Sigurður Rafn Jóhannsson, fæddur 26. júní 1951, lýsti hér í dómi 5. nóv. 1978 vitneskju sinni um hér greinda hasskaupaferð. Kvað hann Sigurð Þór, Hermann Ólason og nefndan Róbert hafa haldið til Amsterdam á bílaleigubifreið og Hermann keypt

1/2 kg af hassi, Sigurður Þór 1 kg og Róbert 1/2 kg. Er þeir hafi komið til Kaupmannahafnar, hafi Sigurður Rafn og ákærði slegist í förina og efnin flutt til Gautaborgar til sölu þar. Hafi Sigurður Þór og ákærði orðið eftir í Gautaborg.

V. ákæruliður.

Ákærði lýsti hjá lögreglu 20. október 1978 og hér í dómi 6. nóvember s. á. Amsterdamför, er farin hefði verið skömmu eftir að sölu hassefna úr síðustu ferð lauk, eða nálægt miðjum ágúst þ. á. Ákærði kvað Hermann Ólason eða félaga hans Sigurð hafa tekið á leigu útleigubifreið til fararinnar og ákærði og Sigurður Þór slegist í för með þeim. Í Amsterdam kvaðst ákærði ásamt Sigurði Þór hafa keypt 1 kg af Pakistanhassi fyrir söluandvirði úr síðustu ferð. Hermann og Sigurður Þór hafi lent í rifrildi og það orðið til þess, að leiðir þeirra hafi skilið. Hafi Hermann og nefndur félagi hans, Sigurður, haldið áfram á bílaleigubifreiðinni, en ákærði og Sigurður Þór tekið lest til Kaupmannahafnar með hassið. Ákærði kvað þá hafa notað um 100—150 gr af hassinu, ýmist til eigin nota á leiðinni eða þá selt það til að eiga fyrir fari til Kaupmannahafnar. Hafi Sigurður síðan haldið einn til Svíþjóðar með efnið og selt þar og komið með um 19.000 sænskar kr. til baka, er verið hafi söluandvirði að frádregnum kostnaði þó.

Hermann Ólason var yfirheyrður hér í dómi 11. nóvember 1978 og bar þá á sama veg og ákærði um ofangreinda hasskaupaferð, en ekki kvaðst hann geta sagt til um, hve mikið hass ákærði og Sigurður Þór hafi keypt.

Margnefndur Sigurður Þór hefur ekki verið yfirheyrður, sbr. athugasemdir þar um við II. ákærulið.

Sigurður Rafn Jóhannsson lýsti hér í dómi ofangreindri hasskaupaferð á sama veg og ákærði og Hermann Ólason, en kvað ákærða og Sigurð hafa keypt 1½ kg af hassi.

VI. ákæruliður.

Í nefndu þinghaldi 6. nóvember 1978 skýrði ákærði svo frá, að tveimur til þremur dögum eftir að Sigurður Þór kom aftur til Kaupmannahafnar eftir sölu hassefna úr síðustu ferð þá hafi ákærði haldið í bifreið til Amsterdam ásamt Guðmundi Einarssyni og eiginkonu Guðmundar, Gígju Geirsdóttur. Hafi Guðmundur og Sigurður Þór skömmu áður keypt nefnda bifreið í Svíþjóð. Ákærði kvaðst hafa ásamt Guðmundi og Gígju í

Amsterdam keypt 4.4 kg af hassi og ákærði í sinn hlut fengið 2.2 kg. Hafi hann verið með fé frá Sigurði Þór, en svo hafi um samist þeirra í milli, eftir að systir ákærða hélt heim til Íslands, að ákærði yrði eigandi efna að 1/3 hluta.

Ákærði kvaðst síðan ásamt þeim hjónum hafa haldið með hassið til Kaupmannahafnar og þar hafi Sigurður Þór tekið við efnishlut hans og ákærða. Sigurður Þór hafi síðan selt meiri hluta hassins ónefndum aðiljum í Christianiu, en ákærði þó aðstoðað hann við söluna.

Margnefndur Sigurður Þór Sigurðsson hefur ekki verið yfirheyrður vaðandi ofangreint, sbr. athugasemdir varðandi II. ákærulið.

Guðmundur Einarsson, fæddur 19. nóvember 1952, var yfirheyrður hér í dómi 21. maí 1980, þá nýkominn úr fangelsi í Vestur-Þýskalandi, þar sem hann afplánaði dóm vegna fíkniefnasmygls, og lýsti þá för sinni í ágúst 1978 ásamt ákærða og eiginkonu sinni til Amsterdam, þar sem hann og ákærði hafi keypt samtals 4 kg af hassi. Hafi ákærði átt helming efnis, er þeir hafi flutt til Kaupmannahafnar. Þar hafi ákærði ásamt nafngreindum Íslendingi, er nú er látinn, séð um sölu efnishlutar Guðmundar.

Nefnd Gígja Geirsdóttir hefur ekki verið yfirheyrð, en hún hefur verið búsett erlendis samfellt frá því ofangreint átti sér stað.

VII. ákæruliður.

Í margnefndu þinghaldi 6. nóvember 1978 lýsti ákærði hasskaupaferð Árna Hrafnssonar og Sigurðar Þórs Sigurðssonar til Amsterdam nærri mánaðamótum ágúst—september þ. á. Kvað ákærði Árna hafa komið að máli við sig og lýst áhuga á að fara til Amsterdam ásamt Sigurði Þór, mági ákærða, og af orðið, að þeir héldu þangað með lest. Þar hafi Sigurður keypt 4 kg af Pakistanhassi og flutt til Kaupmannahafnar. Þeir þrír hafi síðan haldið með hassið til Svíþjóðar og selt af því lítils háttar í Gautaborg og Málmey. Í Málmey hafi þeir sótt rokkhljómleika þann 5. september. Þá hafi komið upp misklíð milli ákærða og Sigurðar Þórs og leiðir þeirra skilið, en ákærði fengið í sinn hlut 1200 gr af því hassi, sem þá var eftir. Í Málmey kvaðst ákærði hafa hitt Kristján Aðalsteinsson og Pétur Blöndal Gíslason, er verið hafi með VW sendibifreið, er þeir hafi átt. Hafi orðið að samkomulagi, að þeir Pétur og Kristján ækju ákærða og Árna

til Gautaborgar að selja hassið, en ákærði mundi greiða allan fararkostnað og uppihald. Í Gautaborg hafi ákærði selt hluta hassins, en vegna lélegrar sölu hafi þeir haldið til Osló til að reyna að selja hassið þar. Þar hafi Árni og Kristján aðstoðað við söluna. Að lokinni sölu í Osló hafi þeir haldið til Kaupmannahafnar með eftirstöðvar hassins, um 200 gr, og söluandvirði úr ferðinni, er var u. þ. b. 27.000 danskar krónur.

Sigurður Þór Sigurðsson hefur ekki verið yfirheyrður um ofangreint sem áður er rakið.

Árni Hrafnsson lýsti hér í dómi 29. október 1978 nefndri hasskaupaferð á sama veg og ákærði. Hafi í Amsterdam verið keypt um 4 kg af hassi og kaupverð verið nálægt 12.000 hollenskum gyllinum, en Árni kvaðst hafa átt 130 gr af hassinu. Lýsti Árni ráðstöfun efnis á sama veg og ákærði.

Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, er sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 29. september — 7. nóvember 1978, lýsti hér í dómi 28. október þ. á. ofangreindri hasssöluferð á sama veg og ákærði.

Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, lýsti ofangreindri hasssöluferð á sama veg og ákærði hér í dómi 25. október 1978.

VIII. ákæruliður.

Ákærði lýsti sakarefni í þessum ákærulið hér í dómi 6. nóvember 1978 og 23. maí 1979. Kvaðst ákærði um miðjan september eða skömmu eftir að þeir fjórmenningar, er um ræðir í næsta ákærulið hér að framan, komu til Kaupmannahafnar hafa afhent þeim Árna, Kristjáni og Pétri meiri hluta áðurnefnds söluandvirðis, eða 24—25.000 danskar kr. Þeir hafi síðan haldið á bílaleigubifreið til Amsterdam og keypt 3 kg af Líbanonhassi og flutt til Kaupmannahafnar og afhent ákærða. Ákærði kvaðst hafa afhent Árna 200 gr af hassinu, sem hafi talist hans hlutur, auk 200 gr, er Árni átti að fá til viðbótar eftir flutning efnisins hingað til lands. Pétur Blöndal og Kristján hafi hins vegar átt að fá 100 gr hvor eftir flutning efnis hingað til lands. Þá hafi hann í Kaupmannahöfn lánað Pétri, Árna og Kristjáni 210 gr af hassinu.

Ákærði kvaðst í Kaupmannahöfn hafa lánað Hermanni Ólasyni 210 gr af hassinu, Lárusi Svavarssyni 150—200 gr og ónefndri danskri stúlku 50 gr. Þá kvaðst ákærði hafa lánað tveimur Dönum 500 gr af hassinu gegn edurgreiðslu eftir nokkra

daga, en þeir aðeins endurgreitt að litlu leyti. Einnig hafi hann notað 150 gr af hassinu til kaupa á fjórum vigtum og lóðakössum.

Loks hafi hann sent 1600 gr af hassinu til Íslands með eiginkonu sinni, Margréti Einarsdóttur, er þangað hafi flutt efnið innan klæða. Í lok september þ. á. kvaðst ákærði hafa verið handtekinn í Kaupmannahöfn af lögreglu og þá með 15 gr af hassi í fórum sínum. Hafi hann setið í fangelsi þar í 4 daga vegna þessa, en síðan verið sendur hingað til lands 29. september þ. á. Hafi nálægt 400 gr af hassinu verið eftir á hótelherbergi, er mætti var handtekinn, en þar þá búið auk sín fyrrnefndir þremenningar, Pétur, Árni og Kristján.

Hassefni það, er hingað til lands var flutt, kvaðst ákærði hafa ætlað að selja á Keflavíkurflugvelli með hagnaði.

Árni Hrafnsson lýsti ítarlega atvikum varðandi sakarefni í þessum ákærulið hér í dómi 29. október 1978 og enn hér í dómi 16. maí 1979. Árni kvaðst um miðjan september 1978 hafa haldið til Amsterdam á bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn og ásamt sér í ferðum verið Pétur Blöndal Gíslason og Kristján Aðalsteinsson. Ferðir og uppihald hafi ákærði kostað og lagt fram liðlega 24.000 norskar kr. til hasskaupa. Í Amsterdam hafi þeir keypt 3.1—3.2 kg af hassi fyrir ofangreint fé í eigu ákærða, en Árni þó talist eiga 400 gr af efni vegna aðstoðar við ákærða. Efnið hafi þeir síðan flutt til Kaupmannahafnar og þar afhent óskipt ákærða. Ákærði hafi síðan afhent Árna 200 gr af sínum hluta, og þau kvaðst Árni hafa selt ótilgreindum aðiljum í Kaupmannahöfn, en eftirstöðvar efnishluta Árna hafi hann átt að fá eftir komu hingað til lands samkvæmt ráðagerð þeirra félaga. Hafi Margrét Einarsdóttir, eiginkona ákærða, tekið við 1.6 kg af nefndu efni og flutt flugleiðis hingað til lands.

Ofangreind Margrét Einarsdóttir, fædd 15. nóvember 1957, var yfirheyrð hér í dómi 26. október 1978. Bar hún að hafa flutt hingað til lands þann 21. september þ. á. alls 1600 gr af hassi innan klæða skv. beiðni ákærða og fleiri aðilja og afhent Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kristján Aðalsteinsson var yfirheyrður um sakaratriði í þessum lið ákæru hjá lögreglu í Reykjavík 25. október 1978, hér í dómi sama dag og daginn eftir.

Kristján lýsti í nefndum yfirheyrslum dvöl sinni ásamt nafngreindum kunningjum íslenskum í svonefndu Christianiuhverfi í Kaupmannahöfn og samskiptum sínum við aðilja þar dvelj-

andi, er fengust við verslun með fíkniefni. Kristján lýsti síðan aðdraganda að för sinni frá Kaupmannahöfn til Amsterdam í september 1978 ásamt þeim Pétri Blöndal Gíslasyni og Árna Hrafnssyni til hasskaupa fyrir ákærða. Hafi ákærði tekið bílaleigubifreið til farar og greitt annan kostnað af ferðinni og alfarið fjármagnað efniskaup. Ákærði kvað þá þremenninga hafa lagt af stað í nefndri bílaleigubifreið til Amsterdam í annarri viku septembermánaðar.

Kristján kvaðst hafa ekið, áðurnefndur Árni annast vörslur fjárins, er ákærði afhenti þeim til fíkniefnakaupanna, en er til Amsterdam kom, hafi Pétur Blöndal annast kaup á 3 kg af hassi af svonefndri Líbanontegund. Efnið hafi þeir síðan flutt í nefndri bifreið til Kaupmannahafnar, þar sem þeir hafi afhent ákærða óskipt ofangreint hassmagn. Kristján kvað þá þremenninga hafa átt að fá 100 gr hvern af hassinu fyrir kaup og flutning efnis. Hafi verið ráðgert að flytja hassið hingað til lands og flutning átt að annast eiginkona ákærða, Margrét María Einarsdóttir. Kvað Kristján umsamið milli sín og ákærða, að hann fengi sinn efnishlut eftir komu þess hingað til lands, en tæki þá jafnframt við efni ákærða frá nefndri Margréti Maríu og geymdi, uns ákærði kæmi sjálfur hingað til lands.

Eftir komu þeirra þremenninga með greind 3 kg af hassi til Kaupmannahafnar og afhendingu þeirra til ákærða kvað Kristján þá ásamt ákærða hafa leigt tvö herbergi á hóteli við Nýhöfn, líklega hóteli Corona. Hafi Kristján og Pétur Blöndal búið í öðru herberginu, en Árni og ákærði í hinu. Hafi þeir tveir síðastnefndu ráðgert að selja eitthvað af hassinu í Kaupmannahöfn til þess að standa straum af hótelkostnaði, bílaleigubifreið og fleiru, en ekki kvaðst Kristján hafa tekið þátt í þeirri sölu.

Kristján kvað ákærða hafa átt hugmyndina að því að fá Margréti Maríu til að flytja hassið hingað til lands, en hún hafi oft komið í heimsókn til þeirra á nefnt hótel við Nýhöfn. Kristján kvaðst hafa aðstoðað við að ganga frá hassefnum fyrir flutning til Íslands. Hafi efnið verið í 200 gr bögglum og 8 slíkum verið komið fyrir innan klæða á nefndri Margréti Maríu, áður en hún hélt flugleiðis hingað til lands.

Að kvöldi 23. september við komu til Reykjavíkur kvaðst Kristján hafa haldið á heimili Margrétar Maríu við Grensásveg 52 og hjá henni móttekið plastpoka með 7 200 gr bögglum af hassi fyrrgreindu. Hafi hann afhent Margréti Maríu 80 gr af

hassinu fyrir flutninginn, selt tilgreindum aðilja 30 gr af efninu á kr. 3.500 hvert gramm, haft 90 gr til eigin nota, en komið eftirstöðvunum í geymslu hjá frænda sínum Hirti Hjartarsyni að Vesturgötu 63 í Reykjavík. Vísaði Kristján síðar á hassefnið með aðstoð nefnds Hjartar, og reyndist þar um að ræða um 1260 gr af ætluðu hassefni, er lögregla lagði hald á.

Hjörtur Hjartarson, fæddur 13. nóvember 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 25. október 1978 og bar á sama veg og Kristján um móttöku ofangreinds hassefnis til geymslu fyrir ákærða. Kvaðst hann eftir handtöku Kristjáns hafa haldið með pakka með ofangreindu hassefni til systur sinnar, en vísaði síðan lögreglu á efnið.

Pétur Blöndal Gíslason lýsti ítarlega atvikum varðandi sakarefni í þessum lið ákæru hér í dómi 29. október 1978 og lýsti þá för sinni til Amsterdam ásamt Árna Hrafnssyni og Kristjáni Aðalsteinssyni þann 16. september það ár með um 25.000 danskar krónur frá ákærða, er alfarið hafi kostað för þeirra. Hafi ferðin verið farin á bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn og tilgangur verið hasskaup í Amsterdam. Er til Amsterdam kom, kvaðst Pétur hafa keypt 2.8 kg af Líbanonhassi af sér ókunnum aðilja fyrir liðlega 8.000 hollensk gyllini, er hann áður hafi fengið í skiptum fyrir dönsku krónurnar.

Pétur kvað þá félaga síðar hafa flutt hassið með sér til Kaupmannahafnar á fund ákærða, er tekið hafi við efninu óskiptu. Pétur kvað þá ekki hafa fengið neina sérstaka þóknun fyrir ofangreind kaup, utan hvað þeir hafi mátt taka af efni ákærða til eigin nota og Pétur m. a. af því selt 50 gr í Kaupmnnahöfn. Eftir komu þeirra til Kaupmannahafnar kvað Pétur ákærða hafa tekið á leigu tvö hótelherbergi og þeir þremenningar þar dvalið á kostnað ákærða í nokkra daga.

Er Pétur var yfirheyrður hér í dómi 7. nóvember s. á., kvaðst hann aðspurður hafa vitað, að Margrét María, eiginkona ákærða, hefði flutt ofangreint hassefni hingað til lands þá um haustið, en sjálfur engan þátt átt í flutningi þess hingað til lands.

Pétur var enn yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 19. júlí 1979 og þá inntur nánar eftir endurgjaldi fyrir ofangreinda hasskaupferð. Pétur bar á sama veg og áður, kvað ekki hafa verið endanlega afráðið um endurgjöld, er ákærði var handtekinn og fluttur til Íslands. Þá kvaðst Pétur hafa neitað boði ákærða um greiðslu fyrir ferðina í hassefni hér á landi

NIÐURSTÖÐUR.

I. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt þá háttsemi er í þessum ákærulið greinir, og er játning hans studd framburði nefnds Árna Hrafnssonar. Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar um miðjan maí 1978 í félagi við Árna Hrafnsson keypt 120 gr af hassi í Amsterdam og flutt megnið af því til Kaupmannahafnar, en efnið höfðu þeir til eigin nota.

II. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, og er játning hans studd framburðum þeirra Árna Hrafnssonar og Sigíðar Brynju Pétursdóttur, en þau telja magn hassefnis 200 gr. Þrátt fyrir játningu ákærða þykir varlegra að miða við það efnismagn. Samkvæmt ofansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindum fyrirvara um efnismagn, nánar í seinni hluta júlí 1978 í félagi við nafngreindan Íslending, S. Þ. S., keypt hassefni í Kaupmannahöfn, um 200 gr á 17—18 kr. danskar hvert gramm, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir um 6—7.000 sænskar krónur, sem ákærði afhenti nefndum S. Þ. S.

III. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft í frammi alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning að nokkru studd framburði Hermanns Ólasonar. Þykir þannig nægilega sannað, þrátt fyrir að ekki liggi fyrir framburður Sigurðar Þórs Sigurðssonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar nærri mánaðamótum júlí/ágúst 1978 í félagi við nefndan S. Þ. S. selt um 200 gr af hassi í eigu S. Þ. S. ótilgreindum mönnum í Gautaborg fyrir um 6—7.000 sænskar kr.

IV. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, en er ónákvæmur hvað efnismagn varðar og telur það 400—500 gr. Játning ákærða er að nokkru studd framburðum þeirra Sigurðar Rafns Jóhannssonar, Róberts Rósmanns Guðjónssonar og Hermanns Ólasonar, þó ekki verði af framburðum þeirra

fullyrt um efnismagn. Þá liggur ekki fyrir framburður Sigurðar Þórs. Þykir hér rétt að leggja til grundvallar framburð ákærða, en varlegra þó að miða við lægri mörk í framburði hans um efnismagn. Þykir samkvæmt ofansögðu nægilega sannað, að ákærði hafi um sama leyti og í III. ákærulið greinir í félagi við nefndan S. Þ. S. selt 400 gr af hassi í eigu hans ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir 10—11.000 sænskar kr.

V. ákæruliður.

Ákærði hefur játað brot þau, er í þessum ákærulið greinir, og er játning sú studd framburðum þeirra Hermanns Ólasonar og Sigurðar Rafns Jóhannssonar. Hins vegar liggur ekki fyrir framburður Sigurðar Þórs Sigurðssonar. Þykir samkvæmt ofansögðu öllu nægilega sannað, að ákærði hafi haft í frammi alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í fyrri hluta ágúst 1978 enn í félagi við S. Þ. S. keypt 1 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, en fé til kaupanna tóku þeir af söluandvirði efnisins í IV. lið. Nefndur S. Þ. S. flutti síðan megnið af efninu til Svíþjóðar og seldi það þar fyrir þá félaga fyrir um 19.000 sænskar kr.

VI. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er framburði Guðmundar Einarssonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, utan hvað hér þykir rétt að leggja til grunrvallar framburð Guðmundar Einarssonar um efnismagn. Samkvæmt ofansögðu þykir því sannað, að ákærði hafi um miðjan ágúst 1978 í félagi við nafngreinda Íslendinga, G. E. og G. G., keypt alls um 4 kg af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Kaupmannahafnar og fengið þar í sinn hlut 2 kg af efninu, sem taldist sameign ákærða og framangreinds S. Þ. S., en fé til kaupanna tók ákærði af söluandvirði hassins í V. lið. Ákærði seldi megnið af efninu ótilgreindu fólki í Kauppmannahöfn í félagi við S. Þ. S.

VII. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft í frammi alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og játning hans studd framburðum þeirra Árna Hrafnssonar, Péturs Blöndal Gíslasonar og Kristjáns Aðalsteinssonar. Samkvæmt því þykir rækilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákæru-

lið greinir, nánar nærri mánaðamótum ágúst/september 1978 í félagi við nefndan S. Þ. S. og Árna Hrafnsson flutt 4 kg af hassi frá Kaupmannahöfn til Svíþjóðar og ásamt S. Þ. S. selt þar hluta efnisins ótilgreindum mönnum í Gautaborg og Málmey. Um 5. september enn haft til umráða um 1200 gr. efnisins, sem ákærði seldi að hluta í Gautaborg, og síðan flutt megnið af þessum efnisskammti til Osló í félagi við Árna Hrafnsson, Pétur Blöndal Gíslason og Kristján Aðalsteinsson og selt þar ótilgreindum aðiljum, en að því loknu hafði ákærði í fórum sínum u. þ. b. jafnvirði 27.000 danskra króna, sem hann flutti til Kaupmannahafnar.

VIII. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er framburðum allra viðkomandi aðilja, að ákærði hafi gerst sekur um alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar um miðjan september 1978 í Kaupmannahöfn afhent nefndum Árna Hrafnssyni, Pétri Blöndal Gíslasyni og Kristjáni Aðalsteinssyni megnið af fénu, sem um ræðir í lok VII. liðs, til kaupa á hassi í Amsterdam, þar sem þeir þremenningar keyptu síðan 3 kg af efninu og fluttu til ákærða í Kaupmannahöfn, og taldist meginhluti efnisins eign ákærða, en 400 gr eign nefnds Árna, sem ákærði afhenti 200 gr þá þegar, og enn fremur afhent nefndum þremenningum um 200 gr efnisins að láni. Auk þess ráðstafað um 1 kg af efninu í borginni, að mestu til ótilgreindra aðilja. Samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans, Árna, Péturs og Kristjáns, flutti Margrét María Einarsdóttir um 1.6 kg af þessu efni hingað til lands 21. september, og hugðist ákærði selja meginhluta þess efnisskammts nokkru síðar á Keflavíkurflugvelli í ágóðaskyni, en ákærði var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar 30. s. m., og síðan lagði lögreglan hald á um 1260 gr efnisins í Reykjavík 25. október.

Framangreind brot ákærða ber að virða sem áframhaldandi brotastarfsemi, er svarar til verknaðarlýsingar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 173. gr. a, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. Hrd. 1979, 882, sbr. enn fremur 2. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar meðferð ákærða á fíkniefnum erlendis.

Þykir ákærði samkvæmt ofansögðu hafa unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf, en hann féllst þann 10. mars 1981 og hér í dómi á greiðslu 8.500 kr. fésektar fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974. Ber samkvæmt því að ákvarða refsingu ákærða í máli þessu með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega metin fangelsi í 20 mánuði, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 15.000.00, þar sem ákærði hafði nokkurn hagnað af brotum sínum. Komi 90 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga rétt, að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 26 dagar.

Loks ber með vísan til 69. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma upptæk til eyðingar um 1260 gr af hassi, er hald var lagt á við rannsókn málsins.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 3.500.00 til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, og kr. 3.500.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, fæddur 6. mars 1958 í Reykjavík, sæti fangelsi í 20 mánuði og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 15.000.00. Refsivist til frádráttar komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 26 dagar, en í sektar stað 90 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk til eyðingar skulu 1260 gr af hassi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 3.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, og kr. 3.500.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Föstudaginn 28. maí 1982.

Nr. 214/1977. **Bifreiðaleigan Falur h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f** (Benedikt Blöndal hrl.) gegn **Agnés Josy Barbara Bloch (Agnés Delarive)** (enginn).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 73/1975 hinn 8. s. m. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 16. desember 1977. Gerði hún þær dómkröfur í áfrýjunarstefnunni, að allar kröfur hennar fyrir héraðsdómi yrðu teknar til greina og áfrýjendur dæmdir óskipt til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómi hefur ekki verið skotið til Hæstaréttar að því er varðar stefndu í héraði Ármann Einarsson, sýslusjóð Árnessýslu og Samvinnutryggingar g/t.

Eftir áfrýjun málsins andaðist Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, en hann hafði farið með málið fyrir stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Í bréfi sendiráðs Frakklands í Reykjavík 8. mars 1982 var frá því greint, að stefnda mundi ekki láta neinn mæta af sinni hálfu við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Kom samkvæmt því enginn fyrir dóm af hennar hendi, er málið skyldi flutt hinn 17. þ. m. Var gagnsökin að svo búnu hafin vegna útivistar stefndu.

Dómkröfur sínar fyrir héraðsdómi reisti stefnda gagngert á því, að áfrýjandi Bifreiðaleigan Falur h/f bæri hlutlæga

skaðabótaábyrgð á tjóni hennar samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 67. greinar, sbr. 1. mgr. 69. greinar umferðarlaga nr. 40/1968, og til þeirra bóta bæri áfrýjanda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f einnig að svara samkvæmt 2. mgr. 74. greinar, sbr. 70. gr. sömu laga.

Er stefnda slasaðist, var hún farþegi í bifreiðinni R 18100, sem ökumaðurinn, Francesco Horvat, hafði á leigu án ökumanns hjá aðaláfrýjanda Bifreiðaleigunni Fal h/f. Flutningur stefndu var eigi gegn gjaldi. Samkvæmt því á hin hlutlæga fébótaregla 1. mgr. 67. greinar umferðarlaga nr. 40/1968 ekki við um tjón hennar, sbr. 2. mgr. nefndrar greinar. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum hennar í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Bifreiðaleigan Falur h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Agnés Josy Barbara Bloch (Agnés Delarive), í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Þórs Vilhjálmssonar.

Í máli þessu reynir á skýringu á 1. og 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Við erum sammála því, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, að 2. mgr. greinarinnar verði að skýra svo, að til takmörkunar á objektivri ábyrgð komi ekki samkvæmt þessu ákvæði, ef bifreið er til afnota fyrir almenning gegn borgun. R 18100 var bílaleigubifreið og því til afnota fyrir almenning gegn borgun. Ber því að okkar áliti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því leyti sem hann er borinn undir Hæstarétt. Við erum sammála meiri hluta dómara um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, höfðaði Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður hér í borg, fyrir hönd Mlle Agnés Delarive, 42 Avenue Bugeaud í París, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 30. ágúst 1972, á hendur Bifreiðaleigunni Fal h/f, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, sýslusjóði Árnessýslu, Ármanni Einarssyni og Samvinnutryggingum g/t til greiðslu in solidum á frönskum frönkum 267.234.03 með 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1970 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins var höfð uppi sú breyting á kröfum stefnanda, að krafist var, að stefndu yrðu dæmdir in solidum til að greiða franska franka 150.203.03 með 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1970 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1973 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara var þess krafist, að stefndu yrðu dæmdir til að greiða hina umstefndu fjárhæð með vöxtum í íslenskum krónum samkvæmt gengi franskra franka á greiðsludegi. Þá var og krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að skaðlauu.

Af hálfu Bílaleigunnar Fals h/f og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f er þess krafist aðallega, að þessir stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar stórlega. Hvernig sem málið fer, krefjast þessir stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu sýslusjóðs Árnessýslu, Ármanns Einarssonar og Samvinnutrygginga g/t eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að stefnufjárhæðin verði stórlega lækkuð og verði þá málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að stefnandinn, sem ber skírnarnafnið Agnés Josy Barbara Bloch, en notar listamannsnafnið Agnés Delarive, hefur um árabil starfað að gerð sjónvarpsþátta og sem fyrirsæta að gerð auglýsinga. Í júlímánuði 1970 kom hún hingað til lands á vegum auglýsingafyrirtækisins Quadrant ásamt Jacqueline Anne Marie Dury, Michel Dauberville og Frank (Francesco) Horvat til myndatöku við gerð auglýsinga. Tekin var á leigu bifreið hjá Bílaleigunni Fal h/f til að ferðast um landið, en lögboðin ábyrgðartrygging fyrir bifreiðina var keypt hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Undirritaði Francesco

Horvat samning um leigu bifreiðarinnar hinn 16. júlí 1970. Hélt nú hópurinn austur í Þjórsárdal í bifreiðinni, og ók Francesco Horvat. Sátu stefnandi og Michel Dauberville í framsæti bifreiðarinnar. Á veginum í Þjórsárdal vildi svo til, að bifreiðin fór út af veginum og valt, en við athugun kom í ljós, að vinstri afturhjólbarði hafði sprungið, er nagli stakkst upp í hann. Við atburð þennan slasaðist stefnandi. Var fengin sjúkrabifreið frá Búrfellsstöð til að flytja hana í sjúkrahús. Er komið var til Selfoss, tók læknirinn, sem þar athugaði stefnanda, þá ákvörðun að láta flytja hana í sjúkrahús í Reykjavík. Var nú sjúkraflutningnum haldið áfram í sjúkrabifreiðinni X 4, eign sýslusjóðs Árnessýslu, en lögboðin ábyrgðartrygging bifreiðarinnar var keypt hjá Samvinnutryggingum g/t. Á leiðinni til Reykjavíkur lenti sjúkrabifreiðin í árekstri við bifreiðina X 521 við vegamót Suðurlandsvegar og Árbæjarvegar. Er bifreiðin X 521 eign stefnda Ármanns Einarssonar, en lögboðin ábyrgðartrygging þeirrar bifreiðar var einnig keypt hjá Samvinnutryggingum g/t. Var nú fengin önnur sjúkrabifreið, sem flutti stefnanda í Borgarspítalann í Reykjavík.

Er bifreiðin R 18100 valt í Þjórsárdal, voru lögreglumenn kvaddir á vettvang. Í skýrslu lögregluþjóns, sem kom á vettvang, segir svo um atburðinn:

„Ég undirritaður fór að sinna þessu, á leiðinni mætti ég sjúkrabifreið frá Búrfelli, er flutti hina slösuðu í sjúkrahús Selfoss, með henni var Michel Dauberville frá París, en hann hafði einnig verið farþegi og taldi sig ekki hafa hlotið meiðsli. Er á staðinn kom, var þar fyrir ökumaðurinn og Duruy Jaceuline Anne Maria, f. 220240, til heimilis í Bordeaux, Frakklandi, hún taldi sig ekki meidda, en ökumaðurinn kvartaði um óþægindi í hægri öxl. Ökumaðurinn tjáði mér, að hann hefði ekið áleiðis til Heklu með 60—70 km. hraða, er bifreiðin skyndilega fór að rása til á veginum og svo að hann missti vald yfir henni og lenti út af til vinstri miðað við stefnu, og valt bifr. eina veltu og stöðvaðist á hjólunum. Töluvert tjón hafði orðið á yfirbyggingu bifreiðarinnar, sem var skröpuð og dæld uð.

Vinstri afturhjólbarði var sprunginn, og við athugun kom í ljós, að stór nagli hafði stungist í gegnum banan (sic), og virðist mér, að þarna sé ástæðan fyrir, að bifreiðin lendir út af veginum.

Miss Agnés var, sem áður frá greinir, flutt í sjúkrahús Sel-

foss, en að athugun lokinni þar til Slysavarðstofunnar í Reykjavík.

Bifreiðaleigunni Fal var strax tilkynnt um óhappið.

Teikning var ekki gerð af vettvangi.“

Vegurinn þarna er malarvegur, og samkvæmt skýrslum var yfirborð vegarins laust, en slétt. Færi var þurrt. Slysið varð laust fyrir kl. 1120, og var veður bjart.

Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang, er sjúkrabifreiðin X 4 og bifreið stefnda Ármanns Einarssonar, X 521, rákust saman. Skýrsla Eiríks Hallgrímssonar lögreglumanns um atburðinn er svohljóðandi:

„Þarna hafði árekstur orðið með þeim hætti, að bifr. X 4 hafði ætlað að aka fram úr X 521 á móts við Árbæjarvegamót, en um leið beygði X 521 heim að Árbæ, og lenti hægri hlið bifr. X 4 á vinstri hlið bifr. X 521, en bifreiðarnar höfðu báðar ekið út Ölfus.

Ökumaður bifr. X 521 tjáði mér, að hann hafi ekið fremur rólega, er hann nálgaðist vegamótin að Árbæ, hafi hann fært sig til vinstri á veginum og sett á stefnuljós til að undirbúa beygjuna, svo er hann ætlaði að fara að beygja, þá hafi hann litið aftur, en engan bíl séð, en í því hafi áreksturinn orðið.

Ökumaður bifr. X 4 tjáði mér, að hann hafi verið að leggja af stað til Reykjavíkur með sjúkling í bifr., hann hafi ekið með ca. 60—70 km. hraða m. klst. Hann hafi séð til ferða X 521 á undan sér, en ekki séð neitt í þá átt, að sú bifr. ætlaði að beygja heim að Árbæ, því hafi hann talið, að það væri óhætt að aka fram úr þarna, en er hann hafi verið að komast að bifr., þá hafi bifr. verið beygt til vinstri að Árbæ; þetta skeði svo snöggt, að mér vannst ekki tími til að hemla.

Farþegar bifr. X 521 voru Laufey Ármannsdóttir, Friðdís Ármannsdóttir, báðar til heimilis að Engjavegi 3, Selfossi, og Björg Pétursdóttir, Steinagerði 8, og barn hennar.

Farþegar með bifr. X 4 var frönsk kona, sem var í sjúkrakörfu, og franskur aðstoðarmaður hennar.

Bifreiðarnar skemmdust báðar mikið; hægri hlið sjúkrabifr. var öll dælduð og hægra framhjól skekkt.

Bifr. X 521 skemmdist mest á vinstra framhorni, brettið var rifið og beyglað, felgan beygluð, sprungið á dekkinu, einnig var vinstra afturhorn beyglað og rispað.

Margt fleira getur komið í ljós á báðum bifr. við nánari skoðun.“

Áreksturinn varð laust fyrir kl. 1310, og var heiðskírt veður og færi þurrt.

Stefnandi málsins kveðst hafa komið hingað til lands umrædda ferð til að taka myndir fyrir tímaritin Elle og Marie-Claire og hafi hún verið ráðin til ferðarinnar af auglýsingafyrirtækinu Quadrant. Hafi hún haft ráðningarbréf um ferð þessa og hafi fyrirtækið átt að greiða allan kostnað við förina, þ. á m. laun hennar. Stefnandi kveðst vera fyrirsæta og hafi ljósmyndari verið með í förinni, sem hafi átt að taka ljósmyndir. Auk þess hafi verið með í förinni karlmaður, sem sé fyrirsæta, og stúlka, sem var starfsmaður fyrirtækisins Quadrant, og hafi þau hin þrjú verið ráðin sérstaklega til þessarar ferðar. Ekki hafi verið neinn fararstjóri, en ljósmyndarinn hafi haft frumkvæðið við að ákveða, hvaða ljósmyndir voru teknar og hvar þær skyldu teknar. Stefnandi kveðst ekki hafa haft afskipti af því, að bifreið var leigð til ferðarinnar, heldur hafi það verið Francesco Horvat, sem hafi tekið bifreiðina á leigu, en þau hafi öll verið viðstödd, þegar bifreiðin var tekin á leigu. Hafi hópurinn tekið bifreiðina á leigu til afnota fyrir sig, en leigan hafi algerlega verið á vegum fyrirtækisins Quadrant, í þágu þess og á þess kostnað. Eftir slysið kveður stefnandi ferðafélaga sína hafa greitt kostnað við ferðina, en ekki hafi verið greitt neitt áður. Hafi það annað hvort verið Francesco Horvat eða aðstoðarstúlkan, sem hafi haft allar fjárreiður fyrir hópinn. Hún kveðst ekki hafa vitað annað um ökuréttindi Francesco Horvat en það, að hann hafi haft ökuskírteini. Hún kveður enga ástæðu hafa verið til að taka á leigu bifreið með bifreiðarstjóra. Þau geri það aldrei og svo sé það dýrara. Um slysið í Þjórsárdal hefur stefnandi skýrt svo frá, að Francesco Horvat hafi ekið, hún hafi sjálf setið í framsæti bifreiðarinnar ásamt Michel Dauberville. Hafi bifreiðinni verið ekið á um 60 km hraða, er hún hafi skyndilega tekið að reika til á veginum. Ökumaðurinn hafi reynt að halda bifreiðinni í beinni stefnu, en eftir tvær eða þrjár sveigjur á veginum hafi bifreiðin oltið út af veginum, á vinstri hlið niður vegarkantinn og farið heila veltu. Eftir nokkurn tíma hafi þau, sem í bifreiðinni voru, jafnað sig og stöðvað vél bifreiðarinnar. Stefnandi kveðst hafa fundið mikinn verk í bakinu og eins verk í höfðinu. Hún hafi verið föst í bifreiðinni og hafi samferðafólk sitt hjálpað sér úr henni. Hún kveðst ekki hafa getað staðið og því hafi þurft að draga sig. Hafi hún verið lögð á jörðina og síðan breitt yfir sig. Hún kveðst ekki hafa getað hreyft sig. Við athugun á bif-

reiðinni eftir þennan atburð kveður hún hafa komið í ljós, að nagli hafi stungist í vinstra afturhjól bifreiðarinnar og hafi hjólbarðinn verið sprunginn. Eftir stutta stund hafi fólk komið þarna að og hafi það sótt hjálp frá Búrfellsvirkjun. Þaðan hafi svo komið sjúkrabifreið. Stefnandi kveðst nú hafa verið flutt í sjúkrakörfu í sjúkrabifreiðinni áleiðis til Reykjavíkur. Á leiðinni hafi verið stansað við sjúkrahús, sem muni hafa verið á Selfossi. Kveður stefnandi sig minna, að hún hafi verið borin inn í sjúkrahúsið frekar en að læknir hafi komið út í sjúkrabifreiðina til sín. Hún kveður lækninn hafa litið á sig mjög lauslega, en síðan hafi hann sagt, að það yrði að flýta sér með hana í sjúkrahús í Reykjavík. Á leiðinni til Reykjavíkur hafi svo sjúkrabifreiðin lent í árekstri. Stefnandi kveðst hafa hreyfst mikið til, þótt hún hafi ekki kastast upp úr sjúkrakörfunni, og fundið ákaflega mikið til, en hún hafi verið með mikinn sársauka fyrir. Hún hafi svo misst meðvitund, er hún kom í sjúkrahúsið í Reykjavík. Stefnandi kveður sér hafa verið sagt, á meðan hún dvaldist á Borgarspítalanum í Reykjavík, að hún mætti ekki hreyfa sig, því þá gæti hún lamast, og hafi þetta haft mikil áhrif á sig. Stefnandi var síðar flutt sjúkraflutningi í sjúkrahús í París. Er hún fór af því sjúkrahúsi, kveðst hún hafa þurft að liggja hreyfingarlaus heima þar til í byrjun októbermánaðar. Í janúarmánuði 1971 kveðst stefnandi hafa byrjað aftur í starfi sínu sem leikstjóri við sjónvarpið. Stefnandi kveður það áreiðanlegt, að afleiðingar slyssins komi í veg fyrir, að hún geti gert ýmislegt af því, sem hún áður gerði. Hún kveðst vera blaðamaður og kveðst hafa ferðast mikið fyrir sjónvarpið. Kveðst hún hafa farið í erfiðar ferðir sem blaðamaður, m. a. farið til Afganistan. Hafi hún átt að fara til landanna fyrir botni Miðjarðarhafs, en hafi orðið að hætta við það, af því að hún geti ekki lengur treyst sjálfri sér. Hún kveðst finna til þreytu og verkja í bakinu. Þá hafi hún fyrr á þessu ári fundið til svima, sem hún hafi aldrei fundið til fyrir slysið. Hún kveðst ekki geta setið á hestbaki og ekki leikið golf, en fyrir slysið hafi hún stundað þessar íþróttir. Í starfi sínu kveðst stefnandi þurfa að standa mikið og þurfi mikla líkamlega orku til að sinna starfinu, en nú þreytist hún mikið fyrr, eftir að hún varð fyrir slysinu. Stefnandi kveður atburði skömmu fyrir slysið hafa horfið sér úr minni, og ekki kveðst hún muna sjúkrahúsdvöl sína hér á landi í heild, heldur aðeins einstaka þætti. Hún kveður sér finnast eins og hún hafi aðeins verið einn dag á sjúkrahúsinu. Hún muni eftir ýmsum hlutum, en það sé

eins og hún geti ekki sett þá á réttan stað í tíma. Stefnandi kveðst nú alltaf öðru hverju finna til migrene, en til þess hafi hún ekki fundið fyrir slysið. Þá kveðst hún ekki hafa verið hrædd í bifreiðum fyrir slysið, en nú sé hún alltaf hrædd í bifreiðum, sérstaklega ef annar ekur. Stefnandi kveðst hafa verið tryggð hjá Lloyds og kveður félagið hafa greitt helming af lækniskostnaði, en kveðst ekki muna, hversu háum fjárhæðum aðrar greiðslur námu. Þá kveðst stefnandi hafa fengið greiðslu frá Securite Sociale, en kveðst ekki muna, hversu hárri fjárhæð hún nam, en þar hafi ekki verið um háa fjárhæð að ræða.

Ekki mun lögreglan hafa tekið skýrslu af Michel Dauberville, en fram hefur komið yfirlýsing hans um atvik af slysinu og um áhrif þess á stefnanda. Er yfirlýsing þessi í samræmi við skýrslu stefnanda.

Ekki mun heldur hafa verið tekin lögregluskýrsla af Francesco (Frank) Horvat, en fram eru komnar tvær yfirlýsingar hans, dags. 23. október 1970 og 21. nóvember 1973. Þar skýrir hann svo frá, að auglýsingafyrirtækið Quadrant í París hafi falið sér að fara til Íslands í fylgd með stefnanda til þess að vinna að myndskreyttri blaðagrein, sem hafi verið ætluð til að auglýsa vörumerkið Woolmark. Hafi sér verið falið að taka ljósmyndir af stefnanda, en hún hafi átt að klæðast fötum af Woolmarkgerð. Gert hafi verið hlé á ljósmyndastarfinu vegna slyssins, sem varð hinn 18. júlí 1970. Grein þessi hafi svo birst í mánaðarritinu Marie-Claire, októberhefti 1970, og vikublaðinu Elle. Hann kveður félagið Quadrant hafa greitt ferðakostnað fyrir þau, sem að þessu störfuðu. Þau hafi tekið bifreið á leigu, er þau komu til Íslands, og hafi þau notað hana til að finna staði til að ljósmynda.

Guðmundur Kristinn Jónsson lögregluþjónn, ökumaður sjúkrabifreiðarinnar X 4, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið frá sjúkrahúsinu á Selfossi um kl. 1300. Hann hafi verið að flytja franska stúlku, Agnés Delarive að nafni, í slysavarðstofuna í Reykjavík, en stúlkan hafi slasast í umferðarslysi þá um daginn. Hafi stúlkan legið í sjúkrakörfu aftur í bifreiðinni, en á bekknum hjá henni hafi setið maður að nafni Michel Dauberville, en aðrir hafi ekki verið í bifreiðinni. Guðmundur kveður stúlkuna hafa slasast í baki og hafi hún verið með þrautir í bakinu. Er hann kom að rimlahliðinu fyrir ofan sláturhúsið á Selfossi, kvaðst Guðmundur hafa tendrað rauð viðvörunarljós á þaki sjúkrabifreiðarinnar. Hafi hann gert þetta til þess að fá greiðari umferð,

en ekki sökum þess, að hann hafi verið í sérstakri hraðferð. Kveðst hann telja, að hraði bifreiðarinnar hafi verið 60—70 km á klst. Hann hafi svo séð jeppabifreiðina X 521 á undan sér og hafi henni verið ekið fremur hægt. Hafi hraði hennar verið minni en sjúkrabifreiðarinnar og hafi hún því nálgast bifreiðina X 521. Guðmundur kveður sér hafa fundist ökumaður X 521 veita sjúkrabifreiðinni athygli og hafi X 521 verið vel til hægri á veginum. Hann kveður sér því ekki hafa fundist neitt eðlilegra en að fara fram úr bifreiðinni. Hafi sér fundist framúraksturinn svo auðveldur og hindrunarlaus, að hann hafi ekki gefið hljóðmerki, hvorki með sírenu né flautu. Er framendi sjúkrabifreiðarinnar var kominn svo sem fram á móts við miðja bifreiðina X 521 og hann taldi ekki unnt að álíta annað en ökumaður X 521 hefði veitt sjúkrabifreiðinni athygli, þá hafi það gerst, að X 521 hafi verið sveigt til vinstri skáhallt yfir veginn. Guðmundur kveður sér strax hafa orðið ljóst, að ökumaður X 521 væri að sveigja inn á veginn að Árbæ, en bifreiðarnar hafi þá verið staddar þvert af þeim vegi. Guðmundur kveðst ekki hafa veitt því athygli, að ökumaður X 521 gæfi með stefnuljósum merki um, hvert hann hugðist aka, þó kunni að vera, að hann hafi gert það. Eftir á hafi hann að minnsta kosti sagst hafa gert það. Það fyrsta, sem Guðmundur kveðst hafa gert til að koma í veg fyrir árekstur, hafi verið að sveigja sjúkrabifreiðinni eins mikið til vinstri og hann hafi getað. Það hafi þó ekki nægt og hafi framendar bifreiðanna skollið saman, þ. e. hægra framhorn sjúkrabifreiðarinnar og vinstra framhorn X 521. Síðan hafi afturhlutar bifreiðanna skollið saman. Guðmundur kveður þetta hafa verið töluvert harðan árekstur, en þó ekki svo, að sjúkrabifreiðin hafi kastast neitt til að ráði, því er hann sá, hvað verða vildi, hafi hann búist við, að þetta yrði verra. Ekki kvaðst hann hafa verið búinn að draga neitt úr hraða bifreiðarinnar, þegar áreksturinn varð, en rétt um leið og bifreiðarnar skullu saman, hafi hann stigið á hemlana. Hann hafi ekki beitt þeim af fullri orku, því hann hafi séð, að úr því sem komið var, hefði það ekki þýðingu. Guðmundur kveður bifreiðina hafa farið nokkurn spöl utan vegarins og stöðvast nokkuð fyrir vestan vegamótin, en X 521 hafi kastast frá sjúkrabifreiðinni og lent út að hægri vegarbrún. Guðmundur kveður sér ekki hafa verið kunnugt um, að neitt hafi orðið að farþegunum í sjúkrabifreiðinni, að vísu hafi maðurinn runnið niður af bekknum, en sér sé ekki kunnugt um, að hann hafi meitt sig. Guðmundur kveðst ekki hafa óttast, að árekstur

væri yfirvofandi, fyrr en rétt um það leyti sem hann varð, og því hafi sér ekki unnist tími til að gefa hljóðmerki. Guðmundur kveður hraða X 521 hafa verið eðlilegan miðað við það, að bifreiðin hafi verið þarna ein á ferð. Hann kveður mikið tjón hafa orðið á báðum bifreiðunum og hafi þær verið óökufærar. Hann kveður aðra sjúkrabifreið hafa flutt sjúklinginn til Reykjavíkur.

Einar Ármannsson, ökumaður X 521, hefur skýrt svo frá, að hann hafi gefið stefnumerki, er hann hafi átt ófarna 10—15 m að vegamótunum, og þá um leið hafi hann fært bifreið sína að miðju vegarins í því skyni að beygja inn á Árbæjarveginn. Einar kveðst í umrætt sinn hafa verið á leið að Stuðlum í Ölfusi og hafi Laufey, systir sín, setið í framsætinu við hlið sér, en tvö börn í aftursætinu. Kveðst Einar hafa ekið á um 35—40 km hraða og ekki veitt athygli neinni umferð á eftir. Kveðst hann telja, að augnabliki eftir að hann hafi kveikt stefnuljósin, hafi hann litið í baksýnisspegilinn og hafi hann þá ekki séð neina umferð á eftir sér. Því hafi hann talið opna leið inn á Árbæjarveginn. Hann kveðst hafa verið búinn að sveigja bifreiðinni nokkuð til vinstri, er hann hafi séð sjúkrabifreiðina til hliðar við sig, og hafi það engum togum skipt, að bifreiðarnar hafi lent saman. Ármann kveður sér ekki hafa unnist tími til að hemla eða gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir árekstur. Kveður hann það hafa gerst á sama augnabliki, að hann hafi skynjað hættuna og áreksturinn hafi orðið.

Laufey Ármannsdóttir, systir Einars Ármannssonar, sem var farþegi í bifreiðinni X 521, hefur skýrt svo frá, að Einar hafi kveikt stefnuljós bifreiðarinnar, en ekki hafi hún veitt því athygli, að hann færði bifreiðina að miðju vegarins. Hún kveðst ekki hafa veitt sjúkrabifreiðinni athygli, fyrr en áreksturinn varð, en þá hafi Einar verið farinn að sveigja inn á Árbæjarveginn. Hún kveður stefnuljós hafa logað á X 521 eftir árekstur-inn og einnig hafi rauð viðvörunarljós logað á sjúkrabifreiðinni.

Ekki liggja fyrir önnur gögn um ástand stefnanda við komuna til sjúkrahússins á Selfossi en umsögn Óla Kr. Guðmundssonar yfirlæknis um það, að frumskoðun hafi leitt í ljós, að um meiri háttar meiðsli í baki væri að ræða, og með tilliti til þess, að stefnandi var útlendingur, hafi hann talið rétt að senda hana strax áfram á Borgarspítalann í Reykjavík, þar sem betri aðstaða væri til að rannsaka hana, mynda og taka síðan ákvörðun um, hvort hún yrði lögð í sjúkrahús hér á landi eða send til heimalands síns.

Í áverkavottorði Hauks Árnasonar læknis, dags. 27. september 1970, segir svo:

„Hinn 18.7.'70 kl. 15.15 kom á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík kona, sem segist vera ofangreind persóna.

Konan, sem vinnur að söfnun sjónvarpsefnis, lenti í bifreiðaslysi sama morgun fyrir austan fjall um kl. 10.00.

Konan sat í framsæti bílsins. Fékk högg á höfuð og herðar. Missti ekki meðvitund. Gat brölt út úr bílnum, en varð þá að leggjast niður vegna verkja í hálsi og baki.

Hún var flutt í sjúkrabíl til Selfoss, og mun læknir hafa litið á hana. Er síðan flutt áfram til Reykjavíkur í sjúkrabíl, en hann lenti í árekstri við bíl á leiðinni til Reykjavíkur. Við þennan árekstur kastaðist konan til, og segir hún óþægindi sín frá hálsi og baki hafa versnað við þetta seinna bílslys.

Skoðun. Háls: Kvartar um stirðleika og verki í hálsi við minstu tilraun til að hreyfa í hálsliðum. Þrýstingseymsli eru mikil, einkum yfir hryggjartindi á IV. hálslið.

Brjósthol: Þrýstingseymsli yfir bringubeini.

Við neurologiska skoðun við komu kemur ekkert fram. Allir reflexar eðlilegir. Engar lamanir.

Röntgenrannsókn leiðir í ljós brot og (sic) IV. og V. hálsliði (sjá umsögn um röntgenmyndir). Hún var í upphafi meðhöndluð með rúmlegu á beinu undirlagi með smá kodda og sandpoka til stuðnings við hliðar háls og höfuðs. Fékk verkjatöflur og vöðvaafslappandi lyf 20.7. Líðan sjúklings fer batnandi. Verkir í brjósthol eru minni. Getur hreyft höfuðið frá hlið til hliðar án verulegs sársauka. Haft tregar hægðir, en þær nú komnar í eðlilegt horf. Neurolog hefur skoðað konuna í dag, og var niðurstaða hans samhljóða fyrri rannsókn.

25/7 er líðan enn batnandi, og hún fær að hækka undir höfði og herðum á daginn.

Fær að byrja að fara fram úr 4.8. með plast extensionskraga, hafði áður haft mjúkan filtkraga. Endurnýjuð röntgenrannsókn 30.7. sýnir, að áðurnefnd brot á hálsliðum eru tiltölulega stabíl sem og passar við hennar klinisku sjúkdómsmynd. Við hematologiska rannsókn, er gerð var hér, var Hb. 12,7 sökk milli 27 og 34. Létt leukocytos mest 10 þús. S-Kreatinin var 0,8-Diff eðlilegt.

Sjúklingur fer 6/8 flugleiðis til Parísar til frekari meðhöndlunar hjá sínum lækni þar. Er flutt héðan í sjúkrakörfu með áður-

nefndum extensionskraga. Ofanskráð samandregið úr sjúkraskýrslum Slysadeildar."

Í málinu er fram komið vottorð Baldurs Fr. Sigfússonar læknis, dags. 5. ágúst 1970, svohljóðandi:

„Ágrip um röntgenskoðun á *Agnés Delarive,* 42 Avenue Bugeaud, París, sem framkvæmd var í júlí 1970 á röntgendeild Borgarspítalans, Reykjavík, Íslandi.

Höfuðkúpa, 18/7/70: Neikvæð.

Brjósthryggur, 18/7/70: Á efri hluta brjósthryggjar er S-laga skekkja ásamt dálitlum snúning og mestu sveigju til vinstri á móts við 3. brjóstlið og hægra megin á móts við 6.—7. brjóstlið. 6. brjóstliður er dálítið neðar vinstra megin án þess merki séu um bresti þar eða annarsstaðar á brjósthrygg.

Viðbótarmyndir 20/7/70 með vinstri hlið sjúklingsins dálítið lyft sýna litla staðbundna dæld mitt á efra borði 3. brjóstliðs, um 2 mm djúpa og um 6 mm að þvermáli, sem einnig má sjá á hliðarsneiðmynd 10 dögum síðar, en ætla má, að þetta séu leifar kölkunar í beinum og brjóski. Á sneiðmynd var engar sprungur að sjá á þessu svæði, hvorki á liðunum, liðþófaundirstöðum, bakboga (á hryggjarlið) né á hryggtind, eða nein merki um aflögun. Dálítil skerping er á efri afturbrún þessa liðs og hins næsta fyrir neðan og einnig á fremri brúnum næst við 7. og 8. hryggjarlið, sem sýnir lítillega afturför brjóskanna milli liða.

Hálsliður, 18/7/70: Ekki er hægt að framkvæma neinar athuganir á hreyfingum, en í hlutlausri stöðu er dálítil hryggskekkja á svæði C:V — VII. Tvíhliða sprunga er gegnum bakboga 5. og 6. hálsliðar, en sprungurnar í hinum síðarnefnda eru skáhallt niður og fram á við. Bilið í sprungunum er um 2 mm., en ekkert annað er aflaga. Í hlutlausri stöðu rennur liðþófi C:IV beggja vegna dálítið aftur (um 1—2 mm), en liðfletirnir eru samsíða, og ekkert sést renna, þegar sjúklingurinn liggur með púða undir höfðinu. Engin merki um blæðingar fyrir framan hryggsúlu eða frekari sprungur. Hliðarmynd daginn eftir með púða undir öxlum sjúklingsins og talsverða teygingu hálsliða sýnir engin merki óstöðugleika, en greinilega betri stöðu brotanna.

Hliðarsneiðmynd 30/7/70 sýnir heldur ekki neinar frekari sprungur eða nein merki óstöðugleika, en nú er um 4 mm liðskekking neðra hryggtindabrots, aftur og niður á við.

Lendaliðir og *spjaldhryggur,* 20/7/70: Lítilleg rétting lendaliða, ella neikvætt.

Lungu (við rúmið), 20/7/70: Neikvæð."

Þá er fram komið vottorð Ásmundar Brekkan yfirlæknis, dags. 2. október 1970, svohljóðandi:

„Hinn 18.7.1970 var Agnés Delarive vísað af Slysadeild Borgarspítalans til röntgenrannsóknar við Röntgendeild Borgarspítalans. Rannsóknir þær, sem þá voru framkvæmdar, voru röntgenrannsókn af *höfði og andlitsbeinum,* röntgenrannsón af *hálshrygg* og röntgenrannsókn af *brjósthrygg.* Sjúklingur var síðan vistuð í sjúkrahúsinu og viðbótarröntgenrannsóknir framkvæmdar 20/7 1970 af *brjósthrygg og lendhrygg, spjaldhrygg,* af *lungum* og loks *sneiðmyndarannsókn af hálshrygg* 30. júlí 1970.

Í samantekt eru niðurstöður ofangreindra röntgenrannsókna, sem hér segir: Rannsókn af *höfuðkúpu- og andlitsbeinum* og *lungnarannsókn* leiddi ekki í ljós nein áverkamerki né aðrar sjúklegar breytingar. Við röntgenrannsókn á *brjósthrygg* var ekki hægt að sýna fram á, hvorki við fyrstu rannsókn né viðbótarrannsóknir ásamt sneiðmyndatöku, neinar þær breytingar, er telja mætti áverkamerki eftir slys. Röntgenrannsókn af *lendarliðum* og spjaldhrygg var einnig neikvæð, hvað það snertir. Röntgenrannsókn af *hálsliðum* leiddi hins vegar í ljós brot gegnum bogarætur á V. og VI. hálsliðbol með um það bil 2 mm glíðnun milli brotenda, en ekki annarri skekkju. Aldrei var hægt að sýna fram á óstöðugleika milli brotenda, enda þótt bilið milli þeirra virtist nokkru lengra við síðari rannsóknina (sneiðmyndatöku).

NIÐURSTAÐA: Röntgenrannsóknir af öllum hrygg þessa sjúklings leiddu þannig í ljós brotlínur gegnum bogarætur V. og VI. hálsliðbolar, en ekki önnur fersk áverkamerki."

Dr. Georges Fully hefur skoðað stefnanda og metið örorku hennar. Í skýrslu hans, sem dagsett er hinn 13. janúar 1971, segir svo:

„Ég undirritaður, Doktor Georges FULLY, sem hef á hendi kennslu í læknadeildinni í CRETEIL og í lagadeildinni í St-MAUR, sérfræðingur innritaður á þjóðskrána, liðsforingi í Heiðursfylkingunni, með búsetu í PARIS VI 25 Quai des Grands Augustins:

Staðfesti að hafa rannsakað, að beiðni hennar, í Centre de consultation médicale 8 rue des Bauches, PARIS XVI, ungfrú Agnès DELARIVE, til athugunar og mats á afleiðingum af umferðarslysi, sem hún lenti í á Íslandi 18. júlí 1970.

ATVIK: Hinn 18. júlí 1970 var ungfrú DELARIVE á ferð sem farþegi í Landrover bifreið á vegi á Íslandi, á Reykjavíkursvæðinu, þegar farartækið féll niður í gjá utan við akbrautina, líklega vegna rangrar keyrslu.

Ungfrú DELARIVE missti ekki algerlega meðvitund, þegar slysið varð, en var í sljóleikaástandi næstu klukkustundir á eftir.

Þar eð hún hafði meiðzt, var hún flutt í sjúkrabifreið í sjúkrahús í REKJAVÍK. Á leiðinni lenti sjúkrabifreiðin sjálf í árekstri, og eftir á virðist erfitt að ákveða, hvort þau meiðsli, sem gengið var úr skugga um síðar meir, stöfuðu af fyrra eða síðara umferðarslysinu.

Hin slasaða var tekin í sjúkrahús í REYKJAVÍK vegna meiðsla á höfði, en í kjölfar þeirra fylgdi eftir á meðvitundarmissir, þegar hún var komin í sjúkrahús, það er að segja 8 klukkustundum eftir slysið, en sá tími samsvarar flutningstímanum.

Einnig var gengið úr skugga um meiðsli í hálsi og baki.

Teknar voru röntgenmyndir, og höfum við fengið að sjá þær.

Hún var áfram í sjúkrahúsi í REYKJAVÍK allt til 6. ágúst 1970, en þann dag var hún flutt sjúkraflutningi í ameríska sjúkrahúsið í NEUILLY, þar sem tekið var við henni, og hún var á ný rannsökuð með röntgenmyndatökum.

Hún fór úr sjúkrahúsinu 13. ágúst 1970 og hélt heim til sín, eftir að komið hafði verið fyrir á henni sjúkrakraga. Hún var algerlega iðjulaus til 15. september og tók aftur upp vinnu sína 1. október 1970.

Starfrænni endurhæfingu hálsliða og hryggjarliða, sem hafin hafði verið í ameríska sjúkrahúsinu, var haldið áfram, þrjú skipti í viku allt til þessa dags.

Gögn, sem lögð hafa verið fram:

— vottorð frá Ameríska spítalanum, dagsett 12. desember 1970, frá Dr. Robert MEARY, sem vottar:

„að hafa fylgzt með ungfrú DELARIVE frá 6. ágúst 1970.
„Hún hafði lent í bifreiðarslysi 18. júlí 1970 á Íslandi,
„og komið hafði í ljós hjá henni brot á afturbogum á c5
„og c6 án lamandi fyrirbæra né ertinga á taugarótum.
„Ég lét hana fá þá meðferð að reyna að ná hreyfingarleysi
„síðan með því að nota sjúkrakraga, sem smám saman var
„hætt að nota.
„Nú er hryggur hennar í lagi. Brotin hafa styrkzt,
„ekki gætir óstöðugleika í hryggnum".

— röntgenmyndir teknar í sjúkrahúsi í REYKJAVÍK eftir

slysið í júlímánuði 1970, sem sýna við Atlas Axis sveigju til vinstri á apophysis odont. Í hálsliðasúlunni brot á grunni apophysis 5. og 6. hálsliðar. Á hryggnum er skekkja með sveigju til vinstri án sjáanlegra meiðsla á beini.

— röntgenmyndir teknar í ameríska sjúkrahúsinu 7. ágúst 1970, sem eru með gleggri myndum, en greinilega sams konar röntgenathugun gerðri 15. desember 1970 af Dr. Yves BOUTTIER, 12 rue de la Victoire í PARIS IX, sem sýnir:

Hálsliðasúla (framan, til hliðar og afturteygt, 3/4 hægri og vinstri).

Á hliðarmyndunum koma í ljós brot á grundvelli apophysis á c5 og c6.

Einnig létt arthrosa intur-apophys. aftan til á C2 C3.

Á hliðarmynd í afturteygju er einnig mynd af sprungu í beini á mjósvæði D1. Engin aflögun í tengiopum.

Bakhryggjaliðasúla (framan og til hliðar).

Létt hryggskekkja með sveigju til vinstri, lendir einkum á D4 og D5.

Engin mynd með sjáanleg meiðsli í beini á síðustu 11 hryggjarliðunum.

Beinsprungan á mjósvæði D1 er einungis sjáanleg á hliðarhálsmynd í afturteygju.

KVARTANIR.

Ungfrú DELARIVE kvartar nú um stöðugan höfuðverk, aftan til og til hliðar í höfðinu, svimakennd, minnisleysi, slappleika, með hneigð til depressjónar, sjónþreytu.

Hún kvartar einnig undan verkjum aftan til í hálsi og verkjum í baki með stirðleikakennd í baki, sérstaklega þegar hún vindur mikið til höfðinu, til dæmis þegar þarf að aka bifreið aftur á bak.

Hún getur ekki lengur haldið á þungri byrði og standi hún lengi í sömu stöðu, finnur hún til sársauka.

Í æ ríkara mæli er stöðugur kvíði með ótta við slysi, hræðslu í bifreið, endurminningar um slys í liðna tímanum, aukið úthaldsleysi, sem veldur því, að öðru hverju verður að leggja niður vinnu.

LÆKNISSKOÐUN.

Háls. Ekki kemur fram mikill sársauki, þegar þrýst er á apophysis. Þó er meiri viðkvæmni við þrýsting á 5. og 6. hálslið.

Sársauki kemur fram, ef höfuðið er undið mikið til á bolnum, einkum til vinstri.

Mikil teygja upp á við á höfðinu á bolnum er ekki sársaukafull, nema seinast. Teygja niður á við er ekki sár.

Bak: Ef þrýst er á apophysis, kemur fram eymslablettur við fyrsta lið, og hreyfing á hryggnum framkallar verki, sem leggur út í brjóstkassann.

UMRÆÐUR.

Ungfrú Agnés DELARIVE lenti í tveimur umferðarslysum, hvoru á eftir öðru, hinn 18. júlí 1970 á Íslandi.

Fyrst hlaut hún hjúkrun í sjúkrahúsi í Reykjavík til 6. ágúst, en síðan var hún lögð inn í Ameríska sjúkrahúsið í Neuilly. Þar var hún rannsökuð með röntgenmyndatökum og fékk sjúkrakraga, en fór aftur heim til sín 13. ágúst 1970.

Eftir tímabil algerrar hvíldar, sem stóð til 1. október 1970, tók hún aftur upp vinnu sína of fljótt á þessum degi með miklum erfiðismunum.

Tímabil tímabundinnar algerrar óhæfni til vinnu er því 2 mánuðir og 12 dagar, frá 18. júlí 1970, deginum, er slysið varð, til 1. október 1970.

Dagsetningu styrkingarinnar má telja 1. október 1970, en þó er haldið áfram með starfræna endurhæfingu.

Hún var reyndar hafin í ameríska sjúkrahúsinu í ágústmánuði 1970, og henni er enn haldið áfram heima, þrisvar í viku.

Ungfrú DELARIVE finnur nú sem stendur til stöðugra verkja í hálsi og baki, og nýlegar röntgenathuganir staðfesta myndir af brotum við grundvöll apophysis. C5 c6 leiða í ljós í fyrsta sinn beinsprungu á mjósvæði fyrsta hryggjarliðar. Þessi meiðsli höfðu fram að þessu ekki sézt vegna þess, hve fyrstu röntgenmyndirnar voru lélegar, og vegna þess, að hverju síðari myndum var stefnt. Þessi meiðsli eru skýringin á hinum stöðugu verkjum, sem eru mismiklir, en gera starfsgetuna ótrygga og eru einmitt bundnir við meiðslin í beinunum.

Auk þess er það óvefengjanlegt, að þótt hryggskekkja hafi verið til staðar fyrir slysið, þá olli hún ekki sárindum, og sársaukinn kom ekki fram fyrr en eftir meiðslin. Hér er því um það að ræða, að fyrrverandi ástand hefur versnað. Um er reyndar að ræða þekkt fyrirbæri, fram kemur sársauki eftir meiðsli í skökkum hrygg.

Sérstaka athygli ber að beina að sveigjunni til vinstri á

apophysis odont., sem sést á fyrstu myndunum og staðfest er með seinustu röntgenathugunum. Meiðsli á þessum stað liggja til grundvallar ýmislegum og stöðugum truflunum eins og þeim, sem koma fram hjá ungfrú DELARIVE, auk sársaukafullra fyrirbæra, úthaldsleysis, sléns, útbreiddra sárinda.

Einnig ber að hafa í huga einkennin eftir áfallið, stöðugur höfuðverkur, hneigð til depressjónar, svimi, minnkuð sjónskerpa, endurminningar, kvíðaviðbrögð.

Með tilliti til þess, sem gengið hefur verið úr skugga um í rannsókninni, og athugunar á þeim gögnum, sem okkur hafa verið sýnd, má meta *stöðuga örorku* í heild 30%.

Bætur vegna sársauka má telja í meðallagi.

Tjón vegna óprýði er ekki fyrir hendi. Hins vegar er ástæða til að hafa í huga *tjón vegna óþæginda* vegna þess, að hin slasaða getur ekki framar iðkað sumar íþróttir, sem hún lagði stund á, áður en hún lenti í slysinu, það er reiðmennska og sund. Þetta *tjón vegna óþæginda* má telja hóflegt.

NIÐURSTÖÐUR.

1/ *Tímabil tímabundinnar algerrar örorku er 2 mánuðir og 12 dagar*, frá 18. júlí 1970, dagsetningu slyssins, til 1. október 1970.

2/ *Dagsetning styrkingarinnar* er ákveðin *1. október 1970.*

3/ *Bætur vegna sársauka eru í meðallagi.*

4/ *Tjón vegna óþæginda er hóflegt.*

5/ *Tjón vegna óprýði er ekki fyrir hendi.*

6/ *Stöðug örorka* er metin á ÞRJÁTÍU AF HUNDRAÐI (30%)."

Guðjón Hansen, cand. act., hefur reiknað áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda. Í útreikningnum, sem dagsettur er hinn 22. maí 1972, segir svo um grundvöll hans og niðurstöðu:

„Samkvæmt tveimur skýrslum (önnur er óundirrituð) um umferðarslys, dags. 18. júlí 1970, frá lögreglunni í Árnessýslu og gögnum, er skýrslunum fylgja, varð ungfrú Agnés Delarive, til heimilis að 42 Avenue Bugeaud, 75 — Paris 16éme, fyrir tveimur umferðarslysum nefndan dag. Varð hún fyrst fyrir því, að bifreið, er hún var farþegi í, valt, og síðar um daginn lenti hún í árekstri, er flytja átti hana sjúkraflutningi til Reykjavíkur.

Í örorkumati, dags. 13. janúar 1971, sem doktor Georges Fully, sérfræðingur í París, hefur gert, er tekið fram, að eftir á virðist erfitt að skera úr um, hvort áverkar þeir, sem ungfrú Delarive

hlaut, stafi af fyrra eða síðara slysinu. Telur sérfræðingurinn, að af völdum þessara tveggja slysa hafi slasaða hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Frá slysdegi til 1. október 1970 100%
Síðan til frambúðar 30%

Í fæðingarvottorði (ljósriti, útg. 10. apríl 1972) er ungfrú Delarive nefnd Agnés Josy Barbara Bloch og sögð fædd 24. marz 1940. Hefur hún samkvæmt því verið 30 ára að aldri, er hún varð fyrir slysum þeim, sem hér um ræðir. Undanfarin ár hefur hún starfað hjá franska sjónvarpinu, en að sögn yðar, herra hæstaréttarlögmaður, mun hún ekki hafa annazt heimilisstörf.

Samkvæmt launamiðum franska sjónvarpsins (Office de Radiodiffusion-Television Française) fyrir starfsárin 1969 og 1971 og vottorði sömu stofnunar um launagreiðslur árið 1970 voru laun ungfrú Delarive þessi þrjú ár sem hér segir:

	Brúttó	Nettó
Árið 1969	F. f. 56.052,00	F. f. 53.654,00
— 1970	F. f. 36.253,74	F. f. 34.543,86
— 1971	F. f. 69.756,00	F. f. 67.220,00

Mismunurinn á brúttó- og nettólaunum felst í tryggingagjöldum. Lít ég svo á, að launþeginn greiði gjöld þessi, en launagreiðandi standi skil á þeim, og hef því lagt brúttófjárhæðir til grundvallar við útreikning. Þess má enn fremur geta, að mestur hluti launa ársins 1971 (F. f. 59.003,37 brúttó) er fyrir fyrri helming þess árs.

Framangreindar tekjuupplýsingar ná til aðeins eins árs fyrir slysið, en að auki til slysársins og eins árs eftir slysið. Þegar tillit er tekið til afleiðinga syssins, virðist vera allgott samræmi milli teknanna þessi þrjú ár. Hef ég því áætlað slösuðu sömu vinnutekjur fram í tímann og hún hafði á árinu 1969, þ. e. 56.052 franska franka á ári. Miðað við þessar tekjur og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps til 1/10 1970 ..... F. f. 10.829,00
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma ..... F. f. 213.096,00

Samtals F. f. 223.925,00

Telja má víst, að niðurstaða yrði nokkru hærri, ef tekið væri tillit til kauplagsbreytinga í Frakklandi frá árinu 1969 til þessa, en um þær breytingar hef ég ekki vitneskju.

Í bréfi til yðar, dags. 18. febrúar 1971 (í íslenzkri þýðingu, óstaðfestri), gerir Claude Lebel, lögfræðingur, ráð fyrir, að gerð verði krafa til bóta fyrir tap vegna samnings, sem ungfrú Delarive hafði gert við Instituto Latinoamericano de Cinematografia Eductiva í Mexíkó, sbr. bréf stofnunarinnar til hennar, dags. 10. júlí 1970. Í bréfi lögfræðingsins er talið, að um þriggja mánaða starf hefði orðið að ræða frá 1. ágúst 1970 að telja, en í bréfi stofnunarinnar er reiknað með þremur mánuðum frá 10. ágúst að telja. Kemur því til greina, að bætur fyrir vinnutjón á tímabilinu frá slysdegi til 10. nóvember 1970 miðist við þær tekjur, sem ungfrú Delarive hefur sannanlega misst, að frádregnum vinnutekjum hennar á tímabilinu frá 1. október til 10. nóvember. Í stað ofangreinds útreiknings á verðmæti tapaðra vinnutekna bæri í því tilviki að reikna verðmæti 30% taps vinnutekna frá 10. nóvember 1970 að telja, en slíkt verðmæti reiknast mér nema á slysdegi *F. f. 211.1293,00.*

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra kvenna 1951—1960."

Stefnandi kom til landsins vorið 1974 og gekkst þá undir rannsókn Stefáns Haraldssonar, dr. med., yfirlæknis. Í skýrslu læknisins, dags. 2. maí 1974, segir svo:

„*Diagnosis:* Status post fracturam arcus vertebralis C.V. bilateralis et arcus vertebralis C VI. bilateralis.

Status post fracturam arcus Th. I.

Anamnesis: Eftir upplýsingum sjúklings sjálfs og samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sat sjúkl. í framsæti bifreiðar, sem þ. 18/7 1970 ók út af vegi vegna sprungu á hjólbarða. Bíllinn valt eina veltu og stöðvaðist aftur á hjólunum eftir fyrirliggjandi upplýsingum. Sjúkl. fékk högg á höfuð og herðar. Missti þó ekki meðvitund. Fékk það mikinn sársauka í hnakka og bak, að hjálpa varð henni út úr bílnum, því hún komst ekki út úr bílnum af sjálfsdáðum. Vegna verkja í hálsi og baki gat sjúkl. ekki staðið upprétt og varð að leggjast fyrir utan við bílinn. Flytja varð sjúkl. í sjúkrabíl frá slysstað, og var hún lögð og skorðuð í sjúkrakörfu í þessum sjúkrabíl. Sjúkl. var ekið til sjúkrahúss Selfoss, og gerði Óli Kr. Guðmundsson, yfirlæknir sjúkrahússins, skoðun á sjúklingnum. Eftir honum er m. a. haft eftirfarandi: „Frumskoðun lét í ljós, að um meiri háttar meiðsli í baki var að ræða." Var sjúkl. síðan, án nokkurrar meðferðar á sjúkrahúsinu á Selfossi, send áfram með sjúkrabíl frá Selfossi áleiðis til Reykjavíkur.

Þessi sjúkrabifreið lenti í árekstri á leiðinni til Reykjavíkur. Þannig að önnur bifreið ók upp að sjúkrabílnum hægra megin frá, og skullu bifreiðarnar saman. Eftir fyrirliggjandi upplýsingum var um harðan árekstur að ræða, en þó ekki svo, að sjúkrabifreiðin kastaðist neitt að ráði til. Ekki var ökumanni sjúkrabílsins kunnugt um, að neitt hafi orðið að sjúkl. við þennan árekstur, þar sem hún lá skorðuð í sjúkrakörfu. Sjúkl. hefur þó gefið þær upplýsingar sjálf, að óþægindin í hálsi og baki hafi versnað nokkuð við þetta seinna bílslys.

Sjúkl. var lögð inn á Borgarspítalann 18/7 1970. Hún kvartaði þá um stirðleika og verki í hálsi við minnstu tilraun til að hreyfa hálsliði, og var þrýstingsaum yfir hryggtindum IV. hálsliðs. Einnig hafði hún þrýstingseymsli yfir bringubeini. Neurologisk skoðun við innlagningu sjúklings leiddi ekki í ljós neinar taugatruflanir. Röntgenrannsókn, sem gerð var við komu sjúkl. á Borgarspítalann, leiddi í ljós brot gegnum bogarætur á C V. og C VI. með u. þ. b. 2 mm bil á milli brotenda, en ekki annarri skekkju. Seinni röntgenskoðanir með svokallaðri sneiðmyndatöku sýndu ekki neinn óstöðugleika milli brotenda, enda þótt bilið milli þeirra virtist nokkuð lengra við þessa síðari rannsókn. Sömuleiðis voru teknar röntgenmyndir af höfði og andlitsbeinum og einnig lungum, og leiddi það ekki í ljós áverka né aðrar sjúklegar breytingar. Gerð var einnig rtg.rannsókn á brjósthrygg, og sýndi sig, að þar var um að ræða scoliosis í efri hlutanum á columna thoracalis með léttari torsion. Maximal convesitet til vinstri var á hæð við Th. III. og maximal convesitet til hægri var á hæð við Th. VI. og Th. VII. Talað er um í rtg.-skýrslu, að corpus vertebralis Th. VI. hafi verið dál. lægri vinstra megin án einkenna brota þar eða annars staðar í columna thoracali. Ný rtg.mynd, sem tekin var 20/7 '70, sýndi létta depression á miðjum efri hluta corpus vertebralis Th. III. ca 2 mm djúpa með ca 6 mm í diameter. Þarna var álitið, að um leifar af osteochondrosis truflunum eða vaxtartruflunum í corpus vertebralis væri að ræða. Á þessum myndum er einnig talað um merki um létta disdegeneration milli Th. VII. — Th. VIII. Það skal sérstaklega tekið fram, að það kemur hvergi fram á þessum röntgenmyndum, sem teknar voru á Borgarspítalanum, að um instabilitet eftir slysið hafi verið að ræða í liðakerfum þeim, sem binda saman hryggjarliðina C V. — C VI., þannig hvorki í discus intervertebralis eða í hinum tveimur apophyseal synovial liðum.

Sjúkl. var í upphafi meðhöndluð með rúmlegu á beinu undirlagi með smá-kodda og sandpoka til stuðnings við hliðar háls og höfuðs á Borgarspítalanum. Hún fékk verkjatöflur og vöðvaafslappandi lyf. 20/7 1970 er í fyrirliggjandi skjölum talað um, að líðan sjúkl. fari batnandi, verkir í brjóstholi séu minni. Sjúkl. gat þó hreyft höfuð frá hlið til hliðar án verulegs sársauka. Þennan dag skoðaði sérfræðingur í taugasjúkdómum sjúkling og fann ekkert óeðlilegt. Líðan sjúklings er þannig batnandi þegar 2 dögum eftir slysið. 25/7 '70 fer líðan enn batnandi eftir fyrirliggjandi skjölum, og sjúkl. fær að hækka undir höfði og herðum á daginn. 4/8 '70, þ. e. a. s. 17 dögum eftir slysið, fer sjúkl. á fætur, með plastextensionskraga, en hafði áður haft mjúkan filtkraga. Það kemur hvergi fram í fyrirliggjandi gögnum, að um neinn meðvitundarmissi hafi verið að ræða eftir téð slys, en slíku er haldið fram í vottorði frá franska lækninum G. Fully.

Eftir fyrirliggjandi upplýsingum var sjúkl. útskrifaður af Borgarspítalanum í Reykjavík þ. 6/8 '70 og var þá flutt flugleiðis til Parísar til frekari meðhöndlunar þar. Var flutt í sjúkrakörfu með áðurnefndum extensionskraga.

Eftir upplýsingum sjúklings sjálfs og út frá vottorði dr. G. Fully, Paris, var sjúkl. eftir komuna til Frakklands lögð inn á Ameríska sjúkrahúsið í Neuilly. Röntgenrannsókn, sem gerð var á sjúklingi þar, leiddi í ljós það, sem áður er um getið, að fundist hafi við rtg.rannsókn á Borgarspítalanum, þó fannst við þessa nýju rannsókn sprunga í arcus Th. 1., sem ekki hafði verið uppgötvað áður. Sjúklingurinn dvaldist á áðurnefndu sjúkrahúsi þar til 13/8 '70 og hélt þá heim til sín með sjúkrakraga. Eftir upplýsingum sjúklings lá hún í rúminu á heimili sínu þar til í lok september 1970. Þ. 1/10 '70 hóf sjúkl. störf að nýju, þá við ritstörf, og telur sig þá eingöngu hafa unnið u. þ. b. helming af þeirri vinnu, sem hún vann fyrir slysið. Sjúkl. telur sig hafa horfið aftur til fullra fyrri starfa í byrjun janúar 1971 og hefur unnið þannig allt síðan. Sjúkl. segist hafa þurft að ganga stöðugt með hálskraga ca 1 ár eftir slysið og segist ennþá fá nudd 2svar — 3svar í viku á aftari hluta háls og herðar.

Það má einnig taka fram, að sjúkl. telur sig ekki hafa lægri tekjur af starfi sínu nú en hún hafði fyrir slysið.

Subjectiv einkenni: Sjúkl. telur sig aldrei hafa haft óþægindi frá hnakka eða baki fyrir slysið. Sjúkl. telur sig í dag hafa subjectiv einkenni, sem lýsa sér í álagsverk í hálsi og hnakka

og neðri hluta Th. hryggs. Álagsverkur þessi hverfur alltaf í hvíld, og sjúkl. hefur þannig aldrei spontan verk í nefndu svæði. Allt álag eins og stöður, setur, vinna með höfuðið álútt og miklar hreyfingar í hnakka valda versnun þessa álagsverkjar í hálsi.

Sjúkl. telur sig ekki hafa útgeislun verkjanna í efri extremitet eða thorax. Hún telur sig ekki hafa neinar sensibilitets-truflanir og engar truflanir frá heyrn. Aftur á móti telur sjúkl. sig eftir slysið hafa verri sjón, þannig að hún sjái verr það, sem langt er frá henni, sér eðlilega það, sem nálægt er. Telur sig stundum fá svima, einkum er hún gengur niður háan stiga. Sjúkl. telur sig hafa minni hreyfingu í hálsliðum, einkum rotation, en hún hafði fyrir slysið. Telur sig ekki hafa minni vöðvakraft í háls- eða hryggvöðvum en fyrir slysið.

Sjúkl. telur, að subjectív einkenni hafi ekki breyst, hvorki til þess betra eða til þess verra s.l. 1½ ár.

Ofannefnd subjectív einkenni valda því, segir sjúkl., að hún hefur erfiðleika við viss atriði í starfi sínu, getur þannig t. d. síður en áður tekið á sig löng ferðalög, á erfitt með að keyra bíl, þar sem snúningur á höfði við að keyra bíl aftur á bak veldur óþægindum. Sjúkl. stundaði ýmsar íþróttir fyrir slysið, og getur hún ekki stundað þær íþróttir í dag, segir hún. Getur þannig ekki spilað golf eða stundað hestreiðar vegna téðs álagsverks í hálsi. Segir sig þar að auki ekki geta synt, en það er ekki vegna sársauka við sundið, heldur vegna hræðslu við að synda. Sjúkl. telur sig kjarkminni eftir slysið en hún var fyrir slysið.

Objectiv einkenni: Útlit sjúkl. er í samræmi við aldur hennar. Hún er ekki þjáð við rannsóknina. Hún sýnir létta scoliosu í columna thoracalis, en engar formtruflanir eða stöðutruflanir á hálsi. Hún telur sig vera þrýsti- og bankauma yfir processus spinosus C V. C VI. Telur sig einnig þrýstiauma í fremri brún musculus trapezius. Enginn útgeislandi sársauki við þrýsting yfir plexus brachialis í fossa supraclavicularis, og háls-Lasegue er negativt bilateralt. Engin indirect bankeymsli í hálshrygg, þegar slegið er í langsöxul hálshryggs með banki ofan á höfuð.

Hreyfingar í columna cervicalis: Flexion 15°, nær þannig ekki sternum með höku, og er millibilið við passiva hreyfingu 4 cm milli höku og sternum. Extensio 30°. Deviation til hægri 30°. Deviation til vinstri 30°. Rotation til hægri 80°, rotation til vinstri 60°. Sjúkl. hefur þannig minnkaða flexion í columna cervicalis og einnig minnkaða rotation til vinstri. Aðrar hreyfingar eru eðlilegar.

Við tilraun til forcereraðar flexionar og forcereraðar rotationar til vinstri telur sjúkl. sig fá sársauka í háls.

Columna thoracalis: Sjúkl. telur sig bankauma yfir processus spinosus Th. V. Hefur létta scoliosu í efri hluta thoracal-hryggs. Columna lumbalis sýnir eðlil. form, án bankeymsla. Sjúkl. hefur vel þroskaða vöðva í kringum columna cervicalis-thoracalis- og lumbalis. Við flexion í columna lumbalis vantar 10 cm upp á, að sjúkl. nái gólfi með fingurgómum. Þannig nokkuð minnkuð fexion í columna lumbalis, aðrar hreyfingar í columna lumbalis eðlilegar í öllum plönum.

Engar atrophiur á vöðvum axlar-regiona. Engin palpationseymsli yfir humeroscapular liðum. Reflexar og sensibilitet eðlilegt á efri extremitetum.

Hreyfingar í humero scapular liðum (án fixation scapular):

	Hægri	Vinstri
Abduction	0-180°	0-180°
Fram-elevation	0-180°	0-180°
Útrotation	45°	45°
Innrotation	90°	90°

hefur þannig fullar hreyfingar í báðum humero scapular liðum.

Ummál upphandleggja (10 cm proximalt við olecranon): Vinstra megin 22 cm, hægra megin 22 cm.

Ummál framhandleggja (10 cm distalt við olecranon): Vinstra megin 20 cm, hægra megin 20 cm.

Engar atrophiur á smávöðvum handa. Vöðvakraftur handa, mælt með dynometer, hægra megin 6, 2, 2. Vinstra megin 1, 0, 1.

Sjúkl. er rétthend, og virðist þannig ekkert pathologískt við styrkinn í höndum, þó hún sé ekki sérlega sterk í þeim.

Radialis púlsinn er eðlilegur bilateralt og jafn, hægra og vinstra megin.

Röntgenologisk rannsókn, gerð 30/4 1974 á Landspítalanum í Reykjavík: Rannsókn sýnir, að brotið í C V. er algjörlega gróið og sést ekki lengur. Engin dislocatio eða deformitet á vertebrae C V. Á vertebrae C VI. er brotið einnig gróið, en þó sést 3 mm löng glufa í efri brúninni á arcus, a. ö. l. ekki deformitet eða dislocation á vertebra C VI. Columna cervicalis sýnir engin merki um disdegeneration eða degenerativar breytingar í apophyseal liðum. Stressmyndir í öllum plönum leiða ekkert óeðlilegt í ljós.

Rtg.myndir teknar af columna thoracalis sýna óbreytta

S-myndaða scoliosu í efri hluta columna thoracalis. Sérstök rannsókn af verebra Th. I. sýnir dál. þéttan structur í arcus, sem gæti verið leifar eftir gróið brot, ekki deformitet að öðru leyti, á Th. I. eða liðakerfunum cranialt eða caudalt við þennan vertebra.

Samantekt: Sjúkl. telur sig aldrei hafa haft óþægindi frá baki eða hálsi fyrir slys þau, sem hér er um að ræða. Rtg.myndataka 1970 sýndi þó þá, að sjúkl. hefði S-myndaða scoliosu í efri hluta brjóstshryggs, og mun hún hafa haft þá scoliosu frá uppvaxtarárum. Hryggskekkja þessi er þó í þeim hluta hryggsúlunum, sem lítið er hreyfð, og scoliosur á þessu svæði gefa ekki alltaf subjectív einkenni, a. m. k. ekki fyrri hluta ævinnar.

Sjúkl. varð fyrir tveimur slysum. Við fyrra slysið fór bíllinn heila veltu, og fékk sjúkl. þá högg á höfuð og herðar. Eftir það slys varð sjúkl. það illa á sig komin af sársauka í hálsi og baki, að hún gat ekki sjálf farið út úr bílnum og gat ekki staðið sjálf í fæturna. Við seinna slysið lá sjúkl. skorðuð í sjúkrakörfu, og varð þar um aðra tegund slyss að ræða, þar sem tveir bílar rákust saman hlið við hlið. Eftir upplýsingum kastaðist sjúkrabíllinn ekkert að ráði til, og fylgdarmaður sjúkl., sem sat aftur í bílnum, rann nokkuð til í sæti sínu. Sjúkl. telur, að sársauki í hálsi og baki hafi versnað við seinna slysið, þar sem að sjúkrakarfan kastaðist eitthvað til með sjúklingnum í.

Brot þessi, sem hér er um að ræða, hafa að öllum líkindum orsakast af því, að höfuð sjúkl. hefur fest aftur á bak, og við það hafa brotin komið í bogann á C V. og C VI. Sjúkl. er af yfirlækninum á Sjúkrahúsinu á Selfossi talin mikið sködduð í hálsi og baki, þ. e. áður en slys nr. 2 varð. Sjúkl. var skorðuð í sjúkrakörfu, þegar slys nr. 2 varð, og gat varla fengið fettu á hálshrygg, þó að sjúkrakarfa kastaðist til í sjúkrabílnum. Allt þetta bendir á það, að brot þau, sem sjúkl. hafði í C V., C VI. og sprungan litla í Th. I., hafi orsakast af fyrra slysinu, en ekki af því seinna.

Brot þau, sem sjúkl. sýndi við rtg.rannsóknina 1970, eru öll aftan við liðakerfi þau, sem tengja saman hryggjarliðina. Þannig aftan við discus intervertebralis og aftan við hina 2 apophyseal synovial liði. Brot af þessu tagi eru vön að vera gróin eftir 2—3 mánuði. Sjúkl. telur sig hafa hafið fulla fyrri vinnu frá byrjun janúar 1971.

Subjectív einkenni sjúkl. telur hún, að hindri hana í að stunda hestreiðar og sund, ásamt golfi, en hafi þannig ekki það mikil

áhrif á starf hennar, að hún hafi fallið í tekjum miðað við starfið fyrir slysið.

Sjúkl. telur subjectiv einkenni hvorki hafa versnað eða batnað síðasta 1½ árið.

Telja verður, að um algjöra örorku eftir slysið hafi verið að ræða hjá þessum sjúklingi í 2 mánuði og 12 daga, þ. e. a. s. frá slysdegi til 1. október 1970.

Um hálfa örorku var að ræða frá og með 1. október til byrjun janúar 1971, er sjúkl. hóf fulla vinnu.

Hvað snertir óþægindi og sársauka sjúkl. verður að telja hann mikinn fyrsta mánuðinn eftir slysið, í meðallagi frá því og þar til byrjun janúar 1971, óverulegan síðan. M. t. t. þess, hve langt er liðið frá slysi, m. t. t. þess, að sjúkl. telur ástand óbreytt í 1½ ár, og m. t. t. þess, að rtg.myndir nær 4 árum eftir slys sýna engin merki um degenerativan process í liðkerfum kringum brotstað í columna cervicalis og thoracalis, má telja ólíklegt, að sjúkl. skáni eða versni héðan af."

Ólafur Jónsson læknir hefur metið örorku stefnanda. Í örorkumatinu, sem dagsett er hinn 16. maí 1974, segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Árnessýslu og öðrum gögnum, er fyrir liggja, varð slysið á þjóðveginum fyrir austan Skriðufell í Þjórsárdal, litlu fyrir kl. 11.20, þ. 18/7 1970, og með þeim hætti, að Land Rover Jeppabifreið, er slasaða var farþegi í og sat í framsæti, fór út af veginum, á ca. 60—70 km. hraða, og valt eina veltu, en stöðvaðist á hjólunum. Slasaða mun þegar eftir slysið hafa kvartað um verki í hálsi og baki, og gat hún ekki staðið upp eftir slysið og varð að leggjast fyrir fyrir utan bílinn, þar til sjúkrabifreið kom á slysstað og flutti slösuðu í Sjúkrahúsið á Selfossi.

Þar var slasaða skoðuð af Óla Kr. Guðmundssyni, sem vottar, að sú skoðun hafi leitt í ljós, að um meiri háttar meiðsli í baki var að ræða, og var slasaða send áfram í sjúkrakörfu og í sjúkrabifreið áleiðis í Borgarspítalann í Reykjavík. Næst skeði það, að nefnd sjúkrabifreið lenti í árekstri á móts við Árbæjarvegamót í Ölfusi, þannig að er hún var að aka fram úr annarri bifreið, skullu bifreiðarnar saman, og virðist sem sjúkrabifreiðin hafi farið útaf vinstra vegkanti, en ók áfram og stöðvaðist á vinstri vegkanti. Eftir þennan árekstur var kvödd til önnur sjúkrabifreið, er flutti slösuðu í slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík.

Um ástand slösuðu við komu í slysadeild Borgarspítalans seg-

ir í vottorði Hauks Árnasonar læknis, sem er dags. 27/9 1970, að kvartanir hafi einkum verið um stirðleika og verki í hálsi við minnstu tilraun til að hreyfa hálsliðina. Þrýstingseymsli voru mikil og voru einkum yfir hryggjartindi á IV. hálslið. Þrýstingseymsli voru yfir bringubeini. Neurologisk skoðun leiddi ekki í ljós truflanir á reflexum, lamanir né annað athugavert. Við Röntgenskoðun kom í ljós brot á IV. og V. hálslið, og var slasaða meðhöndluð eins og venja er við slík brot, og þ. 20/7, tveim dögum eftir slysið, segir í vottorði, að líðan hafi farið batnandi. Þ. 4/8 byrjar sjúklingurinn fótaferð með plastextensionskraga á hálsi. Síðan segir, að þ. 6/8 hafi slasaða farið flugleiðis til Parísar til frekari meðhöndlunar hjá sínum lækni þar, og var hún flutt í sjúkrakörfu, með áðurnefndum extensionskraga á hálsi.

Vottorð Ásmundar Brekkan, yfirlæknis Röntgendeildar Borgarspítalans, dags. 2/10 1970, liggur fyrir, og segir í því, að Röntgenmyndir hafi verið teknar af höfði og andlitsbeinum, af hálshrygg og brjósthrygg, auk þess af lendarhrygg og spjaldhrygg og af lungum. Rannsóknin leiddi í ljós brot gegnum bogarætur á V. og VI. hálslið með u. þ. b. 2ja mm gliðnun milli brotenda, en ekki annarri skekkju.

Fyrir liggur sérfræðileg athugun, gerð af dr. G. Fully, í París, dags. 13/1 1971, en þar er saga þessa slysamáls rakin, og koma þar fram nokkur atriði, er þurfa leiðréttingar við. Í vottorðinu segir, að slysinu hafi fylgt meðvitundarmissir, eftir að slasaða var komin í sjúkrahús í Reykjavík, eða u. þ. b. 8 klst. eftir slysið. Um þetta atriði eru engar upplýsingar í þeim íslenzku vottorðum, er fyrir liggja, og verður því að líta á þessa staðhæfingu sem ranga. Ennfremur segir, að slasaða hafi verið lögð í Amerísku sjúkrahúsið í Neuilly, þar sem hún var rannsökuð á ný og fleiri Röntgenmyndir teknar, og er ekki sýnilegt, að sú rannsókn hafi leitt í ljós annað nýtt og óþekkt en að beinsprunga sást á Röntgenmynd, í mjósvæði (arcus Th. I), en þar sást engin aflögun í tengiopum. Samkvæmt skýrslu þessari fór slasaða heim til sín 13/8 1970, en hóf ekki vinnu fyrr en 1/10 sama ár. Niðurstaða þessarar frönsku læknisfræðilegu og lagalegu skýrslu er í samantekt:

1. Tímabil tímabundinnar algerrar örorku er 2 mánuðir og 12 dagar.
2. Dagsetning styrkingar er ákveðin 1/10.
3. Bætur vegna sársauka eru í meðallagi.

4. Tjón vegna óþæginda er hóflegt.
5. Tjón vegna óprýði er ekki fyrir hendi.
6. Stöðug örorka er metin á þrjátíu af hundraði.

Í samræmi við íslenzkar venjur og löggjöf verður fallizt á 5 fyrstu atriði skýrslu þessarar, en við 6. atriðið er nauðsynlegt að gera nokkrar athugasemdir.

Með tilliti til, að hér er um að ræða all yfirgripsmikið mál, var dr. med. Stefán Haraldsson, dósent í orthopediskri kirurgi og yfirlæknir við bæklunardeild Landspítalans, fenginn til að skoða slösuðu, og liggur fyrir ítarlegt sérfræðingsslysavottorð, undirritað af Stefáni Haraldssyni, dr. med., dags. 2/5 1974. Vottorðið hefst á diagnosis: Status post fractura arcus vertebralis C V bilateralis et arcus vertebralis C VI bilateralis. Status post fracturam arcus Th. I. Í vottorði er sjúkrasagan síðan rakin nákvæmlega, og vísast hér með til vottorðsins og annarra gagna varðandi söguna. Í vottorði dr. Stefáns segir orðrétt:

„Það skal sérstaklega tekið fram, að það kemur hvergi fram á þessum Röntgenmyndum, sem teknar voru á Borgarspítalanum, að um instabilitet eftir slysið hafi verið að ræða í liðakerfum þeim, sem binda saman hryggjarliðina C V — C VI, þannig hvorki í discus intervertebralis eða í hinum tveimur apophyseal synovial liðum."

Síðan segir frá meðferð og framförum, og enn segir orðrétt í vottorði:

„Það kemur hvergi fram í fyrirliggjandi gögnum, að um neinn meðvitundarmissi hafi verið að ræða eftir téð slys, en slíku er haldið fram í vottorði frá franska lækninum G. Fully."

Eins og að framan getur, fannst við skoðun í Ameríska sjúkrahúsinu í Neuilly brot í arcus Th. I, sem ekki hafði fundist áður. Hér kemur og fram, að slasaða hóf störf að nýju þ. 1/10 1970, en mun þó eingöngu hafa unnið um það bil helming þeirrar vinnu, sem hún vann fyrir slysið. Síðan telur slasaða sig hafa horfið aftur til fullra fyrri starfa í byrjun janúar 1971 og hefur unnið þannig síðan. Hálskraga mun slasaða hafa þurft að nota í um það bil 1 ár eftir slysið og er ennþá í meðferð tvisvar til þrisvar í viku og fær að sögn nudd á aftari hluta háls og herðar. Í vottorði kemur fram, að slasaða telur sig ekki hafa lægri tekjur af starfi sínu en hún hafði fyrir slysið. Um subjectiv einkenni segir, að slasaða hafi aldrei haft óþægindi frá hnakka eða baki fyrir slysið. Nú fái hún hins vegar álagsverk í háls og hnakka og neðri hluta Th. hryggs, og er þessi verkur talinn hverfa við hvíld.

Talið er, að allt álag, eins og stöður, setur, vinna með höfuðið álútt og miklar hreyfingar í hnakka, valdi versnun álagsverkjanna í hálsi. Ekki er um að ræða útgeislandi verki í efri extremitet eða brjósthol. Slasaða telur sig ekki hafa skyntruflanir og engar truflanir frá heyrn, en aftur á móti telur hún, að sjón sé verri eftir slysið. Auk þess telur hún sig stundum fá svima og að hreyfing í hálsliðum sé minnkuð, einkum snúningur, og hafi þessi einkenni ekki breytst, hvorki til þess betra eða verra síðastl. 1½ ár. Af þessum sökum telur slasaða, að hún hafi vissa erfiðleika í starfi, þannig geti hún t. d. síður en áður tekið á sig löng ferðalög, hún á erfitt með að aka bíl, þar sem snúningur á höfði við að aka afturábak veldur óþægindum. Íþróttir, er slasaða stundaði fyrir slysið, getur hún ekki stundað í dag, og er þar getið um golf, hestreiðar og sund, en sundið telur hún sig ekki geta stundað vegna hræðslu. Hún telur sig kjarkminni eftir slysið en fyrir.

Um objectiv einkenni segir, að slasaða hafi létta scoliosu í columna thoracalis, en engar formtruflanir eða stöðutruflanir á hálsi. Nokkur þrýsti- og bankeymsli yfir processus spinocus C V — C VI og þrýstingseymsli á fremri brún musculus trapezius. Enginn útgeislandi sársauki við þrýsting yfir plexus brachalis í fossa supraclavicularis, og háls-Laseque er negativt bilateralt. Um hreyfingar í columna cervicalis segir, að flexionin sé 15° og nái ekki sternum með höku, og er millibilið við passivar hreyfingar 4 cm milli höku og sternum. Extensio er 30°, deviation til hægri 30°, deviation til vinstri 30°. Rotation til hægri 80°, rotation til vinstri 60°. *Sjúklingurinn hefur þannig minnkaða flexion í columna cervicalis og einnig minnkaða rotation til vinstri.* Um flexion í columna lumbalis segir, að 10 cm vanti upp á, að sjúkl. nái gólfi með fingurgómum og hafi þannig nokkuð minnkaða flexion í columna lumbalis. Aðrar hreyfingar taldar eðlilegar. Engar vöðvarýrnanir finnast í vöðvum axlarsvæða né eymsli yfir humero-scapular liðum. Reflexar og tilfinning er talið eðlilegt í efri útlimum. Um Röntgenologiska rannsókn, sem gerð var í Landspítalanum, þ. 30/4 1974, segir, að brotið í C V sé algerlega gróið og sjáist ekki lengur, það er engin dislocatio eða deformitet á vertebrae C V. Á vertebrae C VI er brotið einnig gróið, en þó sést 3ja mm löng glufa í efri brúninni á arcus. Að öðru leyti ekki deformitet eða dislocation á vertebrae C VI. Columna cervicalis sýnir engin merki um disc degenerationir eða degeneratívar breytingar í aphophysial liðum. Stressmyndir í öllum plönum leiða ekkert óeðlilegt í ljós. Röntgenmyndir af háls-

liðum sýna óbreytta s-myndaða scoliosu í efri hluta hálshryggjar, sérstök rannsókn á vertebrae Th. I sýnir dálítið þéttan structur í arcus, sem gæti verið leifar eftir gróið brot. Ekki deformitet að öðru leyti í Th. I eða liðakerfum cranialt eða caudalt við þennan hryggjarlið.

Samantekt: Sjúkl. telur sig aldrei hafa haft óþægindi frá baki eða hálsi fyrir slys þau, sem hér er um að ræða. Rtg.myndataka 1970 sýndi þó þá, að sjúkl. hafði S-myndaða scoliosu í efri hluta brjósthryggs, og mun hún hafa haft þá scoliosu frá uppvaxtarárum. Hryggskekkja þessi er þó í þeim hluta hryggsúlanna, sem lítið er hreyfður, og scoliosur á þessu svæði gefa ekki alltaf subjectiv einkenni, a. m. k. ekki fyrri hluta ævinnar.

Sjúkl. varð fyrir tveimur slysum. Við fyrra slysið fór bíllinn heila veltu, og fékk sjúkl. þá högg á höfuð og herðar. Eftir það slys varð sjúkl. það illa á sig komin af sársauka í hálsi og baki, að hún gat ekki sjálf farið út úr bílnum og gat ekki staðið sjálf í fæturna. Við seinna slysið lá sjúkl. skorðuð í sjúkrakörfu, og var þar um aðra tegund slyss að ræða, þar sem tveir bílar rákust saman hlið við hlið. Eftir upplýsingum kastaðist sjúkrabíllinn ekkert að ráði til, og fylgdarmaður sjúkl., sem sat aftur í bílnum, rann nokkuð til í sæti sínu. Sjúkl. telur, að sársauki í hálsi og baki hafi versnað við seinna slysið, þar sem að sjúkrakarfan kastaðist eitthvað til með sjúklingnum í.

Brot þessi, sem hér er um að ræða, hafa að öllum líkindum orsakast af því, að höfuð sjúkl. hefur fetzt aftur á bak og við það hafi brotin komið í bogann á C V og C VI. Sjúkl. er af yfirlækninum á Sjúkrahúsinu á Selfossi talin mikið skömbduð í hálsi og baki, þ. e. áður en slys nr. 2 varð. Sjúkl. var skorðuð í sjúkrakörfu, þegar slys nr. 2 varð, og gat varla fengið fettu á hálshrygg, þó að sjúkrakarfa kastaðist til í sjúkrabílnum.

Allt þetta bendir á það, að brot þau, sem sjúkl. hafði í C V, C VI og sprungan litla í Th. I, hafi orsakast af fyrra slysinu, en ekki af því seinna.

Brot þau, sem sjúkl. sýndi við Rtg.rannsóknina 1970 eru öll aftan við liðakerfi þau, sem tengja saman hryggjarliðina. Þannig aftan við discus intervertebralis og aftan við hina 2 apophyseal synovial liði. Brot af þessu tagi eru vön að vera gróin eftir 2—3 mánuði. Sjúkl. telur sig hafa hafið fulla fyrri vinnu frá byrjun janúar 1971.

Subjectiv einkenni sjúkl. telur hún, að hindri hana í að stunda hestreiðar og sund ásamt golfi, en hafi þannig ekki það mikil

áhrif á starf hennar, að hún hafi fallið í tekjum, miðað við starfið fyrir slysið.

Sjúkl. telur subjectiv einkenni hvorki hafa versnað eða batnað síðasta 1½ árið.

Telja verður, að um algjöra örorku eftir slysið hafi verið að ræða hjá þessum sjúklingi í 2 mánuði og 12 daga, þ. e. a. s. frá slysdegi til 1/10 1970. Um hálfa örorku var að ræða frá og með 1/10 til byrjun janúar 1971, er sjúkl. hóf fulla vinnu.

Hvað snertir óþægindi og sársauka sjúkl. verður að telja hann mikinn fyrsta mánuðinn eftir slysið, í meðallagi frá því og þar til byrjun janúar 1971, óverulegan síðan. M. t. t. þess, hve langt er liðið frá slysi, m. t. t. þess, að sjúkl. telur ástand óbreytt í 1½ ár, og m. t. t. þess, að Rtg.myndir nær 4 árum eftir slys sýna engin merki um degenerativan process í liðkerfum kringum brotstað í columna cervicalis og thoracalis, má telja ólíklegt, að sjúkl. skáni eða versni héðan af."

Undirritaður átti tal við slösuðu þ. 30/4 1974, og kom fram, að kvartanir hennar og ástand er í fullu samræmi við það, er fram kemur í vottorði dr. med. Stefáns Haraldssonar yfirlæknis. Samkvæmt því er tímabært að meta tímabundna og varanlega örorku, er af slysi þessu hlauzt, og verður tímabundna örorkan metin í fullu samræmi við mat dr. Fully, hins vegar er ljóst, að varanlega örorkan, er hann úrskurðaði, er ekki í samræmi við reglur þær, er um þessi mál gilda á Íslandi og Norðurlöndum, getur þar ekki orðið um sömu niðurstöðu að ræða.

Þess skal getið, að um mat þetta var haft samráð við tryggingalækni, Jón Guðgeirsson, svo og dr. med. Stefán Haraldsson yfirlækni, og voru þeir fyllilega sammála undirrituðum um úrskurð. Örorkan telst hæfilega metin:

Í 2 mánuði og 12 daga 100%.
Síðan í 3 mánuði 50%.
Síðan varanleg 10%."

Guðjón Hansen, cand. act., hefur á ný reiknað áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda. Í hinum nýja útreikningi, sem dagsettur er hinn 2. september 1974, segir svo um grundvöll hans og niðurstöðu:

„Fyrri útreikningur studdist við örorkumat, dags. 13. janúar 1971, sem doktor Georges Fully, sérfræðingur í París, gerði. Við eftirfarandi útreikning er hins vegar lagt til grundvallar örorkumat Ólafs Jónssonar, læknis, dags. 16. maí 1974, er telur orkutap hæfilega metið sem hér segir:

Í 2 mánuði og 12 daga	100%
Í 3 mánuði	50%
Síðan til frambúðar	10%

Í öðru lagi eru nú tiltækar upplýsingar um launatekjur ungfrú Delarive hjá franska sjónvarpinu árin 1972 og 1973 (á ljósritum þeim, er ég hef fengið, er eitt ártal ógreinilegt, en svo virðist sem uppgjör fyrir árið 1973 sé í tvennu lagi, annars vegar fyrir starf sem „collaborateur au cachet" og hins vegar fyrir starf samkvæmt sérstökum samningi). Að fengnum þessum viðbótarupplýsingum verða launatekjur 1969—1973 sem hér segir:

	Brúttó Fr. frankar	Nettó Fr. frankar
Árið 1969	56.052,00	53.654,00
Árið 1970	36.253,74	34.543,86
Árið 1971	69.756,00	67.220,00
Árið 1972	65.298,00	62.254,00
Árið 1973	99.718,00	94.824,00

Þar sem vitneskju skorti um kauplagsbreytingar í Frakklandi eftir slysið, miðaðist tekjuáætlun í fyrri útreikningi við launatekjur ársins 1969 óbreyttar. Ég tel sennilegt, að launatekjur slösuðu sem „réalisateur" að undanskildum slíkum tekjum samkvæmt áðurnefndum sérsamningi séu allgóður mælikvarði á kaupgjaldshækkanir. Hef ég því að þessu sinni áætlað árstekjur á tvo vegu, annars vegar 56.052,00 franska franka á ári (tekjur ársins 1969 óbreyttar), eins og í fyrri útreikningi, en hins vegar þannig:

Frá slysdegi til ársloka 1971 ..	F. f. 56.052,00
Árið 1972	F. f. 65.298,00
Eftir þann tíma	F. f. 73.762,00

Af framanrituðu er ljóst, að tekjuupplýsingar eftir slysið eru einungis notaðar til að meta eðlilegar launahækkanir, en ekki er tekið tillit til aukatekna ársins 1973.

Í þriðja lagi hef ég með hliðsjón af vaxtahækkun lánastofnana í maí 1973 reiknað með tvenns konar ársvöxtum, annars vegar 7% ársvöxtum einvörðungu, eins og í fyrri útreikningi, en hins vegar 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum eftir þann tíma.

Þegar tillit er tekið til þeirra breytinga, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

A. *Miðað við óbreytta tekjuáætlun:*
(tekjur ársins 1969 óbreyttar):

	Reiknað með 7% ársvöxtum	Reiknað með 9% ársvöxtum frá 16/5 1973
Vegna tímabundins orkutaps	F. f.	F. f.
í 5 mánuði og 12 daga	17.597,00	17.597,00
Vegna varanlegs orkutaps eftir það	69.679,00	59.927,00
Samtals	87.276,00	77.524,00
B. *Miðað við breytta tekjuáætlun (tekjur 1969 með áætl. hækkunum):*		
Vegna tímabundins orkutaps	17.597,00	17.597,00
Vegna varanlegs orkutaps	89.297,00	76.465,00
Samtals	106.894,00	94.062,00

Með skírskotun til athugasemdar í fyrri útreikningi um hugsanlega bótakröfu vegna þriggja mánaða vinnu í Mexíkó, er ekkert varð úr, skal tekið fram, að af ofangreindum fjárhæðum eru franskir frankar 13.833,00 vegna tímabilsins frá slysdegi til 10. nóvember 1970.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að faman, skírskotast til fyrri útreiknings."

Þá hefur komið fram bréf Guðjóns Hansen, dags. 23. desember 1975, svohljóðandi:

„Í framhaldi af útreikningum mínum frá 22. maí 1972 og 2. september 1974 í máli ungfrú Agnés Delarive, 42 Avenue Bugeaud, Paris 16éme, vegna umferðarslysa 18. júlí 1970, hafið þér, herra hæstaréttarlögmaður, óskað útreiknings á verðmæti örorkulífeyris, sem ungfrú Delarive hefur verið úrskurðaður frá frönskum almannatryggingum. Jafnframt hef ég til samræmis við örorkutjónsútreikninga að undanförnu athugað, hver áhrif breyttur vaxtagrundvöllur mundi hafa á niðurstöðutölur útreikningsins frá 2. september 1974, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.

ÁHRIF BREYTTS VAXTA-
GRUNDVALLAR.

Í útreikningnum frá 2. september 1974 var reiknað með tvenns konar ársvöxtum. Ef reiknað var með 7% ársvöxtum frá slys-

degi til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum eftir þann tíma, reiknaðist mér heildarverðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema frönskum frönkum 77.524,00, miðað við tekjugrundvöll ársins 1969 óbreyttan, en frönskum frönkum 94.062,00, miðað við tekjugrundvöll 1969 með áætluðum hækkunum. Sé reiknað með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og eftir þann tíma með 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast mér fyrrnefnda fjárhæðin lækka um því sem næst 14,2%, en síðarnefnda fjárhæðin um því sem næst 15,4%.

VERÐMÆTI BÓTA FRANSKRA ALMANNATRYGGINGA.

Í tilkynningu Miðstöðvar sjúkratrygginga í París, dags. 6. des. 1971, um úthlutun á bótagreiðslu vegna varanlegrar örorku (í íslenzkri þýðingu Magnúsar G. Jónssonar, löggilts skjalaþýðanda) kemur fram, að ungfrú Delarive hefur í desember 1971 verið úrskurðaður örorkulífeyrir að fjáhæð fr. fr. 4.192,48 fyrir tímabilið 3/10 1970 til 14/12 1971 og síðan fr. fr. 3.605,60 á ári frá 15. desember 1971 að telja, og greiðist lífeyrir þessi ársfjórðungslega eftir á. Verðmæti þessarar lífrentu, miðað við greiðslu ævilangt og 7% ársvexti frá slysdegi til 16. maí 1973, en 9% ársvexti eftir þann tíma, reiknast mér nema á slysdegi, *frönskum frönkum 38.805.-*.

Ef reiknað er með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974, en eftir það með 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast mér ofangreind fjárhæð lækka um því sem næst 18,1%.

Í umræddri tilkynningu er gerð rækileg grein fyrir bótagrundvelli, þ. e. örorkumati, viðmiðunarfjárhæð launa, hundraðshluta lífeyris o. fl. Tekið skal fram, að mér er ekki ljóst, hvað átt er við með orðalaginu *„Eignfærsla — Tilfærsla* (Sjá bakhlið). Þriggja mánaða tímabilið er frá 3.10. 1975 til 3.1. 1976". (Ísl. þýðing, bls. 4), en svo virðist, sem einungis sé um að ræða breytingu á gjalddögum ársfjórðungsgreiðslna.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að framan, skírskotast til fyrri útreikninga."

Krafa stefnanda á hendur stefndu er byggð á ákvæðum 67. og 74. gr. umferðarlaga. Er því haldið fram, að Francesco Horvat hafi ekki verið raunverulegur leigutaki bifreiðarinnar R 18100. Hann hafi tekið bifreiðina á leigu fyrir fyrirtækið Quadrant til afnota fyrir hópinn og hafi fyrirtækið greitt allan kostnað við

ferðina, þar með leigugjald fyrir bifreiðina. Því megi líta á fyrirtækið Quadrant sem raunverulegan leigutaka bifreiðarinnar. Stefnandi, sem verið hafi á launum hjá fyrirtækinu, hafi því verið farþegi í bifreiðinni gegn endurgjaldi. Af þessum ástæðum beri eigandi bifreiðarinnar, Bílaleigan Falur h/f, fébótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt 1., sbr. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Þá sé ljóst, að stefnandi hafi verið í bifreiðinni X 4 sem farþegi gegn endurgjaldi og því beri sýslusjóður Árnessýslu sem eigandi bifreiðarinnar fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hafi hlotið við árekstur þeirrar bifreiðar og bifreiðarinnar X 521, samkvæmt 1., sbr. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Einnig beri eigandi þeirrar bifreiðar, Ármann Einarsson, ásamt eiganda X 4 óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna árekstrar bifreiðanna, sem rakinn verði til ólögmæts aksturs þeirrar bifreiðar. Þá er því haldið fram, að ekki sé unnt að greina milli afleiðinga slyssins í Þjórsárdal og afleiðinga áreksturs bifreiðanna X 4 og X 521 á heilsu stefnanda, en ljóst sé, að árekstur bifreiðanna hafi valdið stefnanda miklum auknum þjáningum. Því verði eigendur allra bifreiðanna að bera óskipta fébótaábyrgð á heildartjóni stefnanda af völdum slyssins í Þjórsárdal og áreksturs bifreiðanna X 4 og X 521. Verði ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar R 18100, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, og ábyrgðartryggjandi bifreiðanna X 4 og X 521, Samvinnutryggingar g/t, því að bera óskipta greiðsluskyldu á tjóni stefnanda með eigendum bifreiðanna, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga. Endanleg fjárhæð dómkröfu stefnanda er sundurliðuð þannig, að krafist er greiðslu útlagðs kostnaðar í 18 liðum, samtals franskir frankar 8.469.03. Þá er krafist bóta fyrir orkutap að fjárhæð franskir frankar 106.894.00 og að lokum bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum, þar með mexíkanski samningurinn, að fjárhæð franskir frankar 34.840.00. Kemur þannig fram höfuðstóll endanlegrar dómkröfu stefnanda, franskir frankar 150.203.03.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu Bílaleigunnar Fals h/f og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, að ekki væri samþykkt, að hinni breyttu vaxtakröfu stefnanda yrði komið að í málinu án framhaldsstefnu, en jafnframt var því lýst yfir, að hinni breyttu vaxtakröfu væri ekki mótmælt, ef fallist yrði á að miða tjón stefnanda við gengi franskra franka miðað við íslenska krónu á slysdegi.

Sýknukrafa þessara stefndu er byggð á því, að stefnandi hafi verið farþegi í bifreiðinni R 18100 án endurgjalds, og því beri

Bílaleigan Falur ekki fébótaábyrgð á tjóni stefnanda á hlutlægum grundvelli 67. gr. umferðarlaga. Er á það bent, að samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 127/1960 sé óheimilt að taka farþega til flutnings gegn endurgjaldi í bifreiðum, sem leigðar eru út án bifreiðarstjóra. Þá er því haldið fram, að samkvæmt samningi þeim, sem gerður var um leigu bifreiðarinnar, sé Francesco (Frank) Horvat leigutaki bifreiðarinnar og skipti ekki máli, hvort stefnandi sjálf eða félag í Frakklandi hafi síðan greitt leigufjárhæðina að meira eða minna leyti. En jafnvel þótt fyrirtækið Quadrant væri leigutaki, þá verði samt sem áður eigi talið, að stefnandi hafi verið farþegi gegn endurgjaldi. Er því mótmælt, að Bílaleigan Falur h/f verði talin flytjandi í skilningi bifreiðalaga.

Varakrafa þessara stefndu er byggð á því, að þeir beri aðeins ábyrgð á því tjóni stefnanda, sem hlaust, er bifreiðin R 18100 valt í Þjórsárdal, en ljóst sé, að er bifreiðarnar X 4 og X 521 rákust saman, hafi ástand stefnanda af völdum fyrra slyssins versnað mikið. Þá er því haldið fram, að stefndu eigi kröfu á því, að tjón stefnanda verði dæmt eftir íslenskum lögum og dómvenju. Er því mótmælt, að efni og niðurstaða skýrslu dr. Georges Fully svo og útreikningar, sem á þeim eru byggðir, verði lögð til grundvallar í málinu. Er og mótmælt, að útreikningur á áætluðu verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda verði byggður á lífslíkum franskra kvenna, heldur beri að miða við lífslíkur íslenskra kvenna. Þá er því og haldið fram, að við slíkan útreikning verði að miða við þá vexti, sem raunverulega gildi á Íslandi. Þá er mótmælt þeirri hækkun, sem reiknað sé með á tekjum stefnanda eftir 1969. Þá er fjárhæð miskabóta mótmælt sem of hárri. Þá er útlögðum kostnaði mótmælt sem of háum og tölulega röngum.

Þá er því haldið fram, að stefndu sé óskylt að greiða bætur í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum og beri að miða bætur við tjóndag, enda sé verðtrygging krafna sem þessara óheimil skv. lögum nr. 71/1966.

Við munnlegan flutning málsins var samþykkt af hálfu sýslusjóðs Árnessýslu, Ármanns Einarssonar og Samvinnutrygginga g/t, að hinni breyttu vaxtakröfu stefnanda yrði komið að í málinu án framhaldsstefnu.

Sýknukrafa þessara stefndu er byggð á því, að þau líkamsmeiðsli stefnanda, sem fjallað er um í málinu, hafi hún hlotið, er bifreiðin R 18100 fór út af veginum í Þjórsárdal. Er því hald-

ið fram, að í því slysi hafi stefnandi háls- og hryggbrotnað og hafi hún við það slys orðið ósjálfbjarga. Hins vegar sé ósannað með öllu, að stefnandi hafi hlotið líkamsmeiðsl við árekstur bifreiðanna X 4 og X 521 eða að afleiðingar líkamsmeiðsla þeirra, sem hún þegar hafði hlotið, hafi aukist. Er á það bent, að stefnandi hafi þjáðst mikið vegna afleiðinga slyssins í Þjórsárdal, en hún hafi legið skorðuð í sjúkrakörfu í bifreiðinni X 4 og lítið sem ekkert hreyfst til við áreksturinn. Til vara er því haldið fram af hálfu þessara varnaraðilja, að tjón stefnanda geti ekki nema að litlum hluta talist afleiðing áreksturs bifreiðanna X 4 og X 521.

Þá er kröfum stefnanda mótmælt sem allt of háum. Er því haldið fram í því sambandi, að erlendur aðili, sem slasist, er hann er staddur hér á landi, verði að sæta lögum landsins um mat og uppgjör tjóns síns á sama hátt og hann verði að sæta íslenskri lögsögu um bótaábyrgð á tjóninu. Er því haldið fram, að hér verði að leggja til grundvallar íslenskan meðalhófskvarða með tilliti til kyns tjónþola, aldurs, starfs og annarra atriða. Er því mótmælt, að dómur í máli þessu verði byggður á örorkumati erlends læknis. Er mótmælt grundvelli mats dr. Georges Fully og niðurstöðu þess mótmælt sem of hárri.

Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 21/1914 um notkun bifreiða var lögfest ströng regla um ábyrgð bifreiðaeigenda á tjóni á mönnum eða munum, sem stafaði af notkun bifreiða. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laganna gilti ábyrgðarreglan ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreið flutti, nema bifreiðin væri „til afnota fyrir almenning gegn borgun." Voru reglur þessar svo í lögum um notkun bifreiða, síðast í lögum nr. 23/1941. Með umferðarlögum nr. 26/1958, nú lög nr. 40/1968, var í 1. mgr. 67. gr. í stað framangreindrar ábyrgðarreglu lögfest regla um hlutlæga ábyrgð á slysi eða tjóni á mönnum eða munum af skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun, en skv. ákvæði 2. mgr. gildir reglan ekki um slys eða tjón á mönnum eða munum, er ökutæki flytur, nema flutt sé gegn gjaldi.

Í greinargerð með frumvarpi að lögunum segir, að ákvæði 2. mgr. 67. gr. séu að efni til í samræmi við ákvæði 2. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941, eins og þau hafi verið framkvæmd, þannig að þess sé ekki krafist, að ökutæki sé til afnota fyrir almenning gegn borgun, en nægilegt sé, að gjald eigi að koma fyrir flutninginn. Verður að líta svo á, að með ákvæðum 1. og 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga hafi löggjafinn verið að lögfesta rýmri ábyrgðarreglu

varðandi tjón á farþegum í bifreiðum í samræmi við beitingu hinna eldri ákvæða, en ekki verður talið, að haggað hafi verið grundvallartilgangi þeirra að tryggja rétt farþega í bifreiðum, sem eru til afnota fyrir almenning gegn gjaldi.

Á síðari árum hefur risið upp nýr atvinnurekstur með bifreiðar. Er það leiga bifreiða án ökumanns, svokallaðar bifreiðaleigur. Er Bílaleigan Falur slíkt fyrirtæki. Francesco Horvat gerði samninginn við bifreiðaleiguna Fal um leigu bifreiðarinnar R 18100. Var hann því leigutaki bifreiðar R 18100 og bar ábyrgð á greiðslu leigugjalds, þótt annar aðili ætti að bera endanlegan kostnað við ferð þeirra félaganna hingað til lands. Umferðarlög nr. 40/1968 gera ekki nánari grein fyrir því, hvernig flutningi farþega og greiðslu gjalds fyrir flutning þurfi að vera háttað skv. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga, til að hinni hlutlægu ábyrgðarreglu verði beitt um farþega, sem bifreið flytur. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að líta svo á, að beita megi rýmkandi lögskýringu á grundvelli forsögu ábyrgðarreglna 1. og 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga og tilgangi þeirra og telja, að í máli þessu hafi stefnandi gagnvart Bílaleigunni Fal h/f verið farþegi í bifreiðinni R 18100 gegn gjaldi og því beri Bílaleigan Falur h/f fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir, er bifreiðin valt í Þjórsárdal, skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga er heimilt að dæma Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar R 18100 til að greiða stefnanda bætur ásamt Bílaleigunni Fal h/f að því marki sem nemur tryggingarfjárhæð bifreiðarinnar. Er fram komið, að er slysið varð, hafi fjárhæð þessi verið kr. 3.000.000.00.

Þegar litið er til þess, sem fram er komið um ástand stefnanda þegar eftir slysið í Þjórsárdal og læknisfræðilegra gagna í málinu, verður að telja slíkar yfirgnæfandi líkur fyrir því, að meiðsli þau, sem valdið hafa stefnanda tímabundinni og varanlegri örorku, sem krafist er bóta fyrir í máli þessu, hafi stefnandi hlotið, er bifreiðin R 18100 valt í Þjórsárdal, en ekki við árekstur bifreiðanna X 4 og X 521, er stefnandi lá skorðuð í sjúkrakörfu í bifreiðinni X 4, að fébótaábyrgð á tjóni stefnanda verði ekki lögð á eigendur bifreiðanna X 4 og X 521. Verða þeir því sýknaðir af kröfum stefnanda í málinu svo og ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar. Verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda því eingöngu lögð á Bílaleiguna Fal h/f.

Verður nú tekin afstaða til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en

áður hefur verið gerð grein fyrir því, hvernig hún er sundurliðuð. Verður fyrst tekin afstaða til bóta fyrir orkutap.

BÆTUR FYRIR ORKUTAP.

Stefnandi kom hingað til lands og gekkst undir skoðun dr. Stefáns Haraldssonar yfirlæknis. Mat Ólafur Jónsson síðan örorku hennar, svo sem áður er rakið. Á grundvelli þess örorkumats reiknaði Guðjón Hansen, cand. act., síðan örorkutjón stefnanda að nýju, en áður hafði hann reiknað tjónið á grundvelli örorkumats dr. Fully og upphafleg krafa stefnanda byggð á því. Er endanleg kröfugerð stefnanda byggð á síðari útreikningi Guðjóns, B lið, sem miðar við 7% ársvexti.

Auk mótmæla þeirra, sem áður eru rakin af hálfu stefndu Bílaleigunnar Fals h/f og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f er því haldið fram, að við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið beri að beita sömu sjónarmiðum og þegar slíkar bætur eru metnar íslenskum aðiljum. Beri þá að taka tillit til þess, að vextir séu hér á landi hærri en 7% ársvextir, svo og hagræðis af skattfrelsi og eingreiðslu bóta. Er því og haldið fram, að grundvöllur útreikningsins sé of hár, þar sem ljóst sé, að stefnandi starfi sjálfstætt og virðist því kostnaður innifalinn í viðmiðunartölum, sem beitt er.

Stefnandi er erlendur ríkisborgari, sem býr í heimalandi sínu, Frakklandi, og stundar þar atvinnu. Tjón það, sem hún hefur orðið fyrir af völdum slyssins, ber hún í gjaldmiðli lands síns. Hins vegar er það alkunna, að lagðar eru hömlur á meðferð erlends gjaldeyris hér á landi, og er það ekki á valdi stefndu Bílaleigunnar Fals h/f eða Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f að greiða bætur í erlendum gjaldeyri. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af réttarframkvæmd um framreikning örorkubóta í skaðabótamálum verða bætur dæmdar í íslenskum gjaldmiðli, en tekið tillit til gengis íslenskrar krónu gagnvart frönskum franka við uppkvaðningu dóms þessa. Þykir það ekki brjóta í bága við ákvæði laga nr. 71/1966. Þá verður og tekið tillit til sömu sjónarmiða við ákvörðun bóta og gert er við ákvörðun bóta til íslenskra aðilja að því er tekur til vaxta, skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu. Þá er fram komið, að stefnandi nýtur greiðslna frá almannatryggingum Frakklands. Í bréfi sínu frá 23. desember 1975 gerir Guðjón Hansen grein fyrir áhrifum greiðslna þessara svo og áhrifum, sem vaxtabeytingar hér á landi kunna að hafa á fyrri útreikning. Þá er og fram komið, að stefnandi hefur keypt

einstaklingsbundna slysatryggingu hjá Lloyds í London og hefur fengið greidda franska franka 5.000.00 frá þeim aðilja. Þegar tekið er tillit til atriða þeirra, sem hér hafa verið rakin, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 1.600.000.00.

BÆTUR FYRIR ÞJÁNINGAR OG RÖSKUN Á STÖÐU OG HÖGUM, ÞAR MEÐ MEXÍKANSKI SAMNINGURINN.

Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið er byggð á því, að meiðsli stefnanda hafi verið alvarleg og sársaukafull og hafi sjúkdómsástand hennar verið langvarandi. Þá hafi meiðslin valdið því, að hún geti ekki unnið margt af því, sem hún vann áður, en einnig þreytist hún fyrr og meir við vinnu en áður. Þá geti stefnandi ekki sinnt íþróttum, sem hún hafi áður stundað mikið. Þá finni stefnandi nú oft til höfuðverkjar. Einnig sé hún eftir slysið hrædd við að ferðast í bifreið.

Af hálfu stefndu er fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem allt of háum. Er því haldið fram, að bætur beri að ákveða eftir sömu sjónarmiðum og í málum milli íslenskra aðilja.

Með vísan til þess, sem áður er rakið um bætur fyrir orkutap, verða bætur samkvæmt þessum lið dæmdar í íslenskum krónum og á sama grundvelli og bætur til íslensks aðilja. Þegar litið er til sjúkdómssögu stefnanda, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00. Er þá tekið tillit til þess, að í útreikningi Guðjóns Hansen virðist tekið tillit til „mexikanska samningsins".

ÚTLAGÐUR KOSTNAÐUR.

Af hálfu stefndu hefur kröfulið þessum verið mótmælt sem of háum og röngum. Stefnandi hefur lagt fram gögn fyrir útlögðum kostnaði að fjárhæð 8.394.06 franskir frankar, sem greiddur hefur verið í þeim gjaldeyri. Er þar um að ræða læknisaðstoð, sjúkrahúsvist, sjúkraþjálfun og sjúkraflutning. Er hér um að ræða eðlilegan kostnað, sem á rætur sínar að rekja til slyss stefnanda. Verður fjárhæð þessi tekin til greina í íslenskum krónum miðað við sölugengi franskra franka við uppkvaðningu dóms, sem er 100 franskir frankar á ísl. kr. 3894.10, með kr. 326.864.69.

Auk framangreindra kröfuliða hafa komið fram reikningar vegna kostnaðar við læknisskoðun hér á landi, örorkumat, ör-

orkutjónsútreikninga, þýðingar löggilts dómtúlks og gistingu, er stefnandi kom hingað til lands til læknisskoðunar. Þykir rétt að taka til greina af kostnaði þessum kr. 132.600.00 í sambandi við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndu sýslusjóður Árnessýslu, Ármann Einarsson og Samvinnutryggingar g/t sýknaðir af kröfum stefnanda (sic), og þykir eftir öllum atvikum rétt, að málskostnaður milli þeirra falli niður. Hins vegar verða stefndu Bílaleigan Falur h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, dæmdir til að greiða stefnanda kr. 2.076.864.69 (1.600.000.00 + 150.000.00 + 326.864.69) óskipt ásamt vöxtum, sem með hliðsjón af mótmælum af hálfu þessara aðilja gegn breyttri vaxtakröfu ákveðast 7% ársvextir frá 18. júlí 1970 til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 450.000.00, þar með talinn útlagður kostnaður við rekstur málsins, kr. 132.600.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ásgeiri B. Ellertssyni yfirlækni og Hauki Þórðarsyni yfirlækni.

Dómsorð:

Stefndu sýslusjóður Árnessýslu, Ármann Einarsson og Samvinnutryggingar g/t skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns f. h. Agnès Josy Barbara Bloch (Agnès Delarive), í máli þessu. Málskostnaður milli þeirra fellur niður.

Stefndu Bílaleigan Falur h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f greiði stefnanda, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni f. h. Agnès Josy Barbara Bloch (Agnès Delarive), óskipt kr. 2.076.864.69 með 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1970 til greiðsludags og kr. 450.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 1. júní 1982.

Nr. 180/1980. **Sturla Einarsson**
(Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
Vilhjálmi Hjörleifssyni
og gagnsök
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Synjað um útburð.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Bergur Oliversson, fulltrúi sýslumannsins í Kjósarsýslu, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980.

Dómkröfur hans eru þær, að úrskurði fógetaréttar Kjósarsýslu, uppkveðnum 30. júní 1980, verði hrundið og útburðargerð á hendur gagnáfrýjanda úr húsinu nr. 6 við Fellsás, Mosfellssveit, nái fram að ganga og sér verði tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1980. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en því, að honum verði tildæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Svo sem þar er rakið, bar aðaláfrýjanda að afhenda gagnáfrýjanda húsið að Fellsási 6, Mosfellssveit, í umsömdu ástandi hinn 15. apríl 1978. Gagnáfrýjandi hafði þá greitt skilvíslega þær greiðslur, sem honum bar að inna af hendi samkvæmt samningnum og í gjalddaga voru komnar. Gagnáfrýjandi flutti hluta búslóðar sinnar inn í húsið um sumarið 1978 og hóf jafnframt að vinna og láta vinna ýmis verk við húsið, án þess að aðaláfrýjandi hreyfði athugasemdum við. Verður því að telja, að þar með hafi aðaláfrýjandi í raun afhent gagn-

áfrýjanda afnot hússins, enda þá komið fram yfir umsaminn afhendingartíma, svo sem áður var sagt. Að svo vöxnu máli verður útburðarkrafan ekki tekin til greina, en eigi verður í fógetaréttarmáli þessu dæmt um það, hvort skuldaskipti aðiljanna séu með þeim hætti, að aðaláfrýjanda sé heimil riftun kaupsamnings þeirra. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Sturla Einarsson, greiði gagnáfrýjanda, Vilhjálmi Hjörleifssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Kjósarsýslu 30. júní 1980.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Sturlu Einarssonar, Sæviðarsundi 41, Reykjavík, var þess upphaflega beiðst með bréfi, dagsettu 4. desember 1978, að gerðarþoli, Vilhjálmur Hjörleifsson, yrði með fógetagerð borinn út úr húsinu nr. 6 við Fellsás í Mosfellssveit. Beiðni þessari var ekki fylgt eftir, þar sem lögmenn aðilja reyndu allar götur síðan að finna leið til samkomulags, en án árangurs. Var gerðarbeiðni þessi því tekin fyrir í fógetarétti Kjósarsýslu 15. október síðastliðinn. Gerir gerðarbeiðandi þær kröfur, að gerðarþoli verði borinn út úr húsinu nr. 6 við Fellsás í Mosfellssveit. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að beiðni gerðarbeiðanda um útburð verði hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, er fram fór 27. maí síðastliðinn.

Í máli þessu liggur fyrir sem réttarskjal nr. 2 kaupsamningur aðilja máls þessa, dagsettur 19. september 1977, þar sem gerðar-

beiðandi selur gerðarþola húseignina Fellsás 6 í Mosfellssveit, er gerðarbeiðandi hafði þá hafið byggingu á, og skyldi seljandi skila eigninni fullfrágenginni að utan, þó ómálaðri, með gleri, opnanlegum gluggafögum, frágengnum þakköntum, rennum, niðurfalli og drenlögn. Útidyra- og bílskúrshurðir fylgja ísettar. Lóð skal vera sléttuð og hreinsuð. Að innan skal loft tekið niður, raflögn frágengin og einangrað með glerull og milliveggir uppsettir. Útveggir skulu sandblásnir. Seljandi skal greiða heimtaugargjald hitaveitu, en kaupandi rafmagn. Hitalögn og ofnar skulu uppsettir með venjulegum lokum. Raflögn miðist við uppsettar dósir og rör.

Kaupverð samkvæmt kaupsamningi er kr. 16.000.000, sextán milljónir, og skyldi greiðast þannig: Við undirskrift skyldi greiða kr. 1.000.000. Hinn 15. nóvember 1977 skyldi greiða kr. 3.000.000, 15. janúar 1978 kr. 2.000.000, 15. apríl 1978 kr. 1.000.000 og 15. nóvember 1978 kr. 3.000.000. Við móttöku veðdeildarláns skyldi kaupandi greiða kr. 2.700.000. Enn fremur skyldi kaupandi gefa út víxla, tryggða með veði í eigninni, með gjalddaga 15. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 15. nóvember 1979, og loks skyldi kaupandi taka að sér greiðslu áhvílandi veðskulda frá afhendingardegi, kr. 3.300.000.

Samkvæmt kaupsamningnum skyldi eignin laus til afnota fyrir gerðarþola hinn 15. apríl 1978 og kaupandi taka við eigninni þann dag og hirða frá þeim tíma arð hennar og greiða af henni skatta og skyldur, en valdi óviðráðanleg atvik töfum á frágangi eignarinnar, eru aðiljar sammála um, að afhending eignarinnar megi dragast sem töfinni nemur. Afsal skyldi gefa út 15. nóvember 1978, er kaupandi hefði fullnægt greiðsluskyldum sínum samkvæmt framansögðu. Kaupsamningi þessum var þinglýst 20. nóvember 1978.

Er eignin skyldi afhendast í umsömdu ástandi hinn 15. apríl 1978, vildi gerðarbeiðandi ekki afhenda hana af ástæðum, er hann taldi gerðarþola eiga sök á, svo sem vegna breytinga á verkinu, auk þess sem greiðsludráttur hefði orðið hjá gerðarþola. Gerðarbeiðandi kveðst hafa lokað húsinu haustið 1978 og jafnframt fest tilkynningu á aðaldyr þess, þar sem hann bannaði allan umgang, þar eð gerðarþoli hafi verið farinn að mæta þar öðru hverju með iðnaðarmenn til þess að láta þá vinna í húsinu og að öllu leyti hagað sér eins og hann væri orðinn eigandi þess. Gerðarþoli hafi tekið lykil, er geymdur var í dyrasímahólfi og

notaður var af þeim, er unnu við bygginguna og þurftu að komast inn til vinnu. Gerðarþoli (sic) kveðst því í nóvembermánuði 1978 hafa skálkað hurðir hússins að innan, en gerðarþoli hafi engu að síður farið inn í húsið og tekið það til afnota. Varðandi vanskil gerðarþola segir gerðarbeiðandi, að þegar komið hafi að greiðslu samkvæmt 5. lið kaupsamningsins 15. nóvember 1978, kr. 3.000.000, hafi hann ekki viljað veita þeirri greiðslu viðtöku, þar eð hún hafi verið skilyrt af hálfu gerðarþola, þ. e. til frádráttar skyldu koma greiðslur fyrir ýmiss konar verk, sem gerðarþoli hefði innt af hendi. Hafi þetta valdið sér miklum vandræðum auk þess sem til hafi komið viðbótarkostnaður vegna breytinga, er gerðarþoli fór fram á, að gerðar yrðu á húsinu. Hafi þessi viðbótarkostnaður numið kr. 3.010.000. Greiðslur samkvæmt 1.—4. lið kaupsamnings segir gerðarbeiðandi gerðarþola hins vegar hafa greitt á réttum tíma.

Gerðarþoli mótmælir því, að útburðargerð þessi nái fram að ganga. Hann kveðst hafa greitt greiðslur samkvæmt 1.—4. lið kaupsamnings á réttum tíma. Hafi hann stundum greitt með víxlum, sem gerðarbeiðandi fékk og gat selt strax, og hafi hann því í raun stundum fengið greiðslu miklu fyrr en hann átti rétt á samkvæmt kaupsamningi. Hafi því enginn dráttur orðið á afhendingu vegna vanefnda gerðarþola. Þegar komið hafi að greiðslu samkvæmt 5. lið kaupsamningsins 15. nóvember 1978, kr. 3.000.000, sjö mánuðum eftir að eignin skyldi afhent, hafi gerðarbeiðandi ekki unnið neitt í henni í langan tíma. Kveðst gerðarþoli því hafa tekið það til bragðs að greiða umrædda greiðslu inn til fasteignasölunnar Húsafells s/f, sem haft hafði milligöngu um sölu hússins. Fasteignasalan hafi sent gerðarbeiðanda skeyti og tilkynnt honum um peningagreiðslu þessa og skorað á hann að koma og ganga frá uppgjöri og samningum vegna Fellsáss 6. Þessu hafi gerðarbeiðandi ekki sinnt. Sé þannig ekki um neinar vanefndir af hálfu gerðarþola að ræða.

Gerðarþoli kveðst ekki hafa átt annars úrkosti en flytja í húsið með búslóð sína og fjölskyldu haustið 1978, þótt hann hefði ekki til þess formlegt leyfi gerðarbeiðanda, enda hafi hann ekki talið sig þurfa neitt leyfi, þar sem gerðarbeiðandi skyldi afhenda húsið 15. apríl 1978 og dráttur á afhendingu hafi ekki orðið vegna vanefnda gerðarþola. Gerðarþoli hafi, er hér var komið sögu, verið búinn að selja íbúð, er hann átti í Reykjavík, og taka á leigu litla íbúð, er ekki rúmaði innbú hans, og hafi hann því

tekið þann kost að flytja innbú sitt að Fellsási 6 um sumarið og haustið 1978, enda hafi gerðarþoli í reynd verið búinn að taka við húsinu, þar sem gerðarbeiðandi hafi þá ekki unnið neitt við húsið í margar vikur og gerðarþoli hafi, án þess að gerðarbeiðandi hafi hreyft nokkrum athugasemdum, unnið sjálfur eða látið vinna ýmis verk við húsið. Telur gerðarþoli sig þannig eiga kröfu á hendur gerðarbeiðanda að fjárhæð u. þ. b. kr. 5.500.000. Meðal annars hafi gerðarþoli þurft að láta setja upp olíukyndingu, þrátt fyrir að samningur aðilja beri með sér, að í húsinu sé og verði hitaveita, þar eð gerðarbeiðandi hafi ekki haft nein fyrirheit eða ádrátt frá Mosfellshreppi um heitt vatn í húsbygginguna Fellsás 6, auk þess sem Mosfellshreppur eigi ekkert hitakerfi í hverfi þessu.

Loks hefur gerðarþoli bent á, að samningur aðilja um húseignina Fellsás 6 sé í reynd fremur verksamningur en kaupsamningur.

Viðurkennt er af hálfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi innt af hendi greiðslur samkvæmt liðum 1—4 í samningi aðilja. Þá bauð gerðarþoli fram greiðslu 15. nóvember 1978 samkvæmt 5. lið kaupsamningsins. Verður ekki talið, að gerðarbeiðandi hafi sýnt fram á þau vanskil af hálfu gerðarþola, er orðið gætu grundvöllur útburðar.

Ekki verður á það fallist, þegar litið er til skipta aðilja máls þessa í heild, að það út af fyrir sig sé útburðarástæða, þó að gerðarþoli hafi haustið 1978 tekið þann kost að flytja með búslóð sína og fjölskyldu í húseignina Fellsás 6, enda voru þá liðnir einir sjö mánuðir, frá því að eignin skyldi afhendast í umsömdu ástandi samkvæmt samningi aðilja.

Komið hefur fram í máli þessu, að verð hinnar seldu eignar var í reynd hærra en skriflegur samningur á réttarskjali nr. 2 sagði til um. Þá hafa bæði gerðarbeiðandi og gerðarþoli lagt fram reikninga fyrir vinnu og efni umfram það, sem samningur þeirra um húseignina Fellsás 6 getur um. Þykir ljóst af gögnum máls þessa, að fjárskipti þeirra eru um margt óglögg og að í máli þessu er meðal annars deilt um reikningsskil aðilja vegna húseignarinnar Fellsáss 6.

Þegar öll atvik máls þessa eru virt, þykir því ekki vera grundvöllur til að taka kröfu gerðarbeiðanda um útburð til greina. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist nokkuð vegna anna við önnur störf við embættið.

Úrskurðarorð:
Umbeðin útburðargerð skal ekki fara fram.
Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 1. júní 1982.

Nr. 133/1979. **Félagsheimilið Stóra-Ási**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Þorsteini Theódórssyni
(Skúli Pálmason hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og meðdómendurnir Jón Ágúst Guðmundsson byggingaverkfræðingur og Óli Jón Gunnarsson byggingatæknifræðingur, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 51.954.00 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. október 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags

auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi naut gjafsóknar í héraði samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 7. maí 1976, og nýtur gjafsóknarkjara í Hæstarétti samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 8. desember 1981.

Til vara krefst áfrýjandi lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Munnlegur málflutningur í máli þessu fór fram hinn 16. janúar 1979, en dómur var kveðinn upp 21. apríl s. á. Með þessum drætti á dómsuppsögu hafa héraðsdómendur brotið fyrirmæli 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, þá er dómsuppsaga dregst svo lengi. Verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 16. janúar 1979 og skylda héraðsdóm til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 16. janúar 1979 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómi að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Guðmundar

Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 21. apríl 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar sl., hefur Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Félagsheimilisins Stóra-Ási, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu, höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 26. nóvember 1976, gegn Þorsteini Theódórssyni byggingameistara, Kjartansgötu 3, Borgarnesi, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 5.195.400 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi nýtur gjafsóknarkjara samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 7. maí 1976.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 152.400, sem skuldajafnað verði við skuld stefnanda við stefnda.

Undir rekstri málsins breytti stefnandi kröfugerð sinni, og endanlegar dómkröfur hans eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 5.195.400 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Málavöxtum er þannig lýst af hálfu stefnanda, að árið 1971 hafi stefndi verið ráðinn byggingameistari að byggingu félagsheimilis að Stóra-Ási í Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Húsið skyldi gert fokhelt sumarið 1972. Húsið var uppsteypt í byrjun nóvember 1972. Þar eð áliðið var hausts, var ákveðið að fresta ásetningu þaks og ísetningu glugga til vors 1973. Þegar mót voru tekin af húsinu í desember 1972, komu í ljós verulegir steypugallar. Steypuskil voru illa steypt. Víða í veggjum var steypuhröngl. Á nokkrum stöðum í norðausturhlið var steypan léleg. Allvíða voru kantar skemmdir og hrönglaðir. Þá vantaði í grunn 3 frárennslisrör fyrir niðurföll af þaki og skyggni. Gert

hafði verið ráð fyrir, að húsið yrði ekki múrhúðað að utan, heldur aðeins kústað og málað.

Í júní 1973 skýrði stefndi stefnanda frá því, að hann treysti sér ekki til að vinna neitt við húsið sumarið 1973, og bar við manneklu. Stefndi gaf bygginguna endanlega frá sér í september 1973. Stefndi hafði ætlað að gera við gallana, en það dróst, að hann hæfist handa. Hafði verið ráðinn annar byggingameistari til þess að gera húsið fokhelt. Var það gert í samráði og með samþykki stefnda. Vegna hinna umræddu steypugalla varð að hverfa að því ráði að múrhúða húsið, sem hafði mikinn aukakostnað í för með sér. Stefndi hafi tafið mjög verkið með seinagangi sínum, sífelldum undanslætti og loforðum, sem brugðust. Þessi töf á byggingarframkvæmdum hafi leitt til aukakostnaðar við bygginguna.

Stefnandi fékk dómkvadda menn til að skoða byggingargallana og meta til peningaverðs, hvað kostaði að bæta úr þeim. Auk þess áttu matsmenn að meta til peningaverðs þann aukakostnað, sem stefnandi kynni að hafa af því að múrhúða húsið í stað þess að kústa það. Þá var arkitekt hússins fenginn til að meta til peningaverðs það tjón, sem stefnandi varð fyrir af völdum seinagangs við bygginguna. Dómkvöddu matsmennirnir skiluðu 2 mötum, dags. 29. október 1973 og 23. ágúst 1974. Arkitektinn skilaði sínu mati í maí 1975. Samkvæmt þessum mötum er tjón stefnanda metið samtals kr. 5.195.400, sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Stefndi mótmælti mati arkitektsins í greinargerð sinni, dags. 15. febrúar 1977, og voru á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu dómkvaddir matsmenn til að meta kostnaðarauka, sem leitt hafði af verktöfum við byggingu Félagsheimilisins að Stóra-Ási. Matsmenn skiluðu mati, dags. 17. júní 1978, og nam kostnaðaraukinn skv. mati þeirra kr. 1.753.309, en mat arkitektsins á sama hafði numið kr. 4.538.000.

Stefnandi sundurliðar stefnufjárhæðina þannig:

1.	Viðgerð á steypugöllum	kr. 152.400
2.	Kostnaður við múrhúðun	— 505.000
3.	Bætur vegna tafa á verkinu ..	— 4.538.000
	Samtals	kr. 5.195.400

UM 1.

Stefndi viðurkennir að bera ábyrgð á steypugöllum og hefur frá upphafi boðist til að greiða kostnað við lagfæringu þeirra.

UM 2.

Stefnandi kveður múrhúðun eingöngu hafa komið til vegna hinna miklu steypugalla og beri stefnda því að greiða kostnað vegna hennar.

Stefndi hefur mótmælt því alfarið og bent á, að teikningar þær af húsinu, sem hann hafi fengið í hendur, hafi gert ráð fyrir því, að húsið yrði múrhúðað, og hafi hann hagað framkvæmdum sínum í samræmi við það. Allt önnur vinnubrögð séu viðhöfð við mótauppslátt, ef sleppa eigi múrhúðun og eins hafi þá þurft að vanda betur val steypuefnis.

UM 3.

Stefnandi byggir kröfur sínar um skaðabætur vegna verktafar á því, að húsið hafi verið haldið steypugöllum, sem stafi af gáleysi stefnda og manna hans. Stefndi hafi ekki staðið við samning aðilja, en hafi sagt sig frá verkinu og skilað lélegu verki og beri hann ábyrgð á göllum á húsinu og afleiddu tjóni af því, þ. m. t. verktöfum, og telur, að beita eigi ákvæðum Íslensks staðals, ÍST 30, í skiptum aðilja.

Mótmæli sín gegn þessum lið kröfu stefnanda byggir stefndi á því, að hann hafi tekið að sér að reisa umrætt hús og gera það fokhelt. Framkvæmdir hafi hafist vorið 1972. Hann hafi tekið að sér verkið án nokkurra skuldbindinga um framkvæmdahraða. Í nóvembermánuði 1972 hafi húsið verið uppsteypt, en eftir hafi verið að ganga frá þaki, til þess að það teldist fokhelt. Hafi aðiljar þá orðið ásáttir um að fresta frekari framkvæmdum til næsta vors. Sumarið 1973 hafi verið erfitt að fá smiði til starfa og hafi stefndi ekki fengið smiði til að setja þak á húsið, en fyrirhugað hafi verið að gera það fokhelt árið 1973. Það hafi tekist og því hafi engar tafir hlotist á því ári.

Formaður byggingarnefndar Félagsheimilisins í Stóra-Ási, Guðlaugur Torfason, kom fyrir dóm og kvað samninga við stefnda hafa verið munnlega og hafi það verið skilningur sinn, að stefndi stæði fyrir byggingunni, þar til henni yrði að fullu lokið, þ. e. réði að henni pípulagningamenn, múrara o. s. frv., þegar þar að kæmi. Hann kvað stefnda hafa boðist til að framkvæma viðgerð á steypugöllum þeim, sem fram komu í byggingunni. Vorið 1973 hafi byggingarnefndin síðan átt von á því, að stefndi héldi áfram byggingunni, en í byrjun júní hafi hann tjáð byggingarnefndinni, að hann hefði ekki menn til verksins. Nefndin hafi samt átt von á því, að hann léti framkvæma viðgerð á steypu-

göllum, en þegar sú viðgerð var ekki hafin í byrjun júlí, hafi verið óskað eftir mati dómkvaddra manna til að meta steypugallana. Í september hafi það síðan orðið að samkomulagi við stefnda, að heimamenn framkvæmdu viðgerðina, en haldið hafi verið eftir af greiðslum til stefnda kr. 300.000 frá árinu áður, sem ganga áttu upp í kostnað við að bæta úr steypugöllunum. Hann kvað síðan hafa verið ákveðið að láta húsið standa án frekari framkvæmda til vors 1974 til að sjá, hvort viðgerðin hefði heppnast, en um veturinn hafi komið í ljós, að veggir láku og þurftu því frekari viðgerðar við. Hann kvað Jakob Magnússon, Samtúni, hafa aðallega séð um viðgerð á steypugöllum og kveðst telja, að hann hafi ekki réttindi sem múrari, en hafi tekið að sér múrverk árum saman. Mættur (sic) kvað standa á teikningum af húsinu, að múrhúða ætti það að utan eða rappa, en kvað fljótlega hafa komið upp um það raddir í byggingarnefndinni að hætta við múrhúðun hússins og hafi það verið rætt við arkitektinn. Hann kvaðst ekki geta fullyrt um, hvort þessi hugmynd var rædd við stefnda. Hann kvað hafa verið rætt við stefnda um að gera húsið fokhelt 1972, en hugmyndin hafi verið að byggja sem hraðast, en hann kvaðst ekki þora að fullyrða, að önnur tímamörk hafi verið rædd við stefnda. Mætti (sic) kvað byggingu hússins ekki lokið enn, eftir sé að vinna við raflögn, innréttingar í eldhús og við sviðsbúnað. Hann kvað húsið hafa verið tekið í notkun vorið 1977.

Arkitekt hússins, Ólafur Kr. Sigurðsson, kom fyrir dóm. Hann kvað í upphafi hafa verið fyrirhugað að múrhúða húsið að utan en síðar hafi komið fram óskir heimamanna um, að því yrði breytt. Hann kvað sérstaklega aðspurður það vera venju að gera ráð fyrir því fyrirfram, þ. e. áður en uppsláttur hefst, ef ekki á að múrhúða húsbyggingar, þar sem þá þurfi að vanda uppslátt sérstaklega, en reikna megi með, að hús séu svo vel uppsteypt, að óhætt sé að sleppa múrhúðun með tilliti til þess, að húsið haldi vindi og vatni.

Stefndi kom fyrir dóm. Hann kvaðst hafa tekið að sér að gera umrætt hús fokhelt, en um engan ákveðinn framkvæmdahraða hafi verið rætt, enda kveðst hann þá hafa óskað eftir, að lögð yrði fram fjármögnunaráætlun af hálfu stefnanda. Hann kvaðst ekki hafa heyrt fyrr en á fundi í júní 1973, að ekki ætti að hraunhúða húsið að utan. Hann kvaðst í september 1973 hafa munnlega sagt sig frá verkinu sem meistari, en síðan hafi hann gert það skriflega um áramótin 1973/1974. Hann kvaðst hafa gert

ráðstafanir til að láta gera við steypugalla þá, sem fram komu á húsinu, og til þess hafi hann ráðið Geir Þorleifsson múrarameistara, Borgarnesi. En um sama leyti hafi hann frétt, að byggingarnefndin hefði óskað eftir mati dómkvaddra manna á göllunum, og hafi hann þá hætt við að láta framkvæma viðgerðina og hafi heimamenn séð um hana ófaglærðir og sé það kannski skýringin á leka, sem talið er, að komi fram víða í húsinu. Hann kvaðst hafa haft í huga, þegar hann lauk verkþætti í árslok 1972, að byrja aftur að vori, en kvaðst hafa tilkynnt byggingarnefnd það á fundi 1. júní 1973, að hann hefði ekki menn til verksins, og eftir það hafi ekki verið rætt við hann um framhald verksins né hann gefið neinn ádrátt þar um fyrr en í september, er hann sagði sig frá verkinu. Hann kvaðst sérstaklega aðspurður hafa litið á sig sem verktaka í sínu fagi, en ekki sem byggingameistara. Það hafi Guðlaugur Torfason verið að hans mati.

Dómurinn lítur svo á, að ósannað sé í máli þessu, að stefndi hafi tekið að sér annað en að gera umrætt félagsheimili fokhelt og að um engan ákveðinn framkvæmdahraða hafi verið samið.

Verða nú kröfur stefnanda teknar fyrir í sömu röð og hér að framan.

1. VIÐGERÐ Á STEYPUGÖLLUM,
KR. 152.400.

Krafa þessi er viðurkennd og verður því tekin til greina að fullu.

2. KOSTNAÐUR VIÐ MÚRHÚÐUN,
KR. 505.000.

Upplýst er í málinu, að á teikningum, sem stefndi fékk til að vinna eftir, er gert ráð fyrir, að húsið verði múrhúðað að utan. Þetta hafði í för með sér, að hann hagaði framkvæmdum sínum í samræmi við það. Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að nauðsynlegt hefði verið fyrir stefnda að vita um það fyrirfram, ef sleppa átti múrhúðun að utan, og einnig hefði þá verið full ástæða til að vanda betur val steypuefnis. Með hliðsjón af framansögðu verður krafa þessi ekki tekin til greina.

3. BÆTUR VEGNA TAFA Á VERKINU,
KR. 4.538.000.

Kröfur sínar um bætur samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á þeirri forsendu, að byggingartími hússins hafi verið fyrir-

hugaður 4 ár, og hafi sú áætlun raskast vegna viðgerða á steypuskemmdum, sem stefndi bar ábyrgð á. Dómurinn lítur svo á, að stefndi hafi tekið umrætt verk að sér án skuldbindinga um framkvæmdahraða, og telur ekki hægt að leggja til grundvallar þá forsendu, sem byggingarnefnd gefur sér um 4 ára byggingartíma, þegar af þeirri ástæðu, að byggingu hússins er enn ekki lokið vorið 1979, sjö árum eftir að framkvæmdir hófust. Stefnandi réð ófaglærða menn til viðgerða á steypuskemmdunum, og mistókst sú viðgerð að verulegu leyti í fyrstu og orsakaði töf á verkinu.

Stefndi hafði gert ráðstafanir til að fá faglærðan mann til að annast viðgerð á steypuskemmdum, en hætti við að láta hann framkvæma viðgerð, þegar stefnandi bað um mat dómkvaddra manna á þeim.

Með hliðsjón af framansögðu telur dómurinn, að stefnanda hafi ekki tekist að færa fullnægjandi sönnur fyrir því, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á meintum verktöfum, sem orðið hafa við byggingu Félagsheimilisins að Stóra-Ási, og verður því bótakrafa stefnanda samkvæmt þessum lið ekki tekin til greina.

Byggingarnefnd félagsheimilisins hélt eftir af greiðslum til stefnda kr. 190.293.80 vegna væntanlegrar viðgerðar á steypugöllum. Hinn 1. mars 1977 setti stefndi fram kröfu um skuldajöfnuð, og þykir bera að taka þá kröfu til greina, og verða vextir ekki dæmdir, þar sem kröfurnar verða til á svo til sama tíma.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi greiði stefnanda kr. 152.400, og skal sú fjárhæð dragast frá skuld stefnanda við stefnda, eins og hún var 1. mars 1977.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Málssóknarlaun skipaðs lögmanns stefnanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar, kr. 200.000, greiðast úr ríkissjóði ásamt útlögðum kostnaði samkvæmt reikningi, kr. 681.839.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna mjög mikilla anna dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn Theódórsson, greiði stefnanda, Félagsheimilinu Stóra-Ási, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu, kr. 152.400. Fjárhæð þessi skal dragast frá skuld stefnanda við stefnda, eins og hún var 1. mars 1977.

Málskostnaður falli niður, en málssóknarlaun skipaðs lögmanns stefnanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar, kr.

200.000, greiðast úr ríkissjóði ásamt útlögðum kostnaði, kr. 681.839.

Fimmtudaginn 3. júní 1982.

Nr. 128/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Þorsteini Þórði Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. f. m., sem barst Hæstarétti 2. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1982.

Ár 1982, föstudaginn 28. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að kærði Þorsteinn Þórður Sigurðsson, fæddur 22. október 1945, atvinnulaus, með lögheimili að Kaplaskjólsvegi 54 í Reykjavík, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 9. júní nk., kl. 1700,

vegna gruns um brot gegn 155. gr., 244. gr. og 254. gr. alm. hegningarlaga.

Málavextir.

Hinn 26. þ. m. kærði Haukur Hallgrímsson, Bugðulæk 17, Reykjavík, þjófnað á tékkhefti á Samvinnubankann, Suðurlandsbraut 18. Kvað hann heftinu hafa verið stolið frá sér í veitingahúsinu Glæsibæ 7. maí sl., en hann hafi tilkynnt bankanum það 10. maí.

Úr tékkhefti Hauks hafa komið fram 11 falsaðir tékkar, en sjálfur hafði Haukur notað 6 eyðublöð úr því.

Sigurpáll Eiríkur Garðarsson hefur við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kannast við að hafa falsað þrjá umræddra tékka, samtals að fjárhæð 3.400.00 krónur, og selt þá alla. Eyðublöðin hafi hann fengið hjá kærða, en þeir hittust í Garðastræti 2 fyrr í þessum mánuði. Þá kveðst hann einnig hafa framselt hina 8 tékkana, sem fram eru komnir, samtals að fjárhæð 8.200.00 krónur, en kærði hafi fyllt út framhlið þeirra og falsað nöfn útgefenda, en skilið þá eftir hjá Sigurpáli Eiríki, sem hagnýtti sér þá.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hefur kærði ekki viljað kannast við síðastgreinda 8 tékka, en neitað að tjá sig um kæruefnið að öðru leyti.

Hér fyrir dómi kannaðist kærði heldur ekkert við þessa tékka. Hann kvaðst hafa hitt Sigurpál Eirík í Garðastræti 2 oftar en einu sinni í þessum mánuði, en vissi ekki til þess, að þar hefðu neinir tékkar verið hafðir um hönd.

Rannsókn þessa máls er á frumstigi, og enn hafa ekki komið fram 8 tékkaeyðublöð úr umræddu hefti. Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir rétt að ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 9. júní 1982, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Þorsteinn Þórður Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. júní 1982, kl. 1700.

Fimmtudaginn 3. júní 1982.

Nr. 97/1982. **Reynir Ásmundsson og Elísabet Brynjólfsdóttir**
gegn
sýslumanni Árnessýslu sem þinglýsingadómara og hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps f. h. hreppsins.

Kærumál. Þinglýsing. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Þorsteinn A. Jónsson, skipaður setudómari, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 1982, sem barst réttinum 27. s. m. Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið að því er varðar varnaraðilja sýslumann Árnessýslu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili sýslumaður Árnessýslu krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðili hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Mál þetta er rekið fyrir bæjarþingi á Selfossi. Sóknaraðiljar reisa málssókn sína á 18. gr. laga nr. 39/1978. Slíkri málssókn geta þeir beint gegn rétthöfum þeirra skjala, sem um er deilt, og á úrlausn þess ágreinings undir bæjarþingið. Málssókninni verður hins vegar ekki beint gegn þinglýsingardómara, en úrlausn hans í þinglýsingarmáli sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt 3. gr. nefndra laga. Ber því að staðfesta hinn kærða frávísunardóm að niðurstöðu til.

Rétt er, að sóknaraðiljar greiði varnaraðilja sýslumanni Árnessýslu 3.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Reynir Ásmundsson og Elísabet Brynjólfsdóttir, greiði varnaraðilja sýslumanni Árnessýslu 3.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Selfoss 19. apríl 1982.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 3. og 4. desember 1981, á hendur sýslumanni Árnessýslu, Hörðuvöllum, Selfossi, sem þinglýsingardómara og hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps.

Í stefnu segir, að málið sé höfðað gegn sýslumanninum í Árnessýslu sem þinglýsingardómara, til þess að kveðið verði svo á um í dómi, að réttur stefnenda samkvæmt afsali á eignina Eyjasel 4, Stokkseyri, útgefnu 29. nóvember 1979 og þinglýstu 30. nóvember 1979, gangi framar rétti hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps samkvæmt tveimur löghöldum, gerðum í eigninni Eyjaseli 4 þann 14. febrúar 1979, öðru til tryggingar fjárhæð kr. 15.743.78, hinu til tryggingar fjárhæð kr. 8.254.60 og færð til þinglesturs þann 20. febrúar 1979. Þá er hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps stefnt ásamt sýslumanninum í Árnessýslu sem þinglýsingardómara til þess að þola viðurkenningardóm á kröfu stefnenda. Einnig er krafist málskostnaðar alls úr hendi stefndu in solidum skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi sýslumaðurinn í Árnessýslu gerir þær kröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi að því er hann varðar og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann sýknu og málskostnaðar, og til þrautavara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og henni dæmdur málskostnaður. Til vara krefst hún sýknu og málskostnaðar.

Í stefnu segir, að mál þetta sé höfðað fyrir dómþingi Árnessýslu, en því var stefnt inn á reglulegt bæjarþing á Selfossi, þar sem mætt var af hálfu stefndu, og hafa þeir síðar lýst því yfir, að það sé réttilega rekið fyrir bæjarþingi Selfoss.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Málflutningur um frávísunarkröfu beggja stefndu fór fram 16. apríl sl., og er einungis sá þáttur málsins hér til úrlausnar. Að svo búnu var mál þetta tekið til dóms eða úrskurðar.

Stefnendur lýsa málavöxtum þannig í stefnu, að í upphafi árs 1979 hafi þau ákveðið að kaupa af syni sínum, Jóhannesi Reynissyni, eign hans Eyjasel 4, Stokkseyri, en formlegur kaupsamningur hafi ekki verið gerður. Þann 14. febrúar s. á. gerði stefndi hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps tvö löghöld og eitt lögtak í framangreindri eign til tryggingar eftirfarandi fjárhæðum: kr. 15.743.78, kr. 8.254.60 og kr. 4.136.00, og var síðastnefnda fjárhæðin vegna vangoldinna opinberra gjalda. Löghöldin voru afhent til þinglýsingar 20. febrúar s. á. og sögð færð í þinglýsingarbækur 14. mars s. á., en lögtakið var afhent til þinglesturs 23. mars 1979 og sagt fært inn í þinglýsingarbækur 25. apríl 1979. Loks gerði hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps löghald í Eyjaseli 4 þann 4. maí 1979 til tryggingar kröfu að fjárhæð kr. 26.801.00. Löghald þetta var afhent til þinglýsingar 12. maí 1979 og sagt fært í þinglýsingarbækur 22. maí 1979.

Í nóvember 1979 hugðist Jóhannes Reynisson gefa út afsal á eignina Eyjasel 4 til handa stefnendum máls þessa, og fékk hann því veðbókarvottorð hjá sýslumannsembættinu á Selfossi. Samkvæmt því vottorði var afsalið útbúið, og 30. s. m. var það afhent til þinglýsingar og því síðan þinglýst án nokkurra athugasemda um efni þess, áhvílandi skuldir eða takmarkanir á rétti.

Þá segja stefnendur, að eftir að þau hafi keypt Eyjasel 4, hafi orðið talsverðar breytingar á fjárhag þeirra og þau neyðst til að bjóða eignina til sölu og því fengið veðbókarvottorð til að geta sýnt væntanlegum kaupendum. Hafi þá komið í ljós, að verulegt misræmi var á milli þess veðbókarvottorðs, sem gefið var út 22. nóvember 1979, og samkvæmt þinglýstu afsali annars vegar og svo nýrri veðbókarvottorða, hvað varðar kvaðir á eigninni Eyjaseli 4. Samkvæmt veðbókarvottorðinu frá 22. nóvember 1979 og afsalinu, sem þinglýst var án athugasemdar, var af hálfu hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps aðeins þinglýst einu löghaldi frá 4. maí 1979 til tryggingar kröfu að fjárhæð kr. 26.810.00 og svo einu lögtaki frá 14. febrúar 1979 fyrir kröfu að fjárhæð kr. 4.136.00. Lögtakinu frá 14. febrúar 1979 var aflýst þann 11. mars 1980, en þrátt fyrir það voru samkvæmt nýrri veðbókarvottorðum þrjú þinglýst löghöld til tryggingar skuldum, samtals að fjárhæð kr. 50.799.38.

Stefndi sýslumaðurinn í Árnessýslu byggir kröfu sína um frávísun á því í fyrsta lagi, að hann segir það viðurkennt í íslenskum dómskaparétti, að þinglýsing sé dómsathöfn og sé skrásetning í þinglýsingarbækur óhjákvæmilegur þáttur þeirrar dómsathafnar. Jafnframt segir hann, að það sé meginregla réttarskipunarinnar, að hliðsettir dómstólar séu ekki til þess bærir að dæma um gerðir hver annars og að í máli þessu sé honum stefnt sem þinglýsingardómara og því beri samkvæmt 68. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði að vísa málinu frá dómi að því er sig varði.

Í öðru lagi krefst hann frávísunar á þeim grundvelli, að krafan sé ekki dómtæk vegna óskýrrar kröfugerðar og að stefnendur hafi ekki réttarhagsmuni af því að fá viðurkenningardóm á hendur honum. Taldi hann, að 67. gr. laga nr. 85/1936 um, að dómstólar verði ekki krafðir álits um lögfræðilegt efni, nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar ákveðinni kröfu í dómsmáli, ætti hér við, og vísaði að öðru leyti til 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981 um skýra og ótvíræða kröfugerð og grundvallarreglna einkamálalaga máli sínu til stuðnings.

Stefndi heppsnefnd Stokkseyrarhrepps krefst einnig frávísunar. Í greinargerð hreppsnefndar segir lögmaður hennar, að hann hafi lesið greinargerð meðstefnda sýslumannsins í Árnessýslu og að hann taki undir röksemdafærslu hans að því er varði umbjóðanda sinn. Í málflutningi um frávísunarkröfu vísaði lögmaðurinn alfarið til málflutnings lögmanns stefnda sýslumannsins í Árnessýslu varðandi rökstuðning fyrir kröfu sinni að því marki sem hann ætti við um skjólstæðing hans.

Í málflutningi um frávísun gerðu stefnendur þær kröfur, að málinu yrði ekki vísað frá dómi og þeim tildæmdur málskostnaður, og til vara, að ef málinu yrði vísað frá dómi, yrði málskostnaður látinn falla niður.

ÁLIT DÓMSINS.

Það er viðurkennt í íslenskum rétti, að þinglýsing er dómsathöfn og að sú athöfn sé framkvæmd af þinglýsingardómara.

Dómurinn telur ótvírætt, að stefnendum máls þessa sé heimilt að höfða almennt einkamál á grundvelli 18. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Eins og kröfugerð er háttað í máli þessu, verður ekki talið, að vísa beri kröfum á hendur sýslumanninum í Árnessýslu frá,

vegna þess að honum sé stefnt sem þinglýsingardómara, né heldur sé hér fjallað um verk hans sem þinglýsingardómara með þeim hætti, að frávísun varði. Aftur á móti fæst ekki séð, að stefnendur hafi réttarhagsmuni af því að fá dóm yfir sýslumanninum í Árnessýslu sem þinglýsingardómara fyrir kröfum sínum, og ber því samkvæmt 67. gr. laga nr. 85/1936 að vísa kröfum á hendur honum frá dómi. Ber að dæma stefnendur til að greiða stefnda sýslumanninum í Árnessýslu málskostnað skv. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Málskostnaður þessi ákveðst kr. 3.000.00.

Stefndi hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur ekki sýnt fram á nein þau atriði, er valdi því, að vísa beri kröfum á hendur þeim frá dómi, og verður ekki talið, að röksemdafærsla meðstefnda, sýslumannsins í Árnessýslu, fyrir frávísun eigi við um hreppsnefndina. Kröfum stefnda hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps um, að málinu verði vísað frá dómi, er synjað að því er hreppsnefndina varðar. Afstaða til málskostnaðar verður tekin við uppkvaðningu væntanlegs efnisdóms í málinu.

Með úrskurði, uppkveðnum 16. desember 1981, vék hinn reglulegi dómari, Páll Hallgrímsson, sæti í málinu. Hinn 3. febrúar 1982 var Þorsteinn A. Jónsson, fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, skipaður setudómari í máli þessu. Hefur hann farið með málið frá þeim tíma og kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfum stefnenda á hendur sýslumanni Árnessýslu sem þinglýsingardómara er vísað frá dómi. Stefnendur, Reynir Ásmundsson og Elísabet Brynjólfsdóttir, greiði in solidum stefnda Páli Hallgrímssyni, sýslumanni Árnessýslu, kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Synjað er kröfu um að vísa málinu frá að því er varðar hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps.

Föstudaginn 4. júní 1982.

Nr. 101/1982. **Þorgils Axelsson**
gegn
Kjartani Blöndal
Verki h/f og
Einari Matthíassyni.

Kærumál. Heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í c lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð héraðsdóms, uppkveðinn 31. mars 1982. Kæran er dagsett 6. apríl og barst Hæstarétti 3. maí. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að Einari Matthíassyni verði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

Varnaraðiljar Kjartan Blöndal og Verk h/f krefjast staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljanum Einari Matthíassyni hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með stefnu, birtri 25. apríl 1980, höfðaði Þorgils Axelsson, Miðbraut 4 á Seltjarnarnesi, mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Kjartani Blöndal persónulega og f. h. Verks h/f, Sólbraut 1 á Seltjarnarnesi, til heimtu skaðabóta og/eða vangreiddrar þóknunar og útlagðs kostnaðar að fjárhæð 2.160.138 krónur auk vaxta og málskostnaðar.

Málavextir eru í stuttu máli þessir:

Á árinu 1973 tókst samvinna með stefnda Verki h/f og Kvarða, einkafyrirtæki stefnanda, Þorgils Axelssonar, sem er byggingatæknifræðingur. Verk h/f var á þeim tíma að hefja framleiðslu á stöðluðum einingum til húsbygginga. Kvarði gerði húsateikningar. Samvinnan var í því fólgin, að Kvarði gerði uppdrætti að húsum fyrir fólk, sem byggði

úr einingum frá Verki h/f. Meðal starfsmanna Kvarða voru Sigurður Ólafur Sigurðsson teiknari og Einar Matthíasson byggingafræðingur, Reynimel 80, Reykjavík. Á árinu 1974 slitnaði upp úr samvinnunni milli Verks h/f og Kvarða, og 10. nóvember það ár réðst Sigurður Ólafur í þjónustu Verks h/f. Stefnandi telur, að Verk h/f hafi, eftir að samvinnunni lauk, afhent viðskiptamönnum sínum teikningar, sem stefnandi hafði gert, með eða án endurgjalds án þess að vísa þeim til stefnanda og án greiðslu til hans, en hann telur sig eiga höfundarétt að teikningum þessum. Krefur hann varnaraðiljana Kjartan og Verk h/f um gjald fyrir endurnotkun teikninganna. Þeir telja hins vegar teikningarnar hugverk Sigurðar Ólafs Sigurðssonar.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 29. apríl 1980. Lagði stefnandi þá fram sóknargögn sín, og eru þar á meðal yfirlýsingar frá Sigurði Ólafi og Einari. Málsaðiljar fengu síðan frest og framhaldsfresti, uns vitna- og aðiljayfirheyrslur fóru fram 30. og 31. mars 1982. Sigurður Ólafur kom fyrir dóm 30. mars og staðfesti m. a. yfirlýsingu sína. Í henni sagði hann, að hann hefði, er hann var starfsmaður Kvarða, gert teikningar þær, sem um var að ræða, sjálfstætt í samráði við húsbyggjendur án afskipta eða leiðbeininga stefnanda, en ekki undirritað þær, þar sem hann hefði ekki haft réttindi til þess. Hann kvaðst síðar hafa notað teikningar þær, er hann hafði gert hjá Kvarða, á þeim forsendum, að hann ætti að þeim höfundarétt.

Yfirlýsing Einars Matthíassonar (dómskjal nr. 17) er svohljóðandi:

„„Undirritaður, sem starfaði sem tækniteiknari á teiknistofunni Kvarða (eigandi Þorgils Axelsson byggingafræðingur) á tímabilinu apríl — sept. 1972 og febrúar — júlí 1973, lýsi hér með yfir, að Sigurður Sigurðsson, Byggðarholti 2, Mosf., sem einnig starfaði á Kvarða á sama tíma, vann einn og án afskipta eiganda Kvarða, en í samráði við hina ýmsu húsbyggjendur, við að leysa fjölda byggingarnefndateikninga að öllu leyti frá frumhugmyndum til fullnaðarteikninga eða þar til eigandi Kvarða undirritaði þær,

þar eð hann var sá eini á teiknistofunni, sem hafði löggildingu.“

Hinn 31. mars 1982 kom vitnið Einar fyrir dóm á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var af Friðgeiri Björnssyni borgardómara. Var honum þar sýnt ljósrit af vottorði sínu, sem hann kvaðst hafa undirritað. Síðan gaf hann vitnaskýrslu. Skýrði hann svo frá, að þeir Sigurður Ólafur hefðu verið samstarfsmenn hjá Kvarða og víðar og væru kunningjar. Vitnið taldi, að það gæti ekki fullyrt, eins og í vottorðinu stæði, að Sigurður Ólafur hefði unnið algerlega án afskipta stefnanda. Afskipti hljóti alltaf að þurfa að vera einhver, en hann sagði, að Sigurður Ólafur hefði unnið mjög sjálfstætt. Hann kvað sig minna, að Sigurður Ólafur hefði beðið sig um að gefa þessa yfirlýsingu, og hafi hann tjáð sér, til hvers hann ætlaði að nota hana. Hann kvaðst hafa samið yfirlýsinguna og skrifað hana. Að vitnaleiðslunni lokinni var m. a. bókað í þingbók:

„Lögmaður stefnanda kveðst mótmæla framburði vitnisins Einars Matthíassonar sem bersýnilega röngum og ekki í samræmi við dómskjal nr. 17, sbr. bókuð mótmæli við því skjali í þinghaldi í gær, og kveðst krefjast þess, að vitnið vinni eið eða drengskaparheit að framburði sínum, og kveðst vekja sérstaka athygli á 142. gr. laga nr. 19/1940 . . .

Lögmaður stefnda óskar eftir því, að vitnið Einar Matthíasson verði að því spurt, hvort það sé reiðubúið til þess að staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti eða eiði. Kveðst vitnið, eftir að dómarinn hefur skýrt fyrir því, hvað staðfesting skýrslu er og hverja þýðingu hún hefur, reiðubúið til þess að staðfesta skýrslu sína . . .

Dómari kvaðst nú mundu á grundvelli 1. tl. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936 kveða upp úrskurð um synjun þess, að vitnið Einar Matthíasson staðfesti framburð sinn fyrir dóminum með eiði eða drengskaparheiti, skýrði forsendur sínar fyrir lögmönnum aðila og kvað síðan upp svohljóðandi

úrskurð:

Vitninu Einari Matthíassyni er synjað um að staðfesta

framburð sinn fyrir dóminum með eiði eða drengskaparheiti."

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar varðandi úrskurð þennan, eins og honum er rétt, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973, en ekki málavaxtalýsingu. Athugasemdirnar bárust Hæstarétti 2. þ. m. Segir þar m. a.:

„Fram kemur hjá vitninu Sigurði Ólafi Sigurðssyni í yfirheyrslu 30. mars s.l., að hann telur sig eiga höfundarrétt að hinum umdeildu teikningum . . . Hann hefur þó ekki, svo vitað sé, gert kröfur á grundvelli þessarar staðhæfingar sinnar. Hins vegar byggja stefndu kröfur sínar m. a. á þeirri málsástæðu, að Sigurður Ólafur Sigurðsson sé höfundur teikninganna . . . Vitnið Sigurður Ólafur Sigurðsson bað vitnið Einar Matthíasson að rita vottorðið á dskj. nr. 17 að því er Einar minnti, eins og fram kemur í framburði hans . . . Kemur og fram . . ., að Sigurður tjáir Einari, til hvers hann ætli að nota yfirlýsinguna, þ. e. í málaferlum milli Verks h/f og Þorgils Axelssonar, sem hann sé viðriðinn . . .

Þá kemur fram í framburði vitnisins Einars, að þeir Sigurður eru kunningjar.

Þegar á herti, vildi vitnið Einar ekki fullyrða, að Sigurður hefði unnið einn og án afskipta stefnanda Þorgils Axelssonar á teiknistofu hans, eins og fram kemur í vottorðinu, og breytir það efni vottorðsins og þýðingu töluvert.

Þegar dómarinn virti hina sérstöku stöðu vitnisins Sigurðar Ólafs Sigurðssonar í málinu, beiðni hans til vitnisins Einars, vottorðsgjöfina, tilgang hennar og notkun, og síðan framburð vitnisins Einars Matthíassonar, taldi hann rétt samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936 að synja vitninu um að fá að staðfesta framburð sinn fyrir dóminum með drengskaparheiti eða eiði."

Eins og áður greinir, segir í yfirlýsingu vitnisins Einars Matthíassonar, að Sigurður Ólafur hafi unnið „einn og án afskipta eiganda Kvarða, en í samráði við hina einstöku húsbyggjendur, við að leysa fjölda byggingatæknilegra teikn-

inga . . .“ Er hann kom fyrir dóm, taldi hann sig þó ekki geta fullyrt, að hann hefði unnið algerlega án afskipta stefnanda, en hann hefði unnið mjög sjálfstætt. Þó að vitnið hafi þannig nokkuð dregið úr fullyrðingu sinni, er það kom fyrir dóm, verður ekki talið, að það hafi reynst óstöðugt í framburði sínum, þannig að 1. tl. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936 eigi við. Þá verður heldur ekki séð, að vitnið sé á þann hátt við mál þetta riðið eða aðilja þess, að nefnt lagaákvæði sé því til fyrirstöðu, að það megi staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Föstudaginn 4. júní 1982.

Nr. 192/1979. **Friðrik Ásmundsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Sun House A/S Ltd.
(Björgvin Sigurðsson hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Vegna nýrra upplýsinga, sem komið hafa fram hér fyrir dómi, þykir rétt með skirskotun til 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að veita aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna, áður en málið er dæmt í Hæstarétti:

1. Skýrslu síðustu stjórnarmanna Sun House A/S Ltd. um aðild félagsins að málssókn þessari og um það, hvort krafa félagsins samkvæmt gerðardóminum 30. júní 1977 hafi verið enn í eigu félagsins við upphaf málssóknar þessarar eða hvort eigendaskipti hafi orðið að henni undir rekstri málsins.
2. Skýrslu skilanefndar Sun House A/S Ltd. um það, hvort fjárhæðir þær, sem félaginu voru úrskurðaðar og það var úrskurðað til að greiða með áðurgreindum gerðardómi, hafi verið taldar meðal eigna og skulda félagsins, er því var slitið, eða séu taldar það nú.
3. Annarra þeirra gagna, sem framangreind gagnaöflun kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.

Föstudaginn 4. júní 1982.

Nr. 193/1979. **Guðni Pálsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Sun House A/S Ltd.
(Björgvin Sigurðsson hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Vegna nýrra upplýsinga, sem komið hafa fram hér fyrir dómi, þykir rétt með skírskotun til 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að veita aðiljum kost á að

afla eftirtalinna gagna, áður en málið er dæmt í Hæstarétti:

1. Skýrslu síðustu stjórnarmanna Sun House A/S Ltd. um aðild félagsins að málssókn þessari og um það, hvort krafa félagins samkvæmt gerðardóminum 30. júní 1977 hafi verið enn í eigu félagsins við upphaf málssóknar þessarar eða hvort eigendaskipti hafi orðið að henni undir rekstri málsins.
2. Skýrslu skilanefndar Sun House A/S Ltd. um það, hvort fjárhæðir þær, sem félaginu voru úrskurðaðar og það var úrskurðað til að greiða með áðurgreindum gerðardómi, hafi verið taldar meðal eigna og skulda félagsins, er því var slitið, eða séu taldar það nú.
3. Annarra þeirra gagna, sem framangreind gagnaöflun kann að veita efni til.

Á l y k t a r o r ð :

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.

Föstudaginn 4. júní 1982.

Nr. 60/1980. **Bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Benedikt Sveinsson hrl.) gegn **Steindóri Árnasyni** (Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Stjórnsýsla. Sjálftaka. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu

9. apríl 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. mars s. á. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.846.57 krónur (nýkr.) með 13% ársvöxtum frá 7. ágúst 1976 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda í gagnsök í héraði. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að frá 1. desember 1979 verði vextir af hinni dæmdu fjárhæð 31% ársvextir til 31. maí 1980, en 35% ársvextir frá 1. júní s. á. til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ljóst er, að magnaður rottugangur var í hænsnahúsi stefnda, sem Ingólfur Hannesson hafði á leigu eftir fráfall fyrri leigutaka, Sigurgeirs Áskelssonar. Eftir að lokið var brottflutningi hænsnanna úr húsinu um miðjan júlí 1976, brá stefndi eigi svo skjótt við um ráðstafanir til eyðingar rottunum sem vænta mátti af honum eftir skoðunina 25. júní 1976, en þá virðist hann hafa fallist á að gera viðhlítandi ráðstafanir vegna ófagnaðar þessa, jafnskjótt og hænsnin hefðu verið flutt. Ásmundur Reykdal Kristjánsson eitraði þó fyrir rottur í húsinu hvað eftir annað án atbeina eða tilverknaðar stefnda dagana 25. júlí til 4. ágúst, og bar sú eitrun tilætlaðan árangur. Ekki hefur verið sýnt fram á, að svo stórfelld hætta hafi stafað af þeirri eitrun eða af dauðum rottum, að heimilt hafi verið með stoð í ákvæðum laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, sbr. og heilbrigðissamþykkt fyrir Seltjarnarneshrepp nr. 59/1961, eða samkvæmt öðrum réttarreglum að leggja eld í húsið án undangenginnar tilkynningar til stefnda, svo sem gert var að morgni 7. ágúst 1976. Og þar sem bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar ber ábyrgð á þeirri aðgerð samkvæmt samþykkt sinni 11. ágúst 1976, þykir stefndi eiga rétt til skaðabóta úr hendi áfrýjanda fyrir tjón, sem af hlaust.

Svo sem greinir í héraðsdómi, eru gögn um tjón stefnda eigi svo glögg, að ætlast verði á um fjárhæð þess með vissu.

Eins og hér stendur á, þykir rétt að láta sitja við ákvörðun héraðsdómara á bótafjárhæðinni. Ber samkvæmt framansögðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en ekki þykir efni til að leyfa hækkun vaxtakröfunnar, enda hefur málinu ekki verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Steindóri Árnasyni, 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 11. september 1979.

1.0.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, var upphaflega höfðað af hálfu Seltjarnarneskaupstaðar á hendur Steindóri Árnasyni á bæjarþingi 14. desember 1976.

Steindór höfðaði gagnsök á bæjarþingi 22. mars 1977, þar sem mætt var af hálfu bæjarins og fyrirtaka málsins samþykkt.

Báðum sökum var vísað frá héraðsdóminum með dómi 19. desember 1978. Frávísunardóminum var hrundið með dómi Hæstaréttar 8. mars 1979. Hin upphaflega aðalsök var hafin vegna útivistar 5. júní 1979.

Gagnsökin, sem hafði verið höfðuð til sjálfstæðs dóms, stóð þá eftir og krafa bæjarins um sýknu og málskostnað. Þann 22. júní var síðan höfðuð gagnsök af hálfu bæjarins á bæjarþingi, þar sem mætt var af hálfu Steindórs Árnasonar og fyrirtaka gagnsakarinnar samþykkt.

Aðalstefnandi, Steindór Árnason, Öldugötu 53, Reykjavík, krefst bóta fyrir verðmæti, er eyddust í bruna, sem staðið var fyrir af hálfu gagnstefnanda 7. ágúst 1976.

Gagnstefnandi krefst greiðslu kostnaðar vegna eyðingar á hænsnahúsi aðalstefnanda í nefndum bruna.

2.0.

2.1.

MÁLAVEXTIR.

Aðalstefnandi átti hænsnahús í landi Nýjabæjar við götuna Sefgarða í Seltjarnarneskaupstað, sem hann hafði leigt Ingólfi nokkrum Hannessyni undir hænsnabú.

Um mánaðamótin nóvember—desember 1975 virðist hafa verið brotist inn í húsið um glugga og síðan margsinnis fram á annan í jólum. Voru unnar skemmdir á húsinu, rúður brotnar og þannig búið um brynningartæki, að vatn flóði úr þeim um hænsnastíurnar. Þótt reynt væri að byrgja glugga, sem rúður höfðu verið brotnar í, virðast rottur hafa komist í húsið á þessu tímabili. Um vorið 1976 endurtóku sig líkir atburðir. Kvartað var úr nálægum húsum yfir rottugangi, og varð það að ráði um miðjan júní 1976, að hænsnin yrðu flutt úr húsinu.

Mál þetta var rætt í heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 22. júní 1976, og var ákveðið, að formaður nefndarinnar kynnti sér málavexti.

Skúli Júlíusson, formaður nefndarinnar, tilkynnti gagnstefnanda með bréfi 22. júní 1976, að nefndinni hefðu borist kvartanir vegna óþrifnaðar og rottugangs í og við hænsnahúsið, og óskaði eftir skoðun á húsinu. Skoðun þessi fór síðan fram 25. júní 1976, og tóku þátt í henni Skúli Júlíusson, Ingimundur K. Helgason varðstjóri og Ásmundur Reykdal meindýraeyðir. Sama dag skrifaði heilbrigðisfulltrúinn skýrslu um athuganir þeirra, og þann sama dag ritaði bæjarfógeti heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar bréf, þar sem segir:

„Hérmeð sendist heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar til athugunar og viðeigandi meðferðar skýrsla lögreglunnar á Seltjarnarnesi ásamt skýrslu rannsóknarlögreglu og ljósriti af skýrslu meindýraeyðis ásamt myndaspjaldi varðandi ásigkomulag hænsnahúss Steindórs Árnasonar við Sefgarða á Seltjarnarnesi, óþrif þar og rottugang, en nauðsyn er talin á skjótum aðgerðum. Ljósrit af skýrslu Jóhannesar Long, heilbrigðisfulltrúa, dagsett í dag, varðandi þetta mál, fylgir."

Einungis var einn nefndarmanna heilbrigðisnefndar, Gunnlaugur Árnason, viðlátinn á þessum tíma, og kom Ingimundur K. Helgason varðstjóri bréfi þessu ásamt meðfylgjandi gögnum til hans. Bæjarstjóri var í sumarfríi á þessum tíma, og leitaði Gunnlaugur til Magnúsar Erlendssonar, forseta bæjarstjórnar. Báru þeir síðan saman ráð sín Magnús, Gunnlaugur og Ingi-

mundur og höfðu samráð við meiri hluta bæjarstjórnar. Niðurstaðan af umræðum þessum var sú, að hænsnahúsið skyldi brennt og jafnað yfir lóðina með jarðvegi. Ingimundur hafði samband við slökkviliðið í Reykjavík, sem annast brunaútköll á Seltjarnarnesi, og bað um aðstoð. Klukkan 0930 þann 7. ágúst 1976 lagði slökkviliðið af stað á vettvang. Um það bil klukkustundu síðar var gagnstefnanda sent símskeyti, undirritað af forseta bæjarstjórnar f. h. bæjaryfirvalda, um, að hænsnakofar hans við Sefgarða yrðu eyddir með eldi þann dag sökum geysilegrar smithættu af eitri og rottumaur. Þennan dag var húsið brennt ásamt öllu því, sem í því var, rústirnar fjarlægðar og jarðvegi jafnað yfir lóðina.

Á fundi bæjarstjórnar 8. september 1976 var gerð svofelld ályktun:

„Bæjarstjórn staðfestir aðgerðir lögreglu og heilbrigðisyfirvalda varðandi hænsnakofa Steindórs Árnasonar í landi Nýjabæjar, en aðgerðir þessar voru framkvæmdar 7. þ. m.

Skýrslur frá lögreglu og heilbrigðisyfirvöldum liggja fyrir hjá skrifstofu bæjarstjóra."

Næsta dag sendi gagnstefnandi aðalstefnanda reikning, en hann hafði áður í skeyti, dagsettu 17. ágúst, áskilið sér allan rétt á hendur bæjarstjórn í sambandi við brunann.

Óumdeilt er, að húsið stóð á eignarlóð. Lóð þessi var þannig löguð, að hún féll ekki inn í skipulag.

Þann 19. október 1976 fékk aðalstefnandi aðra lóð í stað hænsnahúslóðarinnar hjá eigendum Nýjabæjar.

2.2.
KRÖFUR, MÁLSÁSTÆÐUR
OG LAGARÖK.

Í aðalsök er þess krafist af hálfu aðalstefnanda, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða honum 3.807.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í aðalsök er þess krafist af hálfu aðalstefnda, að hann verði sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda.

Af hálfu gagnstefnanda er þess krafist í gagnsök, að gagnstefndi greiði gagnstefnanda 384.657 krónur auk 16% ársvaxta frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu gagnstefnda er krafist sýknu í gagnsök og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Gagnkrafan sundurliðast þannig:

1.	Brunavarsla skv. reikningi	35.156 krónur.
2.	Ýting og jöfnun skv. reikningi	92.421 króna
3.	Brottflutningur á brunarústum o. fl. samkvæmt reikningi	257.080 krónur
	Samtals	384.657 krónur

Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram, að heilbrigðisyfirvöldum hafi verið stjórnarfarslega heimilt að brenna hús aðalstefnanda á hans kostnað. Um hafi verið að ræða ólögmætt ástand og grófa sök og vanrækslu af hálfu aðalstefnanda á þeirri skyldu að halda húsum sínum lausum við meindýr, aðalstefnanda hafi ekki aðeins borið að bera kostnað af eyðingu hússins, heldur einnig að þola hana bótalaust.

Af hálfu gagnstefnanda er í þessu efni vitnað í 2. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 10. gr. og 5. tl. 10. gr. laga 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, eftirtalin ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, sbr. 9. gr. nefndra laga, 26. gr., einkum 11. og 12. tl., 27. gr., 28. gr., einkum 1. tl., 3. tl. 40. gr., 1. tl. 45. gr., 78. gr., 79. gr., 80. gr., einkum 1. tl., 82. gr., einkum 1. tl., og 161. gr., einkum 2. tl., svo og 1. og 3. mgr. 29. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Seltjarnarneshrepp nr. 59/1961, sbr. 19. gr. laga 12/1969 og 2. tl. 213. gr. reglugerðar nr. 45/1972. Þá hefur af hálfu gagnstefnanda verið vísað til grunnreglna grenndarréttar og því haldið fram, að brýnir almannahagsmunir hafi knúið á um skjótar aðgerðir.

Af hálfu aðalstefnanda er því aðallega haldið fram, að ekki hafi verið tekin lögleg ákvörðun um brennuna, heilbrigðisnefnd hafi engin fyrirmæli gefið, en til vara, þótt litið yrði svo á, að slík ákvörðun hefði verið tekin, að sú ákvörðun sé þá haldin formlegum og efnislegum annmörkum. Því er haldið fram, að slíka ákvörðun skorti stoð í lögum, að heilbrigðisnefnd hafi ekki vald til slíkrar eyðingar verðmæta, að um hafi verið að ræða brot á meginreglum um stjórnvaldsákvarðanir og framkvæmd þeirra og að ekki hafi verið gætt réttra aðferða; fyrst hefði orðið að taka málið til meðferðar í heilbrigðisnefnd, síðan hefði átt að gefa aðilja kost á að skýra málið frá sínu sjónarmiði og loks hefði átt að leita úrlausnar dómstóla samkvæmt reglum laga um brottnám ólögmæts ástands. Þá er því haldið fram, að

ekki hafi verið gætt réttra stjórnvaldssjónarmiða og að með brennunni hafi gagnstefnanda (sic) verið valdið tjóni á ólögmætan og bótaskyldan hátt; ekkert tilefni, sem undanþiggi bótaábyrgð, hafi verið til, að húsinu var eytt. Þá hefur verið látið að því liggja, að annarleg sjónarmið hafi ráðið ákvörðun bæjaryfirvalda, en af hálfu bæjaryfirvalda er þeirri málsástæðu harðlega andmælt.

2.3.

Ingimundur K. Helgason varðstjóri segir, að hann hafi litið inn í hænsnahúsið skömmu fyrir 25. júní 1976, og kveður þá hafa verið þar stórar rottur í tugatali innan um hænsnin og umgengni og daun vægast sagt ótrúlegan. Hann sagðist ekki hafa séð betur en að ekki hefði verið þrifið hjá hænsnunum í marga mánuði eða jafnvel árum saman.

Í skýrslu Sveins Björnssonar yfirlögregluþjóns segir, að þegar hann kom að hænsnahúsinu þann 26. júní 1976, hafi sést mikill óþrifnaður, hænsnataðið hafi legið í þykkum lögum í stíunum, um það bil fet eða meira. Hann segir, að þarna hafi verið stærstu rottur, sem hann hafi séð, í hundraðatali og lyktin þannig, að slegið hafi fyrir brjóst. Hann nefnir, að íbúðarhús séu á alla vegu stutt frá þessum stað og töluverður ræktarblettur í kringum húsið, þar sem mikið af börnum hafi verið að leik. Þann 4. ágúst fór Sveinn aftur á vettvang og segir, að þá hafi legið dauðar rottur um allt inni í húsinu og utan þess. Niðurstaða hans og Ingimundar Helgasonar varðstjóra var sú, að húsið þyrfti að rífa og fjarlægja óþrifnaðinn.

Í skýrslu Jóhannesar Long heilbrigðisfulltrúa, dags. 6. ágúst 1976, segir, að við skoðun, sem fram fór þann dag, hafi hann orðið var við dauðar rottur á víð og dreif, sem margar hafi verið farnar að rotna. Hann taldi, að mikið væri af dauðum rottum í illgresi umhverfis húsið. Hann kveður þykkt lag hafa verið af hænsnaskít á gólfum og í varphólfum.

Í niðurlagi skýrslunnar segir svo orðrétt:

„Af upptöldum ástæðum tel ég, að af þessu stafi geisileg smithætta, þar sem að greiður aðgangur er að húsinu og lóð þess, bæði fólki, smádýrum og skordýrum, og þannig gæti smit borizt inn í aðliggjandi hús og einnig gæti borizt með rottumaur, sem er vaxandi vandamál hérlendis. Rottumaur leggst á fólk, þegar rottunnar nýtur ekki lengur við. Ennþá er þó nokkuð magn af rottueitri í hænsnahúsinu, og einnig eru rotturnar full-

ar af eitri. Það rottueitur, sem notað er í dag, kemur af stað innri blæðingum, er seinverkandi og gæti verið mjög hættulegt fólki og dýrum. Að mínu mati er engin lausn á vandamálinu að loka húsinu. Það eina, sem dygði, er að brenna það og þekja síðan lóðina jarðvegi."

Þessa skýrslu hefur heilbrigðisfulltrúinn staðfest fyrir dóminum.

Í skýrslu Ásmundar Reykdal, dags. 5. ágúst 1975, segir, að hann hafi þann 4. ágúst 1976 tilkynnt Ingimundi Kr. Helgasyni varðstjóra, að hann áliti, að allar rottur væru dauðar og að nú þyrfti að fjarlægja húsið. Í skýrslunni segir, að dauðar rottur liggi eins og hráviði bæði inni í húsinu og jafnvel utan við það. Hann kveðst telja, að mikill fjöldi af dauðum rottum hljóti að vera á milli þils og veggja og í rottugrenjum í gólfi og rjáfri. Þá segir, að þar sem ein vika sé liðin frá því að fyrstu rotturnar muni hafa drepist, megi búast við, að hræin fari að úldna og flugur að sækja í þau. Hann kveðst þess vegna leggja til, að húsið verði brennt við fyrsta tækifæri, því fyrr því betra, vegna hættu á, að alls kyns óþverri kvikni í þessu. Hann bendir á, að rottur séu miklir smitberar og að þar sem húsið haldi hvorki vatni né vindi og sé opið hverjum sem er, sé nauðsyn ennþá meiri að brenna það. Hann tekur fram, að ef ekki sé hægt að brenna húsið innan fárra daga, telji hann nauðsynlegt að dreifa skordýraeitri. Hann tekur fram, að ekki sé aðeins mikilvægt, að húsið sé brennt og rústirnar færðar á sorphauga, heldur þurfi einnig að fjarlægja gróður úr næsta nágrenni við húsið. Hann kveður hafa verið notuð 25 kg af calsiferol, 0.1%, og 27 kg af dycosat, 0.025%.

Í grein í Dagblaðinu frá því í september 1976 er haft eftir Ásmundi Reykdal, að calsiferol sé D vítamín, sem verki þannig á öll nagdýr, að þau drepist, þegar þau éti af því, en að önnur dýr og menn þurfi að neyta mjög mikils magns af efninu, til að það skaði þau.

Hér fyrir dómi hefur Asmundur haldið því fram, að í grein þessari sé ekki rétt eftir sér haft, að calsiferol sé hættulaust mönnum og stærri dýrum.

Hann hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi.

Gagnstefnandi kveðst hafa nokkra reynslu af rottueyðingu vegna starfa sinna á stórum togurum um 30 ára skeið, m. a. með blásýrugasi. Hann segir, að engrar lyktar eða eftirkasta hafi orðið vart, þó að margar rottur dræpust milli þils og skipssíðu

og í krókum og kimum, enda hafi þetta sannast við næstu flokkunarviðgerð, þá hafi rotturnar fundist visnaðar eins og pappírssnepill bak þilja.

Gagnstefnandi (sic) heldur því fram, að ekkert óeðlilegt sé við, að hænsnatað sé látið safnast fyrir allt að einu ári í senn og að sterk lykt, sem lagði af taðinu, hafi stafað af því, að vatn komst í það. Gagnstefnandi (sic) kveðst hafa gert þannig við húsið, eftir að hann eignaðist það, að það hafi verið rottuhelt, þar til farið var að brjóta í því rúður.

2.4.

ÁLIT DÓMSINS.

Samkvæmt 10. gr. laga 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit skulu í heilbrigðisreglugerð m. a. vera almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað utanhúss, svo sem á opnum svæðum í þéttbýli og görðum og lóðum kringum hús, svo og um meindýr hvers konar og gripahús. Í heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga 12/1969 og gildir samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar fyrir allt Ísland ásamt með landhelgi og lofthelgi, eru ákvæði, eins og hér greinir, sem hér þykja skipta máli. Samkvæmt 11. og 12. tl. 26. gr. og 1., 2. og 3. tl. 76. gr. er það hlutverk heilbrigðisnefndar að gera ráðstafanir til upprætingar hvers konar meindýra úr húsum og mæla fyrir um aðgerðir til upprætingar á rottum. Nefndin getur í þessu skyni bannað afnot húsnæðis, uns dýrin hafa verið upprætt, og krafist þess, að hús séu gerð rottuheld. Samkvæmt 1. tl. 79. gr. skulu húsráðendur og umráðamenn lóða halda húsum sínum og eignum lausum við meindýr eftir föngum, m. a. með því að gera húsin rottuheld. Samkvæmt 2. tl. 79. gr. skal tilkynna heilbrigðisnefnd, ef meindýra verður vart, og gera ráðstafanir til útrýmingar dýrunum í samræmi við fyrirmæli nefndarinnar. Þegar þurfa þykir, skal gera sérstakar ráðstafanir til útrýmingar á rottum og músum í einstökum sveitarfélögum eða hluta þeirra (1. mgr. 80. gr.).

Í 2. kafla reglugerðarinnar er kveðið á um hreinlæti og þrifnað utanhúss. Samkvæmt 2. tl. 40. gr. getur nefndin krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar og hefur almenna þýðingu. Samkvæmt 3. tl. sömu greinar er nefndinni enn fremur heimilt að fyrirskipa niðurrif húsa og girðinga, ef sérstök ástæða er til. Samkvæmt 2. tl. 42. gr. getur sveitarstjórn látið hreinsa einkalóðir á kostnað

eiganda, ef þess gerist þörf. Samkvæmt 1. tl. 45. gr. má eigi hafa á almannafæri fiskifang eða annað, sem óþef eða óþrifnaði getur valdið. Samkvæmt 2. tl. 161. gr. skal rottum og öðrum meindýrum tafarlaust útrýmt úr peningshúsum. Í 18. kafla, sem fjallar um meðferð og sölu matvæla og annarra neysluvara, er í 3. tl. 164. gr. kveðið á um, að húsakynni skuli vera rottu- og músaheld.

Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykkt, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði og innheimta síðan hjá hlutaðeigandi, 2. mgr. 17. gr. laga 12/1969 og 4. og 5. tl. 210. gr. reglugerðar 45/1972.

Samkvæmt 19. gr. laga 12/1969 skyldu heilbrigðissamþykktir einstakra sveitarfélaga halda gildi sínu, þar til heilbrigðisreglugerð fyrir allt landið hefði tekið gildi. Með 2. tl. 213. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 eru ýmsar heilbrigðissamþykktir felldar úr gildi, þ. á m. reglugerð 59/1961 fyrir Seltjarnarneshrepp, að undanteknum þeim ákvæðum, sem ganga lengra en samsvarandi ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972.

Samkvæmt 29. gr. heilbrigðissamþykktar nr. 59/1961 er húsráðendum skylt að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á hans kostnað.

Í lögum nr. 27/1945 er kveðið svo á í 1. gr., að bæjar- og sveitarstjórnir skuli gangast fyrir því undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnarinnar, að rottum sé eytt. Samkvæmt 2. gr. laganna skal eyðing á rottum framkvæmd á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs. Samkvæmt 3. gr. skal við eitrun aðeins nota þær eiturtegundir, sem óskaðlegar eru mönnum og skepnum, sem þyngri eru en 1 kg. Þó getur heilbrigðisstjórnin leyft notkun sterkari eiturtegunda, þar sem rottufaraldur er mjög mikill eða erfiður viðfangs, svo sem í skipum, sorphaugum og afgirtum geymslusvæðum.

Í lögum nr. 12/1969 er ekki kveðið á um bótaskyldu vegna tjóns, sem leiðir af framkvæmd laganna og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim. Lögin virðast þó á því byggð, að eigi skuli koma bætur vegna fyrirmæla heilbrigðisreglugerðar um atriði þau, sem talin eru í 10. gr. laganna.

Samkvæmt 67. gr. stjórnskipunarlaga nr. 33/1944 má engan skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji.

Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Þetta ákvæði hefur jafnan verið skilið á þann veg, að það væri ekki því til fyrirstöðu, að mönnum væri í lögum gert skylt að þola umtalsverðar eignaskerðingar og fjárútlát vegna sóttvarnaraðgerða og af heilbrigðisástæðum annars.

Fram hefur komið, að af hálfu gagnstefnanda var farið að amast við byggingum aðalstefnanda vegna fyrirhugaðrar byggðar samkvæmt nýju skipulagi. Ef til þess hefði komið, að byggingar aðalstefnanda hefðu orðið að víkja af skipulagsástæðum, virðist hann hafa átt rétt á fullri greiðslu fyrir húsin, enda hefðu þau þá orðið eign bæjarsjóðs, sbr. 1. mgr. 5. gr. og 28. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Eins og síðar verður rakið, verður að álíta, að aðalstefnandi hafi orðið fyrir verulegu tjóni vegna aðgerða gagnstefnanda. Eins og áður greinir, er ekki skýrt kveðið á um bótarétt vegna tjóns, sem leiðir af framkvæmd heilbrigðislöggjafarinnar.

Verði maður fyrir tjóni vegna aðgerða, sem helgast af neyðarrétti, ber honum bætur úr hendi þess, sem nýtur góðs af aðgerðunum, og getur þetta átt við eftir atvikum um aðgerðir hins opinbera, t. d. varðandi brunavarnir. Sú eyðing verðmæta, sem hér um ræðir, virðist hafa átt sér stað í þágu sveitarfélagsins í heild.

Aðalstefnandi virðist engin fyrirmæli hafa fengið frá heilbrigðisyfirvöldum um rottueyðingu eða um eyðingu verðmæta sinna. Þótt ákvæði laga 12/1969 séu, eins og að framan er rakið, reist á því, að ekki skuli koma bætur fyrir tjón, sem leiðir af framkvæmd laganna og reglugerðarinnar, virðist varhugavert að fullyrða, að í því efni sé miðað við svo stórkostleg eignaspjöll sem hér ræðir um og svo óvenjulegar aðgerðir.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af þeim meginsjónarmiðum, sem hafa ber í huga, þegar ákvörðuð eru mörk þeirra eignaskerðinga, sem menn verða að þola bótalaust vegna almannahagsmuna, og þeirra einstöku eignaskerðinga, sem bæta ber fullum bótum, og einkum með þau réttlætis- og jafnréttissjónarmið í huga, sem ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar hvíla á, þykir verða að fallast á það með aðalstefnanda, að hann eigi rétt á bótum úr hendi gagnstefnanda vegna eyðingar verðmæta þeirra, sem brennd voru og fjarlægð.

Jafnframt þykir, eftir því sem að framan er rakið, bera að sýkna gagnstefnda af kröfum um greiðslu kostnaðar við eignaspjöllin. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykja ekki efni til að

taka afstöðu til þeirra málsástæðna, sem byggjast á því, að aðgerðir gagnstefnanda hafi verið ólögmætar og haldnar efnislegum og formlegum annmörkum. Þá þykja sjónarmið varðandi ábyrgð aðalstefnanda vegna ólögmæts ástands, sem hafi leitt af margendurteknum skemmdarverkum á húseign hans, ekki geta breytt þessari niðurstöðu, enda virðist það ástand, sem gagnstefnandi telur hafa gert að verkum, að eyðing hússins þoldi enga bið, beinlínis hafa leitt af því, hvernig rottueyðingunni var hagað, og ekki verður séð, að aðalstefnandi eða aðiljar, sem hann ber ábyrgð á, hafi firrt sig bótarétti með ámælisverðu athæfi í því, hvernig snúist var við þeim vanda, sem leiddi af skemmdarverkum þeim, sem þeir urðu að þola, eða með óhlýðni við lögleg boð yfirvalda. Á hinn bóginn virðist aðalstefnandi ekki eiga rétt til bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa orðið fyrir af rottueitruninni, samkvæmt áðurgreindum meginsjónarmiðum, sem lög 12/1969 byggjast á.

Gagnstefnandi (sic) hefur fengið framseldan bótarétt leigutaka.

3.0.

TJÓN AÐALSTEFNANDA OG BÆTUR.

Aðalstefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

A. Hús	kr.	2.953.000
B. Lauslegt, ýmislegt	—	500.000
C. Miðstöðvarlögn og brynningartæki	—	290.000
D. Hænsnatað	—	64.000
	Samtals kr.	3.807.000

Af hálfu aðalstefnda er kröfum aðalstefnanda mótmælt sem alltof háum, af gögnum málsins verði ráðið, að húsið hafi verið mjög lítils virði, bæði vegna aldurs, viðhaldsskorts og skemmdarverka, sem á því hefðu verið unnin. Því er haldið fram, að þau verðmæti, sem talin eru undir lið B í sundurliðuninni, séu annað hvort hluti fasteignarinnar eða fylgifé, að vafamál sé, hvort sumir af þessum hlutum hafi nokkurt verðgildi eða að þeir hafi yfir höfuð verið í húsinu. Varðandi verðmæti í lið C er því haldið fram, að um sé að ræða hluta fasteingarinnar auk þess sem ósannað sé með öllu, að veðmæti þessi hafi verið til staðar. Lið D er mótmælt sem allt of háum, enda hafi hænsnataðið verið með öllu óhæft til notkunar sem áburður á gróður, eftir að eitri hafði verið dreift í það.

Af hálfu aðalstefnanda er áhersla lögð á, að aðalstefndi hafi komið í veg fyrir, að upplýst yrði um verðmæti þessi með eyðingu þeirra, og að af þeim sökum hljóti sönnunarbyrgðin að hvíla á honum um, að það sé minna virði en fram er haldið af hálfu aðalstefnanda.

Í fasteignamatsbók er húsið talið 800 rúmmetrar og matsverð hænsnahússins 193.000 krónur. Brunabótamat fór fram 29. október 1955, og var húsið þá metið á 200.000 krónur. Lýsing á húsinu er á þá leið, að um sé að ræða hænsnahús úr asbestplötum með tvöföldum veggjum, stoppuðum, og steyptu gólfi og útbyggingu eða viðauka að vestan úr sama efni. „Við austurenda aðalhússins hefur verið bætt útbyggingu, sem er járnklædd.“ Síðan er vitnað í virðingu frá 11. september 1943. Loks er tekið fram, að eldstæði séu engin og að rafmagn sé notað til ljósa.

Samkvæmt tilkynningu Brunabótafélagsins var vátryggingarupphæð hússins þann 25. október 1975 2.953.000 krónur. Samkvæmt bréfi Brunabótafélagsins, dagsettu 11. maí 1978, til lögmanns aðalstefnanda var félaginu tilkynnt í október 1975, að húsið væri í mikilli niðurníðslu og hirðuleysi og að vátryggingarupphæðin væri óraunhæf. Var Stefáni Ágústssyn, sem annast umboð þess á Seltjarnarnesi, en er jafnframt starfsmaður gagnstefnanda, falið að hafa samband við matsmenn hreppsins og láta úrskurða um ástand hússins. Síðar tilkynnti Stefán, að húsið gæti ekki talist tryggingarhæft í því ástandi sem það væri samkvæmt ályktun matsmanna. Var þá ákveðið að fella niður brunatryggingu hússins og Stefáni falið að tilkynna eiganda hússins, að eignin yrði felld úr tryggingu frá og með 15. október 1975.

Í bréfi Stefáns Ágústssonar til lögmanns gagnstefnanda segir, að ákvörðun um niðurfellingu brunatryggingar hafi verið tekin í samráði við Grétar Jónsson, fulltrúa hjá Brunabótafélagi Íslands, og í samráði við báða hina matsmennina. Hann segir, að matsmennirnir hafi ekki komið því við að fara allir á staðinn saman, en kveður hina matsmennia hafa notað fyrsta tækifæri, sem þeim gafst, til að skoða húsið. Hinir matsmennirnir hafa komið fyrir dóminn, og segja þeir, að þeir hafi aldrei skoðað húsið.

Áður en til þess kom, að húsið yrði fellt úr tryggingu, hafði aðalstefnanda verið tilkynnt um hækkun á brunabótamatsverðinu, en hann hafði óskað eftir, að sú ákvörðun yrði endurskoðuð, þannig að tryggingarfjárhæðin yrði óbreytt, þar sem hann taldi, að verðmæti hússins hefði ekki fylgt eftir almennum hækkunum

á húsverði. Ákveðið var, að brunabótamatið hækkaði í 4.164.000 krónur fyrir tímabilið 15. október 1975 til 15. október 1976.

Í samningnum frá 12. maí 1954 er kaupverð hússins talið 88.000 krónur. Samkvæmt leigusamningi 19. apríl 1972 var leiga fyrir húsið ákveðin 8.000 krónur á mánuði, og virðist hún hafa verið óbreytt, þar til þeim leigusamningi var slitið. Árið 1972 virðist hafa verið lögð heimtaug fyrir kranavatn í húsið á vegum Hitaveitu Seltjarnarness.

Í aðiljaskýrslu aðalstefnanda 10. apríl 1978 segir, að um það bil 18 árum áður hafi hann látið tvöfalda fóðurgeymslu og byggja við húsið 55 m^2, að því er hann minnir, og 12 m^2 fyrir ungauppeldi að auki.

Aðalstefnandi segir, að asbest hafi verið utan á öllu húsinu, þegar hann keypti það, og þakið einnig að mestu leyti úr asbesti Hann segir, að það, sem hann hafi byggt við húsið, hafi verið úr timbri og járni. Hann segir, að þakið hafi verið einangrað með spónum og tré. Húsið virðist ekki hafa verið endurmetið til brunabóta, eftir að bætt var við það. Austan við aðalhúsið kveður aðalstefnandi hafa verið þrjá ungakofa. Hann segist hafa lagt vatnslögn í allar stíur og útbúið brynningartæki. Hann segir, að leigjandi sinn hafi sett sjálfbrynningartæki úr kopar í húsið.

Samkvæmt lögregluskýrslu 25. júlí 1976 var þá búið að brjóta allar rúður í suðurhlið hússins og einnig stoðir og útveggi.

Í skýrslu rannsóknarlögreglunnar í Hafnarfirði, dags. 26. júlí 1976, segir, að hluti af hlið hússins virðist hruninn, en að vegna fúa og elli hafi ekki þurft mikið við það að koma.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af þrem piltum, sem viðurkenndu að hafa skemmt húsið, segir, að þeir hafi sparkað í suðurhlið hússins og brotið meira og minna, lítið hafi þurt til að brjóta stoðir og útveggi, þar sem hvort tveggja hafi verið grautfúið.

Í vitnaskýrslu Ingimundar K. Helgasonar lögreglumanns segir, að norðurhlið hússins hafi verið járnklædd, en að suðurhliðin hafi verið úr trégrind, klæddri asbesti utan og innan, stoðir hafi verið fúnar niður við gólf, asbest, rúður og svefnprik brotin og húsið sligað undir þunga þaksins.

Í skýrslu Jóhannesar Long, dags. 6. ágúst 1976, segir, að rúður séu brotnar, útveggir skemmdir og húsið í mikilli niðurníðslu, því hafi greinilega ekki verið haldið við í mörg ár, enda sé það gegnsósa af raka og öðru ógeði, vegg- og þakeinangrun liggi víða úti, enda klæðning víða farin að detta af vegna fúa og undirstöðuleysis.

Jóhannes Long segir, að sér hafi virst, að viðhald hafi ekki átt sér stað í mjög langan tíma og að húsinu hafi lítil virðing og sómi verið sýndur. Hann segist hafa orðið var við raka og fúa í burðarviðum. Hann segir, að húsið hafi verið gegnsósa af óhreinindum og skít.

Ásmundur Reykdal segir, að að sínu mati hafi þetta verið algerlega ónýtt húsnæði, allt meira og minna brotið.

Leigutakinn, Ingólfur Hannesson, segir, að sumt af húsinu hafi verið múrhúðað, annað byggt á stafi með asbesti að utan og innan og asbest á þakinu. Hann segir, að sumt af húsinu hafi verið klætt með járni. Hann segir, að sumstaðar hafi verið svolítil bleyta í þakinu, eftir að þakið hafði verið brotið, annars segist hann ekki hafa séð fúa.

Bæjarstjórinn segir, að útlit hússins hafi borið með sér, að þetta væru ekki hús til frambúðar eða sem gætu þjónað sínu hlutverki lengur.

Þórður Hjartarson húsasmiður, bróðursonur aðalstefnanda, sem aðalstefnandi hafði fengið til að gera við húsið fyrir sig, segir, að ekki hafi verið hægt að leggja mikið í viðgerðina, en að húsið hafi verið í ágætu ástandi áður, það hafi að vísu verið gamalt og farið að gefa sig, en þó ekkert til fyrirstöðu að gera við það. Hann segir, að húsinu hafi alltaf verið haldið við og að það hafi ekki verið látið drabbast niður. Hann segir, að mjög gott járn hafi verið á þaki aðalhússins.

Af hálfu aðalstefnanda hefur verið lagður fram listi yfir lausafé, sem hann krefst bóta fyrir. Í þessum lista eru m. a. talin eldhúsborð með skúffum, sem virðist vera hluti af eldhúsinnréttingu, vaskur, sem fram hefur komið, að muni hafa verið brotinn, þegar húsið var brennt, hillur fyrir egg í bökkum, 400 m svefnprik fyrir hænur og unga, 200 m uppistöður fyrir palla, 400 m pallborð undir svefnprikum, 270 hreiður fyrir varphænur, rafbúnaður, þar með talin straumbreytir, rafmagnsklukka, rafmagnstöflur, ljósastæði með fattningum og perum, útiluktir við eldhús og fóðurgeymslu og tenglar. Varðandi vatnsleiðslu eru taldir 50 m af galvaniseruðum rörum, 26 sjálfbrynningartæki og þrýstijafnari fyrir drykkjarvatn, 3 stórir fósturhjálmar og 6 „fóstrur“, 8 samtengi og 3 perustæði. Enn fremur eru talin ýmiss konar verkfæri, bæði viðvíkjandi hænsnarækt inni og öðru, stigar, 120 faðmar stálvír, perur og saumur svo og netakork, hrossleggir og netateinar, sem aðalstefnandi segir, að átt hafi að fara á minjasafn. Þá eru talin varastykki í vatnslögn og margt fleira.

Samkvæmt yfirlýsingu frá 18. mars 1977 telur Ingólfur Hannesson sig hafa átt miðstöðvarlögn eftir öllu húsinu ásamt sjálfvirkum hitastillum, Danfoss, að verðmæti u. þ. b. 250 þús. krónur, svo og brynningartæki fyrir hænsni í 10 stíum, að verðmæti 40 þús. krónur.

Við yfirheyrslur í málinu var spurt allnákvæmlega um lausafé þetta, en þær yfirheyrslur báru ekki mikinn árangur, þannig að það, sem þar kom fram, bætti litlu við þær upplýsingar, sem liggja fyrir í gögnum málsins. Þannig virðast þessar upplýsingar ekki útiloka, að nefndir lausamunir hafi verið í húsunum, en frekar virðast þær benda til, að munir þessir hafi yfirleitt verið gamlir og fremur lítils virði. Gögn málsins virðast benda til, að mjög mikið af taði hafi verið í húsinu, en að það hafi að nokkru leyti verið blautt og í því hafi verið bæði allmikið af eitri og dauðum rottum.

Eins og ljóst má vera af því, sem hér hefur verið rakið, eru mjög ófullkomnar upplýsingar fyrir hendi um verðmæti þess, sem eyddist í brunanum.

Eina matið, sem virðist taka til allrar húseignarinnar, er fasteignamatið, en ætla verður, að það hafi á þessum tíma almennt verið óeðlilega lágt miðað við raunvirði fasteigna. Brunabótamatið byggist á virðingu, sem fór fram um 20 árum áður en húsið var brennt og áður en það var stækkað. Hins vegar var húsið aðeins rúmlega 10 ára gamalt, þegar matið fór fram, og virðist mega ætla af gögnum málsins, að það hafi verið orðið mjög lélegt, þegar það var brennt. Virðist margt benda til, að komið hafi verið að lokum endingartíma hússins, auk þess sem það hafði verið stórskemmt, en að sjálfsögðu ber gagnstefnandi ekki ábyrgð á þeim spjöllum, sem stafa af þeim skemmdarverkum.

Aðalstefnandi hefur engar upplýsingar gefið um verðmæti hænsnataðsins, þótt ætla verði, að hægt hefði verið að afla gagna um viðskipti með húsdýraáburð á því tímabili, sem hér skiptir máli, auk þess sem efasamt er, að taðið hafi verið söluhæf vara. Af þessum sökum og með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu aðalstefnanda í 3 tl.

Að öðru leyti verður óhjákvæmilegt, eins og á stendur, að áætla tjón aðalstefnanda með meiri ónákvæmni en almennt er í dómsmálum.

Við skiptingu sönnunarbyrðarinnar verður fyrst og fremst að líta til þess, að gagnstefnandi gaf engan kost á, að verðmæti væru skoðuð, áður en þeim var eytt. Við ákvörðun bótafjárhæðar þykir

bera að fara eftir grunnreglu 5. mgr. 11. gr. aðfararlaga nr. 19/1887.

Að því leyti sem aðalstefnandi þykir hafa vanrækt að gera það, sem með sanngirni má ætlast til af honum til að upplýsa um tjón sitt, kann að vera, að hann hljóti að bera nokkurn halla af upplýsingaskorti.

Upplýsingar vantar um, að hve miklu leyti sumir þeir munir, sem krafist er bóta fyrir í 2. tl., eru innifaldir í brunabótamati og einkum þó fasteignamati.

Þykir rétt að meta tjón á lausafé og fasteign í einu lagi.

Þykja bætur til aðalstefnanda hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur auk 13% ársvaxta frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og málskostnaður í báðum sökum, 350.000 króna.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefndi skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda.

Aðalstefndi, bæjarstjórn Seltjarnarness, greiði fyrir hönd bæjarsjóðs Seltjarnarness aðalstefnanda, Steindóri Árnasyni, 1.500.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og 350.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. júní 1982.

Nr. 177/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn
Einari Þórðarsyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1981. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd. Ágrip barst Hæstarétti 18. desember 1981.

Ríkissaksóknari hefur með bréfi til Hæstaréttar, dagsettu 26. apríl 1982, lýst því yfir, að af hálfu ákæruvalds séu niður felldar úr ákæruskjali í máli þessu tilvitnanir í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/-978.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði sunnudaginn 11. maí 1980 játaði ákærði að hafa nóttina áður ekið bifreiðinni G 11826 frá Hverfisgötu í Hafnarfirði á Reykjavíkurveg á móts við hjólbarðaverkstæði, sem þar er. Ákærði viðurkenndi áfengisneyslu fyrir aksturinn, en kvaðst ekki hafa verið undir áfengisáhrifum, er hann ók. Hann kveðst ekki hafa neytt neins áfengis, meðan á akstri stóð eða eftir að honum lauk. Blóð, sem tekið var úr ákærða, skömmu eftir að akstri lauk, reyndist við rannsókn innihalda 1.59‰ áfengismagn.

Er ákæra hafði verið gefin út og ákærði kom fyrir sakadóm, neitaði hann sakargiftum og kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni G 11826 í greint sinn, aðfararnótt 11. maí 1980, heldur hefði eigandi bifreiðarinnar, Jóhannes Örn Oliversson, gert það. Ákærði kveðst hafa játað fyrir rannsóknarlögreglu af ótta við að verða hnepptur í gæsluvarðhald, ef ekki upplýstist, hver hefði ekið bifreiðinni. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að lögreglumenn þeir, sem önnuðust frumrannsókn málsins, hafi hótað ákærða gæsluvarðhaldi, ef hann játaði ekki. Verður að byggja á greindum framburði ákærða hjá rannsóknarlögreglu, enda þykir afturköllun hans á honum ekki marktæk.

Með eigin framburði ákærða hjá rannsóknarlögreglu og niðurstöðu rannsóknar á blóði, sem úr honum var tekið, verður að telja sannað, að hann hafi gerst sekur um athæfi það, sem á hann er borið í ákæruskjali og réttilega er þar heimfært til lagaákvæða, svo sem því er breytt með bréfi ríkissaksóknara frá 26. apríl 1982, sem að framan greinir.

Dómssátt sú frá 6. febrúar 1980, sem greint er frá í héraðsdómi, hefur ítrekunaráhrif í máli þessu.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur. Þá ber einnig að dæma ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 2.500.00 krónur.

Rannsókn máls þessa er áfátt í ýmsum greinum.

Í frumprófum fyrir lögreglu var þess ekki gætt að ganga á eiganda og umráðamann bifreiðarinnar G 11826 um það, hver ekið hefði bifreiðinni hinn 11. maí 1980, skömmu áður en lögreglumenn komu að henni. Eigi var rétt að yfirheyra framangreindan mann sem vitni í sakadómi Hafnarfjarðar hinn 7. nóvember 1980, með því að ákærði hafði þá borið hann þeim sökum að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Vegna þess misræmis, sem fram kom í framburðum ákærða og eiganda bifreiðarinnar, átti að samprófa þá og eftir atvikum að samprófa þá og lögreglumennina um það, sem á milli bar.

Ber að finna að þessum ágöllum á rannsókn málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Þórðarson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu héraðsdóms 8. maí 1981 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur. Hann greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæsta-

rétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 9. apríl 1981.

Árið 1981, fimmtudaginn 9. apríl, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1102/1980: Ákæruvaldið gegn Einari Þórðarsyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 29. september 1980, höfðað gegn Einari Þórðarsyni laganema, Álfaskeiði 32, Hafnarfirði, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 11. maí 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 11826 frá bifreiðastæði við Hverfisgötu í Hafnarfirði að Reykjavíkurvegi 58, þar sem lögreglan hafði afskipti af ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 5. ágúst 1955 í Reykjavík, og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1975 25/11 í Hafnarfirði: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1980 6/2 í Hafnarfirði: Sátt, 50.000 kr. seka fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 16. jan. 1980.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og jafnframt að verjandi hans, hæstaréttarlögmanni Jóni E. Ragnarssyni, verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 11. maí 1980 voru tveir lögreglumenn úr Hafnarfirði á eftirlitsferð um bæinn á lögreglubifreiðinni G 105, og er þeir voru staddir við Bifreiðastöð Hafnarfjarðar við Reykjavíkur-

veg, veittu þeir athygli bifreiðinni G 11826, þar sem hún stóð á bifreiðastæðinu austan við hjólbarðaverkstæðið að Reykjavíkurvegi 58, og sat ákærði undir stýri hennar, en Jóhannes Örn Oliversson, Arnarhrauni 44, Hafnarfirði, sat í farþegasæti hennar. Vél bifreiðarinnar var ekki í gangi, en ræsilyklar í kveikjulás.

Annar lögreglumannanna, nr. 16, hafði séð ákærða á gangi í bænum skömmu áður, og virtist hann þá vera ölvaður. Hann var því færður yfir í lögreglubifreiðina, þar sem hann viðurkenndi að hafa neytt áfengis. Hann neitaði hins vegar að hafa ekið bifreiðinni G 11826 og neitaði að segja, hver hefði ekið bifreiðinni, en þessi bifreið hafði ekki verið þarna fyrir stundu síðan. Ákærði og Jóhannes voru því færðir á lögreglustöðina í Hafnarfirði, þar sem tekin var varðstjóraskýrsla af þeim, og þangað var fenginn læknir, sem tók þeim blóð til alkóhólákvörðunar.

Í varðstjóraskýrslu er ástandi ákærða svo lýst, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, augu rauð, andlit eðlilegt, jafnvægi stöðugt, fatnaður snyrtilegur, málfar skýrt og í framkomu kurteis, en þrætugjarn.

Ákærði og Jóhannes voru hafðir í haldi þar til um kl. 1300 daginn eftir, að tekin var af þeim skýrsla hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði. Var fyrst tekin skýrsla af Jóhannesi Erni, eiganda bifreiðarinnar G 11826, sem þá greindi frá því, að ákærði hefði í umrætt sinn ekið bifreiðinni frá Hverfisgötu og upp að Reykjavíkurvegi, þar sem þeir voru handteknir, og hefði það gerst að beiðni ákærða. Ákærði var svo tekinn fyrir litlu síðar, og viðurkenndi hann að hafa ekið umræddri bifreið um nóttina frá Hverfisgötu að Reykjavíkurvegi 58, hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en verið við áfengisneyslu fyrr um kvöldi í veitingahúsinu Snekkjunni í Hafnarfirði.

Ákærði gaf skýrslu hér fyrir dómi 15. nóvember 1980. Hann skýrði þá svo frá málsatvikum, að hann hefði ekki ekið bifreiðinni G 11826 í greint sinn, þ. e. 11. maí 1980, þ. e. rétt áður en lögreglan hafði af honum afskipti. Heldur hefði eigandi bifreiðarinnar, Jóhannes Örn Oliversson, ekið bifreiðinni frá Hverfisgötu rétt við Hraunstíg 4 að Bifreiðastöð Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg. Áður hefðu þeir gert um það samkomulag, að ákærði æki svo bifreiðinni heim til Jóhannesar, eftir að þeir hefðu verslað í næturs ölunni, og ákærði því verið undir stýri bifreiðarinnar, er lögregluna bar að. Ákærði kvaðst hafa verið við áfengisneyslu kvöldið áður á heimili systur sinnar að Hraunstíg 6 og svo í veitingastaðnum Snekkjunni fram til kl. 0300 um nóttina, og

kveðst hann á þessum tíma hafa drukkið það magn áfengis, sem getið er um í varðstjóraskýrslu, þ. e. fimm glös af vínblöndu. Hann hefði ekki neytt neins áfengis, eftir að vínsölu var hætt í Snekkjunni, og ekki hefði hann fundið til áfengisáhrifa, er hann var tekinn af lögreglunni. Ákærða var nú bent á ósamræmi hans í framburði hér fyrir dómi og hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 11. maí sl. Hann kvaðst ekki geta skýrt það öðruvísi en þannig, að hann hefði séð fram á, að hann yrði áfram í gæsluvarðhaldi, ef ekki upplýstist, hver hefði ekið bifreiðinni, og hann því játað að hafa ekið bifreiðinni til þess að losna, en þar sem hann hafði verið tekinn fyrir sem grunaður, er rannsóknarlögreglan tók af honum skýrslu, kvaðst hann hafa reiknað með, að Jóhannes hefði ekki viðurkennt sök sína.

Þann 7. nóvember 1980 gaf Jóhannes Örn Oliversson verslunarmaður, Arnarhrauni 44, Hafnarfirði, fæddur 8. júlí 1950, skýrslu sem vitni hér fyrir dómnum. Vitnið kvaðst laugardagskvöldið 11. maí sl. hafa verið með ákærða í veitingahúsinu Snekkjunni í Hafnarfirði og þeir báðir neytt þar áfengis. Eftir lokun veitingahússins, um kl. 0300, hafi þeir farið heim til systur ákærða í húsi við Hraunstíg og verið þar nokkra stund, en ekki neytt áfengis. Þeir hafi svo farið þaðan saman að bifreið vitnisins, sem hafi verið á Hverfisgötunni þarna rétt hjá. Þeir hafi verið á leið heim og hafi ætlunin í fyrstu ekki verið að fara á bifreiðinni, en ákærði hafi sótt það fast og viljað aka bifreið þess. Vitnið kvaðst þá hafa látið undan, en jafnframt tekið fram við ákærða, að hann tæki ábyrgð á því sjálfur, ef eitthvað bæri út af í sambandi við aksturinn, en vitnið kvaðst hafa merkt, að ákærði var undir einhverjum áfengisáhrifum, enda hefðu þeir verið við áfengisneyslu fyrr um kvöldið og því hafi það talið ákærða taka áhættu, ef til alkóhólmælingar kæmi. Það kvað ákærða svo hafa ekið bifreiðinni að nætursölu BSH við Reykjavíkurveg og hafi hann ráðið því, að þangað var farið. Þar hafi þeir keypt eitthvað og hefðu verið þar hjá í smástund, er lögregluna bar að. Vitnið kvað þá ekki hafa verið með áfengi með sér og því ekki neytt áfengis þarna að loknum akstri. Vitninu var bent á framburð ákærða hér fyrir dómi, að það hefði ekið bifreiðinni í greint sinn. Vitnið kvað það ekki rétt, hins vegar hefði verið um það rætt af ákærða, eftir að ljóst varð um niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að það tæki á sig sök í málinu, þar sem minna hafi mælst af alkóhóli í blóði þess. Vitnið kvaðst að athuguðu máli hafa horfið frá þessu og kveður framburð sinn hér að framan sannleikanum samkvæm-

an. Því var lesinn framburður þess hjá rannsóknarlögreglu, sem það kvað og réttan.

Vitnið Sveinn Georgsson varðstjóri, Miðvangi 100, Hafnarfirði, 51 árs að aldri, kvaðst ásamt lögreglumanni nr. 16 hafa handtekið ákærða og Jóhannes Oliversson bak við hjólbarðaverkstæðið við Reykjavíkurveg 58, Hafnarfirði, 11. maí 1980 vegna gruns um ölvun við akstur, en þeir hafi verið í bifreiðinni G 11826, sem hafi verið þarna kyrrstæð, en vél hennar hafi ekki verið í gangi. Undir stýri hennar hafi verið ákærði, sem ekki hafi viljað kannast við að hafa ekið bifreiðinni og jafnframt er hann hafi verið spurður um, hver hefði ekið bifreiðinni, ekkert viljað tjá sig um það og því verið farið með ákærða og Jóhannes niður á lögreglustöð, en Jóhannes hafi ekki verið spurður um það sérstaklega, hver hefði ekið bifreiðinni, og hann ekkert tjáð sig um það. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða fyrr um kvöldið, en það hefði Vilhjálmur lögreglumaður nr. 16 gert. Við bifreiðina hafi ekki verið neinn maður, sem gefið hafi sig fram sem ökumaður, en þarna í kring um BSH hafi verið eitthvað af fólki á víð og dreif. Vitnið las yfir lögregluskýrslu um atvikið, dskj. nr. III-1, og kvað rétt greint þar frá atvikum.

Vitnið Vilhjálmur Steinar Ólafsson, lögreglumaður nr. 13, Bólstað í Garðakaupstað, fæddur 29. október 1947, kannaðist við að hafa gert lögregluskýrsluna í málinu, dskj. III-1, og skrifað undir hana og væri hún rétt í alla staði. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða um kl. 0400 um nóttina og hann þá verið áberandi ölvaður í fylgd með öðru fólki skammt frá veitingahúsinu Snekkjunni, en ekki kvaðst það nú muna, hvaða fólk þetta hafi verið, en þó hafi Jóhannes Oliversson verið í þeim hópi. Vitnið kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni, um 15 mínútum áður en ákærði var handtekinn, um svæðið, þar sem hann var tekinn, og bifreiðin G 11826 þá ekki verið þar. Það kvað ákærða ekki hafa viljað tjá sig neitt um það, hver hefði ekið bifreiðinni, og hann því ásamt Jóhannesi Oliverssyni verið fluttur á lögreglustöðina og þeir verið hafðir þar í haldi, án þess að þeir gætu borið sig saman, þar til þeim var sleppt eftir skýrslutöku. Vitnið sagði, að er þeir hefðu komið að bifreiðinni, hefði enginn annar verið hjá henni eða í námunda við hana og ekkert fólk borið þarna að vegna handtökunnar. Vitnið kvað Jóhannes ekkert hafa tjáð sig um það, hver hefði verið ökumaður bifreiðarinnar í greint sinn.

Vitnið Eðvarð Ólafsson rannsóknarlögreglumaður, Fögrukinn 23, Hafnarfirði, 44 ára að aldri, kvaðst hafa tekið skýrslu af

ákærða og Jóhannesi Erni Oliverssyni, merkta dskj. nr. III-3. Það kvað skýrslutökuna hafa farið fram með venjulegum hætti, teknar hafi verið skýrslur af báðum mönnunum sem grunuðum og í því sambandi hafi verið gætt ákvæða 40. gr. laga nr. 74/1974 og 4. mgr. 61. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 53/1979. Þeim hafi verið boðið að hafa réttargæslumann við yfirheyrsluna, en hafnað því. Það kvað ákærða ekki hafa viðurkennt strax að hafa ekið bifreiðinni í greint sinn og í fyrstu talað um einhvern annan mann, sem hefði verið farinn úr bifreiðinni, er lögreglan hafi handtekið þá. Ekki gat hann nafngreint hann né vissi hann deili á honum. Eftir nokkra yfirheyrslu hvarf hann svo frá þessum framburði og viðurkenndi að hafa sjálfur ekið bifreiðinni og gaf þá skýrslu, sem höfð er eftir honum, og skrifaði undir hana í votta viðurvist. Vitnið kvaðst þess fullvisst, að ekki hafi verið talað við ákærða um, að hann yrði að vera í gæsluvarðhaldi, ef ekki fengist játning hjá honum. Það kvað hins vegar geta verið, að ákærða hafi verið gert ljóst, að hann þyrfti að vera í haldi, meðan reynt yrði frekar að hafa upp á þeim huldumanni, sem hann hefði verið að tilgreina sem ökumann, en það þá verið ákærða ljóst, að einungis yrði um stutta stund að ræða innan ramma 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 76. gr. laga nr. 74/1974.

Vitnið Theódór Bogason lögreglumaður, Miðvangi 51, Hafnarfirði, 45 ára að aldri, kannaðist við að hafa verið vottur að því, að tekin var skýrsla af ákærða í máli þessu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði. Skýrslan hafi verið lesin upp fyrir honum og hann staðfest með undirskrift sinni, að rétt væri eftir sér haft. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að neitt hafi verið nefnt við ákærða, að hann ætti á hættu gæsluvarðhald, ef játning lægi ekki fyrir af hans hálfu, né að nokkuð hafi verið rætt um gæslu í þessu sambandi. Vitnið kvaðst ekki hafa séð annað en skýrslutaka þessi færi fram með venjulegum hætti, en það hafi þó einungis verið viðstatt í lokin, það er að segja, er ákærði skrifaði undir og viðurkenndi.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt sinn, mældust við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu 1.59‰ alkóhóls.

Ljóst er af framburði ákærða, vætti vitna, niðurstöðu framangreindrar alkóhólákvörðunar og öðrum gögnum málsins, að ákærði var undir áfengisáhrifum, er hann var handtekinn í greint sinn, þar sem hann sat undir stýri bifreiðarinnar G 11826. Í málinu er því haldið fram af hálfu ákærða, að sönnun skorti um, að

hann hafi ekið bifreiðinni í greint sinn. Játningu hans hjá rannsóknarlögreglu beri ekki að taka alvarlega, þar sem að hann hafi þá verið mjög illa fyrirkallaður og miður sín og séð fram á, að hann yrði að vera í gæsluvarðhaldi áfram, ef ekki upplýstist, hver hefði ekið bifreiðinni. Þá beri að líta á framburð Jóhannesar Arnar Oliverssonar í ljósi þess, að hann hafi verið grunaður í málinu, og eigi hann því ekki að hafa þýðingu sem framburður vitnis.

Á þessi rök getur dómurinn ekki fallist. Í fyrsta lagi verður ekki séð, að játning ákærða hjá rannsóknarlögreglu sé til komin fyrir neina ólöglega þvingun. Þó að ákærða, sem gefið hafði tilefni til þess, að hann og Jóhannes Örn voru settir í hald, með því að halda því fram, að einhver maður hafi ekið bifreið þess og verið farinn af staðnum, kynni að hafa verið gert ljóst, að vegna rannsóknarinnar yrði ef til vill talið nauðsynlegt, að hann yrði smástund enn í haldi, meðan þess yrði freistað að upplýsa, hver hefði verið ökumaður bifreiðarinnar í greint sinn.

Í öðru lagi verður ekki talið, að það, að Jóhannes Örn var á byrjunarstigi rannsóknar, meðan óupplýst var, hver hefði ekið bifreiðinni, hafður í haldi og síðan tekinn fyrir sem hugsanlegur ökumaður af rannsóknarlögreglu vegna gruns um ölvun við akstur, eigi að koma í veg fyrir, að hann á síðari stigi málsins geti verið fullgilt vitni, þar sem að frumrannsókn lokinni í málinu var ekkert fram komið um það, að hann hefði ekið bifreiðinni, og miðað við það magn alkóhóls, sem mældist í blóði hans, og réttarvenju hefði sá akstur að öllum líkindum verið honum refsilaus. Honum bar samkvæmt 35. gr. umferðarlaga sem eiganda bifreiðarinnar að skýra lögreglunni frá því, hver hefði verið ökumaður hennar í greint sinn, er hún innti hann eftir því, en ekki verður af gögnum málsins séð, að hann hafi verið um það spurður, fyrr en tekin var af honum skýrsla hjá rannsóknarlögreglu daginn eftir, er víst þótti, að hann var ekki undir áhrfium áfengis.

Þegar virt er, að ákærði var í greint sinn tekinn undir stýri bifreiðarinnar, þar sem hún var kyrrstæð með lykla í kveikjulás, hann viðurkenndi sjálfur svo hjá rannsóknarlögreglu daginn eftir að hafa ekið bifreiðinni frá Hverfisgötu að Reykjavíkurvegi 48, það bar og vitnið Jóhannes Örn, eigandi bifreiðarinnar, er var sjálfur í henni, er greindur akstur átti sér stað, og lögreglumaður hafði séð ákærða, nokkru áður en aksturinn átti sér stað, með öðru fólki skammt frá bifreiðinni, verður talið, að nægileg sönnun

sé fram komin um það, að ákærði ók bifreiðinni í greint sinn, og síðari framburður hans hér fyrir dóminum um, að vitnið Jóhannes Örn hafi ekið bifreiðinni, talin marklaus, því ákærða hefur ekki tekist að styðja hann neinum gögnum.

Með því að aka bifreiðinni G 11826 í greint sinn undir áhrifum áfengis frá Hverfisgötu að Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði, hefur ákærði gerst sekur um brot á refsiákvæðum, sem greind eru í ákæru.

Sátt sú, sem gerð var við ákærða í sakadómi Hafnarfjarðar 6. febrúar 1980, hefur ítrekunaráhrif í máli þessu.

Refsing ákærða þykir því samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978, hæfilega ákveðin 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns E. Ragnarssonar, sem ákveðast kr. 1.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Þórðarson, greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 3.000.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns E. Ragnarsson, kr. 1.000.00

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. júní 1982.

Nr. 168/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorsteini Úlfari Björnssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða, en af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 10. mars 1982.

Samkvæmt auglýsingu nr. 22/1974 og með heimild í lögum nr. 65/1974 er Ísland aðili að alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni, gerðum í New York 30. mars 1961 ásamt bókun um breytingu á samningi þessum, gerðri í Genf 25. mars 1972. Tók samningur þessi gildi hér á landi 17. janúar 1975. Í 2. gr. samningsins og fylgiskjölum með honum eru talin upp þau ávana- og fíkniefni, sem eru háð eftirliti samkvæmt honum. Samkvæmt 4. gr. samningsins skuldbinda aðiljar að honum sig m. a. til að takmarka innan ramma samningsins framleiðslu, tilbúning, útflutning, innflutning, dreifingu, verslun, notkun og eignarhald á ávana- og fíkniefnum algerlega við lækningar og vísindastörf. Meðal ávana- og fíkniefna þeirra, sem samningurinn tekur til, sbr. fylgiskjal I með honum, er „cannabis and cannabis resin and extracts and tinctures of cannabis". Samkvæmt b lið 1. gr. í framangreindum samningi er kannabis skilgreint þannig, að það þýði „blómhnappur eða brum kannabisplöntunnar (undanþegin eru fræ og blöð, þegar brum fylgja þeim ekki) sem ekki er búið að taka harpeisinn út, hverju nafni sem nefnt kann að vera". Kannabisjurt þýðir hvers kyns jurt af kannabisætt samkvæmt c lið. Í 2. mgr. 28. gr. samningsins segir, að ákvæði hans taki ekki til „ræktunar kannabisjurtar, ef

hún er ræktuð eingöngu vegna iðnaðar (trefjar og fræ) eða garðyrkju".

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að hann hafi ræktað kannabisplöntur þær, er hjá honum fundust og mál þetta fjallar um, til að nota þær í skjólbelti og til yndisauka. Slík ræktun brjóti ekki í bága við lög um ávana- og fíknnefni. Er í því sambandi skírskotað til 2. mgr. 28. gr. framangreindrar alþjóðasamþykktar.

Alþjóðasamningur þessi girðir ekki fyrir það samkvæmt efni sínu, að hér á landi séu settar víðtækari reglur um vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna en í samningnum greinir. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1974 er varsla og meðferð ávana- og fíkniefna þeirra, sem í 6. gr. greinir, óheimil á íslensku forráðasvæði með tilteknum fyrirvara. Í 6. gr. eru m. a. nefnd sem ávana- og fíkniefni Kannabis (Marihuana) og Tetrahýdrókannabínólar. Í lista A á fylgiskjali I með reglugerð nr. 390/1974, sem sett er með heimild í framangreindum lögum, eru talin upp efni, sem bönnuð eru á íslensku forráðasvæði, sbr. 2. gr. laganna. Þar er talið undir A 6 Kannabis (Marihuana) og Kannabis harpeis og hvers konar galenskar samsetningar og plöntuhlutar. Undir A 19 eru m. a. taldir Tetrahýdrókannabínólar.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakið, að ákærði hafi ræktað plöntur, sem reyndust vera kannabisplöntur (cannabis sativa) og innihalda nokkurt magn Tetrahýdrókannabínóls. Er því hér um að ræða ávana- og fíkniefni, sem talin eru í 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. lista A með nefndri reglugerð, nr. A 6 og nr. A 19. Varsla ávana- og fíkniefna þeirra, sem talin eru í 6. gr., er skilyrðislaust óheimil samkvæmt 1. og 4. mgr. 2. gr. laganna, nema ráðherra hafi veitt undanþágu til hennar samkvæmt 3. mgr. greinarinnar, en slíkri undanþágu er ekki til að dreifa í þessu tilviki. Ákærði hefur ræktað plönturnar heima hjá sér og haft þær undir höndum án heimildar. Með því hefur hann gerst brotlegur við þau ákvæði, sem honum eru gefin að sök í ákæru. Ber samkvæmt því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 6. janúar 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 6. janúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 726/1980: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Úlfari Björnssyni.

Málið, sem dómtekið var 5. þ. m., er af ríkissaksóknara höfðað með ákæru, dags. 23. september 1980, á hendur Þorsteini Úlfari Björnssyni kvikmyndagerðarmanni, nú til heimilis að Skaftahlíð 38, Reykjavík, fæddum þar í borg 1. febrúar 1951, fyrir að hafa ræktað og haft í vörslum sínum á heimili sínu að Flyðrugranda 4, Reykjavík, 27 kannabisjurtir (cannabis sativa) á tímabilinu frá febrúar til 10. maí 1979, en þann dag lagði lögreglan hald á jurtirnar. Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur tilrefsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á ofangreindum plöntum eða leifum þeirra samkvæmt 5. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. nefndrar reglugerðar nr. 390/1974."

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 1. febrúar 1951. Hann hefur ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé.

MÁLSATVIK.

Þann 10. apríl 1979 fóru lögreglumenn frá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík að Flyðrugranda 4 hér í borg, en borist hafði ábending til lögreglu um, að þar í íbúð á fyrstu hæð færi fram ræktun kannabisplantna. Þar í stofuglugga sáu lögreglumenn allmikinn gróður, og mátti sjá, að nokkrar plönturnar voru af kannabistegund. Á staðnum hittu lögreglumenn fyrir Maríu Sigurðardóttur, eiginkonu ákærða. Í viðræðum við lögreglumenn viðurkenndi nefnd María að ræktun kannabisplantna færi fram í íbúð þeirra hjóna. Þá viðurkenndi hún einnig, að í geymslu, tilheyrandi íbúðinni, færi fram ræktun kannabisplantna undir flóðljósi.

Við athugun kom í ljós, að þrjár kannabisplöntur voru í stofuglugga, en skv. tilmælum lögreglumanna hafði María símasamband við ákærða, og kom hann heim. Við leit, er fram fór að viðstöddum ákærða, fundust fleiri kannabisplöntur í nefndu geymsluherbergi, en þar voru einnig annars konar jurtir ýmsar. Fundust alls 27 kannabisplöntur á heimili ákærða, og féllst ákærði á afhendingu þeirra til lögreglu.

Ofangreindar plöntur eru geymdar á skrifstofu fíkniefnadeildar, merktar sýni nr. 407 á efnaskrá. Hluti ofangreindra plantna var sendur til greiningar til Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar voru eftirfarandi með bréfi, dags. 11. júní 1979.

„Ávana- og fíknilyf og efni — Matsgerð nr. 333. Sýni 407, sbr. hjálagt ljósrit af beiðni, sem dags. er 17. 5. 1979. Sýnið var dökkgræn planta, nokkuð heilleg, 1.5 g að þyngd. Í smásjá mátti greina fjölmörg þekjuhár og nokkur kirtilhár, sem eru einkennandi fyrir cannabis sativa. Litarpróf fyrir kannabínólum var jákvætt. Með gasgreiningu á súlu fannst, að magn tetrahýdrókannabínóls í sýninu væri 29 mg/g. Sýnið var því samkvæmt framansögðu kannabis."

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 31. maí 1979 og lýsti þá aðdraganda ræktunar kannabisplantnanna. Kvaðst ákærði hafa fengið kannabisfræ úr fuglafóðri, er hann hefði keypt fyrir páfagauk í sinni eigu. Fyrst hafi hann hent nokkrum fræjum á víðavangi og af þeim sprottið kannabisplöntur. Í febrúar 1979 hafi hann reynt ræktun slíkra innanhúss, látið þau spíra í vatni og síðan sett í mold og væru haldlagðar plöntur vaxnar upp af þeim.

Ákærði kvaðst ekkert hafa notað af ofangreindum plöntum

eða ráðstafað með öðrum hætti. Neitaði ákærði allri fíkniefnaneyslu og kvaðst ekki hafa gert sér ljóst, að þessi ræktun væri ólögleg. Hafi hann kynnt sér lög um ávana- og fíkniefni og ekki getað af þeim lögum ráðið, að þessi ræktun væri ólögleg.

Ákærði kom hér fyrir dóm 5. nóvember 1979 og viðurkenndi þá að hafa á tímabilinu frá febrúar til maí 1979 samtals ræktað 27 kannabisplöntur, sem lögregla lagði hald á 10. maí sama ár. Hafnaði ákærði sáttaboði og kvaðst óska eftir því, að dómur gengi í máli sínu.

Ákærði var enn yfirheyrður hér í dómi 25. febrúar 1980 og bar þá á sama veg um ofangreinda ræktun. Kvaðst hann við ræktunina hafa stuðst við erlenda bók um ræktun kannabisplantna.

Ákærði kvaðst ekki hafa neytt kannabisefna hérlendis, en reynt neyslu slíkra á alþjóðlegri ráðstefnu um kannabisefni 8. febrúar sl.

Eiginkona ákærða, María Sigurðardóttir, fædd 1. apríl 1979 (sic), kom hér fyrir dóm 7. mars 1980 og neitaði þá að svara spurningum varðandi ofangreinda kannabisræktun, en skilaði skriflegri greinargerð, þar sem hún bar á sama veg og ákærði um ofangreinda ræktun.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákærði hefur samkvæmt ofansögðu viðurkennt að hafa haft í frammi alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, en kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að hún bryti í bága við ákvæði fíkniefnalöggjafar, er hann hefði áður kynnt sér.

Í 3. tl. 74. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 er heimilað að færa refsingu þá, sem í lögum er lögð við broti, niður úr lágmarki því, sem þar er ákveðið, hafi sá, sem verkið vann, álitið, að verknaður hans væri ekki réttarbrot, sökum afsakanlegrar vanþekkingar eða misskilnings á réttarreglum, sem banna framkvæmd verknaðar. Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974 eru löglega birt, og ákvæði þeirra voru ákærða kunn, en í þeim er ótvírætt bann við þeirri háttsemi, sem ákærða er gefin að sök. Verður því ekki talið, að hjá ákærða sé um afsakanlega vanþekkingu eða misskilning á nefndum réttarreglum að ræða í merkingu 3. tl. 74. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. Hrd. IV, bls. 620, 616.

Verjandi vefengir, að plöntur þær, sem lagt var hald á hjá

ákærða, séu fíkniefni í merkingu laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Ákærði hefur viðurkennt, að nefndar plöntur hafi verið cannabis sativa, en samkvæmt upplýsingum verjanda hefur ákærði nýlega ritað og gefið út ítarlegt leiðbeiningarrit um ræktun slíkra plantna. Er þessi játning ákærða í samræmi við niðurstöðu próf. Þorkels Jóhannessonar, er fékk sýni af nefndum plöntum til efnagreiningar, eins og rakið er hér að framan.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, nánar að hafa ræktað og haft í vörslum sínum að heimili sínu 27 kannabisjurtir (cannabis sativa) á tímabilinu frá febrúar til 10. maí 1979, en þann dag lagði lögregla hald á jurtirnar.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Ákærði hefur ekki áður sætt ákærum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fésekt að upphæð kr. 3.500.00, er renni í ríkissjóð. Komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og með vísan til 5. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 65/1974, svo sem í ákæru er krafist, að gera ákærða að sæta upptöku á þeim plöntum eða leifum þeirra, er lögreglan lagði hald á 10. maí 1979.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 1.200.00 til skipaðs verjanda, Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttar lögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Úlfar Björnsson, fæddur 1. febrúar 1951 í Reykjavík, greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 3.500.00, en í sektar stað komi 20 daga varðhald, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk til eyðingar skulu 27 kannabisplöntur eða leifar þeirra, er lögregla lagði hald á 10. maí 1979.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 1.200.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 8. júní 1982.

Nr. 189/1979. **Jón Ágústsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Danille Somers
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. október 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 9. s. m. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Einangrun á veggjum hinnar seldu íbúðar var eftir upphaflegri gerð sinni í samræmi við það, sem tíðkaðist, þegar húsið var reist. Sig á efsta hluta einangrunarinnar í norðurvegg íbúðarinnar stafar hvorki af tilverkanaði áfrýjanda né var honum um sigið kunnugt. Líklegt er, að einhvers raka hafi gætt á norðurvegg íbúðarinnar, meðan áfrýjandi bjó þar, sem ekki hefði átt að fara fram hjá honum. Á öðrum útveggjum er ekki raki að því er ætla verður eftir gögnum máls.

Mat hinna dómkvöddu manna, Péturs Pálmasonar verkfræðings og Sigurðar Hannessonar byggingameistara, dags. 12. júní 1978, sem stefnda styður kröfur sínar alfarið við, verður eigi talið annað en „kostnaðaráætlun um endureinangrun íbúðarinnar" allrar, eins og stefnda beiddist í matsbeiðni sinni 25. nóvember 1977. Matsgerð þessi verður því ekki höfð til leiðbeiningar um nauðsynlegan kostnað við að ráða bót á raka, sem áfrýjandi kynni að verða talinn bera

ábyrgð á. Er þetta þeim mun fremur sem matsmenn komust að þeirri niðurstöðu í matsgerð sinni, dags. 31. janúar 1977, að það sé „óraunhæft að gera ráð fyrir, að íbúðin verði einangruð upp að nýju....“

Í matsgerð þeirri, er síðast var greind, benda matsmenn á tilteknar leiðir til að ráða bót á rakamyndun og áætla kostnað við þær úrbætur. Stefnda hefur hins vegar lýst yfir, að málssókn hennar taki ekki til kostnaðar, sem metinn var með nefndri matsgerð, en styður kröfur sínar alfarið við matsgerðina 12. júní 1978, svo sem áður var sagt. Samkvæmt þessu og öðru því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í málinu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Ágústsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Danielle Somers, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála meiri hluta Hæstaréttar í því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu. Ég tel það sannað, að íbúðin að Þingvallastræti 22, Akureyri, hafi verið haldin stórfelldum leyndum galla, er stefnda festi kaup á henni, þar eð reiðingseinangrun í útveggjum íbúðarinnar hafði sigið niður. Við þetta myndaðist kuldabrún efst í útveggjum, er orsakaði raka og leiddi til þeirrar skorkvikindaplágu í íbúðinni, sem lýst er í héraðsdómi. Vegna þess hve hinn leyndi galli var stórfelldur, tel ég, að áfrýjandi beri ábyrgð á honum, hvort sem hann vissi af honum eða ekki. Af þessum sökum álít ég, að stefnda eigi rétt á afslætti af kaupverði íbúðarinnar úr hendi áfrýjanda. Afsláttur þessi er hæfilega metinn til fjár í héraðsdómi. Með ofangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms vil ég stað-

festa hann og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 4.880.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 6. júlí 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f. m., hefur Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður höfðað með stefnu, útgefinni í Reykjavík 11. janúar 1979, f. h. Danielle Somers, Þingvallastræti 22, Akureyri, á hendur Jóni Ágústssyni, Réttarholti 2, Selfossi, til greiðslu á kr. 1.700.000 auk 19% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 12. júní 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmd til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málsatvik eru þau, að með kaupsamningi, dagsettum 7. janúar 1975, lofar stefndi að selja stefnanda eignarhluta sinn, ca 42.8%, af fasteigninni nr. 22 við Þingvallastræti á Akureyri ásamt 1/4 hluta af viðbyggingu við fasteignina. Eignarhlutinn var seldur með lóðarréttindum, og er lóðin leigulóð. Bílskúrsréttur á lóð fylgdi með í kaupum þessum, og á lóðinni var kvöð um opið bílastæði. Hið selda var íbúð á 1. hæð, 2 stofur, 3 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, hol, forstofa, búr ásamt þvottahúsi í óskiptri sameign í kjallara, geymsla, geymsla undir útidyratröppum og geymsla í viðbyggingu. Söluverð eignarhlutans var kr. 5.200.000. Eignin var seld í því ástandi, sem hún þá var í og kaupandi hafði kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti. Afsalsdagur og afhendingardagur íbúðarinnar skyldi vera á næstu þremur mánuðum, annars eftir nánara samkomulagi. Aðiljar sömdu svo um, að mál, sem rísa kynnu út af kaupum þessum, skyldi reka fyrir bæjarþingi Akureyrar án undanfarandi sáttaumleitunar fyrir sáttanefnd. Þann 19. mars 1975 gaf stefndi, Jón Ágústsson, út afsal til handa stefnanda, þar sem hann afsalaði stefnanda eignarhluta sínum. Í afsalinu er eignarhlutinn talinn vera 42.85% af fasteigninni nr. 22 við Þingvallastræti á Akureyri ásamt því, sem áður er rakið í kaupsamningi, og í afsali segir, að eignarhlutinn sé seldur í því ástandi, sem hann nú er í og kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti. Skyldi afsalsdagur vera hinn 1. apríl 1975. Skömmu eftir að stefnandi og fjölskylda hennar fór að búa í íbúðinni, tóku þau að finna þar skorkvikindi í eldhúsi og víðar. Álitu þau í fyrstu, að þetta væri einungis tilviljun, og reyndu að

eyða dýrum þessum með venjulegum aðferðum. Á árinu 1976 kváðu þau hins vegar hafa kveðið svo rammt að þessu, að þau hafi látið fulltrúa frá Náttúrugripasafninu á Akureyri rannsaka sýni af skordýrum þessum.

Dr. Hörður Kristinsson, forstöðumaður Náttugripasafnsins á Akureyri, lýsir athugun sinni svo í bréfi, dags. 6. desember 1976: „Undirritaður hefur síðustu daga tekið við tveim sýnum af skordýrum úr íbúð Ólafs Rafns Jónssonar, Þingvallastræti 22, Akureyri. Í fyrra sýninu voru þrjú eintök og í því síðara fimm eintök af tegundinni Lepinotus inquilinus, sem á íslenzku er nefnt skræðulús. Þessi tegund er þekkt úr húsum og hefur fundizt víða um land og fjölgar stundum mjög, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Þær halda sig helzt, þar sem raki er, og lifa á ýmsum lífrænum efnum, gömlu heyi, rotnum pappír, skemma skordýra- og plöntusöfn með nagi sínu. Í síðara sýninu var einnig eitt eintak af bjöllunni Enicmus minutus, sem er heldur stærri en skræðulúsin og nefnist á íslenzku húsvinur."

Í álitsgerð, dags. 18. apríl 1977, lýsir dr. Hörður athugunum sínum á þessa leið: „Ég undirritaður hef síðan í desember 1976 og þar til í apríl 1977 þrisvar sinnum skoðað og tekið sýni af skordýrum úr íbúð Ólafs Rafns Jónssonar, Þingvallastræti 22, Akureyri. Niðurstöður þessarar könnunar eru þær, að í íbúðinni hafast að staðaldri við a. m. k. fjórar tegundir skordýra, sem virðast klekjast þar út í talsverðu magni. Tínusbjöllur (Ptinus tectus) og skræðulýs (Lepinotus inquilinus) koma fram öðru hverju hér og þar í norðurhluta íbúðarinnar, og virðist aðalaðsetur þeirra vera í rifum bak við gólflista og undir gólfdúk í svefnherbergjum. Þar komu í ljós tugir af þessum dýrum, þegar lyft var upp horni gólfdúksins í apríl 1977. Auk þess finnast öðru hverju í íbúðinni önnur bjöllutegund, húsvinur (Enicmus minutus), og reyndist einnig vera meira af honum undir gólfdúknum en annars staðar. Í baðherberginu, þar sem raki er enn meiri, kom í ljós heil klakstöð af stökkormstegund einni (Entomobrya multifasciata) undir gólfdúk. Voru þar fleiri hundruð þessa dýrs á ýmsum aldursstigum. Frá þessum fylgsnum skríða dýrin og finnast ætíð eitt og eitt hér og þar í íbúðinni. Tvö þau fyrst nefndu eru vel þekkt meindýr, sem getur fjölgað óþægilega mikið í rökum íbúðum. Ástæðuna fyrir því, að þessi skordýr hafast þarna við, tel ég vera, að samfara herbergishita er mjög mikill raki í norðurhluta íbúðarinnar. Við þetta skapast svo hentug skilyrði fyrir þessi skordýr, að tæplega getur orðið varanlegur

árangur af útrýmingu þeirra, nema fyrst verði fyrirbyggð hin mikla rakamyndun í húsinu, svo sem með endurnýjun einangrunar eða öðrum þeim ráðstöfunum, sem til þess reynast nauðsynlegar."

Þess skal getið, að áðurnefndur Ólafur Rafn Jónsson, Þingvallastræti 22, Akureyri, er eiginmaður stefnanda í máli þessu, Danielle Somers.

Þann 12. maí 1975 ritaði Ólafur Rafn Jónsson stefnda bréf, þar sem hann kvartaði undan leka frá baðkari og rakamyndun í sambandi við það svo og vegna móðu innan á gluggum og vegna láss á hurð úr íbúð í kjallara, sem reyndist hafa verið með öllu ónýtur, og fór fram á að fá kr. 100.000 í afslátt vegna þess arna. Stefndi svaraði með bréfi, dags. 27. maí 1975, og kvaðst reiðubúinn að veita kr. 25.000 í afslátt vegna lekans í baðherberginu, og veitti stefndi síðan þennan afslátt.

Þann 4. ágúst 1976 ritaði stefnandi Steindóri Gunnarssyni lögfræðingi, Espilundi 4, Akureyri, bréf vegna galla, er hún taldi hafa komið upp í íbúðinni, er hún festi kaup á af stefnda, en Steindór hafði milligöngu um sölu á íbúðinni vegna stefnda. Bréf stefnanda er á þessa leið: „Vegna kaupsamnings þess, er ég gerði við Jón Ágústsson á s.l. ári, krefst ég þess, að til verði kvaddir matsmenn, svo að metnir verði þeir leyndu gallar, sem í ljós hafa komið á íbúðinni síðan samningur var gerður. Skal fyrst minnst á kostnað þann, er ég varð fyrir, er skipta þurfti um baðkar í baðherbergi, þar eð það, sem fyrir var, reyndist ónothæft með öllu. Kostnaður af þeim völdum nam kr. 46.825.-, en þar við bætist vatnslás, blöndunartæki og vinnukostnaður við að brjóta upp múrvegginn á því gamla. Af þessum sökum vorum við baðkarslaus í heila viku, en það er engan veginn óþægindalaust fyrir fjölskyldu með tvö lítil börn.

Í öðru lagi skal getið um vatnsrennsli, sem gerði vart við sig í eldhússkáp í norðvesturhorni. Hér var ekki um neinn raka að ræða, heldur vatnsflaum, svo að varningur allur lá undir skemmdum.

Í þriðja lagi skal tilgreint, að leki hefur verið í eða undir vegg milli baðherbergis og svefnherbergis, því að blöðrur eru neðarlega á þeim svefnherbergisvegg.

Í fjórða lagi skal nefna mikinn raka í norðausturhorni svefnherbergis, sem er mikil gróðrarstía fyrir sveppagróður.

Í fimmta lagi skal geta þess, að vart hefur orðið leka á norð-

vesturvegg í kjallara, þar sem ég geymdi ýmsan varning matarkyns, og varð ég að sjálfsögðu að fjarlægja hann.

Í sjötta lagi skal greina, að steypt lok ofan á hitavatnsgeymi reyndist bókstaflega í molum, en er við fluttum í íbúðina, höfðu ónotaðar hurðir milli borðstofu og stofu verið lagðar þar ofan á, og leyndu þær ágallanum.

Í sjöunda lagi skal getið um umtalsverða sprungu á niðurfallsröri úr eldhúsvaski á kjallaravegg fyrir ofan hitavatnsgeyminn.

Að lokum skal þess getið, að gluggar eru allir mjög óþéttir og karmar trúlega fúnir. Verður og ekki annað séð en veggir meðfram gluggum séu vatnssósa orðnir af þessum sökum.

Öllum ofangreindum göllum vorum við leynd, er íbúðarkaup voru gerð, og mun ég því krefjast fullra bóta fyrir gallana og óþægindi þau, sem af þeim hafa hlotist."

Hinn 17. desember 1976 voru þeir Pétur Pálmason byggingaverkfræðingur og Sigurður Hannesson byggingameistari dómkvaddir til þess að skoða og meta meinta galla á 1. hæð húseignarinnar nr. 22 við Þingvallastræti á Akureyri samkvæmt beiðni stefnanda í máli þessu. Matsmenn skiluðu matsgerð af sér hinn 31. janúar 1977, og er matsgerð þeirra á þessa leið:

„Hinn 17. desember síðast liðinn vorum við undirritaðir útnefndir til þess að skoða og meta skemmdir og galla á 1. hæð húseignarinnar nr. 22 við Þingvallastræti á Akureyri samkvæmt beiðni Danielle Somers í bréfi til bæjarfógetans á Akureyri hinn 16. desember síðast liðinn. Í bréfi sínu tiltekur Danielle þá þætti, er hún óskar eftir, að matsmenn athugi, og óskar hún eftir því, að þeir láti í ljós álit á orsökum gallanna, hver ráð séu til úrbóta og hve mikið muni kosta að lagfæra þá, svo viðunandi sé.

Göllunum lýsir Danielle svo í bréfi sínu:

1. Talsverður leki er í eldhússkáp í norðvesturhorni.
2. Raki hefur komið frá í eða undir vegg milli baðherbergis og svefnherbergis, eins og sjá má á veggnum.
3. Mikill raki er í norvesturhorni svefnherbergis.
4. Leka hefur orðið vart í norðurvegg í kjallara.
5. Lok ofan á næturhitunargeymi er brotið.
6. Sprunga er á niðurfallsröri úr eldhúsi í kjallara fyrir ofan næturhitunargeymi.
7. Allir gluggar í íbúðinni eru mjög óþéttir og trúlega fúi í körmum.

Matsskoðun fór fram miðvikudaginn 22. desember að viðstödd-

um matsbeiðanda, Danielle Somers, ásamt Ólafi R. Jónssyni, eiginmanni hennar, svo og Birni Guðmundssyni, fulltrúa fyrri eiganda íbúðarinnar, Jóns Ágústssonar, Réttarholti 2, Selfossi.

Húsið Þingvallastræti 22 er reist á árunum kringum 1950. Á þeim árum voru almennt gerðar minni kröfur til einangrunar húsa en nú tíðkast, enda erfiðara með útvegun góðra einangrunarefna þá. Því er það, að hús, sem reist eru á þessum árum, eru að jafnaði frekar illa einangruð. Teljum við það einmitt vera aðalorsök þeirra galla, sem taldir eru upp í liðum 1, 3, 4 og sjö, að húsið er illa einangrað. Eigi að komast hjá því, að raki þéttist á köldum útveggjum, er nauðsynlegt að halda rakastigi lofts í íbúðinni sem lægstu og forðast að hylja útveggi með húsgögnum, svo sem skápum, þannig að loft verði kyrrstætt við þá.

Rakastigi má halda niðri með því að hafa góða loftræstingu, þ. e. með því að taka kalt útiloft inn og hita það upp, en við það lækkar rakastig þess.

Hér á eftir verður hverjum þætti í matsbeiðni gerð nokkur skil.

1. Leki í eldhússkáp.

Leki þessi verður til við það, að vatnsgufa sú, sem í loftinu er, þéttist við það, að loftið kólnar, er það snertir kaldan útvegginn í skápnum. Sem dæmi má áætla, að innihiti sé 20°C og útihiti —15°C. Yfirborðshiti á útivegg í eldhússkáp gæti þá verið um 10°C. Sé nú gert ráð fyrir, að rakastig inniloftsins sé 50%, yrði rakastig loftsins í skápnum, er það hefði kólnað niður í 10°C, 100% og raki því fara að falla út á útveggnum. Rakastig lofts í eldhúsi getur hæglega orðið til muna hærra en 50%, og verður þá þétting á útvegg við hærra hitastig, t. d. um 15°C ef rakastig er 70%. Til úrbóta teljum við, að annað hvort verði að loftræsa skápinn eða þá bæta einangrun bak við og ofan við hann. Til þess að bæta einangrun þyrfti að taka skápinn niður og einangra vegginn að nýju svo og loftið ofan við hann. Loftræstingu mætti koma fyrir með því að bora tvö göt í útvegg, vesturvegg, annað neðst í skápnum en hitt efst. Skápurinn yrði að vísu kaldur, en ráða mætti bót á því með því að hita útiloftið upp með einhverjum varmagjafa, t.d. ltilli peru.

2. Raki á eða í vegg milli svefnherbergis og baðherbergis.

Í baðherbergi bak við salerni sést dökk rák, er nær frá gólfi til lofts. Í veggnum bak við rákina er fallpípa frá salerni efri hæðar. Einnig er blettur í lofti, þar sem salerni á efri hæð mun standa.

Rákin og bletturinn eru augljóslega vegna raka. Við álítum, að hér sé um sama vandamál að ræða og rætt er um hér að framan, þ. e. þétting vatnsgufu úr loftinu, er það kólnar við snertingu á veggnum, og loftinu, þar sem pípan og salernið kæla yfirborðið. Teljum við líklegt, að sírennsli sé í salerniskassa á efri hæð og valdi óeðlilega mikilli kælingu. Sem áður teljum við, að lækkað rakastig lofts í íbúðinni svo og að sjálfsögðu lagfæring á vatnsrennsli í salerni efri hæðar muni laga þennan ágalla. Reynist þetta ekki nægilegt, verður að brjóta frá pípunni og einangra hana.

3. Mikill raki er í norðausturhorni svefnherbergis.

Hér er um sama vandamál að ræða og úrbótatillögur okkar því einnig þær sömu, þ. e. halda verður rakastigi lofts í íbúðinni hæfilega lágu með nægilegri loftræstingu. Til greina kemur að einangra herbergið meira með því að klæða innan á útveggi með einangrunarefni, en fyrri aðferðin er eðlilegri að okkar dómi og ódýrari.

4. Leki á norðurvegg í kjallara.

Orsök er enn hin sama og úrbótatillögur einnig. Þó kemur hér fremur til álita að einangra útveggi betur, þar sem hægara er um vik.

5. Lok vantar á heitavatnsgeymi.

Umhverfis næturhitunargeymi hafa verið hlaðnir veggir og síðan fyllt með lausum vikri milli þeirra og geymisins. Einnig hefur verið múrhúðað lok ofan á geymi milli veggja. Lok þetta hefur brotnað niður að hluta og gat komið á það. Núverandi húseigendur hafa sett 150 mm þykka einangrunarmottu yfir allt lokið. Endurbæta mætti þennan frágang með því að smíða tréramma, er mottan gæti fallið í.

6. Sprunga er í niðurfallspípu úr eldhúsvaski, ofan við heitavatnsgeymi.

Galla þennan má lagfæra með tiltölulega litlum kostnaði með því að skipta um tengistykki á pípunni og þétta að nýju.

7. Gluggar eru óþéttir og fúnir.

Þegar sagt er, að allir gluggar séu mjög óþéttir, er trúlega átt við, að opnanleg fög séu óþétt. Á þessu má ráða bót með því að

setja þéttilista á gluggagrindurnar eða í karmana. Matsmenn könnuðu ekki sérstaklega, hvort fúi væri í gluggaviðum, en trúlegt er, að svo sé einhvers staðar í hart nær 30 ára gömlu húsi. Hins vegar er auðséð, að rakamyndun er mikil á gluggum og á yfirborði steypu kringum gluggana. Eru þar enn komnar hinar sömu ástæður, er liggja til grundvallar göllum í fyrri liðunum.

Niðurstöður.

Með tilvísan til skýringa hér að framan eru niðurstöður okkar þær, að þeir gallar, sem húseigandi tiltekur, stafi af því, að húsið sé frekar illa einangrað og rakastigi lofts í íbúðinni sé haldið of háu. Úrbætur teljum við fást með því, að rakastigi sé haldið hæfilega lágu í íbúðinni, þannig að vatnsgufa falli ekki út sem raki á köldum flötum útveggja. Til þess að tryggja það, að rakastig sé hæfilegt, er nauðsynlegt að tiltækir séu rakamælir og hitamælir í íbúðinni. Við teljum óraunhæft að gera ráð fyrir, að íbúðin verði einangruð upp að nýju og skipt um glugga, en munum gera um það kostnaðaráætlun, sé þess óskað.

Kostnað við aðrar endurbætur metum þannig:

1.	Loftræsting í eldhússkáp	kr. 10.000.-
2.	Lok á hitavatnsgeymi	— 15.000.-
3.	Viðgerð á niðurfallspípu úr eldhúsi	— 5.000.-
	Samtals	kr. 30.000.-“

Stefnandi fór með bréfi, dags. 25. nóv. 1977, fram á það, að dómkvaddir yrðu matsmenn til að framkvæma ítarlegra mat á meintum göllum á eignarhluta hennar í húseigninni nr. 22 við Þingvallastræti á Akureyri, og 28. nóv. s. á. voru sömu matsmenn dómkvaddir til að framkvæma matið, og skiluðu þeir matsgerð af sér þann 12. júní 1978, og er matsgerð þeirra svohljóðandi:

„Samkomulag hefur orðið um, að við undirritaðir lykjum mati þessu í samræmi við dómkvaðningu bæjarfógetans á Akureyri frá 28. nóvember 1977. Jafnframt vísast til bréfs okkar til Páls S. Pálssonar frá 24. apríl síðastliðnum.

Til þess að betur mætti gera sér grein fyrir því, hvernig að endurnýjun einangrunar veggja yrði staðið, þótti matsmönnum nauðsynlegt að gerð yrðu göt á útveggi íbúðarinnar, svo sjá mætti, hvernig gerð þeirra væri. Annar matsmanna, Sigurður Hannesson, fór föstudaginn 19. maí og gerði athugun þessa. Voru gerð göt á norðurvegg í eldhúsi og í svefnherbergi hjóna. Fram

kom, að veggir eru þannig gerðir, að yst er steyptur veggur, 23 cm að þykkt. Þar innan við kemur torfeinangrun um 5 cm að þykkt, en síðan 7 cm þykkur hraunsteinn og loks pússning. Torfeinangrun virtist vera sigin niður, þannig að hún var horfin efst í veggjum. Ekki varð vart við, að torfið væri blautt.

Til úrbóta gerum við ráð fyrir því, að hraunsteinn og einangrun verði fjarlægð á öllum útveggjum íbúðarinnar og síðan settir trélistar innan á steypta vegginn og einangrun, glerull felld milli listanna og loks klætt með spónaplötum og málað.

Kostnað við verk þetta metum við þannig:

1. Hreinsað af veggjum	80 m² á kr. 3.000	= kr.	240.000
2. Trélistar á veggi	80 m² á kr. 1.200	= —	96.000
3. Einangrun	80 m² á kr. 1.300	= —	104.000
4. Klæðning	80 m² á kr. 2.000	= —	160.000
5. Lagfæring við glugga	70 m² á kr. 1.500	= —	105.000
6. Máling útveggja	80 m² á kr. 1.400	= —	112.000
7. Málning innv. og lofta	250 m² á kr. 800	= —	200.000
8. Endurnýjun raflagna í veggjum	lauslega áætlað	= —	150.000
		= kr.	1.167.000
9. Ófyrirséð og stjórnunarkostnaður 20%		= —	233.000
		Alls kr.	1.400.000

Ekki er reiknað með, að skipt sé um glugga, og ekki er reiknað með kostnaði íbúa við flutning og óhagræði, meðan á viðgerð stendur."

Stefnandi byggir bótakröfu sína á þessari niðurstöðu matsmannanna og krefst þar að auki kr. 300.000 vegna óþæginda við flutning úr íbúðinni og óhagræðis, meðan á viðgerð stendur, eða samtals kr. 1.700.000, sem er höfuðstóll stefnufjárhæðarinnar.

Stefnandi og eiginmaður hennar áttu margvísleg bréfaskipti við heilbrigðisnefnd Akureyrar og einstaka meðlimi í heilbrigðisnefnd, og af því tilefni gerði heilbrigðisnefnd Akureyrar eftirfarandi bókun á fundi þann 10. maí 1977:

„Heilbrigðisfulltrúi hefur leitað ráða hjá Sigurði Richter, sbr. samþykkt nefndarinnar 18. apríl s.l. Hann hafði og fengið Hannes Kristmundsson, garðyrkjumann, til að úða í húsinu.

Fulltrúar nefndarinnar (tveir nefndarmanna) og héraðslæknir

hafa skoðað íbúðina. Eru þeir sammála um, að íbúðin sé ógeðfelld vegna raka, en ekki, að um heilsuspillandi húsnæði sé að ræða. Rakinn sé einkamál húseiganda, en nefndin álítur, að fengnum upplýsingum, að óvíst sé, að takist að útrýma meindýrum þeim, sem um er að ræða, nema hann hverfi. Á hinn hinn bóginn er nefndin að sjálfsögðu fús til að vinna að útrýmingu meindýranna á sama hátt og á sama grundvelli og tíðkast hefur í bænum, óski íbúðareigandi þess."

Þann 11. maí 1978 gaf Baldur Jónsson læknir eftirfarandi vottorð:

„Vottast hér með, að undirritaður hefir fyrr í maí skoðað íbúð Ólafs Rafns Jónssonar að Þingvallastræti 22 hér í bæ. Mjög mikill raki og afleiðing raka sást í íbúðinni, sérlega í norður- og austurhluta hennar: Veggmálning farin af í hornum, við glugga og gólf. Gólfdúkur laus og raki undir. Of rakt loft í íbúð veldur fólki talsverðum óþægindum, föt og sænguföt verða rök. Kaldir veggir og gluggar verða þvalir, málmar ryðga, matsvörur, tau og tré mygla. Sveppir (t. d. merulius lacrymans) setjast gjarnan að í rökum íbúðum og eyðileggja tré og múrveggi. Einnig voru rakar íbúðir hér áður fyrr taldar valda lungnasjúkdómum og gigtarsjúkdómum og voru að því leyti til óheilsusamlegar. Raki íbúðarinnar mun sennilega stafa af slæmri einangrun veggja. Rannsóknir hafa sýnt, að erfitt er að halda illa einangruðum húsum notalega hlýjum. Það getur munað 5 stigum, hvað heitara er upp undir lofti en niðri við gólf. Í veleinangruðum stofum þarf munurinn ekki að vera meiri en 1 eða 2 stig. Það sést því af þessu, að íbúð þessi er vægast sagt allóheppileg fyrir börn."

Á dómskjali nr. 31 hefur verið lagt fram vottorð Rafveitu Akureyrar um rafmagnsnotkun á næturhita í margnefndri íbúð við Þingvallastræti 22, Akureyri, frá 22. nóv. 1963 til 27. júlí 1969 og sundurliðunin þannig eftir álestrum:

Frá 22. 11. 1963	— 19. 11. 1964	22100	kwst.
— 19. 11. 1964	— 27. 12. 1965	26700	—
— 27. 12. 1965	— 19. 11. 1966	26100	—
— 19. 11. 1966	— 20. 11. 1967	41700	—
— 20. 11. 1967	— 19. 11. 1968	51700	—
— 19. 11. 1968	— 28. 7. 1969	36900	—

Á dómskjali nr. 24 er yfirlit yfir rafmagnsnotkun í íbúðinni Þingvallastræti 22, miðhæð, sem hér segir, en íbúðin er hituð upp með svokölluðum næturhita:

Árið	1970	til 31. 12.	27.947	kwst.
—	1971	— 31. 12.	30.060	—
—	1972	— 31. 12.	35.033	—
—	1973	— 31. 12.	36.600	—
—	1974	— 31. 12.	36.676	—
—	1975	— 31. 12.	27.590	—
—	1976	— 31. 12.	27.977	—
—	1977	— 31. 12.	26.565	—

Verður nú rakinn framburður aðilja og vitna í máli þessu svo og vottorð, sem fram hafa verið lögð.

Stefndi, Jón Ágústsson húsasmiður, Réttarholti 2, Selfossi, fæddur 7. júlí 1936, kom fyrir dóminn mánudaginn 2. apríl sl. og bar eftirfarandi: Hann kvaðst hafa keypt íbúð að Þingvallastræti 22 síðara hluta árs 1969 og flutt í hana í mars 1970 og hafi þessi íbúð alla tíð verið í leigu, þar til hann flutti í hana. Hann kveðst hafa standsett íbúðina alla og hvergi hafa orðið var við raka í henni. Ekki hafi hann heldur orðið var við nein skordýr í henni. Hann kvaðst hafa aukið kyndingu í íbúðinni til þess að halda uppi eðilegum húshita og nýtt kosti næturhitunarinnar til hins ýtrasta. Hann kveðst hafa málað eitt herbergi í miðri íbúðinni svo og betrekkt vesturvegg í norðursvefnherbergi og suður- og vesturvegg í eldhúsi og austurvegg í holi og hafi hann gert þetta tveimur árum áður en hann seldi íbúðina. Hann kvað stefnanda og eiginmann hennar hafa skoðað íbúðina gaumgæfilega á gamlársdag 1974 og hafi það verið Ólafur Rafn Jónsson, sem annaðist skoðunina aðallega. Hann kveðst hafa sýnt þeim, hverju áfátt var í íbúðinni, og hafi einu svörin verið „Þetta skiptir ekki máli, þetta breytir engu.“ Hann kveðst fyrst hafa frétt um raka í íbúðinni 22. desember 1976, er honum var boðið að vera viðstaddur matsskoðun. Hann kvaðst bæði hafa keypt og selt íbúðina á gangverði á þeim tíma, að því er hann telur. Hann kvaðst hafa keypt íbúðina óséða, aðeins skoðað íbúðina á hæðinni fyrir ofan, sem hafi verið nákvæmlega eins, en íbúðirnar muni hafa verið byggðar á sama tíma. Hann kvaðst hafa vitað, að Hjálmar Pétursson og kona hans bjuggu í íbúðinni, en hann hafi aldrei rætt við hann. Hann kvaðst ekki hafa skipt um eldhúsinnréttingu í íbúðinni, heldur gert við hana og málað. Hann kvað sig minna, að hann hafi keypt íbúðina á kr. 1.350.000. Hann kvaðst hafa haldið uppi 20—23° hita á Celcius í íbúðinni, er hann bjó þar. Hann

kvað 6 manns hafa búið í íbúðinni, er hann bjó þar. Aðspurður kvað mættur (sic), að sér hefði verið tjáð, að íbúðin væri einangruð á þann hátt, er tíðkaðist á þeim tíma, sem húsið var byggt á. Hann kvað íbúðina alls ekki hafa verið illa einangraða og kvað allt húsið hafa verið nýtt til íbúðar, er hann bjó þar. Hann kvaðst hafa stillt næturhitunina á mesta hita og ekki hafa notað aðra orku til upphitunar. Aðspurður um dskj. nr. 21 kvað hann, að stefnandi hafi fengið það vegna lánsumsóknar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Hann upplýsti, að Björn Guðmundsson væri tengdafaðir sinn, en vottorð Björns heilbrigðisfulltrúa, dags. 27. júní 1975, á dskj. nr. 21 hljóðar þannig:

„Ég undirritaður hefi í dag skoðað íbúð í Þingvallastræti 22, Akureyri. Íbúðin er á miðhæð hússins. Hún er 5 herbergi og eldhús ásamt snyrtingu með salerni, baðkeri og handlaug. Í kjallara er þvottahús með öðrum og geymslur. Íbúðin fullnægir settum reglum í heilbrigðisreglugerð gr. 86 1.1. til 86 1.4."

Sama dag kom fyrir dóminn Danielle Somers, stefnandi í máli þessu, húsmóðir, Þingvallastræti 22, Akureyri, fædd 28. febrúar 1944, og er skýrsla hennar á þessa leið, og staðfesti stefnandi skýrslu sína og kvaðst hafa samið hana með aðstoð eiginmanns síns:

„Undir lok desember mánaðar á árinu 1974 skoðuðum við hjón íbúðina á fyrstu hæð Þingvallastrætis 22 hér í bæ. Var það eftir ábendingu frá Steindóri Gunnarssyni, sem rak þá fasteignasölu.

Mikill hiti var í íbúðinni þennan dag, og vakti það athygli okkar. Einkum er okkur þó minnisstætt, að húsbóndinn á heimilinu, Jón Ágústsson, húsasmiður, var íklæddur stuttermaskyrtu, sem var vel við hæfi að sumarlagi, en nú var frost og snjór, enda svartasta skammdegi. Spurði ég Jón því, hvort nóg væri af heitu vatni. Svaraði hann því til, að það væri alveg nóg.

Viðbygging, sem síðar reyndist gerónýt, leit einkar vel út og máluð fagurgul. Þar inni var lítið, sem benti til annmarka á henni, nema hvað sýnilegur leki var meðfram brún á samskeytum við húsið. Jón Ágústsson lét orð falla í þá átt, að viðbygging þessi væri ónýt, en yfirlýsing þessi stakk mjög í stúf við fagurmálað umhverfið, og við hjónin töldum ummæli hans vera til komin vegna óvenju gagnrýnis auga iðnaðarmannsins, sem vandar vel til vinnu sinnar.

Þegar við skoðuðum íbúðina, gengum við um hana og litum inn í herbergin stuttlega, enda vorum við alls óviss um, að við

myndum festa okkur hana. Vorum við mestan tímann í skála og eldhúsi. Þegar við litum inn í svefnherbergin, kom okkur nokkuð undarlega fyrir sjónir, að rúm virtust vera helst í hornum og undir gluggum. Tilhögun á rúmum var þannig, að höfðalag var undir gluggum, og þótti okkur það nokkuð kynlegt.

Eiginmaður minn, Ólafur Rafn Jónsson, sagði mér, að hann hefði spurt Jón Ágústsson um gler í gluggum og fengið þau svör, að gler væri tvöfalt, en af eldri gerð, þannig að ekki væri um verksmiðjusamsett gler að ræða. Hefði Jón fullyrt, að gluggar væru ágætir í íbúðinni.

Baðkar það, er við sáum í íbúðinni, var gamalt, djúpt og innmúrað. Eftir að fjölskylda mín hafði notað það í fáeina daga, þ. e. a. s. með því að nota símann, en ekki til kerlauga, kom allt í einu eigandi efri hæðar hússins hlaupandi inn til mín og tilkynnti: „Það lekur í kjallara". Er ég athugaði þetta, sá ég niðri í þvottaherberginu, sem er staðsett beint undir baðherbergi okkar, voru fötur og smápottar undir þeim stað, þar sem lekinn var. Í loftinu sá ég greinileg ummerki raka og vatns frá baðkari okkar.

Þegar við höfðum skoðað íbúðina, buðu húsráðendur okkur kaffi, en áður höfðum við rætt nokkuð um gluggatjöldin í íbúðinni. Höfðu þau verið sett vel til hliðar frá gluggum, eða u. þ. b. 30 cm hvorum megin, og þótti mér það óvenjulegt. Skýring konu Jóns var á þá leið, að þetta væri gert til að hlífa gluggatjöldunum við sólu. Síðar áttaði ég mig á því, að með þessu móti mátti sennilega auka loftstreymi um íbúðina, en í gluggum kom einmitt skræðulús fram, eftir að við fluttum. Einkum bar á henni og gerir enn í innanverðum gluggakistum. Við kaffidrykkjuna skýrðu hjónin okkur frá því m. a., að grannar væru þarna góðir og í húsinu væru tvær gamlar konur, en þau töldu, að þær væru sennilega á förum. Gátu þau þess sérstaklega, að kona á efri hæð hússins, Gríma Guðmundsdóttir, hefði reynst þeim mjög vel og hefði hún m. a. lánað þeim teppi á íbúðina. Héldu þau, að hún myndi „bráðum selja" og flytjast til sonar síns í Reykjavík. Til allrar óhamingju komumst við ekki að því fyrr en um seinan, að umrædd kona reyndist vera systir konu þeirrar, sem vel þekkt er hér í bæ undir nafninu „X". Hefði ég vitað það, hefði ég aldrei keypt húseign á móti konunni.

Jón Ágústsson innti okkur eftir því, hvernig okkur líkaði við íbúðina, og bað okkur að láta sig vita strax um þetta, svo að hann færi ekki að óþörfu að svipast um eftir öðrum kaupendum. Myndi hann geyma okkur íbúðina, svo ekki færi eins fyrir okkur

hjónum og honum, þegar hann hugðist kaupa hús á Selfossi. Hefði hann talið sig eiga þar húsið víst, en þá hefði allt í einu skotið upp kollinum maður með gnótt fjár og hefði hann hremmt hnossið. Fylgdi það sögunni, að sá maður hefði komið frá Vestmannaeyjum.

Þegar við skoðuðum kjallarann, reyndist hann fremur dimmur. Fyrir framan rafmagnstöflu var gamalli hurð hallað lauslega, en þó nóg til þess, að ekki sást í töfluna né heldur hvernig gengið var frá skipulagi í kjallara, þ. e. a. s. undarlegan frágang eignahluta húseigenda. Jón benti okkur hinsvegar á hurðir úr skilrúmi milli borðstofu og dagstofu, og lágu þær ofan á næturhitunargeyminum, þannig að yfirborð geymisins sást ekki.

Sameiginlegt þvottaherbergi var skoðað, og einu athugasemdir Jóns voru á þá leið, að sambýlingurinn, Gríma Guðmundsdóttir, notaði það ekki, þar eð hún hefði þvottavél uppi hjá sér.

Þegar við kvöddum hjónin að lokinni skoðunarferð, spurðum við um íbúðarverð og báðum þau um að geyma okkur íbúðina, ef unnt væri, á meðan við könnuðum, hversu mikið við gætum fengið fyrir nýja íbúð okkar í Víðilundi, en kaupverð nýskoðaðrar íbúðar var 5,2 milljónir.

Óþarft er að taka fram, að kaupin voru gerð, og annaðist Steindór Gunnarsson þau.

Þegar eiginmaður minn sótti húslykilinn til Jóns Ágústssonar, var síðastnefndur undarlegur á svip, er hann sýndi manni mínum gólfið í þvottaherberginu í kjallaranum og gat þess, að yfir gólfið streymdi jafnan vatn, þegar þíða væri, og kæmi það undan viðbyggingunni. Sem betur færi þá rynni það hins vegar beint yfir gólfið og ofan í svelg við innvegg. Nokkuð kom þetta manni mínum á óvart, en tæplega var neitt við þessu að segja, þegar svo langt var komið, enda er hann alls ófróður um slíka hluti sem byggingar.

Þegar Jón var að rýma húsið, kom hann að máli við okkur og vildi þá fá að hafa á brott með sér spegli, sem var í baðherberginu, og einnig gardínubrautir, svonefndar Zetubrautir, úr herbergjunum, en þetta töldum við naglfasta hluti, sem ættu að fylgja íbúðinni, og lét hann þá gripi þessa eiga sig.

Þegar ég sá grútskítuga Rafha eldavél, sem kona Jóns var að reyna að hreinsa, sagðist ég ekki vilja hana og gætu þau tekið hana með sér mín vegna, og í endurgjaldsskyni fyrir hana var Jón Ágústsson svo rausnarlegur að láta okkur eftir tréfót einn, sem þvottavél þeirra hjóna hafði staðið á. Ekki var okkur í fyrstu

ljóst, hve nauðsynlegur hann var, fyrr en vatn tók að streyma undan viðbyggingu.

Eitt hið fyrsta verk, sem vinna þurfti, eftir að við fluttum í íbúðina, var að brjóta upp gamla innmúraða baðkarið og koma fyrir nýju. Óþarft mun að geta þess, hversu aðstæður þessar voru okkur erfiðar með eins árs og þriggja ára börn í íbúð, þar sem ekkert baðkar var fyrir hendi. Við þetta neyddumst við að búa í heila viku.

Um þetta leyti hringdi Jón Ágústsson frá Selfossi og spurði, hvernig okkur líkaði við íbúðina. Svaraði ég honum því til, að íbúð með engu baði væri engin íbúð.

Allt það rask, sem fylgdi því að skifta um baðker, var með ólíkindum, því að ryk mikið fylgdi því, er maður minn braut upp múrvegginn umhverfis baðkarið. Þess má og geta, að við fjarlægingu múrbrotanna varð maðurinn minn fyrir því óhappi að á bíl okkar var ekið, og vorum við bíllaus næstu sex mánuði.

Þegar leið að hausti, urðum við vör við vatn og skordýr í gluggum svo og í eldhússkápum. Í fyrstu héldum við, að um leka væri að ræða frá efri hæð, og spurði maðurinn minn þá eiganda efri hæðar hússins, Grímu Guðmundsdóttur, um það, hvort áður hefði verið kvartað um leka þarna, en hún hélt, að slíkt hefði ekki komið fyrir nema etv. einu sinni eða svo í mjög slæmu veðri.

Síðar urðum við vör bæði við raka og skordýr í svefnherbergi. Fór ég þá að spyrjast fyrir meðal nágrannanna um það, hvort rétt væri, að aldrei hefði verið kvartað undan húsnæðinu. Sagði mér Lillý Adamsdóttir, eiginkona Óskars Ásgeirssonar, að allir íbúendur fyrstu hæðar, er hún vissi til, hefðu kvartað, en íbúðin var um nokkurt skeið leiguíbúð, eða þar til Jón Ágústsson keypti hana. Þá brá hins vegar svo við, að hún var ljómandi góð að því er hann og kona hans sögðu.

Helga Gunnarsdóttir, nú til heimilis að Þingvallastræti 26, bjó um hríð í íbúðinni ásamt bróður sínum, Sigurði, og sagði hann mér, að þau systkini hefðu aldrei getað geymt neitt í eldhússkáp í norðvesturhorni vegna vatnsflaums.

Annar fyrrverandi nágranni minn, Heiða að nafni, tengdadóttir Kristjáns Jónssonar, forstjóra, Þingvallastræti 20, sagði mér, að Jón Ágústsson hefði sífellt verið með málningapensil og verkfæri í hendi, þegar hann var heima við. Hefði mátt sjá hann um hverja helgi við einhverja iðju. Í þessu viðfangi er rétt að geta þess, að Jón minntist á það, að mála þyrfti glugga íbúðarinnar að utan, en að öðru leyti væru þeir góðir. Önnur varð nú reyndin.

Eftir að við fluttum, urðum við m. a. að fjarlægja úr viðbyggingu tvo trékassa, sem fullir voru af tómum áfengisflöskum, en okkur hefir alltaf verið það nokkur ráðgáta, hvers vegna þessi varningur var þarna.

Við reyndum af fremsta megni að auka hitanýtingu í íbúðinni, eftir að við fluttum í hana. Vöfðum við m. a. allar hitaleiðslur í kjallara, þar sem næturhitunargeymir var, með sérstaklega góðri einangrun, og annaðis Óskar Ásgeirsson það verk. Þess skal getið, að umrædd næturhitun var ætíð mjög illa virk, en viðgerðartilraunir dugðu ekki betur en svo, að 1/12 kerfis virkaði ekki.

Þess skal getið, að þegar ég kannaði betur aðstæður í næturhitunarklefa, komst ég að raun um það, að lokið á geyminum var mölbrotið, en ofan á því höfðu einmitt legið hurðirnar tvær, sem getið var hér að ofan.

Hitavandamál íbúðarinnar hefir greinileg verið nokkuð vandamál vegna óeðlilega mikils raka í íbúðinni, þannig að til árekstra mun hafa komið milli t. a. m. Hjálmars Péturssonar, er leigði þessa íbúð á fyrstu hæð, og eiganda hússins, Grímu Guðmundsdóttur. Jón Bjarnason, úrsmiður hér í bæ, fyrrverandi vinnuveitandi Hjálmars, telur sig muna það, að Hjálmar hafi kvartað ekki aðeins undan skordýrum og vatni, heldur undan því, að Gríma Guðmundsdóttir hafi verið að rífast í honum fyrir að hita ekki nóg.

Hjálmar Pétursson sagði manni mínum á sínum tíma frá því, að kona hans fyrrverandi hefði meira að segja kvartað við heilbrigðisfulltrúa bæjarins vegna skordýra í íbúðinni. Hefði hann talið ráðlegast að sprauta með einhverjum efnum.

Ýmsum þáttum virðist hafa verið illa frágengið í húsinu, og þannig kom dag einn um haustið 1977 upp mikið vatn í kjallara, þ. e. í þvottaherbergi. Að þessu tilefni kom á vettvang Hilmar, verkstjóri hjá Akureyrarbæ, og taldi hann, að frárennsli frá húsinu sjálfu væri um að kenna. Gat hann þess, að hann hefði oftsinnis verið til kvaddur að Þingvallastræti 22 vegna slíks vanda á undangengnum fimm árum. Að þessu sinni reyndist víst um stíflu í rörum í götunni, og var þá skift um gólfdúk í kjallara og komið fyrir vatnsheldum gólfdúk.

Að lokum vil ég taka fram, að við keyptum íbúðina í góðri trú og töldum húsasmíðinn færan um að meta hana til sanngjarns verðs, og við töldum þá, að sú staðreynd, að Jón Ágústsson er tengdasonur heilbrigðisfulltrúa Akureyrarbæjar nokkra tryggingu fyrir því, að hér væri allt með felldu."

Sama dag kom fyrir dóminn Ólafur Rafn Jónsson, eiginmaður stefnanda, menntaskólakennari, fæddur 8. júlí 1936, og kvaðst hann vilja gera framburð stefnanda, eiginkonu sinnar, að framburði sínum. Vitnið segir, að er þau skoðuðu íbúðina, hafi enginn byggingafróður maður verið viðstaddur af þeirra hálfu og hafi hann ekki getað leitað ráða hjá neinum byggingafróðum aðilja. Vitnið segir, að kona stefnda hafi komið þeim skilaboðum til þeirra, að þau gætu skoðað íbúðina um kl. 1800 á gamlársdag 1974. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir neinum raka í íbúðinni, er hann skoðaði hana, og sagði, að íbúðin hefði sennilega verið í sama ástandi, þegar hann fékk hana, eins og hún var, þegar kaupin voru gerð. Vitnið kvaðst hafa fengið kr. 25.000 í afslátt af íbúðarverðinu frá stefnda og hafi hann verið óánægður með þá fjárhæð. Hafi Steindór Gunnarsson lögfræðingur annast samningaviðræður við stefnda um þennan afslátt, en vitnið kveðst aldrei hafa veitt endanlegt samþykki sitt fyrir þessari afgreiðslu. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt við stefnda um nokkurn fyrirvara varðandi greiðslu þessa, en hann hafi tjáð Steindóri óánægju sína. Vitnið kveðst ekki minnast þess að hafa kvartað við Jón Ágústsson um ástand íbúðarinnar fram að þeim tíma, er matsskoðun fór fram þann 22. desember 1976. Vitnið kvað Jón Ágústsson hafa bent á við skoðun, að golfdúkur á einu svefnherbergi væri lélegur, svo læki rör í kjallara, einnig að viðbygging væri léleg. Vitnið kveðst alltaf hafa litið á Steindór Gunnarsson, lögfræðing og fasteignasala, sem umboðsmann stefnda varðandi eftirmál vegna íbúðarkaupanna. Vitnið kvað næturhitunina hafa reynst ófullnægjandi og hafi þau fengið aukna raforku til kyndingar svo og hafi þurft að skerpa á hitanum með kolamiðstöð í mestu kuldum um stundarsakir, og kvað vitnið, að reynt hafi verið að halda hitastigi í íbúðinni í kringum 19—21° Celcius, en í eldhúsi hafi þetta ekki tekist, sérstaklega í norðanátt. Vitnið sagði, að er þau fluttu í íbúðina, hafi fjölskyldumeðlimir verið fjórir, en séu nú sex. Aðspurt um dómskjal nr. 21 kvaðst vitnið ekkert kannast við tilurð þess. Vitnið kvað rakann í íbúðinni mun meiri vetur og vor heldur en að sumarlagi, en þó sé hann alltaf viðvarandi, en skordýragangur sé nokkuð jafn allt árið. Vitnið upplýsti, að fyrst hefði orðið vart við raka í eldhússkáp haustið 1975 svo og skordýr. Vitnið gat þess, að athugasemdir hafi komið frá Rafmagnseftirliti ríkisins varðandi frágang á raflögn í íbúðinni og sé til skýrsla um þetta frá 4. nóvember 1976.

Á dskj. nr. 22 er eftirfarandi vottorð, sem liggur frammi í málinu:

„Við undirrituð Guðrún Bryndís Björnsdóttir og Halldór Pétursson, til heimilis í Akuregerði 3 F, Akureyri, vottum hér með, að við vorum nákunnug Gyðu H. Björnsdóttur og Jóni Ágústssyni, sem bjuggu í Þingvallastræti 22, miðhæð, á árunum 1970 til 1975 og komum þar mjög oft, stundum í hverri viku, urðum við aldrei vör við raka í íbúðinni eða sáum nein merki um, að svo hefði verið. Þegar Jón og Gyða fluttu úr íbúðinni í mars 1975, hjálpuðum við þeim til að flytja búslóð þeirra út í bíl og gera íbúðina hreina, ekki sáum við þá nein merki um raka í íbúðinni.

Akureyri, 24. jan. 1979

Bryndís Björnsdóttir Halldór Pétursson."

Þann 2. apríl sl. kom Guðrún Bryndís Björnsdóttir húsmóðir, Akurgerði 3 F, Akureyri, fædd 12. júlí 1945, fyrir dóminn og staðfesti þetta vottorð og kvað það samið með eiginmanni hennar, Halldóri Péturssyni.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Halldór Pétursson rafverktaki, Akurgerði 3 F, Akureyri, fæddur 2. október 1941. Staðfesti hann dskj. nr. 22 og kvaðst aldrei hafa heyrt getið um ágang skordýra í íbúðinni.

Á dskj. nr. 23 liggur frammi svofellt vottorð frá vitninu Halldóri Péturssyni:

„Akureyri 24. jan. 1979

Ég undirritaður Halldór Pétursson rafvirkjameistari, Akurgerði 3 F, Akureyri, votta hér með, að ég skipti um raflögn í íbúð Jóns Ágústssonar, Þingvallastræti 22, Akureyri. Gerði ég það með þeim hætti, að ég dró gömlu leiðslurnar úr rörunum og setti nýjar í staðinn, var þetta á árinu 1971. Leiðslurnar eru í járnrörum í íbúðinni. Ekki sá ég vott af raka eða bleytu á leiðslunum, þegar ég tók þær úr rörunum. En þegar skipt er um leiðslur, þar sem raki er, ryðga rörin innan og einangrun bilar á leiðslunum, og leiðir þá út."

Vottorð þetta staðfesti vitnið í dóminum.

Dskj. nr. 24 um raforkunotkun í íbúðinni var borið undir vitnið. Vitnið kvað Áslaugu Magnúsdóttur, skrifstofustjóra Rafveitu Akureyrar, hafa gefið sér upp raforkunotkun í íbúðinni og rafmagnseftirlitsmaðurinn Agnar Árnason hafi gefið sér upplýsingar um skoðanir á rafkerfinu og séu þessar upplýsingar þeirra skráðar eftir bestu vitund, þekkingu og samvisku.

Dskj. nr. 10 var borið undir vitnið Halldór Pétursson, en vottorð þetta samdi bróðir vitnisins, Hjálmar Pétursson, og er það svohljóðandi:

„Ég undirritaður var búsettur um nokkur ár í íbúð þeirri að Þingvallastræti 22, sem Danielle Somers er eigandi að. Allan þann tíma, sem ég bjó þar, þ. e. a. s. 1968, 1966 og 1967, varð ég var við maura, sem ég reyndi hvað eftir annað að útrýma, en ekkert dugði. Einnig gætti mikils raka í íbúðinni, einkum þó í eldhússkápum.

Akureyri, 15. apríl 1977."

Vitnið Halldór Pétursson kvaðst oft hafa komið í íbúðina, þegar Hjálmar bróðir hans bjó þar, og aldrei hafa heyrt minnst á skordýr né raka. Vitnið kvaðst kannast við rithönd Hjálmars undir dskj. nr. 10.

Vitnið Aðalheiður Elísabet Þorleifsdóttir húsmóðir, Þórunnarstræti 133, Akureyri, fædd 12. febrúar 1928, kom fyrir dóminn þann sama dag. Staðfesti vitnið þar vottorð sitt, sem er á dskj. nr. 29 og hljóðar svo:

„Akureyri 15. mars 1979.

Ég undirrituð Aðalheiður Þorleifsdóttir, Þórunnarstræti 133, Akureyri, votta hér með, að ég var nákunnug hjónunum Gyðu H. Björnsdóttur og Jóni Ágústssyni, sem bjuggu í Þingvallastræti 22 hér í bæ. Meira að segja kom ég á heimili þeirra oft í viku hverri. Fór ég þá um alla íbúðina, meðal annars inní skápa í eldhúsi, og varð aldrei vör við raka, hvorki þar né annarsstaðar í íbúðinni.

Aðalheiður Þorleifsdóttir
Virðingarfyllst."

Aðspurt kveðst vitnið aldrei hafa fundið rakalykt í íbúðinni né heldur hafa orðið vör við nein skordýr þar né um þau heyrt.

Sama dag komi fyrir dóminn sem vitni Magnús Snæbjörnsson bifreiðaeftirlitsmaður, Þórunnarstræti 133, Akureyri, fæddur 23. júlí 1924, og staðfesti hann vottorð sitt á dskj. nr. 30, sem hljóðar svo:

„Akureyri 15. mars 1979.

Ég undirritaður Magnús Snæbjörnsson, Þórunnarstræti 133, Akureyri, votta hér með, að ég var nákunnugur Gyðu H. Björnsdóttur og Jóni Ágústssyni, sem bjuggu í Þingvallastræti 22, Akur-

eyri, og kom þar í íbúðina mjög oft. Aldrei varð ég var við raka í íbúðinni, hvorki í eldhúsi né annars staðar, en í eldhúsinu drakk ég oft kaffi.

Virðingarfyllst,
Magnús Snæbjörnsson."

Aðspurt kvaðst vitnið aldrei hafa fundið þarna rakalykt né heyrt um skordýragang.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Björn Guðmundsson heilbrigðisfulltrúi, til heimilis að Holtagötu 4, Akureyri, fæddur 28. maí 1911. Vitnið upplýsti, að hann væri tengdafaðir stefnda. Vitninu var sýnt dskj. nr. 21. Vitnið segir, að skjal þetta hafi verið samið vegna lánsumsóknar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og telur hann, að Ólafur Rafn hafi beðið sig um að gefa þetta vottorð og hafi hann farið á staðinn og skoðað íbúðina, en þá hafi Ólafur ekki verið við, heldur stefnandi, og sé skjal þetta samið eftir þessa skoðun. Vitnið segir, að skoðun á íbúðinni hafi verið lausleg, þar sem hann hafi verið vel kunnugur íbúðinni. Vitnið segist gefa mikið út af svona vottorðum vegna lánsumsókna og fari hann ætíð á staðinn til skoðunar. Vitnið kveðst hafa verið heilbrigðisfulltrúi hér í bæ í 17 ár og hafi hann aldrei heyrt á starfsferli sínum, að skordýr eða raki væri í íbúðinni, þ. e. a. s. ekki fyrr en stefnandi og Ólafur Rafn kvörtuðu yfir því. Aðspurt segir vitnið, að fyrrverandi eiginkona Hjálmars Péturssonar hafi aldrei kvartað við hann um ágang skordýra í íbúðinni. Vitnið segir, að oftast sé slagi eða raki í húsum, sem kvartað sé undan ágangi skordýra.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Tómas Ingi Olrich konrektor, til heimilis að Knarrarbergi, Öngulstaðahreppi, fæddur 13. febrúar 1943. Staðfesti vitnið vottorð sitt á dskj. nr. 9, sem hljóðar svo:

„Akureyri, 17. apríl 1977.

Ég og fjölskylda mín vorum búsett að Þingvallastræti 22, í íbúð þeirri, sem nú er í eigu Danielle Somers, á árunum 1951 til 1961. Á þeim árum urðum við vör við raka í eldhússkápum við norðurvegg. Í raka þessum þrifust skordýr, sem ég kann ekki deili á. Ekki var gerð tilraun af hálfu eigenda hússins, Arnalds Guttormssonar, til að bæta úr þessu.

Tómas I. Olrich."

Aðspurt kvaðst vitnið ekki minnast þess, að raki hafi verið á öðrum stöðum í íbúðinni en í eldhússkápum á norðurvegg. Vitnið telur sig muna það, að kvartað hafi verið undan skordýrum þessum við þáverandi eiganda hússins, Arnald Guttormsson, en kveðst þó ekki þora að fullyrða það. Vitnið kveðst ekki hafa vitað þá, hvers konar skordýr þetta hafi verið, en á núverandi þekkingarstigi telur hann, að hafi verið um tínusbjöllur að ræða og hafi verið nokkuð af þeim. Hafi hin síðari ár verið reynt að útrýma skordýrum þessum kerfisbundið tvisvar á ári með því að þurrka og þvo skápana, en þetta hafi engan árangur borið til lengdar. Vitnið segir, að hiti í íbúðinni hafi verið þokkalegur.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Sigurður Hannesson byggingameistari, til heimilis að Austurbyggð 12, Akureyri, fæddur 8. desember 1923. Vitnið staðfestir matsgerðirnar á dskj. nr. 7 og 18 og kveður hann þær samdar eftir bestu vitund og þekkingu. Vitnið upplýsti, að um tvenns konar aðferðir hefði verið að ræða, þegar einangrað var með reiðingi. Annað hvort hafi reiðingurinn verið í stórum plötum eða hann skorinn niður í strengi, ca 7 cm breiða, og hafi íbúðin verið einangruð með þessum reiðingsplötum og hafi þær sigið saman, þar sem athugað var í svefnherbergi og eldhúsi, þannig að einangrunarlaust hafi verið ca 10 cm frá loftplötu. Vitnið segir, að það hafi verið mat þeirra, að óráðlegt væri að bæta úr þessum einangrunargalla nema með því að einangra vegginn upp á nýtt. Vitnið segir, að þeir hafi ekki athugað um einangrun í öðrum íbúðum í húsinu. Vitnið segir, að þeir hafi ekki athugað, hvort rakinn í íbúðinni gæti stafað af leka frá þaki, þar sem engin ummerki hafi verið í íbúðinni, sem bentu sérstaklega til þess. Vitnið upplýsir, að ekki hafi verið sjáanlegar skemmdir á útveggjum hússins. Vitnið segir, að möguleiki hafi verið á því að slá upp trégrind innan á hina rakamettuðu veggi íbúðarinnar og einangra og klæða svo utan á með spónaplötum og hefði þetta e. t. v. verið eitthvað ódýrara, en hefði þar á móti minnkað plássið í herbergjunum. Vitnið segir, að þeir hafi mælt hitastigið í íbúðinni og hafi það verið frekar í lægri mörkum, en þó ekki óeðlilega lágt. Vitnið upplýsir, að í liðum c (sic), ófyrirsjáanlegur stjórnunarkostnaður, sé gert ráð fyrir verkstjórn, snúningum og ófyrirsjáanlegum kostnaði eins og gengur. Vitnið kvað, að frágangur og einangrun íbúðarinnar hafi verið eins og algengt var á þessum árum.

Kom þá fyrir dóminn sem vitni sama dag Pétur J. Pálmason verkfræðingur, Kotárgerði 23, Akureyri, fæddur 10. janúar 1933.

Vitninu voru sýndar matsgerðirnar á dskj. nr. 7 og 18, og kvað hann þær samdar eftir bestu vitund og þekkingu. Lesinn var fyrir vitninu framburður Sigurðar Hannessonar hér fyrir dóminum, og kveðst hann taka undir þennan framburð. Vitnið upplýsti, að þeim hafi verið tjáð, að raki í svefnherbergi myndaðist aðallega í frosti. Hafi þeir þá dregið þá ályktun, að hann stafaði ekki frá leka ofan frá eða að útveggir lækju. Vitninu var sýnt dskj. nr. 24. Kvaðst hann ekki taka afstöðu til þessarar raforkunotkunar, en það hafi verið álit þeirra matsmanna, að rakastig í íbúðinni hafi verið of hátt miðað við veggi íbúðarinnar. Vitnið kvaðst vilja taka það fram, að hann hefði ekki verið viðstaddur, þegar skoðun fór fram á einangrun íbúðarinnar. Vitnið upplýsir, að til þess að halda niðri rakastigi í íbúðum þurfi að taka inn útiloft og hita það upp og skipti það eðlilega máli í sambandi við kyndingarkostnað íbúðarinnar.

Málsástæður og lagarök.

Lögmaður stefnanda heldur því fram, að er stefnandi og eiginmaður hennar, Ólafur Rafn Jónsson, festu kaup á íbúðinni að Þingvallastræti 22, hafi íbúðin litið vel út að innan og þar sem þau töldu, að um fyrsta flokks eign væri að ræða, hafi þau greitt fyrir íbúðina kr. 5.200.000, sem hafi verið vel yfir almennu markaðsverði á svipuðum íbúðum. Síðar hafi komið í ljós, að einangrun í veggjum íbúðarinnar hafi verið verulega gölluð, þannig að stöðug rakamyndun varð á útveggjum, og í raka þessum þrifust meindýr, svo að við lá, að íbúðin mætti teljast heilsuspillandi. Fullsannað verði að telja, að íbúðin hafi verið haldin ofannefndum galla um árabil og alla vega, er stefnandi tók við íbúðinni þann 1. apríl 1975. Stefnandi, sem ekki er byggingarfróð, gat ekki séð galla þennan við venjulega skoðun né er hún tók við íbúðinni. Hafi því gallinn tvímælalaust verið leyndur. Stefnandi telur, að stefndi hafi vitað eða mátt vita um lélega einangrun íbúðarinnar eftir að hafa búið í henni um árabil og hann hafi því vanrækt upplýsingaskyldu sína við söluna. Stefnanda hafi verið kunnugt um, að stefndi væri byggingafróður, og hafi það einmitt verið ákvörðunarástæða af hennar hálfu, er hún ákvað að gjalda hátt verð fyrir íbúðina, að hún væri að kaupa vandaða eign af byggingafróðum manni. Stefnandi telur, að vegna áðurnefndrar vanrækslu á upplýsingaskyldu beri stefndi bótaábyrgð á hinum leyndu göllum gagnvart henni og beri stefnda því að greiða henni kostnaðinn við að lagfæra gallann og annan kostnað í því sam-

bandi, sbr. stefnu. Hvað sem líði huglægri afstöðu stefnda, þá telur stefnandi, að íbúðin hafi alls ekki haft þá eiginleika, sem ætla mátti, að hún hefði miðað við jafngamlar íbúðir og verð það, er hún galt fyrir hana. Af þessum sökum eigi stefnandi rétt á bótum úr hendi seljanda eða rétt til afsláttar af kaupverði, er nemi stefnufjárhæðinni í máli þessu. Hæstiréttur hafi oft fjallað um slíka leynda galla á íbúðum og bendir á í þessu sambandi dóma Hæstaréttar í 33. bindi, bls. 424, og 42. bindi, bls. 762 og 1095, en með dómum þessum hafi kaupendum verið dæmdar bætur úr hendi seljenda vegna lélegrar einangrunar.

Lögmaður stefnda krefst þess, að hann verið algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmd til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu. Stefndi kveður, að í kaupsamningi, dags. 7. janúar 1975, segi svo: „Íbúðin er seld í því ástandi, sem hún er í og kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti.“ Í afsali, sem gefið var út 19. mars 1975, segi: „Eignarhlutinn er seldur í því ástandi, sem hann nú er í og kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti.“ Áður en kaupin fóru fram, hafi stefnandi og eiginmaður hennar komið í íbúðina hinn 31. desember 1974 og skoðaði íbúðina hátt og lágt. Hafi þau lokið upp lofsorði á hvaðeina. Stefndi sýndi þeim sjálfur íbúðina og vakti athygli þeirra á því, sem hann vissi, að þyrfti að endurnýja. Sýndi hann þeim, að skipt hafði verið um gler í einum glugga og þannig þyrfti að gera í hinum. Hann sýndi þeim, að lokið á hitadunknum var brotið, sýndi þeim leka í geymslu í viðbyggingu og gólfdúk, sem þurfti að endurnýja, á svefnherbergi og taldi yfirleitt upp allt, sem hann vissi, að gæti verið aðfinnsluvert í íbúðinni. Einu svörin, sem stefnendur gáfu stefnda, hafi verið á þessa leið: „Skiptir ekki máli. Breytir engu.“ Nokkru eftir að stefnandi hafði flutt í íbúðina, sendi eiginmaður hennar, Ólafur Rafn Jónsson, stefnda, sem þá var fluttur að Réttarholti 2, Selfossi, bréf, dags. 12. maí 1975, þar sem hann taldi upp ágalla, sem honum þóttu hafa komið í ljós, eftir að þau hjón fluttu í íbúðina. Biður hann stefnda að lækka íbúðarverðið þess vegna um kr. 100.000. Með bréfi, dags. 27. maí 1975, svaraði stefndi þessum tilmælum stefnanda með því að bjóða honum, að söluverðið lækkaði um kr. 25.000 vegna þess, að stefndi hefði gleymt að segja þeim frá því, að yfirfallsrör í baðkari hafi ekki verið tengt, sem þó hafi verið frá fyrstu tíð, og ætlaðist stefndi til, að fjárhæðin drægist frá lokagreiðslu. Þessa fjárhæð dró svo stefndi frá greiðslunni í október 1975. Eftir þetta hafi stefnda engar kvartanir

borist frá stefnanda fyrr en matsskoðun fór fram á íbúðinni hinn 22. desember 1976. Um fasteignakaup gilda reglur laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 analogice. Samkvæmt 51.—53. grein þeirra laga verður jafnan að kvarta við seljanda, undir eins og vart verður við meintan galla á seldum hlut. Skv. reglu 54. gr. verður ekki borinn fyrir sig galli á seldum hlut, eftir að ár er liðið frá því að kaupandi fékk í hendur söluhlut, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn lengri tíma eða haft svik í frammi. Þessu hafi ekki verið til að dreifa með stefnda, sem lýsti íbúðinni eins og hann best þekkti hana og dró ekkert undan, sem hann vissi, að væri ábótavant, þegar frá er skilið, að hann gleymdi í sambandi við baðkarið og stefnandi tók sér bætur fyrir í október 1975. Sé þannig allur hugsanlegur bótaréttur stefnanda á hendur stefnda vegna íbúðarinnar niður fallin fyrir vangeymslu. Hitt beri þó líka að hafa hugfast, að meðan stefndi bjó í íbúðinni á árunum 1970 til 1975, varð aldrei vart við þá ágalla, sem fram koma í þeim matsgerðum, er fram hafa farið á íbúðinni, og aldrei vart við þau meindýr, sem nú virðast hrjá stefnanda. Um þetta vísar stefndi til vottorðs Bryndísar Björnsdóttur og Halldórs Péturssonar á dskj. nr. 22 og ekkert af þessum ágöllum hafi komið fram í íbúðinni 27. júní 1975, er heilbrigðisfulltrúi gefur vottorð um íbúðina á dskj. nr. 21. Á árinu 1971, þegar dregið var í rafmagnsrör í íbúðinni vegna endurnýjunar á raflögn, varð ekki vart rakamerkja í leiðslum, sbr. dskj. nr. 23. Það gæti hins vegar verið skýring á rakamyndun í íbúðinni, ef hún hefur ekki verið kynt nægilega. Íbúðin sé rafmagnskynt með svokölluðum næturhita og eins og fram komi á dskj. nr. 24, notar stefndi síðustu tvö heilu árin, sem hann er í íbúðinni, 36600 kw og 36676 kw, þ. e. 1973 og 1974, en hins vegar tvö síðari heilu árin 1976 og 1977, sem stefnandi býr í íbúðinni, noti hún 27977 kw og 26565 kw. Hér muni nálega 10000 kw á ári, sem stefndi notaði meiri raforku til hitunar en stefnandi. Það sé röng fullyrðing lögmanns stefnanda í greinargerð, að verð íbúðarinnar til stefnanda hafi verið vel yfir almennu markaðsverði á þeim tíma, er kaupin fóru fram. Stefnandi gekk að þessu verði athugasemdalaust og hefur aldrei hreyft við því athugasemdum, að það þætti of hátt, né minnst á lækkun á því. Hún hafi líka vitað um aldur íbúðarinnar. Það sé rétt, að íbúðin hafi litið vel út, þegar hún var seld, eins og hún hafi verið, meðan stefnandi bjó í henni, enda hafi hann haldið henni vel við og kynt hana vel. Það sé alrangt, að stefndi hafi sagt íbúðina öðruvísi en hún var og hafi reynst

honum og því síður hafi hann leynt stefnanda nokkru. Íbúðin hafi aldrei verið með raka né meindýrum, meðan stefndi bjó í íbúðinni, og um enga leynda galla hafi verið að ræða á henni, er hann seldi hana. Þá mótmælir stefndi sérstaklega vottorðum á dskj. nr. 9 og 10 sem óstaðfestum og röngum. Einnig mótmælir hann sem óstaðfestum og röngum matsgerðum á dskj. nr. 16 og 18 og dskj. nr. 7. Einnig mótmælir hann öllum rökstuðningi og kröfum, sem stefnandi hefur uppi í máli þessu gegn stefnda. Stefndi geti aldrei orðið að bera hallann af skorti stefnanda á viðhaldi og kyndingu íbúðarinnar, sem hlýtur að vera ástæða fyrir ágöllum, sem nú eru á íbúðinni, ef matsgerðirnar gefa rétta mynd. Þá mótmælir stefndi sérstaklega framsettum bótakröfum. Útilokað sé með öllu, að stefndi geti átt að greiða nýja einangrun á íbúðina, þótt efni hefðu annars verið til að fella á hann sök, sem ekki sé til að dreifa. Stefnandi hafi ekki verið að kaupa íbúð með nýrri einangrun, er hún festi kaup á íbúðinni, og þá telur stefndi mikið rannsóknarefni, hvernig út sé fundin sú kr. 300.000 fjárhæð, sem stefnt er um vegna óþæginda við flutning úr íbúðinni og óhagræðis, meðan á viðgerð stendur. Að lokum ítrekar stefndi og heldur fast við allar gerðar sýknukröfur og vill sérstaklega leggja áherslu á, að málskostnaður úr hendi stefnanda verið dæmdur ríflegur til stefnda, þar sem hér sé um fjarstæðar kröfur að ræða og málssókn þessi algerlega úr lausu lofti, en hafi bakað stefnda og fjölskyldu hans áhyggjur og fjárútlát.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að raki sá, sem nú er í íbúðinni á miðhæð húseingarinnar að Þingvallastræt 22, Akureyri, eign stefnanda, Danielle Somers, stafi af því, að reiðingseinangrun í útveggjum hafi sigið niður efst og því hafi einangrunargildi reiðingsins skerst allverulega og því myndist rakinn, er kalt og hlýtt loft mætist. Úr þessu verði ekki bætt, nema til komi ný einangrun í stað þeirrar, sem sigið hefur. Við framkvæmd einangrunarinnar þykir rétt að leggja til grundvallar tillögur hinna dómkvöddu matsmanna.

Það er álit dómsins, að einangrunargalli þessi hafi verið til staðar í íbúðinni, er stefnandi festi kaup á henni, og því hafi íbúðina skort þann áskilda kost að vera nægjanlega vel einangruð þrátt fyrir aldur hennar og beri því stefnda að greiða stefnanda skaðabætur vegna þessa galla.

Á hitt ber að líta, að hér er um nær 30 ára gamla íbúð að ræða,

þannig að ekki er sanngjarnt, að stefnandi fái bætur, er svari til gerðar einangrunar eins og um nýtt hús væri að ræða, og þykja fébætur vegna úrbóta á einangrun svo og vegna óþæginda og rasks, sem slík framkvæmd hefur í för með sér, hæfilega ákveðnar í einu lagi alls kr. 1.000.000 auk vaxta, eins og krafist er í stefnu.

Ekki þykir dóminum efni til þess að fallast á þá málsástæðu stefnda, að stefnandi hafi glatað rétti sínum til skaðabóta vegna tómlætis, þar sem mál sem þetta eiga sér af ýmsum ástæðum oftlega alllangan aðdraganda, og í þessu máli sýnist sá dráttur ekki vera það verulegur, að hann valdi stefnanda réttarspjöllum.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 247.000.

Lögmaður stefnanda var Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður og lögmaður stefnda Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson aðalfulltrúi ásamt meðdómsmönnunum Eiríki Jónssyni byggingaverkfræðingi og Snorra Guðmundssyni byggingameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ágústsson, Selfossi, greiði stefnanda Danielle Somers, Akureyri, kr. 1.000.000 auk 19% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 12. júní 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 247.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. júní 1982.

Nr. 29/1980. **Kolbeinn Gunnarsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Kolbrúnu Svavarsdóttur
og gagnsök
(Skúli Pálsson hrl.).

Bifreiðakaup. Gallar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1978. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði gert að greiða houm málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1980. Hún krefst þess, að sér verði tildæmdar úr hendi aðaláfrýjanda 8.232.72 krónur auk 19% ársvaxta frá 19. mars 1979 til 31. maí s. á., 22% ársvaxta frá þeim degi til 31. ágúst s. á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 30. nóvember s. á., 31% ársvaxta frá þeim degi til 31. maí 1980 og 35% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi byggir dómkröfur sínar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti gagngert á því, að aðaláfrýjandi hafi, er hann seldi bifreið þá, sem málið fjallar um, beitt vísvitandi blekkingum. Hafi hann talið vél bifreiðarinnar mun minna notaða en í ljós hafi komið. Með því hafi hann valdið henni því tjóni, sem stefnukröfunni nemi. Í héraðsdómsstefnu segir m. a. svo: „Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefndi hafi með vísvitandi blekkingum valdið henni því tjóni, sem stefnukröfurnar nema, þegar hann fullyrti, að vél bifreiðarinnar væri nýuppgerð."

Ósannað er, að aðaláfrýjandi hafi, er kaupin voru gerð, sagt gagnáfrýjanda eða umboðsmanni hennar, að vél bifreiðarinnar væri nýuppgerð eða að vélin væri uppgerð og aðeins notuð til 40—60 þúsund kílómetra aksturs bifreiðarinnar eftir það. Ekki er heldur sannað, að aðaláfrýjandi hafi við kaupin hagað orðum sínum að öðru leyti með þeim hætti, að gagnáfrýjandi mætti treysta því, að vélin væri lítið slitin.

Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kolbeinn Gunnarsson, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kolbrúnar Svavarsdóttur.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 5.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 5. desember 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. f. m., hefur Kolbrún Svavarsdóttir, Fossheiði 46, Selfossi, (lögm. Skúli Pálsson hrl.), höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 23. júlí 1979, á hendur Kolbeini Gunnarssyni, Víðihvammi 1, Hafnarfirði (áður Hjallabraut 25) (lögm. Pétur Kjerúlf hdl.).

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 823.272 auk 19% ársvaxta frá 9. mars 1979 til 1. júní s. á., en 22% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags, kr. 60.000 í matskostnað auk 22% ársvaxta frá 1. júní 1979 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefst stefnandi annarrar og lægri fjárhæðar auk vaxta og málskostnaðar, þ. á m. matskostnaðar.

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda máls þessa og henni gert að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómsins, en til

vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar allverulega og málskostnaður falli niður.

II.

Með afsali, dagsettu 25. júlí 1978, seldi stefndi Kolbeinn stefnanda Kolbrúnu fólksbifreiðina, Mercedes Bens 220 D, árgerð 1968. Bfreið þessi er með dieselvél. Í febrúar 1979 lét stefnandi endurbyggja vél bifreiðarinnar. Vélvirki sá, sem viðgerðina annaðist, hefur fyrir dóminum borið, að vél bifreiðarinnar hafi þá verið mjög slitin, og dómkvaddir matsmenn, sem eftir viðgerðina skoðuðu þá vélarhuta, sem úr höfðu verið teknir, töldu umrædda vélarhluta vera úr vél, sem hefði verið mikið slitin, jafnvel ógangfær. Höfuðstóll stefnukröfu er kostnaður stefnanda vegna endurbyggingar á vélinni samkvæmt framlögðum reikningum frá verkstæðinu, er viðgerðina framkvæmdi. Samkvæmt þeim reikningum hefur vélin verið algerlega endurbyggð, m. a. skipt um sveifaráslegur og renndur sveifarás, skipt um stimpla og hringi og blokkin boruð út, skipt um knastás, undirlyftur og ventla o. s. frv.

III.

Sem fyrr segir, var umrædd bifreið 10 ára gömul við söluna. Upplýst er, að vél hennar hafði áður verið endurbyggð, árið 1972. Eftir þá endurbyggingu vélarinnar hafði bifreiðin verið notuð sem leigubifreið í 4 ár, eða þar til stefndi Kolbeinn keypti hana. Stefndi Kolbeinn, sem er fiskmatsmaður, hafði síðan notað hana sem einkabifreið og til þess að aka í frystihúsin á Suðurnesjum og telur sig hafa ekið 20—30 þús. km á ári. Óumdeilt er, að vélar sem þessi endast að meðaltali um 250 þús. km (frá 150 þús. og upp í 500 þús.) og að ekki munar miklu á endingartíma nýrrar vélar og endurbyggðar.

IV.

Þegar kaup málsaðilja um bifreiðina fóru fram, var eiginmaður stefnanda Kolbrúnar, Heiðar Jónsson, lögreglumaður á Selfossi, með henni sem ráðgjafi hennar og umboðsmaður. Ágreiningur er um, hvaða lýsingu seljandi hafi gefið kaupanda á vél bifreiðarinnar við kaupin. Óumdeilt er þó, að seljandinn, stefndi Kolbeinn, sagði frá því, að bíllinn hefði verið leigubíll, áður en hann eignaðist hann.

Stefndi Kolbeinn kvaðst hafa sagt kaupandanum, þ. e. umboðsmanni hennar Heiðari, að hann „hefði átt bifreiðina í tvö ár og vélin hefði verið tekinn upp fyrir þann tíma.“ Einnig kvaðst hann

hafa látið þess getið, að hann sjálfur hefði ekið bifreiðinni 40—60 þús. km þann tíma, sem hann átti hana.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi við kaupin látið þess getið, „að vélin í bifreiðinni væri uppgerð og ekin í mesta lagi 40—60 þús. km", eins og þetta er orðað í stefnu. Um þetta atriði fórust þeim Kolbeini og Heiðari svo orð við samprófun fyrir dómi:

Kolbeinn: „Þetta bar brátt að. Við skoðuðum bílinn, og þeir voru búnir að segja honum, að þetta væri búinn að vera einkabíll s.l. tvö ár, á bílasölunni, að mér skildist. Hann spyr að því, hvort vélin væri uppgerð, og ég sagði já, það hefði verið gert áður en ég átti bílinn, en ég hafði keyrt bílinn 40—60 þúsund þessi tvö ár."

Dómari: „Heiðar, segðu okkur, hvað þú manst, hvað Kolbeinn sagði við þig."

Heiðar: „Já, þegar við kíktum ofan í vélasalinn, þarna á bílnum, þá spyr ég hann að því, hvort vélin væri upptekin, og hann kvað svo vera og að vélin hefði verið keyrð 40—60 þúsund kílómetra."

Dómari: „Kolbeinn. Að vélin hafi verið keyrð 40—60 þúsund kílómetra, getur verið, að þú hafir orðað þetta svona?"

Kolbeinn: „Ég hef skýrt honum frá, að vélin hefði verið tekin upp, áður en ég átti bílinn."

Dómari: „Heiðar, Getur verið, að Kolbeinn hafi tekið fram, að hún hafi verið gerð upp, áður en hann eignaðist bílinn?"

Heiðar: „Nei, sko, mér skildist, að hann hefði látið taka upp vélina og þetta væri búið að keyra hann síðan þetta væri tekið upp. Það kom alveg hreint fram."

Samstarfsmaður stefnda Kolbeins, Sæmundur Jóhannesson fiskmatsmaður, ók Kolbeini á bílasöluna og frá henni, þegar kaupin fóru fram. Hann svaraði, þegar hann var við vitnaleiðslu spurður, hvort hann hefði verið viðstaddur, þegar kaupin fóru fram, og hvort hann myndi eftir orðaskiptum:

„Ég var ekki við fyrst, ég var að skoða aðra bíla á sölunni, en svo rámar mig í það, að við skoðuðum vélina, þó þarf það ekki að vera, og þá var Kolbeinn að tala um það, að vélin hefði verið upptekin, áður en hann átti bílinn."

Dómari: „Manstu nánar, hvernig hann orðaði þetta, hvort hann orðaði þetta svo, að það væri búið að skipta um vél í bílnum, þetta væri ekki fyrsta vélin, eða hvort hann orðaði þetta svo, að vélin væri upptekin og keyrð einhverja tiltekna kílómetra."
Vitnið: „Hann talaði um, að vélin væri upptekin, ég man ekki kílómetratöluna."
Dómari: „Talaði hann um það, hvenær hún hefði verið upptekin?"
Vitnið: „Áður en hann átti bílinn."
Dómari: „Heldurðu að þú sért viss um, að þú munir þetta?"
Vitnið: „Ég er alveg viss um það. Ég keyrði Kolbeini á staðinn, ég fjarlægði útvarpið úr Bensanum eftir þetta."

Nágranni stefnanda, Sigurjón Þórðarson, Fossheiði 18, Selfossi, kom fyrir dóminn sem vitni. Hann kvaðst hafa verið staddur þarna á bílasölunni, verið að koma með sinn bíl, sem hann skildi eftir, og síðan fegið far með stefnanda austur á Selfoss. Spurður um, hvort hann hefði verið viðstaddur, er viðskipti málsaðilja fóru fram, svaraði hann:

„Það var litið þarna undir vélarhlífina, og Heiðar spurði, hvort vélin væri uppgerð, og hinn sagði svo vera."

Af gefnu tilefni tók vitnið fram, að seljandinn hefði ekki sagt, að vélin væri nýuppgerð.

Spurður um orðaskipti að öðru leyti sagði vitnið, að seljandinn hefði sagt, að vélin væri uppgerð og ekin 40—60 þúsund. Spurður, hvort hann væri alveg viss um að muna þessi orðaskipti nákvæmlega, sagðist hann ekki vera það, en sagðist hafa skilið þetta svo, að seljandinn ætti við, að bíllinn vær ekinn 40—60 þús. á vél, en ekki að einvörðungu að seljandinn hefði ekið bílnum 40—60 þús., meðan hann var í eigu hans.

Er vitnið Sævar Pálsson, sölumaður á Borgarbílasölunni, kom fyrir dóminn, kvaðst hann muna eftir þessum bíl, en minntist þess ekki að hafa fengið frá seljandanum neinar upplýsingar um vélina eða veitt kaupandanum eða umboðsmanni hans neinar upplýsingar um hana. Hann kannaðist ekki við að hafa heyrt þá Kolbein og Heiðar ræða neitt saman um vélina.

V.

Stefndi Kolbeinn kvað bílinn ekki hafa brennt mikilli smurolíu, meðan hann átti hann. Hann hafi ekki reykt mikið miðað við bíla af sömu gerð. Spurður um gangsetningarerfiðleika sagði hann:

„Bíllinn fór alltaf í gang þennan vetur, engin vandamál með

það.“ Fram kom, að í bílnum var rafmagnshitari á kælivatnið auk venjulegs glóðarkertis til að hita olíuúðann.

Heiðar kvað bílinn hafa reykt svolítið, alveg frá byrjun. Hann kvaðst ekki hafa átt dieselbíl áður, hins vegar hafi faðir sinn átt Land-Rover diseljeppa, sem hann kvaðst stundum hafa fengið lánaðan fyrr á árum. Við yfirheyrslu var m. a. bókað eftir Heiðari:

„Mætti segir spurður um, með hvaða hætti bilun á vélinni hafi komið fram, að þegar fór að kólna í veðri, þá hafi hún verið þung í gang. Hann segist hafa fengið þær upplýsingar hjá vinnufélögum sínum og öðrum, sem þóttust hafa vit á, að það væri algengt, að vélar af þessari gerð væru þungar í gang í frostum, og því eigi frekar að gert, en eftir áramótin segist hann hafa farið með bílinn á H.P.H. verkstæðið, til þess að láta stilla hana. Þeir hafi þjöppumælt hann og sagt, að þetta væri ekki normalt, hvað hann þjappaði lítið, þá hafi verið farið í að taka heddið ofan af honum og þá hafi þetta komið í ljós, hvað hann var mikið slitinn.

Ég var viðstaddur þegar þeir tóku ofan af honum, og okkur kom saman um að gera við heddið, hvað og var gert og það sett á. Ég tók síðan bílinn og fór á honum austur, þá var hann ómögulegur á eftir, hætti að fara í gang. Mig minnir, að ég hafi haft samband við Kolbein og sagt honum, hvernig komið væri með vélina, og spurði hann. hvort hann vildi taka einhvern þátt í kostnaðinum, en hann neitaði því alfarið.

Mætti segist síðan hafa farið með vélina aftur á H.P.H. verkstæðið og látið gera hana upp, svo sem reikningarnir á dskj. nr. 4 bera með sér.

Aðspurður segir mætti, að það hafi verið eingöngu gangsetningin, sem honum fannst athugaverð og hann setti fyrir sig, áður en vélin var gerð upp, en eftir viðgerðina segist hann hafa fundið mjög mikinn mun á því, hvað vélin vann betur. Hann segir, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir neinum aukahljóðum né hávaða í vél, það hafi ekki soðið á bílnum né hann hitað sig tiltakanlega mikið eða smurt sig illa fyrir viðgerðina. Hann segir þó, að smurþrýstingurinn hafi verið hærri eftir viðgerðina en áður....“

„Hann segir, að þau hjónin eigi bílinn ennþá og hafi jafnan bæði ekið honum eða notað hann. Hann segir, að þau hjónin hafi einvörðungu notað bifreiðina sem einkabíl, frá því að kaupin fóru fram og þar til bilun sú, sem mál þetta snýst um, kom fram. Þau hafi notað bifreiðina til að aka að og frá vinnustað á Selfossi,

svo hafi þau farið ca hálfsmánaðarlega til Reykjavíkur á honum. Það lengsta, sem þau hafi farið á þessu tímabili, hafi verið upp á Akranes.

Hann segist ekki geta sagt um það alveg nákvæmlega, hvað þau hafi ekið bílnum marga kílómetra á þessum tíma, en kílómetramælirinn hafi ekki talið, en miðað við akstur á bíl, sem þau áttu áður, þá giskar hann á, að þau hafi ekið 8—10 þús. km á þessu tímabili.

Mætti segist hafa vitað, að bíllinn var leigubíll, áður en seljandinn eignaðist hann, þeir á bílasölunni hafi látið þess getið, en jafnframt sagt, að þetta hefði verið einkabíll s.l. þrjú ár."

Eftir vitninu Harald G. Hermann vélvirkja var m. a. bókað:

„Hann segir, að Heiðar hafi komið með bifreiðina til sín, vegna þess að hún hafi ekki farið í gang, þá hafi hann þjöppumælt hana og þeim hafi þá komið saman um að taka heddið af og sjá, hvernig ástand vélarinnar væri. Þá hafi komið í ljós, að ventlar voru komnir ofarlega í heddið og mjög mikil brún. „Þá varaði ég hann við því, að vélin mundi brenna, ef ég mundi taka ventlana í gegn. Hann bar við auraleysi." Það hafi komið á daginn, eftir að heddið var tekið í gegn, þá hafi olían hreinlega ekki tollað á vélinni, spýst upp um kvarðagat vegna slits og óþéttleika á stimplum. Bílaeigandinn hafi síðan komið aftur og þá verið búinn að útvega peninga og þá hafi vélin verið tekin upp.

Mætti segir, að eftir endurbyggingu þá, sem fram fór 1972, sbr. dskj. nr. 14, hafi vélin átt að endast í kringum 250 þús. km. Miðað við slit það, er var á vélinni í seinna sinnið, þá giskar hann á, að hún hafi verið búin að snúast um 250 þús. km. Hann tekur þó fram, að hann hafi tekið vélar, sem ekki hafi dugað svo lengi. Hann segist muna eftir einum leigubíl á Bæjarleiðum, sem hafi hætt að fara í gang eftir um 120 þús. km akstur, frá því hann var nýr. Hann sagðist hafa tekið þá vél upp, keyrða 150 þús. km, hún hafi ekki verið eins slæm á ventlunum eins og vélin í bíl Heiðars, en óhemju mikil brún í cylindrum.

Spurður um það, hvort hann telji, að það geti skipt mjög miklu máli um slit vélarinnar, að bíllinn var notaður veturinn '78—'79, fram til þess að viðgerðin fór fram, sem einkabíll, segir vitnið, að svona vélar fari óhjákvæmilega verst á snattinu.

Vitnið segist muna eftir matsfundinum með aðilum máls þessa og matsmönnunum Finnboga og Bent. Hann telur sig fullvissan um, að það hafi verið varahlutirnir, sem teknir voru úr bifreið-

inni, sem skoðaðir voru á matsfundinum, Hann segir, að Heiðar hafi farið með varastykkin í kassa austur og komið með þau aftur á matsfundinn, að vitnið telur í sama kassanum.

Hann segir, að þegar Heiðar fór með varahlutina eftir viðgerðina, hafi hann beðið sig að hafa þetta í huga. „Hann sagðist ætla að fara með þetta lengra, og þess vegna setti ég þetta sérstaklega á mig.“

Vitnið segir, að bíleigandinn hafi sagt sér, að vélin væri lítið keyrð, a. m. k. staðið í þeirri trú og talið sig hafa þær upplýsingar frá fyrri eiganda, að vélin væri keyrð kannski svona í kringum 50 þúsund.

Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda segir vitnið, að þetta hafi virst eðlilegt slit á vélinni, miðað við mikla notkun, og telur, að ekkert hafi bent til þess, að vélin hafi orðið fyrir sérstökum áföllum eða slysum.

Að gefnu tilefni frá dómaranum yfirfer vitnið sérstaklega reikninga á dskj. nr. 4 og segir, að þetta séu reikningar fyrir venjulega endurbyggingu á mótor af þessari gerð. Fjárhæðin kr. 823.772 sé ekki óeðlilega há. Vitnið bætir við: „Þetta er komið yfir milljón núna. Fjórir síðustu bílar, sem ég hef tekið, fóru yfir milljón.“ “

VI.

Það er ósannað, að stefndi hafi við kaupin sagt stefnanda eða umboðsmanni hennar, að vél bifreiðarinnar væri „uppgerð og ekin aðeins 40—60 þús. km“, eða hagað orðum sínum að öðru leyti á þann veg, að stefnandi mætti treysta því, að svo væri. Á hinn bóginn er það viðurkennt af stefnda, að hann hafi sagt stefnanda, að hann „hefði átt bifreiðina í tvö ár og að vélin hefði verið tekin upp fyrir þann tíma.“ Stefndi mátti ætla, að þetta orðalag vekti hjá stefnanda traust á því, að vél bifreiðarinnar væri ekki útslitin. Svo reyndist hins vegar vera, það þykir upplýst í málinu, að vélin var svo mikið notuð við söluna, að aðeins var tímaspursmál, hvenær hún yrði ónothæf.

Það verður því niðurstaða dómsins, að stefnda ber með vísan til 42. gr. laga nr. 22/1939 að greiða stefnanda fégjald, er telst hæfilega ákveðið kr. 400.000, með vöxtum, er miðist við þá upphafsdaga og vaxtaprósentu, er krafist er, og málskostnað, er ákveðst kr. 220.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Haraldi Árnasyni vélaverkfræðingi og Þór Magnússyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Kolbeinn Gunnarsson, greiði stefnanda, Kolbrúnu Svavarsdóttur, kr. 400.000 með 19% ársvöxtum frá 9. mars 1979 til 1. júní s. á., en 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 220.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1982.

Nr. 228/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Birni Ásgeirssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Íkveikja. Almannahætta. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 23. september 1981, og er málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu. Ágrip málsins barst Hæstarétti 10. mars 1982.

Af hendi ákæruvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara, að ákærða verði aðeins dæmd refsing samkvæmt 167. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til þrautavara samkvæmt 164. gr., 1. mgr., sömu laga, enda verði refsing skilorðsbundin. Þá er krafist frávísunar á fébótakröfu.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Ákærði starfaði um hríð í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar og þekkti vel til aðstæðna þar. Í héraðsdómi er lýst aðdragand-

anum að því, að ákærði kveikti eld, er hann var kominn inn í kaffistofu í hraðfrystihúsinu, en inn í húsið fór hann í heimildarleysi. Þá er þar einnig greint frá því, með hverjum hætti hann kveikti eldinn, og því, að allt umhverfis hann voru eldnæm efni. Olli hann miklum eldsvoða með ráðlagi sínu. Hraðfrystihúsið var í grennd við önnur hús, og var búið í sumum þeirra. Stafaði almannahætta af þessu atferli ákærða. Varðar háttalag hans hlutlægt við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en álitamál er, hvort hér sé ásetningsbroti fyrir að fara eða gáleysisbroti, sbr. 167. gr. sömu laga. Varhugavert þykir að telja, að ákærði hafi kveikt eld í því skyni að brenna hraðfrystihúsið. Hins vegar fór ákærði mjög óvarlega með eld, og gat honum ekki dulist, að hætta kynni að vera á því, að eldur mundi magnast og læsast í eldfim efni í húsinu. Ákærði á að njóta vafa í sakarmati um hugræn atriði, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, og ber samkvæmt því að telja atferli hans varða við 167. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. 164. gr. þeirra. Var hér um stórfellt gáleysi ákærða að ræða, sem stórtjón hlaust af, svo sem greinir í héraðsdómi, en mönnum var eigi lífsháski búinn af háttsemi hans, eins og veðri var háttað á þeim tíma, er hann framdi brot sitt.

Ákærði er sakhæfur. Dæma ber honum refsingu samkvæmt greindum refsiákvæðum með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga, sbr. sakavottorð hans. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi, en til frádráttar henni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 1.—28. júní 1979.

Fébótakrafa sú, sem dæmd er í héraðsdómi, var lögð fram í þinghaldi 10. mars 1981 og kynnt ákærða í þinghöldum 3. og 30. apríl s. á. að viðstöddum skipuðum verjanda í báðum þinghöldum. Viðhlítandi grundvöllur er fyrir þessari kröfu, sem er sundurliðuð og reist að stofni til annars vegar á mati sérfróðra manna og hins vegar á samkomulagi milli forráðamanna Hraðfrystihúss Stokkseyrar h/f og Brunabótafélags Íslands um tjónbætur. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fébótakröfu þessa að aðgættum breytingum á íslenskum gjaldmiðli, sbr. lög nr. 35/1979.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarkostnað, þó

svo, að réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði verði 7.000.00 krónur. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.500.00 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að úr dómsgerðum hefur fallið endurrit þinghalds, sem háð var 30. apríl 1981, kl. 1100.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Björn Ásgeirsson, sæti fangelsi 12 mánuði. Til frádráttar komi sá tími, sem hann sætti gæsluvarðhaldi, 1.—28. júní 1979.

Ákvæði héraðsdóms um fébætur er staðfest samkvæmt framansögðu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað, þó svo, að réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, verði 7.000.00 krónur.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 7.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði fór inn í Hraðfrystihús Stokkseyrar um miðja nótt með því að smeygja sér inn um dyr, þar sem hann vissi af löskuðum dyraumbúnaði. Húsið var þá mannlaust og langt þangað til vinna hæfist að morgni. Sú skýring ákærða á erindi sínu í frystihúsið, að hann hafi ætlað að bíða þar eftir því, að nafngreindir starfsmenn — ýmist kunningjar hans eða bræður hans, til heimilis á sama stað og hann — mættu til vinnu sinnar, er ósennileg.

Ákærði lagði leið sína rakleitt í svonefnt pappaherbergi eða kaffistofu unglinga. Herbergi þetta var klætt innan með spónaplötum og pappa. Í einu horni þess virðist hafa verið geymt bindigarn úr næloni, og næst herberginu voru umbúðageymslur frystihússins, þar sem geymdar voru pappaumbúðir. Var þarna því mikil og augljós eldhætta, ef óvarlega var farið með eld. Voru reykingar bannaðar í herberginu vegna eldhættunnar, og var ákærða það kunnugt. Eigi að síður tendraði ákærði eld þegar, er inn var komið. Hefur hann ekki verið sjálfum sér samkvæmur um það, í hvaða skyni það var gert, en bæði gefið þá skýringu, að hann hafi ætlað að hafa birtu af eldinum og ætlað að njóta af honum hlýju.

Aðferð sinni við eldstendrunina lýsir ákærði svo, að hann hafi fyrst kveikt í rusli, sem verið hafi í öskubakka eða lítilli undirskál á tréborði í herberginu. Vitni, sem yfirheyrð hafa verið og spurð um undirskál þessa, kannast þó ekki við tilvist hennar nema bróðir ákærða, Halldór Ásgeirsson, sem segir öskubakka eflaust hafa verið á borðinu. Eldinum segist ákærði síðan hafa haldið við með því að bera á hann pappírsþurrkur, sem verið hafi um allt gólf, og einnig einangrunarplast, er hann sagðist í fyrstu hafa brotið úr veggjum í þessu skyni, en síðar, að hann hefði tekið laust af borðinu. Ekkert er þó komið fram því til styrktar, að þar hafi legið laust frauðplast.

Eftir þetta segist ákærði ekkert muna til sín, fyrr en hann hafi vaknað við hita og reyk, þar sem hann hafi setið við borðið og legið fram á hendur sínar. Hafi þá verið kominn upp eldur í herberginu, aðallega fyrir aftan hann, en nokkuð til hliðar. Var það í horninu, þar sem bindigarnið var geymt. Flýtti ákærði sér þá út úr frystihúsinu án þess að gera nokkra tilraun til að slökkva eldinn. Gaf hann fyrst þá skýringu, að hræðsla hefði gripið hann vegna þess, hve mikill eldurinn var. Síðar sagðist hann þó hafa hugleitt að slökkva eldinn, en hafa horfið frá því ráði, vegna þess að hann hefði talið, að vatnsslanga, sem var í pökkunarsal, mundi ekki reynast nógu löng.

Er ákærði kom út úr frystihúsinu, hljóp hann rakleitt heim

til sín án þess að gera aðvart um eldinn. Fækkaði hann fötum á leiðinni svo og eftir að heim var komið. Hefur framburður hans um það, í hverju skyni þetta var gert, ekki verið eindreginn. Hefur hann gefið á því bæði þá skýringu, að hann hafi ætlað í rúm sitt, en einnig, að hann hafi viljað fara í verri föt til að aðstoða við slökkvistarfið.

Þegar allt framangreint er virt, tel ég, að ekki hafi getað farið hjá því, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að vart gat hjá því farið, að eldsvoði hlytist af því háttalagi hans að tendra og magna eld í kaffistofunni með þeim hætti sem hann gerði, eins og allar aðstæður voru á þeim stað, og láta þann eld síðan brenna, svo sem hann einnig gerði. Þegar þess er enn fremur gætt, að skýringar ákærða á hegðun sinni bæði á undan og eftir eldsuppkomuna eru í ýmsum atriðum með miklum ólíkindum, og hann hefur enn fremur verið sjálfum sér ósamkvæmur í framburði sínum, tel ég ekki verða hjá því komist að virða honum eldsvoðann til ásetningsverks. Hefur hann því með verknaði sínum gerst sekur um brot á 2. mgr., sbr. 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Tel ég refsingu hans samkvæmt því eiga að vera fangelsi í 2 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans komi refsingu til frádráttar.

Um skaðabætur og sakarkostnað, þar á meðal málssóknarlaun og málsvarnarlaun, er ég sammála atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Árnessýslu 14. maí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. apríl sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 5. október 1979, á hendur Jóni Birni Ásgeirssyni verkamanni, Garði, Stokkseyri, fæddum 22. júní 1957 í Reykjavík, „fyrir að hafa gerst sekur um brennu samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa miðvikudagsnóttina 30. maí 1979 farið í heimildarleysi inn í húsakynni Hraðfrystihúss Stokkseyrar h.f. á Stokkseyri og kveikt þar eld í herbergi við hlið umbúðargeymslu yfir humarvinnslusal í suðurenda hússins, sem magnaðist skjótt og breiddist út um verulegan hluta hússins og olli gífurlegu tjóni á mannvirkjum og búnaði, áður en tókst að ráða niðurlögum eldsins.

Til vara telst ákærði hafa valdið fyrrgreindum eldsvoða með gáleysislegri meðferð á eldi í húsinu og brotið þannig gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr., sbr. 167. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburðum aðilja og öðrum gögnum eru málavextir þessir:

Klukkan 0431 hringdi til lögreglunnar á Selfossi Jón Kristinsson, slökkviliðsstjóri á Stokkseyri, og tilkynnti um eldsvoða í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Jafnframt bað hann um, að lögregla sæi um, að slökkviliðsmenn á Stokkseyri yrðu kallaðir út. Tveim mínútum síðar var aftur hringt á lögreglustöðina á Selfossi og beðið um, að fengin yrði aðstoð slökkviliðsmanna frá Selfossi og Eyrarbakka.

Voru lið þessi kvödd til staðar, en einnig fóru á vettvang lögreglumenn frá Selfossi.

Samkvæmt frásögn vitnisins Jóns Kristins Kristinssonar slökkviliðsstjóra var hringt í hann um kl. 0420 þessa umræddu nótt og honum tilkynnt, að kviknað væri í frystihúsi staðarins. Hringdi þá slökkviliðsstjóri strax á lögreglustöðina á Selfossi og bað um, að lögregla sæi um, að slökkviliðsmenn á Stokkseyri yrðu kallaðir út.

Eftir þetta leit slökkviliðsstjórinn út um glugga og sá eld og svartan reykjarmökk teygja sig upp yfir miðju frystihúsinu, og var honum þá strax ljóst, að nauðsynlegt væri að fá aðstoð slökkviliðs á Selfossi. Fór slökkviliðsstjóri síðan á slökkvistöðina, en þangað komu einnig skömmu síðar aðrir slökkviliðsmenn staðarins. Fóru síðan slökkviliðsmenn á Stokkseyri á slökkvibifreið, sem þeir höfðu til umráða, að frystihúsinu og hófu slökkviaðgerðir.

Þegar slökkviliðsmenn komu að frystihúsinu, var þakið yfir pökkunarsalnum fallið, nema hvað stálsperrurnar stóðu eftir. Var miðhluti hússins þá eitt eldhaf. Að sögn slökkviliðsstjóra var lögð megináhersla á að verja frystiklefa og vélasal hússins, sem voru austan við eldinn, og svo flökunarsalinn vestan megin við eldinn, en þar var eldurinn minnstur.

Slökkviliðsstjóri kvað veður hafa verið mjög gott, logn, og lagði reykinn að mestu leyti beint upp í loftið.

Vitnið Dagný Hróbjartsdóttir, Hamrahvoli, Stokkseyri, fædd 6. júní 1934, hefur skýrt svo frá hjá lögreglu og síðan fyrir dómi, að það hafi vaknað við hávaða úti fyrir. Heyrði vitnið, að Kristrún Kalmannsdóttir, Garði, Stokkseyri, kallaði til einhvers „að fara heldur að Hamrahvoli, fólkið þar væri fljótara að vakna."

Rétt í því var bankað harkalega á þvottahúsdyrnar heima hjá vitninu. Var þarna ákærði á ferðinni, og kallaði hann, að kviknað væri í frystihúsinu.

Er vitnið leit í átt að frystihúsinu, sá það, að húsið var alelda yfir umbúðageymslunni. Stóð mikill eldur upp úr húsinu að sögn vitnisins, og hringdi það á slökkviliðið.

Vtnið Kristrún Ósk Kalmannsdóttir, Garði, Stokkseyri, fædd 23. mars 1934, móðir ákærða, var yfirheyrð hjá lögreglu og fyrir dómi vegna máls þessa. Hefur vitnið borið, að það hafi vaknað nefnda nótt við hávaða úr herbergi Guðlaugs Rúnars Ásgeirssonar, sonar vitnisins, en herbergi hans er fyrir ofan vistarverur vitnisins. Fór vitnið upp á efri hæð til að vita, hvað gengi á. Er vitnið kom upp, var nefndur Guðlaugur og ákærði að koma niður stigann ofan af háalofti og sögðu, að kviknað væri í frystihúsinu. Fór vitnið upp á háaloft og leit út um glugga þar, og sá vitnið þá eld og reyk, og lagði reykinn fyrst beint upp, en síðan niður og í áttina að hafnargarðinum.

Kvaðst vitnið enn fremur hafa séð ákærða, þar sem hann barði að dyrum hússins Sjólystar. Kallaði vitnið til ákærða og bað ákærða að fara heldur að Hamrahvoli, þar eð fólkið þar væri fljótara að vakna, og fór ákærði þangað og vakti fólkið þar upp. Vakti síðan vitnið Halldór, son vitnisins, og fór Halldór þessi ásamt fyrrgreindum Guðlaugi og ákærða í bifreið Halldórs á vettvang.

Vitnið Guðlaugur Rúnar Ásgeirsson, fæddur 15. febrúar 1956, til heimilis Garði, Stokkseyri, hefur verið yfirheyrður hjá lögreglu og fyrir dómi vegna máls þessa. Kvaðst vitnið hafa vaknað aðfaranótt 30. maí 1979 við, að bróðir vitnisins, ákærði, hristi vitnið og sagði því, að kviknað væri í einhvers staðar „vestur frá", að því er vitnið minnti. Fór vitnið fram í stofu, og út um stofugluggann sá vitnið reyk í vesturátt. Dró vitnið stól að gluggaanum til að sjá betur, og sá vitnið þá, að reykurinn var vinstra megin við turn Hraðfrystihúss Stokkseyrar, og steig reykurinn beint upp, en lagðist síðan í átt að sjónum. Því næst fór vitnið upp á háaloft til að sjá betur, hvar eldurinn væri. Sagðist vitnið þá hafa séð eldtungur standa upp úr vinnslusal frystihússins.

Kvaðst vitnið því næst hafa kallað til ákærða, sem þá var í miðjum stiga að því er vitnið taldi, að fara út og kalla á slökkvilið.

Kvaðst vitnið hafa enn fremur vakið frænda sinn, Guðmund Eyþór Guðmundsson, en hann bjó þarna að Garði. Fór vitnið síðan ásamt Halldóri bróður sínum og ákærða áleiðis að frystihúsinu í bifreið áðurgreinds Halldórs.

Að sögn vitnisins sprengdi það ásamt ákærða upp hurð á vesturgafli frystihússins til að komast þar inn og bjarga þaðan lyftara út, en þeir urðu að hverfa frá vegna reyks og hita, og lokuðu þeir hurðinni á eftir sér. Næst fóru þeir að norðurenda hússins, þar sem þeir báru frá húsinu m. a. ammoníak og klórgas að því er vitnið taldi.

Vitnið Halldór Kalmann Ásgeirsson, fæddur 1. ágúst 1953, til heimilis Garði, Stokkseyri, hefur skýrt frá því hjá lögreglu og fyrir dómi, að einhvern tímann um nóttina 30. maí 1979 hafi hann verið vakinn af móður þess, sem sagði vitninu, að kviknað væri í frystihúsinu á Stokkseyri. Þá var albjart og sólin komin á loft. Klæddi vitnið sig og fór strax út í bifreið, sem vitnið átti, og komu bræður vtnisins, ákærði og Guðlaugur Rúnar, fljótlega einnig upp í bifreiðina. Héldu þeir síðan á vettvang til að aðstoða við slökkvistarfið.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu á vettvangi. Skýrði ákærði svo frá, að hann hefði verið við drykkju í þorpinu kvöldið áður og fram á nótt. Klukkan 0020 til kl. 0100 hefði hann farið að sofa. Um nóttina kvaðst ákærði hafa vaknað til að fá sér vatn til að drekka. Hefði hann litið út um stofugluggann og séð reykjarsúlu og eldtungur teygja sig upp úr þaki frystihússins. Kvaðst ákærði hafa farið á nærfötum einum klæða að húsinu Hamrahvoli, þar sem hann hefði vakið húsmóðurina, sem hefði síðan hringt á slökkviliðið. Sagðist ákærði síðan hafa farið með bræðrum sínum, Halldóri og Guðlaugi Rúnari, að frystihúsinu.

Vitnið Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður fór á staðinn og gerði vettvangsskoðun og uppdrátt af Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Hefur nefndur Hergeir staðfest þessi verk sín fyrir dómi.

Hraðfrystihús Stokkseyrar eru mörg sambyggð hús, sem byggð eru á mismunandi tímum. Eru veggir flestir úr steinsteypu, en sumir eru úr stálgrind, klæddir báruðu áli. Austast í þessari húsaröð er verkstæði og frystiklefi við hlið þess. Við vesturenda verkstæðisins er vélasalur, og út frá honum, til norðurs, er gamall

frystiklefi. Framangreind hús sluppu við eldinn, nema hurð á nýja frystiklefanum, sem snýr að tækjasal, brann að nokkru leyti, og komst þar væta og reykur inn í klefann, er var næstum fullur af hraðfrystum fiski. Við vesturenda nýja frystiklefans var tækjasalur, þar sem voru 14 hraðfrystitæki. Þar var einnig aðstaða til að setja fiskpakkana í kassa og þar tilgerð bindivél í suðurenda. Tækjasalurinn var með steyptum veggjum, yfirgerð var úr timbri, þakpappa og bárujárni. Öll tæki í sal þessum eyðilögðust.

Við vesturhlið tækjasalarins var salur fyrir humarvinnslu, og yfir hluta af honum var timburloft og þar fyrir ofan umbúðageymsla. Yfir öðrum hluta tækjasalarins var loft úr strengjasteypu og þar yfir pökkunarsalur með 17 borðum. Voru borð þessi gerð úr áli og plasti. Við suðurenda humarvinnslunnar var lítill klefi, sem notaður var sem fiskbúð. Þarna brann allt.

Þakið yfir pökkunarsalnum var gersamlega horfið, nema stálsperrurnar stóðu eftir, sumar hverjar áberandi bognar eftir hitann frá eldinum. Þakið var klætt báruðu áli og einangrað með frauðplasti, en önnur klæðning mun ekki hafa verið neðan á því. Allt, sem var í pökkunarsalnum, gereyðilagðist. Suður af pökkunarsalnum var stigi niður, og hálfu lofti neðar var kaffistofa vestan megin, en austan við stigann var gengið inn í umbúðageymsluna. Umbúðirnar voru geymdar í þremur klefum, tveimur þeirra steinsteyptum og inni á loftinu yfir humarvinnslunni. Allt, sem var í kaffistofum og geymslum þessum, brann og eyðilagðist.

Á suðurveggnum, vestan við fiskbúðina og við dyrnar að stiganum upp á loftið, var rafknúin stimpilklukka. Hafði hún stansað kl. 0427.

Samkvæmt lögregluskýrslu er talið, að um kl. 0600 hafi útbreiðsla eldsins verið stöðvuð. Brunabótafélag Íslands hefur upplýst, að tjón á fasteignum hafi numið gkr. 302.340.240. Þá hefur Tryggingamiðstöðin upplýst, að tjón á fiskafurðum hafi verið áætlað á milli gkr. 20—25 milljónir.

Veður á Eyrarbakka, sem er í nágrenni Stokkseyrar, var samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands nóttina 29.—30. maí 1979 þannig, að á mælingatíma á miðnætti var VNV 3, en kl. 0900 um morguninn var ASA 3 og vindátt breytileg.

II.

Síðar um morguninn 30. maí 1979 héldu lögreglumennirnir Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður og Tómas Jónsson

lögregluvarðstjóri áfram vettvangskönnun. Rannsökuðu þeir sérstaklega þau atriði, sem líklegust voru til þess að varpa ljósi á eldsupptök, svo sem gerð raflagna, meðferð eldfimra efna, mannaferðir í húsinu kvöldið fyrir brunann og svo mannaferðir í þorpinu umrædda nótt.

Samkvæmt könnun lögreglumanna benti allt til þess, að rafbúnaður hefði verið í góðu lagi, og engin laustengd rafmagnstæki höfðu verið í sambandi. Ekki var vitað um, að nein efni, sem valdið gætu sjálfsíkveikju, hefðu verið í húsinu.

Síðasti maður, sem yfirgaf frystihúsið, var Þorvaldur Ágústsson vélvirkjameistari. Hafði hann ekki orðið var við neitt óeðlilegt, þegar hann yfirgaf húsið.

Í máli þessu liggur fyrir skýrsla Engilberts Þórarinssonar, umsjónarmanns raflagna.

Í skýrslu þessari segir, að raflagnir í frystihúsinu hafi verið mjög góðar, með mjög góðri lekastraumsvörn og jarðbindingum. Samkvæmt athugun áðurgreinds Egilberts kom ekkert fram, sem benti til þess, að rafmagn hefði verið orsök brunans.

Síðasti maður, sem vitað var, að hefði verið á ferli í þorpinu þessa umræddu nótt, var ákærði, sem sagður var hafa verið á ferð í austurhluta þorpsins um kl. 0300.

Vitnið Svandís Sigurðardóttir, fædd 3. september 1935, Sævarlandi, Stokkseyri, hefur skýrt frá því, að laust fyrir kl. 0300 hinn 30. maí 1979 hafi hún vaknað við, að barið hafi verið fast á útihurðina. Fór vitnið fram, en þorði ekki að opna, þar eð vitnið gat ekki séð, hver þarna væri á ferðinni. Vakti vitnið dóttur þess, Hafdísi. Kallaði vitnið síðan út um gluggann, hver þarna væri, og kom ákærði þá að glugganum. Að sögn vitnisins var hann áberandi ölvaður. Bað ákærði um að fá að tala við vitnið, en vitnið kvaðst hafa sagt ákærða, að það vildi ekki ræða við ákærða. Ákærði mætti hins vegar koma daginn eftir, þá ódrukkinn, til að ræða við vitnið.

Þegar vitnið sagði þetta, fór ákærði að gráta fyrir utan gluggann, og að sögn vitnisins sagði ákærði eitthvað á þá leið, að allir væru vondir við sig. Kvaðst vitnið hafa farið þá frá glugganum og farið fram í eldhús. Úr eldhúsglugganum, sem er vestan megin á húsinu, sá vitnið ákærða fara með húsinu og niður fyrir sjógarð, og hvarf ákærði sjónum vitnisins, en vitnið kvaðst hafa fylgst með því, hvort ákærði kæmi aftur upp fyrir sjógarðinn hjá húsinu Gerðum, sem er nokkru vestar í þorpinu.

Síðdegis hinn 30. maí 1979 mætti ákærði til yfirheyrslu hjá

lögreglu. Gerði ákærði þá grein fyrir ferðum sínum að kvöldi hins 29. maí 1979. Þar endurtók ákærði fyrri framburð þess efnis, að hann hefði verið við drykkju þetta kvöld í þorpinu. Hefði hann farið um kl. 2000 til mágs síns, er byggi að Sólbakka, Stokkseyri, en hann hefði verið nýkominn úr siglingu og hefði átt útlenskan bjór, sem hann hefði veitt af. Um kl. 2100 hefðu þeir Gunnar Geirsson, Jaðri, og Vilhjálmur Magnússon, Hátúni, komið að Sólbakka.

Að sögn ákærða vissu nefndur Gunnar og Vilhjálmur til þess, að nokkrir krakkar væru samankomnir í húsinu að Eyjaseli 5, Stokkseyri. Var því farið þangað, og var ákærði með ½ brennivínsflösku með sér. Þarna að Eyjaseli 5 neyttu ákærði og áðurgreindur Gunnar af flösku þessari. Taldi ákærði, að þeir hefðu verið að Eyjaseli 5 í allt að einni og hálfri klukkustund, en þá hefði fyrrnefndur Vilhjálmur ekið þeim heim á leið. Ákærði kvaðst, áður en hann fór heim, hafa komið við á Sólbakka og ætlað þar að fá meiri bjór, en ekki fengið hann. Hefði hann því næst farið beint heim til sín að Garði og farið strax að sofa. Hélt ákærði, að þá hefði klukkan verið 0100, eða „kannski aðeins meira".

Síðan endurtók ákærði frásögn sína, að hann hefði vaknað um nóttina og farið fram úr rúmi til að fá sér vatnssopa og séð þá út um stofugluggann reykjarmökk yfir frystihúsinu. Kvaðst ákærði hafa strax vakið Guðlaug Rúnar, bróður ákærða, og beðið hann að vekja „strákana", en sjálfur sagðist ákærði, eins og áður greinir, hafa hlaupið á nærklæðunum einum klæða yfir að húsinu Hamrahvoli til þess að láta slökkviliðið vita, en enginn sími var á Garði. Kvaðst ákærði síðan hafa farið með bræðrum sínum, þeim Guðlaugi Rúnari og Halldóri, áleiðis að frystihúsinu.

Ákærði sagði, að þeir Guðlaugur hefðu komið fyrstir að frystihúsinu, en fólk hefði fljótlega drifið þar að. Hefðu þeir byrjað að taka 3 ammoníakskúta, sem voru við dyrnar götumegin, og færa þá frá húsinu, en skömmu síðar hefði orðið sprenging inni í húsinu og hefðu þá rúður á austurgaflinum sprungið. Ákærði kvað slökkviliðið hafa komið fljótlega á vettvang og hefðu þeir Guðlaugur aðstoðað við slökkvistarfið.

Taldi ákærði, að eldurinn hefði verið mestur upp úr þakinu yfir umbúðageymslu, sem var austast í húsinu.

Ákærði var síðan að nýju yfirheyrður þennan sama dag, og var framburður ákærða að mestu efnislega samhljóða fyrri framburði. En ákærði skýrði enn fremur frá því, að hann hefði dvalist á að giska 20—30 mínútur að Sólbakka í síðara skiptið. Þaðan

hefði hann gengið heim, en stansað þar stutta stund, en síðan farið aftur út og gengið austur götuna að húsi, sem kunningjakona ákærða, að nafni Hafdís, byggi í. Þar hefði hann knúið dyra, en farið síðan að húsinu Baldurshaga og ætlað að hitta nafngreindan aðilja, en þar hefði enginn svarað, enda þótt hann hefði bankað á dyr. Kvaðst ákærði síðan hafa farið aftur að húsinu Sólbakka og hefði móðir Hafdísar komið út í glugga og talað við ákærða og sagt, að Hafdís væri sofandi, og vildi hún ekki vekja hana. Þaðan sagðist ákærði hafa farið beinustu leið heim eftir aðalgötunni. Taldi ákærði, að hann hefði verið um það bil hálfa klukkustund í ferð þessari. Varðandi ofangreindar tímaáætlanir kvaðst ákærði ekki hafa verið með úr á sér og af þeim sökum gætu fyrrgreindar tímaáætlanir verið ónákvæmar.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu hinn 31. maí 1979, og þann dag kom ákærði fyrir dóm. Hinn 1. júní 1979 var ákærði úrskurðaður til að sæta allt að 7 daga gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins vegna gruns um, að hann gæti verið viðriðinn upptök eldsvoðans í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Ákærði var á fyrrgreindum tíma nokkuð ítarlega yfirheyrður. Neitaði ákærði öllum sakargiftum, en framburður hans var reikull og breytilegur. Ákærði var enn á ný ítarlega yfirheyrður hinn 5. júní 1979 og hélt þar enn fram sakleysi sínu, en framburður ákærða var breytilegur sem fyrr.

Hinn 7. júní var ákærði yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Í yfirheyrslum þennan dag viðurkenndi ákærði að vera valdur að eldsvoðanum í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar hinn 30. maí 1979. Ákærði staðfesti síðan játningu þessa fyrir dómi hinn 8. júní 1979, en í sama þinghaldi var ákærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. júlí s. á.

Ákærði var ítarlega yfirheyrður um málsatvik, meðan hann sætti gæsluvarðhaldi. Kvaðst ákærði hafa heimsótt systur sína og mág, er bjuggu að Sólbakka, Stokkseyri, en mágur ákærða hefði verið nýkominn úr siglingu, eins og áður greinir. Kvaðst ákærði hafa fengið hjá mági sínum 3—4 bjóra, sem ákærði hefði blandað áfengi út í, en ákærði sagði mág sinn einnig hafa verið með áfengispela. Sagðist ákærði hafa fundið til töluverðra áfengisáhrifa af þessu, enda hefði hann drukkið þetta á stuttum tíma, sennilega á um einni klukkustund.

Ákærði kvað einnig hafa verið þarna að Sólbakka móður hans, Halldór bróður hans og þá Vilhjálm Magnússon og Gunnar Geirsson, báða búsetta á Stokkseyri. Kvað ákærði þau hafa horft

á sjónvarp. Eftir að þau hefðu horft á aðalsjónvarpsmynd kvöldsins, sagði ákærði, að nefndir Gunnar og Vilhjálmur hefðu viljað fara að Eyjaseli 5, þar sem þeir sögðu, að væri „partý", eins og áður greinir. Kvaðst ákærði hafa fengið lánaða 1 flösku af Smirnoff vodka hjá mági sínum. Sagðist ákærði síðan hafa hellt vodka á „ginflösku" og fyllt síðan með bjór. Ákærði kvað þá hafa farið síðan að Eyjaseli í bifreið Vilhjálms og verið þar í um 2 klst. Sagði ákærði, að klárast hefði úr umræddri ginflösku að Eyjaseli og hefði ákærði drukkið meiri hlutann úr flöskunni.

Ákærði kvaðst hafa verið orðinn vel ölvaður, er hann hefði farið frá Eyjaseli 5, en þaðan sagðist ákærði hafa farið ásamt Gunnari og Vilhjálmi og í bifreið Vilhjálms, sem hefði ekið. Kvaðst ákærði hafa beðið nefndan Vilhjálm að aka aftur að Sólbakka, en þangað ætlaði ákærði að sækja meira áfengi. Sagðist ákærði hafa fengið afgang af „vodkanum" þarna að Sólbakka, en Gunnar og Vilhjálmur hefðu haldið áfram ferð sinni.

Kvaðst ákærði síðan hafa gengið heim til sín og þar blandað vatni út í áfengið, sem hann hafði verið með. Hefði hann farið aftur mjög fljótlega að heiman og hefði hann gengið beint heim að Sævarlandi til að heimsækja þar Hafdísi, vinstúlku sína, sem þar bjó. Minnti ákærða, að hann hefði bankað á glugga á herbergi áðurgreindrar Hafdísar og jafnframt, að móðir Hafdísar hefði komið út í glugga. Ákærði kvaðst þó ekki muna eftir orðaskiptum við hana, og ákærði var helst á því, að hann hefði farið að húsinu Baldurshaga. Hefði hann bankað þar á dyr, en snúið aftur að Sævarlandi. þegar enginn hefði svarað á fyrrnefnda staðnum. Taldi ákærði, að hann hefði í síðara skiptið, er hann fór að Sævarlandi, átt orðaskipti við móður Hafdísar, sem hefði sagt Hafdísi vera sofandi.

Eftir þetta kvaðst ákærði hafa gengið í vesturátt, og man ákærði eftir því að hafa gengið fram hjá heimili sínu. Sagðist ákærði hafa ætlað að heimsækja systur sína að Garðsstöðum, Stokkseyri. Að sögn ákærða hætti hann við að fara þangað, þegar hann sá, að ekkert ljós var að Garðsstöðum. Kvaðst ákærði hafa gengið þá niður fyrir frystihúsið sjávarmegin. Sagðist ákærði hafa dottið í hug að fara inn í frystihúsið og hefði hann farið inn um tvöfalda hurð, sjávarmegin, en sú hurð var skemmd eftir sjórok, þannig að hægt var að komast þar inn í frystihúsið. Kvaðst ákærði hafa verið kunnugur staðháttum inni í frystihúsinu og hefði hann farið upp á loft í viðbyggingu við hraðfrystihúsið, en þar var í svokölluðu pappaherbergi eða pappalofti herbergi, sem

ákærði og fyrrum vinnufélagar við frystihúsið höfðu útbúið sem hálfgerða kaffistofu.

Ákærði kvaðst hafa ætlað að bíða þar eftir að strákarnir kæmu til vinnu um morguninn, og sagðist ákærði hafa sest á bekk við borð, sem hefði verið útbúið í framangreindri kaffistofu. Á borði þessu hefði verið undirskál, sem í hefði verið rusl. Kvaðst ákærði hafa kveikt í rusli þessu með kveikjara, sem hann var með á sér, en þarna hefði m. a. verið um að ræða tóman sígarettupakka, brunnar eldspýtur og eitthvað af sígarettustubbum. Sagðist ákærði hafa kveikt í rusli þessu til að fá birtu þarna inni, en á pappaherbergi þessu var að sögn ákærða gluggi, sem búið var að setja einhvers konar plötu í í stað glers og því lítil birta, er kom inn um gluggann. Kvaðst ákærði hafa haldið eldinum logandi með því að bæta á hana bréfþurrkum, sem hefðu verið þarna um allt gólf, en einnig kvaðst ákærði hafa brotið af einangrunarplasti úr veggnum og sett það á eldinn.

Skýrði ákærði frá því, að hann hefði fengið sér að drekka af áfenginu, sem hann hefði haft með sér, og einnig kvaðst ákærði hafa fengið sér sígarettu til að reykja. Það næsta, sem ákærði kvaðst hafa munað eftir, var, að hann vaknaði við töluverðan hita og reyk, þar sem hann hefði setið á bekknum og legðið með hendur fram á borðið. Þegar ákærði áttaði sig á því, að kviknað var í, kvaðst ákærði hafa hlaupið út úr kaffistofunni og hefði eldurinn verið mestur, þar sem hann áður hefði setið, og hefði eldurinn verið kominn í loftið þar. Ákærði sagði, að sig hefði gripið mikil hræðsla, er hann hefði séð, hversu mikill eldurinn var orðinn. Hefði hann hlaupið niður og út um dyr á nýbyggingunni sjávarmegin, og kvaðst ákærði halda, að hann hefði lokað hurðinni á eftir sér, en var þó ekki viss um það.

Ákærði bætti við í síðari yfirheyrslu, að er hann hefði komið fram á ganginn framan við kaffistofuna og litið þar við og séð, hversu eldurinn var orðinn mikill, hefði hann hugleitt að reyna að slökkva eldinn með vatni. Kvaðst ákærði hafa vitað af vatnskrana í pökkunarsalnum þarna skammt frá. En ákærði sagðist ekki hafa treyst sér til þess, þar eð eldurinn var það mikill.

Að sögn ákærða hljóp hann síðan beint heim til sín að Garði, en við húsið Aðalstein, eða skömmu áður en hann kom að því, klæddi ákærði sig úr blússunni, og er hann kom að Garði, fór hann einnig úr skyrtunni. Ákærði kvað ætlunina hafa verið hjá sér, er hann byrjaði að klæða sig úr fötunum, að fara inn í herbergi sitt og leggjast upp í rúm. En ákærði sagðist hafa hætt við

það, er heim var komið, og ákvað þess í stað að vekja Guðlaug Rúnar, bróður sinn, eins og ákærði hefur áður greint frá. Þegar hér var komið sögu, kvaðst ákærði hafa verið á sundskýlu, þar sem hann ætlaði að fara í drullugalla til að hjálpa við slökkvistarfið.

Ákærði kvaðst hafa vakið Guðlaug Rúnar, bróður sinn, og sagt honum, að kviknað væri í frystihúsinu. Hefði nefndur Guðlaugur Rúnar hlaupið upp á háaloft, og sagðist ákærði hafa farið í humátt á eftir honum. Ákærði kvaðst hafa verið flemtri sleginn og hefði hann ekki vitað, hvað hann ætti að gera. Sagði ákærði Guðlaug Rúnar hafa sagt sér að láta slökkviliðið vita. Kvaðst ákærði hafa hlaupið út í sundskýlu einni klæða.

Að sögn ákærða hljóp hann fyrst að húsinu Sjólyst, þar sem hann bankaði einu sinni eða svo, en síðan hljóp ákærði að húsinu Hamrahvoli, þar sem hann barði upp. Kom húsmóðir fljótt til dyra, og sagði ákærði henni, hvað um var að vera, og bað hana að hringja á slökkviliðið. Hljóp ákærði síðan heim til sín.

Kvaðst ákærði hafa farið í vinnuföt í flýti. Þarna að Garði sagðist ákærði hafa átt orðaskipti við Halldór bróður sinn og hefði hann spurt ákærða, hvort hann væri mikið drukkinn. Sagðist ákærði hafa svarað því játandi. Ákærði kvað hann ásamt bræðrum sínum, Guðlaugi Rúnari og Halldóri, hafa farið áleiðis til frystihússins, eins og að framan greinir. Á leiðinni þangað hefði annar hvor bræðra hans sagt: „Svo þú ert búinn að vera blindfullur í allt kvöld og verður örugglega kennt um þetta."

Að sögn ákærða tók hann þátt í slökkvistörfum við Hraðfrystihús Stokkseyrar þennan umrædda morgun. Kvaðst ákærði hafa ásamt Guðlaugi Rúnari, bróður sínum, hafa byrjað á því að taka 3 ammoníakskúta við dyr götumegin við frystihúsið og færa þá frá húsinu, en skömmu síðar hefði orðið sprenging inni í frystihúsinu og hefðu þá rúður á austurgaflinum sprungið. Kvað ákærði slökkviliðið hafa borið að skömmu síðar.

Ákærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi hinn 28. júní 1979.

Hinn 3. apríl 1981 kom ákærði fyrir dóm. Skýrði ákærði frá því í þinghaldi þessu, að hann hefði kveikt í umræddri undirskál af fikti og til að hlýja sér, en ákærði kvað oft hafa verið kalt í kaffistofu þeirri, sem ofangreind undirskál var í.

Þá sagðist ákærði aðspurður ekki hafa gert sér grein fyrir því, er hann kveikti í undirskál þessari, að það gæti leitt til eldsvoða.

Áðurgreint vitni Kristrún Kalmannsdóttir, móðir ákærða, hefur skýrt frá því, að það hafi gengið til náða um kl. hálf tólf hinn

30. maí 1979. Hafi vitnið þá verið eitt heima. Um nóttina kvaðst vitnið hafa vaknað og farið fram á salerni og varð litið inn í herbergi sonar síns, ákærða í máli þessu, og sýndist ákærði vera inni í herbergi sínu, þar eð hann hefði verið vanur að fara frá rúmi sínum óumbúnu og sænginni flett af því. Í þetta skipti hefði sængin hins vegar verið breidd yfir allt rúmið og hefði sængin verið hæst í miðjunni eftir endilöngu, eins og einhver lægi undir henni. Að sögn vitnisins sá það einnig föt, sem ákærði átti og lágu þar á gólfinu við endann á rúminu. Vitnið kveðst raunverulega ekki hafa séð ákærða í þetta skipti, en talið víst, að hann lægi í rúmi sínu vegna þess, hvernig rúmið hefði litið út.

Vitnið sagðist ekki vita, hvað klukkan hefði verið, en ekki hefði verið orðið fullbjart af degi. Vitnið kvaðst síðan hafa lagst aftur til svefns, en legið vakandi í u. þ. b. 15—20 mínútur, áður en vitnið hefði sofnað. Að sögn vitnisins hafði það sofið um eina klukkustund, er það vaknaði við hávaða, eins og áður greinir hér að framan.

Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um það, að ákærði lægi undir grun um að hafa valdið eldsvoðanum í frystihúsinu fyrr en síðdegis þennan dag. Vitnið sagðist aðeins hafa séð ákærða rétt í svipinn og því ekki getað merkt, að ákærði væri undir áhrifum áfengis. Vitnið kveðst aðspurt aldrei hafa heyrt ákærða hafa haft í heitingum í garð forráðamanna frystihússins vegna uppsagnar ákærða þar.

Vitnið Guðlaugur Rúnar Ásgeirsson kvaðst hafa farið til Reykjavíkur miðvikudagskvöldið hinn 29. maí 1979 ásamt nokkrum öðrum aðiljum og hefðu þeir komið aftur að Stokkseyri um miðnætti. Kvað vitnið þá hafa komið við að Eyjaseli 5, þar sem þeir sáu bifreið Vilhjálms Magnússonar þar fyrir utan. Sagði vitnið þá síðan hafa farið þarna inn að Eyjaseli 5, en stansað þar stutt, 10—15 mínútur, en þá hefðu þeir farið út úr húsinu ásamt ákærða og fleirum, sem þarna hefðu verið. Kvaðst vitnið hafa skilið þarna við ákærða og farið í bifreið með sömu aðiljum og það hefði verið með um kvöldið einn rúnt um Stokkseyri, áður en það fór heim. Að sögn vitnisins ræddi það heima hjá sér stutta stund við Halldór bróður sinn og Guðmund móðurbróður sinn, áður en vitnið fór að sofa.

Vitnið kvað ákærða ekki hafa verið heima á þessum tíma, og vissi vitnið ekki af ákærða, fyrr en ákærði vakti vitnið og sagði því frá eldsvoðanum, eins og að framan greinir.

Vitnið sagði ákærða ekkert hafa sagt sér um upptök brunans.

Framangreint vitni Guðlaugur Rúnar Ásgeirsson hefur verið spurt um það, hvort það hafi heyrt ákærða einhvern tímann tala um það, að hann skyldi ná sér niðri á frystihúsinu vegna uppsagnar ákærða þar. Hefur vitnið neitað því að hafa heyrt ákærða tala um slíkt. Vitni þetta hefur enn fremur sagt, að ákærði hafi ekki verið drukkinn á umræddum tíma, er eldsvoðinn varð.

Vitnið Halldór Kalmann Ásgeirsson, bróðir ákærða, hefur skýrt frá því, að eftir að sjónvarpi lauk, hafi vitnið farið til systur sinnar, sem bjó að Sólbakka, og dvalið þar í u. þ. b. klukkustund. Á þeim tíma kvað vitnið ákærða hafa komið þar í tvö skipti, en vitnið kvað ákærða hafa verið að aka með einhverjum krökkum um þorpið. Að sögn vitnisins var ákærði að Sólbakka, er vitnið fór þaðan á tímabilinu milli kl. tólf og eitt um nóttina. Vitnið kvað ákærða hafa verið þéttkendan og hefði ákærði verið búinn að drekka eitthvað af víni, blönduðu í útlenskan bjór, um kvöldið. Vitnið sagðist hafa farið frá Sólbakka heim til sín og lagst til svefns.

Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt á þessum tíma, hver hefðu verið upptök eldsvoðans, og það hefði ekki hvarflað að því, að ákærði væri valdur að eldsvoðanum.

Þá sagðist vitnið ekki hafa heyrt ákærða hafa haft í heitingum um að ná sér niðri á Hraðfrystihúsi Stokkseyrar.

Vitnið, sem kveðst hafa starfað af og til í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar, síðan það flutti þangað árið 1971, hefur lýst kaffistofu þeirri, sem var á svokölluðu pappalofti í umbúðageymslu. Kveður vitnið kaffistofu þessa hafa verið ca 2x3 m^2 á stærð. Veggir hafi verið gerðir úr pappakössum, sem höfðu verið skornir niður í þessu skyni. Inni í kaffistofu þessari voru að sögn vitnisins bekkur úr tré og viðarborð, og pappakassar voru notaðir sem stólar. Vitnið kvað öskubakka eflaust hafa verið á áðurgreindum bekk.

Vitnið Guðmundur Eyþór Guðmundsson, fæddur 22. desember 1955, til heimilis Garði, Stokkseyri, móðurbróðir ákærða, kvaðst hafa farið að kvöldi hins 29. maí til Hafnarfjarðar ásamt nokkrum piltum, m. a. frænda sínum Guðlaugi Rúnari Ásgeirssyni. Að sögn vitnisins komu þeir aftur til Stokkseyrar um kl. 2340. Sáu þeir þá bifreið Vilhjálms Magnússonar fyrir utan húsið að Eyjaseli 5. Fóru þeir þar inn, en dvöldu þar stuttan tíma, ca 15—20 mínútur. Þarna að Eyjaseli 5 voru nokkrir aðiljar, m. a. ákærði.

Vitnið sagðist fljótlega eftir þetta hafa farið heim að Garði ásamt Guðlaugi Rúnari. Þar sagðist vitnið hafa spjallað við

nefndan Guðlaug og Halldór Ásgeirsson, er þar bjó. Hefðu þeir rætt saman í ½ klukkustund, en þá hefði vitnið farið að sofa. Kvaðst vitnið hafa verið vakið af Guðlaugi Rúnari síðar um nóttina, sem sagði því, að kviknað væri í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Sagðist vitnið hafa farið inn í stofu og litið þar út um glugga til að ganga úr skugga um þetta. Kvaðst vitnið hafa séð mikinn reyk stíga upp sunnan við turn frystihússins.

Vitnið kvað ákærða síðan hafa komið hlaupandi inn í húsið, eftir að hann hefði farið út til að gera slökkviliðinu viðvart.

Að sögn vitnisins klæddi það sig og fór síðan í bifreið áðurgreinds Halldórs ásamt ákærða og Guðlaugi Rúnari að frystihúsinu til að hjálpa við slökkvistarfið.

Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt ákærða tala um það, að „ná sér niðri á frystihúsinu" eða eitthvað í þá átt. Vitnið sagðist ekki hafa vitað um meintan þátt ákærða að eldsvoðanum, fyrr en lögregla hefði komið að Garði og tilkynnt, að ákærði hefði viðurkennt að vera valdur að bruna þessum.

Vitnið hefur verið innt eftir því, hvort ákærði hafi verið ölvaður, er bruninn átti sér stað, en vitnið segist ekki muna það.

Vitnin Vilhjálmur Magnússon, fæddur 23. apríl 1961, til heimilis Hátúni, Stokkseyri, og Gunnar Geirsson, fæddur 20. júlí 1961, Jaðri, Stokkseyri, hafa báðir skýrt frá því, að þeir hafi verið með ákærða að kvöldi hins 29. maí 1979. Tekin var nokkuð ítarleg lögregluskýrsla af nefndum Gunnari hinn 7. júní 1979, og hefur Gunnar þessi staðfest skýrslu þessa fyrir dómi. Að sögn Gunnars komu þeir Vilhjálmur að Sólbakka, m. a. var þar ákærði, en þarna bjó mágur ákærða, Elvar Ólafsson, og systir ákærða, Lilja. Áðurgreindur Gunnar sagði nefndan Elvar hafa verið nýkominn úr siglingu á togara og hefði bjór verið á boðstólum hjá honum. Nefndur Gunnar sagði ákærða hafa verið að drekka bjór, einnig hefðu ákærði og Elvar verið með vodka eða eitthvað slíkt í flösku.

Um kl. 1100 kvað vitnið það og ákærða hafa farið að Eyjaseli 5 á Stokkseyri og haft þar um klukkustundar viðdvöl. Kvað vitnið ákærða hafa áður fengið vínflösku hjá Elvari, mági sínum. Að Eyjaseli 5 sagði vitnið, að þeir hefðu tæmt flösku þessa. Frá Eyjaseli hefðu þeir farið aftur að Sólbakka, en þangað hefði ákærði viljað fara til að fá meira vín. Kvað vitnið, að þarna hefðu skilið leiðir með vitninu og ákærða, en vitnið sagðist hafa haldið gangandi af stað og hefði vitnið komið heim til sín rétt um kl. 0100.

Vitnið kvaðst ekki telja, að ákærði hefði verið mikið ölvaður þarna um kvöldið, heldur „rétt mildur".

Vitnið Jón Jónsson, fæddur 10. júlí 1961, til heimilis Baldurshaga, Stokkseyri, kvaðst hafa hitt ákærða að kvöldi hins 29. maí 1979 að Eyjaseli 5, Stokkseyri. Kvað vitnið ákærða hafa haft undir höndum áfengi. Að sögn vitnisins skildu leiðir með þeim fljótlega, þar eð vitnið staldraði stutt við að Eyjaseli.

Vitnið Eiríka Guðrún Ásgrímsdóttir, fædd 24. ágúst 1962, til heimilis Eyjaseli 5 á Stokkseyri, hefur skýrt frá því, að þriðjudagskvöldið 29. maí 1979 hafi komið nokkrar stúlkur heim til sín. Milli kl. 2200—2300, að því er vitnið taldi, kom í heimsókn ákærði ásamt þeim Gunnari Geirssyni og Vilhjálmi Magnússyni. Kvað vitnið ákærða hafa verið með áfengi í flösku meðferðis og hefðu áðurgreindir piltar neytt af flösku þessari og tæmt hana. Þeir hefðu þó staldrað stutt við og farið í burt milli kl. hálf tólf og tólf.

Að sögn vitnisins var ákærði ekki áberandi ölvaður.

Vitnið Sævar Ástmundsson, fæddur 20. febrúar 1961, til heimilis Eystri-Grund, Stokkseyri, kvaðst hafa farið til Reykjavíkur þriðjudagskvöldið 29. maí 1979 ásamt nokkrum öðrum, m. a. Guðlaugi Rúnari Ásgeirssyni og Guðmundi Guðmundssyni. Er þeir hefðu komið aftur að Stokkseyri, hefðu þeir farið að Eyjaseli 5. Þar hefði ákærði verið m. a. og hefði hann verið nokkuð ölvaður. Hefði ákærði haft á orði að fara heim til sín og sækja áfengisflösku, sem hann ætti þar, en nefndir Guðlaugur Rúnar og Guðmundur hefðu reynt að telja ákærða hughvarf og geyma áfengið heldur til næstu helgar.

Vitnið kvaðst hafa farið að Sólbakka frá Eyjaseli 5 og með vitninu hefði farið m. a. ákærði. Kvaðst vitnið hafa stansað stutt við að Sólbakka og verið komið heim til sín um 10 mínútur fyrir miðnætti.

Vitnið Soffía Gunnþórsdóttir, fædd 29. október 1961, til heimilis að Hásteinsvegi 14, Stokkseyri, hefur skýrt frá því, að aðfaranótt hins 30. maí 1979 hafi það vaknað við, að dyrabjalla hringdi. Kvaðst vitnið hafa farið og opnað útidyr og séð, að úti stóð ákærði. Hefði ákærði spurt um Elsu, systur vitnisins, og aðra stúlku, en stúlkur þessar áttu heima á öðrum stað í þorpinu. Kvaðst vitnið hafa sagt ákærða, að það gæti ekki ímyndað sér annað en að þær væru heima hjá sér. Að sögn vitnisins spurði ákærði þá um ákveðinn aðilja, sem vitnið kvaðst ekki hafa séð. Kvaðst vitnið, er hér var komið sögu, hafa fljótlega boðið ákærða góða nótt og hefði ákærði þá farið í burtu.

Vitnið kvaðst ekki vera visst um, hvað klukkan var, en taldi,

að þetta hefði verið á tímabilinu milli kl. 0245—0315, en þó líklega á síðari hluta ofangreinds tímabils. Sagðist vitnið ekki hafa veitt ákærða sérstaka athygli, er hann hefði staðið þarna fyrir utan. Hefði vitnið ekki tekið sérstaklega eftir því, hvort ákærði hefði verið ölvaður, en vitnið kvaðst þó hafa sýnst á göngulagi ákærða, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis (sic).

Vitnið Snorri Snorrason fæddur 10. september 1928, til heimilis Mánavegi 6, Selfossi, kveðst hafa verið yfirverkstjóri í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar frá árinu 1975. Á þessum tíma kveður vitnið ákærða hafa unnið þar af og til, þar til honum var sagt upp störfum vorið 1979. Kveður vitnið ákærða hafa oft verið duglegan til vinnu, en lítið hægt að treysta á, t. d. með mætingar, en einnig hafi ákærði átt til að svíkjast undan vinnu. Þá hafi ákærði átt við áfengisvandamál að stríða.

Vitnið kveður ástæðuna til uppsagnar ákærða hafa verið vegna ofangreindra annmarka, en einnig vegna slæmra áhrifa ákærða á aðra unglinga, sem unnu í frystihúsinu.

Vitnið hefur lýst hinni svonefndu kaffistofu á svonefndu pappalofti í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar. Kveður Snorri, að þarna hafi verið um að ræða smáafdrep, 3x3 m^2 á að giska og veggi gerða úr spónaplötum. Inni í kaffistofu þessari hafi verið eitt borð og líklega bekkir eða stólar. Fyrir ofan afdrep þetta og inn af nefndri kaffistofu hafi verið pappakassar eða umbúðir frystihússins geymdar.

Framangreindur Snorri segir, að kaffistofa þessi hafi verið gerð sökum þrengsla í aðalkaffistofu frystihússins. Snorri Snorrason lagði hins vegar áherslu á það fyrir dómi, að stranglega hafi verið bannað að reykja þar sökum eldhættu.

Vitnið Elvar Ólafsson, fæddur 7. febrúar 1960, til heimilis Skólabraut 8, Akranesi, mágur ákærða, kom fyrir dóm hinn 15. apríl sl. Kvaðst vitnið muna óljóst atburði, en vitnið kvað ákærða hafa komið heim til sín á Sólbakka að kvöldi hins 29. maí 1979. Kvaðst vitnið hafa veitt ákærða áfengi og m. a. látið hann fá ½ flösku af vodka og enn fremur eitthvað af bjór. Vitnið mundi tímasetningar óljóst, en vitnið kvað ákærða hafa farið í burtu í ca 1—2 tíma, en komið aftur og verið fram til kl. 0200. Varðandi hvort ákærði hafi haft ofangreinda ½ vodkaflösku, er hann fór frá Sólbakka í síðara skiptið, kvaðst vitnið ekki geta fullyrt um. Vitnið taldi enn fremur, að þeir og ákærði hefðu allt í allt drukkið á þessum tíma mikið til saman úr 1½ flösku.

Vitnið sagði, að ákærði hefði verið í ágætu skapi, er hann fór frá vitninu, en dálítið drukkinn.

Lilja Ósk Ásgeirsdóttir, systir ákærða, fædd 20. ágúst 1961, til heimilis Skólabraut 8, Akranesi, bar vitni fyrir dómi hinn 15. apríl sl. Kveður vitnið ákærða hafa komið heim til sín á Sólbakka að kvöldi hins 29. maí 1979 og staldrað þar nokkra stund, en vitnið segir eiginmann þess, Elvar Ólafsson, hafa verið nýkominn úr siglingu og hafi hann veitt áfengi. Kveður vitnið ákærða hafa verið þarna fram á nótt. Vitnið segir ákærða hafa farið út í stutta stund, en komið aftur. Kveður vitnið, að ákærði hafi komið í síðari skiptið til að fá 1 flösku af vodka. Vitnið kveður þau Elvar hins vegar hafa látið ákærða fá ½ flösku. Hafi ákærði rætt við þau í smástund, en farið síðan, en vitnið mundi ekki nákvæmlega tímasetningar.

Varðandi hvort ákærði hafi fengið meira af áfengi en ofangreinda ½ flösku, kveðst vitnið ekki vita, hvort ákærði hafi fengið meira áfengi hjá Elvari, þar eð vitnið hafi ekki verið mikið inni í stofu með ákærða og Elvari.

Vitnið segir, að ákærði hafi verið drukkinn, er hann fór frá Sólbakka, en vitnið kveður oft erfitt að dæma um ölvunarástand ákærða, þar eð hann „leyni á sér" undir áhrifum áfengis. Að sögn vitnisins lá ekki illa á ákærða, en vitnið sagði enn fremur, að eitthvað hefði verið að brjótast í ákærða, án þess þó að vitnið gæti skýrt það nánar.

Aðspurt, hvort ákærði hafi verið gramur eða bitur vegna uppsagnar í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar, svaraði vitnið því neitandi.

Fyrir liggur í máli þessu nokkuð nákvæmar lýsingar vitnanna Jóns Jónssonar, Baldurshaga, Stokkseyri, fædds 10. júlí 1961, og Guðmundar Hafsteins Hafsteinssonar, Bjargi, Stokkseyri, fædds 11. júlí 1962, á herbergi því, sem ákærði kveður eld hafa orðið lausan í, en ofangreindir aðiljar voru starfsmenn frystihússins og sögðust hafa verið í herbergi þessu að staðaldri í kaffitímum. Jón Jónsson kveður herbergi þetta eða kompu, eins og hann kallar það, hafa verið afþiljað með spónaplötum að neðanverðu nema á vesturhlið, en þar hafi verið klætt með sundurteknum pappakössum. Hafi sá veggur verið klæddur þannig frá gólfi til lofts. Ofan við spónaplötur á norðaustur- og suðurhlið hafi verið klætt upp að lofti með krossviðarplötum, sem þeir, sem þarna áttu athvarf, höfðu aflað sér og sett til að loka kompunni. Dyr voru á vesturhliðinni norðarlega, en þar var þó smáskot. Í því horni var pappakassi, sem notaður var til að henda í bréfum, t. d. utan af sælgæti.

í kaffistofunni var borð, og sneri það að glugganum og bekkir beggja vegna.

Borðið var úr harðviði og líklega lakkað, en ekki með plasthúð. Bekkirnir voru einnig úr timbri. Auk þess voru þarna tveir stólar. Framangreindur Jón sagði, að á borði þessu hefði ekki verið diskur eða öskubakki. Bannað hafi verið að reykja þarna, en það þó ekki alltaf verið virt. Í þeim tilvikum, sem reykt var, hafi verið notaðar flöskur, sem stóðu í glugganum, til að setja í ösku og vindlingastubba. Ekki hafi verið um að ræða neitt bréfadrasl þarna inni, þó væri til, að t. d. sælgætisbréf hefðu legið á gólfinu.

Lýsing Guðmundar Hafsteins Hafsteinssonar á herbergi þessu er í megindráttum samhljóða ofangreindri lýsingu Jóns Jónssonar. Þá kveður Guðmundur, að þarna inni hafi hvorki verið skál né öskubakki. Enn fremur er haft eftir Guðmundi, að hann haldi, að yfirleittt hafi aska og sígarettustubbar verið sett í ölflöskur. Guðmundur kveður pappakassa hafa verið í einu horni og í hann yfirleitt hent bréfarusli, einkum sælgætisumbúðum. Mjög sjaldgæft hafi verið, að dagblöð væru þarna inni. Bréfarusl hafi aldrei verið skilið eftir á borðinu, heldur yfileitt hent í kassann, enda þótt það kunni að hafa farið utan við.

Ákærði var frekar spurður um tilvist öskubakka eða undirskála í kaffistofu, sem eldur kom upp í, meðan ákærði sætti gæsluvarðhaldi. Var ákærða bent á, að vitni, sem höfðu verið yfirheyrð, könnuðust ekki við, að slík undirskál hefði verið til staðar í kaffistofunni. Var haft eftirfarandi eftir ákærða: „Ég staðfesti fyrri framburð minn varðandi umrædda undirskál, og hann er réttur eftir því sem ég man best. Ég man sérstaklega eftir því, að ég var að raða eldspýtum, sem voru í skálinni, í ferhyrninga, og held ég, að ég hafi náð að raða 3—4 slíkum, og kveikti ég síðan í þeim og notaði kveikjarann við það."

Aðspurður, hvort hugsanlegt sé, að hann hafi náð í umrædda undirskál í hina kaffistofuna, kvaðst ákærði alls ekki muna, að hann hefði farið þangað inn. Ákærði lýsir undirskál þessari sem hvítri, þunnri af venjulegri stærð.

Í undirskál þessari hafi verið Camel pakki, sem hann hefði kveikt í, en einnig hefði hann kveikt í Viceroy pakka, sem hann hafi verið með sjálfur.

Persónulegir hagir ákærða.

Lárus Helgason læknir hefur framkvæmt geðrannsókn á ákærða, og kemur þar eftirfarandi fram.

Ákærði er fæddur í Reykjavík 22. júní 1957 og er þar að mestu upp alinn hjá foreldrum sínum, en árið 1972 flutti ákærði ásamt foreldrum sínum til Stokkseyrar og hefur búið þar síðan.

Ákærði er hinn þriðji í röðinni af sjö sytkinum. Honum gekk ekki vel í barnaskóla, en tók þó tilskilin próf. Fór ákærði snemma að vinna og hefur stundað ýmiss konar verkamannastörf. Þau ár, sem ákærði hefur búið á Stokkseyri, hefur hann mest unnið við hraðfrystihúsið þar.

Ákærði hóf áfengisneyslu, er hann var 15 ára. Fyrst í stað gætti hann hófs og hætti alveg um stund, er hann var 17 ára. Ákærði telur sig hafa átt við áfengisvandamál að stríða frá 18 ára aldri, enda þótt hann hafi ekki gert sér grein fyrir því fyrst í stað. Neytti hann áfengis um helgar og þá gjarnan tvo daga í senn. Án víns virðist hann almennt dagfarsprúður, en undir áhrifum áfengis hefur hann lent í ryskingum, eins og útlit hans ber merki. Er hann með snúið nef eftir nefbrot, og framtennur vantar í efri góm.

Ákærði missti föður sinn árið 1974, en hann býr nú að Garði á Stokkseyri með móður sinni og þrem bræðrum, er öll störfuðu, nema yngsti bróðirinn, sem hefur verið í skóla, við frystihúsið.

Ákærða var sagt upp starfi við frystihúsið, eins og áður segir, um vorið 1979 ásamt einum bróður hans.

Ákærði drakk gjarnan með bróður sínum eða öðrum félögum og lenti í vaxandi andstöðu við fólk, bæði innan og utan heimilis síns. Hann undi þó vel hag sínum og hugsaði ekki til neinna breytinga. Við áðurgreinda uppsögn ákærða við Hraðfrystihús Stokkseyrar verður hins vegar veruleg röskun á lífi hans. Reyndi ákærði að fá atvinnuleysisbætur, en var synjað um þær. Svo virðist sem ákærði hafi þá fyrst gert sér grein fyrir því, hversu margir aðiljar voru honum andsnúnir í þorpinu, og gert sér grein fyrir því, að hann yrði að sækja atvinnu út fyrir Stokkseyri. Ákærði gat þó ekki fyrst í stað hugsað sér að breyta lífi sínu og notaði því varasjóð í banka til þess að dvelja heima.

Í ályktun Lárusar Helgasonar geðlæknis um ákærða segir:

„Hér erum að ræða 22ja ára ókvæntan verkamann, sem hlaut takmarkaða skólamenntun. Hann er að eðlisfari fremur illa gefinn og er greinilega illa ræktaður greindarfarslega. Hann er hugmyndasnauður og ályktunarhæfni skert. Hann hefur tamið sér hugleti og látið sig fremur litlu varða tengsl orsaka og afleiðinga í lífi sínu. Hann er hins vegar útsjónarsamur til verklegra hluta

og getur lýst vélum, viðgerðarþáttum og framkvæmdaþáttum furðu vel.

Jón Björn telst sakhæfur, þar sem hann er hvorki geðveikur eða vanviti. Hann er hins vegar með fremur lítt þroskaðan persónuleika, bæði greindarfarslega og tilfinningalega (Immature Personality). Einnig hefur hann neytt áfengis í óhófi (Habitual Excessive Drinking). Hann hefur þegar gert sér grein fyrir því, hversu nauðsynlegt það er honum að draga úr ofneyslu víns, og leitað aðstoðar í því skyni."

Niðurstöður.

Með hliðsjón af játningu ákærða verður talið sannað, að ákærði hafi valdið eldsvoða í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar árla morguns hins 30. maí 1979. Af gögnum málsins er enn fremur ljóst, að eldsvoði á ofangreindum stað hafi getað haft í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu eigna, sem raun varð á. Háttsemi ákærða verður því hlutlægt séð felld undir 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Um aðdraganda eldsvoðans eða hugsanlegrar hvatir ákærða í þessu sambandi verður í máli þessu að mestu leyti að byggja á framburði ákærða sjálfs. Ákærði hefur haldið því þráfaldlega fram, að eldsvoði þessi hafi stafað af slysni. Hann hafi ekki valdið eldsvoða þessum af ásetningi eða hér hafi verið um viljaverk að ræða.

Eigi verður af gögnum málsins séð, að ákærði sé haldinn eldsýki. Heldur verður eigi ráðið, að ákærði hafi valdið ofangreindum eldsvoða í hagnaðarskyni. Ákærði, sem var starfsmaður hjá Hraðfrystihúsi Stokkseyrar, var sagt þar upp starfi, skömmu áður en bruninn átti sér stað, m. a. vegna slæmrar hegðunar og lélegrar mætingar á vinnustað. Í máli þessu hefur verið sérstaklega kannað, hvort hugsanlegur illvilji í garð forráðamanna frystihússins hafi ráðið verknaði þessum. Hefur eigi neitt fram komið, er bent getur til þess, að svo hafi verið.

Af framansögðu verður eigi hér talið sannað, að um beinan ásetning hafi verið að ræða hjá ákærða, er hann olli fyrrgreindum eldsvoða. Til athugunar er, hvort sú athöfn ákærða að kveikja eld við þær aðstæður, sem hér um ræðir, feli í sér yfirgnæfandi líkur á eldsvoða, þannig að jafna megi til ásetningsverknaðar. Af gögnum málsins er ljóst, að herbergi það, sem eldur kom upp í, var þannig úr garði gert, að gæta bar sérstakrar varúðar í með-

ferð elds. Þarna var m. a. bannað að reykja sökum eldhættu, en það bann mun ekki alltaf hafa verið virt.

Óvarlegt er þó að álykta, að það eitt að kveikja eld á umræddum stað hafi í för með sér svo yfirgnæfandi líkur á eldsvoða, að telja verði ásetningsbrot.

Með þetta í huga og þegar virtur er sá framburður ákærða, að hann hafi verið við drykkju um kvöldið og nóttina fyrir brunann, en sá framburður hefur verið studdur frásögnum nokkurra aðilja í málinu, og hann hafi sofnað yfir eldinum, en vaknað við, að alelda var í kringum hann, verður eigi gegn staðhæfingum ákærða talið sannað, að ákærði hafi valdið eldsvoða þessum af ásetningi.

Samkvæmt þessu verður brot ákærða ekki talið varða eingöngu við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. alm. hegningarlaga, eins og ákærða er aðallega gefið að sök í ákæru.

Ákærði gerði sig hins vegar sekan um stórfellt gáleysi með háttsemi sinni. Honum mátti vera það ljóst að kveikja eld við þær aðtæður, sem hér um ræðir, gat haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar sökum þrengsla og eldfimra efna þarna í nágrenni, enda þótt ekki verði talið, að menn hafi verið þarna í lífsháska. Ákærði vissi, að þarna var bannað að reykja vegna eldhættu, en ákærði var þarna í heimildarleysi. Ákærði gerði sig sekan með ofangreindu um stórkostlega vítavert athæfi, sem hafði í för með sér mikla eyðileggingu á eignum annarra.

Samkvæmt þessu telst ákærði hafa gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að varasök í ákæru, eða brot á 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr., sbr. 167. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 10/6 í Árnessýslu: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1977 27/8 í Árnessýslu: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 6/1 í Árnessýslu: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 5. mán. frá 6. janúar 1978.

1978 16/7 í Árnessýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1980 2/4 í Árnessýslu: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. mgr. 16. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af öllum málavöxtum þykir refsing ákærða vera

hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði. Refsingu þessari komi til frádráttar að fullri dagatölu sá tími, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 1. júní 1979 til 28. júní s. á. með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá skal ákærði greiða allan sakarkostnað, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00, og kr. 4.500.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Í máli þessu liggur fyrir krafa Brunabótafélags Íslands um skaðabætur vegna brunatjóns, en hús og aðrar eignir Hraðfrystihúss Stokkseyrar voru tryggðar hjá Brunabótafélagi Íslands.

Krafa þessi sundurliðast þannig:

Tjón á fasteignum	gkr.	102.000.000
Tjón á tækjum	—	199.427.657
Matskostnaður	—	912.583
Samtals	gkr.	302.340.240

Af hálfu Brunabótafélags Íslands hafa verið lögð fram gögn kröfum þessum til stuðnings.

Er þar um að ræða matsgerð vegna tjóns á fasteignum Hraðfrystihúss Stokkseyrar, unna af verkfræðingunum Gunnari Torfasyni og Óskari Þorvarðarsyni, reikningar vegna matskostnaðar og samkomulag um tjónbætur vegna brunatjóns á lausafé og frystivélum Hraðfrystihúss Stokkseyrar h/f þann 30. maí 1979.

Samkomulag þetta undirrita Ásgrímur Pálsson f. h. Hraðfrystihúss Stokkseyrar, Hilmar Pálsson af hálfu Brunabótafél. Íslands og Jón Oddsson matsmaður.

Af hálfu verjanda ákærða hefur kröfu þessari verið mótmælt sem órökstuddri og ófullnægjandi.

Telja verður, að framkomin krafa Brunabótafélags Íslands sé nægilega skýrð og verði eigi vefengd.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 25. gr. laga nr. 20/1954 ber ákærða að greiða Brunabótafélagi Íslands h/f gkr. 302.340.240 í skaðabætur. Eigi er lagaheimild fyrir dómara til að lækka kröfu þessa með tilliti til efnahags og aðstæðna ákærða samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954.

Telja verður, að hagsmuna ákærða hafi verið gætt á fullnægjandi hátt við matsgerð með aðild Brunabótafélags Íslands við mat á tjóni.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómari máls þessa tók í upphafi við máli þessu í október 1979 og þingfesti málið.

Dómari fór skömmu síðar, eða í desember, í ársleyfi og var á þeim tíma ekki með mál þetta, en hinn 21. janúar sl. tók dómari við máli þessu að nýju.

Mál þetta hefur síðan einkum dregist vegna þess, hve erfiðlega hefur tekist að ná til vitna, og anna dómara vegna annarra starfa.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Björn Ásgeirsson, fæddur 22. júní 1957, sæti fangelsi í 7 mánuði. Til frádráttar refsingu þessari komi sá tími, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 1. júní—28. júní 1979.

Ákærði greiði Brunabótafélagi Íslands í skaðabætur gkr. 302.340.240.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. á m. laun til verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00, og kr. 4.500.00 í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1982.

Nr. 254/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Páli Sverrissyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og Runólfi Þór Jónssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærðu með stefnu 9. apríl 1981. Í héraðsdómi var dæmt um ákæru á hendur þremur sökunautum, en einn þeirra undi málalokum, og er málinu eigi áfrýjað að því er hann varðar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 26. apríl 1982.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um sakfellingu samkvæmt einstökum ákæruliðum að því marki sem honum er áfrýjað. Þá er krafist staðfestingar héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað. Þess er krafist, að refsing beggja hinna ákærðu verði þyngd.

Verjandi ákærða Sigurðar Páls Sverrissonar krefst þess, að brot ákærða verði einvörðungu talin varða við lög nr. 65/1974. Þá verði honum dæmd vægasta refsing, er lög leyfa.

Verjandi ákærða Runólfs Þórs Jónssonar krefst þess, að ákærði verði sýknaður af refsikröfu vegna brots, er greinir í 6. tölulið III. kafla í ákæruskjali, en önnur brot hans verði einungis talin varða við lög nr. 65/1974, og að ákærða verði dæmd vægasta refsing, er lög heimila.

Ákæruefnum er lýst í héraðsdómi.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarmat.

Brot ákærðu beggja fela í sér samfellda brotahrinu, sem efnislega á undir þau ákvæði laga nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, sem til er vitnað í ákæruskjali. Ber að refsa þeim fyrir þau samkvæmt 173. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 65/1974, sbr. og 20. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar brot ákærða Runólfs Þórs, það er greinir í III. kafla, 6. tölulið, ákæru. Brot ákærða Sigurðar Páls, sem um getur í I. kafla, 3. tölulið, varðar þó einungis við lög nr. 65/1974, 2., sbr. 5. og 6. gr., sbr. og reglugerð nr. 390/1974, 2. og 10. gr. Ber nú að dæma honum refsingu vegna þessa brots samkvæmt lögum nr. 60/1980, en þó verður ekki beitt þyngri viðurlögum en felast í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsingu beggja hinna ákærðu ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sammæltust sín á milli og við aðra nafngreinda menn um brot sín. Brot þeirra tóku yfir nokkurt tímabil og

eru umfangsmikil, einkum brot ákærða Sigurðar Páls, sem telja verður frumkvöðul að þeim brotum, er þeir ákærðu sammæltust um að fremja, svo og að öðrum brotum, þar sem reyndi á saknæma háttsemi annarra manna. Hér var bæði um innflutning allmikils magns af hassefnum að ræða og dreifingu gegn háu fégjaldi. Refsingu beggja hinna ákærðu ber að dæma með vísan til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þau eru unnin í hagnaðarskyni, og þykir rétt að beita fésekt til viðbótar fangelsisvist, sbr. 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, 4. og 5. gr., sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, en brot ákærða Sigurðar Páls eru öll framin fyrir árslok 1976 og brot ákærða Runólfs Þórs að mestu. Þykir refsing ákærða Sigurðar Páls hæfilega ákveðin 14 mánaða fangelsi og 6.500.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 40 daga fangelsi, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsing ákærða Runólfs Þórs er hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi og 5.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað hennar 30 daga fangelsi, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Gæsluvarðhaldsvist beggja hinna ákærðu komi refsivist þeirra til frádráttar, 26 dagar að því er varðar ákærða Sigurð Pál og 15 dagar að því er tekur til ákærða Runólfs Þórs.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð að því er ákærðu varðar. Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, annan en málsvarnarlaun til verjenda fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknaraun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, en ákærðu greiði hvor um sig verjanda sínum fyrir Hæstarétti 4.500.00 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að mikill dráttur hefur orðið á rekstri málsins í héraði, en þó eigi í höndum þess dómara, er kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Dómsorð:

Ákærði Sigurður Páll Sverrisson sæti 14 mánaða fangelsi og 6.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og ákærði Run-

ólfur Þór Jónsson sæti 9 mánaða fangelsi og 5.000.00 króna sekt í ríkissjóð. Fésektina afpláni hinn fyrrnefndi 40 daga fangelsi og hinn síðarnefndi 30 daga fangelsi, ef sekt verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Gæsluvarðhaldsvist beggja hinna ákærðu komi refsivist til frádráttar, 26 dagar að því er varðar hinn fyrrnefnda og 15 dagar að því er tekur til hins síðarnefnda.

Ákvæði dómsins um eignarupptöku staðfestast.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð að því leyti sem málinu er áfrýjað.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað af áfrýjun málsins, annan en málsvarnarlaun til verjenda fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur.

Ákærði Sigurður Páll Sverrisson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, 4.500.00 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Runólfur Þór Jónsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 4.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. nóvember 1980.

Ár 1980, mánudaginn 10. nóvember, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 506/1978: Ákæruvaldið gegn Sigurði Páli Sverrissyni, Halldóri Snorra Bragasyni og Runólfi Þór Jónssyni.

Málið, sem munnlega var flutt og dómtekið 5. nóvember sl., er höfðað með ákæru, útgefinni 26. júní 1978, á hendur:

1) Sigurði Páli Sverrissyni, Stigahlíð 32, Reykjavík, fæddum þar í borg 22. nóvember 1952,

2) Halldóri Snorra Bragasyni, Hjálmholti 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. nóvember 1956, og

3) Runólfi Þór Jónssyni, Hjarðarhaga 54, Reykjavík, fæddum þar í borg 13. apríl 1956, fyrir brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni „með því m. a. að hafa á árinu 1976 ýmist í skipulagðri samvinnu hver við annan eða hver um sig í samvinnu við aðra keypt verulegt magn hassefna erlendis, flutt slík efni hingað til lands og selt þau hérlendis mörgum mönnum með drjúgum hagnaði og að jafnaði neytt nokkurs hluta þeirra efna, er þeir hverju sinni höfðu með höndum, svo sem nánar verður rakið.

I. Ákærði Sigurður Páll Sverrisson.

1. Í apríl 1976 keypt samtals 750 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 12—14 krónur danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði afhenti samtals allt að 500 gr af efninu tilteknum kunningjum sínum, sem seldu það fyrir ákærða á 4.5—5 bandaríkjadali hvert gramm. Ákærði seldi sjálfur nokkrum aðilum í Reykjavík samtals allt að 85 gr, ýmist á kr. 1.000 eða 1.200 hvert gramm, og jafnframt neytti ákærði sjálfur af efninu og gaf af því.

2. Í maí 1976 keypt rúm 800 gr af hassi fyrir um 10.500 danskar krónur í Kaupmannahöfn og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi nokkrum mönnum samtals um 200—300 gr, oftast á um kr. 1.200 hvert gramm. Með aðstoð meðákærðu Runólfs Þórs Jónssonar og Halldórs Snorra Bragasonar seldi ákærði nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli samtals 300—400 gr af efninu í nágrenni Keflavíkurflugvallar á 7 bandaríkjadali hvert gramm, og komu 6 dalir fyrir hvert gramm í hlut ákærða. Ákærði seldi nefndum Runólfi Þór og Halldóri Snorra 100—200 gr af efni þessu á um kr. 1.200 hvert gramm, og jafnframt neytti hann nokkurs magns af því sjálfur.

3. Í maí/júní 1976 keypt 15 gr af hassi af Birni Bótólfi Guðmundssyni að Laugavegi 71 í Reykjavík á kr. 1.400 hvert gramm og síðan neytt efnisins sjálfur.

4. Í júní/júlí 1976 keypt um 730 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir 12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi nokkrum mönnum samtals allt að 70 gr af efninu, neytti sjálfur hluta þess (um 140—150 gr) og afhenti meðákærðu, Runólfi Þór Jónssyni og Halldóri Snorra Bragasyni, samtals allt að 500 gr, sem þeir seldu síðan að mestu leyti á 5.5—6 bandaríkjadali hvert gramm, en samkomulag var

með ákærðu um, að Runólfur Þór og Halldór Snorri fengju sameiginlega 1 dal fyrir selt gramm.

5. Í júlí/ágúst 1976 keypt rúm 800 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Egilsstaða og síðan til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi meðákærðu, Runólfi Þór Jónssyni og Halldóri Snorra Bragasyni, samtals um 300 gr af efninu á um kr. 1.000 hvert gramm, ákærði seldi ýmsum aðilum samtals 30—40 gr og neytti sjálfur a. m. k. 70—100 gr. Ásamt nefndum Runólfi Þór seldi ákærði nafngreindum varnarliðsmanni 400 gr af þessu efni í Keflavík á 6.5 eða 7 bandaríkjadali hvert gramm.

6. Um miðjan ágúst 1976 keypt 700—800 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 11—12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið til Álaborgar, þar sem ákærði afhenti meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni meginhluta efnisins til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi. Ákærði hélt eftir um 30 gr af hassinu og flutti það til Randers á Jótlandi, þar sem hann seldi dönskum kunningjum sínum 25 gr af efninu á 15 kr. danskar hvert gramm. Meðákærði Runólfur Þór Jónsson seldi síðan meginhluta efnisins hér á landi, og móttók ákærði söluandvirðið (um kr. 400.000 eða 600.000) úr höndum nefnds Runólfs Þórs í Kaupmannahöfn í seinni hluta ágústs.

7. Um mánaðamót ágúst/september 1976 keypti meðákærði Runólfur Þór Jónsson 800—1000 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir söluandvirði hassefnisins, sem um ræðir í 6. lið hér að framan, og tók ákærði við þessu efni hjá nefndum Runólfi Þór í Kaupmannahöfn og flutti það til Álaborgar, þar sem hann afhenti meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni efnið til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi, en um 30 gr af efninu hélt ákærði eftir og flutti til Randers og seldi þar sem fyrr. Meginhluta efnisins seldi nefndur Runólfur Þór síðan hér á landi, og í fyrri hluta september móttók ákærði megnið af söluandvirðinu, um 1.000 bandaríkjadali og kr. 300.000, í Kaupmannahöfn frá nefndum Runólfi Þór.

8. Í september 1976 keypt samtals 1250 gr af hassi í Amsterdam fyrir um 3.000 gyllini, flutt efnið til Rotterdam og þar um 20. september afhent meðákærða Halldóri Snorra hassið til flutnins til Íslands með m/s Skógafossi. Um mánaðamót september/október tekið við framangreindu hassi í Reykjavík úr höndum nefnds Halldórs Snorra og þá um leið tekið við 100 eða 140 gr af hassi í söluskyni fyrir Halldór Snorra. Selt nafngreindum

varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli samtals 1100 gr af efnum þessum í Keflavík á 6—7 bandaríkjadali hvert gramm og neytt sjálfur um 200 gr ásamt ónefndum kunningjum sínum.

9. Í október/nóvember 1976 ásamt Snorra Guðmundssyni keypt 800—1000 gr af hassi í Kaupmannahöfn á kr. 9.50 danskar hvert gramm, og flutti nefndur Snorri allt efnið til Reykjavíkur, þar sem ákærði móttók sinn hluta efnisins, um 360 gr eða 500 gr, og auk þess kr. 40.000, sem var söluandvirði hassefnisins, sem Snorri hafði þá þegar selt af efnishluta ákærða. Ákærði seldi nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli um 200 gr af hassinu á 6 bandaríkjadali hvert gramm og ónafngreindum manni við Ránargötu í Reykjavík 60—80 gr á kr. 1.200—1.300 hvert gramm, en eftirstöðvar efnisins hafði ákærði til eigin neyslu.

10. Í nóvember 1976 keypt 100—140 gr af hassi af Snorra Guðmundssyni í Kópavogi á 6 bandaríkjadali hvert gramm, selt Guðmundi Einarssyni um 60 gr af efni þessu á um kr. 1.300 hvert gramm og neytt afgangsins sjálfur.

11. Í nóvember/desember 1976 í Reykjavík keypt 100 gr af hassi af meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni á kr. 1.200 hvert gr, selt ótilgreindum manni í Reykjavík 50—60 gr af efninu á kr. 1.300 hvert gramm og síðan neytt eftirstöðvanna að mestu leyti sjálfur.

II. Ákærði Halldór Snorri Bragason.

1. Á tímabilinu frá apríl til júlí 1976 ásamt meðákærða Runólfi Þór Jónssyni annast dreifingu á samtals nokkrum hundruðum grömmum af hassefnum fyrir meðákærða Sigurð Pál Sverrisson, sem flutti efnin hingað til lands, sbr. liði I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan, með því m. a. í nokkur skipti að selja slík efni varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli, en ákærði taldist þá jafnan eiga hluta söluandvirðisins eða þáði hassefni til neyslu frá nefndum Sigurði Páli fyrir vikið, og ennfremur um þetta leyti með því að kaupa sjálfur hass af nefndum Sigurði Páli og ýmist selja þá efnisskammta ótilgreindum mönnum í Reykjavík, t. d. á Billiardsstofunni, Klapparstíg 26, eða hafa þá til eigin nota.

2. Fyrir utanför sína í apríl 1976 tekið við um 1.000 bandaríkjadölum hjá Franklín Kristni Steiner til hasskaupa og um mánaðamót apríl/maí keypt um 700 gr af hassi í Rotterdam fyrir alls um 1.700 gyllini og afhent Kristjáni Róbert Walsh um 570 gr af efninu þar í borginni til flutnings til Íslands, en ákærði hélt

eftir rúmum 100 gr, sem hann neytti sjálfur að hluta og seldi að hluta ótilgreindu fólki í Kaupmannahöfn. Skömmu síðar eftir komu hingað til lands tekið við efninu úr höndum nefnds Kristjáns Róberts um borð í m/s Tungufossi og í Reykjavík afhent nefndum Franklín Kristni 200 eða 250 gr af efninu, greitt nefndum Kristjáni Róbert allt að 100 gr fyrir innflutning efnisins og haldið sjálfur eftir afganginum til eigin nota.

3. Um miðjan ágúst 1976 í Álaborg tekið við því hassefni, sem um ræðir í lið I, 6 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar, flutt efnið með sér hingað til lands með m/s Skógafossi, sem ákærði var þá skipverji á, og í síðari hluta ágúst afhent meðákærða Runólfi Þór Jónssyni efnið á Akranesi eða í Reykjavík.

4. Um mánaðamót ágúst/september 1976 í Álaborg tekið við því hassefni, sem um ræðir í lið I, 7 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar, flutt efnið með m/s Skógafossi til Akraness og þaðan með m/s Akraborg til Reykjavíkur, þar sem ákærði afhenti svo efnið meðákærða Runólfi Þór Jónssyni.

5. Í seinni hluta september 1976 í Rotterdam tekið við hassefni því, sem um ræðir í lið I, 8 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar og einnig um 1500 grömmum af hassi úr höndum Kristjáns Róberts Walsh. Flutt efni þessi með sér hingað til lands með m/s Skógafossi, sem kom um 25. september til Reykjavíkur, og skömmu síðar þar í borg afhent nefndum Sigurði Páli samtals um 1300 gr af hassi. Hinn 30. september að Mávahlíð 16 afhent Eiríki Rafni Magnússyni a. m. k. 1100 gr af hassefninu frá nefndum Kristjáni Róbert, en ákærði hafði þá þegið 250 gr af því efni sem greiðslu fyrir flutning þess hingað til lands.

6. Hinn 11. október 1976 í Rotterdam móttekið samtals 6.250 gyllini af Kristjáni Róbert Walsh og meðákærða Runólfi Þór Jónssyni til hasskaupa og sama dag keypt rúm 2 kg af hassi þar í borginni fyrir 6.000 gyllini. Flutt efnið með m/s Skógafossi til Íslands með viðkomu í Gautaborg, þar sem ákærði seldi tveimur sænskum piltum 30—40 gr af efninu 15. október fyrir 500 sænskar krónur. Um mánaðamót október/nóvember flutt hassið frá Straumsvíkurhöfn heim til sín, tekið þar 300 gr í sinn hlut fyrir innflutning efnisins og afhent Eiríki Rafni Magnússyni afganginn, um 1700 gr, að Mávahlíð 16 í Reykjavík. Gefið nefndum Runólfi Þór 100 gr af sínum hluta efnisins og í byrjun nóvember á Kefla-

víkurflugvelli selt nafngreindum varnarliðsmanni 132 gr á 5 bandaríkjadali hvert gramm.

7. Í nóvember/desember 1976 í Reykjavík selt meðákærða Sigurði Páli Sverrissyni 100 gr af hassi á kr. 1.200 hvert gramm.

III. Ákærði Runólfur Þór Jónsson.

1. Á tímabilinu frá apríl til júlí 1976 ásamt meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni annast dreifingu á samtals nokkrum hundruðum grömmum af hassefnum fyrir meðákærða Sigurð Pál Sverrisson, sem flutti efnin hingað til lands, sbr. lið I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan, með því m. a. margsinnis að selja slík efni nafngreindum varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli og ýmsum aðilum í Reykjavík, einkum á Billiardsstofunni, Klapparstíg 26, og taldist ákærði þá oftast nær eiga hluta söluandvirðisins eða þáði hass til eigin nota eða annan viðurgerning af nefndum Sigurði Páli fyrir vikið.

2. Í seinni hluta ágúst 1976 tekið við því hassefni, sem um ræðir í liðum I, 6 og II, 3 hér að framan, úr höndum meðákærða Halldórs Snorra Bragasonar á Akranesi eða í Reykjavík og selt meginhluta þess efnis nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli, hvert gramm á jafnvirði kr. 1.000—1.200, sem að hluta var greitt í bandaríkjadölum, og fóru kaupin fram í nokkur skipti, ýmist við Fitjanesti í Njarðvík eða Aðalstöðina í Keflavík, og hélt ákærði síðan með söluandvirðið til meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar í Kaupmannahöfn til kaupa á fíkniefnum.

3. Um mánaðamót ágúst/september 1976 keypt 800—1000 gr af hassi í Kaupmannahöfn á um 10 krónur danskar hvert gramm og þar í borginni afhent meðákærða Sigurði Páli Sverrissyni efnið, sbr. lið I, 7 hér að framan. Í fyrri hluta september í Reykjavík tekið við ofangreindu hassi úr höndum meðákærða Halldórs Snorra Bragasonar, sbr. II, 4 hér að framan, og selt þremur varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli samtals um 700 gr af efninu á kr. 1.000—1.200 eða 6 bandaríkjadali hvert gramm og síðan komið meginhluta söluandvirðisins til nefnds Sigurðar Páls í Kaupmannahöfn til frekari fíkniefnakaupa.

4. Í október 1976 flutt um 4.000 bandaríkjadali fyrir Eirík Rafn Magnússon frá Reykjavík til Rotterdam, þar sem nota átti féð til hasskaupa, og um 10. október þar í borginni afhent Kristjáni Róbert Walsh og meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni megnið af peningunum, en fyrir þá voru síðan keypt rúm 2 kg af hassi og flutt til Íslands, sbr. II, 6 hér að framan. Skömmu

eftir mánaðamót október/nóvember á Skólavörðuholti í Reykjavík selt Sigurði Berndsen 500 gr af ofangreindu efni fyrir nefnda Eirík Rafn og Kristján Róbert á 5.5 bandaríkjadali hvert gramm, og skilaði ákærði söluandvirðinu til þeirra utan 350 dali, sem ákærði hélt eftir. Þegið að gjöf allt að 100 gr af ofangreindu efni af nefndum Halldóri Snorra, sbr. II, 6 hér að framan, og keypt 150 gr af efninu af nefndum Kristjáni Róbert á kr. 900 hvert gramm.

5. Í nóvember eða byrjun desember 1976 keypt rúmlega 1 kg af hassi í Rotterdam fyrir Snorra Guðmundsson á rúm 2 gyllini hvert gramm og þar í borg afhent efnið nefndum Snorra, sem hafði látið ákærða fá fé til kaupanna.

6. Í apríl 1977 ásamt Gunnari Rafni Erlingssyni og Auði Elísabet Guðmundsdóttur undirbúið þá fyrihugaða utanför nefndrar Auðar Elísabetar gagngert til kaupa á hassi með því að leggja á ráðin um framkvæmd einstakra þátta innkaupafararinnar og taka við því fé, sem nota átti til kaupanna, samtals um kr. 260.000,- í eigu nefnds Gunnars Rafns og Auðar Elísabetar, og ásamt Gunnari Rafni fengið því skipt í íslenska eitthundraðkrónuseðla í nokkrum bönkum í Reykjavík föstudaginn 22. apríl, en í þessa för hugðist nefnd Auður Elísabet þá halda innan fárra daga (sunnudaginn 24. apríl), kaupa 500—700 gr af hassi fyrir ofangreinda fjárhæð í Kristianíu í Kaupmannahöfn og flytja það til Reykjavíkur, þar sem ákærði hugðist selja meginhluta efnisins með hagnaði ótilteknum mönnum, m. a. á Billiardsstofunni, Klapparstíg 26, og fá hluta væntanlegs söluandvirðis í sinn hlut fyrir, en lögreglan lagði hald á ofangreinda peninga 23. apríl á heimili nefndrar Auðar Elísabetar að Drápuhlíð 28 í Reykjavík."

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Framangreind brot ákærðu teljast varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, svo og við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. hegningarlaganna að því er tekur til þeirra brota, er ákærðu frömdu erlendis, sbr. og 20. gr. hegningarlaganna, að því er varðar brot ákærða Runólfs Þórs í lið III, 6. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og ákærði Sigurður Páll sæti auk þess upptöku á 3 hassreykjarpípum, sem

hald var lagt á, samkvæmt 69. gr. hegningarlaganna og 5. gr. i. f. laga um ávana- og fíkniefni."

Ákærði Sigurður Páll Sverrisson er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 22. nóvember 1952. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1971 17/7 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1974 8/4 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 8/4 1974.

1977 11/3 þingréttur, Málmey: Vísað úr landi fyrir tilraun til smygls.

1978 12/6 í Reykjavík: Sátt, 330.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.

1978 6/7 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 78. gr. hegningarlaga.

Ákærði Halldór Snorri Bragason er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 6. nóvember 1956. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1972 í Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 13-0-1972 (sic).

1976 19/2 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 60., sbr. 61. gr. laga 59/1969.

1976 3/3 í Reykjavík: Ávana og fíkn. Sátt, 105.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 2. gr. hegningarlaga.

1976 29/6 í Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 mán. frá 29/6 1976.

1977 22/2 í Reykjavík: Dómur: 30 daga varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga, skilorðsbundið í 3 ár.

1977 24/10 í Reykjavík: Sátt, 130.000 kr sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr.

reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

1978 31/5 í Reykjavík: Dómur: 120.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/2 1978.

Ákærði Runólfur Þór Jónsson er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 13. apríl 1956. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1971 í Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6/8 1971.

1974 26/2 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 25., 26. og 53. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 20/8 1973.

1976 26/5 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 11.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.

1978 3/1 í Reykjavík: Dómur: 80.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 3/1 1978.

1978 25/4 í Reykjavík: Sátt, 480.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga.

1979 2/5 í Reykjavík: Dómur: 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 2/5 1979.

MÁLSATVIK.

Rannsókn sakaratriða fór einkum fram á þremur tímabilum. Í fyrsta lagi í rannsókn kenndri við Helga Aðalsteinsson og Jónas Ómar Snorrason, er fram fór einkum síðari hluta árs 1976 og fyrri hluta árs 1977, í öðru lagi í rannsókn kenndri við Eggert Sigurðsson o. fl., er fór fram í apríl 1977, og loks í rannsókn kenndri við Sigurð Pál Sverrisson í júní 1977. Í þágu síðastnefndrar rannsóknar sættu ákærðu Sigurður Páll og Runólfur Þór gæsluvarðhaldi, Sigurður Páll frá 4. júní til 30. júní, en Runólfur Þór frá 14. júní til 28. júní sama ár.

Við rannsókn málsins var lagt hald á þrjár hassreykjarpípur, er fundust í farangri ákærða Sigurðar Páls eftir handtöku 3. júní 1976.

Hér á eftir verður vikið að sakarefni í þeirri röð, sem í ákæru greinir.

I. Ákærði Sigurður Páll Sverrisson.

1. Ákæruliður.

Ákærði Sigurð Páll lýsti atvikum þennan ákærulið varðandi í lögregluyfirheyrslu 19. júní 1977 og hér í dómi 29. sama mánaðar.

Í nefndu þinghaldi skýrði ákærði Sigurður Páll svo frá, að hann hefði hafið störf hjá innréttingafyrirtæki í Kaupmannahöfn haustið 1975. Hafi hann kynnst nafngreindum pilti dönskum, er lánað hafi sér danskar kr. 12.000 til kaupa á veitingastofu í Kaupmannahöfn og átt að endurgreiða lánið með dönskum kr. 28.000 þremur mánuðum eftir að rekstur veitingastofunnar hæfist. Nefnd kaup hafi síðan farið út um þúfur og hann þá leiðst út í innflutning fíkniefna til Íslands til þess að afla fjár til að endurgreiða lánið.

Í þessu skyni kvaðst ákærði Sigurður Páll í apríl 1976 hafa keypt 500 gr af svörtu Afghanistanhassi og um 250 gr af ljósu Líbanonhassi í Kaupmannahöfn. Hafi hann greitt danskar kr. 14 fyrir hvert gramm af fyrrnefnda hassinu, en danskar kr. 12 fyrir hvert gramm af því síðastnefnda. Sigurður Páll kvaðst hafa flutt ofangreind efni með sér hingað til lands flugleiðis, en haft viðkomu í Færeyjum, þar sem flug þaðan væri til Reykjavíkur og hann þannig losnað við tollskoðun á Keflavíkurflugvelli.

Eftir komu til Reykjavíkur kvaðst ákærði Sigurður Páll hafa hafið sölu á ofangreindum efnum og ráðstafað sem hér segir:

1) Ólafur Haraldsson hafi keypt 350 gr af svarta hassinu og 150 gr af því ljósa, það fyrrnefnda á 5 bandaríkjadali hvert gramm, en hitt á 4.5 dali.

2) Alfreð Hilmarsson hafi keypt um 15+20 gr af blönduðu efni.

3) Ónefndur kennari í vesturbæ sama magn á kr. 1.000 og 1.200 hvert gramm.

4) Þá hafi Jakob Fenger þegið að gjöf 10—15 gr.

Að ofangreindri sölu lokinni kvaðst ákærði Sigurður Páll hafa haldið með handbært fé til Kaupmannahafnar.

Ofangreindur Ólafur Haraldsson, er af gögnum má ráða, að búsettur var að Álftamýri 40, Reykjavík, fæddur 15. mars 1955, hefur ekki verið yfirheyrður vegna máls þessa, en hann mun fluttur búferlum til Svíþjóðar fyrir nokkrum árum.

Ofangreindur Alfreð Hilmarsson, fæddum 27. apríl 1955, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 30. júní 1977 og hér í dómi 10. nóvember 1978 og staðfesti að hafa í apríl 1976 af ákærða Sigurði Páli keypt 20 + 25 gr af hassi á kr. 1.200 hvert gramm.

Einar Einarsson, fæddur 20. ágúst 1951, kennari að atvinnu, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 26. júlí 1978 og hér í dómi 8. janúar 1979 og staðfesti þá að hafa um páskaleytið árið 1976 af ákærða Sigurði Páli keypt 30 gr af hassi.

2. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll lýsti í áðurnefndu þinghaldi hér í dómi 29. júní 1977 för sinni til Kaupmannahafnar í maí 1976 með eftirstöðvar söluandvirðis efna úr lið 1 hér að ofan. Hafi hann þar keypt 800 gr af tvenns konar hassefnum á svipuðu einingaverði og áður og flutt efni hingað til lands flugleiðis um Færeyjar til Reykjavíkur eftir vikudvöl í Kaupmannahöfn. Í nefndu þinghaldi lýsti ákærði Sigurður Páll ráðstöfun ofangreindra efna og kvaðst hafa afhent efni sem hér segir:

„1) Birgi Bótólfi 120 gr. af Líb. á 1200.-.

2) Alfreð vini Agnars ca 50 grömm.

3) Kennara úr vesturbæ, nánar Framnesvegi, tæplega 30 grömm.

4) Jakob Fenger 15—20 grömm auk þess sem mætti gaf honum.

5) Mætti segir Runólf Þór Jónsson hafa komið að máli við sig og falast eftir efni. Mætti kveðst í fyrstu hafa neitað að vera með efni. Síðar kveðst mætti hafa fallist á boð Runólfs um að láta hann hafa efni, ef mætti fengi 6 $ pr gramm. Mætti kveðst hafa farið með Runólfi og Elíasi Hauki á Keflavíkurflugvöll, og þar seldu þeir kana, sem heitir Slim, 100 gr af Afghan á 7 $ grammið, og fékk mætti 6 $, en Runólfur og Elías sín hvor 50 centin. Mætti segir efni hafa verið afhent við sn. Grjótahlið. Segir mætti feitlaginn svarthærðan kana hafa verið með Slim, en Slim var hér með gleraugu, grannur með stutt skollitað hár. Mætti segir Runólf hafa verið á bílaleigubíl, og kveðst mætti hafa tekið einhvern þátt í að borga hann.

6) Síðar kveðst mætti hafa flutt á Bergstaðastræti til Gunnhildar Emilsdóttur, og þaðan kveðst mætti aftur hafa farið á flugvöll. Þá keyrt einn í bíl, en þeir Runólfur og Elías farið á undan í rútu til að ná sambandi við Slim. Síðar kveðst mætti hafa tekið þá Runólf og Elías upp í bílinn og þeir allir haldið í

sandnámur eða steypustöð utan vallar, og þangað komu Slim og sá feiti. Mætti segir Runna hafa selt 200—300 grömm og þá aðallega Líbanon. Mætti kveðst sem fyrr hafa fengið 6 $ pr. gramm út úr þessu, en þeir hinir saman 1 $.

7) Mætti kveðst hafa reykt tugi gramma sjálfur, en kveðst að lokum hafa selt Runólfi og Halldóri Snorra Bragasyni saman 100—200 grömm efnis, eða allt, sem eftir var, í smáum skömmtum fyrir 1.200 kr. gr. Mætti segir þá alltaf hafa komið saman, en ýmist hvort þeir staðgreiddu eða fengu lánað."

Ákærði Sigurður Páll kvaðst hafa haldið með söluandvirði ofangreindra efna til Kaupmannahafnar og þar greitt danskar kr. 6.000 inn á fyrrnefnda skuld við danskan kunningja sinn.

Eftirtaldir aðiljar hafa gengist við móttöku ofangreindra efna frá ákærða Sigurði Páli:

1) Birgir Bótólfur Guðmundsson, fæddur 17. október 1954, viðurkenndi í lögregluyfirheyrslu 30. júní 1977 að hafa í maí 1976 keypt 30—40 gr af hassi.

2) Varðandi viðskipti ákærða Sigurðar Páls við Alfreð Hilmarsson þá vísast til framburðar nefnds Alfreðs, sem rakinn var í atvikalýsingu varðandi næsta ákærulið hér að ofan.

3) Einar Einarsson, fæddur 20. ágúst 1954, bar hér í dómi 8. janúar 1979 að hafa haft milligöngu um sölu ákærða Sigurðar Páls á hassefnum, magn ótilgreint.

4) Jakob Fenger, fæddur 24. febrúar 1952, bar hér í dómi 6. október 1977 að hafa um mitt ár 1976 frá ákærða Sigurði Páli þegið um 10 gr af hassi.

Ákærði Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956, var yfirheyrður hér í dómi 28. júní 1977 og þá eftir honum bókað eftirfarandi um ofangreint:

„Aðspurður kveðst mætti kannast við undirskriftir sínar á dskj. 10 og skjalið sig varðandi. Mætti kveðst réttilega hafa gert grein fyrir fíkniefnameðhöndlun sinni og skýrir sjálfstætt svo frá að hafa í marz/apríl í fyrra hitt Sigurð Pál Sverrisson, sem hafði komið með hass hingað til lands. Mætti segir Sigurð á þessum tíma hafa búið í herbergi á Miklubraut 72. Mætti segist hafa verið atvinnulaus á þessum tíma og svo hafi einnig verið með Halldór Snorra Bragason, vin mætta. Mætti segir þá báða hafa tekið við töluverðu af efni frá Sigurði og útvegað ýmsum aðilum. Hins vegar hafi Sigurður verið búinn að ráðstafa sjálfur

töluverðu af efni því, sem hann hafði komið með og var af Líbanontegund. Mætti segir þá Dóra hafa fengið efnið á 1.000—1.200 kr. grammið og útvegað ýmsum aðilum, aðallega á billjard á Klapparstíg með um 200 kr. álagningu á hvert gramm að meðaltali. Mætti segir þá Dóra hafa verið þar öllum stundum og milliganga hafi einkum átt sér stað fyrir aðila, sem þann stað stunduðu.

Mætti kveðst ekki geta sagt nákvæmlega til um það magn, sem fór þannig í gegnum hendur þeirra, enda hafi afhendingar verið mjög margar, en allar smáar. Þó kveðst mætti treysta sér til að segja, að það hafi verið á bilinu 200—300 grömm.

Sérstaklega aðspurður um sölu til varnarliðsmanna kveðst mætti nokkurn veginn viss á því að hafa ekki selt neitt af efni þessu á völlinn, en þó ekki þora að þvertaka alveg fyrir það.

Að sölu lokinni segir mætti þá Dóra hafa vitað, að Sigurður ætlaði að koma með meira efni. Mætti segir þá Dóra hafa farið upp á Keflavíkurflugvöll til að reyna að ná sambandi við kana, sem vildu kaupa hass fyrir gjaldeyri. Þetta hafi þeir gert til að geta boðið Sigurði að selja efni, er hann kæmi með það. Að athuguðu máli kveðst mætti nokkurn veginn viss, að þetta hafi átt sér stað, meðan Sigurður var úti, en í samræmi við það, sem að framan sagði, sé ekki útilokað, að þetta hafi getað verið meðan þeir voru að dreifa úr fyrstu ferð Sigurðar. Mætti segir þá Dóra hafa komist í samband við kana, sem kallaður var Slim og var hár, skolhærður, grannvaxinn með glaraugu og bjó á neðsu hæð í blokk við marineblokkina.

Úr næstu ferð segir mætti Sigurð hafa komið með 700—800 grömm af Líbanonhassi, tvær tegundir, og 30—40 grömm af svörtu stuði. Mætti segir Sigurð hafa haft samband við sig, er hann var kominn til landsins, og segir mætti þá Dóra hafa hringt í Slim. Eftir þetta segir mætti þá hafa farið nokkrum sinnum og haft samband við Slim, ýmist við Fitjanesti eða Aðalbílastöðina, en alltaf utan vallar. Mætti segir Sigurð oft hafa farið með, en mætti segir þá hafa verið á bílaleigubílum, sem teknir voru á bílaleigu Loftleiða. Mætti segir hverja afhendingu til Slim hafa verið 100—200 grömm og hafi hann fengið megnið af efninu fyrir 5.5 eða 6.0 $ pr. gramm. Mætti segir um það hafa verið rætt, að þeir Dóri fengju samtals 1 $ fyrir hvert selt gramm, en endanlegt uppgjör hafi ekki farið fram, enda ákveðið að nota fé til kaupa á meira efni. Þó segir mætti þá Dóra hafa fengið e-ð af peningum, en verið með Sigurði öllum stundum og sukkað með

honum. Mætti segir Sigurð hafa borgað bílaleigubílana. Aðspurður um fleiri varnarliða segir mætti þá oft hafa verið nokkra saman, og kveðst mætti muna eftir einum, sem heiti Bill og sé kynblendingur. Mætti segir aðspurður, til tímaviðmiðunar, að 17. júní hafi verið á þeim tíma, er verið var að dreifa úr framangreindri ferð."

Ákærði Halldór Snorri Bragason, fæddur 6. nóvember 1956, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 21.—22. júní 1977 og lýsti þá aðild sinni að innflutningi og dreifingu fíkniefna hérlendis í félagi við meðákærðu Sigurð Pál og Runólf Þór. Halldór Snorri bar efnislega á sama veg og Runólfur Þór, en kvað magn það, er hann ásamt Runólfi Þór og fyrir Sigurð Pál hafi selt tilgreindum varnarliða, hafa sennilega verið 400—500 gr alls og í þremur afhendingum sumarið 1976. Hafi verið um samið, að þeir skiluðu Sigurði Páli sem svaraði 6 bandaríkjadölum fyrir hvert gramm, en þeir selt á 7 bandaríkjadali og þannig haft hagnað af sölunni. Á ofangreindu tímabili kvaðst ákærði Halldór Snorri ítrekað hafa þegið hass til eigin neyslu hjá Sigurði Páli og af honum keypt allt að 70 gr, er farið hafi til eigin neyslu að hluta, en þess utan selt m. a. á knattborðsstofu við Klapparstíg hér í borg.

Ákærði Halldór Snorri staðfesti ofangreint hér í dómi, en vildi þá ekki fullyrða neitt um efnismagn afhent nefndum varnarliða á Keflavíkurflugvelli, en afhendingar til hans verið 4—5.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að tekist hafi að ná til ofangreinds varnarliða vegna máls þessa.

3. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 5. júní 1977 að hafa í maí/júní 1976 keypt 15 gr af tvenns konar hassefnum af Birgi Bótólfi Guðmundssyni að Laugavegi 71 í Reykjavík á kr. 1.400 hvert gramm, en síðan haft efnið til eigin neyslu.

Ákærði Sigurður Páll staðfesti ofangreindan framburð sinn hér í dómi 29. júní 1977.

Ofangreindur Birgir Bótólfur Guðmundsson, fæddur 17. október 1954, bar á sama veg og ákærði Sigurður Páll um ofangreint hér í dómi 18. febrúar 1977.

4. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll lýsti sakaratriðum í þessum ákærulið hér

í dómi 29. júní 1977. Kvaðst hann eftir miðjan júní 1976 hafa enn haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar með söluandvirði úr síðustu ferð, en þar af, sem áður er rakið, notað sem svaraði dönskum kr. 6.000 til greiðslu upp í skuld. Í Kaupmannahöfn hafi hann dvalið í um tvær vikur og þar keypt 730 gr af rauðu Líbanonhassi á danskar kr. 12 hvert gramm. Kvaðst hann síðan hafa haldið flugleiðis til Reykjavíkur með nokkurra daga viðdvöl í Færeyjum og leynt efnum ofangreindum innan klæða, er hann kom hingað til lands. Hér kvaðst hann hafa selt Braga Bergsteinssyni 10 gr af hassinu, einhverjum tveim piltum 30—40 gr og nokkra tugi gr notað sjálfur, en efni að öðru leyti tekið við til endursölu meðákærðu, Runólfur Þór og Halldór Snorri, og það magn verið „jafnvel um 500 gr", með sömu skilmálum og fyrr.

Ákærði Runólfur Þór lýsti atvikum þennan ákærulið varðandi hér í dómi 28. júní 1979. Kvað hann ákærða Sigurð Pál úr nefndri ferð hafa komið með 600—700 gr af hassi, er hann ásamt meðákærða Halldóri Snorra hafi að mestu selt til varnarliða á Keflavíkurflugvelli með sömu kjörum og fyrr, nánar Sigurð Pál átt að fá 6 bandaríkjadali fyrir hvert gramm, en þeir Halldór Snorri selt á um 7 dali. Raunin hafi þó orðið sú, að þeir þrír hafi notað af söluandvirði eftir þörfum, en fé þó að mestu farið til næstu hasskaupaferðar.

Framburður ákærða Halldórs Snorra ofangreint varðandi var rakinn við ákærulið 2 hér að ofan, og vísast hér til þess, er þar segir.

Ekki verður séð, að Bragi Bergsteinsson hafi verið yfirheyrður vegna nefndra viðskipta við ákærða Sigurð Pál.

5. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll lýsti hér í dómi 29. júní 1977 utanför sinni í síðari hluta júlí 1976 til hasskaupa í Kaupmannahöfn með söluandvirði úr næstu ferð hér á undan.

Í nefndu þinghaldi var um ofangreint bókað eftir ákærða:

„Við brottför kveðst mætti hafa verið með 300—400 þús. í ísl. og e-ð af US $. Mætti kveðst hafa dvalið um tvær vikur í Höfn og keypt um 800 grömm af Líbanon á 12 kr. gr. Jafnvel kveðst mætti hafa útvegað e-ð af svörtu stuði, sem ætlað var til eigin nota. Mætti kveðst hafa dvalið um eina viku í Færeyjum, haldið þaðan með efnið á sér til Egilsstaða og þaðan á putanum til Norðurlands og þaðan suður. Mætti segist sem áður hafa verið

búinn að skera efnið í ræmur utan eina 250 gramma plötu. Í Rvík. kveðst mætti að mestu hafa búið á Kárastíg hjá Helgu Benediktsd. Mætti kveðst hafa dvalið lengi hér í þetta sinn og rifjar upp, að við brottför hafi hann verið stöðvaður á flugvelli (15. ágúst '76, innskot dómara). Mætti segir, að í ferðinni á undan þessari hafi þeir mætti, Runólfur og Halldór verið búnir að ræða samvinnu á þann veg, að mætti keypti efni, Halldór flytti með Eimskip og Runólfur seldi á völlinn. Mætti segist síðan hafa selt þeim Halldóri og Runna samtals um 300 grömm á 1.000 kr. grammið og þar yfir og hafi þeir tekið allt í smáskömmtum. Aðspurður segir mætti þá Runólf og Halldór hafa reynt sölu á völlinn, en það gengið treglega. Mætti segir Halldóri hafa gengið greiðlega að fá vinnu á Skógafossi, og ætlaði mætti að hitta hann í Álaborg í þessari fyrstu ferð hans með skipinu. Mætti segir svo ekki hafa orðið, þar sem ekki hefði tekist að selja efnið.

Aðspurður segir mætti Slim, sem var farinn af landinu, hafa gefið Runólfi upp nafn Dave Ditz, og kveðst mætti hafa farið með Runólfi til Keflavíkur og hafi e-r kunningi Runólfs keyrt þá. Mætti segir Dave hafa komið samkvæmt símtali og hitt þá við bíó í Keflavík. Mætti segir Dave þennan, sem er þybbinn, frekar lár vexti, 25—30 ára, hafa móttekið 200 grömm og greitt að hluta, haldið upp á völl og komið síðan aftur þá um kvöldið og tekið 200 grömm og þá greitt að fullu 6.5 eða 7 $ pr. gramm. Mætti segir Runólf ekki hafa fengið neitt fyrir þetta, heldur hafi verið ákveðið að leggja fé í sameiginlegan sjóð og þannig áttu að ganga 3—4 ferðir með verkaskiptingu þeirri, sem að framan getur. Mætti kveðst hafa haldið til Hafnar 2—3 dögum eftir sölu þessa, og þá var Halldór farinn í sinn annan túr með skipinu. Mætti kveðst hafa hitt Dóra, meðan hann var í landi hér milli túra, og vissi hann þá ekki, hvort hann myndi sigla til Álaborgar eða Rotterdam. Sömdu þeir svo, að ef farið yrði til Rotterdam, þá myndi mætti hitta Dóra við Evrópumastrið.

Nánar aðspurður um samkomulag þeirra þriggja segist mætti hafa sagt þeim frá skuld sinni við Johnny, þ. e. að est. kr. 22.000. Samkomulag náði til þess að nota fjármagn í 3—4 ferðir, þannig að alltaf yrði keypt meira magn en í ferðinni á undan. Eftir að mætti yrði síðan búinn að greiða skuldina og hagnaður, sem skipt yrði í þrennt, væri að allra mati orðinn nægilegur, ætluðu þeir að hætta."

Í lögregluyfirheyrslu 5. júní 1977 hafði ákærði Sigurður Páll lýst atvikum ofangreint varðandi mjög á sömu leið, en gat þess

að hafa notað um 70 gr til eigin neyslu, en 30—40 gr selt ýmsum aðiljum í Reykjavík.

Ákærði Runólfur Þór lýsti í lögregluyfirheyrsu 22. júní 1977 atvikum varðandi dreifingu efna fyrir Sigurð Pál úr innkaupaferð þessari. Framburðir Runólfs Þórs voru mjög óljósir, bæði um efnismagns og atvik að öðru leyti.

Kvað hann Sigurð Pál hafa komið með líklega 600—700 gr úr þessari ferð og hafa ásamt Halldóri Snorra selt ofangreint efni að mestu á Keflavíkurflugvöll. Þess utan kvaðst Runólfur Þór ásamt meðákærða Halldóri Snorra hafa tekið við pöntunum á hassefnum frá ýmsum aðiljum í Reykjavík og síðan fengið efni hjá Sigurði Páli til að selja þeim. Hafi þetta átt sér stað við dreifingu efna úr öllum ferðum Sigurðar Páls.

Runólfur Þór staðfesti ofangreint hér í dómi 28. júní 1977.

Varðandi framburð ákærða Halldórs Snorra þá vísast hér til framburðar hans, er rakinn var í málsatvikum varðandi 2. ákærulið hér að framan.

Ekki verður séð, að tekist hafi að yfirheyra ofangreindan varnarliða vegna máls þessa.

6. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll lýsti hér í dómi 30. jún 1977 för sinni til Kaupmannahafnar um miðjan ágúst 1976 til hasskaupa, en hafði áður, eins og að ofan er rakið, samið við meðákærðu Runólf Þór og Halldór Snorra um samvinnu í innflutningi og dreifingu fíkniefna. Hafi Halldór Snorri þá nokkru áður ráðið sig sem skipverja á m/s Skógafoss, er siglt hafi m. a. til Álaborgar. Til farar kvaðst Sigurður Páll hafa haft eftirstöðvar söluandvirðis úr síðustu innkaupaferð og á veitingastað í Kaupmannahöfn keypt 700—800 gr af Líbanonhassi. Í nefndu þinghaldi gat ákærði Sigurður Páll ekki um kaupverð ofangreinds efnis, en í lögregluyfirheyrslu 5. júní s. á. kvað hann kaupverð 11—12 danskar kr. hvert gramm.

Í nefndu þinghaldi skýrði ákærði Sigurður Páll svo frá, að hann hefði haldið með ofangreint efni flugleiðis til Álaborgar, en þar þá verið í höfn m/s Skógafoss og þar hafi meðákærði Halldór Snorri móttekið ofangreint hassefni til flutnings til Íslands. Ákærði Sigurður Páll kvaðst þó áður hafa tekið 30 gr af efnum og flutt til Randers á Jótlandi og þar selt dönskum kunningja sínum 25 gr á danskar kr. 15 hvert gramm. Meðákærði Runólfur Þór hafi síðan annast sölu efnisins hér á landi og flutt

söluandvirðið, um kr. 400.000 ísl., til Kaupmannahafnar og afhent sér í seinni hluta ágúst.

Hér í dómi 28. júní 1977 var ákærði Runólfur Þór yfirheyrður og þá svo eftir honum bókað um ofangreint:

„Mætti segir Dóra hafa verið búinn að sækja um starf hjá Eimskip og í ágúst fengið pláss á Skógafossi. Mætti segir þá hafa samið svo, að Sigurður keypti efnin úti, Dóri sæi um flutning hingað til lands og mætti um dreifingu og ágóða yrði síðan skipt jafnt milli þeirra, þó ekki fyrr en Sigurður hafi verið búinn að gera upp við e-n erlendan aðila, sem Sigurður hafi verið í félagi við. Mætti kveðst ekki hafa þetta á hreinu, en vita þó, að Sigurður hafi upphaflega verið í samvinnu við erlendan aðila, sem hafi fjármagnað fyrstu ferðir með honum og Sigurður hafi verið að smá greiða það niður. Síðar kveðst mætti hafa heyrt, að það hafi lagst illa í þann aðila, er hann komst að því, að Sigurður væri kominn í samvinnu við aðra (þ. e. mætta og Dóra) og þá heimtað stærri hlut en honum bar. Eftir að Dóri var kominn á Skógafoss, segir mætti Sigurð enn hafa haldið utan og keypt efni, sem Dóri flutti heim frá Danmörku. Mætti segir það hafa verið Líbanonhass, um 800 gr. Mætti kveðst hafa selt Dave Ditz mest allt þetta efni. Afhendingar segir mætti hafa verið margar og alltaf við Fitjanesti og Aðalbílastöðina. Mætti segir alltaf e-a hafa verið með Dave, en mætti kveðst ekki þekkja þá. Mætti kveðst hafa afhent Dave efnið í mörgum afhendingum, mest 300 grömm í einu. Mætti segir Dave hafa gengið treglega að útvega $ og greitt fyrir mest allt í ísl. peningum, 1.000—1.200 kr. fyrir grammið, eftir því hve mikið hann tók. Mætti kveðst hafa greitt bílaleigubíl, lifibrauð og farmiða fram og til baka til og frá Kaupmannahöfn, allt af söluandvirði og haldið utan með est., sem mætti telur, að hafi verið um 600 þús., en þó geti e-u munað. Aðspurður um greiðslu til Dóra segir mætti hann hafa ætlað að taka 20% af fluttu efni sem greiðslu fyrir sig, en segir hann ekki hafa tekið svo mikið úr þessari ferð, en þó e-ð af efni."

Ákærði Halldór Snorri var yfirheyrður hér í dómi 27. júní 1977 og bar efnislega á sama veg og meðákærðu um ofangreint, en kvað efnismagn 500—600 gr. Ekki kemur fram í ofangreindu þinghaldi, hvar ákærði Halldór Snorri afhenti meðákærða Runólfi Þór ofangreind efni, en í lögregluyfirheyrslu 23. júní 1977 kvaðst hann hafa afhent Runólfi Þór efnið á Akranesi, en þar hafi skipið verið í höfn.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að tekist hafi að ná til

ofangreinds varnarliða, er viðskipti átti við Runólf Þór skv. framburði þess síðarnefnda.

7. ákæruliður.

Í áðurnefndu þinghaldi 30. júní 1977 skýrði ákærði Sigurður Páll svo frá, að meðákærði Runólfur Þór hafi nærri mánaðamótum ágúst/sept 1976 keypt tæpt 1 kg af tvenns konar hassi í Kaupmannahöfn fyrir áðurnefnt söluandvirði efna úr næstu ferð á undan og kaupverð verið danskar kr. 10 fyrir hvert gramm. Kvaðst Sigurður Páll síðan hafa tekið við hassinu og haldið með það flugleiðis til Álaborgar og þar afhent meðákærða Halldóri Snorra til flutnings hingað til lands utan 30 gr, er Sigurður Páll hafi selt í Randers sem fyrr. Meðákærði Runólfur Þór hafi síðan annast sölu efnisins hér á landi og um hálfum mánuði síðar sent sér 1.100 bandaríkjadali til Kaupmannahafnar og stuttu síðar komið með eftirstöðvar söluandvirðis, kr. 300.000, sjálfur til Kaupmannahafnar.

Ákærði Runólfur Þór var yfirheyrður hér í dómi 28. júní 1977 og bar þá efnislega á sama veg og meðákærði Sigurður Páll, en kvað keypt hassefni hafa verið 800 gr alls, er hann hafi síðar móttekið frá meðákærða Halldóri Snorra eftir komu hingað til lands utan 30—40 gr, er Halldór Snorri hafi tekið. Kvaðst Runólfur Þór síðan hafa selt þremur varnarliðsmönnum og á Keflavíkurflugvelli samtals um 700 gr af efninu, ýmist á kr. 1.000 eða 6 bandaríkjadali hvert gramm. Söluandvirði hafi hann síðan komið til meðákærða Sigurðar Páls í Kaupmannahöfn og það verið ætlað til frekari fíkniefnakaupa.

Ákærði Halldór Snorri bar í áðurnefndu þinghaldi hér í dómi 27. júní 1977 efnislega á sama veg og meðákærðu um ofangreint, en kvað efnismagn þó heldur minna, eða 700 gr.

Varðandi afhendingu efnis til Runólfs Þórs þá kvað Halldór Snorri Skógafoss hafa komið til hafnar á Akranesi og því hafa flutt efnið með sér með m/s Akraborg til Reykjavíkur, en þar hafi hann afhent Runólfi Þór efnið.

Ekki liggur fyrir framburður varnarliða þeirra, er vikið er að í framburði Runólfs Þórs hér að ofan.

8. ákæruliður.

Í áðurnefndu þinghaldi 30. júní 1977 lýsti ákærði Sigurður Páll sakaratriðum í þessum ákærulið. Eins og rakið var undir næsta ákærulið hér að ofan, móttók Sigurður Páll söluandvirði síðustu

hasssendingar hjá meðákærða Runólfi Þór í Kaupmannahöfn í fyrri hluta september 1976. Kvað hann Runólf Þór hafa sagt sér, að meðákærði Halldór Snorri mundi sigla næst með m/s Skógafossi til Rotterdam. Hafi hann þá skilið við Runólf Þór og haldið með lest til Amsterdam með ofangreint söluandvirði. Í Amsterdam hafi hann keypt 1200 gr af Líbanonhassi á 2.3—2.4 holl. gyllini hvert gramm og 50 gr af Nepalhassi á 5 gyllini grammið, en síðan haldið með efni til Rotterdam á fund Halldórs Snorra. Í Rotterdam hafi hann afhent Halldóri Snorra ofangreint hass og sá tekið að sér flutning hingað til lands án endurgjalds.

Ákærði Sigurður Páll kvaðst síðan hafa haldið til Luxemburg og þaðan flugleiðis til Íslands. Hafi hann verið orðinn fjárvana og samþykkt víxil fyrir fargjaldinu. Sigurður Páll kvaðst hafa komið hingað til lands tveimur dögum á undan Halldóri Snorra og fengið að dvelja hjá nafngreindum kunningja sínum að Skólastræti 1 hér í borg. Þar hafi Halldór Snorri afhent sér hassið eftir komu hingað til lands. Kvaðst hann hafa gefið Halldóri Snorra 10—20 gr af Líbanonhassinu, en hann áður verið búinn að taka 30 gr af Nepalhassinu. Sigurður Páll kvað Halldór Snorra í þessari sömu ferð hafa flutt fíkniefni fyrir nafngreindan aðilja og hafi Halldór Snorri afhent sér 100 gr af svörtu Afghanistanhassi í söluskyni.

Ákærði Sigurður Páll kvaðst þegar hafa haft samband við áðurnefndan varnarliða, Dave Ditz, og hitt hann við rútubílastöð í Keflavík. Hafi verið um samið, að Dave fengi hassið á 6 bandaríkjadali hvert gramm. Hafi nefndur Dave móttekið 400 gr og greitt inn á um 800 dali. Nokkrum dögum síðar hafi hann á sama stað afhent nefndum Dave 600 gr af Líbanonhassinu og 100 gr af efni Halldórs Snorra, en það efni hafi átt að selja á 7 bandaríkjadali hvert gramm. Hafi nefndur Dave þá greitt eitthvað í viðbót og heildargreiðsla frá honum þá verið 2.300—2.400 dalir, en ekki hafi tekist að ná afgangi greiðslu frá honum, þar sem hann hafi farið af landi brott. Sigurður Páll kvaðst ekki hafa selt fleirum af þessum efnum og afgangur farið til eigin neyslu og kunningja ónafngreindra.

Ákærði Halldór Snorri lýsti í lögregluyfirheyrslu 21. júní 1977 atvikum varðandi þennan ákærulið og bar á sama veg og ákærði Sigurður Páll um ofangreint, utan hvað hann kvað efnismagn minna, eða 1150 gr alls, en reyndar kvað hann Sigurð Pál hafa sagt sér þyngd efna. Kvaðst Halldór Snorri hafa móttekið efni í Rotterdam, flutt sjóleiðis hingað til lands, falið í lest um borð í

m/s Skógafossi, og í Reykjavík afhent Sigurði Páli efnið svo til ósnert, en þá sennilega verið búinn að taka af því um 10 gr til eigin neyslu. Í þessari sömu ferð kvaðst Halldór Snorri einnig hafa flutt hassefni fyrir Kristján Róbert Walsh.

Varðandi eignaraðild sína að ofangreindum 1150 gr þá kvaðst Halldór Snorri sem fyrr hafa átt ⅓ hluta efnanna, en Sigurður Páll móttekið efni sem áður segir og selt varnarliða, er horfið hafi af landi brott án þess að greiða fyrir efni.

Ákærði Halldór Snorri var yfirheyrður hér í dómi 27. júní 1977 og bar þá á sama veg um ofangreint. Kvaðst hann ekki hafa haft annað út úr ofangreindum flutning en 20—30.000 kr., er meðákærði Runólfur Þór hafi greitt sér, og frítt efni til eigin neyslu. Auk ofangreinds efnis kvaðst Halldór Snorri hafa afhent Sigurði Páli 140 gr af svörtu hassi í söluskyni, er hann hafi fengið fyrir að flytja efni fyrir Kristján Róbert, en ekki fengið það efni greitt heldur.

Eins og rakið var varðandi næsta ákærulið hér á undan, þá lýsti Runólfur Þór hér í dómi 28. júní 1977 afhendingu söluandvirðis úr næstu ferð á undan til ákærða Sigurðar Páls í fyrri hluta september 1976. Hafi Sigurður Páll verið mjög óánægður með skil sín á söluandvirði og ekki viljað hafa sig í frekari samvinnu um dreifingu fíkniefna. Hafi hann því ekki komið nálægt dreifingu efna, er Sigurður Páll keypti í Hollandi, en ekkert uppgjör hafi þó farið fram þeirra þriggja í milli.

9. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll lýsti í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 6. júní 1977 aðild sinni að innflutningi og sölu fíkniefna ásamt Snorra Guðmundssyni. Skýrði hann svo frá, að um mánaðamótin september—október 1976 hafi hann hér í borg hitt nefndan Snorra og þeir ákveðið að sameinast um kaup á hassi erlendis og þeir talið sig sameiginlega eiga fyrir um 800 gr af slíku. Nokkru seinna hafi þeir haldið flugleiðis tl Kaupmannahafnar, en þó ekki með sömu vél. Í Kaupmannahöfn kvaðst Sigurður Páll hafa keypt 700—800 gr af grænu Marokkóhassi á danskar kr. 9.50 af dönskum kunningja sínum. Hafi hann dvalið ásamt nefndum Snorra um vikutíma í Kaupmannahöfn, en Snorri síðan haldið með ofangreint efni flugleiðis hingað til lands. Sigurður Páll kvaðst nokkrum dögum seinna hafa komið hingað til lands og hér í borg móttekið sinn hluta af hassinu, er hafi verið 350 gr. Kvað hann þá Snorra hafa lagt fram jafnmikið fé til kaupanna,

en Snorri fengið 20% af sínu efni fyrir flutninginn og þannig samtals allt að 400 gr. Kvaðst Sigurður Páll hafa selt 220—250 gr nafngreindum varnarliða á Keflavíkurflugvelli á 6 bandaríkjadali og ónafngreindum aðiljum 2x5 gr.

Í lögregluskýrslu 19. júní 1977 breytti Sigurður Páll framburði sínum á þá leið, að efnismagn til nefnds varnarliða hafi verið 150—180 gr, en 70 gr hafi hann selt ónafngreindum manni við Ránargötu í Reykjavík á kr. 1.200—1.300 hvert gramm.

Ákærði Sigurður Páll var yfirheyrður hér í dómi 30. júní 1977 og bar þá efnislega á sama veg í flestum atriðum. Kvað hann keypt efnismagn 800—900 gr, en nefndur Snorri hafi afhent sér 360 gr eftir komu hingað til lands, en sá þá búinn að selja af efnishluta Sigurðar Páls og því jafnframt greitt kr. 40.000. Þá kvað hann efnismagn selt nefndum varnarliðsmanni um 200 gr, en salan til ónafngreinda piltsins 60—80 gr.

Nefndur Snorri Guðmundsson, fæddur 6. október 1951, var yfirheyrður hér í dómi 19. apríl 1977 og bar efnislega á sama veg og ákærði Sigurður Páll, en taldi efnismagn þó meira. Kvað hann Sigurð Pál hafa keypt fyrir þá 1 kg af hassi í Kaupmannahöfn, og eftir að hafa flutt efni hingað til lands kvaðst nefndur Snorri hafa afhent Sigurði Páli hans efnishluta, er verið hafi ½ kg.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að tekist hafi að yfirheyra nefndan varnarliða um ofangreint.

Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, viðurkenndi hjá lögreglu í Reykjavík 3. ágúst 1977 að hafa um mánaðamótin október/nóvember 1976 keypt 60 gr afhassi af ákærða Sigurði Páli. Nefndur Kristján var yfirheyrður vegna þess, að ákærði Sigurður Páll benti á mynd af Kristjáni í myndasafni lögreglu, og kvað hann ofangreindan kaupanda á hassi af sér.

Ofangreind kaup kvað Kristján hafa farið fram við knattborðsstofu við Klapparstíg. Þá kvaðst nefndur Kristján einnig hafa keypt hass af ákærða Sigurði Páli í nóvember sama ár og alls 35 gr og afhendingar þá farið fram m. a. við Ránargötu hér í borg.

10. ákæruliður.

Í lögregluyfirheyrslu 6. júní 1977 og í áðurnefndu þinghaldi 30. júní 1977 bar ákærði Sigurður Páll að hafa síðari hluta árs 1976 keypt 100 gr af Líbanonhassi af nefndum Snorra Guðmundssyni á 6 bandaríkjadali hvert gramm. Af þessu efni kvaðst hann hafa selt sennilega 60 gr Guðmundi Einarssyni á kr. 1.300 hvert gramm, en annað farið til eigin neyslu.

Nefndur Snorri Guðmundsson bar hér í dómi 19. apríl 1977 að hafa selt ákærða Sigurði Páli 150 gr af Líbanonhassi í nóvember 1976 á kr. 1.300 hvert gramm.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að ofangreindur Guðmundur Einarsson hafi gengist við nefndum hasskaupum af ákærða Sigurði Páli.

11. ákæruliður.

Í nefndu þinghaldi hér í dómi 30. júní 1977 og í lögregluyfirheyrslu 6. júní s. á. bar ákærði Sigurður Páll að hafa í árslok 1976 í Reykjavík keypt 100 gr af Marokkóhassi af meðákærða Halldóri Snorra á kr. 1.200 hvert gramm. Af nefndu efni kvaðst hann hafa selt 60 gr á 1.200 kr. hvert gramm sama pilti og hann gat um varðandi sölu úr hasskaupaferð sinni ásamt Snorra Guðmundssyni. Eftirstöðvar efnis kvaðst hann hafa haft til eigin neyslu.

Varðandi framburð ofangreinds kaupanda vísast til atvikalýsingar varðandi 9. lið hér að ofan.

Meðákærði Halldór Snorri bar á sama veg um ofangreint í yfirheyrslu hjá lögreglu 22. júní 1977.

II. Ákærði Halldór Snorri Bragason.

1. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákærulið I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan.

2. ákæruliður.

Ákærði Halldór Snorri Bragason var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 8. desember 1976 og hér í dómi 20. desember sama ár. Skýrði hann svo frá að hafa í apríl það ár haldið til Rotterdam með 300 bandaríkjadali af eigin fé og 1.000 bandaríkjadali, er hann skömmu fyrir utanför sína hafi tekið við hjá Franklín Kristni Steiner til hasskaupa. Hafi áður verið um samið við Kristján Róbert Walsh, skipverja á m/s Tungufossi um þær mundir, að sá flytti efni sjóleiðis hingað til lands og átt að fá 10% efna í þóknun. Um mánaðamótin apríl/maí kvaðst Halldór Snorri hafa keypt 700 gr af hassi í Rotterdam og kaupverð verið um 1.700 holl. gyllini. Efnið kvaðst hann hafa keypt tveimur dögum áður en Tungufoss kom til hafnar í Rotterdam. Eftir komu skipsins hafi hann hitt nefndan Kristján, eins og um var samið, og afhent honum 570 gr til flutnings hingað til lands, en

um 100 gr hafi hann sjálfur haldið eftir og flutt með sér til Kaupmannahafnar. Þar hafi hann dvalið í nokkra daga og neytt af ofangreindu efni, en að hluta selt ótilgreindum aðiljum í svonefndu Kristjaníuhverfi.

Eftir komu hingað til lands skömmu seinna kvaðst Halldór Snorri hafa móttekið ofangreint efni úr höndum nefnds Kristjáns um borð í m/s Tungufossi, er var í höfn í Reykjavík, og greitt honum fyrir flutning með 100 gr af efninu, en 250 gr afhent nefndum Franklín Kristni. Eftirstöðvar efnis hafi síðan farið til eigin neyslu.

Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947, var yfirheyrður hér í dómi 27. október 1976 og bar á sama veg og ákærði Halldór Snorri um ofangreint og nánar að hafa lagt fram um 1.100 bandaríkjadali til hasskaupaferðar ákærða Halldórs Bragasonar í apríl 1976 og nokkru seinna hér í borg frá honum móttekið 200 gr af hassi. Franklín kvað Kristján Róbert Walsh hafa flutt efni hingað til lands og ákærði Halldór Snorri Bragason afhent honum 50 gr af efni fyrir.

Kristján Róbert Walsh, fæddur 6. ágúst 1956, var yfirheyrður hér í dómi 22. nóvember 1976 og bar þá á sama veg og ákærði Halldór Snorri og Franklín Kristinn um flutning ofangreinds hassefnis hingað til lands, en kvað þó þóknun sína fyrir flutninginn aðeins hafa verið hass fyrir sem svaraði 30.000 kr.

3. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákærulið I, 6 hér að framan.

4. ákæruliður.

Um málsatvik varðandi þennan ákærulið vísast til málavaxtalýsingar við ákærulið I, 7 hér að framan.

5. og 7. ákæruliður.

Í atvikalýsingu varðandi lið I, 8 hér að framan eru raktir málavextir varðandi flutning ákærða Halldórs Snorra á hassefni, mótteknu frá meðákærða Sigurði Páli, og vísast hér til þess.

Hér í dómi 20. desember 1976 skýrði ákærði Halldór Snorri svo frá, að í lok september þ. á., er hann var skipverji á m/s Skógafossi, hafi Kristján Róbert Walsh komið til sín, er skipið var í höfn í Rotterdam, og beðið sig að flytja heim til Íslands 1500 gr af hassi og afhenda Eiríki Magnússyni, Mávahlíð 16 hér í borg.

Hafi þóknun fyrir flutning átt að vera 250 gr af efninu. Kvaðst ákærði Halldór Snorri síðan hafa annast flutning efnis og afhent nefndum Eiríki, eins og um var samið.

Í nefndu þinghaldi kvaðst Halldór Snorri hafa notað ofngreind 250 gr sjálfur, en eitthvað þó selt.

Er ákærði Halldór Snorri var yfirheyrður hér í dómi 15. júní 1977, kvaðst hann hafa afhent meðákærða Sigurði Páli 140 gr af ofangreindu hassi, en Sigurður Páll hins vegar aldrei borgað efnið.

Eiríkur Rafn Magnússon, fæddur 12. febrúar 1952, lýsti í lögregluyfirheyrslu 16. nóvember 1976 og hér í dómi 17. og 20. s. m. kaupum sínum og Kristjáns Róberts Walsh á 1.5 kg af hassi í Hollandi, er ákærði Halldór Snorri, þá skipverji á m/s Skógafossi, hafi flutt hingað til lands gegn greiðslu í efni. Nefndur Eiríkur Rafn kvaðst hafa móttekið ofangreint efni úr höndum ákærða Halldórs Snorra eftir komu hans til Reykjavíkur, en hann aðeins afhent 1100 gr. Hafi Kristján Róbert sagst hafa tekið 50 gr af efninu, en afgang þess, er á hafi vantað, hafi Halldór Snorri fengið fyrir flutninginn. Eiríkur Rafn kvað m/s Skógafoss hafa komið hingað til lands 25. september, en hins vegar Halldór Snorri ekki afhent sér efni fyrr en 30. s. m. og þá að Mávahlíð 16, eins og áður segir.

Kristján Róbert Walsh bar hér í dómi 22. nóvember 1976 efnislega á sama veg og ákærði Halldór Snorri og Eiríkur Rafn um ofangreint.

Framburður ákærða Sigurðar Páls varðandi ofangreind hasskaup af meðákærða Halldóri Snorra var rakinn hér að framan undir ákærulið I, 11, og vísast hér til þess, er þar segir.

6. ákæruliður.

Ákærði Halldór Snorri lýsti sakaratriðum í þessum ákærulið 8. desember 1976 hjá lögreglu í Reykjavík og hér í dómi 20. s. m. Kvaðst Halldór Snorri í október þ. á. í Rotterdam hafa móttekið 5.000 holl. gyllini frá Kristjáni Róbert Walsh og 1.250 holl. gyllini frá meðákærða Runólfi Þór, en umtalað var, að hann keypti hass fyrir fé. Hafi hann síðan af ónafngreindum aðlja þar í borg keypt líðlega 2 kg af hassi fyrir 6.000 holl. gyllini, en haldið 250 gyllinum til eigin nota. Að loknum kaupum hafi hann farið með efnið á hótel til Kristjáns og Runólfs Þórs og þeir þar brotið efni í smærri einingar, svo unnt væri að fela það á tilteknum stað í

lest m/s Skógafoss, er Halldór Snorri var þá skipverji á. Kvaðst Halldór Snorri hafa tekið að sér flutning efnis hingað til lands sjóleiðis með nefndu skipi og síðan átt að hitta þá Kristján og Runólf Þór við komu hingað til lands. Frá Rotterdam kvað Halldór Snorri Skógafoss hafa siglt til Gautaborgar, en þar hafi hann selt tveimur sænskum piltum 30—40 gr af efninu á sænskar kr. 500. Halldór Snorri kvaðst ekki hafa getað nálgast efni í skipinu fyrr en viku eftir komu þess hingað til lands vegna varnings, er var í lest. Hafi hann sótt efnið, er skipið var í Straumsvíkurhöfn, og haldið með það til heimilis síns og tekið af því 300 gr, er verið hafi sinn hluti fyrir innflutning. Eftirstöðvar efnis, eða 1700 gr, kvaðst hann hafa afhent Eiríki Rafni Magnússyni að Mávahlíð 16 hér í borg.

Af ofangreindum efnishlut sínum kvaðst Halldór Snorri hafa gefið Runólfi Þór 100 gr og í nóvember selt nafngreindum varnarliðsmanni 132 gr á 5 bandaríkjadali hvert gramm.

Kristján Róbert Walsh var yfirheyrður hér í dómi 22. nóvember 1976 og lýsti þá afhendingu sinni á 5.000 holl. gyllinum til ákærða Halldórs Snorra í Rotterdam í október það ár til hasskaupa. Hafi hann fyrir féð átt að kaupa 2 kg af hassi fyrir sig og meðákærða Runólf Þór. Hafi Halldór Snorri tekið að sér flutning efnisins hingað til lands sjóleiðis með m/s Skógafossi gegn greiðslu í efni. Hér hafi hann svo afhent Eiríki Rafni Magnússyni 1700 gr, en það, sem á hafi vantað heildarmagn, tekið sem þóknun fyrir flutning. Þá kvaðst nefndur Kristján hafa selt Runólfi Þór 150 gr af efninu á kr. 900 hvert gramm.

Eiríkur Rafn Magnússon, fæddur 12. febrúar 1952, var yfirheyrður hér í dómi 20. nóvember 1976 og lýsti sendingu um 4.000 bandaríkjadala til Rotterdam með ákærða Runólfi Þór, er þar afhenti þá Kristjáni Róbert Walsh og Halldóri Snorra Bragasyni, er annast áttu fíkniefnakaup. Kvaðst Eiríkur Rafn um mánaðamót október/nóvember 1976 hafa móttekið um 1.7 kg af hassi úr höndum ákærða Halldórs Snorra Bragasonar, er flutti efni hingað til lands. Kvaðst Eiríkur Rafn síðan hafa fyrir milligöngu Runólfs Þórs í Reykjavík selt Sigurði Berndsen 500 gr af ofangreindu efni.

Ákærði Runólfur Þór var yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 10. janúar 1977 og þá eftir honum bókað:

„Í lögr.skýrslu kveðst mætti réttilega hafa lýst sinni fíkniefnameðhöndlun og endurtekur nú að hafa komist að því, að Halldór Snorri Bragason hafi flutt hass frá Rotterdam fyrir

Kristján Walsh og Eirík Magnússon í sept. sl. Mætti segir Halldór hafa sagt sér þetta og jafnframt boðið að eiga hluta að frekari viðskiptum þeirra áðurnefndra. Vegna þessa kveðst mætti hafa samþykkt að bera fé frá Eiríki til Kristjáns í Rotterdam. Kveðst mætti hafa haldið flugleiðis út samkvæmt áætlun, en mætti fékk fríar ferðir. Kveðst mætti hafa farið með 4.000 US $ út og afhent Kristjáni þar af 3.000, en Halldóri 500. Þá 500 $, sem eftir voru, kveðst mætti hafa tekið upp í farareyri. Kveðst mætti vita, að Kristján lét Halldór fá peningana, og keypti hann 2 kg af hassi, sem hann svo flutti með Skógafossi heim.

Mætti kveðst hafa komið heim með Kristjáni, fljúgandi frá Kaupmannahöfn. Eftir heimkomu segir mætti Halldór hafa gefið sér mola, allt að 100 grömmum, en hann tók 20% efnis fyrir heimflutning, sem í skýrslu greinir kveðst mætti hafa selt 500 grömm efnis fyrir Eirík og Kidda, þannig að mætti setti sig í samband við Sig. Berndsen, sem keypti efnið af mætta fyrir 5½ $ grammið, en mætti greiddi Eiríki 5 $ pr. gramm. Mætti kveðst ekki hafa hugmynd um, hverjum Sigurður seldi, en telja hann hafa selt varnarliða.

Réttilega kveðst mætti hafa lýst viðskiptum þessum í lögr.-skýrslu þeirri, sem hér liggur frammi."

Sigurður Berndsen, fæddur 14. nóvember 1947, lýsti hér í dómi 10. mars 1977 ofangreindum kaupum á 500 gr af hassi af Runólfi Þór Jónssyni og bar á sama veg og Runólfur um viðskiptin.

III. Ákærði Runólfur Þór Jónsson.

1. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákærulið I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan.

2. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákæruliði I, 6 og II, 3 hér að framan.

3. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákæruliði I, 7 og II, 4 hér að framan.

4. ákæruliður.

Um málsatvik þennan ákærulið varðandi vísast til málavaxtalýsingar við ákærulið II, 6 hér að framan.

5. ákæruliður.

Ákærði Runólfur Þór viðurkenndi við yfirheyrslu hér í dómi 24. apríl 1977 að hafa í byrjun desember 1976 samkvæmt beiðni Snorra Guðmundssonar farið með honum til Rotterdam og fyrir hann þar í borg keypt tvær plötur af hassi, er vegið hafi 500 gr hvor, og brot af þeirri þriðju og greitt 2 holl. gyllini fyrir hvert gramm. Hafi hann síðan afhent Snorra efnið óskipt og ekkert fengið fyrir aðstoðina við kaupin.

Ofangreindur Snorri Guðmundsson, fæddur 6. okt. 1951, var yfirheyrður hér í dómi 19. apríl 1977 og bar efnislega á sama veg og ákærði Runólfur Þór um ofangreint.

6. ákæruliður.

Auður Elísabet Guðmundsdóttir, fædd 25. janúar 1958, var þann 23. apríl 1977 handtekin vegna meintrar aðildar að fíkniefnamisferli. Við húsleit, sem framkvæmd var í herbergi Auðar í risíbúð að Drápuhlíð 28 hér í borg, fundu lögreglumenn í litlu borði umtalsvert magn eitt hundrað krónu seðla, eða alls að upphæð kr. 259.000. Þar sem grunur lék á, að féð væri ætlað til fíkniefnakaupa, var lagt hald á þá og þeir merktir í sýnabók ÁFD sem nr. 25. Í íbúðinni fundust jafnframt pípur, er báru þess merki, að úr þeim hefði verið neytt kannabis.

Er lögreglumenn komu á staðinn, voru þar stödd auk nefndrar Auðar ákærði Runólfur Þór Jónsson og Margrét Guðjónsdóttir, en framangreind Margrét leigði nefnda risíbúð ásamt nefndri Auði. Öll framangreind voru síðan færð á lögreglustöð til yfirheyrslu.

Auður Elísabet var yfirheyrð hjá lögreglu sama dag og hér fyrir dómi daginn eftir og var í nefndu þinghaldi eftirfarandi eftir nefndri Auði bókað:

„Mætta kveðst hafa flutt í Drápuhlíð 28 ásamt Margréti Guðjónsdóttur 1. mars sl. Svo til frá þeim tíma segir mætta Runólf Þór Jónsson hafa búið með þeim án þess að taka þátt í húsaleigugreiðslum. Vegna húsaleigugreiðslna kveðst mætta hafa fengið 150 þús. kr. víxil í útibúi Landsbanka í húsi Háskólabíós. Mætta kveðst ekki vera í viðskiptum við nefndan banka, en útgefandi á víxli hafi verið Þórarinn Stefánsson afgreiðslustjóri hjá Flugfélagi Íslands, þar sem mætta starfar, og vegna þessa kveðst mætta hafa fengið þessa fyrirgreiðslu.

Mætta kveðst hafa fengið andvirði víxils í hendur fyrir ca.

viku síðan. Mætta segir Gunnar Erlingsson tíðan gest í Drápuhlíðinni. Þar segir mætta fíkniefni, einkum hass, hafa verið meðhöndlað. Mætta segist ásamt Runna og Gunnari hafa rætt um innflutning hassefna, en þá fyrst er hún var komin með peningana milli handanna. Ekki kveðst mætta geta svarað því, hver átti hugmyndina öðrum fremur. Í þessu skyni hafi Gunnar fengið víxil, sennilega 100 þúsund í Landsbanka, og var hann kominn með andvirðið í hendur fyrir nokkrum dögum. Mætta segist geta fullyrt nákvæmlega um samskotafé, sem hafi verið 260 þúsund, falið undir borði í herbergi mættu. Framlag mættu verið það, sem hún fékk í hendur vegna víxils, þ. e. 150 + vextir, sem mætta telur, kveðst hún ekki geta sagt til um mismuninn.

Mætta kveðst eiga kost á frímiða hjá Flugfélagi og hafa ætlað til Kaupmannahafnar e-n næstu daga. Mætta kveðst starfa frá 8—19 tvo daga og svo frí í tvo. Slíka tvo kveðst mætta hafa ætlað að nota í þessu skyni, þó ekki hafi verið ákveðið nákvæmlega, hvenær það yrði.

Sérstaklega aðspurð kveðst mætta hafa ætlað að kaupa hassið í Kristíaníu. Mætta kveðst þekkja nokkuð til staðhátta þar og vita, hvernig eigi að bera sig til við slík kaup, þó mætta hafi aldrei keypt þar nema nokkur grömm í einu á árum fyrr, er hún dvaldi í Kaupmannahöfn. Efnið hafði mætta hugsað sér að hafa vafið við skrokk sinn á leið hingað til lands, sennilega neðarlega á baki.

Sérstaklega aðspurð um þátt Runólfs í þessari ætlan segir mætta hann hafa tekið saman innkomið fé og skipt því öllu í eitthundraðkrónuseðla. Þá hafi hann og ætlað að sjá um sölu efna, eftir að hingað væru komin, en mætta kveðst ekki hafa um það viljað vita.

Ekki segir mætta, að nákvæmlega hafi verið búið að ræða skiptingu söluandvirðis og því ekki búið að meta aðild Runólfs til fjár."

Gunnar Rafn Erlingsson, fæddur 29. júní 1956, var sama dag yfirheyrður hér í dómi og bar á sama veg og Auður Elísabet. Kvað Gunnar Rafn Runólf Þór hafa borðið sér u. þ. b. viku áður að leggja fram fé til fíkniefnaútvegunar frá Kaupmannahöfn. Kvaðst Gunnar Rafn síðan hafa farið í Landsbanka Íslands, aðalbanka, sl. miðvikudag og fengið 150.000 kr. víxil til þriggja mánaða. Andvirði víxils kvaðst Gunnar Rafn hafa fengið sl. föstudag og það verið um kr. 143.000 að frádregnum vöxtum, en síðan ásamt Runólfi Þór skipt því í eitt hundrað krónu seðla í nokkrum

bönkum. Með eitt hundrað krónu seðlana kvað Gunnar Rafn þá síðan hafa haldið að Drápuhlíð 28, þar sem nefndur Runólfur Þór hefði dvalið að undanförnu.

Sérstaklega aðspurður kvaðst Gunnar Rafn hafa átt að fá efni í samræmi við framlag og „að sjálfsögðu hafa ætlað að selja af því til að hagnast á þessum viðskiptum."

Gunnar Rafn hélt í fyrstu undan þætti Auðar Elísabetar, en eftir samprófun með Auði Elísabetu sama dag hér í dómi var eftirfarandi bókað eftir honum:

„Sérstaklega aðspurður segir mætti Gunnar Rafn hafa verið ákveðið, að Auður Elísabet, sem starfar hjá Flugfélagi Íslands, hafi átt von á frímiða, og ætlaði hún út til kaupa hassefna í Kaupmannahöfn e-n næstu daga. Mætti segir hana síðan hafa ætlað að hafa efnið á sér innan klæða við komu hingað til lands.

Mætti ítrekar að hafa átt að fá efi í samræmi við framlag. Mætti segist viðurkenna, að Auður hafi lagt fram fé það, sem saman var komið og var umfram það, sem mætti hafi lagt til, þannig hafi hún lagt til um 100 þús. kr.

Mætti kveðst ekki vita, hvernig Auður og Runni ætluðu að ráðstafa efni því, er í hlut þeirra kæmi, en mætti kveðst líta á þau sem eitt í þessum viðskiptum."

Ákærði Runólfur Þór lýsti hér fyrir dómi sama dag aðild sinni að máli þessu og lýsti útvegun fjár og skipti þess í eitt hundrað krónu seðla á sama veg og Gunnar og Auður. Nánar um fyrirhuguð hasskaup og sína aðild var eftir Runólfi Þór bókað:

„Mætti segir hafa verið ákveðið, að Auður Elísabet færi á frímiða til Kaupmannahafnar í dag og keypti hass í Kristíaníu. Mætti segir þau hafa reiknað með að fá 500—700 grömm efnis fyrir peningana og hafi Auður ætlað að reyna að vera komin ekki síðar en á 3ja degi. Mætti segir Auði hafa ætlað að hafa efnið á sér við hingaðkomu, annaðhvort í Machintoschboxi eða fest við líkama sinn. Aðspurður um ráðstöfun efna segir mætti hugmyndina hafa verið að kaupa lítið magn af e-u góðu efni til eigin nota og síðan ódýrara efni til sölu, sem mætti kveðst hafa ætlað að sjá um sölu á. Mætti segir þetta þó ekki hafa verið ákveðið frekar en svo, að efni yrði skipt til helminga, enda Auður og Gunnar lagt fé til að jöfnu, samtals 260 þúsund. Síðan ætlaði mætti að selja efnið í lausasölu á Billjard á Klapparstíg gegn ákveðinni þóknun frá báðum. Ekki segir mætti prósentuþóknun hafa verið ákveðna, en mætti gerir sér í hugarlund, að gæti hafa orðið ca 25%."

NIÐURSTÖÐUR.

I. Ákærði Sigurður Páll Sverrisson.

1. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið, og þykir játning ákærða nægilega studd öðrum gögnum málsins. Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði Sigurður Páll hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í apríl 1976 keypt samtals 750 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 12—14 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði afhenti samtals allt að 500 gr af efninu tilteknum kunningjum sínum, sem seldu það fyrir ákærða á 4.5—5 bandaríkjadali hvert gramm. Ákærði seldi sjálfur nokkrum aðiljum í Reykjavík samtals allt að 85 gr, ýmist á kr. 1.000 eða 1.200 hvert gramm, og jafnframt neytti ákærði sjálfur af efninu og gaf af því.

2. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Sigurðar Páls, sem studd er öðrum gögnum málsins, þar á meðal framburðum þeirra Runólfs Þórs Jónssonar og Halldórs Snorra Bragasonar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar í maí 1976 keypt rúm 800 gr af hassi fyrir um 10.500 danskar krónur í Kaupmannahöfn og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi nokkrum mönnum samtals um 200—300 gr, oftast á um kr. 1.200 hvert gramm. Með aðstoð meðákærðu Runólfs Þórs Jónssonar og Halldórs Snorra Bragasonar seldi ákærði nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli samtals 300—400 gr af efninu í nágrenni Keflavíkurflugvallar á 7 bandaríkjadali hvert gramm, og komu 6 dalir fyrir hvert gramm í hlut ákærða. Ákærði seldi nefndum Runólfi Þór og Halldóri Snorra 100—200 gr af efni þessu á um kr. 1.200 hvert gramm, og jafnframt neytti hann nokkurs magns af því sjálfur.

3. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Sigurðar Páls, sem studd er framburði Birgis Bótólfs Guðmundssonar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæru greinir, nánar í maí/júní 1976 keypt 15 gr af hassi af Birgi Bótólfi Guðmundssyni að Laugavegi 71 í Reykjavík á kr. 1.400 hvert gramm og síðan neytt efnisins sjálfur.

4. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt að hafa viðhaft alla þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið, og er játning hans studd framburðum meðákærðu Runólfs Þórs og Halldórs Snorra. Þykir því sannað samkvæmt ofansögðu, að ákærði Sigurður Páll hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í júní/júlí 1976 keypt um 730 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir 12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi nokkrum mönnum samtals allt að 70 gr af efninu, neytt sjálfur hluta þess (um 140—150 gr) og afhent meðákærðu, Runólfi Þór Jónssyni og Halldóri Snorra Bragasyni, samtals allt að 500 gr, sem þeir seldu síðan að mestu leyti á 5.5—6 bandaríkjadali hvert gramm, en samkomulag var með ákærðu um, að Runólfur Þór og Halldór Snorri fengju sameiginlega 1 dal fyrir hvert selt gramm.

5. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt að hafa viðhaft alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning nægilega studd framburðum meðákærðu, Runólfs Þórs og Halldórs Braga. Þykir hér með mega leggja til grundvallar, að efnismagn hafi verið 800 gr, ráðstafað með þeim hætti er í ákæru greinir og eigin neysla talin 70 gr. Þykir þannig sannað samkvæmt ofansögðu, að ákærði Sigurður Páll hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum lið ákæru greinir, nánar í júlí/ágúst 1976 keypt 800 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið um Færeyjar til Egilsstaða og síðan til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi meðákærðu, Runólfi Þór Jónssyni og Halldóri Snorra Bragasyni, samtals um 300 gr af efninu á um 1.000 kr. hvert gramm, ákærði seldi ýmsum aðiljum samtals 30—40 gr og neytti sjálfur a. m. k. 70 gr. Ásamt nefndum Runólfi Þór seldi ákærði nafngreindum varnarliðsmanni 400 gr af þessu efni í Keflavík á 6.5 eða 7 bandaríkjadali hvert gramm.

6. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir. Játning hans er studd framburðum meðákærðu, Halldórs Snorra og Runólfs Þórs, en aðeins greinir á um efnismagn og fjárhæð þá, er ákærði Sigurður Páll móttók úr höndum Runólfs Þórs í Kaupmannahöfn. Hvað varðar efnismagn,

þá kveður Sigurður Páll það hafa verið 700—800 gr, Runólfur Þór, er annaðist dreifingu, kveður það 800 gr, en Halldór Snorri kveður efni hafa verið 500—600 gr. Með vísan til þessa þykir mega leggja til grundvallar, að efnismagn hafi verið nærri 800 gr. Varðandi skil söluandvirðis til Sigurðar Páls þá kveður Runólfur Þór það hafa verið kr. 600.000, en Sigurður Páll um kr. 400.000.

Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði Sigurður Páll hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum lið ákæruskjals greinir, með ofangreindum athugasemdum, nánar um miðjan ágúst 1976 keypt 800 gr af hassi í Kaupmannahöfn á 11—12 kr. danskar hvert gramm og flutt efnið til Álaborgar, þar sem ákærði afhenti meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni meginhluta efnisins til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi. Ákærði hélt eftir um 30 gr af hassinu og flutti það til Randers á Jótlandi, þar sem hann seldi dönskum kunningjum sínum 25 gr af efninu á 15 kr danskar hvert gramm. Meðákærði Runólfur Þór Jónsson seldi síðan meginhluta efnisins hér á landi, og móttók ákærði söluandvirðið (um kr. 400.000 eða 600.000) úr höndum nefnds Runólfs Þórs í Kaupmannahöfn í seinni hluta ágúst.

7. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið, og er hann samhljóða framburðum meðákærðu, Runólfs Þórs og Halldórs Snorra, utan hvað þeim ber í milli um efnismagn. Sigurður Páll kveður heildarefnismagn tæpt 1 kg, en Runólfur Þór, er annaðist kaup efnis, kveður það 800 gr. Þykir hér rétt að leggja til grundvallar framburð Runólfs Þórs, þrátt fyrir að Halldór Snorri telji, að efnismagn hafi verið heldur minna, eða 700 gr. Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði Sigurður Páll hafi gerst sekur um alla þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæruskjals greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn, nánar um mánaðamót ágúst/september 1976 keypti meðákærði Runólfur Þór Jónsson 800 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir söluandvirði hassefnisins, sem um ræðir í 6. lið hér að framan, og tók ákærði við þessu efni hjá nefndum Runólfi Þór í Kaupmannahöfn og flutti það til Álaborgar, þar sem hann afhenti meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni efnið til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi, en um 30 gr af efninu hélt ákærði eftir og flutti til Randers og seldi þar sem fyrr. Meginhluta efnisins seldi nefndur Runólfur Þór síðan hér á landi, og í fyrri hluta september móttók ákærði

megnið af söluandvirðinu, um 1.000 bandaríkjadali og kr. 300.000, í Kaupmannahöfn frá nefndum Runólfi Þór.

8. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið, utan hvað hann kveður móttekið hass í söluskyni frá Halldóri Snorra aðeins 100 gr. Verður hér að leggja framburð ákærða Sigurðar Páls til grundvallar, þrátt fyrir að Halldór Snorri beri, að magn hafi verið 140 gr. Þá þykir rétt að leggja til grundvallar frambuð ákærða Sigurðar Páls um heildarefnismagn, þrátt fyrir að Halldór Snorri beri um minna magn, þar sem fram kemur hjá Halldóri Snorra, að hann veit ekki efnismagn af eigin raun, heldur hefur aðeins orð Sigurðar Páls fyrir því. Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum lið ákæruskjals greinir, með ofangreindri athugasemd, nánar í september 1976 keypt samtals 1250 gr af hassi í Amsterdam fyrir um 3.000 gyllini, flutt efnið til Rotterdam og þar um 20. sept. afhent meðákærða Halldóri Snorra hassið til flutnings til Íslands með m/s Skógafossi.

Um mánaðamót september/október tekið við framangreindu hassi í Reykjavík úr höndum nefnds Halldórs Snorra og þá um leið tekið við 100 gr af hassi í söluskyni fyrir Halldór Snorra. Selt nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli samtals 1100 gr af efnum þessum í Keflavík á 6—7 bandaríkjadali hvert gramm og neytt sjálfur um 200 gr ásamt ónefndum kunningjum sínum.

9. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur játað brot í þessum ákærulið, en kveður efnismagn hafa verið 800—900 gr og af því hafi hann sjálfur aðeins móttekið 360 gr eftir komu efnis hingað til lands. Þykir hér verða að leggja framburð ákærða Sigurðar Páls til grundvallar, þó nefndur Snorri Guðmundsson beri um nokkuð meira magn. Þykir þannig sannað með játningu ákærða Sigurðar Páls, sem studd er framburði Snorra Guðmundssonar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn, nánar í október/nóvember 1976 ásamt Snorra Guðmundssyni keypt 900 gr af hassi í Kaupmannahöfn á kr. 9.50 danskar hvert gramm, og flutti nefndur Snorri allt efnið til Reykjavíkur, þar sem ákærði

móttók sinn hluta efnisins, um 360 gr, og auk þess kr. 40.000, sem var söluandvirði hassefnis, sem Snorri hafði þá þegar selt af efnishluta ákærða. Ákærði seldi nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli um 200 gr af hassinu á 6 bandaríkjadali hvert gramm og ónafngreindum manni við Ránargötu í Reykjavík 60—80 gr á kr. 1.200—1.300 hvert gramm, en eftirstöðvar efnisins hafði ákærði til eigin neyslu.

10. ákæruliður.

Ákærði Sigurður Páll hefur viðurkennt að hafa í nóvember 1976 keypt 100 gr af hassi af Snorra Guðmundssyni í Kópavogi á 6 bandaríkjadali hvert gramm, selt Guðmundi Einarssyni um 60 gr af efni þessu á um kr. 1.300 hvert gramm og neytt afgangsins sjálfur. Er játning ákærða Sigurðar Páls studd framburði Snorra Guðmundssonar, sem þó ber um meira magn, eða 150 gr. Þykir hér réttara að leggja framburð ákærða Sigurðar Páls til grundvallar. Hins vegar verður ekki gengið út frá sölu hassefnisins til Guðmundar Einarssonar, þar sem sá hefur ekki, að því er séð verður af gögnum málsins, gengist við nefndum kaupum.

11. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Sigurðar Páls, sem studd er framburði meðákærða Halldórs Snorra, að Sigurður Páll hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í nóvember—desember 1976 í Reykjavík keypt 100 gr af hassi af meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni á kr. 1.200 hvert gr, selt ótilgreindum manni í Reykjavík 50—60 gr af efninu á kr. 1.300 hvert gramm og síðan neytt eftirstöðvanna að mestu sjálfur.

II. Ákærði Halldór Snorri Bragason.

1. ákæruliður.

Ákærði Halldór Snorri hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum lið ákæru greinir, og nánar að hafa á tímabilinu frá apríl til júlí 1976 ásamt meðákærða Runólfi Þór Jónssyni annast dreifingu á samtals nokkrum hundruðum grömmum af hassefnum fyrir meðákærða Sigurð Pál Sverrisson, sem flutti efnin hingað til lands, sbr. liði I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan, með því m. a. í nokkur skipti að selja slík efni varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli, en ákærði taldist þá jafnan eiga hluta söluandvirðisins eða þáði hassefni til neyslu frá nefndum Sigurði Páli fyrir vikið, og enn fremur um þetta leyti með því sjálfur að kaupa hass af

nefndum Sigurði Páli og ýmist selja þá efnisskammta ótilgreindum mönnum í Reykjavík, t. d. á Billiardstofunni, Klapparstíg 26, eða hafa þá til eigin nota.

Er játning ákærða Halldórs Snorra studd framburðum meðákærðu Runólfs Þórs og Sigurðar Páls.

Varðandi efnismagn ofangreint þá voru framburðir ákærða Halldórs Snorra breytilegir. Í lögregluyfirheyrslu 21.—22. júní 1977 kvað hann efnismagn 400—500 gr í 3 afhendingum, en hér í dómi 27. júní 1977 vildi hann ekki fullyrða um efnismagn, en kvað afhendingar 4—5. Þykir hér mega leggja til grundvallar, að efnismagn hafi ekki verið minna en 500 gr.

Þykir samkvæmt ofanrituðu sannað, að ákærði Halldór Snorri hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd.

2. ákæruliður.

Ákærði Halldór Snorri hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er játning hans studd framburðum þeirra Franklíns K. Steiner og Kristjáns R. Walsh, nema hvað Franklín kvaðst aðeins hafa móttekið 200 gr frá ákærða, og Kristján kvaðst aðeins hafa fengið hass fyrir sem svaraði 30.000 kr. fyrir flutning. Verður því ekki miðað við meira efnismagn til greindra manna en þeir hafa gengist við.

Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði Halldór Snorri hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindum athugasemdum, nánar fyrir utanför sína í apríl 1976 tekið við um 1.000 bandaríkjadölum hjá Franklín Kristni Steiner til hasskaupa og um mánaðamót apríl/maí keypt um 700 gr af hassi í Rotterdam fyrir alls um 1.700 gyllini og afhent Kristjáni Róbert Walsh um 570 gr af efninu þar í borginni til flutnings til Íslands, en ákærði hélt eftir rúmum 100 gr, sem hann neytti sjálfur að hluta og seldi að hluta ótilgreindu fólki í Kaupmannahöfn. Skömmu síðar eftir komu hingað til lands tekið við efninu úr höndum nefnds Kristjáns Róberts um borð í m/s Tungufossi og í Reykjavík afhent nefndum Franklín Kristni 200 gr af efninu, greitt nefndum Kristjáni Róbert hass, sem a. m. k. svaraði 30.000 kr., fyrir flutning, en afgangi efnis haldið sjálfur til eigin nota.

3. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Halldórs Snorra, sem studd

er framburðum þeirra Sigurðar Páls og Runólfs Þórs, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, nánar um miðjan ágúst 1976 í Álaborg tekið við því hassefni, sem um ræðir í lið I, 6 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar, flutt efnið með sér hingað til lands með m/s Skógafossi, sem ákærði var þá skipverji á, og í síðari hluta ágúst afhent meðákærða Runólfi Þór Jónssyni efnið á Akranesi.

4. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Halldórs Snorra, sem studd er framburðum þeirra Sigurðar Páls og Runólfs Þórs, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar um mánaðamót ágúst-september 1976 í Álaborg tekið við því hassefni, sem um ræðir í lið I, 7 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar, flutt efnið með m/s Skógafossi til Akraness og þaðan með m/s Akraborg til Reykjavíkur, þar sem ákærði afhenti svo efnið meðákærða Runólfi Þór Jónssyni.

5. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Halldórs Snorra, sem studd er framburðum þeirra Sigurðar Páls, Kristjáns Róberts og Eiríks Rafns Magnússonar, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar í seinni hluta september 1976 í Rotterdam tekið við hassefni því, sem um ræðir í lið I, 8 hér að framan, úr höndum meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar og einnig um 1500 grömmum af hassi úr höndum Kristjáns Róberts Walsh. Flutt efni þessi með sér hingað til lands með m/s Skógafossi, sem kom um 25. september til Reykjavíkur, og skömmu síðar þar í borg afhent nefndum Sigurði Páli samtals um 1300 gr af hassi. Hinn 30. september að Mávahlíð 16 afhent Eiríki Rafni Magnússyni a. m. k. 1100 gr af hassefninu frá nefndum Kristjáni Róbert, en ákærði hafði þá þegið 250 gr af því efni sem greiðslu fyrir flutning þess hingað til lands.

6. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Halldórs Snorra, sem studd er framburðum þeirra Runólfs Þórs Jónssonar, Kristjáns Róberts Walsh og Eiríks Rafns Magnússonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega greinir í þessum ákærulið, nánar hinn 11. október 1976 í Rotterdam móttekið samtals 6.250 gyllini

af Kristjáni Róbert Walsh og meðákærða Runólfi Þór Jónssyni til hasskaupa og sama dag keypt rúm 2 kg af hassi þar í borginni fyrir 6.000 gyllini. Flutt efnið með m/s Skógafossi til Íslands með viðkomu í Gautaborg, þar sem ákærði seldi tveimur sænskum piltum 30—40 gr af efninu 15. október fyrir 500 sænskar krónur. Um mánaðamót október/nóvember flutt hassið frá Straumsvíkurhöfn heim til sín, tekið þar 300 gr í sinn hlut fyrir innflutning efnisins og afhent Eiríki Rafni Magnússyni afganginn, um 1700 gr, að Mávahlíð 16 í Reykjavík. Gefið nefndum Runólfi Þór 100 gr af sínum hluta efnisins og í byrjun nóvember á Keflavíkurflugvelli selt nafngreindum varnarliðsmanni 132 gr á 5 bandaríkjadali hvert gramm.

7. ákæruliður.

Ekki þykir nægilega upplýst í málinu, hvaðan efni, sem um er að ræða í þessum ákærulið, er komið eða hvort er um að ræða hluta efna í 5. eða 6. ákærulið hér að ofan. Ber því að sýkna ákærða Halldór Snorra af þessum ákærulið.

III. Ákærði Runólfur Þór Jónsson.

1. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar að hafa á tímabilinu frá apríl til júlí 1976 ásamt meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni annast dreifingu á samtals nokkrum hundruðum grömmum af hassefnum fyrir meðákærða Sigurð Pál Sverrisson, sem flutti efnin hingað til lands, sbr. liði I, 1, 2, 4 og 5 hér að framan, með því m. a. margsinnis að selja slík efni nafngreindum varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli og ýmsum aðiljum í Reykjavík, einkum á Billiardstofunni, Klapparstíg 26, og taldist ákærði þá oftast nær eiga hluta söluandvirðisins eða þáði hass til eigin nota eða annan viðurgerning af nefndum Sigurði Páli fyrir vikið.

Játning ákærða er studd framburðum þeirra Halldórs Snorra og Sigurðar Páls. Varðandi magn ofangreindra efna, er ákærði tók þátt í að dreifa fyrir Sigurð Pál, þá þykir með vísan til játningar hans mega ganga út frá því, að það hafi ekki verið minna en 800 gr.

2. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Runólfs Þórs, sem studd er framburðum meðákærðu, Halldórs Snorra og Sigurðar Páls, að

ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í seinni hluta ágúst 1976 tekið við því hassefni, sem um ræðir í liðum I, 6 og II, 3 hér að framan, úr höndum meðákærða Halldórs Snorra Bragasonar á Akranesi eða í Reykjavík og selt meginhluta þess efnis nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli, hvert gramm á jafnvirði kr. 1.000—1.200, sem að hluta var greitt í bandaríkjadölum, og fóru kaupin fram í nokkur skipti, ýmist við Fitnanesti í Njarðvík eða Aðalstöðina í Keflavík, og hélt ákærði síðan með söluandvirðið til meðákærða Sigurðar Páls Sverrissonar í Kaupmannahöfn til kaupa á fíkniefnum.

3. ákæruliður.

Ákærði Runólfur Þór hefur viðurkennt háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, en kveður efnismagn 800 gr. Þykir hér rétt að leggja til grundvallar framburð Runólfs Þórs, þrátt fyrir að meðákærðu, sem að öðru leyti bera á sama veg og ákærði, beri nokkuð á annan veg um efnismagn. Halldór Snorri kveður það 700 gr, en Sigurður Páll tæpt kg. Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindu fráviki um efnismagn, nánar um mánaðamót ágúst/september 1976 keypt 800 gr af hassi í Kaupmannahöfn á um 10 krónur danskar hvert gramm og þar í borginni afhent meðákærða Sigurði Páli Sverrissyni efnið, sbr. lið I, 7 hér að framan. Í fyrri hluta september í Reykjavík tekið við ofangreindu hassi úr höndum meðákærða Halldórs Snorra Bragasonar, sbr. II, 4 hér að framan, og selt þremur varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli samtals um 700 gr af efninu á kr 1.000—1.200, eða 6 bandaríkjadali hvert gramm, og síðan komið meginhluta söluandvirðisins til nefnds Sigurðar Páls í Kaupmannahöfn til frekari fíkniefnakaupa.

4. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Runólfs Þórs, sem studd er framburðum annarra viðkomandi aðilja, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í október 1976 flutt um 4.000 bandaríkjadali fyrir Eirík Rafn Magnússon frá Reykjavík til Rotterdam, þar sem nota átti féð til hasskaupa, og um 10. okt. þar í borginni afhent Kristjáni Róbert Walsh og meðákærða Halldóri Snorra Bragasyni megnið af peningunum, en fyrir þá voru síðan keypt rúm 2 kg af hassi og flutt til Íslands, sbr. II, 6 hér að framan. Skömmu eftir mán-

aðamót október/nóvember á Skólavörðuholti í Reykjavík selt Sigurði Berndsen 500 gr af ofangreindu efni fyrir nefnda Eirík Rafn og Kristján Róbert á 5.5 bandaríkjadali hvert gramm, og skilaði ákærði söluandvirðinu til þeirra utan 350 dölum, sem ákærði hélt eftir. Þegið að gjöf allt að 100 gr af ofangreindu efni af nefndum Halldóri Snorra, sbr. II, 6 hér að framan, og keypt 150 gr af efninu af nefndum Kristjáni Róbert á kr. 900 hvert gramm.

5. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Runólfs Þórs, sem studd er framburði Snorra Guðmundssonar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæru greinir, nánar í nóvember eða byrjun desember 1976 keypt rúmlega 1 kg af hassi í Rotterdam fyrir Snorra Guðmundsson á rúm 2 gyllini hvert gramm og þar í borg afhent efnið nefndum Snorra, sem hafði látið ákærða fá fé til kaupanna.

6. ákæruliður.

Með vísan til játningar ákærða Runólfs Þórs, sem studd er samhljóða framburðum þeirra Auðar Elísabetar Guðmundsdóttur og Gunnars Rafns Erlingssonar, um ráðagerðir og undirbúning hasskaupaferðar, m. a. með sérgreiningu fjár, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar í apríl 1977 ásamt Gunnari Rafni Erlingssyni og Auði Elísabet Guðmundsdóttur undirbúið þá fyrirhugaða utanför nefndrar Auðar Elísabetar gagngert til kaupa á hassi með því að leggja á ráðin um framkvæmd einstakra þátta innkaupafararinnar og taka við því fé, sem nota átti til kaupanna, samtals um kr. 260.000 í eigu nefnds Gunnar Rafns og Auðar Elísabetar, og ásamt Gunnari Rafni fengið því skipt í íslenska eitt hundrað krónu seðla í nokkrum bönkum í Reykjavík föstudaginn 22. apríl, en í þessa för hugðist nefnd Auður Elísabet þá halda innan fárra daga (sunnudaginn 24. apríl), kaupa 500—700 gr af hassi fyrir ofangreinda fjárhæð í Kristíaníu í Kaupmannahöfn og flytja það til Reykjavíkur, þar sem ákærði hugðist selja meginhluta efnisins með hagnaði ótilteknum mönnum, m. a. á Billiardstofunni, Klapparstíg 26, og fá hluta væntanlegs söluandvirðis í sinn hlut fyrir, en lögreglan lagði hald á ofangreinda peninga 23. apríl á heimili nefndrar Auðar Elísabetar að Drápuhlíð 28 í Reykjavík.

Framangreind brot ákærðu ber að virða sem áframhaldandi

brotastarfsemi, er svarar til verknaðarlýsingar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 173. gr. a, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. Hrd. 1979/882, sbr. enn fremur 2. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar sölu ákærða Sigurðar Páls á fíkniefnum í Danmörku í ákæruliðum I, 6 og 7, og að því er varðar sölu Halldórs Snorra á fíkniefnum í Kaupmannahöfn og Gautaborg í ákæruliðum II, 2 og 6, sbr. og 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar brot ákærða Runólfs Þórs í lið III, 6.

Hafa ákærðu samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærðu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Sigurður Páll hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og nánar sem hér greinir:

1978 12/6 í Reykjavík: Sátt, 330.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1978 6/7 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 78. gr. hegningarlaga.

Ber því samkvæmt ofangreindu að ákvarða refsingu ákærða Sigurðar Páls með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Við refsimat er tekið mið af því, að ákærði Sigurður Páll er aðalmaður í ofangreindum brotum, en meðákærðu yfirleitt aðstoðarmenn og ekki upphafsmenn brota.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða Sigurðar Páls hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 658.000, þar sem ákærði lét aðiljum í té fíkniefni gegn fégjaldi og hafði af því nokkurn hagnað. Vegna sakaukasjónarmiða og þess, að ákærði Sigurður Páll hefur áður hlotið sektir hér fyrir dómi, þykir sekt ekki geta orðið hærri en að ofan greinir. Komi 70 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940

rétt, að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði Sigurður Páll sætti gæsluvarðhaldi, eða 26 dagar.

Loks ber með vísan til 69. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma upptækar til eyðingar 3 hassreykjarpípur í eigu ákærða Sigurðar Páls, sem hald var á lagt við rannsókn málsins.

Ákærði Halldór Snorri hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og nánar sem hér segir:

1976 3/3 í Reykjavík: Ávna og fíkn: Sátt, 105.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 2. gr. hegningarlaga.

1977 24/10 Sátt, 230.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

Ber því samkvæmt ofansögðu að ákvarða refsingu ákærða Halldórs Snorra með hliðsjón af 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að hluta og að hluta með hliðsjón af 78. gr. sömu laga, en eðli og umfang brota ákærða Halldórs Snorra í máli þessu þykir þó leiða til fangelsisvistar.

Hins vegar þykir bera að virða, að langt er um liðið frá hér-greindum brotum ákærða Halldórs Snorra, en hann ekki frá þeim tíma umfram áðurnefnt orðið uppvís að sams konar brotum og því eðlilegt, að hluti refsivistar verði skilorðsbundinn. Með vísan hins vegar til 57. gr. a alm hegningarlaga nr. 19/1940 þykja þar settar þrengri skorður við óskilorðsbundnum hluta refsingar en hér eiga við.

Eigi að síður þykir rétt og eðlilegt að virða ákærða Halldóri Snorra ofangreint til nokkurrar refsilækkunar og refsing hans þannig hæfilega metin 9 mánaða fngelsi, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt, þar sem ákærði hafði jafnframt hagnað af ofngreindum brotum. Vegna fyrri sekta, er ákærði hefur hlotið hér fyrir dómi, og sakaukasjónamiða þykir sú sekt eigi geta orðið hærri en kr. 665.000. Þeirri sekt til vara þykir hæfilegt að ákveða 50 daga fangelsi, verði sektin eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Runólfur Þór hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og nánar sem hér segir:

1978 25/4 í Reykjavík: Sátt, 480.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga.

Ber því samkvæmt ofansögðu að ákvarða refsingu ákærða Runólfs Þórs að hluta með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða Runólfs Þórs hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 509.000, þar sem hann lét aðiljum í té fíkniefni gegn fégjaldi og hagnaði, en sekt þykir eigi geta orðið hærri en að ofan greinir vegna eldri sektar, sem ákærði hefur áður hlotið hér í dómi, og sakaukasjónarmiða. Komi 40 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði Runólfur Þór sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa, eða 14 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, er þeir ábyrgist in solidum, en þar af greiði ákærði Sigurður Páll í málsvarnarlaun kr. 150.000, en ákærðu Halldór Snorri og Runólfur Þór kr. 75.000 hvor til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns, og sömu upphæðir í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Óæskilegur dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa, og er það vegna mikilla anna hjá embættinu, en einkum þó vegna þess, að fulltrúi sá, er hafði mál þetta með höndum, hefur látið af störfum við embættið.

Dómsorð:

Ákærði Sigurður Páll Sverrisson, fæddur 22. nóvember 1952 í Reykjavík, sæti fangelsi í 18 mánuði og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 658.000. Refsivist til frádráttar komi sá tími, er ákærði Sigurður Páll sætti gæsluvarðhaldi, eða 26 dagar, en í stað sektar 50 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptækar til eyðingar skulu 3 hassreykjarspípur.

Ákærði Halldór Snorri Bragason, fæddur 6. nóvember 1956, sæti fangelsi í 9 mánuði og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 665.000. Komi 50 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Runólfur Þór Jónsson, fæddur 13. apríl 1956 í

Reykjavík, sæti fangelsi í 12 mánuði og greiði kr. 509.000 í fésekt til ríkissjóðs. Refsivist til frádráttar komi sá tími, er ákærði Runólfur Þór sætti gæsluvarðhaldi, eða 14 dagar, en í stað sektar 40 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar af Sigurður Páll Sverrisson kr. 150.000 og ákærðu Runólfur Þór Jónsson og Halldór Snorri Bragason kr. 75.000 hvor til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns. og sömu upphæðir í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 10. júní 1982.

Nr. 79/1980. **Fiskiðjan h.f.**
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Guðmundi Hanssyni Wiium
og gagnsök
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Hafning gagnsakar. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 21. s. m. Hann krefst aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að felld verði úr gildi fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 25. mars 1980 fyrir hinum dæmdu fjárhæðum og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 4. september 1980. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frestur til áfrýjunar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar var liðinn, þegar gagnáfrýjunarstefnan var gefin út. Gagnáfrýjandi hefur ekki aflað sér áfrýjunarleyfis og hafði ekki heldur heimild til gagnáfrýjunar samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa gagnsökinni sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi krefst í málinu hálfrar kauptryggingar stýrimanns á m/s Keflvíkingi, KE 100, fyrir tímabilið 1. janúar til 15. mars 1978 og viðurkenningar á sjóveðrétti fyrir umkrafinni fjárhæð. Af hálfu aðaláfrýjanda var ekki sótt dómþing í héraði. Málið var rekið á bæjarþingi Keflavíkur, en eftir ákvæðum 1. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936 bar að fara með það og dæma í sjó- og verslunardómi. Bar héraðsdómara því að vísa því ex officio frá bæjarþinginu. Samkvæmt þessu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Ber þá einnig að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Gagnsök er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 28. janúar 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 27. nóv. sl., gegn Fiskiðjunni h/f, Hafnargötu 91, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 587.160 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979 og 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að

skaðlausu samkv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í Keflvíkingi, KE 100, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna þess, að stefnandi hafði verið stýrimaður á vélbátnum Keflvíkingi, KE 100, um árabil, þegar ákveðið var á árinu 1977, að skipið færi til Danmerkur til breytingar. Var áætlað, að skipið yrði í ca fjóra mánuði ytra, og fór það utan í sept. 1977. Var svo um samið, að stefnandi fengi hálfa tryggingu greidda til áramóta, en fulla tryggingu eftir áramót. Um áramótin 1977 og 1978 hafði skipstjórinn, Einar Guðmundsson, samband við stefnanda og tjáði honum, að skipið yrði tilbúið um miðjan jan., og bað skipstjórinn stefnanda að ráða sig ekki annað, a. m. k. ekki fyrst um sinn. Skipið var þó ekki tilbúið fyrr en í maímánuði 1978, og telur stefnandi, að honum beri kauptrygging samkv. framansögðu úr hendi stefnda fyrir tímabilið 1. janúar 1978 til 15. mars 1978, samtals kr. 587.160 auk vaxta og kostnaðar.

Með bréfum, dags. 6. febrúar 1979 og 16. maí 1979 svo og 9. júlí 1979, var stefndi krafinn um greiðslu skuldarinnar, en án árangurs.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 103.000.

Dóminn kvað upp Sveinn Sigurkarlsson fulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskiðjan h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Hanssyni Wiium, kr. 587.160 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og loks 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 103.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá er staðfestur sjóveðréttur í m/b Keflvíkingi, KE 100, fyrir tildæmdum kröfum í máli þessu.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 25. mars 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 25. mars, var fógetaréttur Keflavíkur settur í skrifstofu Fiskiðjunnar h/f við Hafnargötu og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Sveini Sigurkarlssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 129/1980: Guðmundur Hansson Wiium gegn Fiskiðjunni h/f.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Jón G. Briem héraðsdómslögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur, uppkveðinn 23. janúar 1980, og krefst fjárnáms til tryggingar dómskuldinni, kr. 587.160, auk 3% mánaðarvaxta frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 4% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, en 4.5% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, kr. ..... í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 103.000 í málskostnað, kr. 7.100 í birtingar- og endurritskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Forstjóri gerðarþola, Hilmar Haraldsson framkvæmdastjóri, er mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhluta fógetans (svo) og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kvaðst ekki geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mættur bendir á eftirtalda muni til bifreiðina Ö 734, Mercedes Bens áætlunarbifreið (sic), fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindri eign til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna stjórn gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Upplesið játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Föstudaginn 11. júní 1982.

Nr. 16/1980. **Félagsstofnun stúdenta**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. Reykjavíkurborgar
(Jón G. Tómasson hrl.).

Fasteignaskattur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1980. Hann krefst þess, að felldur verði niður með dómi fasteignaskattur, sem lagður var á stofnunina 1977 vegna hjónagarðabyggingar við Suðurgötu í Reykjavík og er að fjárhæð 7.349.39 nýkrónur. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í íbúðum hjónagarða þeirra, sem hér greinir, eiga háskólastúdentar kost á að búa með fjölskyldum sínum, börnum og mökum. Leigutímabil eru ekki bundin við skólatíma. Húsnæðið er því að nokkru leyti notað handa fólki, sem ekki er við háskólanám.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga er takmörkun á ákvæði 1. mgr. sömu greinar að því er varðar húsnæði fyrir starfsfólk mannúðar- og menningarstofnana þeirra, sem í 1. mgr. greinir. Þykir ákvæðið taka af tvímæli um það, að tilgangur löggjafans með undanþáguákvæðunum takmarkist við húsnæði vegna megintilgangs starfrækslu hverrar greinar mannúðar- og menningarstarfsemi þeirrar, sem undanþága nær til.

Þá þykir með skírskotun til almennra reglna um jafnræði

borgaranna verða að skýra undantekningarákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 þröngt.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Loga Einarssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Í máli þessu reynir á skýringu á 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir m. a.:

„Undanþegin fasteignaskatti eru . . . skólar. . . . Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot . . .“.

Orðið skóli er í mæltu máli oft látið ná til heimavista, sem lengi hafa tíðkast við skólastofnanir hér á landi, ekki síður en til kennslu, kennsluhúsnæðis og annarra þátta í starfsemi þessara stofnana. Samkvæmt þessu svo og með hliðsjón af af því, að lagaákvæðið er bersýnilega sett til að létta starfrækslu stofnana, sem þykja horfa til almenningsheilla, svo og með hliðsjón af framkvæmd ákvæðisins varðandi stúdentagarða og aðrar heimavistir verður að telja, að orðið skóli í ákvæði þessu taki til hjónagarðanna. Verður ekki séð, að rök séu til, að um þá fari að því er fasteignaskatt varðar með öðrum hætti en aðrar heimavistir skóla, sem sumar eru eins og þeir í sérstökum húsum. Ekki skiptir heldur máli, að hjónagarðabyggingin er eign Félagsstofnunar stúdenta, sem starfar með sérstökum hætti og eftir sérstökum lögum, en rekur heimavistir sínar með sama hætti og

aðrar heimavistir við íslenska skóla. Þá verður ekki séð, að 2. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972, sem tekin er upp hér að framan, fái breytt framangreindri niðurstöðu.

Samkvæmt þessu ber að okkar áliti að taka dómkröfur áfrýjanda til greina, þar á meðal málskostnaðarkröfur hans. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 8.000.00 krónur samtals fyrir báðum dómum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. október sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 27. október 1978, af Félagsstofnun stúdenta, Félagsheimili stúdenta við Hringbraut, Reykjavík, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarstjórnar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að felldur verði niður með dómi álagður fasteignaskattur árið 1977, kr. 734.939, vegna hjónagarðsbyggingar við Suðurgötu, Reykjavík, auk greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að við álagningu fasteignagjalda í janúar 1977 var stefnanda, Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, gert að greiða fasteignaskatt af byggingu hjónagarða við Suðurgötu hér í borg, en í byggingunni eru 57 2ja og 3ja herbergja íbúðir auk geymslurýmis, sameiginlegra setustofa og leikherbergja fyrir börn. Skatturinn nam kr. 734.939. Með bréfi, dags. 19. janúar 1977, fór stefnandi þess á leit við stefnda, að umrædd bygging yrði undanþegin fasteignaskatti samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 8/1972, en erindi þessu var synjað á fundi borgarráðs hinn 1. nóvember 1977. Stefnandi kærði þá álagningu skattsins til niðurfellingar til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins með kæru, dags. 15. nóvember 1977. Yfirfasteignamatsnefnd kvað upp úrskurð sinn 24. janúar 1978, og varð niðurstaða nefndarinnar, að eigi væri unnt að taka kæruna til greina, og var stefnanda gert skylt að svara fasteignaskatti árið 1977 vegna hjónagarðsbyggingarinnar við Suðurgötu. Stefnandi höfðaði þá mál þetta.

Stefnandi, Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, er

sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð, stofnuð með lögum nr. 33 20. apríl 1968. Aðild að stofnuninni eiga skv. 1. gr. laganna menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands og allir skrásettir stúdentar innan hans. Þessir aðiljar kjósa stjórnarmenn stofnunarinnar, þrír eru kosnir af stúdentaráði, einn af háskólaráði og einn er skipaður af menntamálaráðherra. Samkvæmt 2. gr. laganna er hlutverk stofnunarinnar „að annast rekstur og bera ábyrgð á fyrirtækjum í þágu stúdenta og beita sér fyrir eflingu þeirra". Menntamálaráðherra setti stofnuninni reglugerð 31. maí 1968, og segir í 1. tl. 2. mgr. 2. gr.: „Stofnunin skal taka við stjórn og skuldbindingum stúdentagarðanna og annast rekstur þeirra. Hún skal sjá um byggingu nýrra stúdentagarða og afla fjár til þess". Í október 1968 hóf stefnandi undirbúning að byggingu nýrra stúdentagarða, og var nefnd skipuð í ársbyrjun 1969 til að marka nokkur grundvallarsjónarmið um slíkan undirbúning. Nefndin kannaði m. a. þörfina fyrir hjónagarða við Háskólann og komst að þeirri niðurstöðu, að alls væri þörf fyrir 250 íbúðir í hjónagarði árið 1969. Stjórn stefnanda vann að því að útvega lóð fyrir hjónagarða á háskólalóðinni, og var slíkri lóð úthlutað af háskólaráði árið 1970. Efnt var til samkeppni um gerð hjónagarðanna, og hlaut Hrafnkell Thorlacius arkitekt 1. verðlaun, og var ákveðið að leggja tillöguteikningar hans til grundvallar hjónagörðunum. Tillögur arkitektsins gera ráð fyrir því, að á svæðinu rísi þrjú 3ja hæða hús með 57 til 60 íbúðum hvert auk dagheimilis fyrir 60 börn og gæsluvallar. Framkvæmdir við grunn fyrsta hússins hófust árið 1972, og var flutt í fyrstu 30 íbúðirnar í júní 1976, en í hinar 27 haustið 1977. Deilan í máli þessu er um fasteignaskatt af þessu húsi, sem lagður var fyrst á í janúar 1977.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir mál sitt á því, að samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt, eigi hjónagarðsbyggingin að vera undanþegin fasteignaskatti. Í 5. gr. laganna, 1. mgr., sé skýrt tekið fram, að undanþegin fasteignaskatti séu sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka o. fl. Þannig séu skólar og skólahúsnæði undanþegið fasteignaskatti og haldi stefnandi því fram, að með skólum sé einnig átt við ýmsa þá starfsemi, sem tengist skólastarfi, svo sem heimavistir, sem séu eðlilegur hluti af skólahúsnæði. Rekstur og tilgangur hjónagarða sé á engan hátt frá-

brugðinn rekstri og tilgangi heimavistar og sé hvort tveggja liður í venjulegu skólahaldi. Eins og fram sé komið í málinu, annist stefnandi, sem sé sérstök stofnun, rekstur hjónagarðanna sem og önnur fyrirtæki í þágu stúdenta. Sá rammi, sem stefnandi starfi innan, og aðild Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins að stofnuninni hljóti einnig að leiða til þess, að líta beri á hjónagarðana eins og heimavistir í skólum, hvort sem Háskóli Íslands eða stefnandi annaðist reksturinn. Þetta komi skýrt fram í athugasemdum með frumvarpi til laga um stefnanda, þar sem segi m. a.: „Stúdentagarðarnir voru á sínum tíma reistir vegna brýnna þarfa, þegar stúdentar við Háskóla Íslands voru um 300, en tala þeirra hefur nú meira en þrefaldast. Nauðsyn nýrra garða, t. d. hjónagarðs, er löngu öllum ljós. Framkvæmdir hafa hins vegar ekki hafist enn. Það stafar e. t. v. einmitt af því, að ekki hefur tekist að samhæfa krafta þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta. Hér er Félagsstofnun stúdenta ætlað að koma til.“ Í 4. gr. laganna um stefnanda er stofnuninni markaður ákveðinn tekjustofn, sem er árleg skrásetningargjöld stúdenta við Háskóla Íslands. Auk þessa er kveðið á um, að Alþingi veiti ár hvert framlag úr ríkissjóði. Stefnandi er undanþegin tekju- og eignarskatti, aðstöðugjaldi og útsvari skv. 5. gr. laganna. Stefnandi bendir og á, að fasteignagjöldum, sem lögð hafi verið á stúdentagarðinn Nýja Garð árin 1977 og 1978, hafi verið andmælt af hálfu stefnanda, og hafi yfirfasteignamatsnefnd kveðið upp úrskurð um þau 20. febrúar 1979. Nefndin hafi í úrskurði sínum fallist á sjónarmið stefnanda og úrskurðað, að stefnanda væri óskylt að svara fasteignaskatti af Nýja Garði, nema að svo miklu leyti sem stefnandi hafi rekið þar hótel. Nefndin hafi fallist á rök stefnanda og sé tekið fram í úrskurðinum, að rétt þyki að skýra hugtakið „skólar“ í 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga á þann hátt, að undir það falli þær fasteignir, sem notaðar séu sem eðlilegur þáttur í starfrækslu skóla, svo sem heimavistir, og skipti ekki máli í þessu sambandi, hvort heimavist sé hluti skólahúss eða sérstök bygging. Rekstri og tilgangi Nýja Garðs þyki mega jafna til reksturs og tilgangs heimavistar í úrskurði yfirfasteignamatsnefndar. Stefnandi leggi áherslu á, að sama gildi um hjónagarðana og komi þar til hinar félagslegu þarfir nútímans.

Stefndi andmælir alfarið þessum sjónarmiðum stefnanda og lagaskýringu hans á 5. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972. Stefndi bendir á, að 5. gr. laganna sé sérstakt undan-

þáguákvæði frá fasteignaskatti og samkvæmt lagaskýringarreglum eigi að túlka slík undanþáguákvæði þröngt. Það hafi yfirfasteignamatsnefnd gert í úrskurði sínum 24. janúar 1978 um þetta deiluefni og hafi í úrskurðinum komið fram, að viðtekin venja væri í lögfræði, að túlka beri þröngt undanþáguákvæði í lögum. Þessi lögskýringarregla hafi og margsinnis komið fram í dómum Hæstaréttar og þurfi aðiljar í máli þessu því ekki að deila um tilvist hennar. Yfirfasteignamatsnefnd hafi í úrskurði sínum talið, að hugtakið „skóli" í undanþáguheimild 5. gr. laganna nái ekki til hjónagarðanna við Suðurgötu, þegar notuð sé þröng lögskýring, og þetta sé einnig sjónarmið stefnda. En jafnvel þótt ekki væri notuð þröng lögskýring, þá telji stefndi, að hjónagarðarnir falli ekki undir eðlilega og venjubundna skilgreiningu hugtaksins „skóli". Skóli sé náms- eða kennslustofnun og hjónagarðar stefnanda, Félagsstofnunar stúdenta, falli ekki undir slíkt hugtak né aðrar tilgreindar fasteignir í 5. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga. Í reynd hafi stefnandi gengið svo langt að halda því fram, að Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands félli í heild undir skólahugtakið og þar með undanþáguheimild 5. gr. laganna, en slíkt sé auðvitað fráleitt. Stefndi bendir á, að í greinargerð laganna um tekjustofna sveitarfélaga frá 1937 komi fram, að nýting húsnæðisins skuli vera í beinu sambandi við skóla, til þess að um undanþágu verði að ræða. Þetta hafi síðan verið grundvallarsjónarmið, að það sé nýting húsnæðisins, sem skipti máli, hvort nýtingin sé nauðsynlegur þáttur í skólahaldi eða ekki. Eignaraðild eða fjárhagur skólans skipti ekki máli fyrir lögskýringuna á hverju einstöku tilfelli. Undanþágan frá fasteignaskatti sé í lögunum bundin við ákveðnar, skýrt afmarkaðar, þar til greindar stofnanir og lögskýringarreglurnar leiði til þess, að hin einstöku tilvik verði að uppfylla skýrt og afdráttarlaust skilyrði þess að njóta undanþágunnar. Í máli þessu sé um að ræða byggingu hjónagarða fyrir stúdenta við nám í Háskóla Íslands. Hjónagarðarnir hljóti því að eiga að vera fyrir þá stúdenta, sem stofnað hafi fjölskyldu, meðan á námi stendur. Að halda því fram, að slíkt húsnæði sé nauðsynlegur þáttur í skólahaldi Háskóla Íslands, sé að teygja „skóla"-hugtakið. Það sjáist best á því, að einungis brot af stúdentum þeim, sem stundi nám við Háskóla Íslands, búi á hjónagörðunum. Stofnun þessi sé því ákveðnum aðiljum til hagsbóta og séu í reynd deilur um, hversu æskileg stofnunin yfirleitt sé. Slíkar deilur séu þó máli þessu óviðkomandi, þar sem hér sé eingöngu

deilt um það, hvort húsnæðið sé afdráttarlaust eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í starfrækslu Háskóla Íslands eða ekki. Stefndi bendir og á, að óeðlilegt sé, að borgarsjóður missi af slíkum tekjulið. Borgarsjóður þurfi að kosta miklu til við slíka byggingu og alls ekki sé augljóst, að borgarsjóður eigi sérstaklega að missa af tekjum af húsnæði, sem utanbæjarmenn noti fyrst og fremst við nám í Háskóla Íslands. Félagsstofnun stúdenta þurfi að finna aðrar leiðir til þess að drýgja tekjur sínar en að fá fellda niður skatta, sem fari til sameiginlegra þarfa borgarbúa. Þegar einnig litið sé til þess, að stór hluti stúdenta og annarra námsmanna hér í borginni búi í öðru húsnæði en þessu, oft í leiguhúsnæði, verði ekki séð, að nein efnisrök leiði til þess að undanþiggja hjónagarða, sem stúdentar eigi og reki, greiðslu fasteignaskatts frekar en annað íbúðarhúsnæði í borginni, sem stúdentar búi í.

Niðurstaða.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 felur í sér undantekningar frá þeirri meginreglu 3. gr. laganna, að leggja skuli skatt til sveitarfélaga á allar fasteignir. Undantekningar þessar eru taldar upp í 1. mgr. 5. gr., og þar segir:

„Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, öryrkja- og elliheimili og heilsuhæli, þó ekki húsnæði slíkra stofnana, sem notað er til atvinnurekstrar, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa".

Upptalning þessi er tæmandi, og ber að skýra ákvæðið þröngt, sbr. dóm Hæstaréttar 14. janúar 1975, XLVI/6. Lögjöfnun er ekki tæk.

Í 2. mgr. 5. gr. segir:

„Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot."

Hið umdeilda hús í málinu er hjónagarður, sem reistur hefur verið til íbúðar fyrir þá stúdenta við nám í Háskóla Íslands, sem stofnað hafa til fjölskyldutengsla og eignast hafa börn. Forgang að íbúðum í húsinu hafa einstæðir foreldrar með barn svo

og foreldrar með barn, þegar báðir foreldrar eru við nám í háskólanum.

Þegar upptalning húsanna í 1. mgr. 5. gr. er skoðuð, kemur í ljós, að húsin falla í tvo flokka. Sum húsanna eru notuð sem íbúðarhús, þ. e. orlofsheimili launþegasamtaka, öryrkja- og elliheimili og heilsuhæli svo og hús sendimanna annarra ríkja. Önnur hafa aðra notkun, þ. e. sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, félagsheimili, samkomuhús, bókasöfn og önnur safnhús. Barnaheimili geta fallið undir hvorn flokkinn sem er.

Af samanburði á 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna er ljóst, að tilgangur löggjafans hefur verið að undanþiggja þar tilgreind íbúðarhús fasteignaskatti og ekki önnur íbúðarhús. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að unnt sé að skýra skólahugtak 1. mgr. 5. gr. svo, að hjónagarður stefnanda falli þar undir. Ekki verður heldur talið, að hjónagarður stefnanda falli undir aðrar undantekningar ákvæðisins, og verður því fallist á það með stefnda, að hjónagarðurinn njóti ekki undanþágu frá fasteignaskatti. Ber því að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn, en uppsaga hans hefur dregist vegna mikilla anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. júní 1982.

Nr. 254/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Loga Jósep Guðmundssyni
(Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 23. október 1981, en jafnframt var þess krafist af ákæruvaldsins hálfu, að refsing, bæði refsivist og fésekt, yrði þyngd.

Ágrip barst Hæstarétti 2. apríl 1982.

Brot ákærða, sem fjallað er um í hinum áfrýjaða dómi, voru framin í júní til ágúst 1978. Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann hinn 5. apríl 1979 undir dómssátt í sakadómi Reykjavíkur, 20.000.00 króna sekt, fyrir brot gegn 60., sbr. 61. gr. tolllaga, og hinn 20. október 1978 var hann í Uxbridge Magistrate Court í Englandi sektaður um 30 sterlingspund fyrir tilraun til smygls á fíkniefnum. Tilvísun til 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á því ekki við.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakarmat og heimfærslu brota.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 60 daga og 8.000.00 króna fésekt til ríkissjóðs, en sektin er á lögð samkvæmt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976. Komi 40 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Logi Jósep Guðmundsson, sæti fangelsi 60 daga og greiði 8.000.00 króna fésekt til ríkissjóðs, en sæti fangelsi 40 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. júní 1981.

Ár 1981, mánudaginn 1. júní, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 802/1981: Ákæruvaldið gegn Loga Jósep Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. maí sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, útg. 19. desember 1980, á hendur Loga Jósep Guðmundssyni stýrimanni, til heimilis að Njálsgötu 35, Reykjavík, fæddum 6. október 1955 í Vestmannaeyjum, fyrir að hafa á tímabilinu frá júní til ágúst 1978 í félagi með Guðmundi Einari Harðarsyni þrívegis keypt hassefni í Amsterdam, samtals um 2.2 kg, flutt efnið jafnóðum til Gautaborgar og í ágóðaskyni selt þar sinn hluta ýmist sjálfur eða með aðstoð nefnds Guðmundar Einars á um 20 kr. sænskar hvert gramm, en ákærði taldist eiga a. m. k. samtals 625 gr af hassinu.

Er þetta talið varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um

sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður segir, fæddur 6. október 1955 í Vestmannaeyjum. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1974 3/9 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. umferðarlaga.

1979 5/4 í Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 60., sbr. 61. gr. tolllaga.

MÁLSATVIK.

Haustið 1978 hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík umfangsmikil rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli fjölmargra Íslendinga, er dvöldu í Kaupmannahöfn og Suður-Svíþjóð. Var þar einkum um að ræða kaup fíkniefna í Hollandi og flutning þeirra til Danmerkur, Svíþjóðar og Íslands til endursölu. Vegna þess hve þeir, sem við málið voru riðnir, voru dreifðir og erfitt að staðsetja þá, tók rannsóknin mjög langan tíma, og enn hefur ekki náðst til allra viðkomandi.

Tveir þeirra, er bornir voru sökum í rannsókn þessari, voru ákærði og Guðmundur Einar Harðarson, fæddur 23. september 1951 í Reykjavík, en þeir dvöldu samfellt erlendis og náðist lengi vel ekki til þeirra.

Ákærði var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 28. mars 1979 vegna áburðar um fíkniefnaviðskipti, en neitaði þá öllum sökum.

Það var síðan 13. júní 1979, að nefndur Guðmundur Einar Harðarson var handtekinn við komu hingað til lands flugleiðis frá Luxemborg og þá með í sínum fórum liðlega 27.000 sænskar krónur. Var Guðmundur Einar þann 15. s. m. og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 15 dögum, en gæsluvarðhald hans var ítrekað framlengt. Guðmundur Einar viðurkennir m. a. fíkniefnaviðskipti í félagi við ákærða og lýsti þeim í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 2. júlí 1979 og hér í dómi 11. s. m.

Guðmundur Einar kvaðst í júní/júlí 1978 hafa ásamt ákærða haldið á bílaleigubifreið frá Gautaborg til Amsterdam til hasskaupa. Í Amsterdam hafi þeir af einhverjum arabiskum götusala keypt 500 gr af svörtu Pakistanhassi á 4—5 hollensk gyllini hvert gramm. Hassið hafi þeir síðan flutt til baka til Gauta-

borgar og þar selt sér ókunnum aðiljum í almenningsgarði, ýmist á um 40 sænskar kr. hvert gramm í smærri einingum, en 20—30 sænskar kr., ef um meira magn var að ræða.

Guðmundur Einar kvaðst ásamt ákærða aftur hafa haldið til Amsterdam á bílaleigubifreið og þar keypt um 700 gr af sams konar hassi fyrir hluta söluandvirðis efna úr síðustu ferð. Efnið hafi þeir flutt til Gautaborgar og selt með sama hætti og fyrr sér ókunnum aðiljum þar.

Í ágúst s. á. kvaðst Guðmundur Einar hafa haldið í þriðju ferðina til Amsterdam ásamt ákærða í fyrrgreindum erindagerðum, en nú á Renault bifreið, árgerð 1971, er þeir höfðu þá skömmu áður keypt fyrir milligöngu nafngreindrar vinkonu íslenskrar á sænskar kr. 1.700. Bifreiðin hafi hins vegar brætt úr sér í Þýskalandi og verið skilin þar eftir, en þeir þá tekið bifreið á leigu og haldið áfram til Amsterdam og þar keypt 1 kg af Pakistanhassi á sama verði og fyrr og flutt til Gautaborgar. Þar hafi þeir með sama hætti og áður selt hassið sér ókunnum aðiljum.

Ekki kemur beinlínis fram í framburði Guðmundar Einars, hver hafi verið hlutur hvors þeirra um sig í ofangreindum fíkniefnaviðskiptum, en hann kvaðst að afloknum þessum ferðum hafa haft um 15.000 sænskar kr. sem ágóða af fíkniefnasölunni, en ákærði eitthvað minna.

Þá rekur Guðmundur hasskaupferð til Kaupmannahafnar ásamt ákærða og nafngreindum 3ja aðilja íslenskum, en eins og ákæruskjal er orðað, þykir hún hér ekki skipta máli.

Ákærði var yfirheyrður hér í dómi 10. október 1980 og viðurkenndi þá að hafa farið fjórar ferðir til Amsterdam til hasskaupa. Í fyrstu ferðinni var um að ræða smávægilegt magn og ekki vikið nánar þar að, enda ekki ákært fyrir þá háttsemi, er þar greinir.

Hér á eftir fer framburður ákærða um þær þrjár Amsterdamferðir, sem vikið var að hér að ofan:

„II. Amsterdam ferð:

Hafi orðið í júlí eða ágúst 1978 og þá í útleigubifreið með Guðmundi Einari Harðarsyni, enda mætti á þessum tíma hjá þeim aðila búið og verið atvinnulaus að mestu.

Mætti segir Guðmund þennan hafa verið mun stærri framlagsaðila til efniskaupa og mætti þannig varla átt nema 25—30% hlut. Mætti kveðst ekki muna, hve mikið efni þarna var

keypt, enda Guðmundur að mestu séð um þá hlið. Mætta er kynntur framburður Guðmundar Einars Harðarsonar þar um, og kveðst þá mætti ekki véfengja, að þarna hafi verið um að ræða 500 gr af svörtu hassefni, er þeir félagar með sér fluttu til Gautaborgar og Guðmundur þar seldi ýmsum aðilum.

Skil frá Guðmundi til mætta hafi hins vegar verið stopul og lítil, enda Guðmundur af hagnaðarhlut mætta tekið vegna dvalarkostnaðar mætta í íbúð Guðmundar í Gautaborg.

Segir mætti láta nærri, að hann hafi út úr þessari ferð í sinn hlut fengið nettó 1.500—2.000 sænskar kr.

III. Amsterdam ferð:

Hafi verið skömmu eftir hina fyrri og væntanlega því snemma í ágúst 1978. Guðmundur Einar hafi sem áður átt meiri hluta keyptra hassefna, eða 500 gr af 700 og mætti afgang, eða 200 gr. Þeir félagar hafi sem áður og með bifreið flutt þessi efni til Gautaborgar og Guðmundur Einar þar dreift sínum hluta, eða 500 gr, en mætti verið ráðalaus með sín 200 gr, þar til Íslendingur, þá búandi í Gautaborg og kallaður Bóbó, hafi fyrir milligöngu Guðmundar Einars af mætta keypt þessi 200 gr fyrir 20 sænskar kr. hvert. Mætti kveðst ekki geta áttað sig á, hver hluti þeirrar upphæðar hafi verið raunverulegur hagnaður, enda ekki vitað um innkaupsverð efna í Amsterdam, því Guðm. Einar hafi sem áður segi séð um þá hlið, en mætti nánast verið ökumaður.

IV. Amsterdam ferð:

Hafi orðið í ágúst 1978, en mætti og margnefndur Guðmundur Einar hafi áður í sameiningu keypt Renault bifreið og á henni haldið af stað. Sú bifreið hafi í Þýskalandi gefist upp, en þeir félagar þá haldið áfram í útleigubifreið. Mætti segir hlutaskipti þeirra félaga í milli hafa verið hin sömu og áður, en mætta þó ekki ljóst fremur en fyrr, hvert efnismagn Guðmundur Einar keypti í raun. Mætti kveðst þó ekki véfengja þann framburð Guðm. Einars, að þarna hafi samtals verið um að ræða 1 kg af hassi og mætti þá þar af átt liðlega 300 gr. Heildarmagnið hafi þeir félagar sem fyrr flutt til Gautaborgar og ofangreindur Bóbó (væntanlega Karl Bergur Gränz — athugasemd dómara) þar fyrir milligöngu Guðmundar Einars komið efnum í verð. Mætti kveðst frá margnefndum Bóbó hafa móttekið sem sinn hluta söluandvirðis um 4.400 sænskar kr., en ekki fremur en fyrr áttað sig á, hver hluti þeirrar fjárhæðar geti talist hagnaður.

Þá hafi Guðmuudur Einar fáum dögum síðar haldið einn af stað til Amsterdam sömu erinda og fyrr.

Mætti kveðst stuttu síðar hafa hitt Guðmund Einar í Amsterdam, en þeir félagar þaðan haldið að uppástungu Guðmundar Einars til Grikklands og þaðan til Tyrklands, þar sem Guðmundur Einar hafi fyrir fé, sent frá Bóbó áðurnefndum, keypt 700—800 gr af hassi og þeir félagar falið nærri helming efna hvor á öklum og fótleggjum, enda ætlun að flytja þessi efni hingað til lands. Þeir félagar hafi hins vegar verið handteknir við komu til London, efnin fundist, en máli lokið með lágri fésekt á hendur hvorum þeirra, mætta og Guðmundar Einars.

Kveðst mætti þá sem best hann geti munað, enda langt um liðið, hafa lýst sínum afskiptum af dreifingu hassefna."

Er ákærða var birt ákæruskjal hér í dómi þann 27. apríl 1981, gerði ákærði engar athugasemdir við það og kvaðst ekkert hafa um það að segja.

NIÐURSTÖÐUR.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem nægilega er studd framburði Guðmundar Einars Harðarsonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, nánar á tímabilinu frá júní til ágúst 1978 í félagi með Guðmundi Einari Harðarsyni þrívegis keypt hassefni í Amsterdam, samtals um 2.2 kg, flutt efnið jafnóðum til Gautaborgar og í ágóðaskyni selt þar sinn hluta ýmist sjálfur eða með aðstoð nefnds Guðmundar Einars á um 20 kr. sænskar hvert gramm, en ákærði taldist eiga a. m. k. samtals 625 gr af hassinu.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur ekki áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og ekki, svo kunnugt sé, orðið uppvís að slíkum brotum, eftir að ofangreindum brotum lauk. Þykir því rétt að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður fallist á þá skoð-

un verjanda, að ákærði hafi ekki verið aðalmaður í brotum, og tekið tillit til þess við refsimat.

Að öllu ofaskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 12.000.00, þar sem hann hafði hagnað af brotum sínum. Komi 80 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 2.000.00 til skipaðs verjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Logi Jósep Guðmundsson, fæddur 6. október 1955 í Vestmannaeyjum, sæti varðhaldi í 60 daga og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 12.000.00. Komi 80 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 2.000.00 til skipaðs verjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 15. júní 1982.

Nr. 203/1978. **Dánarbú Páls Skúla Halldórssonar**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Safnaðarfélagi Ásprestakalls
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Fasteign. Gallar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. nóvember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt til að greiða honum 29.500.00 nýkrónur með 13% ársvöxtum frá 24. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi, Páll Skúli Halldórsson, lést eftir uppsögu héraðsdóms, og hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti. Kvenfélag Ásprestakalls hefur breytt um nafn og heitir nú Safnaðarfélag Ásprestakalls.

Í vætti sínu, sem getið er í héraðsdómi, minntist Helgi Ólafsson þess ekki, að hann hefði orðið var við raka í húsinu Hólsvegi 17, er hann kom þangað með Páli Skúla Halldórssyni, áður en kaupsamningur var gerður. Hefur því orðið mishermi í héraðsdómi um þetta atriði.

Hús það, sem um ræðir í máli þessu, var byggt á árunum 1946—1947. Mátti kaupandi því vænta þess, að ýmislegt í því væri orðið úr sér gengið, og gat hann ekki krafist bóta vegna þess. Við málflutning hér fyrir dómi kom fram, að kaupandi hússins, Páll Skúli Halldórsson, var ekki sérfróður um húsbyggingar, en þó hafði hann á sínum tíma unnið við fasteignasölu stuttan tíma, og hann hafði að auki, eins og í héraðsdómi greinir, veitt forstöðu byggingaþjónustufyrirtækjum. Hann hafði skoðað húsið oftar en einu sinni, og mátti honum vera ljóst almennt ástand þess. Í matsgerð

dómkvaddra manna, sem rakin er í héraðsdómi, er eigi glögglega greint, hverjir af göllum þeim, sem þar eru taldir, hafi verið sýnilegir við skoðun. Af matsgerðinni þykir þó mega sjá, að húsið hafi verið haldið ýmsum leyndum göllum, sem varhugavert þykir að fullyrða, að kaupandi hafi mátt gera ráð fyrir eftir skoðun sína.

Telja verður nægilega sannað með matsgerð þeirri, sem gerð var, að þakniðurföll hafi verið lögð í jörð niður, en ekki tengd frárennslislögnum, svo sem vera bar. Gallar þeir, sem lýst er í 4., 6., 8., 9., 10., 12. og 13. lið matsgerðarinnar, verða einnig að teljast meiri en búast mátti við. Eins og hér hagar til, þykir áfrýjandi eiga rétt til nokkurra bóta úr hendi stefnda vegna framangreindra galla. Þykja þær með hliðsjón af matsgerð og málflutningi hér fyrir dómi hæfilega ákveðnar 7.500.00 krónur. Ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafist er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Safnaðarfélag Ásprestakalls, greiði áfrýjanda, dánarbúi Páls Skúa Halldórssonar, 7.500.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 24. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi áfrýjanda 7.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Því er ekki haldið fram, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi haft í frammi vísvitandi blekkingar eða launung við húsakaupin. Málssóknin er hins vegar á því reist, að þeir hafi látið undir höfuð leggjast að veita kaupanda upplýsingar um ásigkomulag hússins eftir því sem til mátti af þeim ætlast, áður en það var selt. Að því er varðar 13. lið í matsgerð hinna dómkvöddu manna eru kröfur áfrýjanda þó einnig reistar á því, að annmarki sá, er þar greinir, sé frávik frá því, er telja megi, að stefndi hafi ábyrgst áfrýjanda.

Ekki liggja fyrir Hæstarétti gögn, sem leiði til þess, að hrundið verði þeirri úrlausn héraðsdóms, sem skipaður var byggingafróðum samdómendum, að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna varði endurbætur og viðhald hússins vegna eðlilegs slits.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms teljum við, að staðfesta beri hann, en eftir atvikum sé rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. febrúar 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 16. þ. m., hefur Páll Skúli Halldórsson, Hólsvegi 17, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. mars 1977, á hendur Kristínu Henriksdóttur, Laugarásvegi 55, Sigríði Sigurbergsdóttur, Sæviðarsundi 19, og Þuríði Ágústsdóttur, Austurbrún 37, Reykjavík, fyrir hönd Kvenfélags Ásprestakalls í Reykjavík til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2.950.000 ásamt 13% ársvöxtum frá 24. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þær verði sýknaðar af öllum

kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dagsettum 10. júlí 1974, kaupir stefnandi af Kvenfélagi Ásprestakalls fasteignina Hólsveg 17, Reykjavík. Umsamið kaupverð var kr. 7.150.000, sem greiða skyldi á ákveðnum gjalddögum, svo sem í kaupsamningi greinir. Afhending eignarinnar skyldi vera á þann veg háttað, að efri hæð hússins átti að vera laus til afnota 17. júlí 1974, en íbúð í kjallara 1. ágúst 1974. Afsal fyrir eigninni átti samkvæmt kaupsamningi að gefa út 17. júlí 1974, en var eigi gert fyrr en 18. október 1974 m. a. vegna vanefnda stefnanda á greiðslum afborgana samkvæmt kaupsamningi. Enn komst stefnandi í vanskil við stefndu á víxlum, er hann hafði samþykkt venga kaupanna, og voru víxlar, samtals að fjárhæð kr. 4.791.278, sendir Árna Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni til innheimtu hinn 10. janúar 1975. Stefnandi greiddi síðan víxla þessa ásamt vöxtum og kostnaði, að nokkru leyti með því að afhenda byggingarefni til Áskirkju.

Þegar afsal fór fram, fékk stefnandi 35.000 króna afslátt i skaðabætur vegna þess, að ytri útidyrahurðir á suðurhlið höfðu fokið upp og skemmst, og einnig vegna sprungu í klósettkassa og sírennslis í honum.

Stefnandi kveðst hafa skoðað húsið tvívegis ásamt eiginkonu sinni, áður en kaupsamningur var undirritaður. Í fyrra skiptið hafi frú Þuríður Ágústsdóttir í stjórn Kvenfélags Ásprestakalls sýnt sér húseignina ásamt Helga Ólafssyni, sölumanni hjá Húsavali. Hafi þau skoðað hæð hússins og kjallaraíbúð, sem þá hafi verið búið í. Hafi hún litið allvel út og sýnst tiltölulega nýmáluð. Kvaðst stefnandi hafa spurt að því, hvort nokkur raki fyrirfyndist í kjallaranum og hvort allar leiðslur vatns og skolps væru í lagi, þar sem þau hjónin hafi séð, að viðgerð hafði verið framkvæmd í geymslu á retúrleiðslu hitaveitu. Hafi Hjörtur Grímsson, er þá var leigjandi í kjallara hússins, svo og frú Þuríður Ágústsdóttir tjáð þeim hjónunum, að enginn raki fyrirfyndist í kjallara hússins.

Stefnandi kveðst hafa séð, að gluggar hússins hafi verið orðnir lélegir. Hafi hann haft orð á því og því verið játað.

Í stofu í kjallara hafi hluti útveggs verið klæddur þilplötum, en á þeim kafla hafi verið gluggi undir steintröppum á suður-

hlið. Hafi Hjörtur Grímsson, leigjandi í kjallaranum, sagt sér, að hlaðið hefði verið og steypt upp í þennan glugga að innanverðu, en glerið hafi verið látið standa í að utan. Kvaðst stefnandi ekki hafa séð annað utan frá en svo hefði verið gert.

Stefnandi segir, að við fyrri skoðunina hafi seljandi ekki fundið lykil að baðherbergi efri hæðar og því hafi ekki verið unnt að skoða það í þetta sinn. Önnur skoðun hafi farið fram litlu síðar. Kvað stefnandi þau hjónin þá hafa ítrekað fyrirspurnir sínar varðandi raka í kjallara, hita- og frárennslislagnir og annað og verið tjáð af seljendum og Sigurlaugu Óskarsdóttur, sambýliskonu leigjanda í kjallaranum, að enginn leki væri í kjallaraíbúðinni og að allar leiðslur vatns og skolps væru í góðu lagi. Þá hafi fundist lykill að baðherbergi efri hæðar og þau hjónin skoðað það, þó ekki náið, og hafi þeim verið sagt, að þar væri allt í lagi. Stefnandi kveður konu sína hafa spurt um nýlega viðgerð á svefnherbergi hæðarinnar, einnig stofuvegg, en baðherbergi sé þar á milli. Hafi þeim hjónunum verið sagt, að skipt hefði verið um pakkningu á krana, er lekið hefði á baði, en nú væri það komið í lag. Síðar hafi annað komið í ljós.

Í októbermánuði 1974 kveður stefnandi hafa verið mjög úrkomusamt og hafi úrkoman þá farið langt yfir meðalúrkomu í Reykjavík. Í endaðan október og nóvember 1974 hafi komið mikill raki fram í öllum útveggjum kjallaraíbúðarinnar og einnig í burðarveggjum svo og í geymslu við suðurhlið á fremri gangi og geymslu vesturhliðar undir tröppum, svo að allt hafi reynst þar á floti. Kvaðst stefnandi þá hafa haft samband við Helga Ólafsson fasteignasala, þann er milligöngu hafði um söluna, og óskaði eftir því við hann, að hann kæmi á staðinn og sæi, hvernig umhorfs væri. Stefnandi kveður Helga hafa komið tvívegis á staðinn til að skoða, og kveðst stefnandi þá hafa falið honum að koma á framfæri kvörtunum sínum við seljendur og einnig að krefja þá bóta. Í síðara skiptið, sem Helgi Ólafsson hafi komið á vettvang, kveðst stefnandi hafa sagt honum, að ef hann eigi fengi fullar bætur frá seljendum vegna þeirra leyndu galla, er stefnanda virtist húsið vera haldið, þá mundi hann eigi inna af hendi greiðslur víxla þeirra, er hann hafði samþykkt vegna kaupa á húsinu.

Í janúarmánuði 1975 kveðst stefnandi hafa fengið bréf frá lögfræðiskrifstofu Árna Guðjónssonar, Garðastræti 17, dagsett 10. janúar 1975, þar sem hann var krafinn greiðslu víxilskulda vegna húskaupanna. Kvaðst stefnandi strax hafa haft samband við Árna

Guðjónsson hæstaréttarlögmann og skýrt fyrir honum mál sitt og lagt fram tryggingu vegna víxilskuldanna. Jafnframt kvaðst hann hafa beðið Árna um að hafa samband við seljendur hússins og Helga Ólafsson fasteignasala og krefja um bætur. Jafnframt hafi hann tekið fram, að hann innti allar greiðslur af hendi með fyrirvara um fullar bótakröfur á hendur seljendum hússins vegna leyndra galla.

Bæði Árni og Helgi munu hafa haft samband við seljendur út af þessari málaleitan stefnanda, en af hálfu seljenda var bótakröfum hafnað.

Um haustið og veturinn 1974/1975, þegar hita þurfti húsið að nokkru ráði vegna kulda, kveðst stefnandi margoft hafa þurft að tæma loft af ofnum efri hæðar. Hafi sig þá farið að gruna, að um leka kynni að vera að ræða í retúrleiðslum hitaveitu frá ofnum. Einnig hafi komið í ljós, að hitaveitureikningar voru mjög háir. Þá hafi rafmagnseyðsla kjallaraíbúðar verið óeðlilega mikil, enda síðar komið í ljós, að þar hafi verið um útleiðslu rafmagns að ræða.

Upp úr áramótum 1975/1976 er því haldið fram af hálfu stefnanda, að kjallaraíbúðin hafi verið orðin algerlega óíbúðarhæf sökum raka. Leitaði stefnandi þá til lögmanns, er ritaði stefndu bréf hinn 17. mars 1976, þar sem munnlegar kvartanir stefnanda voru áréttaðar og jafnframt skorað á stefndu að láta framkvæma viðgerð á þar tilgreindum göllum. Var stefndu settur frestur til 22. mars 1976 til að taka afstöðu til krafna stefnanda um úrbætur. Tilmæli þessi voru síðar ítrekuð, en allt kom fyrir ekki, stefndu sinntu þeim eigi.

Með bréfi til borgardómara, dagsettu 15. júní 1976, beiddist stefnandi þess, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að meta og kanna gaumgæfilega tilgreinda galla í matsbeiðni á húseigninni Hólsvegi 17, Reykjavík, segja til um orsakir þeirra, hvernig bæta megi úr þeim og hvað það muni kosta bæði beint og óbeint, þ. e. að bætur vegna óþæginda verði einnig metnar.

Hinn 21. júní 1976 dómkvaddi borgardómari í Reykjavík þá Diðrik Helgason múrarameistara og Björgvin Kristófersson rafvirkjameistara til þess að framkvæma hina umbeðnu matsgerð. Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 24. janúar 1977. Í henni segir m. a. svo að loknum inngangsorðum:

„Lýsing á því, er matsmenn telja, að þurfi að framkvæma, er sem hér segir:

1. Grafa þarf frá húsinu niður fyrir gólfplötu og leggja drenlögn úr 4" steinrörum, sem höfð eru ópökkuð, skurðbreidd sé 1 m frá húsi. Eftir að lögn er lokið, þarf að setja grófa möl yfir rörin upp undir yfirborð, en með fínni möl efstu 25 cm og 10 cm mold. Þakniðurföll tengist dreni.

2. Aftengja þarf eldri lagnir utanhúss, þar sem þær lagnir eru ónýtar og liggja í gegnum lóðina nr. 42 við Langholtsveg og undir bílskúr. Getur það valdið tjóni, ef ekki væri aftengt frá þeirri eign. Síðan þarf að grafa út í Hólsveg og leggja nýjar lagnir, frárennsli að miðjum austurgafli, en vatns- að miðri norðurhlið. Á meðf. uppdrætti eru merktar lagnir, sem þarf að aftengja, svo og nýjar lagnir, og eru þær merktar með lit. Frárennslislögn má tengja við eldri lögn, þar sem hún kemur út úr húsi, með tengi/hreinsibrunni, 60 cm víðum. Fjarlægja þarf allan umframgröft. En þar sem vatnslagnir undir gólfi eru taldar ónýtar, þarf að aftengja þær og leggja nýjar lagnir ofan kjallaragólfs.

3. Heimreið þarf að jafna, síðan að setja möl, en grasfleti þarf að jafna með mold og þekja síðan. Þetta sé gert, eftir að búið er að fjarlægja umfram efni frá grefti.

4. Geymsla á móti stiga í kjallara hefur verið notuð áður fyrir kolageymslu, með rennu út og upp úr jörð, og yfir hana hefur verið settur hleri, meira og minna götóttur. Á hlerann hefur verið sett lofttúða, og þarf að endurnýja hvort tveggja. Símakapall hefur verið lagður í gegnum útvegg, og lekur með honum. Þarf að gera við meðfram honum, þegar grafið verður fyrir dreni. Einangra þarf útveggi. Í norðurhorni geymslu við stiga kemur niður frárennslislögn frá W.C. á hæð, og kom fram leki þar við skoðun, og var því ákveðið að höggva upp, og kom þá fram, að viðgerð hefur verið framkvæmd á stofnröri með því að tengja saman pottrör og steinrör í grunni með plaströri, en var það ekki betur gert en það, að rifa varð á milli plaströrs og steinrörs í grunni, um 5 cm, en til þess að hægt væri að gera við, þurfti að breyta vatnslögn, er lá yfir skolplögn. Viðgerð er aðallega gangmegin, síðan þarf að setja rist á hurð, þannig að hreyfing komist á loftið í geymslunni.

5. Fataskápar við stiga þurfa að fá loftræstingu með því að setja göt á hurð að ofan og að neðan.

6. Geymsla undir stiga, þar kom fram leki milli gólfs og veggja á gafli. Þarf að gera við samskeyti, þegar grafið er frá vegna

drenlagna. Öll samskeyti þarf að þrífa vel og gera við með þéttiefnislögun og síðan bika yfir.

7. Stofa í suðurhlið kjallara hefur áður verið skipt og hluti verið eldhús, og á því hefur verið gluggi, sem staðsettur er undir tröppum úti, að innan hefur verið sett uppí gluggann plasteinangrun, en glugginn með gleri látinn vera í veggnum. Glerið brotið, og jarðvegur að utan upp á gler og á vatn greiðan aðgang inn í húsið. Það þarf að taka gluggan úr opinu og síðan múra í opið. Að innan hefur sá hluti útveggja, sem hefur verið eldhús, verið þiljaður með viðarklæðningu, sem er farin að losna frá. Það þarf að taka þiljurnar frá og einangra útvegg að þessum hluta og síðan að klæða að nýju og mála hluta af vegg.

8. Í baðherbergi í kjallara kemur fram mikill slagi undir handlaug og frá rörum, er liggja upp á efri hæð. Þarf að höggva þessar lagnir upp og einangra rörin og síðan að gera við steininn. Enn fremur komu fram gallar í frárennslislögn, eins og lýst er í yfirlýsingu Hilmars Lútherssonar, er fylgir með matsgjörð, en þar segir svo m. a.:

„Pottbeygja náði ekki straumstefnu, sem skapaði stíflur og vatnselg undir grunni. Steinrör var fúið og niðurfallsrör frá handlaug var illa samtengt við steinrör og skapaði leka."

9. Hitalagnir þarf að aftengja frá lögnum í gólfum og leggja nýjar lagnir í ofna.

10. Gólfklæðningu í kjallara þarf að endurnýja vegna skemmda frá raka, sem stafar frá því vatni, er safnast hefur undir gólfplötur. Hreinsa þarf gólfið vel og láta það standa minnst 1 mánuð, áður en ný efni eru lögð á það.

11. Við mælingar á rafmagnsleiðslum kom fram útleiðsla, er mun stafa frá raka í íbúðinni, og þarf að draga úr leiðslur og endurnýja, þar sem útleiðsla hefur áhrif á rafmagnseyðslu.

12. Eftir þær aðgerðir, er að framan er lýst, þarf að mála íbúðina í kjallara.

13. Á 1. hæð þarf að brjóta upp lagnir undir handlaug í baðherbergi og einangra lagnir. Síðan að gera við. Að viðgerð lokinni þarf að mála veggi, er liggja að baði í stofu og svefnherbergi.

14. Akstur á efni og mönnum.

15. Yfirumsjón með heildarverkinu, útvegun manna, tækja, efnis o. fl.

16. Þar sem það varð að rýma íbúðina, meðan á framkvæmd-

um stóð, og íbúar orðið að fá sér leigða íbúð, taka matsmenn það í matið.

17. Miskabætur vegna þeirra óþæginda og röskunar, er orðið hefur vegna þeirra aðgerða, sem fram fara, bæði innan- og utanhúss, um tíma var húsið bæði vatnslaust og frárennslislaust.

Samkvæmt framanskráðu og því, sem fram kemur í matsbeiðninni, og eftir nána athugun telja matsmenn hæfilegt mat kr. 2.950.000 — tvær milljónir, níu hundruð og fimmtíu þúsund krónur 00/100."

Matsmenn hafa sundurliðað mat sitt þannig:

„1.	Vegna drenlagnar	kr.	350.000.-
2.	Lögn út í Hólsveg	—	410.000.-
	Ný vatnslögn inn í kjallara	—	350.000.-
	Frágangur lóðar	—	100.000.-
3.	Heimreið	—	145.000.-
4.	Geymsla móti stiga	—	155.000.-
5.	Fataskápur	—	15.000.-
6.	Geymsla undir stiga	—	50.000.-
7.	Stofa í suðurhlið	—	65.000.-
8.	Baðherbergi í kjallara	—	125.000.-
9.	Hitalagnir	—	175.000.-
10.	Teppi og dúkar	—	180.000.-
11.	Rafmagn	—	25.000.-
12.	Málning	—	105.000.-
13.	Bað o. fl. á 1. hæð	—	65.000.-
14.	Ýmiss akstur	—	45.000.-
15.	Yfirumsjón meistara	—	130.000.-
16.	Leigutap á íbúð	—	180.000.-
17.	Miskabætur	—	200.000.-
18.	Ófyrirséð	—	80.000.-
		Samtals kr.	2.950.000.-"

Matsmenn hafa báðir komið fyrir dóminn og staðfest matsgerð sína.

Vitnið Helgi Ólafsson fasteignasali, sá er hafði milligöngu um sölu þessa, hefur komið fyrir dóminn og borið, að hann hafi tvívegis farið með stefnanda að skoða húsið, áður en kaupsamningurinn var gerður. Helgi Ólafsson segir, að þá hafi verið unnið að viðgerð á leiðslu í kjallaranum. Þar hafi verið opnar leiðslur og eigendur hússins hafi látið þess getið, að þar hefði farið fram

viðgerð, en þeir væru ekki vissir um, að hér væri um fullnaðarviðgerð að ræða. Þeir hafi sagt við stefnanda, að hér væri um eldra hús að ræða og stefnandi yrði að gera sér ljóst, að hann væri að kaupa hús, sem væri orðið nokkuð gamalt. Helgi Ólafsson minntist þess, að hann hefði orðið var við raka við skoðun.

Þuríður Ágústsdóttir, sem undirritað hefur bæði kaupsamning og afsal f. h. Kvenfélags Ásprestakalls til stefnanda, hefur komið fyrir dóminn og borið, að hún hafi sýnt stefnanda húsið fyrir gerð kaupsamnings. Kvaðst hún hafa farið með stefnanda um allt húsið og hafi þau skoðað hæðina fyrst og síðan farið niður í kjallara og skoðað þar. Þar hafi stefnandi tekið eftir, að búið var að gera við rör í kjallara. Hafi stefnandi spurt, hvað þetta væri, og kvaðst Þuríður hafa sagt honum, að það hefði bilað þarna rör árið áður og gert hefði verið við það, en því hefði verið haldið opnu, til þess að hægt væri að sjá, hvað fram hefði farið þarna. Þuríður kvaðst þá jafnframt hafa bent stefnanda á það, að hann væri að kaupa gamalt hús og hann skyldi gera sér grein fyrir því, að það gætu bilað lagnir og rör. Þuríður kvað stefnanda hafa spurt um raka í húsinu, en hún hefði sagt, að hún væri ekki kunnug húsinu, en hún vissi ekki til, að neinn raki væri á hæðinni.

Kristín Henriksdóttir hefur einnig undirritað f. h. Kvenfélags Ásprestakalls bæði með kaupsamning og afsal fyrir húsinu til stefnanda (sic). Hún hefur komið fyrir dóminn og m. a. borið, að hún hafi verið stödd í húsinu eitt sinn, er stefnandi kom að skoða það fyrir gerð kaupsamningsins. Segir Kristín, að þá hafi það borið á góma, að „gluggar væru orðnir lélegir og eins vissi maður aldrei í gömlu húsi, það var ómögulegt að segja, þetta var jú 30 ára gamalt hús."

Hjörtur Grímsson, sonur sr. Gríms Grímssonar, sóknarprests í Ásprestakalli, hefur komið fyrir dóminn sem vitni. Hann kveðst hafa verið leigjandi í kjallara hússins að Hólsvegi 17 á þeim tíma sem stefnandi skoðaði húseignina. Hann hafi þá verið búinn að búa í u. þ. b. 8—9 mánuði í íbúðinni ásamt sambýliskonu sinni. Á þessu tímabili hafi þau málað gang í íbúðinni og betrekt í stofu og einnig málað einn vegg, en málari hafi málað eldhúsið. Þá hafi þau sett teppi á gólfin. Einnig hafi verið lokað glugga, sem sneri út að götunni og var orðinn lélegur. Gluggi þessi hafi verið undir tröppum og hafi honum verið lokað með frauðplasti og múrað í kring. Á þeim tíma sem Hjörtur var í íbúðinni kvaðst hann hafa orðið var við raka í suðausturhorni í stofu og einnig

hafi farið rör frammi í geymslu af tæringu. Gólfið hafi verið brotið upp og fenginn pípulagningamaður til að steypa í rörið, en síðan hafi þetta verið látið standa opið. Hjörtur kvaðst a. m. k. einu sinni hafi verið viðstaddur, þegar stefnandi skoðaði íbúðina, ef ekki tvisvar. Kveður Hjörtur stefnanda hafa spurt ýmissa spurninga, m. a. kveðst Hjörtur þá hafa skýrt honum frá röri því, sem sprungið hafði í geymslunni, og sýnt honum það, því þá hafi ekki verið búið að múrhúða yfir það. Þá kvaðst Hjörtur muna eftir því, að hann og stefnandi hefðu rætt um það, að sennilega væri engin drenlögn í kringum húsið. Hafi stefnandi þá spurt sig að því, hvort hann hefði yfir að ráða tækjum, sem hentuðu til að setja niður drenlögn, en Hjörtur kvaðst hafa svarað því neitandi.

Hjörtur var að því spurður, hvort hann hefði bent stefnanda á raka í suðausturhorni í stofu, þegar stefnandi skoðaði húsið. Hjörtur kvaðst ekki hafa bent stefnanda á þetta, því að sambýliskona sín hefði gert það, en Hjörtur kvaðst þá ekki hafa verið í stofunni og því ekki verið áheyrandi þessa. Hjörtur kvaðst hafa minnst á fyrrnefnda gluggaviðgerð við stefnanda, þegar hann kom og skoðaði íbúðina. Einnig hafi þeir skoðað gluggann utan frá.

Vitnið Sigurlaug Óskarsdóttir, sambýliskona Hjartar Grímssonar, hefur komið fyrir dóminn og borið, að hún hafi búið í kjallara hússins að Hólsvegi 17 frá 1. desember 1973, þar til stefnandi fékk afnot hans. Hún kvaðst a. m. k. hafa verið viðstödd þrisvar sinnum, þegar stefnandi hafi komið og skoðað eignina. Kvaðst hún halda, að Hjörtur Grímsson hefði verið viðstaddur einu sinni eða tvisvar. Á þessu tímabili kvaðst Sigurlaug hafa orðið vör við raka víðs vegar í kjallaranum, í svefnherbergi, svo og í stofunni undir glugga og lítillega í baðherbergi. Einnig hafi komið fram leki í geymslu. Aðspurð kvaðst Sigurlaug muna eftir því, að hún hafi sýnt stefnanda rakann í stofunni, þegar hann kom að skoða íbúðina. Raki þessi hafi ekki sést nema lyft væri upp gardínunum, og það kvaðst Sigurlaug hafa gert. Sigurlaug kvað stefnanda ekkert hafa orðið hissa á því, að raki væri í kjallaranum.

Sigurlaug kvaðst hafa heyrt þá Hjört og stefnanda tala um drenlögn í kringum húsið, er stefnandi kom að skoða, en hún kvaðst ekkert hafa skipt sér frekar af því. Sigurlaug kvaðst muna eftir því, þegar stefnandi skoðaði húsið, að hann hefði talað um, að hann ætlaði að breyta því, byggja ofan á það og ýmis-

legt fleira, og hann vissi alveg, hvar þyrfti að endurbæta. Hann hafi vitað um rörin, að þau væru orðin léleg, sérstaklega þar sem rör hafi sprungið þarna í geymslunni. Það hafi sést svo vel, þar sem það hafi allt staðið opið. Það hafi sést í kringum viðgerðina, hvernig rörin hafi verið.

Eiginkona stefnanda, Guðrún Guðmundsdóttir, hefur komið fyrir dóminn og borið m. a., að hún hafi skoðað íbúðina tvisvar sinnum með eiginmanni sínum. Sjálf hafi hún komið þarna þrisvar sinnum. Hún kveður, að sér hafi verið bent á viðgerð, sem fram hafi farið á leiðslu einni í geymslu í kjallara hússins. Hún kvað ekki hafa verið rætt um drenlagnir. Hins vegar kvaðst hún hafa séð raka á einum vegg í svefnherbergi hæðarinnar og spurt, hvað það væri. Þá hafi sér verið sagt, að losnað hefði pakkning, sem búið væri að laga.

Eiginkona stefnanda kvaðst muna eftir því, að Sigurlaug Óskarsdóttir, sambýliskona Hjartar Grímssonar, hefði verið viðstödd í seinna skiptið, sem þau hjónin hafi skoðað. Hafi hún sýnt þeim íbúðina í kjallaranum, sem þá hafi verið búin húsgögnum. Kvaðst hún ekki minnast þess, að Sigurlaug hefði tekið frá gardínu í stofunni og bent þeim á raka þar á útvegg.

Ágústa Pálsdóttir, dóttir stefnanda, hefur komið fyrir dóminn og borið, að hún hafi skoðað húsið einu sinni með foreldrum sínum, áður en kaupin gerðust. Taldi hún, að þetta hefði verið í annað skipti, sem foreldrar hennar skoðuðu. Hafi þá kjallarinn og hæðin verið skoðuð. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við raka í húsinu þá, og mundi ekki eftir því, að brotin hefði verið upp rauf fyrir röri í geymslu í kjallara. Ágústa kvað konu þá, er bjó í kjallaranum, hafa verið viðstadda við skoðun þessa. Hins vegar minntist Ágústa þess ekki, að hún hefði sérstaklega bent á raka í suðausturhorni kjallarans, og mundi heldur ekki eftir því, að hún hefði tekið upp gardínur.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á framangreindri matsgerð. Af henni telur hann ljóst, að eignin hafi verið haldin gífurlegum leyndum göllum, sem hann hafi alls ekki mátt búast við. Stefndu beri sem seljendur skaðabótaábyrgð á göllum þessum án tillits til þess, hvort þeir hafi um þá vitað við söluna eða ekki. Stefndu hafi lýst því yfir, þegar stefnandi skoðaði eignina, að kjallarinn væri rakalaus, svo og að skemmdir á veggjum á hæðinni hefðu verið lagfærðar. Því sé það með ólíkindum, að stefndu skuli nú halda því fram, að þeir hafi gert stefnanda sérstaklega grein fyrir því, að viðgerð hefði farið fram á leiðslum í húsinu og að þær

mundu sennilega allar vera mjög lélegar svo og að stefnanda hafi verið kunnugt um raka í kjallaranum, sem honum hafi verið bent á og rætt við hann um. Þessum fullyrðingum mótmælir stefnandi. Það sé viðtekin regla í fasteignaviðskiptum, að taka beri allt það fram, sem teljast megi óvanalegt varðandi fasteignir, og geta þess í hinum skriflegu samningum. Hafi stefndu vitað af rakanum í kjallara hússins, þá hafi þeim borið skylda til að skýra stefnanda frá því og jafnframt að láta þess getið í kaupsamningi, enda verði raki ekki talinn eðlilegur eða venjulegur fylgifiskur fasteigna.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi skoðað eignina mjög vandlega, áður en hann festi kaup á henni. Hann hafi haft á orði, að hann væri gamall fasteignasali og því fljótur að átta sig á ástandi fasteigna og væri vel kunnugur markaðsverði þeirra. Stefnandi hafi skoðað kjallara hússins a. m. k. þrisvar og hafi honum verið sýndur hann af þeim Hirti Grímssyni og Sigurlaugu Óskarsdóttur, sem þá hafi verið leigjendur í kjallaranum. Hafi þau skýrt stefnanda sérstaklega frá raka, sem hafi verið í stofu í kjallaranum, auk annarra galla, sem þeim hafi verið kunnugt um. Þegar stefnandi hafi skoðað, hafi verið búið að gera við leka á röri í geymslu í kjallara. Þar hafi verið höggvin rauf til þess að komast að rörinu og þeirri rauf hafi ekki verið lokað, einmitt í því skyni að sýna væntanlegum kaupendum, hvað gert hafði verið. Stefnanda hafi sérstaklega verið sýnd þessi viðgerð. Enn fremur hafi leigjendur í kjallaranum tekið sérstaklega fram, að fyllt hefði verið upp í glugga í kjallaranum, sem var undir tröppum sunnan megin hússins, en tréplata hafi verið límd innan á vegginn, þar sem glugginn hafði verið. Hafi forráðamönnum stefndu ekki verið kunnugt um neina aðra galla á húsinu en þá, sem stefnanda hafi sérstaklega verið bent á, þar á meðal, að gert hefði verið við lekan krana í baðherbergi á 1. hæð hússins. Aldrei hefði orðið vart við raka á 1. hæðinni að öðru leyti þau fjögur ár, sem stefndu áttu húseignina.

Sérstaklega benda stefndu á það, að stefnandi hafi sjálfur lýst því yfir við leigjandann í kjallaranum, Hjört Grímsson, eitt sinn, er stefnandi skoðaði kjallara hússins, að leggja þyrfti drenlögn umhverfis húsið, og stefnandi hafi þá spurt Hjört að því, hvort hann gæti tekið að sér að grafa fyrir slíkri lögn, þar sem stefnandi hafi vitað, að Hjörtur rak þá vinnuvélar.

Stefndu benda á, að hús það, sem hér um ræðir, hafi verið byggt á árunum 1946—1947 og því verið 27—28 ára, er stefnandi keypti það af stefndu. Stefnanda hafi því mátt vera ljóst, að lagnir í húsinu kynnu að vera orðnar lélegar, enda síður en svo dregin dul á það af forráðamönnum stefndu. Þá benti lögmaður stefndu enn fremur á það við munnlegan flutning málsins, að stefnandi hefði mikla reynslu á sviði byggingarmála, þar sem hann sé nú forstöðumaður Iðnvals h/f, byggingaþjónustufyrirtækis, en áður hafi hann verið forstjóri Iðnverks h/f, sem einnig hafi verið byggingaþjónustufyrirtæki, er versli með efni til bygginga. Vegna þessarar reynslu sinnar hafi stefnandi mátt gera sér fulla grein fyrir því, að ýmislegt þyrfti að lagfæra í húsinu, enda hafi hann ætlað að breyta því talsvert svo og að leggja drenlögn umhverfis það og fleira. Stefndu hafi því aldrei verið í vafa um, að stefnandi væri maður, sem gerði sér fulla grein fyrir ástandi hússins.

Stefndu hafi því komið það mjög á óvart, er stefnandi, sem flutt hafi í húsið skömmu eftir gerð kaupsamnings hinn 10. júlí 1974 og tekið við afsali fyrir eigninni 18. október 1974 athugasemdalaust, hafi farið að kvarta yfir göllum á húsinu u. þ. b. hálfu ári eftir að hann hafi flutt í það, þar á meðal göllum, sem honum hafi verið sérstaklega bent á við kaupin. Töldu stefndu fráleitt að sinna slíkum umkvörtunum, enda hafi stefnanda verið kunnugt um ástand hússins, er hann tók við því hinn 17. júlí 1974.

Hús það, sem hér um ræðir, hafi verið nærri því 30 ára gamalt, þegar stefnandi keypti það. Því hafi allar líkur verið á því, að leiðslur og annað í húsinu væri farið að gefa sig og þær gætu því bilað fyrirvaralítið, en áhættan af slíku hljóti að færast yfir á kaupanda, sem kaupi gamalt hús, við yfirtöku hússins.

Að endingu mótmæla stefndu matsgerð hinna dómkvöddu manna sem sér algerlega óviðkomandi, enda sé stefnandi þar að láta meta kostnað við endurbætur og viðhald á húsinu, sem nauðsynlegt sé vegna aldurs þess. Stefnanda hafi verið fullljóst, er hann keypti húsið, að það þurfti að framkvæma mikið af því, sem matsgerð fjalli um, svo sem drenlögn og fleira. Sum atriði, sem matsgerðin fjalli um, kunni að vera nauðsynlegt að framkvæma vegna atvika, sem til séu komin eftir að stefnandi tók við eigninni, en slík atvik séu að sjálfsögðu ekki á ábyrgð stefndu.

NIÐURSTAÐA
DÓMSINS.

Hús þetta var byggt á árunum 1946—1947. Á þeim tíma var ekki skylt samkvæmt byggingarsamþykkt að hafa drenlagnir kringum hús. Stefnandi getur því enga kröfu byggt á því gagnvart stefndu, að drenlögn hafi ekki verið fyrir hendi.

Áður en kaupin gerðust, skoðaði stefnandi fasteignina rækilega. Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnanda, að hann hafi áður fengist við fasteignasölu, en nú um árabil hefur hann veitt forstöðu fyrirtækinu Iðnvali h/f og þar áður Iðnverki h/f, en bæði þessi fyrirtæki eru byggingaþjónustufyrirtæki, er hafa milligöngu um kaup og sölu á efni til bygginga. Stefnandi hlýtur því að hafa mikla reynslu á sviði bygginga. Hann hefur viðurkennt, að honum hafi verið bent á það við skoðun, að búið var að gera við leiðslu í geymslu í kjallara hússins. Þetta gaf stefnanda sérstakt tilefni til þess að kanna að öðru leyti gaumgæfilega ástand hússins, og jafnframt mátti maður með hans reynslu gera sér grein fyrir því, að aðrar leiðslur í þetta gömlu húsi tækju einnig að bila vegna tæringar. Auk þess eru veigamiklar líkur komnar fyrir því, að Sigurlaug Óskarsdóttir, annar leigjandinn í kjallara hússins, hafi bent stefnanda á raka í stofuvegg í kjallara hússins eitt sinn, er stefnandi skoðaði það fyrir kaupin. Þegar þetta er haft í huga, telur dómurinn, að húsið hafi ekki verið haldið neinum þeim leyndu göllum, er stefnandi með sína reynslu á sviði bygginga mátti ekki búast við í þetta gömlu húsi. Framburður Helga Ólafssonar fasteignasala styður og þessa niðurstöðu. Verður því enginn liður matsgerðarinnar tekinn til greina, enda byggist hún ýmist á því, að fram fari stórfelldar endurbætur á húsinu eða viðhald á eðlilegu sliti þess. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum og með heimild í 178. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Haraldi Ásgeirssyni, forstöðumanni Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, og Indriða Níelssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Kristín Henriksdóttir, Sigríður Sigurbergsdóttir og Þuríður Ágústsdóttir f. h. Kvenfélags Ásprestakalls í

Reykjavík, eiga að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Páls Skúla Halldórssonar, í máli þessu.

Hvor málsaðili á að bera sinn kostnað af málinu.

Miðvikudaginn 16. júní 1982.

Nr. 171/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Helga Bjarnasyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar og einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Allmörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þ. á m. nýtt sakavottorð ákærða, sem ber með sér, að hinn 5. janúar 1982 var ákærði dæmdur í sakadómi Akureyrar í 45 daga fangelsi fyrir þjófnað.

I.

Mál þetta var fyrst flutt hér fyrir dómi 8. janúar 1982. Skipaður verjandi ákærða taldi þá vafa leika á um sakhæfi hans. Af því tilefni var hinn 2. febrúar sl. kveðinn upp úrskurður um, að ákærði skyldi sæta geðrannsókn, sbr. 2. tl. d 75. gr. laga nr. 74/1974, þar sem skýrt kæmi fram læknisfræðilegt álit um sakhæfi ákærða. Rannsókn þessa framkvæmdi Guðmundur B. Guðmundsson geðlæknir. Í álitsgerð hans 13. maí sl. segir, að ákærði sé sakhæfur.

II.

Gegn neitun ákærða þykir varhugavert að telja alveg fullnægjandi sannanir fram komnar fyrir því, að hann hafi ófrjálsri hendi tekið peninga þá, er í 1. tl. ákæruskjals getur. Verður hann því sýknaður af ákæru fyrir brot það, er þessi töluliður fjallar um.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans að því er varðar sakargiftir, er í 2. tl. ákæruskjals getur.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða ber að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um refsingu hans, en eigi verður hér beitt 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar eð ákæruði var sýknaður af broti, er í 1. tl. ákæruskjals getur.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Jóns Helga Bjarnasonar, og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 27. mars 1981.

Mál þetta, sem höfðað er hér fyrir dómi með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. desember 1980, var tekið til dóms 17. mars 1981. Í þinghaldi 7. janúar sl. var Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærða í málinu. Vörn af hans hálfu barst dóminum hinn 17. mars sl.

Málið er höfðað „á hendur Jóni Helga Bjarnasyni verkamanni, Skarðshlíð 34 E á Akureyri, fæddum þar í bæ 16. janúar 1951, fyrir eftirtalda þjófnaði árið 1980:

1) Með því að hafa laugardaginn 11. október stolið 55.000 krónum frá Þórönnu Guðmundsdóttur, fæddri 31. janúar 1949, í herbergi nr. 215 í Gistiheimilinu Brautarholti 22 í Reykjavík.

2) Með því að hafa miðvikudaginn 19. nóvember stolið 200.000 krónum frá Margréti Sveinsdóttur, fæddri 14. nóvember 1948, á heimili hennar, Aðalstræti 6 á Akureyri.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sakhæfur, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1969 29/9 í Hafnarfirði: Dómur: Sýknaður af meintum brotum gegn 202. gr., sbr. 200. gr., 1. mgr., hegningarlaga og 45. gr. og 46. gr., 1. mgr., laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

1972 4/1 í Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

1975 19/4 í Hafnarfirði: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244. og 248. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga og 4. gr., 18. gr., 2. mgr., 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1975 19/4 í Hafnarfirði: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 19/4 1975.

1975 4/5 í Hafnarfirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1977 6/10 í Hafnarfirði: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr., 247. gr. hegningarlaga, 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 9/9 1976.

1980 18/2 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1980 13/3 í Hafnarfirði: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Liður 1 í ákæruskjali.

Laugardaginn 11. október 1980, um klukkan 1830, barst tilkynning til rannsóknarlögreglu ríkisins um, að framinn hefði verið þjófnaður í Gistiheimilinu að Brautarholti 22, Reykjavík. Rannsóknarlögreglumenn fóru þegar á vettvang. Á vettvangi hittu lögreglumennirnir kærandann, Þórönnu Guðmundsdóttur, fædda 31. janúar 1949, til heimilis að Vestmannaeyjabraut 33 í Vestmannaeyjum. Kærandi skýrði svo frá, að hún hefði komið í gistiheimilið seinni hluta dags hinn 10. október 1980. Hafi hún verið búin að vera þar skamman tíma, þegar maður hefði komið til sín, sem kynnti sig sem Jón Bjarnason frá Akureyri, og hefði hann boðist til að sýna henni borgina, sem kærandi kveðst hafa þegið, vegna þess að hún hefði sjaldan komið til Reykjavíkur og væri þar ókunnug. Hún sagði, að þau Jón hefðu síðan farið í „bæinn" og verið á ferð um „bæinn" fram eftir kvöldi og hefðu þau bæði verið undir áfengisáhrifum. Kærandi kvaðst ekki vita, hvað klukkan var, þegar þau komu aftur í gistiheimilið, en þá hefði verið samkvæmi í herbergi 206 og þangað hefðu þau farið og verið þar fram eftir nóttu. Í þessu samkvæmi hefði verið allmargt fólk, sem kærandi kveðst ekki hafa þekkt. Kærandi kvaðst hafa verið með farangur, þar á meðal litla handtösku, en í þessari handtösku hafi hún geymt seðlaveski sitt. Kærandi kveðst strax við komuna í gistiheimilið hafa sett farangurinn í herbergi 215, þar á meðal fyrrgreinda handtösku, en seðlaveskið hefði alltaf verið í töskunni. Kærandi kveðst hafa læst herbergi 215 og hefði enginn farið þar inn nema Jón Bjarnason. Þá kvaðst kærandi telja, að hún hefði alltaf verið með Jóni, þegar hann var inni í herberginu.

Kærandinn var ekki viss um, hvað klukkan var, þegar hún og Jón fóru úr samkvæminu í herbergi 206, en þaðan hefðu þau farið í herbergi 215 og farið að neyta þar áfengis, sem hún átti, og hafi áfengisneyslan haldið áfram fram eftir morgninum.

Kærandinn kvaðst álíta, að um klukkan 1000 um morguninn hefði Jón sagst ætla niður í afgreiðsluna til að kaupa tvær brauðsneiðar, en þá kveðst kærandi hafa lagst til svefns og sofið til klukkan 1700 þennan dag, og þegar hún vaknaði hafi seðlaveskið verið horfið og einnig nærri full flaska af brennivíni, sem hún kvaðst hafa átt. Kærandinn sagði, að í seðlaveskinu hefðu verið um 50.000 krónur í peningum, ökuskírteini, nafnskírteini og myndir. Kærandi kvaðst þess fullviss, að Jón Bjarnason hefði stolið veskinu frá henni, og sagðist hún telja, að þar kæmi eng-

inn annar til greina af þeirri ástæðu, að enginn annar hefði verið inni í herberginu hjá henni og herbergið hefði alltaf verið læst, þegar hún var ekki þar inni. Kærandinn lýsti Jóni Bjarnasyni þannig, að hann væri hár maður og grannur, dökkhærður með mikið hrokkið hár.

Að áliti lögreglumannanna átti lýsing þessi við Jón Helga Bjarnason, fæddan 16. janúar 1951, til heimilis að Skarðshlíð 34 E, Akureyri, en hann er ákærði í þessu máli.

Hinn 14. október 1980 var tilkynnt til rannsóknarlögreglu ríkisins, að greint seðlaveski hefði fundist undir rúmi í herbergi 215, og þá kom í ljós, að engir peningar voru í veskinu, en skilríki kæranda voru í því, og sennilegt þótti, að ekkert annað hefði horfið úr veskinu. Var veskið sent til kæranda, en þá var hún komin til Vestmannaeyja.

Kærandinn hefur staðfest þennan framburð sinn fyrir sakadómi Vestmannaeyja og haldið fast við, að ákærði hafi stolið umræddum peningum.

Föstudaginn 7. nóvember 1980 tók rannsóknarlögreglan á Akureyri skýrslu af ákærða vegna málsins.

Í þessari skýrslu kemur fram, að um þetta leyti hafi ákærði dvalið tvo daga á herbergi 219 í Gistiheimilinu við Brautarholt 22 í Reykjavík. Föstudagskvöldið 10. október sl. hafi ákærði síðan hitt Þórönnu í afgreiðslu gistiheimilisins, en ákærða virtist Þóranna drukkin. Ákærði og Þóranna hafi tekið tal saman, en síðan hafi ákærði farið inn á sitt herbergi og stuttu seinna hafi Þóranna komið þar og í framhaldi af því hafi ákærði farið með Þórönnu inn á hennar herbergi, þar sem þau hófu ófengisneyslu. Ákærði var peningalaus og kveðst hafa beðið Þórönnu um peningalán að fjárhæð gkr. 40—50 þúsund. Þá hafi Þóranna boðið honum gkr. 100.000, en ákærði hafi afþakkað það. Þetta hafi endað með því, að Þóranna lánaði ákærða gkr. 55.000, sem hún sjálf hafi afhent ákærða. Jafnframt hafi Þóranna óskað eftir því, að ákærði ritaði nafn sitt og heimilisfang á blað í þeim tilgangi, að hún vissi, hvar hún gæt náð í ákærða. Ákærði kveðst síðan hafa ritað nafn sitt, heimilisfang og síma á blað, sem hún lét hann hafa. Ákærði segir, að þau hafi bæði verið orðin nokkuð ölvuð, er þau hafi farið á dansleik í Þórskaffi. Þar hafi þau verið, þar til dansleik lauk, og þá hafi þau farið aftur að Brautarholti 22. Þegar þangað kom, hafi Þóranna ekki viljað, að ákærði kæmi inn á hennar herbergi, og þau hafi því farið hvort inn á sitt herbergi. Morguninn eftir, um klukkan 0900, kveðst ákærði

hafa farið að herbergi Þórönnu og bankað á dyrnar. Þóranna hafi svarað og sagst vera „þunn" og beðið ákærða að kaupa eitthvað að drekka og brauð. Ákærði kveðst þá hafa farið niður í afgreiðsluna og keypt samloku og gosdrykk og þetta hafi ákærði fært Þórönnu. Í þetta skipti hafi ákærði ekki komið inn á herbergi Þórönnu, en hún hafi beðið ákærða að vekja sig um klukkan 1100. Ákærði kveðst síðan hafa farið úr gistiheimilinu og komið þangað aftur um klukkan 1030 um morguninn, en hún hafi ekki svarað. Þá kveðst ákærði hafa farið í afgreiðsluna og þar hafi hann fengið þær upplýsingar, að Þóranna væri farin út. Ekki kvaðst ákærði hafa athugað um þetta frekar og farið til Hafnarfjarðar, þar sem hann gisti hjá bróður sínum. Þá ítrekaði ákærði, að hann hefði ekki stolið frá Þórönnu þessum gkr. 55.000, heldur hafi hann fengið þessa peninga að láni. Fimmtudaginn 4. desember sl. greiddi ákærði síðan gkr. 61.000 hjá lögreglunni á Akureyri, og voru peningarnir sendir Þórönnu með póstávísun hinn 8. desember sl. Ákærði staðfesti skýrslu þá, sem hann gaf hjá lögreglunni, fyrir sakadómi hinn 7. janúar sl. Fyrir dóminum hélt ákærði því enn fram, að Þóranna hefði lánað honum umrædda peninga og að hann hefði látið hana hafa nafn sitt og heimilisfang.

Verjandi ákærða hefur hreyft því sem vörn varðandi þennan ákærulið, að ekki liggi fyrir neinar sannanir um, að ákærði hafi gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, þar sem til grundvallar ákærunni liggi einhliða framburður Þórönnu Guðmundsdóttur. Þá segir orðrétt í vörninni: „Með tilliti til þess, sem ég nú hefi rakið, legg ég áherslu á: Engin játning liggur fyrir frá skjólstæðingi mínum, og málsatvik styðja framburð hans. Einhliða framburður konunnar, sem hafði setið að drykkju með skjólstæðingi mínum í meira en hálfan sólarhring, er einasti grundvöllurinn, sem ákæruvaldið byggir á í málinu, og getur hann ekki talist lögfull sönnun. Skjólstæðingur minn endurgreiddi öll þau verðmæti, sem hann fékk hjá henni."

Álit dómsins.

Í málinu verður að leggja til grundvallar, að þau ákærði og Þóranna Guðmundsdóttir hafi hist í Gistiheimilinu að Brautarholti 22 í Reykjavík seinni hluta föstudagsins 10. október 1980 og að kynni hafi tekist með þeim. Þá verður að leggja til grundvallar, að þessi kynni hafi staðið yfir alla aðfaranótt þess 11. október 1980 og fram á morguninn. Þá verður að leggja til grund-

vallar, að enginn hafi komið í herbergi Þórönnu á greindu tímabili. Þegar þetta er virt og það, að ákærði hefur viðurkennt að hafa fengið 55.000 gamlar krónur hjá Þórönnu, að hún hafði aðeins stutt kynni af ákærða, að Þóranna kærði þjófnað á veskinu til rannsóknarlögreglu ríkisins sama dag og að seðlaveski hennar fannst undir rúmi í herbergi hennar, eftir að hún var farin til Vestmannaeyja, að ákærði endurgreiddi umrædda peningafjárhæð og að lokum með hliðsjón af brotaferli ákærða verður að telja, að skynsamlegur vafi um sekt ákærða sé ekki á því stigi, að virða beri honum þennan vafa í hag. Verður hann samkvæmt þessu sakfelldur fyrir það brot, sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Liður 2 í ákæruskjali.

Föstudaginn 21. nóvember 1980 kærði Margrét Sveinsdóttir, fædd 14. nóvember 1948, til heimilis að Aðalstræti 6, Akureyri, þjófnað á peningum. Nánar skýrði kærandi svo frá, að þann 18. nóvember sl. hefði hún fengið greiðslu hjá Tryggingastofnun ríkisins, 633.130 gamlar krónur, og hafi hún fengið greiðslu þessa skömmu eftir hádegi þennan dag. Þá hafi hún farið í verslunarleiðangur. Um kvöldmatarleytið hafi hún verið stödd á Súlnabergi. Hafi þá maður gefið sig á tal við hana, en ekki þekkti hún mann þennan. Maðurinn kynnti sig sem Jón Helga Bjarnason og ætti hann heima í fjölbýlishúsi við Skarðshlíð. Þau kærandi og ákærði töluðu saman um stund og í framhaldi af því hafi ákærði farið heim með henni. Þá veitti kærandi því athygli, að ákærði var undir áfengisáhrifum. Um miðnætti hafi ákærði brugðið sér frá til að líta eftir einhverjum hitadunkum hjá Útgerðarfélagi Akureyringa, en ákærði hafi verið starfsmaður nefnds útgerðarfélags. Ákærði hafði á orði, að hann ætlaði að koma aftur um klukkan 0030. Á meðan ákærði var fjarverandi, fór kærandi í heimsókn til kunningja síns. Ákærði kom til baka um klukkan 0130 og var þá orðinn áberandi ölvaður. Hann dvaldi hjá kæranda um nóttina. Ákærði átti í fórum sínum fleyg af áfengi, sem þó var ekki alveg fullur. Kærandi kveðst hafa tekið einn eða tvo sopa af áfenginu, en ekki hafi hún fundið til áfengisáhrifa af því. Kærandi kveðst hafa geymt umrædda peninga í seðlaveski, veskið hafi hún síðan geymt í stærra veski. Kærandi taldi, að hún hefði átt að eiga 200.000 gamlar krónur í seðlaveskinu. Um nóttina segist kærandi hafa ætlað að taka saman nótur úr

veskinu og setja þær inn í möppu. Ákærði hafi þá beðið hana að geyma það til morguns, sem kærandi kveðst hafa gert. Um nóttina hafi kærandi þurft að bregða sér út úr herbergi því, sem þau voru í, og hafi ekki komið aftur í herbergið fyrr en að nokkurri stund liðinni og á meðan hefði ákærði haft nægan tíma til að líta í kringum sig í herberginu. Morguninn eftir hafi ákærði talað um, að hann þyrfti að skreppa til rakara og jafnframt hafi hann innt kæranda eftir því, hvort hún þyrfti ekki eitthvað til heimilisins, t. d. mjólk, en kærandi afþakkaði það. Kæranda skildist á ákærða, að hann mundi koma aftur, en það hafi hann ekki gert. Um hádegi hafi kærandi orðið þess vör, að peningarnir voru horfnir úr veskinu. Kærandi taldi, að útilokað væri, að nokkur maður annar en ákærði hefði átt möguleika á því að fara í herbergið og taka peningana. Þá kvaðst kærandinn þess fullviss, að hún hefði ekki lánað ákærða peningana.

Mánudaginn 24. nóvember 1980 tók rannsóknarlögreglan á Akureyri ákærða í yfirheyrslu. Hann skýrði svo frá, að um kvöldmatarleytið næsta þriðjudag á undan hefði hann hitt kærandann á Súlnabergi. Ekki kvaðst ákærði hafa þekkt hana neitt, en þau hafi farið að tala saman og það samtal endaði með því, að hún bauð ákærða heim til sín. Um þetta leyti kvaðst ákærði hafa verið byrjaður að neyta áfengis, en ekki hafi hann verið orðinn ölvaður. Ákærði kvaðst hafa haft áfengisfleyg meðferðis. Ákærði kvaðst hafa dvalið heima hjá kæranda fram til klukkan 0900 morguninn eftir, en þau hafi setið að drykkju fram eftir nóttu.

Ákærði sagði, að heima hjá kæranda hefðu verið nýjar „stereogræjur", og hafði kærandi keypt hljómflutningstæki þessi fyrr þennan dag. Að sögn ákærða óskaði kærandi eftir því við ákærða, að hann hjálpaði henni til við að tengja hljómflutningstækin, sem ákærði kveðst hafa gert. Í tilefni af þessu kveðst ákærði hafa innt kæranda eftir fjárhag hennar, þ. á m. hvernig hún hefði haft ráð á að kaupa greind hljómflutningstæki. Hafi kærandi þá sagt, að hún ætti nóga peninga.

Morguninn eftir ræddu þau enn frekar um hagi kæranda og þá hafi hún sagt ákærða, að hún væri 75% öryrki og daginn áður hefði hún fengið greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, en nefndi þó ekki upphæðina. Orðrétt sagði ákærði síðan: „Það var svo rétt áður en ég fór, eða klukkan 0900, að Margrét fór fram. Sá ég þá ofan í handveski plastumslag með peningum í, og freistaðist ég til að taka peningana úr umslaginu og stinga þeim inn á mig. Ég taldi aldrei upphæðina, en tel ekki ólíklegt, að þetta

hafi verið um kr. 200.000, en þessum peningum er ég búinn að eyða í áfengi o. fl., en ég hef átt við erfiðleika að stríða varðandi það. Ég hugsaði ekki út í þetta fyrr en eftir á, eða þegar ég var orðinn allsgáður. Ég ætlaði að reyna að ná til Margrétar þá og skýra henni frá þessu. Þar sem ég vissi, að hún hefur ekki síma, fór ég heim til hennar seinni part sl. sunnudags. Þá var slökkt alls staðar hjá henni, og enginn virtist heima. Ég ætlaði að veita henni umboð til að taka út launin mín hjá Útgerðarfélagi Akureyringa, þar sem ég vinn. Ég hef ekki náð sambandi við Margréti enn." Hinn 4. desember 1980 greiddi ákærði síðan 200.000 gamlar krónur til rannsóknarlögreglunnar á Akureyri, sem afhenti kæranda greinda fjárhæð daginn eftir. Ákærði hefur staðfest ofanritaðan framburð sinn fyrir sakadómi hinn 7. janúar 1981 og kannast við, að sakargiftir í þessum ákærulið séu réttar og að þær eigi við sig.

Álit dómsins.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, svo og með vísan til játningar ákærða verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákæruskjalsins. Brot ákærða er í ákæruskjalinu réttilega fært undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

ÁKVÖRÐUN
REFSINGAR.

Ákærði er fæddur á Akureyri hinn 16. janúar 1951.

Árið 1972 gekkst ákærði undir með dómssátt að greiða 2.000 gamlar krónur í sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í sakadómi Hafnarfjarðar.

Árið 1975 gekkst ákærði undir með dómssátt að greiða 10.000 gamlar krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir brot, m. a. gegn 244. gr. og 248. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga, í sakadómi Hafnarfjarðar.

Sama dag var ákærði dæmdur í sakadómi Hafnarfjarðar í 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot, m. a. gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Árið 1977 var ákærði dæmdur í sakadómi Hafnarfjarðar í 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Árið 1980 var ákærði dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Sama ár var ákærði dæmdur í 45 daga fangelsi með dómi sakadóms Hafnarfjarðar fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í þessu máli er ákærði sekur um tvö brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 77. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða til handa hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Eins og hér stendur á, eru ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóm þennn kvað upp Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1982.

Nr. 11/1980. **Magnús Guðbrandsson**
Sturlaugur Kristjánsson og
Samvinnutryggingar g/t
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Kolbrúnu Eggertsdóttur
og gagnsök
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Missir framfæranda. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1980. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 24. júní 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Hún fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 30. apríl 1980. Dómkröfur hennar eru þær, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða henni 29.702.18 krónur með 13% ársvöxtum af 29.652.18 krónum frá 7. mars 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s. m., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögudags dóms í málinu og síðan hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum, eins og eigi væri um gjafsókn að ræða.

Gagnáfrýjandi var einstæð móðir, er sonur hennar, Magnús Sævar, fæddur 2. desember 1952, féll frá í bifreiðarslysi hinn 7. mars 1976, svo sem greint er í héraðsdómi. Viðurkenna aðaláfrýjendur, að þeir séu skaðabótaskyldir gagnvart gagnáfrýjanda vegna andláts Magnúsar Sævars, en bera brigður á einstakar bótakröfur, eins og rakið er í héraðsdómi. Eru bótakröfur gagnáfrýjanda reistar á ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um bætur fyrir missi fyrirvinnu.

Gagnáfrýjandi hafði á framfæri sínu tvær dætur, 10 og 11 ára, er framangreindur einkasonur hennar andaðist. Þriðja dóttirin var þá 17 ára og enn við nám og hin fjórða 21 árs. Sonur gagnáfrýjanda var framfærsluskyldur við hana samkvæmt 6. gr. framfærslulaga nr. 80/1947. Gögn máls sýna, að hann hafði góðar vinnutekjur næstu árin áður en hann dó. Lagði hann nokkurt fé til heimilisins, og var ekkert, sem benti til þess, að úr þeim fjárstyrk hefði dregið

til frambúðar, ef honum hefði enst aldur. Ætla verður, að gagnáfrýjanda hafi verið þörf á fjárstyrk frá syni sínum, svo sem heimilishögum hennar var háttað og aðstæðum að öðru leyti. Að svo vöxnu þykir eiga að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að gagnáfrýjandi eigi tilkall til fébóta úr hendi aðaláfrýjenda með stoð í 264. gr. almennra hegningarlaga. Þykja fébætur hæfilega ákveðnar 10.000.00 krónur.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um kröfu gagnáfrýjanda vegna kaupa á legsteini og áletrunar á hann, og nemur hún 628.00 krónum. Krafa gagnáfrýjanda, er stafar af kostnaði við flutning á legsteini, þykir í hóf stillt, og ber að taka hana til greina, en sú krafa nemur 150.00 krónum. Rétt þykir að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda 600.00 krónur vegna annars þess kostnaðar við útför Magnúsar heitins Sævars, sem krafa hennar lýtur að. Úrlausn héraðsdóms um 3. kröfulið er staðfest með vísan til forsendna dómsins.

Málalok verða samkvæmt þessu þau, að aðaláfrýjendum er dæmt að greiða gagnáfrýjanda óskipt 11.378.00 krónur ásamt ársvöxtum, eins og krafist er fyrir Hæstarétti, af 10.600.00 krónum frá 6. mars 1976, en af 11.378.00 krónum frá 22. júní s. á.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt 8.650.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir báðum dómum, samtals 8.500.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Magnús Guðbrandsson, Sturlaugur Kristjánsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði gagnáfrýjanda, Kolbrúnu Eggertsdóttur, óskipt 11.378.00 krónur með 13% ársvöxtum af 10.600.00 krónum frá 6. mars 1976 til 22. júní s. á., af 11.378.00 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum

frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt 8.650.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, fyrir báðum dómum, samtals 8.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Magnús Sævar Viðarsson var sjómaður að atvinnu, er hann beið bana hinn 7. mars 1976. Hann átti heimili hjá móður sinni, gagnáfrýjanda máls þessa. Hafði hann þar herbergi svo og allan viðurgerning, er hann var í landi. Fjarvistir hans frá heimilinu voru að vísu töluverðar vegna atvinnu hans, en þær virðast þó ekki hafa numið fullum helmingi hvers árs, ef undan er skilið árið 1975. Er frá þessu nánar greint í hinum áfrýjaða dómi.

Magnús Sævar greiddi ekki fyrir húsnæði sitt og viðurværi að öðru leyti en því, að óumdeilt er, að hann annaðist

fyrir heimilið greiðslu á reikningum vegna rafmagnsnotkunar og svo olíu til upphitunar. Auk þess telur gagnáfrýjandi hann hafa veitt sér einhverja aðstoð til að kaupa kjötmeti og slátur á haustin.

Um fjárhæð framangreindra greiðslna komu engin gögn fram fyrir héraðsdómi. Við munnlegan flutning máls fyrir Hæstarétti var hins vegar lagt fram af hendi gagnáfrýjanda vottorð Rafmagnsveitu Siglufjarðar um rafmagnskostnað í húsinu Suðurgötu 22 árin 1974 og 1975. Nam rafmagnskostnaðurinn samkvæmt vottorðinu samtals 76.244.00 krónum bæði árin. Samtímis lagði gagnáfrýjandi fram tvö reikningsyfirlit frá Olíuverslun Íslands h/f. Sýna þau, að innborganir á viðskiptareikning vegna olíukaupa til hússins Suðurgötu 22 hafa numið 62.724.30 krónum árið 1974, en 89.211.00 krónum árið 1975. Ef gögn þessi, sem aðaláfrýjendur þó hafa mótmælt sem of seint fram komnum, væru lögð til grundvallar og rafmagnskostnaðinum skipt jafnt á bæði ár, hafa umræddar greiðslur Magnúsar Sævars numið alls 100.846.30 krónum (38.122.00 + 62.724.30) árið 1974, en 127.333.00 krónum (38.122.00 + 89.211.00) árið 1975.

Þegar framangreint er virt svo og það, að engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um aðstoð, sem gagnáfrýjandi telur Magnús Sævar hafa veitt sér til kaupa á haustmat, hafa ekki verið leiddar að því líkur, að greiðslur Magnúsar Sævars vegna heimilishalds gagnáfrýjanda hafi numið meiru en hóflegu endurgjaldi fyrir húsnæði og viðurværi hans sjálfs. Var hann því ekki framfærandi gagnáfrýjanda við andlát sitt. Þegar enn fremur er gætt aldurs gagnáfrýjanda, annarra haga hennar og möguleika á að sjá sér farborða, þykir ekkert það komið fram, sem veiti ástæðu til að ætla, að reynt hefði síðar á hina takmörkuðu framfærsluskyldu Magnúsar Sævars gagnvart henni, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1947. Verður krafa gagnáfrýjanda um bætur vegna missis framfæranda samkvæmt þessu ekki tekin til greina, en eins og málið er lagt fyrir dómstóla, koma fébætur samkvæmt 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 ekki til álita að öðru leyti.

Krafa gagnáfrýjanda um bætur vegna útfararkostnaðar

er engum gögnum studd öðrum en reikningi vegna kostnaðar við smíði legsteins. Þann kostnað sem og kostnað við flutning á legsteini verða aðaláfrýjendur þó ekki dæmdir til að greiða, sbr. Hrd. 1955, bls. 437. Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af því, sem fram er komið um útfararkostnað almennt á þeim tíma, sem hér skiptir máli, verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi þegar fengið útfararkostnaðinn bættan með þeim 160.000.00 krónum, sem aðaláfrýjandi Samvinnutryggingar g/t hefur greitt henni. Ber því einnig að sýkna aðaláfrýjendur af þessum þætti kröfugerðarinnar.

Við teljum rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda um gjafsóknarkostnað og ákvörðun gjafsóknarlauna.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. nóvember 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. f. m., hefur Kolbrún Eggertsdóttir, Suðurgötu 22, Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. september 1978, á hendur Magnúsi Guðbrandssyni bifvélavirkja, Hólavegi 5, Sturlaugi Kristjánssyni bifreiðarstjóra, Laugavegi 5, báðum á Siglufirði, og Samvinnutryggingum g/t, hér í borg, til óskiptrar greiðslu á kr. 2.970.218 með 13% ársvöxtum af kr. 2.965.218 frá 7. mars 1976 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til óskiptrar greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Hinn 2. ágúst 1978 veitti dómsmálaráðherra stefnanda gjafsóknarleyfi í máli þessu.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt sunnudagsins 7. mars 1976 var bifreiðin X 3216, sem er hópferðabifreið í eigu stefndu Magnúsar og Sturlaugs, á leið frá Hofsósi til Siglufjarðar fullsetin farþegum, er verið höfðu á dansleik á Hofsósi. Meðal farþega í bifreiðinni var Magnús Sævar Viðarsson, sonur stefnanda, og til heimilis að Suðurgötu 22 á Siglufirði. Var Magnús fæddur 2. desember 1953. Er bifreiðin var í jarðgöngunum um Stráka-

fjall varð bilun í stýri hennar, og varð það óvirkt. Ökumaður bifreiðarinnar stöðvaði hana og fór út úr henni ásamt stefnda Sturlaugi til að athuga, hvað komið hafði fyrir. Ekki munu þeir hafa getað greint, hvað valdið hafði biluninni, en þeir munu hafa ákveðið að láta bifreiðina síga út úr göngunum, en hún var komin nærri austurenda þeirra, er bilunin varð. Mun ökumaður bifreiðarinnar hafa sest undir stýri á ný og ekið bifreiðinni út úr göngunum í fyrsta gír, en stefndi Sturlaugur mun hafa gengið á eftir. Er bifreiðin var komin út úr jarðgöngunum, mun ökumaðurinn hafa reynt að stöðva hana með því að beita fót- og handhemlum, en er það bar ekki árangur, mun hann hafa reynt að stöðva hana með því að setja hana í afturábak gír, en það hafi ekki tekist. Á meðan bifreiðin rann áfram, opnaði ökumaðurinn dyrnar á bifreiðinni og kallaði til farþeganna að hraða sér út úr henni. Á meðan þessu fór fram, mun bifreiðin hafa runnið um 52 m frá munna jarðgangnanna, en þá fór hún út af veginum og stöðvaðist loks um 100 m neðar í fjallshlíðinni. Áður en bifreiðin fór út af veginum, tókst öllum farþegunum nema Magnúsi Sævari að komast út úr henni. Fannst hann látinn sem næst miðja vegu milli vegarins og bifreiðarinnar, þar sem hún stöðvaðist. Samkvæmt læknisvottorði mun Magnús Sævar hafa látist samstundis af völdum áverka, sem hann hlaut við bílveltuna. Bifreiðin X 3216 var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um bætur fyrir missi fyrirvinnu, sem hún hafi orðið fyrir við lát Magnúsar Sævars, svo og útfararkostnað.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda er sundurliðuð þannig:

1.	Bætur fyrir missi fyrirvinnu		kr. 2.796.032
2.	Útfararkostnaður	kr. 329.186	
	÷ Greiðsla Samvinnutrygginga	— 160.000	— 169.186
3.	Greitt tryggingafræðingi fyrir aðstoð við ákvörðun kröfugerðar		— 5.000
			Kr. 2.970.218

Stefnandi málsins, Kolbrún Eggertsdóttir, hefur skýrt svo frá, að Magnús Sævar hafi verið einhleypur og hafi hann búið á heimili hennar og haft þar sérherbergi. Er hann lést, hafi hann verið skipverji á b/v Stálvík frá Siglufirði. Magnús Sævar hafi að vísu ekki verið bindindismaður, en hann hafi aldrei misst úr

vinnu þrátt fyrir það. Kolbrún kveður framlög Magnúsar Sævars til heimilisins hafa verið þau, að hann hafi greitt hitunar- og rafmagnskostnað íbúðarinnar. Þá hafi hann einnig hjálpað henni við innkaup á haustin, en hún eigi frystigeymslu, sem hún fylli af kjöti og sláturafurðum á haustin. Þá hafi þau bæði hjálpast að við að styrkja elstu dóttur hennar, sem verið hafi í skóla. Hann hafi einnig verið stoð og stytta dótturdóttur hennar, sem dvaldi á heimilinu. Kolbrún kveðst hafa skilið við eiginmann sinn í nóvembermánuði 1967 og hafi hún þá fengið í sinn hlut íbúð þá, sem fjölskyldan hafi búið í, en hún hafi ekki fengið aðrar greiðslur úr hendi mannsins. Hún kveðst á undanförnum árum hafa kennt handavinnu við Barnaskóla Siglufjarðar, fyrst í tímavinnu, en 1974 hafi hún fengið fast starf við þá kennslu hálfan daginn. Hún hafi ekki lokið kennaranámi, en sótt námskeið til undirbúnings starfinu og taki hún laun samkvæmt 11. launaflokki. Einnig kveðst hún stunda ræstingu í skólanum.

Hannes Baldvinsson, sem búsettur er á Siglufirði, hefur skýrt svo frá sem vitni, að sökum fjölskyldutengsla hafi hann verið nokkuð kunnugur högum Kolbrúnar, áður en Magnús Sævar lést. Hann hafi þó ekki þekkt Magnús Sævar fremur en almennt gerist og hafi hann ekki vitað, hvort hann lagði eitthvað til heimilisins. Sér hafi ekki virst heimili Kolbrúnar skorta neitt og hafi hann talið, að hún nyti aðstoðar auk þeirra tekna, sem hún vann fyrir. Hafi legið beinast við að ætla, að sonur hennar og elsta barn hennar aðstoðaði móður sína við að framfleyta fjölskyldunni.

Krafa stefnanda um bætur fyrir missi fyrirvinnu er byggð á því, að Magnús Sævar hafi verið önnur aðalfyrirvinna heimilis móður hans og barna hennar. Stefnandi og eiginmaður hennar hafi átt fimm börn, Magnús Sævar og fjórar dætur, sem fæddar séu á árunum 1957, 1959, 1964 og 1965. Þau hjónin hafi skilið fyrir rúmum áratug og hafi maðurinn flust til útlanda, þar sem hann hafi látist árið 1977. Við skilnaðinn hafi stefnandi fengið í sinn hlut íbúð, sem fjölskyldan bjó í. Eftir skilnaðinn hafi stefnandi haldið heimili fyrir börn sín. Elsta dóttirin hafi svo stofnað sitt eigið heimili. Magnús Sævar hafi verið elstur systkinanna og hafi honum fundist hann eiga að koma í stað heimilisföðurins. Eftir að hann fór að afla tekna, muni verulegur hluti þeirra hafa runnið til heimilishaldsins, enda hafi hann verið einhleypur og ekki fjárfest í öðru en ódýrri bifreið. Hafi Magnús Sævar því hjálpað móður sinni til að sjá heimilinu farborða.

Er dauða Magnúsar Sævars bar að höndum, hafi hann verið skipverji á b/v Stálvík frá Siglufirði og hafi tekjur hans 1975 verið helmingi hærri en móður hans. Magnús Sævar hafi í raun framfært fjölskylduna að hluta og hafi móðir hans mátt gera ráð fyrir áframhaldandi aðstoð hans, ef hann hefði lifað. Að lögum hvíli gagnkvæm framfærsluskylda á foreldrum og börnum, en eins og tekjumöguleikum kvenna sé háttað, séu meiri líkur til, að stefnandi hefði notið styrks frá Magnúsi Sævari en hann frá henni. Krafa stefnanda um greiðslu útfararkostnaðar að fullu er byggð á því, að þennan kostnað beri stefndu að bæta að fullu, en hann hafi numið kr. 329.186. Af þeirri fjárhæð hafi Samvinnutryggingar g/t greitt kr. 160.000, en mismunurinn hafi ekki fengist greiddur.

Þá er síðasti liður kröfugerðar stefnanda byggður á því, að nauðsynlegt hafi verið að leita aðstoðar tryggingafræðings við ákvörðun kröfugerðar um bætur skv. 1. lið.

Af hálfu stefndu er ekki vefengt, að þeir beri að lögum fébótaábyrgð á bótaskyldum afleiðingum slyssins, er Magnús Sævar lést. Hins vegar er því haldið fram og sýknukrafa á því reist, að annað tjón af völdum slyssins en það, sem þegar hefur verið bætt, þ. e. venjulegur útfararkostnaður, sé ekki bótaskylt.

Því er haldið fram um fyrsta lið kröfugerðar stefnanda, að ekki hafi verið leiddar að því sönnur, að Magnús Sævar hafi verið framfærandi stefnanda. Þvert á móti sé gild ástæða til að ætla, þegar gögn málsins eru virt, að stefnandi hafi verið fjárhagslega sjálfstæð. Að vísu megi ætla, að Magnús Sævar hafi lagt nægilega til heimilis móður sinnar vegna búsetu sinnar þar, fæðis, þjónustu og þess háttar. Hins vegar sé ekki ástæða til að ætla, að þar hafi verið um að ræða meira en greiðslu á kostnaði. Góðar atvinnutekjur hans fyrir slysið skeri ekki úr um þetta efni. Beri að hafa í huga, að næsta algengt sé, að ungt fólk á aldri Magnúsar Sævars, er hann féll frá, eigi nóg með sjálft sig fjárhagslega, þótt það hafi góðar tekjur. Einnig geti stofnun eigin heimilis verið á næsta leyti. Við mat á atriði því, sem hér er til úrlausnar, beri að leggja höfuðáhersluna á það, hvort hagir stefnanda séu slíkir, að hún geti séð sér og framfærsluskyldum börnum sínum farborða. Í því sambandi beri og að líta til þess, að samkvæmt framfærslulögum séu börn skyld að aðstoða foreldra sína að því marki, að þeim sé skylt að ala önn fyrir þeim, ef þau eru um það fær og að því leyti sem þörf er. Um stefnanda sé það að segja, að hún hafi verið 39 ára, er sonur

hennar féll frá. Samkvæmt skattframtölum eigi hún eigin íbúð, þar sem hún búi. Hún sé sem næst skuldlaus. Ekki sé vitað annað en hún sé heilsuhraust og hafi að minnsta kosti unnið fyrir meðaltekjum reglulega næstu árin fyrir slysið og hún hafi nú góða atvinnu. Þá séu tvær af dætrum hennar uppkomnar og hinar komnar vel á legg. Er því haldið fram, að ósannað sé, að Magnús Sævar hafi verið fyrirvinna stefnanda eða framfærandi heimilis hennar. Því hafi stefnandi ekki misst framfæranda við fráfall sonar síns og sé ekki fyrir hendi bótaréttur byggður á þeim grundvelli, sbr. 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, og ekki sé heldur um að ræða bótarétt fyrir röskun á stöðu og högum skv. niðurlagsákvæði sömu málsgreinar. Af hálfu stefndu er fjárhæð þessa hluta kröfugerðar stefnanda einnig mótmælt sem allt of hárri og órökstuddri. Fjárhæðin sé byggð á því, hverjar bætur stefnandi hefði fengið samkvæmt samningsbundinni slysatryggingu og á grundvelli 35. gr. laga um almannatryggingar, ef Magnús Sævar hefði látið lífið í vinnuslysi. Slíkur samanburður eigi ekki við rök að styðjast.

Því er haldið fram að því er varðar útfararkostnað í kröfugerð stefnanda, að Samvinnutryggingar g/t hafi þegar greitt kr. 160.000 til fullnustu venjulegs útfararkostnaðar og hafi ekki staðið á þeirri greiðslu. Mismunur á þeirri fjárhæð og útfararkostnaði samkvæmt kröfugerð stefnanda, þ. e. kr. 169.186, sé kostnaður við erfisdrykkju og kostnaður við legstein. Þau gjöld séu umfram venjulegan útfararkostnað og beri stefndu ekki að greiða þær fjárhæðir. Útfararkostnaður sé alveg sérstakur að því leyti, að hann falli til við lát hvers manns og komi því til sögunnar fyrr eða seinna. Af því meðal annars sé því ástæðulaust að telja til útfararkostnaðar í þessu samhengi annað og meira en það, sem séu nauðsynleg og hefðbundin útgjöld, þ. e. hinn almenna útfararkostnað.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að með öllu hafi verið óþarft að leita aðstoðar tryggingafræðings til að finna grundvöll fyrir fjárhæð kröfu stefnanda samkvæmt 1. kröfulið. Því sé kostnaður því samfara stefndu óviðkomandi.

Fram er komið, að á árinu 1973 námu vinnutekjur stefnanda kr. 374.457, árið 1974 voru þær kr. 529.620, og árið 1975 námu þær kr. 666.851, en meðlag og mæðralaun námu kr. 426.000. Árið 1976 námu vinnutekjur stefnanda kr. 899.532 og mæðralaun kr. 109.831. Stefnandi taldi ekki fram til skatts á árinu 1978, og voru tekjur hennar 1977 áætlaðar af skattayfirvöldum kr.

1.200.000. 1978 námu vinnutekjur stefnanda kr. 2.060.975 og mæðralaun kr. 109.831.

Einnig er fram komið, að vinnutekjur Magnúsar Sævars árið 1973 námu kr. 545.250, 1974 námu þær kr. 518.644 og árið 1975 kr. 1.579.976.

Stefnandi hlaut arf eftir son sinn, og nam hann að frádregnum skuldum kr. 164.118.

Af skattframtölum Magnúsar Sævars kemur fram, að hann hefur meðal annars stundað sjómennsku og að hann hafi árið 1973 verið á sjó í 20 vikur, 23 vikur árið 1974 og 47 vikur árið 1975. Er ágreiningslaust, að hann hafi verið skipverji á b/v Stálvík, er hann lést.

Verður nú tekin afstaða til einstakra liða í dómkröfu stefnanda.

Um 1. Við lát Magnúsar Sævars stóð móðir hans eftir með þrjú yngstu börnin, dæturnar Vilborgu Rut 12 ára, Þóru 13 ára og Guðnýju Ólöfu 17 ára. Hefur hún lýst högum sínum, og einnig hafa þeir komið fram í skjölum málsins, svo sem rakið hefur verið. Hún hefur skýrt frá því, í hverju framlög Magnúsar Sævars til heimilisins voru fólgin. Fram er komið, að Magnús Sævar hefur dvalið langtímum saman við vinnu sína á fiskiskipum, þar sem ætla má, að hann hafi fengið viðurværi sitt. Það liggja að vísu ekki fyrir upplýsingar um það, hverjum fjárhæðum framlög Magnúsar Sævars til heimilisins hafa numið. Þrátt fyrir það þykir mega telja, að hann hafi stutt móður sína við að sjá heimilinu farborða og að svo hefði enn orðið um skeið, á meðan yngri dæturnar voru að komast til frekari þroska. Þykir mega líta svo á, að við lát Magnúsar Sævars hafi móðir hans misst framfæranda í skilningi 264. gr. laga nr. 19/1940 og eigi hún samkvæmt því rétt á bótum úr hendi stefndu. Með þessum kröfulið er krafist bóta fyrir tjón, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir við lát sonar síns. Verður fjárhæð bóta samkvæmt þessum lið ekki byggð á því, hver fjárhagsstaða stefnanda hefði orðið, ef Magnús Sævar hefði látist við aðrar aðstæður, þ. e. ef um vinnuslys hefði verið að ræða. Bætur sem þessar verður að meta eftir ástæðum tjónþola hverju sinni. Með hliðsjón af því, sem fram er komið um framlög Magnúsar Sævars til heimilis móður sinnar og aðstæður hennar, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 600.000.

Um 2. Kröfuliður þessi byggist á því, að af hálfu stefndu hafi ekki verið fallist á að greiða kostnað við erfisdrykkju eftir Magn-

ús Sævar og kostnað við legstein á leiði hans. Stefndi Samvinnutryggingar g/t hefur þegar greitt kr. 160.000 í útfararkostnað. Hafa mótmæli gegn þessum kröfulið þegar verið rakin hér að framan. Til samanburðar hafa verið lögð fram gögn af hálfu stefndu um útfararkostnað við Kirkjugarða Reykjavíkur í mars 1976, en án kostnaðar við erfisdrykkju og legstein. Nemur hann kr. 48.850. Þykir samanburður þessi ekki vera einhlítur við ákvörðun eðlilegs útfararkostnaðar á Siglufirði. Krafan um kostnað við erfisdrykkju er ekki studd gögnum. Með hliðsjón af mótmælum, sem fram hafa komið af hálfu stefndu, þykir því ekki unnt að taka þennan þátt í kröfugerð stefnanda til greina. Fram eru komin gögn um kaup á legsteini á leiði Magnúsar Sævars og áletrun á hann, samtals kr. 62.874. Frágangur á leiði er eðlilegur útfararkostnaður, þar með talin kaup á venjulegum legsteini og áletrun á hann. Hefur ekki verið sýnt fram á, að fjárhæð sú, sem hér er krafist, sé óeðlilega há, og verður hún því tekin til greina. Hluti fjárhæðar þessa kröfuliðar er kostnaður við flutning legsteins frá Reykjavík til Siglufjarðar. Ekki liggja fyrir gögn um þennan kostnað, og þykir því ekki unnt að taka hann til greina með hliðsjón af mótmælum, sem fram hafa komið af hálfu stefndu. Samkvæmt þessu verður kröfuliður þessi tekinn til greina með kr. 62.874.

Um 3. Samkvæmt þessum kröfulið er krafist greiðslu kostnaðar við aðstoð tryggingafræðings til að leggja grundvöll að kröfugerð undir 1. kröfulið kröfugerðar stefnanda. Mótmæli gegn þessum kröfulið hafa þegar verið rakin. Aðstoð þessi var annars vegar fólgin í því að láta í té upplýsingar um bætur, sem komið hefðu til, ef Magnús Sævar hefði látist af völdum vinnuslyss. Hins vegar var aðstoðin fólgin í því að reikna verðgildi bóta, sem dæmdar voru í máli um hliðstætt efni með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 39/1942, sem kveðinn var upp 27. janúar 1943. Eins og áður er rakið, verður ekki á því byggt, hverjar bætur hefðu fallið til stefnanda, ef Magnús Sævar hefði látist af völdum vinnuslyss. Ákvörðun bóta, sem fjallað er um í 1. kröfulið kröfugerðar stefnanda, byggist á málsatvikum í hverju máli. Gegn mótmælum, sem fram hafa komið af hálfu stefndu, þykir því ekki unnt að taka kröfulið þennan til greina.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 662.874 með 13% ársvöxtum af kr. 600.000 frá 6. mars 1976 til 22. júní s. á., af kr. 662.874 frá

þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndu og einn fyrir alla og allir fyrir einn málskostnað, sem ákveðst kr. 225.000, og skal hann renna í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af rekstri máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 210.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Guðbrandsson, Sturlaugur Kristjánsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Kolbrúnu Eggertsdóttur, kr. 662.874 með 13% ársvöxtum af kr. 600.000 frá 6. mars 1976 til 22. júní s. á., af kr. 662.874 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 225.000 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 210.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1982.

Nr. 161/1981. **Sveinn Hallur Másson og Hagtrygging h/f**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Pálma Haraldssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 31. júlí 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Enginn ágreiningur er um fjárhæðir í máli þessu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda óskipt 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sveinn Hallur Másson og Hagtrygging h/f, greiði stefnda, Pálma Haraldssyni, óskipt 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. febrúar sl., höfðaði Pálmi

Haraldsson, Sæviðarsundi 86, Reykjavík, gegn Sveini Halli Mássyni, Kirkjustíg 3, Grindavík, og Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, með stefnu, birtri 28. október 1980.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 5.990.00 með 35% ársvöxtum frá 5. júlí 1980 til 30. október s. á., en með hæstu innlánsvöxtum lánastofnana, dómvöxtum, frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að mati dómsins. Til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, m. a. á grundvelli ábyrgðarskiptingar, og málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar með aðiljum, en án árangurs.

MÁLAVEXTIR.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 5. júlí 1980 varð árekstur á milli bifreiðarinnar Ö 4667, sem er Toyota fólksbifreið, eign stefnda Sveins Halls, og bifreiðarinnar R 42736, sem er Ford Cortina fólksbifreið, eign stefnanda, og var hann ökumaður hennar í þetta skipti. Ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 var Ingibjörg Þórarinsdóttir, Kirkjustíg 3 í Grindavík, eiginkona stefnda Sveins Halls. Bifreið stefnda var ábyrgðartryggð hjá meðstefnda, Hagtryggingu h/f.

Áreksturinn varð á götunni Elliðavogi, skammt austan við Sætún. Rökkvað var, skýjað og úrkoma.

Stefnandi kom fyrir dóminn 2. febrúar sl. og gaf skýrslu. Hann gaf skýrslu fyrir lögreglunni í Reykjavík, þegar slysið varð, svo og 24. júlí 1980.

Báðum bifreiðunum var ekið eftir Elliðavogi frá austri til vesturs. Stefnandi kvaðst hafa verið að koma heiman að frá sér að Sæviðarsundi 86 og hefði hann ekið eftir Elliðavoginum og ætlað áfram Sætún og niður á Skúlagötu 70, en þangað hafi ferðinni verið heitið. Stefnandi kvaðst alltaf hafa ekið á hægri akrein Elliðavogsins og þegar áreksturinn varð, hafi hann verið á miðri akreininni og ekið á u. þ. b. 60 km hraða á klst. með ökuljósin tendruð. Þegar bifreið stefnanda var 20—30 metra frá merktum árekstursstað á vettvangsuppdrætti lögreglu, kvaðst stefnandi hafa tekið eftir tveim bifreiðum. Fremri bifreiðin hafi ætlað að beygja til vinstri, annað hvort inn í húsagötuna við

Kleppsveg eða inn á Laugarnesveg og hafi ökumaðurinn verið búinn að gefa stefnumerki um það. Ökumaður síðari bifreiðarinnar, sem verið hafi bifreið stefnda Sveins, hafi verið búinn að gefa stefnumerki til vinstri, en þegar u. þ. b. 10 metrar hafi verið á milli hennar og bifreiðar stefnanda, hafi hún beygt skyndilega til hægri í veg fyrir bifreið stefnanda. Öruggt sé, að ökumaðurinn hafi ekki gefið stefnumerki um, að hann ætlaði að beygja til hægri. Stefnandi kvað sér fyrst hafa dottið í hug að aka til hægri út af götunni, en hætt við það vegna aðstæðna og ákveðið að hemla þess í stað. Stefnandi kvaðst hafa séð, að glerbrot úr bifreiðunum hafi dreifst nokkuð jafnt yfir báðar akreinar götunnar og út fyrir þær beggja vegna. Þau hafi því ekki verið einungis, þar sem glerbrot eru merkt á vettvangsuppdrætti lögreglu.

Stefnandi kvaðst sjálfur hafa unnið að viðgerð bifreiðar sinnar og hafi hún verið inni í bílskúr í 2 mánuði á sínum vegum. Að auki hafi bifreiðin verið á verkstæði í Kópavogi í tvær vikur samfleytt og hafi viðgerðamaðurinn unnið við hana í 3—4 skipti, samtals í 46 klst. Viðgerðinni á verkstæðinu hafi eitthvað seinkað, vegna þess að hann hafi ekki átt fé í nokkra daga til þess að kaupa bretti á bifreiðina. Þá hafi bifreiðin verið á verkstæði í Brautarholti í 4 daga, þar sem hún hafi verið sprautuð, en það hafi verið einum degi lengur en nauðsyn bar til.

Stefnandi kvaðst hafa verið sölumaður á þessum tíma og notað bifreið sína í söluferðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Á söluferðum um landið hafi hann tekið bifreiðar á leigu. Stefnandi kvaðst tæplega hafa nokkuð hagnast á því að leggja til bifreið sína við atvinnuna. Stefnandi kvaðst og hafa notað bifreiðina til persónulegra þarfa. Stefnandi kvað nýjan höggvara á bifreiðina hafa kostað gkr. 80.000 í bifreiðaumboðinu.

Ingibjörg Þórarinsdóttir kom fyrir dóminn 16. febrúar sl. og skýrði svo frá, að hún hefði verið að koma frá Þingvöllum, er árekstur inn varð, og með sér í bifreiðinni hefði verið 12 ára stúlka og 1 árs drengur. Hún hefði ætlað að fara inn á Laugarásveg og haft í hyggju að beygja til vinstri inn á Laugarnesveg í því skyni, en minntist þess ekki að hafa gefið stefnuljós til vinstri. Ekki ýkja langt á undan sér, eða um 10 metra, hafi verið bifreið, sem ætlað hafi að beygja inn í húsagötuna við Kleppsveg. Ingibjörg sagðist hafa hætt við að beygja inn á Laugarnesveg og ákveðið að halda áfram vestur Sætún og því hafi hún ætlað að beygja yfir á hægri akrein Elliðavogs, en ekki gefið

stefnuljós um þá beygju. Ingibjörg sagðist hafa litið í baksýnisspegil bifreiðarinnar til þess að aðgæta, hvort hún sæi einhverjar bifreiðar á eftir sér, en hún hafi enga séð. Hún hefði ekið á u. þ. b. 20—30 km hraða. Hún hefði hreinsað rúður bifreiðar sinnar rétt áður við bensínsöluna Nesti. Ingibjörg kvaðst vera sannfærð um, að hún hafi aðeins verið komin að miðlínu Elliðavogs, en ekki yfir á hægri akrein götunnar, þegar áreksturinn varð, og taldi, að bifreið sín hefði verið samsíða miðlínunni. Hún kvaðst halda, að hún hefði ekki stöðvað bifreið sína fyrr en á þeim stað, þar sem hún er sýnd á vettvangsuppdrætti lögreglu. Hún hefði gengið til baka að árekstursstaðnum og séð, að glerbrot voru á götunni, þar sem þau eru sýnd vera á vettvangsuppdrætti lögreglu, og sömuleiðis uppi á eyju við Kleppsveginn. Hún kvaðst hafa litið yfir á hægri akrein Elliðavogs, en ekki séð glerbrot þar, en kvaðst ekki hafa skoðað það sérstaklega.

Í skýrslu lögreglunnar í Reykjavík um áreksturinn er eftirfarandi haft eftir Ingibjörgu:

„Ökumaður Ö-4667 kvaðst hafa ekið vestur Elliðavog, fyrst á hægri akrein og síðan á vinstri akrein með fyrirhugaða aksturs-stefnu suður Laugarnesveg. Hann kvaðst hafa ekið næst á eftir annarri bifreið, sem síðan var beygt til vinstri að húsagötu við Kleppsveg rétt austan gatnamóta Laugarnesvegar. Þegar ökumaður þeirrar bifreiðar hefði dregið úr hraða, kvaðst hann hafa sveigt yfir á hægri akrein og ákveðið að fara heldur vestur Sætún. Áður en hann sveigði yfir á hægri akrein, kvaðst hann hafa litið í baksýnisspegil og ekki séð neina bifreið koma á eftir og því ekki vitað um R-42736, fyrr en árekstur varð."

Ingibjörg gaf skýrslu fyrir lögreglunni 25. júlí sl., og er þar m. a. eftirfarandi haft eftir henni:

„Varðandi skýrslu lögreglunnar vil ég segja það, að ég var mjög miður mín eftir áreksturinn, og þegar lögreglan fór að spyrja mig, svaraði ég með jái eða neii. Ég vil því ekki segja beint, að rangt sé eftir mér haft í skýrslu lögreglunnar, en framburður minn þar gefur ekki rétta mynd af því, sem gerðist. . . . Ég var komin að miðlínu götunnar, þegar áreksturinn varð, en eftir áreksturinn fór ég yfir á hægri akreinina og stöðvaði bifreiðina á henni. . . . Mætta er ítrekað spurð um, hvar árekstur-inn hafi orðið á götunni, og í því sambandi bent á fyrri framburð varðandi það atriði. Áminnt um sannsögli kveðst hún ákveðin í að halda sig við það, að hún hafi ekki verið komin yfir ak-

reinalínuna, þegar áreksturinn varð. Mætta segir, að hún hafi jú sagt lögreglunni, að hún hafi beygt yfir á hægri akrein, en hafi þeir skilið það þannig, að það hafi verið fyrir áreksturinn, hafi þeir misskilið sig.

Varðandi glerbrotin á götunni segir mætta, að þau hafi verið á vinstri akreininni og hvergi annars staðar nema smávegis á umferðareyjunni. Mætta segist muna vel eftir því að hafa gengið með lögreglumönnunum og hinum ökumanninum og skoðað glerbrotin á götunni. Annar lögreglumaðurinn hafi þá sagt, að greinilegt væri, að þarna væri árekstursstaðurinn. Mætta segist hafa skilið það þannig, að greinilegt væri, að áreksturinn hefði orðið á vinstri akrein, enda hefðu glerbrotin verið þar."

Stefnandi taldi í bæði skiptin, sem hann gaf skýrslu fyrir lögreglu, þ. e. þegar áreksturinn varð svo og 24. júlí sl., að bifreiðin Ö 4667 hefði að mestu leyti verið komin yfir miðlínu götunnar og í veg fyrir sig, en um það bil 10 metrar hefðu þá verið á milli bifreiðanna, en hann hefði ekið eftir hægri akreininni.

Lögð hefur verið fram í málinu ódagsett framhaldsskýrsla lögreglunnar í Reykjavík um árekstur þennan, undirrituð af Guðmundi M. Guðmundssyni rannsóknarlögreglumanni. Skýrslan er svohljóðandi:

„Vegna uppdráttar, sem undirritaður gerði af vettvangi, þar sem árekstur hafði orðið með bifreiðunum R-42736 og Ö-4667 (lögregluskýrsla S-1484/80) þann 5. 7. 1980, vil ég taka fram:

Þar sem bifreiðunum hafði verið ekið nokkurn spöl eftir óhappið, inntum við ökumennina eftir því, hvar áreksturinn hefði átt sér stað. Kváðu þeir báðir, að árekstursstaðurinn væri nokkru austar en bifreiðarnar voru stöðvaðar. Gengum við síðan með ökumönnunum aftur fyrir bifreiðarnar að þeim stað, þar sem glerbrot voru á götunni. Töldu báðir ökumennirnir, að þar hefði áreksturinn orðið.

Í skýringum við vettvangsuppdráttinn stendur C-sagður árekstursstaður. Með því vildi undirritaður, að fram kæmi það, að ökumennirnir hefðu verið sammála um, að árekstursstaðurinn hefði verið um það bil 60 metrum fyrir aftan þann stað, sem R-42736 var stöðvuð eftir óhappið. Ekki var ætlast til með þessari skýringu, að C væri nákvæmur staður, þ. e. a. s. hvar á götunni bifreiðarnar voru staðsettar, þegar áreksturinn varð.

Í skýrslu um atburðinn, sem gerð er af Berki Skúlasyni, rannsóknarlögreglumanni, er haft eftir ökumanni Ö-4667, að hann hefði sveigt af vinstri akrein Elliðavogs yfir á þá hægri, en öku-

maður R-42736 kveðst hafa ekið eftir hægri akreininni. Ætla má, að óhappið hafi átt sér stað, þegar Ö-4667 var færð á milli akreina, en hvorugur ökumannanna tjáir sig um nákvæma staðsetningu bifreiðanna, segir sig sjálft, að undirritaður getur ekki gert það að öðru leyti en að staðsetja glerbrotin á götunni og benda á, að báðir ökumennirnir voru sammála um það, að þar hefði óhappið átt sér stað, án þess að um nákvæma staðsetningu væri að ræða."

Um skemmdir á bifreiðunum segir svo í skýrslu lögreglunnar: „Sjáanlegar skemmdir voru: Ö-4667 hægra afturaurbretti dældað og gengið fram, afturhöggvari, svunta og ljósker hægra megin að aftan brotið. R-42736 vinstra framaurbretti dældað, framhöggvari og aðalljósker brotið."

Um kröfugerð stefnanda og sundurliðun á kröfum segir eftirfarandi í greinargerð hans.

„Fyrir liggur mat á viðgerðarkostnaði, sem framkvæmt var á vegum Hagtryggingar h.f., þ. e. skemmdalýsing og áætlun um viðgerðarkostnað, sem starfsmaður félagsins framkvæmdi. Byggir stefnandi kröfu sína um greiðslu á viðgerðarkostnaði á þessari skoðunargerð, enda þótt hann telji viðgerðarkostnaðinn um sumt vanreiknaðan.

Samkvæmt tjónsáætlun þessari er gert ráð fyrir 25 klst. viðgerðartíma, kr. 150.000,00, kostnaði við málun kr. 80.000,00, og kostnaði við öflun varahluta kr. 189.000,00. Í upptalningu varahluta vantar verð á stuðara, en þann lið reiknar stefnandi kr. 80.000,00, og hækkar varahlutaliðurinn um þá fjárhæð og verður kr. 269.000,00. Samtals nemur þá viðgerðarkostnaðurinn kr. 499.000,00.

Ljóst er, að stefnandi varð fyrir verulegu og tilfinnanlegu tjóni vegna afnotamissis. Þann lið reiknar stefnandi kr. 100.000,00."

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því staðfastlega haldið fram, að hann hafi ekið bifreið sinni eftir hægri akrein Elliðavogs, enda hafi ekkert komið fram í gögnum málsins, sem bendi til annars. Ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 hafi þvert á móti borið fyrir dóminum, að hann hafi litið í baksýnisspegil bifreiðar sinnar, áður en hann sveigði yfir á hægri akrein Elliðavogs, og enga umferð

séð á eftir sér, sem mundi hafa verið óhjákvæmilegt, hefði stefnandi ekið eftir vinstri akreininni.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 beri alla sök á árekstrinum og hún sé í því fólgin, að hann hafi beygt af vinstri akrein Elliðavogs yfir á þá hægri án þess að aðgæta nokkuð umferð eftir þeirri akrein og þar með ekið í veg fyrir stefnanda. Ökumaðurinn hafi nýlega verið búinn að gefa stefnuljós um, að hann ætlaði að beygja til vinstri, og ekki gefið stefnuljós um, að hann ætlaði þess í stað að beygja til hægri yfir á hægri akreinina. Telja verði þetta aksturslag sérlega gálaust og vítavert. Útilokað hafi verið fyrir stefnanda að forða árekstrinum (sic).

Ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 hafi í frumskýrslu sinni fyrir lögreglu lýst því, að hann hafi beygt yfir á hægri akrein, en þá hafi lögreglan að sjálfsögðu verið að spyrja um, hvernig áreksturinn hafi atvikast, en ekki, hvað ökumaðurinn hafi haft í hyggju, áður en áreksturinn varð. Í síðari skýrslu ökumannsins fyrir lögreglu telji hann ekki beinlínis rangt eftir sér haft og ekki sé hægt að byggja neitt á þeim lagfæringum, sem ökumaðurinn reyni að gera á framburði sínum eins og hann sé í frumskýrslunni. Þá verði og að líta til þess, að ökumaðurinn geti vart talist dómbær um það, hvar bifreið hans hafi nákvæmlega verið staðsett, þegar áreksturinn varð, enda hafi hann ekið viðstöðulaust af árekstursstaðnum. Hitt sé aftur upplýst, að ökumaðurinn hafi verið að skipta um akrein, þegar áreksturinn varð. Þannig verði að telja tvímælalaust, að áreksturinn hafi orðið á hægri akrein götunnar.

Í þessu sambandi skipti ekki máli, þótt á vettvangsuppdrætti lögreglunnar séu glerbrot sýnd á vinstri akrein, enda sé þeim ekki ætlað samkvæmt viðbótarskýrslu lögreglunnar að sýna, hvar áreksturinn hafi orðið, heldur einungis hversu langt var frá bifreiðunum, þar sem þær námu staðar eftir áreksturinn, að árekstursstaðnum.

Þótt hraði stefnanda hafi verið lítillega yfir hámarkshraða á götunni, þá dragi það ekki úr sök ökumanns bifreiðarinnar Ö 4667. Þótt hjólbarðar bifreiðar stefnanda séu sagðir slitnir, þá þýði það engan veginn, að þeir hafi verið ónothæfir.

Stefnandi byggi fjárkröfur sínar að mestu leyti á mati stefnda Hagtryggingar h/f á viðgerðarkostnaði á skemmdunum. Verð á framhöggvara bifreiðarinnar hafi ekki verið kunnugt, þegar

matið fór fram, en síðar hafi komið í ljós, að höggvarinn hafi kostað gkr. 80.000.

Stefnandi hafi orðið fyrir verulegum afnotamissi á viðgerðartímanum og sé tjón hans af þeim sökum ekki ofreiknað.

Stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekkert hafi verið athugavert við akstur ökumanns Ö 4667. Hann hafi ekið á hægri ferð og haft í hyggju að beygja yfir á hægri akrein Elliðavogs. Áður en af því hafi orðið, hafi stefnandi ekið bifreið sinni aftan á bifreiðina Ö 4667. Á því verði að byggja, að stefnandi hafi ekið eftir vinstri akrein Elliðavogs, a. m. k. að hluta til, annað sé ósannað. Því hafi hér verið um að ræða venjulega aftanákeyrslu, sem stefnandi beri alla ábyrgð á. Einu merkin um árekstursstaðinn, sem sést hafi á vettvangi, hafi verið glerbrot og hafi þau öll verið á vinstri akrein götunnar. Annað framljósker bifreiðar stefnanda og annað afturljósker bifreiðarinnar Ö 4667 hafi brotnað og sé þar ekki um svo mikið magn af gleri að ræða, að það hafi getað dreifst víða, eins og stefnandi vilji vera láta. Skýrslu lögreglu um áreksturinn sé ekki hægt að skilja á annan veg en þann, að árekstursstaðurinn hafi verið, þar sem glerbrotin séu merkt á vettvangsuppdrætti. Stefnandi hafi verið á miklum hraða, hjólbarðar bifreiðar hans slitnir og vel geti verið, að bifreið hans hafi runnið til vinstri. Ekki sé að finna neitt ósamræmi í skýrslum ökumanns Ö 4667 fyrir lögreglu og engin ástæða til þess að tortryggja frásögn hans.

Ef ekki verði fallist á, að stefnandi beri alla sök á árekstrinum, eigi að skipta sök á milli ökumannanna.

Varðandi kröfur stefnanda sé óeðlilegt að reisa þær á mati í stað þess að leggja til grundvallar eiginlegan viðgerðarkostnað. Verði á framhöggvara bifreiðarinnar sé mótmælt sem of háu svo og kröfu um bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar, sem sé alltof há.

FORSENDUR OG
NIÐURSTAÐA.

Árekstur sá, sem um er deilt í máli þessu, varð á götunni Elliðavogi u. þ. b. 30 metrum austan við mót hennar og gatnanna Sætúns og Laugarnesvegar. Árekstursstaðurinn er og nokkrum metrum austan við innkeyrslu frá Elliðavogi inn á Kleppsveg og húsagötu, er liggur samsíða Kleppsvegi. Um þetta er ekki deilt

í málinu, heldur hitt, á hvorri akrein götunnar, sem er með einstefnu í vesturátt, áreksturinn varð.

Báðum bifreiðunum var ekið eftir Elliðavogi frá austri til vesturs, eins og aksturssstefna á götunni gerir ráð fyrir. Bifreiðinni Ö 4667 var ekið eftir vinstri akrein götunnar. Stefnandi heldur því staðfastlega fram, að hann hafi ekið eftir hægri akrein götunnar, en það er dregið í efa af stefndu og því haldið fram, að bifreið stefnanda hafi, þá er áreksturinn varð, verið á vinstri akrein götunnar, a. m. k. að hluta til. Til stuðnings þessari staðhæfingu benda stefndu á, að glerbrot úr bifreiðunum séu á vettvangsuppdrætti lögreglu sýnd vera á vinstri akrein götunnar og beri það ótvírætt vott um, að þar hafi áreksturinn orðið.

Samkvæmt því, sem fram kemur í framhaldsskýrslu lögreglunnar í Reykjavík um áreksturinn, þykir ekki unnt að byggja á því, þegar önnur atvik málsins eru höfð í huga, að árekstursstaðurinn hafi verið nákvæmlega, þar sem glerbrot eru merkt á uppdrættinum. Má og í þessu sambandi líta til framburðar ökumannanna um þetta atriði, en ökumaður Ö 4667 segist einnig hafa séð glerbrot uppi á umferðareyjunni á milli Elliðavogs og Kleppsvegar, og stefnandi segist hafa séð glerbrot á hægri akrein götunnar uppi á gangstétt hægra megin hennar.

Upplýst er, að ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 ætlaði að beygja yfir á hægri akrein Elliðavogs og aka áfram vestur Sætún. Í frumskýrslu fyrir lögreglu er haft eftir ökumanni Ö 4667, að hann hafi beygt yfir á hægri akreinina, en í síðari skýrslu sinni fyrir lögreglu kvaðst ökumaðurinn ekki hafa verið kominn yfir á þá akrein, þegar áreksturinn varð. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa gefið stefnubreytinguna til hægri til kynna með stefnumerki. Hann sagðist enn fremur hafa litið í baksýnisspegil bifreiðar sinnar, áður en hann beygði, og enga umferð séð koma á eftir sér. Verður staðhæfing stefndu um, að bifreið stefnanda hafi verið ekið a. m. k. að hluta til á vinstri akrein götunnar illa samræmd þessari frásögn ökumannsins, því að hefði svo verið, hefði hann átt að koma auga á bifreið stefnanda. Ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 kvað bifreið sína hafa verið komna upp að miðlínu götunnar og hafa verið samsíða henni, þegar áreksturinn varð. Sé aftur litið til glerbrotanna, sem merkt eru á vettvangsuppdrætti lögreglu, kemur í ljós, að glerbrotadreifin eru sýnd byrja fyrst í u. þ. b. 1½ meters fjarlægð frá miðlínu, og þykir það fyrir utan framannefnda fram-

haldsskýrslu lögreglunnar enn frekar benda til þess, að ekki sé hægt að byggja á því, að árekstursstaðurinn hafi verið, þar sem glerbrotin eru merkt á vettvangsuppdrættinum. Í þessu sambandi ber að líta til þess, að hægra afturhorn bifreiðarinnar Ö 4667 og vinstra framhorn bifreiðar stefnanda rekast saman, sem sýnir, að bifreið stefnanda hefur að verulegu leyti verið til hægri við bifreiðina Ö 4667.

Þegar framangreind atvik eru höfð í huga, þykir verða að byggja á því, að áreksturinn hafi orðið með þeim hætti, að ökumaður bifreiðarinnar Ö 4667 hafi beygt yfir á hægri akrein í veg fyrir bifreið stefnanda, og hefur hann með því gerst brotlegur við 4. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. svo og 2. mgr. 52. gr. laga nr. 40/1968, þar sem hann gaf ekki merki um breytta akstursstefnu.

Stefnandi kveðst hafa ekið á 60 km hraða, en hámarkshraði á götunni er 50 km. Ekki er leitt í ljós, að annað hafi verið athugavert við ökulag hans miðað við aðstæður, og er ekki leitt í ljós, að ökuhraði stefnanda, þ. e. 60 km á klst., hafi að einhverju leyti orsakað áreksturinn, og þykja því ekki af þeirri ástæðu efni til að skipta sök í málinu.

Stefnandi byggir kröfur sínar um bætur vegna viðgerðarkostnaðar, kr. 4.990.00, á mati, sem stefndi Hagtrygging h/f lét gera, að öðru leyti en hvað snertir verð á nýjum höggvara á bifreiðina, sem hann kveður hafa kostað gkr. 80.000. Stefnandi heldur því fram, að viðgerðarkostnaðurinn hafi numið hærri upphæð, en ekki hefur hann lagt fram reikninga um hann.

Stefndu hafa ekki hnekkt framangreindu mati, og þykir mega byggja á því. Samkvæmt upplýsingum, sem dómarinn hefur aflað sér, þykir mega leggja til grundvallar, að verð á nýjum framhöggvara hafi verið kr. 800.00.

Ljóst er, að stefnandi hefur orðið fyrir nokkrum afnotamissi. Þykja bætur fyrir hann hæfilega metnar kr. 950.00.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda in solidum, þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.150.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sveinn Hallur Másson og Hagtrygging h/f, greiði in solidum stefnanda, Pálma Haraldssyni, kr. 5.940.00 með 35% ársvöxtum frá 5. júlí 1980 til 30. október s. á., með 46% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með

hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.150.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1982.

Nr. 5/1980. **Pétur Þ. Melsteð**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Valgerði Engilbertsdóttur
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Óvígð sambúð. Fjárskipti. Skuldamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1980. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefndu gegn greiðslu á 950.00 krónum, vaxtalaust, og verði málskostnaður í héraði látinn niður falla, en stefnda dæmd til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að tildæmd fjárhæð samkvæmt héraðsdómi verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Til vara krefst hún þess, að áfrýjanda verði gert að greiða sér aðra lægri fjárhæð en greinir í héraðsdómi, og til þrautavara, að áfrýjanda verði gert að greiða sér 950.00 krónur með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 18. október 1973 til 1. ágúst 1974, 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. ágúst 1974 til 1. desember 1976, 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. desember 1976 til 1. ágúst 1977, 3% dráttar-

vöxtum á mánuði frá 1. ágúst 1977 til 1. júní 1979, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979, 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. maí 1982 og 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum tilvikum krefst stefnda málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu var lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að ekki væri á því byggt af hennar hálfu, að hún hefði öðlast neina hlutdeild í eignamyndun áfrýjanda á sambúðartímanum.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að stefnda eigi rétt á endurgjaldi úr hendi áfrýjanda fyrir vinnuframlag hennar á sameiginlegu heimili þeirra. Óumdeilt er, að áfrýjandi skuldar stefndu 950.00 krónur. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en vexti. Ber áfrýjanda að greiða vexti af fjárhæð þessari frá 29. nóvember 1973, en mál út af ágreiningi aðilja var upphaflega þingfest þann dag.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 6.000.00 krónur með 9% ársvöxtum frá 29. nóvember 1973 til 1. ágúst 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu 4.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Pétur Þ. Melsteð, greiði stefndu, Valgerði Engilbertsdóttur, 6.000.00 krónur með 9% ársvöxtum frá 29. nóvember 1973 til 1. ágúst 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu 4.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Sigurgeirs Jónssonar.

I.

Við erum sammála meiri hluta dómara um úrlausn um kröfu stefndu vegna láns hennar til áfrýjanda, nú að fjárhæð 950.00 krónur.

II.

Málssókn þessi er að öðru leyti af hálfu stefndu gagngert á því reist, að hún eigi tilkall til launa vegna vinnuframlaga á sameiginlegu heimili málsaðilja. Eru kröfur hennar eigi á því byggðar, að hún hafi öðlast hlutdeild í eignamyndun, sem varð hjá áfrýjanda, meðan sambúð þeirra stóð.

Í aðiljaskýrslu stefndu kemur glögglega fram, að hún hafi eigi litið á sig sem ráðskonu á heimili málsaðilja, enda verður staða sambúðarkonu almennt eigi virt á þann veg. Krafa hennar, sem reist er á þessum lagagrundvelli, er því eigi tæk, og ber að sýkna áfrýjanda af kröfunni, eins og hún er úr garði gerð. Svo sem málabúnaði er háttað af hálfu stefndu, verður ekki efni til að leysa úr því, hvort hún eigi tilkall

til hlutdeildar í þeirri eignamyndun, sem varð hjá áfrýjanda á sambúðartíma þeirra.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 5.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóvember 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, dagsettri 7. maí 1979, og var málið þingfest 10. maí 1979.

Stefnandi málsins er Valgerður Hanna Engilbertsdóttir, Vesturbergi 26, Reykjavík.

Stefndi er Pétur Þór Gunnlaugsson Melsted, Maríubakka 16, Reykjavík.

Stefnandi gerir nú þær dómkröfur, að „stefnda verði gert að greiða stefnanda, *aðallega,* kr. 871.594,- ásamt 9% ársvöxtum frá 6. september 1973 til 1. ágúst 1974, en með 13% ársvöxtum frá 1. ágúst 1974 til 20. nóvember 1976, en með 16% ársvöxtum frá 20. nóvember 1976 til þingfestingardags 10. maí 1979, en með dómvöxtum, sbr. l. nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Til vara er krafist greiðslu á kr. 95.000.- ásamt 1,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 18. október 1973 til 1. ágúst 1974, en með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. desember 1976, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979 og með 4,5% dráttarvöxtum fyrir hvern hafinn vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins."

Af hálfu stefnda er gerð krafa „*aðallega* um algera sýknu, að öðru leyti en því, að stefndi greiði kr. 95.000.00, sem enn og alltaf hafa staðið til boða. Jafnframt er þess krafist, að málskostnaður verði eftir atvikum látinn niður falla. *Til vara* er krafist lækkunar stefnukröfunnar eftir mati réttarins."

Samkomulag er með aðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd.

Ítrekaðar sáttaumleitanir hér fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Þetta ágreiningsmál hefur áður verið til meðferðar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað

upp dóm í málinu 20. nóvember 1975. Stefndi áfrýjaði þeim dómi. Með dómi Hæstaréttar 7. mars 1978 felldi Hæstiréttur héraðsdóminn úr gildi og vísaði málinu frá héraðsdómi. Stefnandi höfðaði nýtt mál 6. júní 1978, en það mál var fellt niður 25. apríl 1979. Er ágreiningsefni þetta því nú í þriðja sinn lagt fyrir bæjarþingið til dómsmeðferðar.

I.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þessa leið:

„Málavextir eru í stuttu máli þeir, að hinn 15. október 1970 hófu stefnandi og stefndi sambúð að Maríubakka 16, Rekjavík, með væntanlegt hjónaband í huga. Eftir tæplega þriggja ára sambúð, eða þann 6. september 1973, slitnaði uppúr samvistum þeirra, og stefnandi fór burt af heimilinu ásamt dóttur þeirra, Ragnheiði, fæddri 6. maí 1971. Á sambýlistímabilinu rugluðu þau saman fjárreiðum sínum á margvíslegan hátt, en aðalverkefni stefnanda var, auk þess að vinna úti, að kosta daggæslu dótturinnar, kaupa mat í heimilið, föt á sig og barnið, kaupa heimilistæki, ef afgangur var, og síðast en ekki síst að hugsa um heimilið. Stefnandi lagði nokkrum sinnum verulegar fjárhæðir í vissa áfanga vegna íbúðarinnar, svo og til bílkaupa, og er getið um þær fjárhæðir á skattskýrslu, þ. e. samtals kr. 130.000,- um áramót 1972—1973.

Stefnandi krefst þess aðallega, að stefndi greiði henni fyrir vinnuframlag hennar á heimili þeirra, og beri þá að hafa í huga fjárframlög hennar til heimilishaldsins, framfærslu dóttur þeirra og þá aðstoð, er hún veitti stefnda við að eignast íbúð og nýja bifreið, og að auki viðurkennda skuld kr. 95.000,-.

Til vara er krafist endurgreiðslu á þessari viðurkenndri skuld kr. 95.000,- auk dráttarvaxta. Stefndi hefur aðeins viljað viðurkenna kr. 95.000,- án dráttarvaxta, en ekki viljað sinna kröfum um laun vegna vinnuframlags á heimilinu né heldur upphaflegri kröfu um helmingaskipti á búi þeirra. Málsókn er því óhjákvæmileg.“

Í greinargerð hefur lögmaður stefnanda lýst málavöxtum nánar svo, „að hinn 15. október 1970 byrjuðu stefnandi og stefndi að búa saman með hjónaband fyrir augum í 3ja herb. íbúð að Maríubakka 16, Reykjavík, sem stefndi hafði þá nýlega keypt. Kaupverð íbúðarinnar mun hafa verið kr. 870.650,- og var það miðað við, að hún væri tilbúin undir tréverk. Kaupverð var greitt á eftirfarandi hátt:

1. Innborgun á kaupsamning 1969 ..... kr. 100.000,-
2. Andvirði lána frá Veðdeild L. Í. skv. veðbr. dags. 10. 2. '70 og 19. 10. '70 .... — 440.000,-
3. Andvirði annarra lána og eigið framlag á árinu 1970 ..... — 250.000,-
4. Greitt á árinu 1971 ..... — 80.650,-

Samtals kr. 870.650,-

Þegar sambúðin hófst, var því eftir að greiða hluta kaupverðs þrátt fyrir miklar lántökur stefnda á árinu. Heildarskuldir stefnda munu hafa verið 847.499,- um áramót 1970—1971. Þá var eftir að innrétta íbúðina að mestu, þegar þau fluttu, en búið var að setja upp tæki á baði, mála íbúðina lauslega og koma fyrir hurðum að baði og eldhúsi. Á sambúðartímabilinu luku þau við að innrétta íbúðina og keyptu þá m. a. eldhúsinnréttingu, teppi og skápa. Þau settu einnig gólfdúk á bað og eldhús, komu fyrir gluggastöngum, gluggatjöldum, tóku þátt í að fullklára sameign og lóð, nema hvað eftir var að malbika bifreiðastæði. Á sambúðartímabilinu eignuðust þau dóttur, sem fæddist 6. maí 1971.

Verkaskipting hjónaefnanna var með venjulegum hætti ungs fólks, bæði unnu úti, hún sem fóstra og hann á sinni eigin rakarastofu. Þegar þau eignuðust dótturina, fékk stefnandi barneignarfrí í þrjá mánuði, en þar sem um var að ræða stuttan starfsaldur, fékk hún aðeins greidd hálf laun á því tímabili. Verkefnin, sem þau unnu að fyrstu mánuði sambúðarinnar, voru að koma íbúðinni áfram og undirbúa komu barnsins. Laun stefnanda fóru aðallega í þarfir heimilisins, þ. e. matarkaup, kaup á heimilistækjum, en auk þess lagði hún fram kr. 50.000 í einu lagi í íbúðina, og var þeirri fjárhæð getið á skattskýrslum aðilanna, sem töldu fram sitt í hvoru lagi, eins og þágildandi lög kröfðust. Þá hugsaði stefnandi um allt húshald og þjónaði bæði sér og stefnda. Laun stefnda munu frekar hafa farið til að greiða af íbúðinni og kaupa bílinn, en að öðru leyti rugluðu þau alveg saman fjárreiðum sínum.

Þegar stefnandi fór aftur að vinna úti eftir fæðingu dótturinnar, sá hún henni fyrir gæslu og greiddi hana auk þess sem hún sá að mestu um heimilið og lagði enn fram kr. 30.000,- til framkvæmda við íbúðina. Sama verkaskipting hélst milli aðilja, þar til þau slitu samvistum 6. september 1973.

Brúttótekjur stefnanda voru kr. 249.009,- á árinu 1970, kr.

254.580,- á árinu 1971, kr. 311.833,- á árinu 1972 og kr. 468.889,- á árinu 1973, eða samtals á þessum fjórum árum kr. 1.284.311,-. Allar þessar tekjur, sem aflað var á sambúðartímanum, gengu til framfærslu hennar, telpunnar og stefnda. Tekjur stefnda munu hafa verið litlu meiri á tímabilinu, og reyndar munu nettótekjur hans til ráðstöfunar hafa verið minni, þegar tillit er tekið til þess, að stefndi þurfti að greiða meðlag með þremur og síðan tveim börnum á sambúðartímabilinu."

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dómi 21. nóvember 1974. Hún skýrði þá svo frá, að það hefði verið hún, sem tekið hefði af skarið og farið frá stefnda eftir nokkurra mánaða ósamkomulag, sem að miklu leyti hefði stafað af ágreiningi um fjármálin þeirra á milli, enda kvað hún stefnda hafa ýtt á eftir því, að hún færi. Hún kvað fjármálaágreining þeirra hafa byggst á því meðal annars, að hún hafi aldrei neitt fengið að vita um fjármál stefnda, hvorki tekjur hans né skuldir. Hins vegar hafi hann fengið að vita, hverjar tekjur hún hafði og hvernig þeim var varið, auk þess sem hann hafi tekið þátt í að ráðstafa þeim, t. d. með því að óska eftir, að hún legði ákveðnar fjárhæðir í þetta eða hitt, sem hann taldi, að þyrfti að gera. Stefnandi kvaðst ekki hafa átt neinar sérstakar eignir, þegar þau, hún og stefndi, hófu sambúðina, aðrar en húsgögn í eitt herbergi eða svo. Hún kvaðst hafa tekið með sér persónulega muni sína og hluti, sem hún hafði sérstaklega keypt, þegar upp úr sambúðinni slitnaði, svo sem ísskáp, þvottavél, hrærivél og borðstofusett. Verðmæti þessa kveður hún samtals hafa verið kr. 117.200, en af því hafi verið ógreiddar kr. 24.000. Í framangreindri fjárhæð kvað hún einnig hafa verið ryksugu, kr. 13.600, sem hafi verið andvirði happdrættisvinnings. Stefnandi kvað stefnda oft hafa sagt sér, að hann væri peningalaus. Hún kvað hann ekki hafa lagt það mikið til heimilisins, að hún teldi, að hann hefði getað séð fyrir því, ef hún hefði ekki unnið úti. Kvað hún sérstaklega hafa reynt á þetta í þá tæpa tvo mánuði, sem hún hafi ekki unnið úti á sambúðartímanum.

Stefnandi gaf aftur skýrslu fyrir dómi 14. mars 1979 og skýrði þá m. a. svo frá: „Stefndi flutti í íbúðina að Maríubakka 16 6. september 1970, en ég sagði upp herbergi, sem ég hafði, frá og með 15. október 1970 og flutti þá að Maríubakka 16, en ég var búin að vera meira og minna þar áður. Sambúðartímabilið er því alls ekki ofreiknað í stefnu málsins. Ég hafði lengi vel lögheimili skráð að Bakka í Ölfusi, en eftir að ég átti Ragnheiði, skömmu eftir það, skráði ég lögheimili að Maríubakka 16."

Í aðiljaskýrslu, dagsettri 9. september, hefur stefnandi m. a. tekið fram:

„Vegna greinargerðar, dómskjal nr. 18, sé ég mig knúna til að svara ýmsu, sem þar kemur fram. Það er dregið í efa, að um ástarsamband hafi verið að ræða, og er gefið í skyn, að afbrigðilegar ástæður til sambúðar hafi ráðið gerðum. Ég legg á það þunga áherslu, að það var stofnað til þessarar trúlofunar og sambúðar af *eðlilegum* ástæðum frá minni hálfu og einlægum vilja til hjúskaparstofnunar síðar. Í því sambandi vil ég benda á, að við höfðum þekkst í tæpt ár og með okkur tekist náin kynni, áður en við stigum það skref að stofna til sambúðar. Vil ég því mótmæla öllu tali um heimavistarsamning. Ég leit aldrei á mig sem þjónustu hans né matmóður. Ég tel, að um eiginlega sambúð hafi verið að ræða, ég lagði heimilinu til eins og hann auk þess að annast dóttur okkar og heimilishald, sem að nær öllu leyti hvíldi á mér. Fjármál mín hafa nú verið tekin til meðferðar og áætlað, hvernig þeim hafi verið varið á sambúðartímabilinu. Væri því fróðlegt, að á móti kæmi upplýsingar um, hvernig tekjum hans var varið á umræddum tíma. Fyrir hvaða fé hann greiddi skuldir af íbúðinni og barnsmeðlög, sem safnast höfðu fyrir. Einnig vil ég víkja að því, að bent er á kostnað við akstur á okkur mæðgum á heimili foreldra minna, og áttu þessar ferðir að koma á móti matseld og þjónustu og öðru, sem ég lagði af mörkum. Ég vil benda á, að ég lagði til fé til endurnýjunar á bifreið og einnig, sem ég hef ekki kosið að tíunda áður, að þessar ferðir gáfu okkur drjúgt í aðra hönd. Foreldrar mínir studdu mjög við bakið á okkur strax í upphafi sambýlis okkar. Þess er getið, að greiðsla á umræddum 95.000 kr. hafi staðið til boða strax frá upphafi málaferlanna. Hér er farið með ósannindi, því langt var um liðið, þegar þessar krónur voru sendar, þær voru fyrst sendar 10. febrúar 1977. Orðrétt stendur í greinargerð á bls. 4, „að þau tækju upp sambúð sem trúlofuð væru“ o. s. frv., einnig á bls. 5, „fyrir henni virðist sambandið fyrst og fremst hafa verið fjármálalegs eðlis“ o. s. frv. Ég vil því spyrja, við hvað er átt? Ég upplýsi hér, að við opinberuðum trúlofun okkar 5. desember 1970 að fúsum og frjálsum vilja beggja, lögðum ýmis framtíðarplön, eins og títt er um heitbundið fólk, og taldi ég ekki stofnað til þessarar trúlofunar af annarlegum hvötum. Varðandi ósæmilegar aðdróttanir í minn garð um ótrúmennsku og jafnvel að annar maður hafi ævinlega verið í bakhöndinni, vísa ég á bug sem tilhæfulausum uppspuna. Sá maður, sem hér

um ræðir, dvaldist meira og minna erlendis á umræddu tímabili. Og gæti ég sannað, að ekkert samband var okkar í milli á þessum tíma. Ég vil benda á, að strax er sambúð okkar lauk, fluttist ég í leiguíbúð að Leirubakka 16 ásamt systur minni, Svövu Engilbertsdóttur, sem einnig fluttist með mér í 2ja herb. íbúð mína og föður míns að Vesturbergi 26, og hélt hún heimili með mér og dóttur minni allt til sumarsins 1975. Þess má geta, að þá er ég flutti, átti ég einungis laun mín frá síðasta mánuði, en þurfti að sjálfsögðu að greiða háa upphæð í fyrirframgreiðslu. Pétur spurðist aldrei fyrir um hag okkar mæðgna, og ljóst er, að oft hefði verið þröngt í búi, ef ég hefði ekki notið aðstoðar góðra foreldra. Engar peningagreiðslur frá honum stóðu til boða þá.

Í greinargerð á bls. 5 hefur verið dregin upp mynd af fyrirmyndarheimilisföður, og vil ég sem minnst breyta þeirri mynd. Ég vil geta þess, að ég taldi, að töluverð breyting hafi orðið á högum mínum við að stofna heimili og ekki síst við að eignast barn. Þessu fylgdi mikil ábyrgð að mínu mati, sem ég vildi rækja af alúð, en sambýlismaður minn var ekki sammála, því hann sagði oft, að hann ætlaði ekki að breyta sínum lifnaðarháttum fyrir mig og barnið. Einnig vil ég benda á, að um mikla fjármálaóreiðu var að ræða, og fyrir kom, að ég var skilin eftir í myrkri með barnið, vegna þess, að vanrækt var að greiða slíkar skuldir.

Mér er borin á brýn fégræðgi, en lái mér hver sem vill, að ég loks gerði uppreisn gegn slíku.

Samfara tíðum árekstrum út af slíkum málum fóru hlýjar tilfinningar kólnandi. Í þessu sambandi kýs ég að segja aðeins eina dæmisögu varðandi ábyrgðarleysi og tillitsleysi í sambandi við afdrifaríkan atburð í sambúðinni. Ég fæddi barn okkar fimmtudaginn 6. maí 1971, og það var stoltur faðir, sem heimsótti okkur mæðgur þá, og að sjálfsögðu setti ég allt mitt traust á hann varðandi úrlausn okkar mála þessa viku sem og endranær. Ákveðið var, að hann málaði og lagfærði ýmislegt á heimilinu, áður en ég kæmi heim með barnið. Hann heimsótti mig reglulega og var hinn hressasti þar til á sunnudag, þá kom hann seint í heimsóknartíma, og spurði ég þá frétta og fékk að vita, að sá tími, sem ég var í burtu, hafði verið vel notaður, skemmtistaðir sóttir tvö kvöld og áfram skyldi haldið þá um kvöldið, en öll lagfæring heima fyrir hafði setið á hakanum. Þar sem ég átti lögheimili í Árnessýslu, þurfti að greiða fyrir dvöl mína á fæðingarheimilinu. Þegar upp var staðið eftir umræddar skemmtiferðir, voru peningar þrotnir, og þurfti hann að slá lán til að

greiða fyrir mig (sú upphæð kom síðar í formi fæðingarstyrks). Sýnir þetta glöggt ábyrgðarleysi hans í fjármálum. Hann yfirgaf mig grátandi þennan sunnudag og lét sér í léttu rúmi liggja um líðan mína. Ég tel mig vart þurfa að lýsa vonbrigðum og öryggisleysi á þeirri stundu.

Á bls. 6 í greinargerð er farið fölskum orðum um stöðu mína, útlit og heilsufar. Ég vil benda á, að aldur minn er staðreynd, en ég spyr, hvaða sannanir eru fyrir því, að ég hafi farið í gegnum þetta tímabil án tilfinningalegra áfalla og margþættra vandræða og hvaða upplýsingar liggja fyrir um andlega og líkamlega heilsu mína.

Um tímalengd sambúðar er rangt með farið, og ég vil upplýsa, að hún stóð í tæp 3 ár.

Í þessi 3 ár lagði ég allt mitt kapp á að bæta hag heimilis okkar, lagði hart að mér með vinnu, og mínum launum var ætíð ráðstafað í okkar þágu og heimilisins. En hans fjármál voru mér að mestu hulin, jafnt tekjur og hvernig þeim var varið, nema að litlu leyti svo og einstöku skuldir, t. d. meðlög. Tel ég því hér að framangreindu, að kröfur mínar séu réttmætar og á rökum reistar. Það eru mér sár vonbrigði að þurfa að tíunda hér um mín einkamál og ýmis önnur leiðindamál, sem best væru gleymd og grafin, en ég tel mig tilneydda eftir lestur greinargerðar andstæðings míns. Mál þetta er risið út af ágreiningi fyrst og fremst vegna fjármálauppgjörs við sambúðarslit, og tel ég allar aðdróttanir í minn garð ákaflega ósmekklegar."

II.

Stefndi hefur í ódagsettri aðiljaskýrslu m. a. skýrt svo frá:

„Ég tel það með öllu fráleitt að tala um vangoldið „ráðskonukaup". Valgerður var alls ekki „ráðskona", ekkert frekar en ég, (ef svo má að orði komast) við vorum sambýlisfólk og lögðum sameiginlega í heimilið, en höfðum bæði fulla vinnu úti. Það má til sanns vegar færa, að sambúð þessi hafi verið „með hjónaband fyrir augum", en þó verður að segja það eins og er, að okkur varð fljótlega ljóst, að úr giftingu gæti ekki orðið, við áttum sem sé ekki skap saman. Sérstaklega kom þetta vel fram hjá Valgerði, þar sem að hún hafði hvað eftir annað við orð að slíta sambúðinni og fara af heimilinu, sem hún að lokum gerði, ótilkvödd af minni hendi, að því er ég tel, enda þótt segja megi hér sem endranær, að sjaldan valdi einn, þegar tveir deila. Þess vegna fór það þannig, að við rugluðum ekki saman reitum okk-

ar nema að nokkru leyti, aðallega í sambandi við sjálft heimilishaldið. Valgerður byrjaði að eignast og safna sér ýmsum heimilistækjum, verðmætum mörgum hverjum, en ég hélt áfram að fullgera íbúðina, meðan við bjuggum saman, en hana hafði ég eignast árið 1969 (tilbúna undir tréverk). Bifreið átti ég einnig áður en við fórum að búa saman. Valgerður var aldrei ráðin sem ráðskona, og það var henni frá því fyrsta vel ljóst, enda vann hún fulla vinnu úti, eins og áður segir (fóstra á dagheimili). Við höfðum sameiginlegt matarhald, sem var kvöldmatur og máltíðir um helgar, en að öðru leyti borðaði hún venjulega í vinnunni. Heimilisstörfunum skiptum við á milli okkar, eins og gerist og gengur með sambýlisfólk nú orðið, ef hún var við heimilisstörf, hafði ég krakkann úti og öfugt, og innkaup og aðrir snúningar vegna heimilisins hvíldu ekki síður á mér heldur en henni. Eins og ég gat um, var heimilishaldið sameiginlegt, við lögðum bæði til heimilisins, bæði innkaup og vinnu, og er mjög erfitt að gera upp á milli okkar að því leyti. Ég átti, eins og áður segir, nokkrar eignir, er við hófum sambúð. Hins vegar átti Valgerður ekkert, þegar hún flutti til mín, annað en sófa og kommóðu, en hefur eignast í sambýlinu allmikið af verðmætum munum, svo sem ísskáp, þvottavél, hrærivél, borðstofusett o. m. fl. Þessa muni hefur hún alla tekið með sér. Ennfremur á hún hjá mér 130.000.00, sem hún lánaði mér, eins og áður segir, og tekur það reyndar tvímæli af, að við litum ekki á okkur sem sameignarfólk, enda taldi hún fram sérstaklega, hún átti og sparimerki sín, að því er ég best veit, óhreyfð."

Stefndi gaf skýrslu fyrir dómi 20. febrúar 1975, og kvað hann efni framangreindrar skýrslu sinnar vera rétt. Jafnframt skýrði hann svo frá, að hann hefði alls ekki ýtt á eftir því, að stefnandi færi, hún hafi verið búin að taka ofan hringinn og tala við lögfræðing, áður en hann hafi nokkuð vitað af því. Hún hafi að vísu verið búin að hóta því áður að slíta sambúðinni. Þá sagði stefndi, að allt það, sem stefnandi hafi lagt í íbúðina, svo sem gólfteppi, sem hún hafi borgað útborgunina í, og eldhúsinnrétting, sem hún hafi lagt fram kr. 10.000 í, hafi hún gert að eigin ósk til þess að ýta á eftir, að þetta yrði gert. Auk þess hafi hún keypt gardínustengur í tvö herbergi. Allt þetta kvað stefndi vera innifalið í þeim krónum 130.000, sem hann hafi þegar viðurkennt að skulda henni, en af þessari fjárhæð hafi hann þegar greitt kr. 35.000 með því að borga víxil fyrir stefnanda á síðastliðnu ári.

Stefndi kvað það ekki rétt hjá stefnanda, að hann hefði ekki lagt það mikið til heimilisins, að hann hefði ekki getað séð fyrir því, þótt hún ynni ekki úti. Hann kvað það geta verið dagaeða vikumun á því, hversu miklar tekjur hans væru, auk þess sem hann þyrfti stundum að borga meira í einn tíma en annan, en hins vegar hafi þau ekki lent í neinum vandræðum af þeim sökum.

Stefndi kvað kr. 50.000 af þeim kr. 130.000, sem hann hafi viðurkennt að skulda stefnanda, vera þannig til komnar, að hann hafi þurft að endurnýja bíl sinn og fengið víxil í Landsbankanum að fjárhæð kr. 50.000, sem stefnandi hafi verið samþykkjandi á, en hann útgefandinn, og hafi hún síðan greitt af víxlinum. Kvað stefndi bílinn hafa verið til sameiginlegrar notkunar fyrir þau bæði og kvaðst hafa keyrt stefnanda á hverjum morgni í vinnuna og barnið á barnaheimilið og hana sjálfa þrisvar í mánuði austur fyrir fjall til foreldra sinna.

Stefndi gaf aftur skýrslu fyrir dómi 14. mars 1979, og skýrði þá svo frá: „Auk Ragnheiðar, sem er fædd 6. maí 1971, á ég börnin Grétar, sem er fæddur 1960, Sigríði, sem er fædd 1962, og fjórða barnið, sem fæddist á milli Sigríðar og Ragnheiðar. Það barn er ættleitt. Ég greiddi með síðastgreindu barni, þar til það var ættleitt, en ég man ekki, hvenær það var ættleitt. Ég man ekki, hve mikið ég greiddi með börnunum í heild í meðlög. Ég skuldaði meðlög, þegar sambúðin hófst, en ég man ekki, hve mikið ég skuldaði í meðlög, þegar sambúðinni lauk. Ég man ekki, hvort að skuldin var hærri eða lægri í upphafi og lok sambúðartímans. Ég óska að taka fram, að ég var fluttur inn í íbúðina töluvert áður en sambúð hófst. Við vorum þó saman áður, en vorum þó ekki farin að búa saman. Valgerður var keyrð í vinnuna á sambúðartímanum á hverjum morgni og sótt líka. Ég fór með krakkann þangað, þar sem hann var í pössun. Ég krafði Valgerði aldrei um húsaleigu á sambúðartímanum. Ég átti notað teppi, sem ég setti á stofugólfið á Maríubakka 16. Eftir að við fórum að búa saman, þá vildi Valgerður, að við fengjum annað teppi, og hún borgaði útborgun í teppinu. Svo borguðum við af því til skiptis. Ég vil taka fram, að þessi útborgun í teppinu er innifalin í kr. 130.000,-, sem um ræðir í málinu."

III.

Aðalkröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að hún eigi rétt á launum fyrir vinnuframlag sitt á heimilinu. Það hafi miklu

fremur komið í hennar hlut, sem van styttri tíma utan heimilisins, að hugsa um heimilið, elda, þjóna þeim og gæta dótturinnar. Eðlilegt sé í samræmi við dómvenju að miða launin við laun matráðskvenna, sbr. bréf og útreikninga Verkakvennafélagsins Framsóknar á dómskjali nr. 6 sem og útreikninga á kröfunni á dómskjali nr. 3, en samtals séu launin kr. 776.594, að viðbættum kr. 95.000, sem er viðurkennd skuld. Þar sem ekki séu til neinar lagareglur um, hvernig skuli fara með fjárskipti félagsbúa hjóna, sem lifa í óvígðri sambúð, sé enn eðlilegra en ella að taka fullt tillit til þessarar kröfu. Stefnandi kvaðst hafa á sambúðartímanum stutt stefnda við að komast yfir 3ja herbergja íbúð og ljúka frágangi hennar svo og til að endurnýja bifreiðina. Í þessu sambandi megi nefna svokölluð lán, sem voru orðin kr. 130.000 um áramótin 1972/1973. Krónur 35.000 hafi stefndi greitt fljótlega eftir það, en núvirði eftirstöðvanna sé um ein milljón króna, ef tekið sé mið af vísitölu byggingarkostnaðar. Þá beri einnig að taka tillit til þess, að hún hafi ekki fengið greitt meðlag með dóttur þeirra né heldur mæðralaun eða sérstakan fæðingarstyrk úr hendi stefnda.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að hin umstefnda krafa sé mjög sanngjörn, þegar litið sé til málavaxta í heild, einkum þess, að brunabótamat íbúðarinnar Maríubakka 16, sem stefndi hafi fengið í sinn hlut við samvistarslitin, hafi numið kr. 10.456.000 þann 5. maí 1978, en hafi hækkað síðan.

Stefnandi vitnar sérstaklega til dóms Hæstaréttar 1978, bls. 893, kröfum sínum til stuðnings. Í þeim dómi sé sú niðurstaða staðfest, að III. kafli laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923 eigi ekki við um skipti búa hjóna í óvígðri sambúð. Vegna þessarar niðurstöðu Hæstaréttar sé nú ekki krafist í máli þessu helmingaskipta á þeim eignum, sem aðiljar málsins eignuðust á sambúðartímabilinu, en voru skráðar á nafn stefnda, þrátt fyrir að slíkt gæti talist sanngjörn réttlætiskrafa.

Stefnandi byggir fjárhæð aðalkröfu sinnar um vinnuframlag sitt á kauptöxtum Verkakvennafélagsins Framsóknar, en samkvæmt útreikningi félagsins er krafan um vinnuframlagið sem hér segir:

Árið	1970	kr. 47.027
—	1971	— 228.252
—	1972	— 275.910
—	1973	— 225.405
		Samtals kr. 776.594

Við ofangreinda fjárhæð bætir stefnandi hinni viðurkenndu skuld, kr. 95.000. Þannig verður samanlögð fjárhæð aðalkröfu stefnanda kr. 871.594, en við ákvörðun greiðslu úr hendi stefnda beri m. a. að taka tillit til þeirrar aðstoðar, sem stefnandi hafi veitt stefnda við að eignast íbúðina og nýja bifreið auk annars.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að „lífeyrir" sá, sem stefndi hafi haft til ráðstöfunar á árunum 1970, 1971, 1972 og 1973 hafi með hliðsjón af skattframtölum hans, sem liggja frammi í málinu, verið mjög lágur. Samkvæmt skattframtölum hafi stefndi haft í tekjur ofangreind ár eftirtaldar fjárhæðir: kr. 262.131 árið 1970, kr. 338.048 árið 1971, kr. 478.657 árið 1972 og kr. 616.925 árið 1973. Hefur lögmaður stefnanda reiknað út, hver „lífeyrir" stefnda hafi í reynd verið nefnd ár samkvæmt skattframtölunum. Er það niðurstaða lögmannsins, að „lífeyrir" stefnda hafi árið 1970 verið kr. 41.462, kr. 153.308 árið 1971, kr. 251.248 árið 1972 og kr. 292.509 árið 1973, og sé þá m. a. tekið tillit til skatta hans öll árin. „Lífeyrir" stefnanda nefnd ár hafi hins vegar verið kr. 127.631 árið 1970, kr. 159.903 árið 1971, kr. 257.664 árið 1972 og kr. 436.183 árið 1973 og hafi skattar þá verið dregnir frá nema síðasta árið. Af þessu sé ljóst, að stefnandi hafi haft hærri „lífeyri" til ráðstöfunar en stefndi, og beri að hafa þetta í huga við úrlausn málsins.

IV.

Því er haldið fram af hálfu lögmanns stefnda, að krafa stefnanda um að leggja beri ráðskonukaup til grundvallar við kröfugerð stefnanda fái ekki staðist, enda hafi ekki verið um neitt ráðskonusamband að ræða. Um „lagalega" eða „bótagæfa" sambúð hafi heldur ekki verið að ræða í venjulegum skilningi, þar sem sambúðartíminn hafi verið allt of skammur. Þá tekur lögmaðurinn m. a. fram: „Ekki virðist endilega haft „hjónaband fyrir augum" (kanski öðrum þræði, fyrst í stað). Um „ástasamband" aðila, á þessum tíma, liggur *ekkert* fyrir, og engin heimild til að ganga út frá einu eða neinu í þeim efnum. Enda var sambúðin af *öðrum toga* spunnin, sem nú skal greint. Það er vitaskuld, að hugtakið sambúð hefir margar merkingar, mörg tilbrigði, þó ekki falli undir þá skilgreiningu, sem hér á við, í sambandi við fjárgreiðslur eða bætur. Í því tilviki, sem hér liggur fyrir, var *einungis um að ræða matarfélag, einskonar heimavistarsamning, annað ekki.* Þyki öðrum málsaðila sambúðar sem á sig halli, *hefir hann sönnunarbyrðina,* enda var stefnanda innan

handar að tryggja sér sannanir, ef um slíkt hefði verið að ræða. Ég mótmæli því afdráttarlaust, — sem röngu, og allsendis ósönnuðu, — að stefndi skuldi stefnanda neitt frá þessum viðskiptum, nema þær 95 þús. krónur, sem aldrei hefir verið ágreiningur um og alltaf standa til boða."

Lögmaðurinn bendir á, að ráðstöfunartekjur stefnanda hafi verið um 880.000 þann tíma, sem stefnandi telji, að sambúð hafi staðið. Frá þeirri fjárhæð megi draga kr. 130.000 vegna þess, að miða verði sambúðartímann við búferlaskráningu, en stefnandi hafi átt lögheimili að Bakka í Ölfusi hjá foreldrum sínum og ekki breytt því, fyrr en eftir að barn aðiljanna fæddist. Enn fremur beri að draga frá einkainnkaup stefnanda á húsgögnum, kr. 93.200, og lánveitinguna, kr. 95.000. Eftir standi þá um kr. 560.000. Þá beri að draga frá húsaleigu í 27 mánuði, sem áætla megi kr. 80.000. Eigin fatakaup og þess háttar gjöld og fleiri megi sjálfsagt varlega áætla allan tímann kr. 100.000. Samkvæmt þessum útreikningi ætti framlag stefnanda til heimavistarinnar ekki að fara fram úr kr. 380.000. Þar af sé ekki endurkræfur matar- og framfærslukostnaður stefnanda sjálfrar og sem svarar hálfum kostnaði vegna framfærslu barnsins. Þegar þetta sé dregið frá, gefi auga leið, að lítið sé afgangs. Við þetta sé því að bæta, að vinnuframlag stefnanda hafi ekki verið umtalsvert, því ekki hafi hallast á í þeim efnum milli málsaðilja. Vinnuframlag stefnanda væri þá einasta þvottur af stefnda og hreingerning á íbúðinni, en á móti kæmi þá bílkeyrsla í einkaþágu stefnanda, ferðir austur fyrir fjall og svo framvegis.

Því er mótmælt af hálfu stefnda, að dómur Hæstaréttar 1978, bls. 893, geti verið fordæmi fyrir kröfum stefnanda í málinu, þar sem aðstæður hafi þar verið gerólíkar. Löng skrif um íbúðarkaup stefnda séu einnig allsendis utan gátta, enda hafi þau kaup verið um garð gengin, áður en stefnandi kom til. Það sé því villandi, þegar stefnandi haldi því fram, að hún hafi hjálpað stefnda til að „komast yfir íbúðina." Það rétta sé, að móðir stefnda hafi hjálpað honum mikið, á meðan hann var að festa sér íbúðina.

Varðandi sambúð og sambúðarslit almennt bendir lögmaður stefnda á, „að vitaskuld verður að gera allnokkrar kröfur eða skilyrði þess, að fjárgreiðslur (bætur) komi til greina. Sambúðin þarf að hafa verið „blívanleg", reiknað með henni til frambúðar. Það er ekki nægilegt, þótt fólk taki saman um stundarsakir, svo sem til þess að geta gefið barni, sem komið er af stað

(utan sambúðar), betri þjóðfélagslegan „status", að því er fólkinu finnst. Sambúðin þarf að hafa varað svo lengi, að gengið verði út frá, að hlutaðeigandi hafi, ef svo má segja, misst af strætisvagni í lífinu, giftingarlega og/eða atvinnulega, svo sem vegna aldurs, heilsufars o. s. frv. Og sambúðin þarf að hafa verið meira en matarfélag, eða þá ráðskonustand, gera verður ráð fyrir, að hún hafi verið tilfinningalegs eðlis að einhverju marki. Og ganga verður út frá, að hlutaðeigandi hafi verið hlunnfarin á einn eða annan máta og sambúðarslitin valdið henni óeðlilegri röskun á stöðu og högum. Ljóst er, að ekkert þessara grundvallaratriða eiga við um sambúðarslit þau, sem hér er um að tefla. Auðvitað eru þessi atriði ekki tæmandi. Það verður til dæmis að teljast ólíklegt, að sá aðilinn, sem rífur slíka sambúð, og án sannanlegs tilefnis, geti haft uppi bótakröfur, nema þá í alveg sérstökum tilfellum. „Tilefni" það, sem stefnandi ber fyrir í þessu máli, er ekki veigamikið, (stórlega ýkt þar að auki) en ber með sér, að sambúðin hefir ekki staðið djúpum rótum, a. m. k. stefnanda megin. Það er staðreynd í málinu, viðurkennd eða ómótmælt, að stefnandi rífur sambúðina, flytur burt að eigin frumkvæði og án nægilegs tilefnis og tekur síðan upp sambúð með öðrum manni. Kemur ekki til mála að láta þetta liggja í þagnargildi, þótt stefnandi vilji kalla það „einkamál", þetta er þvert á móti veigamikið atriði í málinu. Hitt er svo kanski ekki málsatriði, en má gjarnan koma fram, að því fer fjarri, að stefnandi hafi farið illa út úr þessum málum eða sé á nokkurn hátt á flæðiskeri stödd, hún er á besta aldri, hraust og vel á sig komin á allan hátt, bráðfalleg kona, vel menntuð, með góða atvinnumöguleika, enda í fastri tiltölulega vel launaðri stöðu, og svo framvegis. Sambúðarslitin hafa því ekki valdið henni röskun á stöðu og högum. Það er hinsvegar vafalaust, að í flestum ef ekki öllum málum, sem dæmd hafa verið út af sambúðarslitum, hefir það haft nokkur áhrif, óbeint, að um var að tefla umkomulítið fólk með takmarkaða möguleika í lífinu. Slíku er ekki til að dreifa í þessu máli."

V.

Niðurstaða réttarins.

Fallast ber á það með stefnanda, að stefnandi eigi rétt á greiðslu úr hendi stefnda vegna vinnuframlags stefnanda á sameiginlegu heimili þeirra, á meðan á sambúðinni stóð, en leggja ber til grundvallar, að sambúðin hafi staðið frá 15. október 1970

til 6. september 1973. Við ákvörðun þeirrar greiðslu ber í fyrsta lagi að hafa í huga, að stefnandi vann fulla vinnu utan heimilis mestallan sambúðartímann, og í öðru lagi ber að taka tillit til tímalengdar sambúðartímans. Hins vegar verður að telja, að aðiljarnir hafi notið þess að jöfnu, að barn þeirra dvaldi á sameiginlegu heimili þeirra, á meðan á sambúðinni stóð.

Aðiljar málsins unnu báðir utan heimilis og töldu hvort um sig fram til skatts þann tíma, sem þau bjuggu saman, og virðist fjárhagur þeirra hafa verið aðskilinn. Um eignauppgjör við lok óvígðrar sambúðar eru ekki skráðar lagareglur.

Telja verður nægjanlega upplýst, enda þótt sönnunarmat í slíkum tilfellum, sem hér um ræðir, sé oft mjög örðugt úrlausnar, að stefndi hafi notið stuðnings stefnanda við fjárfestingu hans á íbúðinni að Maríubakka 16, sem hann hélt eftir við sambúðarslitin. Við ákvörðun á greiðslu úr hendi stefnda til stefnanda þykir mega líta til þessa atriðis.

Þegar málavextir eru allir virtir og jafnframt tekið tillit til hinnar viðurkenndu skuldar stefnda að fjárhæð kr. 95.000, þykir stefnandi eiga rétt til greiðslu úr hendi stefnda, sem þykir hæfilega ákveðin 600.000 krónur.

Ber stefnda að greiða stefnanda ofangreinda fjárhæð með 9% ársvöxtum frá 6. september 1973 til 1. ágúst 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Um dómvexti segir svo í 1. gr. laga nr. 56/1979, að þeir „skuli vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma.“ Skýra ber þetta ákvæði 1. gr. laganna, m. a. með hliðsjón af umræðum á Alþingi, á þann veg, að dómvextir séu 34.5% ársvextir frá 14. júní 1979 til 1. september 1979 og 39.5% ársvextir frá þeim degi til dagsins í dag, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands 29. maí 1979 og 30. ágúst 1979.

Með vísan til 3. gr. laga nr. 56/1979 þykir eigi vera ástæða til að tilgreina upphæð dómvaxta í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 200.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Þór Gunnlaugsson Melsted, greiði stefn-

anda, Valgerði Hönnu Engilbertsdóttur, kr. 600.000 með 9% ársvöxtum frá 6. september 1973 til 1. ágúst 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. júní 1982.

Nr. 129/1979. **Landmælingar Íslands**
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Braga Guðmundssyni
Jóni Ernst Ingólfssyni
Dagnýju Guðmundsdóttur
Guðrúnu Ríkharðsdóttur
og Myndkorti s/f
(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Höfundaréttur. Landakort. Skaðabætur. Lögbannsgerð úr gildi felld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1979. Hann krefst staðfestingar lögbanns, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 14. febrúar 1978 við útgáfu og dreifingu einblöðungsins „Welcome to Iceland", svo og þess, að stefndu verði óskipt dæmd til að greiða honum 15.000.00 kr. með 19% ársvöxtum frá 16. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi með sama hætti málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er deilt um höfundarétt vegna útgáfu korts af Íslandi fyrir ferðamenn, sem út kom 1977 og kallast „Welcome to Iceland '77". Á kortið er skráð: „Copyright Myndkort sf. LTD.". Myndkort s/f er sameignarfélag Dagnýjar Guðmundsdóttur og Guðrúnar Ríkharðsdóttur.

Á því er byggt af hálfu áfrýjanda, að stefndu hafi með ólögmætum hætti notað tvö landabréf, sem áfrýjandi eigi höfundarétt að. Hið fyrra er í kortabókinni The Times Atlas of the World (Comprehensive Edition), sem út var gefin í London 1974. Bókin hefur að geyma upplýsingar um höfundarétt, og eftir þeim er rétturinn í höndum John Bartholomew & Son Ltd. og Times Newspapers Ltd. Íslandskortið er einnig sérstaklega merkt fyrrgreinda fyrirtækinu. Eins og í héraðsdómi segir, hefur það sent áfrýjanda upplýsingar þess efnis, að kortið af Íslandi hafi að minnsta kosti að einhverju leyti verið byggt á gögnum frá Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn, en sú stofnun gerði samning við áfrýjanda 1. mars 1973 um framsal réttinda til áfrýjanda. Engu að síður verður að fallast á það, sem í héraðsdómi segir, að áfrýjandi hafi ekki sannað, að hann hafi með samningi þeim, sem nefndur var, öðlast höfundarétt að kortinu í The Times Atlas of the World. Verða kröfur áfrýjanda í máli þessu af þeim sökum ekki byggðar á þeirri röksemd hans, sem nú hefur verið um fjallað.

Þá telur áfrýjandi, að stefndu hafi brotið gegn rétti stofnunarinnar yfir korti, sem Krákus s/f, sameignarfélag stefndu Braga Guðmundssonar og Jóns Ernst Ingólfssonar, gaf út 1976. Á það kort er skráð: „Copyright". Einnig segir á því, að útgáfan hafi verið leyfð af áfrýjanda og að það sé unnið eftir kortum Geodætisk Institut.

Því er haldið fram af áfrýjanda, að stofnunin eigi höfundarétt að korti þessu. Hafi engin mótmæli komið fram gegn því í héraði fyrr en e. t. v. við munnlegan málflutning, sem hafi verið of seint, enda hafi þá eigi lengur verið unnt að færa fram gögn hér að lútandi. Verði því að byggja á því

í málinu, að áfrýjandi eigi þennan rétt, gagnstætt því, sem talið er í hinum áfrýjaða dómi.

Af hálfu stefndu er því mótmælt hér fyrir dómi, að áfrýjandi eigi höfundarétt að kortinu frá 1976, heldur sé hann eign Kristins Helgasonar kortagerðarmanns, sem teiknað hafi kort þetta, e. t. v. með aðstoð samstarfsmanns síns eða samstarfsmanna, er á árinu 1972 hafi unnið með honum hjá áfrýjanda.

Ekki verður fallist á það með áfrýjanda, að réttarfarsástæður leiði til þess, að dóm í máli þessu beri að byggja á því, að áfrýjandi eigi höfundarétt að kortinu frá 1976. Í héraðsdómi segir, að ekki þyki hafa verið færðar sönnur að höfundarétti áfrýjanda að þeim atriðum á kortinu frá 1976, sem telja verði, að höfð hafi verið til hliðsjónar við gerð hins umdeilda korts árið eftir. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að bæjarþing Reykjavíkur hafi með þessu brotið gegn réttarfarsreglum.

Kortið, sem út kom 1976, var endurútgáfa. Það var teiknað af starfsmanni eða starfsmönnum áfrýjanda í aukavinnu og á kostnað útgefandans, Krákusar s/f. Byggja verður á því áliti héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að kortið frá 1976 beri einkenni sjálfstæðrar kortagerðar um efnisval og útlit, þótt það hljóti að vera byggt á eldri uppdráttum. Ekki hafa fyrir Hæstarétti fremur en bæjarþingi verið tilgreindir uppdrættir, sem notaðir hafa verið við gerð þessa korts.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, gerðu stefndu Bragi og Jón Ernst (gerðarþolar) sátt við áfrýjanda (gerðarbeiðanda) í fógetarétti Reykjavíkur 24. júní 1975 í máli nr. C 25/1975. Sáttin er þannig: „Gerðarþolar lýsa því hér með yfir, að þeir viðurkenna rétt gerðarbeiðanda til einkaútgáfu landakorta á Íslandi og allrar skyldrar starfsemi.

Gerðarþolar greiða með eins mánaðar víxli kr. 150.000,- fyrir útgáfurétt umdeilds landakorts, og gerir gerðarbeiðandi ekki frekari kröfur í því sambandi.

Gerðarþolum er heimilt að dreifa því upplagi landakortsins, sem nú hefur verið prentað, en skuldbinda sig jafnframt

til að eiga ekki hlut að, eða gefa út, eða dreifa neinu korti af Íslandi, í framtíðinni, án sérstaks leyfis gerðarbeiðanda . . .“

Því er ekki haldið fram af hálfu stefndu, að sátt þessi sé ógild. Hins vegar verður að fallast á það með þeim, að á henni verði ekki byggt neitt um það, hver eigi höfundarétt að kortinu frá 1976, enda felst hvorki í henni yfirlýsing um staðreyndir þar að lútandi né afsal slíks réttar.

Að því athuguðu, sem nú hefur verið rakið, verður að fallast á það með héraðsdómi, að áfrýjandi hafi ekki fært sönnur að höfundarétti sínum að þeim atriðum á kortinu frá 1976, sem kunna að hafa verið höfð til hliðsjónar við gerð þess korts, sem út var gefið 1977, en þar er fyrst og fremst um nafnasetningu að ræða. Kemur samband kortanna frá 1976 og 1977 ekki frekar til athugunar í málinu.

Á kortinu frá 1977 segir, að höfundarétt að því eigi Myndkort s/f. Verður að byggja á því. Ber því að sýkna eigendur þess félags, stefndu Dagnýju Guðmundsdóttur og Guðrúnu Ríkharðsdóttur, svo og félagið af kröfum áfrýjanda í málinu.

Eins og fyrr segir, gerðu stefndu Bragi og Jón Ernst sátt í fógetarétti 24. júní 1975. Þess er einnig áður getið, að þeir hafa ekki hreyft því í máli þessu, að þeir séu óbundnir af sáttinni. Ber því að telja, að þeir séu með henni skuldbundnir til að „eiga ekki hlut að, eða gefa út, eða dreifa neinu korti af Íslandi, í framtíðinni, án sérstaks leyfis gerðarbeiðanda“, þ. e. áfrýjanda. Fram er komið, að þeir léðu engu að síður eiginkonum sínum, eigendum Myndkorts s/f, afnot af húsnæði í Brautarholti 22 og afnot af pósthólfi Krákusar s/f, en það var sameignarfélag þeirra og hafði gefið út kort á árunum 1972—1976. Þá léðu þeir konunum afnot af spjaldskrá félagsins um auglýsendur, stefndi Bragi kom á sambandi útgefenda og teiknara, þegar undirbúin var kortaútgáfan 1977, og hafði að öðru leyti milligöngu milli þeirra að einhverju leyti. Um nokkur frekari afskipti þessara stefndu var að ræða af útgáfunni 1977. Með þessu áttu þeir Bragi og Jón Ernst hlut að útgáfunni og rufu skuldbinding-

ar sínar samkvæmt sáttinni frá 1975. Ber því að dæma þessa stefndu til að greiða áfrýjanda bætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 3.000.00 krónur með vöxtum, eins og krafist er.

Afskipti stefndu Braga Guðmundssonar og Jóns Ernsts Ingólfssonar af útgáfunni 1977 voru ekki með þeim hætti, að tekin verði til greina gagnvart þeim fremur en öðrum hinum stefndu krafa áfrýjanda um staðfestingu lögbanns.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu Dagný Guðmundsdóttir, Guðrún Ríkharðsdóttir og Myndkort s/f eiga að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Landmælinga Íslands, í máli þessu.

Stefndu Bragi Guðmundsson og Jón Ernst Ingólfsson skulu vera sýknir af kröfum áfrýjanda um staðfestingu lögbanns, en þeir greiði áfrýjanda 3.000.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 16. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að fallast beri á úrlausn héraðsdóms, að áfrýjandi teljist ekki eiga höfundarétt að uppdrætti þeim af Íslandi, sem birtur er í The Times Atlas of the World og liggur

frammi í málinu í ljósriti sem héraðsdómsskjal nr. 19. Verða kröfur áfrýjanda því ekki til greina teknar á þeim grundvelli.

Ágreiningslaust er, að áfrýjandi hefur fyrir framsal öðlast höfundarétt að því kortagerðarefni af Íslandi, sem áður var eign Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn. Uppdrátturinn á héraðsdómsskjali nr. 11 var gerður af starfsmanni áfrýjanda og, að því er ætla verður, eftir gögnum, sem áfrýjandi á höfundarétt að. Á uppdrátt þennan er prentað orðið „Copyright". Enn fremur orðin: „Worked after map from Geodætish Instituts" (sic) og „Publication permitted by The ICELANDIC SURVEY DEPARTMENT". Þegar hvort tveggja þetta er haft í huga, gætt þess ágreinings, er reis með áfrýjanda og Krákusi s/f, eftir að uppdráttur þessi fyrst var birtur, svo og sáttargerðar þessara aðilja af því tilefni, og loks sérstaklega litið til þess, að enginn hinna stefndu bar brigður á höfundarétt áfrýjanda að uppdrættinum við flutning málsins fyrir héraðsdómi, svo að séð verði, ber að leggja til grundvallar, að margnefndur uppdráttur sé háður höfundarétti áfrýjanda, sbr. 8. gr. laga nr. 73/1972.

Kemur þá næst til álita, hvort kortið á héraðsdómsskjali nr. 3 sé slík eftirgerð af uppdrættinum á héraðsdómsskjali nr. 11, að með útgáfu þess hafi verið brotið gegn þeim höfundarétti, sem áfrýjandi telst eiga samkvæmt framansögðu.

Teiknarinn, sem gerði kortið á héraðsdómsskjali nr. 3, Katrín Óskarsdóttir, hefur greint þannig frá aðferð sinni við að gera útlínur kortsins, að hún hafi dregið þær á „transfer-pappír", sem hún hafi lagt yfir uppdráttinn af Íslandi í The Times Atlas of the World. Stærðarmun kortanna skýrir hún með því, að hennar kort hafi verið smækkað í prentun. Um nafnasetningu á því korti er nægilega leitt í ljós, að þar hefur teiknarinn farið að heita má út í hörgul eftir uppdrættinum á héraðsdómsskjali nr. 11, sem honum var fenginn í hendur til að nota við verkið. Fær þetta fullnægjandi stoð í skýrslu Ágústs Guðmundssonar deildarstjóra og áliti hinna sérfróðu samdómenda í héraði. Þegar þess er gætt, til hverra nota kortin voru ætluð, verður að

telja umrædda nafnasetningu hafa verið aðalatriði þeirra beggja. Útlitsmunur kortanna að því er tekur til stærðar (mælikvarða), litamerkinga og stílfæringar á útlínum landsins, jöklum og því um líku, svo og að einhverju leyti á vegum, er hins vegar aukatriði fyrir notanda kortanna. Virðist útlitsbreyting sú, sem gerð var, hafa verið til þess ætluð fyrst og fremst að gera kortin frábrugðin hvort öðru að ytri ásýnd, án þess að raskað væri við framangreindu meginatriði uppdráttarins á héraðsdómsskjali nr. 11.

Þegar framangreint er virt, tel ég, að kortið á héraðsdómsskjali nr. 3 sé þannig úr garði gert, að með útgáfu þess hafi verið brotinn höfundaréttur áfrýjanda að uppdrættinum á héraðsdómsskjali nr. 11, sbr. 3. gr. laga nr. 73/1972. Á því broti bera fyrst og fremst ábyrgð útgefandi kortsins, stefndi Myndkort s/f og stefndu Dagný og Guðrún, einkaeigendur þess félags. Eins og háttað var afskiptum stefndu Braga og Jóns Ernst af útgáfunni, verður enn fremur að telja, að þeir hafi átt slíkan hlut að því, að höfundaréttur áfrýjanda var brotinn, að einnig þeir beri fébótaábyrgð gagnvart honum samkvæmt 56. gr. laga nr. 72/1973.

Með framangreindum forsendum er ég samþykkur dómsorði hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Þórs Vilhjálmssonar um fébætur, er dæma beri áfrýjanda úr hendi stefndu Braga Guðmundssonar og Jóns Ernsts Ingólfssonar. Hins vegar tel ég með skírskotun til þess, sem rakið hefur verið, að einnig beri að dæma aðra stefndu til greiðslu fébótanna óskipt með þeim stefndu Braga og Jóni Ernst. Enn fremur tel ég, að staðfesta beri að kröfu áfrýjanda lögbann það, er í málinu greinir, svo og að dæma alla hina stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00 krónur.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Sigurgeirs Jónssonar.

Landmælingar Íslands hafa ekki einkarétt til útgáfu landakorta að íslenskum lögum. Einstakir menn geta ekki veitt

þeim slíkan rétt með dómssátt eins og sáttargerðin í fógetarétti Reykjavíkur 24. júní 1975 virðist byggð á. Þegar þetta er haft í huga svo og aðdragandi sáttarinnar og einnig þær kringumstæður, sem hún var gerð við, þá teljum við, að leggja beri þann skilning í sáttina, að með henni hafi þeir stefndu Bragi og Jón Ernst einungis skuldbundið sig til að eiga ekki hlut að útgáfu eða dreifingu á neinu korti, sem undirorpið væri höfundarétti áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur ekki sannað höfundarétt sinn að hinu umdeilda korti, er Myndkort s/f gaf út 1977. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms viljum við staðfesta hann.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af áfrýjun málsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 22. maí sl., höfðaði Bragi Guðmundsson f. h. Landmælinga Íslands, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útg. 20. febrúar 1978, gegn Braga Guðmundssyni, Dalalandi 3, mun eiga að vera Dalalandi 16, Reykjavík, Jóni Ernst Ingólfssyni, Æsufelli 2, Reykjavík, Dagnýju Guðmundsdóttur, Æsufelli 2, Reykjavík, og Guðrúnu Ríkharðsdóttur, Dalalandi 16, Reykjavík, þeim Guðrúnu og Dagnýju persónulega og f. h. Myndkorts s/f Ltd. (sic) til staðfestingar á lögbanni, er fram fór hinn 14. febrúar 1978 í fógetarétti Reykjavíkur við útgáfu og dreifingu samanbrotins einblöðungs, sem er uppdráttur Íslands og ber í samanbrotnu formi yfirskriftina: „Welcome to Iceland". Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum kr. 1.500.000 auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta á hverjum tíma frá stefnubirtingardegi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, þar á meðal allan kostnað við lögbannsgerðina.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnanda sömu dómkröfur og greindar eru í stefnu, að öðru leyti en því, að krefjast vaxta frá 16. mars 1978, það er frá þingfestingardegi.

Stefndu hafa krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, að lögbanni í fógetamálinu C 73/1977: Landmælingar Íslands gegn

Braga Guðmundssyni o. fl. verði hrundið og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Málavextir munu vera þeir, að um alllangt skeið hafi stefndu Jón Ernst Ingólfsson og Bragi Guðmundsson gefið út vegakort af Íslandi. Munu þeir hafa stofnað fyrirtækið Krákus s/f í þeim tilgangi að annast útgáfu korta þessara. Vorið 1975 krafðist stefnandi þess, að lagt yrði lögbann við útgáfu kortsins. Þessu máli lyktaði með sátt, sem gerð var í fógetarétti Reykjavíkur 24. júní 1975, þar sem Krákus s/f skuldbatt sig til þess að greiða stefnanda kr. 150.000 og til þess að gefa ekki út kort af Íslandi í framtíðinni án sérstaks leyfis stefnanda. Jafnframt lýstu þeir yfir, að þeir viðurkenndu rétt stefnanda til einkaútgáfu landakorta á Íslandi og allrar slíkrar starfsemi. Krákus s/f dreifði síðan umræddu korti árið 1975. Árið 1976 féllst stefnandi á það, að Krákus s/f fengi leyfi til þess að gefa út vegakort af Íslandi 1976 gegn greiðslu til stefnanda.

Því er haldið fram í greinargerð stefndu á dskj. 9, að stefndu Jón Ernst og Bragi hafi ekki gefið út kort af Íslandi síðan 1976.

Á árinu 1977 stofnuðu stefndu Dagný Guðmundsdóttir og Guðrún Ríkharðsdóttir, en þær eru eiginkonur stefndu Jóns Ernsts og Braga, Myndkort s/f til þess að annast útgáfu á mynd af Íslandi með akstursleiðum. Þeim var kunnugt um viðskipti eiginmanna sinna við stefnanda vegna kortaútgáfu. Þær fengu Katrínu Óskarsdóttur auglýsingateiknara til þess að teikna myndina. Þessi útgáfa átti sér stað sumarið 1977, en síðla þess sama árs var krafist lögbanns við útgáfu þessari og það lagt á 14. febrúar 1978.

Ágúst Guðmundsson, deildarstjóri hjá stefnanda, var yfirheyrður vegna máls þessa. Fram kom hjá honum, að hann teldi uppdráttinn á dskj. 3 að mestu leyti byggðan á dskj. 11 og af öðrum mælingum sé hann eftir mælingum, sem stefnandi hafi framkvæmt. Ágúst taldi upp ýmis atriði, sem séu samsvarandi á dskj. 3 og 11, en ekki sé hægt að finna á því Atlaskorti, sem notað hafi verið sem grunnur. Sem dæmi tók Ágúst, að Djúpvegur, sem opnaður var 1975, sé eins á dskj. 3 og 11, en þetta sé sýnt töluvert öðruvísi á Atlaskortinu, (þ. e. dskj. 19). Á Atlaskortinu séu vegir, sem vanti á dskj. 11 og 3. Aðrir vegir séu á dskj. 3 og 11, sem ekki séu á Atlaskortinu, svo sem Þrengsla-

vegur og vegur frá Dalvík til Ólafsfjarðar. Á dskj. 3 séu 422 nöfn og séu þau öll á dskj. 11, að undanteknu einu nafni á Austurlandi. Á dskj. 3 séu yfir 60 nöfn, sem ekki séu á þessu Atlaskorti. Einnig séu ýmis nöfn öðruvísi stafsett á Atlaskortinu og svo á dskj. 3 og 11. Einnig séu villur á dskj. 3 og 11, sem ekki séu í Atlaskortinu, t. d. séu Siglufjörður og Flatey á Skjálfanda merkt sem kauptún. Enn fremur sé ósamræmi á milli Atlaskortsins og svo dskj. 3 og 11 að því er varðar jökla.

Ágúst tók fram, að kortið á dskj. 11 hafi verið unnið af starfsmanni stefnanda og hafi það verið algerlega óháð stefnanda. Hvergi hafi komið fram, að það hafi verið unnið með samþykki stefnanda. Þáverandi forstöðumaður stefnanda hafi sagst ekki hafa vitað um það kort fyrr en búið var að vinna það. Starfsmaður stefnanda hafi gert það í aukavinnu. Vakin var athygli Ágústs á því, að prentað sé á dskj. 11, að þetta sé gert með leyfi stefnanda. Ágúst sagði, að það hafi verið prentað inn á, eftir að það hafi verið búið að ræða þetta við ráðuneytið, og þarna hafi verið hugsað um að leyfa þeim að gefa út kortið til þess að firra þau að vissu marki fjárhagslegu tjóni, en þó með takmörkun um það, að það væri bara í þetta skipti, en síðan hafi leyfi verið gefið tvisvar eða þrisvar.

Á milli áranna 1976 og 1977 hafi sala stefnanda á uppdráttum af Íslandi minnkað um 10 og 12%, en raunverulega sé minnkunin meiri vegna þess m. a., að það hafi orðið hækkun á kortunum á árinu 1977. Tjón stefnanda, kr. 1.500.000, sé að vissu marki fundið með mismun á sölunni 1976 og 1977.

Á milli áranna 1977 og 1978 hafi söluaukning orðið tæplega 100%, þar inni sé tæplega 30% verðhækkun. Það séu mörg önnur mál, sem spili inn í kortasölu heldur en einungis þetta. Ágúst kvaðst ekki geta sagt um það, hvort hægt væri að rekja minnkaða kortasölu stefnanda 1977 til kortsins á dskj. 3 eða 11. Hann viti ekki um upplagið á kortinu á árinu 1976 né hvernig því var dreift eða hvað upplagið 1977 var mikið né heldur hvernig því var dreift.

Ágúst sagði, að í orðabókum sé hugtakið „topografiskur" þýtt þannig, að það sé landlýsir, síðan sé spurningin, hvað landlýsingin eigi að vera nákvæm. Það að koma að landi, sem sé ókortlagt, og geta lýst því á pappír og þá með réttum hlutföllum og með þeim einkennum, sem þar eigi að vera.

Stefndu hafa verið yfirheyrð vegna máls þessa.

Fram kom hjá stefnda Braga Guðmundssyni, að heimilisfang

Krákusar s/f sé í Brautarholti 22, en Myndkorts s/f að Dalalandi 16. Krákus s/f hafi pósthólf 7042 og hafi Krákus s/f lánað Myndkorti s/f afnot af pósthólfinu á tímabili. Myndkort s/f hafi fengið að nota pósthólf og spjaldskrá yfir auglýsendur, sem fyrir hendi var hjá Krákusi s/f.

Fyrirtækið Myndkort s/f hafi orðið til á miðju ári 1977. Starfsemi fyrirtækisins hafi legið niðri vegna lögbanns, en á meðan fyrirtækið var starfrækt, hafi eigendur þess, stefndu Dagný og Guðrún, starfað við fyrirtækið.

Á sínum tíma hafi Krákus s/f gefið út kort, sem hafi verið unnið hjá Landmælingum Íslands, og hafi það þótt henta til starfsemi Ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins og hafi þessir aðiljar gjarnan viljað fá það til þess að dreifa til ferðamanna sem upplýsingariti og hafi þessir aðiljar lagt mikla áherslu á, að þeir fengju að gefa þetta út áfram. Á sínum tíma, þegar Krákus s/f var að reyna að fá samþykki Landmælinga Íslands fyrir því, að áframhaldandi útgáfa yrði leyfð, þá hafi þessir aðiljar stutt þá í því. Áframhaldandi leyfi hafi ekki fengist. Stefndi Bragi kvaðst halda, að þessir aðiljar hefðu notið góðs af útgáfu Myndkorts s/f, fengið magn af kortum til dreifingar. Síðan Myndkort s/f tók til starfa hafi Krákus s/f verið rekið sem umboðs- og heildverslun.

Fram kom hjá stefnda Jóni Ernst Ingólfssyni, að hann og stefndi Bragi hefðu hætt útgáfu vegakorts vegna sífelldra deilna við stefnanda og hafi þetta verið orðið svo mikið mál, að það borgaði sig ekki að gefa þetta út. Af hálfu Ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins hafi verið talað við stefnda Braga um það, hvort þeir mundu ekki gefa út þetta kort, en þeir hafi sagst ekki fara út í það og vísað á stefndu Guðrúnu og Dagnýju. Stefndi Bragi, sem sé starfsmaður á Vísi, hafi komið stefndu Guðrúnu og Dagnýju í samband við auglýsingateiknara, sem vann þar. Stefnda Guðrún muni hafa annast bókhald, stefnda Dagný hafi annast um innheimtu reikninga og auglýsingasöfnun. Þeir stefndi Bragi og stefndi Jón hafi hvorki þegið laun né ágóðahlut frá Myndkorti s/f. Myndkort s/f hafi sjálfstæðan fjárhag, sjálfstætt bókhald og gefi sjálfstætt upp til skatts.

Fram kom hjá stefndu Dagnýju Guðmundsdóttur, að Myndkort s/f hefði fengið afnot af pósthólfi Krákusar s/f, en haft húsnæði að Dalalandi 16. Hún og stefnda Guðrún hafi unnið fyrir Myndkort s/f, en fyrirtækið hafi ekki haft aðra starfsmenn. Þó hafi þeir stefndu Jón og Bragi kannski verið með í dreifingu

upplagsins. Þær stefndu Dagný og Guðrún hafi ekki verið aðiljar að útgáfu Krákusar s/f, en stefnda Dagný kvaðst hafa unnið við það, auglýsingasöfnun, dreifingu og annað. Eftir að stefnandi hafði lagt lögbann á útgáfu Krákusar s/f, hafi stefnda Dagný ákveðið að fá auglýsingateiknara til að gera eitthvað, sem ekki bryti í bága við höfundarétt Landmælinga Íslands. Stefndi Bragi hafi talað við Katrínu Óskarsdóttur. Þær stefndu hafi beðið Katrínu að leysa þetta þannig, að það bryti ekki í bága við einkaleyfi stefnanda. Þær stefndu hafi reynt að gera Katrínu grein fyrir því, hvað það var, sem þær ekki máttu. Þeim stefndu Guðrúnu og Dagnýju hafi verið kunnugt um þá ákvörðun Krákusar s/f að leggja niður útgáfustarfsemi af því tagi, sem óskað var lögbanns á á sínum tíma.

Fram kom hjá stefndu Guðrúnu Ríkharðsdóttur, að tildrögin að stofnun fyrirtækisins Myndkorts s/f vorið 1977 hafi verið þau, að eiginmenn stefndu Guðrúnar og stefndu Dagnýjar hafi hætt að gefa út kort, þar sem þeir fengu ekki leyfi til þess að halda þessu áfram í því formi, sem það var. Þær stefndu Guðrún og Dagný hafi ákveðið að láta teikna þetta og gefa út sem mynd af Íslandi.

Byrjað hafi verið að vinna að kortinu vorið 1977, en fyrirtækið Myndkort s/f hafi ekki verið skráð fyrr en í ágúst—september.

Fram kom hjá Katrínu Óskarsdóttur teiknara, að hún hefði gert uppdráttinn á dskj. 3. Uppdrátturinn hafi verið byggður á ýmiss konar upplýsingum. Katrín kvaðst hafa teiknað þetta upp í megindráttum eftir erlendri Atlas útgáfu, sem hún fékk lánaða. Hún kvaðst ekki muna, hvað bókin heitir. Katrín kvaðst hafa tekið jökla, ár og slíkt eftir þessu Atlas korti, einnig hafi hún skoðað kortið á dskj. 11. Úlfar Jacobsen hafi einnig aðstoðað hana í sambandi við hálendið aðallega. Hann hafi litið yfir þetta og leiðrétt. Katrín kvaðst hafa miðað þetta við, að það væri sem einfaldast í teikningu. Henni hafi verið sagt, að þetta ættu að vera upplýsingar fyrir ferðafólk, þá í sambandi við tjaldstæði og hótel. Þetta væri ekki vegakort, sem fólk ætti að ferðast eftir, heldur svona til að geta séð helstu staði. Þetta sé fjögurra lita prentun. Þar sem hálendið er merkt inn á, þá sé þetta bara „rasti", sem er skorinn út og hann síðan lagður yfir ljósu litina, og þá komi hann svona dökkur út. Hálendið sé tekið bara svona gróflega eftir því sem hún vissi, að það væri, því það átti ekki að skipta svo miklu máli. Allar línur hafi verið teknar eins einfaldar og hún gat út af prentuninni til þess að

geta gert þetta á sem ódýrastan hátt. Stefndi Bragi hafi talað við sig á þeim vinnustað, þar sem þau unnu bæði. Myndkort s/f hafi greitt henni laun fyrir þetta verk. Katrín kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær hún var beðin um að teikna þetta kort, hvort það hafi verið í apríl, maí eða júní 1977. Prentun hafi dregist vegna verkfalls hjá prenturum. Uppdráttinn á dskj. 11 hafi Katrín fengið vegna þess, að þar séu tjaldstæði og flugvellir og hitt og annað, og til þess, að hún gæti séð, hvernig uppbygging hefði verið og hvar þessir staðir væru á landinu. Rætt hafi verið um, að kortið, sem Katrín gerði, væri þannig úr garði gert, að það bryti ekki einkarétt stefnanda, uppdrátturinn á dskj. 3 sé þannig gerður, að vegir séu einfaldaðir og hafðir eins beinir og hægt er, því þurft hafi að skera úr fyrir rauðu línuna út af prentun. Vegakerfið sé teiknað eftir Atlas kortinu og upplýsingum frá Úlfari Jacobsen. Staðsetning einstakra staða og örnefna á kortinu sé að hluta til sett eftir dskj. 11 og eins þessu, sem teiknað var eftir í upphafi. Græni liturinn á kortinu eigi að vera landgrunnið, dökkbrúni liturinn hálendið, rauðbleiki liturinn vegirnir, guli liturinn sjórinn og hvíti liturinn jöklar. Spurningu um það, í hvaða mælikvarða kortið sé, svaraði Katrín að það væri bara eftir stærðinni á því korti, sem hún fór eftir. Ekki hafi verið notuð kortvarpa við gerð kortsins. Kortið hafi verið unnið þannig, að látinn hafi verið „transferpappír" yfir og síðan teiknað í grófum dráttum útlínurnar í gegn og reynt að einfalda það eins og hægt var. Í prentun hafi þetta verið myndað á filmu. Katrín kvaðst hafa stuðst að nokkru leyti við textann á kortinu á dskj. 11.

Fram kom hjá Úlfari Jacobsen forstjóra, að hann hefði átt þátt í því að benda á grófar leiðir um óbyggðirnar. Úlfar taldi kort eins og kortið á dskj. 3 nauðsynlegt. Þau fáist frítt með því að auglýsa og þeir séu margir, sem auglýsa á kortinu og styðji útgáfu kortsins með því og fái frían afnotarétt af kortinu í staðinn. Úlfar kvaðst ekki vera viss um nafn stúlkunnar, sem bað hann um þessa þjónustu, og svo hafi hann farið til stúlkunnar, sem var að teikna þetta, og bent henni á, hvar hún ætti helst að setja línurnar gróflega yfir örefin. Úlfar kvaðst halda, að það hefði verið sama stúlkan, sem bað hann um þessa þjónustu og sú, sem spurði hann að því, hvort hann vildi auglýsa á kortinu, og kvaðst hann halda, að hún væri kona stefnda Jóns.

Dóminum var afhent til skoðunar vinnugögn Katrínar Óskarsdóttur að kortinu á dskj. 3. Einnig var dóminum afhent til skoð-

unar The Times Atlas of the World, útg. af The Time í samvinnu við John Bartholomew & Son Ltd., Edinborg. Ekki er vefengt af stefnanda, að það sé sú Atlas útgáfa, sem Katrín Óskarsdóttir segist hafa notað við gerð kortsins á dskj. 3. Ljósrit úr þessari kortabók hafa verið lögð fram sem dskj. 19.

Á dskj. 16 er bréf frá Geodætisk Institut til stefnanda. Í bréfi þessu segir, að ekki sjáist, að Geodætisk Institut hafi veitt útgefanda The Times Atlas of the World leyfi til þess að gefa út kort yfir Ísland, byggt á gögnum, sem Geodætisk Institut hafi höfundarétt að. Á dskj. 18 er telex frá John Bartholomew, í því kemur fram, að Íslandskortið í The Times Atlas sé byggt á grunnkorti þeirra af Íslandi, upphaflega gerðu 1934. Seinni endurskoðun hafi verið byggð á dönskum gögnum frá því fyrir 1939 og aðstoð frá íslenskum ræðismanni, S. Magnússyni, og jafnframt að frekari leyfi hafi ekki verið talin nauðsynleg.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að síðla árs 1977 hafi stefnanda vitnast, að verið væri að útbýta á ferðaskrifstofum, greiðasölustöðum og bensínstöðvum uppdrætti af Íslandi, sem prentaður væri á aðra hlið samanbrotins einblöðungs, sem bæri yfirskriftina: „Welcome to Iceland '77" á þeim hluta hans, sem út snýr, þegar hann væri í samanbrotnu formi. Undir yfirskrift þessari hafi verið mynd af vegvísi og bifreið. Undir uppdráttinn af Íslandi hafi verið ritað: „„Copyright Myndkort s.f. Ltd.".

Stefnandi kveður uppdráttinn af Íslandi á framangreindum einblöðungi vera topografiskan uppdrátt, sem augljóslega byggist á uppdráttum, sem háðir séu höfundarétti hans, bæði sjálfstætt og samkvæmt samningi við Geodætisk Institut.

Í upphafi hafi stefnandi beint lögbannsbeiðni að þeim stefndu Braga Guðmundssyni og Jóni Ernst Ingólfssyni, en undir rekstri lögbannsmálsins hafi komið fram, að eiginkonur þeirra, þær stefndu Dagný Guðmundsdóttir og Guðrún Ríkharðsdóttir persónulega og/eða f. h. Myndkorts s/f, beri ábyrgð á útgáfu einblöðungsins. Hafi stefnandi því valið þann kost að stefna öllum þessum aðiljum, enda hnígi öll efnisrök í þá átt, að þau beri öll sameiginlega ábyrgð á útgáfunni.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur hafi verið kveðinn upp 16. nóvember 1977 og þá staðfest, að umbeðin lögbannsgerð skyldi fram fara. Hún hafi síðan farið fram 14. febrúar 1978. Útgáfustarfsemi stefndu hafi valdið stefnanda tjóni, sem hann

áætlar, að nemi samtals kr. 1.500.000. Tjónið sé fólgið í minnkaðri sölu á uppdráttum af Íslandi, en stefnandi gefi út og selji uppdrætti af Íslandi.

Stefndu hafi enga heimild fengið til útgáfu þess uppdráttar af Íslandi, sem um er rætt í máli þessu.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að uppdrátturinn á dskj. 3 væri byggður á uppdráttum, sem stefnandi hafi einkarétt á samkvæmt samningi við Geodætisk Institut og fyrir eigin verk. Uppdrátturinn sé byggður á dskj. 11 og 19. Stefnandi eigi bæði höfundarétt og útgáfurétt að uppdrættinum á dskj. 11. Útgefandi að The Times Atlas of the World byggi rétt sinn á leyfi frá Geodætisk Institut og sé hann þá um leið háður höfundarétti stefnanda.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 73/1972 taki höfundaréttur til korta. Bótakrafa stefnanda sé byggð á 56. gr. sömu laga.

Af hálfu stefndu Jóns Ernst og Braga eru sýknukröfur rökstuddar með því, að þeir hafi ekki gefið út kort af Íslandi síðan 1976. Þeir séu ekki aðiljar að Myndkorti s/f, þótt það fyrirtæki hafi fengið að nýta sér ákveðna aðstöðu, sem fyrir hendi var hjá Krákusi s/f.

Af hálfu stefnda Myndkorts s/f er því haldið fram, að útgáfa á teiknaðri mynd af Íslandi, sem sýni akstursleiðir um Ísland, brjóti ekki í bága við höfundarétt stefnanda, sbr. samning við Geodætisk Institut frá 1. mars 1973, dskj. 4. Á myndinni sé ekki gefin upp hæð fjalla eða hálendis og láglendis. Hálendi Íslands sé þó markað með öðrum lit en láglendið, þó sé þar ekki á nokkurn hátt um nákvæma afmörkun að ræða. Engir mælikvarðar séu á mynd þessari. Það sé því augljóst, að höfundaréttur stefnanda sé ekki brotinn með mynd þessari, enda hafi stefndu, aðstandendur Myndkorts s/f, lagt áherslu á það að fá mynd af Íslandi, sem væri þess eðlis, að hún bryti ekki í bága við höfundarétt stefnanda.

Stefnandi eigi því engan rétt í þessu máli. Stefnandi hafi fengið lagt á lögbann algerlega að ástæðulausu og bakað þar með stefnda Myndkorti s/f verulegt tjón og álitshnekki.

Bótakröfu stefnanda er mótmælt sem tilhæfulausri og órökstuddri. Stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna þessarar útgáfu, enda ekki boðið upp á svipaða útgáfu. Þannig hafi Ferðamálaráð og Ferðaskrifstofa ríkisins sóst mjög eftir þessari útgáfu, þar sem ekki hafi verið um svipaðar handhægar upplýsingar að ræða frá öðrum aðiljum, þ. á m. stefnanda. Um það

bil 1/3 af upplagi Myndkorts s/f hafi þannig farið til Ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins. Útgáfu Myndkorts s/f hafi verið dreift ókeypis, en útgáfan hafi verið fjármögnuð með auglýsingum.

Vaxtakröfu stefnda (sic) er mótmælt.

Myndkort s/f og Krákus s/f séu tvö aðskilin fyrirtæki með sérbókhald og aðsetur. Þar af leiði, að sýknuástæður Krákusar s/f og Myndkorts s/f og aðstandenda hvors um sig séu sín hvorar.

IV.

Álit dómsins.

Hið umdeilda kort á dskj. 3 er gefið út af Myndkorti s/f. Samkvæmt dskj. 15 reka stefndu Dagný og Guðrún Myndkort s/f einar. Ekki hefur verið sýnt fram á önnur tengsl þeirra stefndu Braga og Jóns Ernst við Myndkort s/f en að þeir eru eiginmenn stefndu Dagnýjar og Guðrúnar. Þegar af þeirri ástæðu verður að sýkna þá stefndu Braga og Jón Ernst af kröfum stefnanda í máli þessu sökum aðildarskorts.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður að því er þessa stefndu varðar.

Fram er komið, að við gerð kortsins á dskj. 3 var ætlun stefndu Dagnýjar og Guðrúnar að gert yrði kort, sem ekki bryti í bága við höfundarétt stefnanda, enda var þessum stefndu kunnugt um samskipti eiginmanna þeirra við stefnanda, og mun þeim því hafa verið kunnugt, að stefnandi taldi sig eiga einkarétt að kortaútgáfu hér á landi.

Stefnanda hefur ekki með lögum verið veittur einkaréttur að kortaútgáfu hér á landi. Höfundaréttur að kortum er verndaður með höfundalögum, þ. e. lögum nr. 73/1972, enda er á því byggt af hálfu stefnanda, að kortið á dskj. 3 sé byggt á uppdráttum, sem stefnandi eigi höfundarétt að.

Hinir sérfróðu meðdómendur telja ekki ástæðu til þess að vefengja framburð Katrínar Óskarsdóttur, sem gerði kortið á dskj. 3, um, að kortið, sem dskj. 19 er ljósrit af, hafi verið notað sem grunnkort við gerð kortsins á dskj. 3. Litamunur hálendis og láglendis á kortinu á dskj. 3 virðist gerður af handahófi, en úr Atlas kortinu virðast fengnar útlínur landsins, helstu vegir, ár, jöklar og vötn. Uppdrátturinn er þó allmikið stílfærður og víkur í allmörgum atriðum frá dskj. 19, sérstaklega að því er varðar vatnsföll, einnig er ósamræmi að því er varðar vegi og jökla. Nafnasetning á kortinu á dskj. 3 er því sem næst

samhljóða nafnasetningu á kortinu á dskj. 11. Verður því við það miðað, að við gerð kortsins á dskj. 3 hafi verið stuðst við kortin á dskj. 19 og 11. Ýmsar hálendisleiðir á kortinu á dskj. 3 eru frábrugðnar hálendisleiðum á dskj. 19 og 11.

The Times Atlas, sem dskj. 19 er ljósrit úr, er endurprentun á útgáfu frá árinu 1973, en upphaflega mun hann hafa verið gefinn út 1967. Samningur stefnanda við Geodætisk Institut er undirritaður 14. febrúar og 1. mars 1973. Getur stefnandi því ekki átt beinan höfundarétt að kortinu á dskj. 19. Eins og málið liggur fyrir, þykir stefnandi ekki hafa sannað, að hann hafi með samningi sínum við Geodætisk Institut öðlast höfundarétt að kortinu á dskj. 19.

Kortið á dskj. 11 var unnið fyrir Krákus s/f og ber einkenni sjálfstæðrar kortagerðar um efnisval og útlit, þótt það hljóti að vera byggt á eldri uppdráttum af Íslandi. Ekki hafa verið tilgreindir uppdrættir, sem stefnandi á höfundarétt að og notaðir hafa verið við gerð þessa korts. Fram kom hjá deildarstjóra stefnanda hér fyrir dómi, að kortið á dskj. 11 hafi verið unnið af starfsmanni stefnanda í aukavinnu og hafi það verið algerlega óháð stefnanda. Þykir stefnandi ekki hafa fært sönnur að höfundarétti sínum að þeim atriðum á kortinu á dskj. 11, sem telja verður, að höfð hafi verið til hliðsjónar við gerð kortsins á dskj. 3.

Að viðbættu því, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að líta til þess, hvers konar plagg kortið á dskj. 3 er. Kortið er lítið, ónákvæmt og nánast mynd af lögun landsins með nafnasetningu og öðrum upplýsingum, þ. á m. um hótel, bensínstöðvar, tjaldstæði o. þ. h., sem ekki byggist á vali stefnanda, heldur virðist eingöngu miðað við áhuga ferðamanna. Við gerð kortsins hefur hönnuður þess sýnt visst frumkvæði og sjálfstæði, t. d. við lita-, línu- og letursval, það svo, að kortið getur hvorki talist stæling á kortinu á dskj. 19 né 11. Kortið lítur þannig út, að það minnir ekki á raunveruleg landakort og þá ekki á kortagerð stefnanda.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefndu Guðrúnu og Dagnýju persónulega og f. h. Myndkorts s/f af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Gunnar Bergsteinsson, forstöðumaður Sjómælinga Íslands, og Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, Bragi Guðmundsson, Jón Ernst Ingólfsson, Dagný Guðmundsdóttir, Guðrún Ríkharðsdóttir og Myndkort s/f, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Landmælinga Íslands, í máli þessu.

Framangreint lögbann er fellt niður.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 21. júní 1982.

Nr. 1/1980. **Erling Laufdal Jónsson**
(Stefán S. Pálsson hrl.)
gegn
Jóhönnu Bárðardóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Óvígð sambúð. Fjárskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. janúar 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. desember 1979. Hann krefst þess, „að með viðurkenningu áfrýjanda á því, að stefnda sé eigandi að 30% íbúðar á efri hæð fasteignarinnar nr. 20 við Sandholt í Ólafsvík, verði áfrýjandi alfarið sýknaður af öllum kröfum stefndu í héraði". Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að hún sé eigandi að jöfnu ásamt áfrýjanda að efri hæð fasteignarinnar Sandholts 20, Ólafsvík, að frádregnum áhvílandi veðskuldum, þó að undanskildu láni að fjárhæð 10.000.00 krónur við Lífeyrissjóð sjómanna frá 27. maí 1977, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 6.000.00 krónur með 16% ársvöxtum frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar s. á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22%

ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst hún þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 100.000.00 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í báðum tilvikum krefst stefnda málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Aðiljar lýstu yfir því fyrir Hæstarétti, að skiptum þeirra á milli á innbúi þeirra væri lokið. Af hálfu áfrýjanda var lýst yfir því, að hann gerði engar athugasemdir við breyttar kröfur stefndu fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur aðilja varðar nú eingöngu, hver skuli vera eignarhluti þeirra hvors um sig í efri hæð fasteignarinnar nr. 20 við Sandholt í Ólafsvík og andvirði bifreiðarinnar P 1558, sem var seld á árinu 1977 fyrir 1.200.000 gamlar krónur. Samkomulag er um, að ábyrgð aðilja á veðskuldum, er hvíla á efri hæð fasteignarinnar nr. 20 við Sandholt, öðrum en framangreindri skuld við Lífeyrissjóð sjómanna, verði í sama hlutfalli og eignarhluti þeirra í fasteigninni. Að öðru leyti er hlutdeild aðilja í skuldum þeirra ekki til úrlausnar í máli þessu.

Í hinum áfrýjaða dómi er það rakið, að málsaðiljar hófu sambúð um eða nokkru eftir mitt ár 1973 og bjuggu saman þar til í janúar 1977. Meðan á sambúðinni stóð, unnu bæði fyrir launum utan heimilis, og bæði fengu fé að láni. Auk

þess fékk áfrýjandi greiddan nokkurn arf, en stefnda tók út sparifé sitt. Eignir þær, sem ágreiningur aðilja tekur til, voru keyptar á sambúðartímanum í þágu beggja. Sýnt er, að fé beggja hefur gengið til kaupa á eignum þessum beint eða óbeint, þótt ekki verði séð með vissu, hversu mikið hvort um sig lagði fram. Verður því að telja, að eignir þessar hafi orðið sameign þeirra, þó að þær væru skráðar á nafn áfrýjanda. Þegar þess er gætt, sem nú er rakið, höfð hliðsjón af tekjum aðilja á sambúðartímanum og annarri fjáröflun og litið til yfirlýsingar áfrýjanda í niðurlagi bréfs hans til stefndu 21. júní 1977, sem greind er í héraðsdómi, þykir mega við það miða, að eignarhlutdeild aðilja í hinum umdeildu eignum sé jöfn. Ber samkvæmt því að taka aðalkröfu stefndu til greina, þó þannig, að hún eigi helming í söluverði bifreiðarinnar P 1558.

Eins og kröfugerð var háttað í máli þessu í héraði, verður ekki kveðið á um vexti né aðför í dómi þessum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að stefnda, Jóhanna Bárðardóttir, eigi að jöfnu við áfrýjanda, Erling Laufdal Jónsson, efri hæð húseignarinnar nr. 20 við Sandholt í Ólafsvík, að frádregnum veðskuldum samkvæmt framansögðu, svo og að jöfnu við áfrýjanda söluverð bifreiðarinnar P 1558, sem að framan greinir.

Áfrýjandi greiði stefndu 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Magnúsar Thoroddsen.

Um afmörkun á ágreiningsefni aðilja, eins og það horfir við fyrir Hæstarétti, vísast til atkvæðis meiri hluta dómara.

Málsaðiljar bjuggu í óvígðri sambúð í u. þ. b. 3½ ár. Höfðu þau bæði góðar tekjur á þessum tíma og fjárfestu þær m. a. í eignum þeim, er ágreiningur þeirra í þessu máli tekur til. Fjármögnun átti einnig rót að rekja til erfðafjár áfrýjanda og úttektar stefndu á sparifé sínu og að því er virðist til lánsfjár, er þau öfluðu sér hvort um sig.

Eigi er í ljós leitt, hversu miklu framlög hvors þeirra um sig námu til eignamyndunarinnar. Verður að telja, að eignir þessar séu sameignir þeirra, og eins og gögnum máls er farið, ber að líta svo á, að eignarhlutdeildin sé jöfn. Ber samkvæmt því að viðurkenna, að stefnda eigi að jöfnu við áfrýjanda efri hæð húseignarinnar Sandholt 20 í Ólafsvík svo og að jöfnu við áfrýjanda söluandvirði framangreindrar bifreiðar, 1.200.000 gamlar krónur.

Við erum sammála úrlausn meiri hluta dómara um málskostnað, og dómsorð okkar verður sama efnis og þeirra.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 20. ágúst 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. júlí 1979, er höfðað í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinni 13. júní 1977 og birtri 14. s. m., af Jóhönnu Bárðardóttur, Ólafsbraut 54, Ólafsvík, gegn Erling Laufdal Jónssyni, Sandholti 20, Ólafsvík, með dvalarstað að Álftahólum 6, Reykjavík, og gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega,* að viðurkennt verði með dómi, að allar eignir stefnanda og stefnda miðað við áramót 1976/1977 skuli teljast sameign þeirra að jöfnu, en *til vara,* að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 10.000.000 — tíu milljónir — ásamt 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar 1977 til greiðsludags. Í báðum tilfellum er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá lögmanna eftir framlögðum reikningi.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að með viðurkenningu á því, að stefnandi sé eigandi að 30% íbúðarinnar á efri hæð fasteignarinnar nr. 20 við Sandholt í Ólafsvík, verði stefndi alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá lögmanna.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því, að frá upphafi sambúðar málsaðilja á miðju ári 1973 hafi verið algert sameiginlegt fjárfélag með þeim, eins og um væri að ræða hjón í löglegu hjónabandi. Allt þeirra fjármagn hafi farið til sameiginlegra þarfa og sameiginlegra fjárfestinga. Fjárfestingarnar hafi aðallega verið fólgnar í kaupum á efri hæð húseignarinnar nr. 20 við Sandholt í Ólafsvík, kaupum á bifreiðinni P 1558, Saab 96, árgerð 1973, svo og innbúi. Báðir aðiljar hafi litið svo á, að við fjárfestingar þessar væri um óskipta sameign að ræða, og þetta hafi stefndi reyndar viðurkennt í bréfi til stefnanda.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að þar í séu fjárhæðir, sem hún hafi lagt til búsins, svo og ráðskonukaup fyrir tímann, sem sambúð þeirra varaði.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar á því, að aldrei hafi stofnast sameiginlegt fjárfélag með honum og stefnanda og þau hafi aldrei stofnað til neinnar sameignar og aldrei verið samaðild með þeim að eignum þeim, sem stefnandi geri tilkall til, enda bendi öll skjöl og staðreyndir málsins til þess, að stefndi hafi verið einn eigandi þeirrar fasteignar og bifreiðar, sem um ræðir í málinu. Stefnandi og stefndi hafi ekki verið í hjúskap og því hafi ekkert fjárfélag stofnast með þeim sem hjónum.

Varakröfu stefnanda mótmælir stefndi sem órökstuddri og tvímælalaust allt of hárri. Hann mótmælir alfarið kröfum um ráðskonukaup, því stefnandi hafi haldið heimilið meira fyrir sig en stefnda.

Málavextir eru þeir, að um mitt ár 1973 hófu stefnandi og stefndi óvígða sambúð. Þau bjuggu fyrst í stað í leiguíbúð í Reykjavík og unnu bæði úti. Í febrúarmánuði 1974 fluttust þau til Ólafsvíkur. Þar bjuggu þau fyrst hjá foreldrum stefnanda, en 1. september s. á. fluttust þau í íbúð að Sandholti 20, sem þau höfðu keypt. Þar bjuggu þau til haustsins 1976, er þau fluttust til Reykjavíkur. Á meðan þau bjuggu í Ólafsvík, unnu þau bæði úti, stefnandi við verslunarstörf og fiskvinnu, en stefndi við sjómennsku fyrst framan af, uns hann hóf nám í trésmíði. Í janúarmánuði árið 1977 slitnaði upp úr sambúðinni. Hvorugur málsaðili hefur eignast barn.

Málsaðiljar og vitni hafa komið fyrir dóm í málinu.

Stefnandi, Jóhanna Bárðardóttir, skýrir svo frá, að á meðan hún og stefndi bjuggu í Reykjavík í upphafi sambúðar þeirra, hafi þau greitt húsaleigu í sameiningu og allt til heimilishaldsins. Og allan tímann, sem sambúð þeirra varaði, hafi verið algert

sameiginlegt fjárfélag með þeim, eins og um væri að ræða hjón í löglegu hjónabandi. Allar tekjur þeirra og annað fjármagn hafi farið til sameiginlegra þarfa og sameiginlegra fjárfestinga. Þau hafi sameiginlega keypt innbú, íbúðina að Sandholti 20 og bifreiðina P 1558, svo að dæmi séu nefnd. Þau hafi bæði ætíð litið svo á, að um óskipta sameign þeirra væri að ræða án tillits til þess, hvort væri skráð formlegur kaupandi eða eigandi. Hvorugt hafi krafist kvittana af hinu fyrir greiðslum, sem þau inntu af hendi í þágu beggja. Stefndi hafi alla tíð talað um, að eignir þessar væru sameiginlegar, þau ættu þetta í óskiptri sameign og ef til sambúðarslita kæmi, yrði eignunum skipt jafnt á milli þeirra. Þetta hafi hann staðfest í bréfi til sín, sem lagt hafi verið fram í málinu. Þá segir stefnandi, að það hafi borist í tal milli sín og stefnda, að þau gengju í hjónaband, og allt hafi stefnt í þá átt, en af því hafi þó ekki orðið. Stefnandi fékk undanþáguvottorð út á væntanlega giftingu til þess að geta tekið út andvirði sparimerkja sinna. Stefnandi kveðst hafa verið samþykkjandi á öllum víxlunum, sem gefnir voru út vegna kaupa á bifreið. Þau hafi bæði greitt víxlana, sem féllu í gjalddaga á árinu 1976, en stefnandi ein greitt víxlana, sem voru með gjalddögum á árinu 1977. Þá segir hún, að stefndi hafi fengið alla peningana, sem komu fyrir bílinn, þegar hann var seldur. En stefndi hafi lofað sér því að greiða sér helminginn ásamt vöxtum, þegar hann sæi sér það fært, en hún hafi ekkert fengið af því ennþá. Enn fremur segir stefnandi, að hún og stefndi, hafi rekið sameiginlega verslunina Spjör í Ólafsvík, en hún hafi verið skráð einkafyrirtæki sitt í firmaskrá, vegna þess að stefnandi hafði verslunarleyfið. Stefnandi segir, að stefndi hafi leigt íbúðina í desember 1976 stúlkum, sem unnu með honum í Ólafsvík, og hafi þær búið þar hálft árið 1977 og hafi stefndi tekið við leigugreiðslum þann tíma. Síðan hafi íbúðin staðið auð fram til 1. febrúar 1978, að stefnandi tók að sér umsjón hennar og hefur tekið við leigugreiðslum síðan. Hún kveðst hafa sent stefnda helming leigunnar fram til júní eða júlí 1978, en ekkert síðan, enda hafi hún séð um greiðslur á öllum kostnaði við íbúðina og fasteignagjöldum og afborgunum af lánum.

Í stefnu er því haldið fram, að stefnandi hafi greitt a. m. k. helming íbúðarverðsins, sem var kr. 1.350.000, þannig: með andvirði sparimerkja ca kr. 250.000, með ca kr. 130.000 í peningum og með kr. 300.000, sem stefnandi fékk að láni hjá Lífeyrissjóði verkamanna.

Stefndi, Erling Laufdal Siggeirsson (Jónsson), skýrir svo frá, að á meðan sambúðin varaði, hafi hann alltaf verið á góðum aflabátum og á árinu 1974 hafi hann unnið alla vertíðina og aflað mikilla tekna, sem hann tók ekki út alla vertíðina, því að þá naut hann fæðis og húsnæðis á sjó. Hann hafi síðan notað fé þetta til þess að kaupa sér íbúð á efri hæð í Sandholti 20 í Ólafsvík. Eign þessa hafi hann keypt á kr. 1.350.000 og greitt kaupverðið þannig: með vinnulaunum sínum á vertíðinni kr. 600.000, með láni hjá Guðmundi Jenssyni kr. 250.000, með láni hjá Sparisjóði Ólafsvíkur kr. 250.000 og með arfi eftir móður sína kr. 150.000. Þær kr. 100.000, sem þá vantar upp á kaupverðið, kveðst hann hafa greitt aðallega með tekjum af sumarvinnu. Þá segir stefndi, að andvirði sparimerkja stefnanda hafi ekki farið til húsakaupanna og lán hjá Lífeyrissjóði verkamanna hafi farið til þess að setja upp verslunina Spjör, sem stefnandi rak í Ólafsvík. Stefndi kveðst hafa endurgreitt lánin hjá Guðmundi Jenssyni og Sparisjóði Ólafsvíkur. Hann segist ekkert hafa greitt af lífeyrissjóðsláninu. Það hafi stefnandi sjálf gert. Stefndi kveðst hafa keypt Trabant bifreið í maímánuði árið 1975 á tæplega kr. 500.000 og átt hana fram á mitt ár 1976, er hann seldi hana á kr. 450.000. Skömmu áður hafði hann keypt bifreið á kr. 960.000, sem hann greiddi með peningum við afsal og með víxlum, samþykktum af stefnanda. Stefndi kveðst þó hafa greitt alla víxlana, sem féllu í gjalddaga, meðan sambúðin varaði. Þó geti verið, að stefnandi hafi greitt suma þeirra, en þá með peningum frá sér. Hins vegar hafi stefnandi greitt alla víxlana, sem féllu í gjalddaga eftir sambúðarslitin, en sambúðinni lauk 25. janúar 1977. Stefndi kveðst ekki vita, hver leigði íbúðina eða hver tók við leigugreiðslum. Hann hafi ekki gert það. Hann kveðst hafa fengið sendar greiðslur á leigu í tvö eða þrjú skipti, en ekkert í sl. 14 mánuði.

Bára Guðmundsdóttir húsmóðir, Brautarholti 28, Ólafsvík, hefur í dómi staðfest, að hún og eiginmaður hennar hafi selt „þeim báðum Erling Laufdal og Jóhönnu Bárðard." efri hæð hússins nr. 20 við Sandholt í Ólafsvík, og var söluverðið kr. 1.350.000. Vitnið segir, að fleiri tilboð hafi komið í íbúðina, en vegna skyldleika við stefnanda, þar sem stefnandi og vitnið eru bræðradætur, og vegna þess að tilboð stefnanda og stefnda var hagstæðast, hvað útborgun snerti, var því tekið.

Guðmundur Jensson sjómaður, Ólafsbraut 28, Ólafsvík, hef-

ur einnig borið vitni í málinu. Hann er föðurbróðir stefnanda málsins. Hann kveðst hafa lánað málsaðiljum kr. 250.000 til íbúðarkaupanna og einungis gert það vegna þess, að stefnandi er bróðurdóttir sín, en stefnda þekkti hann ekki og taldi sig ekki hafa neinar skuldbindingar við hann. Fé þetta segir hann, að stefndi hafi endurgreitt sér.

Í áður áminnstu bréfi stefnda til stefnanda, sem dagsett er 21. júní 1977, eða viku eftir að stefna í máli þessu er birt, segir svo í niðurlagi: „Ég viðurkenni hérmeð að þú Jóhanna átt þitt í öllu búinu jafnt á við mig. Vottast hér með.

Erling Laufdal".

Yfirlýsingu þessa afturkallaði stefndi þó við aðiljayfirheyrslu í dómi.

Samdráttur: Stefnandi og stefndi hófu óvígða sambúð um mitt ár 1973. Sambúðin varaði þar til í janúar 1977, eða í 3½ ár, og bjuggu þau saman sem hjón væru þann tíma. Á sambúðartímanum eignuðust þau íbúð, bifreið og innbú. Þeim ber ekki saman um, hvað hvort um sig hafi lagt fram til kaupa á þessum eignum, og aðrar sannanir um það liggja ekki fyrir í málinu. Ekkert liggur fyrir um það í málinu, að þau hafi átt nokkrar eignir hvort um sig, er sambúð þeirra hófst.

Í settum lögum hér á landi er ekki að finna ákvæði um eignaskiptingu sambúðarfólks, eins og hér um ræðir, við lok sambúðar. Hins vegar er á ýmsum sviðum löggjafar farið að líta á slíka sambúð jafngildi vígðrar sambúðar. Það virðist nokkuð ljóst, að eignamyndun málsaðilja, meðan á sambúðinni stóð, hafi átt að teljast sameign beggja, enda sambúðin vafalaust upphaflega áformuð sem undanfari hjónabands. Með hliðsjón af ákvæðum laga um fjárskipti hjóna við slit hjúskapar og með tilliti til þess, sem hér að framan greinir, verður niðurstaða dómsins sú, að aðalkrafa stefnanda er tekin til greina og viðurkennt með dóminum, að allar eignir stefnanda og stefnda, eins og þær voru við sambúðarslit þeirra í janúar 1977, skuli teljast sameign þeirra að jöfnu. Rétt þykir, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Jón S. Magnússon fulltrúi kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Allar eignir aðilja máls þessa, Jóhönnu Bárðardóttur og Erlings Laufdal Jónssonar, eins og þær voru við sambúðar-

slit þeirra í janúar 1977, skulu teljast sameign þeirra að jöfnu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 22. júní 1982.

Nr. 174/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Indriða Björnssyni
(Jón Þorsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn umferðarlögum og 219. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 9. apríl 1981, en jafnframt var þess krafist af ákæruvaldsins hálfu, að ákærði yrði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing þyngd frá því, sem í héraðsdómi er ákveðið. Af ákærða hálfu er krafist sýknu af öllum ákæruliðum.

Ágrip barst Hæstarétti 23. október 1981.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný skjöl, vottorð Veðurstofu Íslands um veður í Reykjavík að kveldi slysdags og uppdráttur af slysvettvangi og umhverfi hans.

Sakargögn eru rakin í héraðsdómi.

Svo sem greinir í héraðsdómi, taldi ákærði sig hafa ekið á mjög lítilli ferð fram hjá Gamla stúdentagarðinum á þeim tíma, er slys varð. Hann kvaðst hafa hægt ferðina vegna fólks, sem komið var út á akbrautina fyrir framan bifreið hans, en það komst klakklaust norður yfir götuna. Skýrsla

ákærða fær stoð í vætti Gunnars Sveins Skarphéðinssonar og Sölva Óskarssonar. Vitnið Gunnar Sveinn segist hafa séð Stefán Vilhjálm Jónsson stökkva af umferðareyjunni út á akbrautina í sama mund og ákærði ók þar um og hafi hann lent á hlið bifreiðar ákærða. Vitninu Sölva Óskarssyni fannst „maður fara utan í bifreiðina framanverða", en ekki verða fyrir framenda hennar. Hér er þess einnig að gæta, að Stefán Vilhjálmur segir í framburði sínum í sakadómi Reykjavíkur m. a.: „Vitninu þótti óþægilegt að standa í drullunni á umferðareyjunni og steig því út á akbrautina og stóð fast upp við kantsteininn".

Ósannað er, að ákærði hafi ekið hraðar en ákvæði 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þau er í ákæru greinir, heimila. Eins og hér hagaði til, verður ákærði ekki sakaður um skort á aðgæslu, en við það verður að miða samkvæmt gögnum máls, að maður sá, sem lemstur hlaut, hafi stokkið á bifreið hans. Hugðist hann fara yfir Hringbraut, þar sem ekki var gert ráð fyrir umferð gangandi manna. Er þess að gæta, að sérstaklega mörkuð og búin gangbraut var þar litlu vestar.

Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot gegn 37. gr. svo og a og b liðum 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga og enn fremur af ákæru fyrir brot á 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Neitun ákærða á því, að hann hafi orðið var við Stefán Vilhjálm, er hann rakst utan í bifreið ákærða, verður að teljast heldur ósennileg. Framburðir vitnanna Gunnars Sveins Skarphéðinssonar og Sigurbjargar Jóhannsdóttur benda til þess, að ákærði hljóti að hafa orðið var við áreksturinn, en hins vegar varð Anna Björk Halldórsdóttir, sem stóð við hlið Sigurbjargar, ekki vör við dynk þann, sem Sigurbjörg byggir ályktun sína á.

Framburðir vitna um hægan og hikandi akstur ákærða eftir áreksturinn geta bent til þess eins, að ákærði hafi dregið mjög úr hraða vegna fólksins, sem hann hafði þá rétt ekið fram hjá, og leiða þeir ekki í ljós, að ákærði hafi hlotið að verða var við, að maður hefði lent á hlið bifreiðar hans. Eins og sakargögnum er háttað, þykir eigi fært gegn ein-

dreginni neitun ákærða að sakfella hann fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Ákærði er því dæmdur sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í málinu, og ber að leggja allan sakarkostnað í héraði og kostnað af áfrýjun málsins á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Indriði Björnsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 5.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. janúar 1981.

Ár 1981, föstudaginn 30. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 30/1981: Ákæruvaldið gegn Indriða Björnssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. júlí sl., á hendur ákærða, „Indriða Björnssyni, Bauganesi 6 í Reykjavík, fæddum 26. maí 1909 að Hofi í Hörgárdal.

Ákærða er gefið að sök að hafa um kl. 2350 laugardagskvöldið 16. febrúar 1980 ekið bifreiðinni R 46672 í myrkri og rigningu vestur Hringbraut í Reykjavík án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður með þeim afleiðingum, að bifreið ákærða rakst á Stefán Vilhjálm Jónsson, fæddan 24. júní 1908, sem gekk norður yfir götuna, með þeim afleiðingum, að vinstri ökli hans brotnaði, og að hafa síðan eftir nokkurt hik ekið af vettvangi án þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna slyssins.

Telst þetta atferli ákærða varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., a og b liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Laugardagskvöldið 16. febrúar sl., klukkan 2350, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys, sem átt hafði sér stað á Hringbraut við Gamla stúdentagarðinn. Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og gerði annar þeirra skýrslu um fyrstu afskipti lögreglunnar af málinu, en hinn uppdrátt af slysstaðnum.

Samkvæmt lögregluskýrslunni hafði maður á leið norður yfir Hringbraut við Bjarkargötu orðið fyrir bifreið, sem ekið var vestur Hringbraut eftir vinstri akrein. Ók ökumaðurinn á brott án þess að sinna slysinu. Ekki var vitað með fullri vissu, hvernig bifreið hefði verið um að ræða, en sjónarvottur á leið vestur Hringbraut á bifreið taldi, að það hefði verið Austin Mini bifreið, rauð að lit.

Maður sá, er þarna slasaðist, var Stefán Vilhjálmur Jónsson, Bergstaðastræti 8 í Reykjavvík, og var hann fluttur í sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans. Við rannsókn kom í ljós, að hann var brotinn um ökla á vinstri fæti, og auk þess kvartaði hann um eymsli í vinstri síðu.

Stefán Vilhjálmur skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði verið í Stúdentakjallaranum með kunningjum sínum og hefðu þeir drukkið úr einni flösku af léttu víni á ca tveim tímum. Þegar kjallaranum var lokað, fór Stefán Vilhjálmur þaðan ásamt öðrum og gekk áleiðis norður yfir Hringbraut þvert frá kjallaranum og að nyrðri akbrautinni án óhappa. Kvaðst hann líklega hafa stigið vinstri fæti út á götuna, rétt í því að bifreiðina bar að, og lent með hann undir einu hjóli hennar. Kvaðst Stefán Vilhjálmur hafa fallið niður á umferðareyjuna, en honum hefði verið hjálpað á fætur og inn í húsið aftur. Ekki kvaðst Stefán Vilhjálmur vita, hvernig bifreið hefði verið um að ræða, en henni hlyti að hafa verið ekið mjög hratt og ógætilega.

Að mati lögreglunnar var Stefán Vilhjálmur varla merkjanlega undir áhrifum áfengis.

Girðing var eftir umferðareyju Hringbrautar endilangri til varnar því, að gangandi vegfarendur færu alls staðar yfir, en girðingin hafði verið rofin á þeim kafla, sem slysið varð.

Þegar slysið gerðist, var myrkur, skýjað, rigning og malbikað yfirborð götunnar blautt.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Rögnvalds Þorleifs-

sonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, um áverka Stefáns Vilhjálms, dagsett 11. maí sl. Er vottorðið á þessa leið:

„LÆKNISVOTTORÐ.

Sj.: Stefán V. Jónsson, f. 24. 06. 08, Bergstaðastræti 8, R.

Neðanritað er byggt á bókunum í sjúkraskrá Stefáns á Slysadeild Borgarspítalans, einnig á eigin kunnugleika um áverka hans og meðferð þeirra.

Þann 17/2 1980, kl. 00.10, var fluttur á Slysadeildina maður, er kvaðst vera fyrrgreindur Stefán. Hann kvaðst skömmu áður hafa orðið fyrir bifreið. Kvartaði Stefán um eymsli í mjóhrygg, vi. ökla og í hæ. hendi.

Við skoðun virtust eymsli vera á öllum þessum stöðum.

Röntgenmyndir voru teknar af mjóhryggnum, og greindust ekki brot á þeim. Voru teknar röntgenmyndir af I. handarbakslegg í vi. hendi og aðlægum beinum, og sáust heldur ekki brot á þeim myndum. Á röntgenmyndum af vi. ökla sást brot upp úr öklaliðnum, en við fyrstu rannsókn varð ekki séð, að öklahnútur væru brotnar af. Lítið misgengi var í fyrrgreindu broti. Þrýstingsumbúðir voru lagðar á vi. ökla.

Áformað var, að sj. færi síðan heim, en lögreglumönnum, er fluttu hann þangað, leist ekki á aðstæður og fluttu hann þess í stað í lögreglustöðina. Höfðu þeir síðan samband við Slysadeildina. Undirritaður, sem var vakthafandi á Slysadeildinni, útvegaði síðan samastað fyrir Stefán á Sjúkrahóteli Rauða Krossins, en pláss fékkst þar þó ekki fyrr en degi síðar. Var Stefán því lagður inn á Slysadeildina, þar til plássið á sjúkrahótelinu losnaði.

Áður en hann færi þangað, var skipt um umbúðir á öklanum og gipsstígvél á hann lagt.

Stefán hefur síðan vistast á sjúkrahótelinu, en komið til eftirlits nokkrum sinnum á göngudeild Slysadeildar.

Skipt var um gipsumbúðir þann 19/3, og fékk Stefán þá göngugips.

Við eftirlit þann 2/4 sl. sýndu nýjar röntgenmyndir, að brotsprunga náði gegnum innri öklahnútu, og þótti af þeim sökum öruggast, að Stefán hefði áfram göngugips í hálfan mánuð. Voru gipsumbúðirnar endanlega fjarlægðar þ. 16/3, og var þá talið, að öklabrotið væri allvel gróið. Stefán bar sig þá vel. Hann fékk leiðbeiningar um að æfa hreyfingar í öklanum og við að beita fætinum rétt aftur.

Gert var ráð fyrir, að hann dveldi þá enn áfram á sjúkra-

hótelinu í svo sem vikutíma, en líklegt þótti, að hann gæti eftir það bjargast heima við. Ekki var gert ráð fyrir, að hann kæmi á Slysadeildina til eftirlits eftir þ. 16/4, nema honum þætti sjálfum sérstakt tilefni til."

Við rannsókn málsins hjá rannsóknardeild lögreglunnar gáfu sig fram tvö vitni, sem skýrðu frá því, að þau hefðu tekið niður númer bifreiðarinnar, sem hlut ætti að slysinu, og væri það fólksbifreiðin R 46672, en skráður eigandi hennar er ákærði, Indriði Björnssn. Af þessum sökum var haft tal af ákærða 19. febrúar og umrædd bifreið, sem er af Datsun gerð, rauð að lit, þá skoðuð og teknar af henni ljósmyndir, en á bifreiðinni reyndist skemmd á vinstra frambretti og einnig strokur á vinstri hlið.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna.

Ákærði kvaðst hafa verið í Tónabæ að kvöldi laugardagsins 16. febrúar sl. á skemmtun. Áfengi var ekki haft um hönd á þessari skemmtun.

Ákærði ók bifreið sinni, R 46672, að skemmtun lokinni, á milli klukkan 2330 og 2400, frá Tónabæ áleiðis heim til sín, vestur Hringbraut og var einn. Skömmu áður en ákærði kom að Gamla stúdentagarðinum, færði hann bifreið sína af hægri akrein yfir á hina vinstri, þar sem hann hugðist aka um innri akrein hringtorgsins og beygja suður Suðurgötu.

Ákærði telur sig hafa verið á mjög lítilli ferð, þegar hann ók fram hjá Gamla stúdentagarðinum, og sá hann fólk á leið norður yfir götuna, og kom það frá stúdentagarðinum. Ákærði hægði ferðina vegna fólksins, sem allt var komið út á akbrautina fyrir framan hann. Ákærði ók síðan áfram heim til sín og varð þess ekki var á þessum slóðum, að neinn kæmi við bifreiðina eða að neitt óeðlilegt gerðist.

Ákærði sagði, að rigningarsúld hefði verið, og ók hann með háu ljósunum, en ekki mundi hann, hvort þurrkurnar voru á. Ákærði mundi ekki, hversu margt fólkið var, sem var að fara yfir götuna í þetta skipti.

Þegar lögreglan hafði samband við ákærða 19. febrúar, var honum bent á dæld í vinstra frambretti, sem ekki hafði verið þar, og kom hún ákærða á óvart. Var dældin vart sjáanleg að mati ákærða.

Ákærði kvaðst hafa notað bifreiðina dálítið, en ekki mikið, frá því að hann kom heim úr Tónabæ og þar til lögreglan hafði tal af honum vegna málsins.

Vitnið Stefán Vilhjálmur Jónsson listmálari, Bergstaðastræti

8 í Reykjavík, kvaðst hafa verið í Stúdentakjallaranum umrætt kvöld og neytt þar lítils háttar af rauðvíni. Fann vitnið ekki til neinna áfengisáhrifa, þegar það yfirgaf staðinn laust fyrir miðnættið ásamt fleira fólki, sem hélt norður yfir Hringbraut rétt við Bjarkargötu. Þegar vitnið var komið yfir syðri akbraut Hringbrautar og umferðareyjuna, sá það ljósglampa af bifreið, sem ók vestur Hringbraut. Vitninu þótti óþægilegt að standa í drullunni á umferðareyjunni og steig því út á akbrautina og stóð fast við kantsteininn. Á hægri hlið vitnisins var hópur af fólki, sem skyggði á bifreiðina, sem nálgaðist. Þetta fólk hopaði upp á umferðareyjuna, en vitnið varð seinna til og varð því fyrir bifreiðinni, sem vitnið sagði, að hefði ekið á sig, svo að það varð fyrir vinstra framhorni hennar við ökuljósið, og rakst hornið í kviðarhol vitnisins, en hjól bifreiðarinnar fór yfir annan fót vitnisins. Þá sagði vitnið, að spegill utan á bifreiðinni hefði rekist undir síðubarð þess. Sagði vitnið, að bifreiðin hefði ekið fast upp við kantsteininn.

Vitnið sagðist ekki vera orðið jafngott af meiðslum sínum 22. þ. m. og hefði óþægindi í vinstri fæti og mjöðm. Taldi vitnið sig aldrei verða jafngott.

Vitnið Gunnar Sveinn Skarphéðinsson, Rauðarárstíg 32 í Reykjavík, kvaðst hafa verið á leið norður yfir götuna og verið statt á umferðareyjunni, þegar Stefán Vilhjálmur lenti í slysinu. Vitnið sá bifreiðina, þegar hún nálgaðist, og var henni ekið á venjulegri ferð á vinstri hluta götunnar og frekar nálægt kantsteininum.

Vitnið taldi, að hluti af fólkinu, sem var á leið yfir götuna, hefði skyggt á bifreiðina fyrir Stefáni Vilhjálmi, sem vitnið sá stökkva úr drullusvaðinu á umferðareyjunni inn á akbrautina rétt við syðri kantstein akbrautarinnar. Rétt í sama mund bar bifreiðina að, og sá vitnið, hvað verða vildi, en gat ekki gert að. Vitnið taldi, að Stefán Vilhjálmur hefði ekki orðið fyrir bifreiðinni, heldur skollið á vinstra frambrettið og lent upp á vélarhúsið fyrir framan glugga ökumanns. Taldi vitnið afskaplega ólíklegt annað en að ökumaðurinn hefði orðið var við þetta, en hér var um töluvert högg að ræða, og kastaðist Stefán Vilhjálmur til baka á umferðareyjuna.

Vitnið sá ekki númerið á bifreiðinni, sem var ekið á brott, og ekki tók vitnið eftir því, hvort ökumaðurinn hikaði eftir slysið eða hélt áfram. Vitnið sá, að umrædd bifreið var lítil, en gat ekki lýst henni frekar.

Vitnið Sölvi Óskarsson verslunarmaður, Grenimel 16 í Reykjavík, kvaðst hafa ekið vestur Hringbraut í mjög slæmu skyggni, rigningu og sudda, umrætt sinn. Þó nokkru á undan vitninu var rauð bifreið, og ók hún á vinstri akrein eins og vitnið. Vitnið sá á þessum tíma töluverðan hóp af fólki á leið norður yfir Hringbrautina á móts við Bjarkargötu. Var sumt af þessu fólki komið yfir götuna, en annað á leið yfir.

Vitninu fannst rauðu bifreiðinni ekið á venjulegri ferð, og þegar hún ók um þann stað, þar sem fólkið var að fara yfir götuna, fannst vitninu maður fara utan í bifreiðina framanverða, en ekki verða fyrir framenda hennar. Vitnið var nokkuð langt í burtu og sá þetta ekki greinilega vegna hins slæma skyggnis.

Vitnið hafði ekki tekið eftir ferðum mannsins, áður en hann lenti utan í bifreiðinni, og sá hann fyrst, þegar hann var utan á henni.

Vitnið Sigurbjörg Jóhannsdóttir nemandi, Álfheimum 68 í Reykjavík, var umrætt sinn statt á biðstöð SVR sunnan Hringbrautar, nokkru fyrir vestan Bjarkargötu. Fylgdist vitnið með fólki, sem var á leið norður yfir götuna á móts við Bjarkargötu.

Vitnið heyrði allt í einu dynk í nánd við fólkið, og þá fyrst sá það, að slys hafði átt sér stað, en maður lá í götunni. Ekki sá vitnið aðdraganda slyssins, og ekki sá það, hvort bifreiðin ók á manninn eða hann gekk á hana. Ekki tók vitnið heldur eftir því, áður en slysið skeði, hvort bifreiðinni var ekið hratt.

Vitnið sagði, að svo hefði virst, að bifreiðin hikstaði fyrst eftir dynkinn, en síðan var ferðin aukin og bifreiðinni ekið hiklaust á brott.

Þegar bifreiðinni var ekið undir fluorljós, sem eru yfir gangbraut rétt vestan við biðstöðina, sá vitnið skráningarmerki bifreiðarinnar, R 46672, og setti það á minnið.

Vitnið sagði, að bifreiðinni hefði verið ekið hikstandi, þar til hún var á móts við biðstöðina, þar sem vitnið stóð, en þá var byrjað að auka ferðina.

Vitnið var þeirrar skoðunar, að dynkurinn hefði verið það hár, að ökumaður bifreiðarinnar hefði átt að verða hans var, en vitnið sá, að ökumaðurinn var karlmaður með gleraugu og kominn yfir miðjan aldur.

Vitnið Anna Björk Halldórsdóttir nemandi, Huldulandi 7 í Reykjavík, var umrætt sinn í fylgd með vitninu Sigurbjörgu á biðstöð SVR.

Vitnið sá hvorki aðdraganda slyssins né það sjálft. Vitnið

taldi, að eitthvað í undirmeðvitundinni hefði sagt því, að þarna hefði orðið slys, en ekki heyrði vitnið dynk. Vitnið sá mann leiddan á brott og litla rauða fólksbifreið aka vestur götuna frá staðnum, og virtist henni ekið hægt fyrst, en síðan var ferðin aukin, að vitnið telur nokkru fyrir vestan þann stað, þar sem það stóð.

Vitnið tók eftir númeri bifreiðarinnar, R 46672, og lagði það á minnið. Þá sá vitnið ökumann hennar. Kvað það hann hafa verið um fimmtugt, ljósan yfirlitum, grannan með þunnt ljóst eða grátt hár og í ljósum jakka.

Vitnið taldi, að ökumaðurinn hefði örugglega orðið var við slysið vegna viðbragða hans, þegar hann ók fram hjá fólkinu.

Ákærði hefur mótmælt því, að vitnið Stefán Vilhjálmur hafi lent upp á vélarhúsi bifreiðarinnar, og ekki kannast hann við, að bifreiðin hafi hikstað hjá honum á þeim slóðum, sem slysið átti sér stað.

Vitnið Sigurður Pálsson rannsóknarlögreglumaður, Barmahlíð 27 í Reykjavík, gerði áðurgreinda lögregluskýrslu og skýringar við ljósmyndir, sem teknar voru af bifreið ákærða. Hefur vitnið staðfest þessi verk sín við meðferð málsins.

Vitnið Steindór Hilmarsson rannsóknarlögreglumaður, Orrahólum 7 í Reykjavík, gerði uppdrátt af slysstaðnum og hefur staðfest hann við meðferð málsins.

Sannað er með framburði vitna, læknisvottorði og öðrum gögnum málsins, að Stefán Vilhjálmur Jónsson varð fyrir slysi því, sem um er fjallað í máli þessu, og með þeim afleiðingum, sem um er getið í ákæru.

Þá þykir sannað með framburði vitnanna Sigurbjargar og Önnu Bjarkar, að það hafi verið bifreiðin R 46672, sem átti hlut að slysinu, en þetta er stutt því, að bifreiðin bar merki um ákomur á þeim stað, sem vitni hafa borið, að Stefán Vilhjálmur hafi komið við bifreið þá, er hann lenti á. Þá er sannað með framburði ákærða sjálfs, að hann hafi ekið um slysstaðinn, þegar slysið gerðist, og telst því komin fram sönnun fyrir því, að ákærði hafi sjálfur ekið bifreiðinni.

Sannað er með framburði vitna, að ákærði ók um stað, þar sem töluverður hópur fólks var á leið yfir götuna. Bar því ákærða að hægja ferðina og aka af fyllstu aðgát. Telur ákærði sig hafa gert það, en allt að einu er ljóst, að ákærði telur sig ekki hafa séð Stefán Vilhjálm eða orðið þess var, að hann kæmi við bifreið hans. Verður því að telja sannað, að ákærði hafi ekið umrætt

sinn án þess að sýna aðgæslu, sem krefjast verður af ökumönnum, þegar þeir aka um staði, þar sem fólk er á ferð. Varðar það brot við 1. mgr. 37. gr. og a og b liði 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Þrátt fyrir framburð Stefáns Vilhjálms þykir með framburði vitnisins Gunnars Sveins, sem studdur er framburði annarra vitna, og því, hvar ákomur voru á bifreið ákærða, ósannað, að bifreið ákærða hafi rekist á Stefán Vilhjálm, heldur virðist svo sem hann hafi gengið eða hlaupið á vinstra frambretti bifreiðarinnar. Þykir því eigi sannað, að ákærða hafi verið unnt að afstýra slysinu, og ber því að sýkna ákærða af því að hafa með akstri sínum valdið Stefáni Vilhjálmi þeim áverkum, sem hann hlaut í slysinu, og þar með af því að hafa brotið gegn 219. gr. almennra hegningarlaga.

Þrátt fyrir framburð ákærða þess efnis, að hann hafi ekki orðið slyssins var, þykir sannað, að ákærði hafi orðið þess var og hafi hann eftir nokkurt hik ekið af vettvangi án þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna slyssins. Er þessi sönnun studd því, að óhugsandi er, að maður rekist utan í bifreið á ferð og skilji eftir á henni merki um það, án þess að ökumaður verði var við það, enda hafa vitni upplýst, að um töluvert högg hafi verið að ræða, sem ósennilegt sé, að ökumaður hafi ekki orðið var við, svo og hafa vitni borið um hikstandi akstur ákærða eftir slysið.

Þessi háttsemi varðar við 1. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1931 25/10 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1935 15/2 Dómur Hæstaréttar: 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 283. gr., sbr. 46. gr. og 48. gr. með hliðsjón af 47. gr. hegningarlaganna. (Héraðsdómur, Siglufirði, 19/9 1933).

1953 28/8 á Siglufirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á verðlagsákvæðum. Upptækur ólöglegur ágóði kr. 303.72.

1945 8/6 Akureyri: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 21/9 Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1953 20/11 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1965 15/7 Reykjavík: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis-

lögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 15/7 1965.

1965 20/7 Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1966 13/12 Reykjavík: Lögregluáminning fyrir að spilla heimilisfriði hjá fyrrverandi eiginkonu.

1967 10/3 Reykjavík: Dómur: Varðhald 5 daga fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu 2/5 1967.

1967 22/11 Reykjavík: Dómur: Varðhald í 10 daga fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 13. janúar 1967.

Ákærða var veitt ökuleyfi á ný 27. ágúst 1970.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 3 daga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 1.400.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Indriði Björnsson, greiði 800.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 3 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 1.400.00 krónur.

Miðvikudaginn 23. júní 1982.

Nr. 134/1982. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f. h. vinnuvélaeigenda
vegna Feró s/f og
Hafsteins Alfreðssonar
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra
vegna Vörubílstjórafélagsins Þróttar.

Kærumál. Dómstólar. Félagsdómur. Frávísunardómur staðfestur. Sératkvæði.

Dómsorð:

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 8. júní 1982, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Krefjast þeir, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir Félagsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og sóknaraðiljar dæmdir til greiðslu kærumálskostnaðar.

Þær aðgerðir, sem um var að tefla af hendi varnaraðilja gagnvart sóknaraðiljum, Feró s/f og Hafsteini Alfreðssyni, í atvinnustarfsemi þeirra, voru ekki vinnustöðvun í skilningi 1. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Það ber eigi undir Félagsdóm, heldur almenna dómstóla að dæma um ólögmæti þeirra aðgerða og fébótaskyldu af því tilefni. Samkvæmt því verður hinn kærði frávísunardómur staðfestur að því er tekur til 1. og 2. tl. stefnukrafnanna.

Með 2. tl. 44. gr. nefndra laga er það lagt til Félagsdóms að skera úr því með viðurkenningardómi, ef því er að skipta, hvernig skilja beri ákvæði kjarasamnings, er ágreiningi

valda. Samkvæmt undirstöðurökum lagaákvæðis þessa og með hliðsjón af ákvæðum 3. tl. sömu greinar verður að líta svo á, að mál til að fá viðurkenningardóm um skýringu á 5. gr. kjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands vörubifreiðastjóra frá 27. október 1980 hafi Vinnuveitendasambandið átt að reka í eigin nafni eða fyrir hönd einhvers meðlima sinna, sem þiggur þjónustu, slíka sem látin er í té af félagsmönnum í aðildarfélögum Landssambands vörubifreiðastjóra, sbr. 45. gr. laga nr. 80/1938. Ber samkvæmt því einnig að staðfesta hinn kærða frávísunardóm að því er tekur til 3. töluliðar í dómkröfum sóknaraðilja.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta Hæstaréttar um afgreiðslu á 1. og 2. tölulið stefnukrafnanna.

Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að fella eigi frávísunardóminn úr gildi að því er varðar 3. tölulið stefnukröfunnar. Ber að leggja fyrir Félagsdóm að kveða upp efnisdóm um þann þátt málsins með skírskotun til þeirra forsendna, er fram koma í sératkvæði minni hluta dómenda í Félagsdómi, enda verður að telja vinnuvélaeigendur, svo sem sóknaraðilja, atvinnurekendur í skilningi laga nr. 80/1938.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Félagsdóms 2. júní 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 19. f. m., var höfðað með stefnu 6. maí 1982.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Félags vinnuvélaeigenda vegna Feró s/f og Hafsteins Alfreðssonar.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þróttar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms:

1. Að vinnustöðvunaraðgerðir forráðamanna og félagsmanna Vörubílstjórafélagsins Þróttar 29. og 30. apríl 1982 við uppskipun á salti úr m/s Ísnesi í Sundahöfn hafi verið ólögmætar og heimildarlausar.
2. Að stefndi sé bótaskyldur gagnvart stefnendum vegna þessara aðgerða.
3. Að skilja beri ákvæði samnings milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. október 1980 á þann veg, að hann nái til vörubifreiða með hæst 15 tonna hlassþunga og forgangsréttarákvæði til leiguaksturs á vörubifreiðum samkvæmt 5. gr. nefnds samnings sé við þetta takmarkað, en nái ekki til dráttarbíla með tengivagni og þá ekki til dráttarbíls með tengivagni, sem ber yfir 20 tonna hlassþunga svo sem vagninn R 16625 og vagninn R 57968.

Þá er þess og krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað eftir mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað. Þá gerir stefndi einnig þá kröfu með vísan til 53. gr. laga nr. 80/1938, að viðurkenndur verði með dómi Félagsdóms, ef fært þykir í máli þessara aðilja, einkaréttur vörubílstjóra í Vörubílstjórafélaginu Þrótti til að annast þá flutninga, sem um er deilt í máli þessu.

Málavexti segir stefnandi vera þessa:

Fyrirtækið Saltsalan h/f samdi við stefnendur, Feró s/f og Hafstein Alfreðsson, um flutning á saltfarmi með tilstyrk dráttarbíla og flutningavagna þessara aðilja frá borðstokki skipsins Ísness í Sundahöfn til birgðageymslu í landi. Ámokstur á tengivagn hófst laust fyrir kl. 1830 fimmtudaginn 29. apríl 1982.

Eigi hafði ámokstur staðið nema stutta stund, er nokkrir bifreiðastjórar úr Vörubílstjórafélaginu Þrótti komu á vettvang og lögðu bifreiðum sínum þvert fyrir aðkeyrsluleið flutningatækja stefnenda og hindruðu þannig, að hægt væri að halda starfinu áfram, og réttlættu þeir aðgerðir sínar með því, að þeir væru með þessu að gæta hagsmuna félagsmanna Þróttar samkvæmt ákvörðun forráðamanna þar.

Lögmaður stefnanda hitti að máli formann Þróttar á vettvangi um kl. 1900, og lýsti lögmaðurinn því yfir við formanninn í áheyrn sóknaraðiljanna, að hann gerði Þrótt skaðabótaábyrgan vegna ólöglegrar valdbeitingar og vinnutruflunar. Formaðurinn kvað aðgerðirnar byggðar á því, að félagsmenn Þróttar ættu forgangsrétt til þessara flutninga.

Um það bil 2—3 klukkustundum síðar voru Þróttarbílarnir farnir af vettvangi, og var þá að nýju hafin vinna við uppskipun á salti á tengivagnana. Eigi leið þó á löngu, uns komnir voru allmargir Þróttarbílar, sem umkringdu vinnustaðinn.

Að beiðni lögmanns sóknaraðilja komu lögreglumenn á vettvang bæði hið fyrra sinn og einnig síðara, og liggur frammi skýrsla lögreglunnar um atburðinn. Í skýrslunni segir meðal annars:

„Er við komum á staðinn, hafði vörubifreiðum frá Þrótti verið lagt þannig, að vörubifreiðarnar frá Feró gátu ekki ekið saltinu burtu frá skipinu. Á staðnum var eigandi fyrirtækisins Feró, Marinó Sigurpálsson, Steinaseli 6, sími 72005. Einnig voru þarna forráðamenn frá Þrótti, formaður og framkvæmdastjóri. Lýstu þeir allri ábyrgð á sig vegna aðgerða Þróttar við hindrun á uppskipun úr Ísnesi. Þróttarmenn töldu sig eiga allan rétt á uppskipun saltsins úr skipinu, þar sem það væri „bíltækt", eins og þeir orðuðu það".

Klukkan að ganga tvö um nóttina fjarlægðu sóknaraðiljar flutningatæki sín.

Nokkru síðar um nóttina réðu forráðamenn Saltsölunnar h/f nokkra Þróttarbílstjóra til þess að flytja saltið.

Á deiluvettvangi urðu aðiljar sammála um að leggja ágreininginn fyrir Félagsdóm.

Í máli þessu hefur komið fram kjarasamningur milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. október 1980, en 5. gr. samningsins er svohljóðandi:

„Vinnuveitendasambandið skuldbindur sig til að láta fullgilda félagsmenn vörubílstjórafélaga innan Landssambands vörubifreiðastjóra hafa forgangsrétt til leiguaksturs á vörubifreiðum, hvern á sínu vinnu- og félagssvæði, og til leiguaksturs inn og út af því svæði fyrir þá félaga Vinnuveitendasambandsins, sem staðsettir eru á svæðinu.

Vinnuveitendur hafa frjálst val um það, hvaða félagsmenn viðkomandi vörubílstjórafélags þeir taka til vinnu, þar sem sú regla hefur gilt.

Skipafélögum og skipaafgreiðslum er heimilt að flytja milli staða á eigin bifreiðum eða öðrum eigin flutningatækjum allan þann farm, er þau hafa tekið að sér flutning á með eigin skipum eða leiguskipum."

Einnig hefur verið lögð fram í málinu reglugerð samgönguráðuneytisins um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þróttar, frá 3. nóvember 1970.

3. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Vörubifreiðastöð sú, er Vörubílstjórafélagið Þróttur rekur í Reykjavík, hefur hlotið viðurkenningu borgarstjórnar Reykjavíkur, bæjarstjórnar Kópavogs og sýslunefndar Kjósarsýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Þróttar utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki."

Stefnandi rökstyður mál sitt á þessa leið:

Um kröfuliði 1 og 2: Stefnandi heldur því fram, að áðurnefndar aðgerðir forráðamanna og félagsmanna Vörubílstjórafélagsins Þróttar séu andstæðar IV. kafla umferðarlaga nr. 40/1968 og XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hér sé um að ræða valdbeitingu, sem gangi þvert á anda og tilgang laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Vegna valdbeitingar þessarar hafi stefnandi orðið fyrir tjóni, sem stefndi beri bótaábyrgð á.

Fyrrgreind valdbeiting sé ekki verkfallsaðgerð, heldur mun alvarlegra mál. Hins vegar megi lögjafna aðgerðunum við vinnustöðvun og eigi því Félagsdómur dómsvald um kröfur þessar, sbr. 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Um kröfulið 3: Stefnandi byggir kröfur sínar samkvæmt þessum lið á því, að gera verði greinarmun á vörubifreiðum annars vegar og dráttarbílum með tengivagni hins vegar. Lög um leigubifreiðar nr. 36/1970, 6. gr., og reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum sýni greinilega, að með orðunum vörubifreiðar sé ekki átt við dráttarbíla með tengivagni, og fullyrða megi, að tilvitnanir laga og reglugerða í vöruflutningabifreiðar nái engan veginn til dráttarbíla með tengivögnum.

Þá sé þess að geta, að samningurinn milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands taki aðeins til vörubifreiða með allt að 15 tonna hámarkshlassþunga. Sjái þessa víða stað í samningnum. Af þessu leiði, að forgangsréttur til leiguaksturs véruflutninga samkvæmt 5. gr. nefnds samnings sé takmarkaður við slíkar bifreiðar. Vörubifreiðar stærri en svo, að 15 tonna hlassþungi sé þeirra mesta burðarmagn, séu fyrir utan samninginn og óháðar forgangsréttinum. Sama máli gegni um dráttarbíla með tengivagni. Þeir dráttarbílar, sem um ræðir í þessu máli, bera yfir 20 tonna hlassþunga.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á aðildarskorti, sbr. 45. gr. og þó einkum 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sem fjallar um meðferð mála fyrir Félagsdómi.

Eigendur umræddra dráttarbíla með tengivögnum, Feró s/f og Hafsteinn Alfreðsson, eigi ekki aðild að máli þessu. Deilan standi milli Saltsölunnar h/f, sem er vinnuveitandinn og eigandi farmsins, og Vörubílstjórafélagsins Þróttar. Það sé því Saltsalan h/f, sem hefði átt að koma fram sem stefnandi í máli þessu. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Verði ekki fallist á þessa málsástæðu, telur stefndi, að sýkna beri hann allt að einu af efnisástæðum. Aðgerðir félagsmanna Þróttar umræddra nótt hafi byggst á neyðarrétti, þar sem, eins og á stóð, hafi ekki verið tök á að leggja lögbann á gegn skýlausu broti á einkarétti félagsins til flutningsins.

Ef beðið hefði verið með aðgerðir, hefði skaðinn verið skeður og losun skipsins lokið með ólögmætum hætti. Aðgerðir þessar hafi því verið eðlilegar og nauðsynlegar til að afstýra lögbroti, eins og á stóð.

Varðandi lið 3 í dómkröfum stefnanda byggir stefndi sýknukröfu sína á ákvæðum laga nr. 36/1970, reglugerð frá 3. nóvember 1970 og einkum á forgangsréttarákvæðinu í 5. gr. marganefnds samnings frá 27. október 1980. Stefndi telur, að forgangsréttur félagsmanna innan Landssambands vörubifreiðastjóra sé fortakslaus að því er varðar flutning á varningi, sem er „bíltækur", þ. e. varningi, sem vörubifreiðar félagsmanna landssambandsins geta flutt. Stefndi hafnar alfarið þeirri skoðun stefnanda, að forgangsrétturinn taki ekki til vörubifreiða með meira en 15 tonna hámarkshlassþunga. Slík niðurstaða mundi gera forgangsréttinn lítils eða einskis virði. Þó að í samningnum

sé ekki getið aksturgjalds fyrir vörubifreiðar með meira en 15 tonna hámarkshlassþunga, megi ekki gagnálykta frá því, að forgangsrétturinn taki ekki til stærri vörubifreiða. Stefndi telur, að orðið vörubifreið nái til allra bifreiða, sem annast vöruflutninga, hvort sem þær eru með tengivagni eða ekki.

ÁLIT DÓMSINS.

Sóknaraðiljar máls þessa, Feró s/f og Hafsteinn Alfreðsson, eru að sönnu meðlimir í Félagi vinnuvélaeigenda, sem aftur er meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands, en í deilu þeirri, sem mál þetta er risið af, komu sóknaraðiljar þessir ekki á nokkurn hátt fram sem vinnuveitendur. Var því stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, ekki rétt að leggja þetta málsefni til úrlausnar Félagsdóms fyrir hönd Félags vinnuvélaeigenda vegna Feró s/f og Hafsteins Alfreðssonar.

Þykir því verða að vísa kröfum stefnanda frá Félagsdómi.

Þar eð málssókn er haldin þessum ágöllum, sem að framan er lýst, verður einnig að vísa gagnkröfu stefnda frá Félagsdómi.

Málskostnaður á að falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Þorsteinn Thorarensen, Björn Helgason og Árni Guðjónsson.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Gunnars Guðmundssonar og Halldórs Þorbjörnssonar.

Tilefni máls þessa er ágreiningur um skilning á samningi Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. okt. 1980. Sóknaraðiljar, Feró s/f og Hafsteinn Alfreðsson, sem eru í vinnuveitendasambandinu, hafa af því lögvarða hagsmuni að fá skorið úr ágreiningi þessum, og teljum við því, að leggja beri efnisdóm á kröfur aðilja í málinu.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að málinu verði vísað frá dómi, tökum við að svo stöddu ekki afstöðu til dómkrafna í málinu.

Fimmtudaginn 1. júlí 1982.

Nr. 91/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hilmari Haraldssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 217. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu er áfrýjað að ósk ákærða, en einnig til þyngingar refsingar af hálfu ákæruvalds. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn, er sýna, að ákærði og vitnið Friðþjófur Haraldsson eru albræður.

Gunnar Sigurbjörnsson hefur borið ákærða þeim sökum, að hann hafi slegið sig högg á munninn, er þeir voru staddir á skrifstofu loðnuverksmiðju Ísbjarnarins h/f á Seyðisfirði að kvöldi 16. febrúar 1978. Gunnar, ákærði og Friðþjófur eru einir til frásagnar um atburð þennan. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi greitt Gunnari högg, og Friðþjófur kannaðist ekki við, er hann var yfirheyrður fyrir dómi, að ákærði hefði gert það. Tvö vitni hafa borið, að Gunnar hafi verið blóðugur um munninn, er hann kom út af skrifstofu ákærða. Eitt vitni telur, að hann hafi ekki verið það, er hann fór þangað inn. Að öðru leyti liggja ekki fyrir upplýsingar um það atriði. Gegn neitun ákærða, sem studd er framburði vitnisins Friðþjófs, en framburð hans verður að meta með hliðsjón af skyldleika vitnisins við ákærða, þykir ekki sannað, að ákærði hafi veitt Gunnari áverka þá, sem lýst er í ákæru. Er og engan veginn útilokað, að Gunnar, sem var „talsvert drukkinn“ í umrætt skipti að áliti læknis, hafi getað hlotið áverkana með öðrum hætti. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Bótakrafa Gunnars á hendur ákærða kemur samkvæmt þessu ekki til álita, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan sakarkostnað í héraði og kostnað af áfrýjun málsins á ríkissjóð, þar á meðal laun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 4.000.00 krónur.

Höndum hefur verið kastað til rannsóknar málsins og mikill dráttur orðið á rekstri þess. Ber að átelja þetta.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Haraldsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Framangreindri bótakröfu er vísað frá héraðsdómi.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Sakarefni máls þessa hefur að öllu leyti verið rannsakað í sakadómi í samræmi við ákvæði 3. mgr. 73. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Rannsókn önnuðust bæjarfógetafulltrúarnir Skúli Thoroddsen og Örn Sigurðsson.

Verulegir gallar eru á rannsókn og meðferð máls þessa:

1. Í frumskýrslu kæranda í sakadómi Seyðisfjarðar hinn 24. febrúar 1978 segir m. a.: „Mættur kveðst þá skyndilega hafa fengið högg á munninn, mættum að óvörum, enda hafi hann alls ekki búist við slíku. Mættur kveðst þá hafa farið út af skrifstofunni eftir þetta högg frá Hilmari“.

Í þessari óljósu bókun felst hið eina, sem í málinu greinir frá kæranda sjálfum um, að hann hafi hlotið áverka og hver hafi veitt honum áverkann. Ekki verður séð, að dómari hafi

lagt neinar spurningar um kæruefnið fyrir kæranda, eftir að hann færði þessa óljósu yfirlýsingu til bókar.

2. Hinn 16. mars 1978 kemur Friðþjófur Haraldsson verkstjóri fyrir sakadóm Seyðisfjarðar. Er bókað, að hann sé kærður í málinu og dómari bókar, að gætt sé ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Ekki verður með neinu móti ráðið af því, sem bókað er eftir kæranda og greinir undir 1. tölulið hér að framan, hvert geti hafa verið tilefni þess, að Friðþjófur þessi var meðhöndlaður sem sakborningur.

3. Í yfirheyrslum í sakadómi Seyðisfjarðar segir ákærði í fyrsta sinn, hinn 16. mars 1978, að hann kannist ekki við að hafa slegið kæranda í andlitið. Í annað sinn, er honum var boðin dómssátt 25. október 1978, segir: „Mætta er nú boðin dómssátt, sbr. dskj. nr. 1, en hann hafnar henni með öllu. Vísar hann í fyrri framburð sinn hér fyrir dómi varðandi mál þetta. Mættur óskar ekki eftir því að tjá sig meira um mál þetta.“ Er ákærði kom fyrir sakadóm hinn 26. febrúar 1979, kveðst hann ekki vilja tjá sig um ákæruna, „en vísar í fyrri framburð sinn hér fyrir dóminum“.

Svör ákærða, sem ekki geta talist afdráttarlaus, gáfu héraðsdómara tilefni til þess að krefja hann afdráttarlausra svara og jafnframt að brýna sérstaklega fyrir honum niðurlagsákvæði 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

4. Tvö vitni, sem komið hafa fyrir sakadóm, Einar Rafn Haraldsson og Guðjón Harðarson, bera það, að kærandi hafi verið blóðugur, er hann kom út af skrifstofu ákærða, og annað vitna þessara telur sig hafa séð, að kærandi hafi ekki verið blóðugur, er hann fór inn á skrifstofu ákærða þá rétt áður.

Svo er að sjá af gögnum málsins, að fleiri vitni hafi verið viðstödd, þó ekki í skrifstofu, er hinn kærði atburður á að hafa skeð, en þau „ekki fengist til vitnisburðar, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir“, eins og segir í bréfi bæjarfógetans á Seyðisfirði til ríkissaksóknara, er fylgdi rannsóknargögnum, hinn 1. febrúar 1979. Bréfi þessu svaraði ríkissaksóknari hinn 19. sama mánaðar með útgáfu ákæru og kröfu um, að

héraðsdómari lyki rannsókn málsins, en ekki gerði hann sérstaka kröfu um, að héraðsdómari beitti ákvæðum 89. og 99. gr. laga nr. 74/1974 til þess að færa vitni fyrir dóm. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti lét ríkissaksóknari að því liggja, að ótti starfsmanna við forstjóra hefði valdið því, að vitni fengust ekki til þess að koma í sakadóminn. Var því enn frekari ástæða fyrir ákæruvald til þess að gera kröfu um beitingu ákvæða 99. gr. laga nr. 74/1974.

5. Ákærði kveðst hafa verið að tala í síma og haldið á heyrnartóli símans, er kærandi var leiddur fyrir hann á skrifstofu hinn 16. febrúar 1978. Ekki sést, að ákærði hafi verið inntur eftir því, við hvern hann var að tala, og þá ekki reynt að hafa uppi á þeim manni til að spyrja hann, hvort hann hafi heyrt það, sem fram fór í gegnum símann.

6. Fébótakrafa var ekki borin undir ákærða, svo séð verði, en kröfubréf var lagt fram í dómi tæpu ári eftir dagsetningu þess.

Að svo vöxnu máli ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til frekari rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 28. október 1980.

Árið 1980, þriðjudaginn 28. október, var á dómþingi sakadóms Seyðisfjarðar, sem háð var á skrifstofu dómsins af Árna Vil-

hjálmssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Hilmari Haraldssyni.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var samdægurs, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 19. febrúar 1979, á hendur Hilmari Haraldssyni verksmiðjustjóra, Hæðarbyggð 25 í Garðakaupstað, fyrir líkamsárás með því að hafa fimmtudagskvöldið 16. febrúar 1978 ráðist að Gunnari Sigurbjörnssyni, fæddum 12. október 1934, í skrifstofu sinni í verksmiðju Ísbjarnarins h/f á Seyðisfirði og slegið hann högg á munninn, þannig að sprakk fyrir á vörum hans og hann bólgnaði í andliti.

Er þetta talið varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist af ákæruvaldsins hálfu, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.

Skipaður verjandi ákærða, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, gerir þær dómkröfur aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfu ákæruvaldsins í máli þessu, en til vara, að ákærða verði dæmd vægasta refsing að lögum. Þá krefst verjandi málskostnaðarlauna úr ríkissjóði að mati réttarins.

Kærandi málsins, Gunnar Sigurbjörnsson, hefur krafist miskabóta að fjárhæð kr. 200.000.

Ákærði, sem er sakhæfur og fæddur í Hólmavík 12. september 1935, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1956 30/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1960 25/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1963 20/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1964 23/6 í Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1965 1/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1976 21/4 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot á 10. gr., sbr. 20. gr. laga 54/1960.
1977 24/6 í Reykjavík: Dómur: 200.000 kr. sekt fyrir brot á 215. gr. hegningarlaga, 26., 37., 45., 47. og 49. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 ár frá 24/6 1977.

II.

Málavextir eru í stuttu máli þeir helstir, að kærandi málsins, Gunnar Sigurbjörnsson, til heimilis á Seyðisfirði, mætti til vinnu í verksmiðju Ísbjarnarins h/f hér í bæ fimmtudagskvöldið 16. febrúar 1978 laust fyrir klukkan 2000 og var þá óumdeilanlega undir áhrifum áfengis. Þar sem kærandi kom akandi til vinnu sinnar, var hann með dómssátt hér fyrir dómi sviptur ökuleyfi í eitt ár og gert að greiða sekt, svo sem lög gera ráð fyrir. Skömmu eftir að kærandi kom til vinnu sinnar, tekur hann vörulyftara og ekur honum um verksmiðjuna, og lýkur akstrinum með því, að lyftarinn rekst utan í gaskúta, sem voru á bretti, og löskuðust þeir lítillega. Vaktformanni, Friðþjófi Haraldssyni, sem er bróðir ákærða, er tilkynnt, hvað gerst hafi, og fer hann á vettvang. Áttu þeir kærandi og bróðir ákærða einhver orðaskipti, en að því búnu þreif hinn síðarnefndi í öxl kæranda og ýtti honum á undan sér út úr verksmiðjunni og áfram, þar sem leið liggur að skrifstofubyggingu verksmiðjunnar, og þar upp stiga á aðra hæð og inn í skrifstofu þáverandi verksmiðjustjóra, sem er ákærði í máli þessu. Kærandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þar inni á skrifstofunni hafi ákærði slegið sig á munninn fyrirvaralaust eftir að hafa hlýtt á Friðþjóf skýra frá því, sem gerst hafi. Hvorki Friðþjófur né ákærði kannast hins vegar við, að kærandi hafi verið sleginn. Kærandi segist hafa farið út af skrifstofunni við svo búið og hafi Friðþjófur jafnvel ýtt á eftir sér út og niður stigann. Er kærandi kom niður á fyrstu hæð byggingarinnar, var hann blóðugur í andlitinu.

Eins og áður sagði, neitar ákærði því að hafa slegið Gunnar Sigurbjörnsson, en segist hafa setið með símtólið í höndunum, meðan þeir bróðir hans og kærandi dvöldust inni hjá honum. Segist ákærði ekki hafa yrt á kæranda, meðan hann dvaldist þar, enda sjálfgefið, að kæranda yrði sagt upp störfum. Segist ákærði hafa beðið bróður sinn að hringja í lögreglu.

Friðþjófur Haraldsson segir í skýrslu sinni fyrir dómi, að þegar að hann kom á vettvang, þar sem kærandi hafi verið búinn að aka vörulyftaranum í gaskútana, hafi hann vísað honum á dyr með óhefluðu orðavali, en kærandi sinnti því ekki. Því fór hann með kæranda til skrifstofu ákærða og segir ákærða hafa beðið sig að hringja á lögreglu. Þá segir Friðþjófur, að eftir nokkur orðaskipti á skrifstofunni hafi ákærði „sagt manninum upp störfum". Friðþjófur kveðst hafa farið á eftir kæranda út af skrifstofunni og sagt honum, að hann skyldi ekki fara heim

á bílnum, þótt hann hafi komið á honum, því að hann væri búinn að hringja á lögreglu. Eins og áður segir, kannast Friðþjófur ekki við, að ákærði hafi slegið kæranda, og ekki heldur, að hann hafi gert það.

Vitnið Einar Rafn Haraldsson kom fyrir dóm 19. júlí 1978 og segir í skýrslu sinni, að það hafi séð, er Friðþjófur fór með kæranda málsins upp stiga, sem liggur að skrifstofu ákærða. Segir það jafnframt, að frá skrifstofunni hafi borist mikill hávaði og eftir líklega 3—5 mínútur komu kærandi og Friðþjófur aftur niður stigann, og var kærandi þá blóðugur um munninn. Jafnframt segir vitni þetta, að það telji sig hafa séð, að kæradi var ekki blóðugur, áður en þeir fóru upp á skrifstofu ákærða.

Vitnið Guðjón Harðarson, sem kom fyrir dóm 30. janúar 1979, segist hafa séð, er Friðþjófur kom með kæranda niður af skrifstofu ákærða, og hafi kærandi þá verið blóðugur í framan. Átti vitni þetta þá orðaskipti við kæranda, sem sagði þá m. a., að ákærði hafi slegið sig.

Lagt hefur verið fram áverkavottorð Þráins Rósmundssonar héraðslæknis, en þar segir m. a., að kærandi hafi verið „með sprungnar varir og talsvert bólginn, auk þess sem hann var blóðugur á vörum og andliti", er komið var með hann til töku blóðsýnis kl. 2210 að kvöldi 16. febrúar 1978. Fjórum dögum síðar skoðar nefndur læknir kæranda og segir, að hann sé „með bólgnar varir og marinn kringum hægra munnvik, bæði utan á kinninni og innan á munninum. Ekki er hægt að sjá neinar brotnar tennur."

III.

Með vísan til framanritaðs er ljóst, að engin hlutlaus vitni eru að þeim atburði, sem um er fjallað í málinu. Hins vegar verður að líta á áverkann sem hlutlægt sönnunargagn í málinu, og bendir hann sem slíkur til þess, að hið meinta högg hafi átt sér stað, frekar en að hann bendi til þess, að kærandi hafi hrasað. Í ákæru er frásögn kæranda lögð til grundvallar. Framburður vitnanna Einars Rafns Haraldssonar og Guðjóns Harðarsonar styður einnig framburð kæranda. Vitnið Einar Rafn telur sig hafa séð, að kærandi var ekki blóðugur í andliti, er hann fór upp stigann að skrifstofu ákærða, en hins vegar, að hann hafi verið blóðugur, er hann kom niður aftur, eftir að mikill hávaði hafi heyrst frá skrifstofu þessari, meðan menn þessir voru þar inni. Kærandi segir vitninu Guðjóni, um leið og hann kemur niður stigann, að ákærði hafi slegið sig. Vitnið Guðjón ber einnig, að

kærandi hafi þá verið blóðugur í andliti. Engin sennilegri skýring á áverkanum hefur komið fram. Með tilliti til alls þessa verður það að teljast nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir. Hins vegar þykir við ákvörðun refsingar mega taka tillit til 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þá með hliðsjón af hegðun kæranda.

Refsing ákærða þykir því hæfilega ákveðin kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs.

Með vísan til aðalkröfu skipaðs verjanda og þess, að afleiðingar brotsins geta ekki talist þungbærar, þrátt fyrir að miskabótakröfunni sé ekki mótmælt sérstaklega, þá ákveðast miskabætur til Gunnars Sigurbjörnssonar kr. 50.000.

Loks ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 70.000.

Meðferð málsins hefur af mörgum ástæðum dregist úr hófi, bæði vegna embættisanna þeirra, sem með málið hafa farið hér í dómi, svo og þess, að vörn barst seinna en gert var ráð fyrir.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Haraldsson, Hæðarbyggð 25, Garðakaupstað, greiði kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan tveggja mánaða frá lögbirtingu dómsins. Þá greiði ákærði Gunnari Sigurbjörnssyni kr. 50.000 í miskabætur og allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. júlí 1982.

Nr. 139/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Sævari Rafni Jónassyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1982, sem barst Hæstarétti 2. júlí. Krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Í kafla þeim, sem ber yfirskriftina **kröfur** í hinum kærða úrskurði, hefur misritast undir III dagsetningin 28. júní í stað 26. júní og undir V dagsetningin 20. júní í stað 26. júní.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Akureyrar 30. júní 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í lögreglustöðinni við við Þórunnarstræti af af Sigurði Eiríkssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

KRÖFUR.

Rannsóknarlögreglan á Akureyri hefur krafist þess, að Sævar Rafn Jónasson, fæddur 17. apríl 1954 á Akureyri, óvíst um heimilisfang eða dvalarstað, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um eftirtalin afbrot:

I. Innbrot í söluskálann að Tjörn í Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu föstudaginn 25. júní 1982, en þar var brotin rúða í framhurð skálans, 70 x 160 cm, 5 mm þykk, og teknar ca 500 krónur úr peningakassa, sem geymdur var í hillu undir borði í söluskálanum.

II. Innbrot í verslun KSÞ að Fosshóli í Suður-Þingeyjarsýslu aðfaranótt laugardagsins 26. júní 1982. Þar var farið inn með þeim hætti, að rúða á vesturhlið hússins hafði verið tekin úr með því að skrúfa lausa lista þá, sem héldu rúðunni. Inni í verslun-inni var rótað í litlum peningakassa, sem var við afgreiðsluborð verslunarinnar, og einnig öðrum kassa, sem var í pylsusölu verslunarinnar. Þá hafði peningaskápur verslunarinnar verið opnaður og öllum peningum að meðtöldum ávísunum verið stolið, en hér var um að ræða íslenska peninga og gjaldeyri, þ. e. þýsk mörk og dollara. Samtals var þýfi þarna jafnvirði ca 22.000 íslenskra króna.

III. Innbrot í bensínafgreiðslu í Nesi, Fnjóskadal, Suður-Þingeyjarsýslu, aðfaranótt laugardagsins 28. júní 1982, en þar var stolið ca 300 krónum.

IV. Inbrot í útibú KSÞ í Vaglaskógi aðfaranótt laugardagsins 26. júní 1982, en þar hurfu nokkrir pakkar af vindlingum.

V. Innbrot í íbúð að Furulundi 4 G, Akureyri, aðfaranótt laugardagsins 20. júní 1982, en þar var stolið m. a. 2.000 krónum í peningum, flösku af Martini og hálfri flösku af Campari og ca 15 stykkjum hljómplötum.

VI. Innbrot í íbúð að Tjarnarlundi 14 A, Akureyri, aðfaranótt laugardagsins 26. júní 1982, en þar var m. a. brotinn hurðarhúnn á hurð, sem snýr að sólpalli, og stolið um 2—300 krónum.

VII. Nytjastuld á bifreiðinni A 2691, Audi 100, árgerð 1977, dökkrauðri að lit, í eigu Sigurðar Arnfinnssonar, Steinahlíð 5 B, Akureyri, en bifreiðin var tekin við hús Búnaðarbankans, Akureyri, um kl. 1500 sunnudaginn 27. júní 1982 og ekið vestur Skagafjörð, þar sem hún valt úti á Skaga skammt frá bænum Selá, Skefilsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu, um kl. 1900 sama dag.

MÁLAVEXTIR.

Samkvæmt upplýsingum útlendingaeftirlitsins í Reykjavík, kom kærði Sævar Rafn til Íslands miðvikudaginn 23. júní 1982 í fylgd Oslóarlögreglu í Noregi, en honum hefur verið vísað ævilangt frá Noregi vegna þjófnaðarmála, Kærði tók bifreið

á leigu hjá bílaleigunni Ási, Reykjanesbraut 12, Reykjavík, þann 23. júní 1982 og framvísaði þar ökuskírteini og greiddi upp í leiguna 1.000.00 krónur, en leigan átti að standa til 24. júní 1982. Kærði gaf bílaleigunni upp heimilisfang að Hótel City í Reykjavík, en hann kom aldrei þangað. Bifreið sú, sem kærði tók á leigu, var af gerðinni Mazda, fólksbifreið 323, árgerð 1979, koparbrún að lit og „sanseruð", skráningarnúmer Y 8993. Kærði skilaði bifreiðinni ekki 24. júní sl., heldur fannst hún fyrir hádegi þann 26. júní 1982 á bifreiðastæði við Akureyrarflugvöll án straumláslykla og mannlaus. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 1980 kílómetra.

Fimmtudaginn 24. júní 1982 kom kærði til foreldra sinna í stutta heimsókn að Eyrarvegi 16, Akureyri.

Föstudaginn 25. júní 1982 taldi lögreglumaður frá Húsavík, sem var á frívakt, sig hafa séð bifreið þá, sem kærði hafði á leigu á Húsavík.

Laugardaginn 26. júní 1982 tók kærði herbergi á leigu á Hótel Varðborg, Akureyri, fram til 29. júní s. á., en hann gisti þar aðeins aðfaranótt sunnudagsins 27. júní 1982. Þennan sama dag, kl. 1500, hvarf bifreiðin A 2691 af bifreiðastæði norðan við Búnaðarbankann á Akureyri, og kl. 1910 um kvöldið tilkynnti Hreinn Guðjónsson, bóndi að Selá, Skefilsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu, til lögreglunnar á Sauðárkróki, að bifreið hefði verið ekið út af veginum þar fyrir neðan og hefði bifreiðin oltið þar og ökumaður hafi, þegar síðast sást til hans, stefnt til sjávar. Að sögn sjónarvotta var ökumaður klæddur í rauðan bol og dökkan jakka eða móleitan. Lögreglan á Sauðárkróki handtók kærða nyrst á Laxárdalsheiði, um 15—20 kílómetrum frá, þar sem bifreiðin fór út af veginum. Var kærði þá klæddur í rauðan skyrtubol og sæ-blágráa skinnflík.

Við handtöku hafði kærði eftirfarandi í fórum sínum:

1.	Í brjóstvasa 20 búnt af 10 kr. seðlum	kr.	2.000
2.	Svart seðlaveski	—	3.390
3.	Finnsk mörk 10x2.40	—	24
4.	Sænskar krónur 110x1.85	—	203.50
5.	Í umslagi innan í seðlaveskinu:		
	5.1. Dollarar 210x11.37	—	2.274.00
	5.2. Norskar krónur 4.000x1.80	—	7.200.00
	5.3. Vesturþýsk mörk 700x4.55	—	3.185.00
	5.4. Sterlingspund 60x19.45	—	1.167.00
	5.5. Franskir frankar 300x1.64	—	492.00

5.6. Gyllini NL. G. 125x4.12 ..... kr. 515.00
5.7. Austurrískir Schillingar A. sh. 1.000x0.62 .. — 640.00
5.8. Svissneskir frankar CH. fr. 100x5.34 ..... — 534.00
5.9. Danskar krónur 1.030x1.31 ..... — 1.349.30
en miðað er við gengi 25/6 1982,
miðað við kaup gjaldeyris.
6. Í buxnavasa voru ..... — 3.50
7. Í nærbuxum umslag með:
7.1. Ávísun nr. 5515008, hlaupareikningur 905 á Samvinnubankann, Svalbarðseyri, stimpluð á Mána Laxdal, gefin út á Kristínu Halldórsdóttur og framseld af Kristínu, nnr. 5748—8387 ..... — 2.045.00
7.2. Ávísun nr. 0401564 við Seðlabanka Íslands, reikn. nr. 1179—2, útg. 18/6 1982 af Árna Jónssyni með stimpli Sparisjóðs Kinnunga, gefin út og framseld af Jóni Sigurðssyni .. — 5.600.00
7.3. Ávísun nr. 6233995 á Samvinnubankann á Svalbarðseyri á reikn. nr. 129, útg. 25/6 1982 af Bergljótu Þorsteinsdóttur, nnr. 1041—0223, óframseld ..... — 2.000.00
7.4. Peningar (22x500 kr. seðlar og 15x50 kr. seðlar) ..... — 11.750.00

Samtals kr. 44.372.30

Í fórum kærða fundust m. a. ávísanir, sem saknað var úr versluninni að Fosshóli, Suður-Þingeyjarsýslu. Þar fannst einnig fingrafar, sem reyndist vera af kærða.

Kærði var fluttur til Akureyrar og vistaður í fangaklefa, kl. 0330, mánudaginn 28. júní 1982. Sama dag, kl. 1500, var hann yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni, en gaf engin svör við spurningum, svaraði með útúrsnúningum.

Kærði kom fyrir dóm í gær, kl. 1115, og svaraði þá ekki frekar, hann neitaði að skýra frá nafni og gaf engin efnisleg svör varðandi sakargiftir. Dómari tók sér sólarhringsfrest til að úrskurða í málinu, og Ólafur Birgir Árnason héraðsdómslögmaður var skipaður réttargæslumaður kærða.

NIÐURSTAÐA.

Eins og rakið er hér að framan, er ljóst, að kærði er undir rökstuddum grun um stórfellda þjófnaði og nytjatöku bifreiðar,

og hefur hann ekki fengist til að svara spurningum lögreglu eða dómara nema með útúrsnúningum. Rannsókn málsins er á algeru frumstigi. Eftir er að afla sýnilegra sönnunargagna og yfirheyra vitni. Hætta er á, að kærði spilli sakargögnum, ef hann heldur óskertu frelsi sínu, m. a. með því að skjóta undan munum eða gögnum, er brotin varða. Þá er ekki kunnugt um dvalarstað kærða, og ekki verður séð, að hann hafi möguleika á að hafa löglega ofan af fyrir sér.

Ber því með vísun til 1. tl. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að úrskurða kærða í gæsluvarðhald allt til föstudagsins 23. júlí 1982, kl. 1115.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, gætu, ef sönnuð yrðu, varðað hann fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sævar Rafn Jónsson, fæddur 17. apríl 1954 á Akureyri, sæti gæsluvarðhaldi til föstudagsins 23. júlí 1982, klukkan 1115.

Mánudaginn 5. júlí 1982.

Nr. 136/1982. **Eigendur Innri-Lárvíkur og Ytri-Lárvíkur (Jón Kr. Sveinsson, Ingólfur Bjarnason og Sigurður Hallgrímsson)**
og
eigendur Skerðingsstaða og Króks (Jón Kr. Sveinsson og Ingólfur Bjarnason)
gegn
eigendum Neðrilár (Herdísi Guðmundsdóttur, Birni Guðmundssyni, Guðbjörgu Guð-Guðmundsdóttur, Jósefínu Guðmundsdóttur, Kristjáni Guðmundssyni, Ólafi Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni og Guðmundi Guðmundssyni)
með stuðningi
eiganda Efrilár og Lárkots, (jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins vegna ríkisins) og eigenda Mýrarhúsa (Báru Bergmann Pétursdóttur, Elsu Fanneyjar Pétursdóttur, Ólafar Rögnu Pétursdóttur, Birnu Ragnheiðar Pétursdóttur og Péturs Péturssonar).

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðiljar hafa skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 27. apríl 1982. Þann dag fengu þeir fyrst vitneskju um uppkvaðningu úrskurðarins. Er kæra því fram komin á þeim fresti, sem tiltekinn er í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi. Þeir krefjast þess og, að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi eigenda Neðrilár.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðilja.

Úrskurði, er hrindir kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi, verður ekki skotið einum sér til Hæstaréttar með kæru samkvæmt 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa kæru sóknaraðilja sjálfkrafa frá Hæstarétti. Kemur málsaðild og rekstur málsins í héraði þá ekki sérstaklega til álita í kærumáli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að ekki er ljóst af málsgögnum, svo að óyggjandi sé, hver séu rétt heiti jarðanna Ytri-Lárvíkur og Innri-Lárvíkur, en þær eru í málinu einnig nefndar Ytri-Látravík og Innri-Látravík. Sama máli gegnir um jarðirnar Efrilár og Neðrilár, sem jöfnum höndum eru í málinu nefndar Efri-Lág og Neðri-Lág.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 5. apríl 1982.

Mál þetta var tekið til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 2. mars 1982. Málið var þingfest í landamerkjadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinn 26. maí 1975, eftir að eigendur Neðrilár höfðu með bréfi, dags. 13. s. m., tilkynnt um merkjaágreining milli Neðrilár og Lárvíkur í Eyrarsveit.

Hinn 2. september árið 1978 var kveðinn upp úrskurður í málinu um framkomna frávísunarkröfu af hálfu varnaraðilja, og féll úrskurðurinn á þá leið, að kröfu varnaraðilja um vísun málsins frá dómi var synjað. Málið var síðan flutt munnlega og dómtekið hinn 15. október 1980 og hinn 27. sama mánaðar kveðinn upp í því úrskurður um gagnaöflun. Í þinghaldi hinn 2. mars 1982 gerðu varnaraðiljar kröfu til þess, að málinu yrði vísað frá dómi. Lögmaður sóknaraðilja krafðist þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið. Munnlegur málflutningur um atriðið fór fram þá þegar og málið síðan tekið til dóms eða úrskurðar.

Í landamerkjabréfi fyrir Látravík í Eyrarsveit, dags. 28. júní 1890, segir m. a.: „Látravík tilheyrir allt svonefnt Víkurrif". Og í landamerkjabréfi fyrir Skerðingsstöðum í Eyrarsveit, dags. sama dag, segir m. a.: „Landamerki milli Neðrilágar og Skerðingsstaða er svonefnd Stóraskriða og úr henni eftir læk, sem nefnist Seljalækur, allt í Hólalæk og þaðan ræður hann merkjum að Lárvaðli, þá sjónhending úr Hólalæk eftir vaðlinum að Víkurrifsodda".

Upphaflegar dómkröfur sóknaraðilja í málinu voru þær, „að Neðri-Lág teljist eiga Lárósinn að Víkurrifsodda, sbr. landamerkjabréf 28. júní 1890, og Seleyrina fram af ósnum og til sjávar. . . . . Áskilinn er réttur til að auka eða eftir atvikum breyta kröfum þessum, ef ástæða þykir til eða tilefni gefst".

Í greinargerð gera sóknaraðiljar svofelldar dómkröfur: „Að landamerki Neðrilágar og Látravíkur verði ákveðin um Víkurrifsodda og þaðan upp eftir Lárvaðli í stefnu á Hólalæk þar, sem hann kemur í vatnið. Áskilinn er réttur til þess að staðsetja merkjalínu af Víkurodda í sjó út, um leið og væntanleg áreið fer fram, enda teljist Seleyrin eign Neðri-Lágar. . . . . ."

Við munnlegan flutning málsins hinn 15. október 1980 gera sóknaraðiljar þær dómkröfur, „að staðfest verði í dóminum, að mörkin séu úr Hólalækjarós, þar sem hann er nú, og í Víkurrifsodda og þaðan í sjó út eftir hornlínu á stórstraumsfjöru. . . . . ." Lögmaður sóknaraðilja lýsti því þá yfir, að hann flytti málið fyrir eigendur Neðrilár (Herdísi, Björn, Lárus, Guðbjörgu, Jósefínu, Kristján, Ólaf, Jónu og Guðmund Guðmundsbörn) og með stuðningi eiganda Mýrarhúsa, Péturs Konráðssonar, og eiganda Efrilár og Lárkots, jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins.

Hinn 19. júlí 1975 var lögð fram í málinu yfirlýsing Péturs Konráðssonar, Grundarfirði, dags. 17. s. m., svohljóðandi: „Undirrituðum, Pétri Konráðssyni, eiganda Mýrarhúsa í Lárplássi, hefir verið gert aðvart um landamerkjamál Neðri-Lágar gegn Látravík og gefinn kostur á að gæta réttar míns og eignarjarðar minnar. Vil ég í því tilefni taka það fram, að ég styð kröfur Neðri-Lágar, að merkin fram vaðalinn ákvarðist úr núverandi Hólalækjarós í Víkurrifsodda, enda mótmæli ég allri skerðingu á veiðisvæði Mýrarhúsa í Vaðlinum. Að öðru leyti vil ég ekki hafa afskipti af þessum málum framvegis".

Sama dag er einnig lögð fram yfirlýsing frá Sigurði Helgasyni, Grundarfirði, dags. sama dag, sem ber yfirskriftina „Máls-

þáttaka", svohljóðandi: „Undirritaður Sigurður Helgason, gerir kunnugt: Sem ábúandi jarðanna Lárkots og Efri-Lágar hlýt ég að taka þátt í landamerkjamáli því, sem Neðri-Lágarmenn hafa höfðað út af landamerkjum í og að Lárvaðli. . . . . Krafa mín í málinu verður því sú, að merkjalína fyrir landi jarðanna verði ákveðin úr Hólalækjarós þar, sem hann er nú, og sjónhending í Víkurrifsodda. . . . . " Einnig hefur verið lagt fram í málinu bréf landbúnaðarráðuneytisins til lögmanns sóknaraðilja, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, dags. 9. október 1980, svohljóðandi: „Ráðuneytinu hefur borist vitneskja um landamerkjamál, sem rekið er milli eigenda jarðanna Neðri-Lágar og Mýrarhúsa annarsvegar og eigenda Lárvíkur og Skerðingsstaða í Eyrarsveit á Snæfellsnesi hinsvegar.

Ríkissjóður er eigandi að tveimur jörðum á þessu svæði, Efri-Lág og Lárkoti, sem eiga sömu hagsmuna að gæta varðandi ákvörðun landamerkja og eigendur Neðri-Lágar og Mýrarhúsa.

Af þeirri ástæðu felur ráðuneytið yður, herra hæstaréttarlögmaður, að gæta hagsmuna nefndra ríkisjarða í landamerkjamáli því, sem að framan greinir, þar sem þér annist rekstur málsins fyrir hönd eigenda Neðri-Lágar og Mýrarhúsa".

Varnaraðiljar gerðu í greinargerð þær dómkröfur, „að dómkröfur stefnanda verði eigi teknar til greina og að eigendur Neðri-Lágar verði dæmdir til að greiða allan kostnað af málshöfðun. . . ."

Í þinghaldi hinn 28. júlí 1980 gera varnaraðiljar svofelldar dómkröfur: „Að hrundið verði kröfum sóknaraðila og að niðurstöður gerðardóms um landamerki frá 13. desember 1974 verði staðfestar þannig, að farvegur sá, sem Hólalækur rann í til 1926, ráði merkjum milli Skerðingsstaða og Lárpláss (Neðri-Lágar) pkt. A á uppdrætti Skúla Jóhannssonar, verkfræðings, og bein lína þaðan í Víkurrifsodda pkt. B. Viðurkennt sé, að Lárós frá efri mörkum (stíflugarði) til neðri marka í sjó sé ákveðinn farvegur, og að miðlína farvegsins (lína R—S) ráði landamerkjum á milli Látravíkurjarða að vestan og óskipts lands Lárplássjarða að austan. . . . ."

Við munnlegan flutning málsins hinn 15. október 1980 gerðu varnaraðiljar svofelldar dómkröfur: „Að hrundið verði kröfum sóknaraðila og að niðurstöður gerðardóms um landamerki frá 13. des. 1974 á dskj. 30 bls. 11—13 verði staðfestar að því er varðar öll atriði að undanskildum 1.1, 1.4 og 1.5, og meðal annars að farvegur sá, sem Hólalækur rann í til 1926, ráði merkj-

um milli Skerðingsstaða og Lárpláss (Neðri-Lágar) pkt. A á uppdrætti Skúla Jóhannssonar, verkfræðings, og bein lína þaðan í Víkurrifsodda pkt. B og þaðan bein lína í punkt R. Viðurkennt sé að Lárós frá efri mörkum (stíflugarði) til neðri marka í sjó sé ákveðinn farvegur og að miðlína farvegsins (lína R—S) ráði landamerkjum á milli Látravíkurjarða að vestan og óskipts lands Lárplássjarða að austan. . . . . .“

Á dómþingi 2. mars 1982 gerðu varnaraðiljar svofelldar dómkröfur:

„Að hrundið verði kröfum sóknaraðila og að viðurkennt verði með dómi réttarins, að landamerkjum milli jarða umbj. minna, annarsvegar, og jarðanna Efri Lágar, Lárkots og Mýrarhúsa, hinsvegar, skuli meðal annars gilda eftirfarandi:

1. Að Lárpláss í skilningi fyrri landamerkjabréfa nái til þessara jarða: Mýrarhúsa, Króks, Neðri Lágar, Efri Lágar og Lágarkots. Að hluti af landi þessara jarða sé úrskipt skv. ákvæðum landamerkjabréfa. Annað land sé óskipt, þar á meðal Út-Stöðin, í sameign Neðri Lágar, Mýrarhúsa og Króks.
2. Að farvegur sá, sem Hólalækur rann í til ársins 1926, ráði merkjum milli Skerðingsstaða og Lárpláss (Neðri Lágar) punktur A á uppdrætti Skúla Jóhannssonar, verkfræðings, og er farvegur þessi 142 metra austan við núverandi ós Hólalækjar. Þaðan ráði bein lína í punkt R.
3. Að viðurkennt sé, að Lárós frá efri mörkum (stíflugarði) til neðri marka í sjó sé ákveðinn farvegur og að miðlína farvegsins (lína R—S) ráði landamerkjum á milli Látravíkurjarða að vestan og óskipts lands Lárplássjarða að austan. . . . .“

Kröfu sína um vísun málsins frá dómi byggja varnaraðiljar á eftirfarandi atriðum:

Að eigendur Neðri-Lágar hafi í upphafi eingöngu beint málinu gegn eigendum Látravíkur sem landamerkjamáli nr. 1/1975. Málið hafi síðan haldið þessu heiti þar til í þinghaldi 27. október 1980, að þá hafi verið bætt við, að gefnu tilefni frá sóknaraðilja, að málið sé rekið með stuðningi eigenda Mýrarhúsa og eigenda Efri-Lágar og Lárkots og sé þessi tegund aðildar og kröfugerð í því sambandi lögleysa.

Að allir eigendur jarða í Lárplássi hljóti að teljast aðiljar málsins og verði að þola niðurstöður dómsins sem slíkir

og að þeir telji óhjákvæmilegt, að Pétur Konráðsson komi fyrir dóm í málinu og tjái sig þar um dómkröfur sínar og alla afstöðu til málsins.

Að þeir telji mjög athyglisverða og aðfinnsluverða aðild Lárkots og Efri-Lágar í málinu. Í greinargerð sóknaraðilja sé því lýst yfir, að forráðamenn Lárkots og Efri-Lágar hafi ákveðið að ganga inn í málið við hlið eigenda Neðri-Lágar og lögmaður sóknaraðilja segi þar, að hann muni mæta í málinu af hálfu þeirra jarða, en hann muni ekki geta lagt fram greinargerð og önnur gögn fyrr en í næsta þinghaldi. Þetta hafi þó allt farið forgörðum. Landbúnaðarráðuneytið neiti að reka málið, það hafi hins vegar gefið samþykki til hagsmunagæslu í málinu, m. a. á þeim röngu forsendum, að Mýrarhús reki málið með Neðri-Lág.

Að enginn eigandi Mýrarhúsa sé með í rekstri málsins og ranglega hafi sóknaraðiljar ekki beint kröfum sínum gegn Mýrarhúsum eða eigendum Efri-Lágar og Lárkots. Þó eigi með málssókn stefnenda að svipta eigendur Mýrarhúsa grunneignarrétti að Útstöðinni og að vatnsbotni að merkjalínu í Lárósi svo og að nesinu norðvestur af Mýrarhúsatúni.

Að síðustu sóknarkröfur „og þaðan í sjó út eftir hornlínu á stórstraumsfjöru" séu óákveðnar og óskýrar og ekki marktækar eða dómtækar.

Kröfu sína um, að frávísunarkröfunni verði hrundið, rökstyður lögmaður sóknaraðilja með því, að aðildarskortur leiði til sýknu, en ekki frávísunar, og að krafa um frávísun eigi að koma fram á fyrstu stigum máls. Frávísunarkrafa þessi sé því of seint fram komin. Einnig bendir hann á, að varnaraðiljar hafi áður sett fram kröfu um vísun málsins frá dómi og þá ekkert talið við aðildirnar að athuga, en óheimilt sé að setja fram kröfu um frávísun á síðasta stigi máls. Þá bendir hann á, að málið sé ekki rekið í nafni jarðeignadeildar, heldur hafi eiganda Mýrarhúsa og ráðuneytinu verið gefinn kostur á að veita stuðning, sbr. 52. gr. einkamálalaga. Lögmaðurinn mótmælir því, að nokkur umboðsskortur sé í málinu, hann hafi heimild frá þeim, sem hafa með jarðirnar að gera. Pétur Konráðsson sé einnig samþykkur kröfunum og bætt muni úr aðild Mýrarhúsa, þegar málið kemur á ný til efnismeðferðar.

Byggðasvæðið austan við Lárvaðal í Eyrarsveit er almennt einu nafni kallað Lárpláss. Þar eru eftirtaldar jarðir: Mýrarhús, Neðrilá, Krókur, Efrilá og Lárkot.

Frávísunarástæður varnaraðilja varða heiti málsins, aðildir og kröfugerð. Aðildir mála geta breyst eftir þingfestingu, ekki síst landamerkjamála, og er þá eðlilegt, að heiti máls breytist. Ekki verður séð, að heiti máls þessa eða breytingar á því skipti nokkru um meðferð þess og efni. Stuðningsyfirlýsing þáverandi eiganda Mýrarhúsa, Péturs Konráðssonar, og hagsmunagæsla landbúnaðarráðuneytisins vegna ríkisjarðanna Efrilár og Lárkots telst fyllilega lögmæt, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936, og verður umboð lögmanns sóknaraðilja ekki vefengt. Eftir að mál þetta var þingfest, urðu eigendaskipti að jörðinni Mýrarhúsum, þar sem Pétur Konráðsson afsalar börnum sínum fimm jörðinni með gjafabréfi, dags. 17. ágúst 1976. Lögmaður sóknaraðilja lýsti því yfir í málflutningi um frávísunarkröfuna, að bætt mundi úr aðild Mýrarhúsa, þegar málið kæmi á ný til efnismeðferðar, og er það í samræmi við skoðun varnaraðilja um, að þeir telji „óhjákvæmilegt, að Pétur Konráðsson komi fyrir dóm í málinu og tjái sig þar um dómkröfur sínar og alla afstöðu til málsins". Þá hefur lögmaður sóknaraðilja yfirlýst, að hann muni kveðja Sigurð Helgason, síðasta ábúanda Efrilár og Lárkots, fyrir dóminn strax og unnt verður, en við síðasta þinghald í málinu var upplýst, að hann væri rúmfastur vegna veikinda og gæti ekki mætt, eins og ætlað hafði verið.

Eins og fram kemur hér að framan, er aðild jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins vegna Efrilár og Lárkots aðeins hagsmunagæsla, en engar sjálfstæðar kröfur eru gerðar í málinu af hendi jarðeignadeildar. Hagsmuna allra jarða í Lárplássi er gætt í málinu.

Svo sem hér hefur verið rakið, verður ekki séð, að framangreindar frávísunarástæður varnaraðilja eigi að valda því, að málinu verði vísað frá dómi.

Þá er það krafa varnaraðilja um frávísun vegna þess, að síðustu sóknarkröfur „og þaðan í sjó út eftir hornlínu á stórstraumsfjöru" séu óákveðnar og óskýrar og því ekki marktækar eða dómtækar. Dómurinn getur ekki fallist á, að þessi frávísunarástæða eigi við rök að styðjast, enda gefst sóknaraðilja ennþá tækifæri til þess að skýra kröfur sínar undir áframhaldandi rekstri málsins, og verður málinu því heldur ekki vísað frá dómi af þessari ástæðu.

Niðurstaðan verður því sú, að krafa varnaraðilja um frávísun málsins er ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður vegna frávísunarkröfu falli niður.

Ályktarorð:

Krafa varnaraðilja um vísun málsins frá dómi er ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 20. ágúst 1982.

Nr. 163/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Páli Konráði Konráðssyni Þormar.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. ágúst 1982, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskuurður sakadóms Reykjavíkur 17. ágúst 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 17. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Páli Konráði Konráðssyni Þormar verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 25. ágúst nk., klukkan 1700.

Málavextir eru þeir, að um síðustu mánaðamót var framið innbrot að Fjólugötu 3 hér í borg og þaðan stolið skartgripum og ávísanaheftum. Rannsóknarlögreglu ríkisins hafa borist 9 ávísanir, samtals að fjárhæð kr. 20.000.00. Kærði hefur viðurkennt að hafa verið við drykkju ásamt Sigurpáli Eiríki Garðarssyni um verslunarmannahelgina og hafi sá greitt ferðalag þeirra félaga til Húsafells, Selfoss og Hveragerðis.

Nokkrar þeirra ávísana, sem borist hafa rannsóknarlögreglu ríkisins, voru notaðar til greiðslu á þessum stöðum. Á innbrotsstað fundust ummerki, sem benda til þess, að Sigurpáll hafi verið þar að verki. Ekki hefur Sigurpáll enn náðst.

Fyrr í kvöld var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp úrskurður um húsleit að Óðinsgötu 8 A, heimili kærða, og við leitina fannst þar umslag, sem merkt er Sif og í voru fyrstadagsumslög og notuð frímerki. Rannsóknarlögregla ríkisins hafði í kvöld samband við Sif Sigurvinsdóttur, sem stödd er erlendis, og staðfesti hún, að á heimili hennar að Fjólugötu 3 hafi verið slíkt umslag.

Kærði hefur neitað allri vitneskju um innbrotið og notkun tékkanna.

Þar sem kærði er undir rökstuddum grun um þjófnað og skjalafals, þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða til greina, enda má ætla, að kærði muni torvelda rannsókn málsins, ef hann hefur óskert frelsi.

Brot það, sem kærði er grunaður um, gæti varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kæði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. ágúst 1982, klukkan 1700.

Þriðjudaginn 24. ágúst 1982.

Nr. 166/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Önnu Björgu Hjartardóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. ágúst sl., sem barst Hæstarétti 23. ágúst. Krefst hún þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir eiga að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 19. ágúst 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 19. ágúst, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta og þá kveðinn upp úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Þriðjudaginn 17. ágúst sl., kl. 2030, var handtekin hér í borg vegna grunar um fíkniefnamisferli Anna Björg Hjartardóttir, fædd 10. febrúar 1959. Anna Björg kom hingað til lands frá Spáni 6. ágúst sl., og er hún grunuð um að hafa flutt með sér hingað til lands umtalsvert magn fíkniefna.

Anna Björg hefur við yfirheyrslur hjá lögreglu 17. og 18. ágúst borið af sér allar sakir um innflutning, deifingu eða neyslu fíkniefna utan að hafa neytt hassefnis í tvö skipti, en efnið kvaðst Anna hafa fengið gefið fyrir skömmu, er hún var stödd í veitingahúsinu Klúbbinum hér í borg.

Bylgja Bragadóttir, fædd 23. september 1958, var yfirheyrð hjá lögreglu 17. og 18. ágúst sl. Bylgja kvaðst eftir heimkomu Önnu frá Spáni hafa séð í fórum hennar efni, sem hún telji vera hassefni. Bylgja kvað Önnu hafa dvalið á heimili sínu (þ. e. Bylgju) fyrstu nóttina eftir heimkomu frá Spáni og hafi þær strax fyrsta kvöldið neytt saman fíkniefna. Bylgja kvaðst í þrjú skipti eftir þetta hafa neytt fíkniefna með Önnu. Bylgja kvað Sigurð Stefán Almarsson, fæddan 30. ágúst 1956, hafa komið á heimili sitt, sennilega 3 dögum fyrir komu Önnu frá Spáni. Kvað Bylgja Sigurð Stefán hafa sagt sér, að Anna hefði keypt kannabisefni fyrir 60.000 kr. í Spánarförinni. Þá kvað Bylgja Önnu hafa þann 9. eða 10. ágúst sl. komið með flösku á heimili sitt. Bylgja kvað Önnu hafa sagt, að flaska þessi innihéldi hassolíu fyrir 60.000 kr.

Bylgja kvað Sigurð Stefán áðurnefndan hafa komið sama dag á heimili sitt, og kvað Bylgja sig hafa séð Sigurð Stefán sýna Önnu lítið plasthylki með hassolíuleifum í. Kvað Bylgja Önnu hafa ætlað að kaupa yfir 100 stykki af nefndum hylkjum og greiða fyrir með hassmola. Þá kvaðst Bylgja hafa heyrt á Önnu, að barnsfaðir Önnu, Eggert Bjarni Arnórsson, hefði fjármagnað áðurnefnd meint fíkniefnakaup Önnu.

Sigurður Stefán Almarsson var yfirheyrður hjá lögreglu 18. ágúst sl. Kvað Sigurður Stefán sig hafa frétt af fíkniefnakaupum Önnu á Spáni. Kvað Sigurður Önnu hafa viðurkennt að hafa flutt hingað til lands fíkniefni frá Spáni þann 6. ágúst sl. Þá kvað Sigurður Önnu hafa falast eftir 130 plasthylkjum hjá sér, en hvert hylki tekur 2.5 gr af hassolíu. Sigurður Stefán kvaðst hafa séð hassolíu í fórum Önnu og fengið að prófa hana. Þá kvað Sigurður sig hafa séð Marokkohassduft hjá Önnu og hafi Anna sagt, að það, er hann sá, væri aðeins hluti af því, er hún flutti með sér hingað til lands úr áðurnefndri Spánarferð.

NIÐURSTÖÐUR.

Anna Björg Hjartardóttir er fastlega grunuð um að hafa flutt með sér umtalsvert magn fíkniefna við komu hingað til lands frá Spáni 6. ágúst sl. Samhljóða framburðir Bylgju Bragadóttur og Sigurðar Stefáns Almarssonar styðja þann grun. Þá kemur fram í gögnum málsins, að Anna hefur nú um nokkurt skeið legið undir grun hjá lögreglu fyrir meint fíkniefnamisferli. Ekki hefur unnist tími til að yfirheyra alla þá aðilja, er með þarf, og á þessu stigi er samprófun ekki tímabær.

Verið er að rannsaka meint brot Önnu Bjargar Hjartardóttur á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Gæti sök, ef sönnuð þætti, varðað Önnu fangelsisrefsingu. Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 þykja því eigi koma í veg fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Með vísan til alls ofanritaðs svo og með vísan til 1. mgr. 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 er fallist á áður framkomna kröfu lögreglu um gæsluvarðhald yfir Önnu Björgu Hjartardóttur. Þykir gæsluvarðhaldstími hæfilega afmarkaður allt að 7 dögum frá því kl. 1900 miðvikudegi 18. ágúst sl. að telja.

Úrskurðarorð:

Anna Björg Hjartardóttir, fædd 10. febrúar 1959, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum frá því kl. 1900 miðvikudaginn 18. ágúst sl. að telja.

Föstudaginn 24. september 1982.

Nr. 6/1980. **Malar- og steypustöðin h/f**
gegn
Sigfúsi Jónassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigfús Jónasson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 24. september 1982.

Nr. 80/1980. **Vesturröst h/f**
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Fiskmiðlun Suðurnesja h/f
(Garðar Garðarsson hdl.).

Árekstur skipa. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 þann 21. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 6.453.24 krónur (nýkr.) með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., en 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sjóferðaskýrsla var ekki gefin vegna árekstrar b/v Framtíðarinnar og m/b Helgu Guðmundsdóttur. Glöggar upplýsingar eru ekki komnar fram um það, hve traustar festingar b/v Framtíðarinnar voru, og þá sér í lagi ekki um það, hversu sverar nylontrossur voru notaðar. Veðurvottorð það, sem greinir í héraðsdómi, bendir ekki til þess, að veðurofsi hafi verið meiri en vænta mátti á þessum árstíma. Er ekki sjáanlegt, að orsök árekstrarins hafi verið önnur en sú, að festingar b/v Framtíðarinnar hafi ekki verið fullnægjandi til þess að mæta því veðri, sem skall á og búast mátti við samkvæmt framansögðu. Svo sem legustað skipsins var háttað, hlaut meira að reyna á festingar skipsins en ella vegna vindáttar og straums. Ekki er fram komið, að eftirlit hafi

verið haft með skipinu og festingum þess, eftir að veður versnaði, fyrr en í óefni var komið. Samkvæmt framansögðu þykir stefndi bera ábyrgð á tjóni áfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 195. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Áfrýjandi krefur stefnda um fjárhæð þá, er hann galt fyrir viðgerð á skipi sínu. Hefur stefndi ekki mótmælt kröfufjárhæðinni tölulega fyrir Hæstarétti. Verður hann því dæmdur til að greiða áfrýjanda 6.453.24 krónur með vöxtum, svo sem krafist er, en upphafstími vaxtanna sætir ekki andmælum. Þá ber og að dæma hann til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, greiði áfrýjanda, Vesturröst h/f, 6.453.24 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., en 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 6.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Keflavíkur og Njarðvíkur 4. október 1979.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 28. september sl., hefur Vesturröst h/f, Patreksfirði, höfðað, með stefnu, birtri 9. ágúst 1978, gegn Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, Hafnargötu 57, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 645.324 ásamt 20% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning gerði lögmaður breytta vaxtakröfu, þannig að krafist er 19% ársvaxta frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september s. á., en 27% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Af hálfu stefnda var hinni breyttu kröfugerð mótmælt að því leyti sem hún horfir til hækkunar. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröf

ur stefnanda verði lækkaðar í kr. 380.000. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Sátta hefur verið leitað fyrir dómi, en án árangurs.

Málavöxtum er lýst svo í greinargerð stefnanda, að hinn 27. ágúst slitnaði b/v Framtíðin, KE 4, eign stefnda, frá bryggju í Njarðvíkurhöfn í SA 10 vindstigum og rak á m/b Helgu Guðmundsdóttur, BA 77, eign stefnanda, þar sem hún lá við bryggju, og dældaði bakkann (svínahrygg) bakborðsmegin á u. þ. b. 3 metra kafla og braut vinnupalla á bakborðssíðu. Viðgerð var framkvæmd af Herði h/f, Sandgerði. Fram kemur, að b/v Framtíðin hafi verið ábyrgðartryggð hjá Tryggingamiðstöðinni, en sjálfsáhætta vátryggða, stefnda, verið hærri en stefnufjárhæðinni nemur.

Vitnið Klemenz Egilsson vélvirki, skýrði svo frá, að umræddan dag hafi hann ásamt tveimur öðrum starfsmönnum Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f verið við vinnu að viðgerð í vélarúmi b/v Framtíðarinnar. Skipið hafi legið inni í vestari króknum í Njarðvíkurhöfn og snúið stefni í vestur. M/b Helga Guðmundsdóttir hafi legið við lengri garðinn og snúið í suður, þannig að stefni skipanna hafi mæst í hornréttri stöðu. Hann kvað þá vinnufélagana hafa farið um borð eftir síðdegiskaffi, eða um kl. um 1600. Veður hafi verið fremur vont og nálægt háflæði í stórstraum. Vindátt hafi verið suðaustlæg og því hin versta, sem hugsast gat, þ. e. vindur „stóð" inn í höfnina u. þ. b. þvert á bakborðshlið b/v Framtíðarinnar, þá hlið, sem sneri að viðlegugarðinum. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir, að aðrir en þeir starfsmenn Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f væru um borð. Hann skýrði svo frá, að auk venjulegra festinga hefði verið vírfesting að aftanverðu. Hann fullyrti, að vel hefði verið gengið frá festingum skipsins, en mundi ekki eftir fjölda þeirra. Kvaðst hann áður hafa starfað sem vélstjóri á b/v Framtíðinni. Vitnið skýrði svo frá, að er þeir voru við vinnu sína í vélarúminu, hafi verið þó nokkur og vaxandi hreyfing á skipinu. Allt í einu hafi hafi þeir orðið varir við breytingu, þannig að skipið kyrrðist, en lamdist þó utan í eitthvað. Þeir hafi nokkru síðar, eða um 1—1½ klukkustund eftir að þeir hófu vinnu, farið upp og séð, hvers kyns var. Veður hafði stórversnað og var mjög hvasst. Festingarnar að aftanverðu höfðu slitnað, svo að skipið stóð beint út frá garðinum, sem það hafði legið við, og slóst stjórnborðshlið þess við bakborðshlið m/b Helgu Guðmundsdóttur. Skipstjórinn, Sigurður Kristinsson, hafi komist um borð og vitnið gang-

sett vélina að beiðni hans. Skipið hafi síðan verið keyrt í fyrra lægi sitt og fest að nýju. Að ágiskun vitnisins voru 6—7 vindstig kl. 1600, en veðurhæð jókst í 10 vindstig, er verst var.

Vitnið Sigurður Kristinsson, skipstjóri b/v Framtíðarinnar, skýrði svo frá, að í umrætt sinn hefði honum verið gert viðvart um það, að skipið hefði slitnað að aftanverðu frá bryggju í Njarðvíkurhöfn. Ávallt sé hafður vaktmaður í skipinu í höfn, a. m. k. um nætur, og í þetta sinn hafi viðgerðarmenn verið þar um borð. Kvaðst hann hafa hraðað sér á vettvang og séð, að b/v Framtíðin lá út frá garðinum og nuggaðist utan í bakborðsbóg m/b Helgu Guðmundsdóttur, þannig að vinnupallar eða vinkiljárn, sem voru utan á því skipi, höfðu brotnað og dottið niður. Hann kvað stórstraumsflæði hafa verið og 10—12 vindstig af suðaustri. Hann komst um borð í b/v Framtíðina af m/b Helgu Guðmundsdóttur og hitti þar fyrir Klemenz Egilsson, sem vann þar að viðgerð, en hafði skömmu áður verið vélstjóri á skipinu. Klemenz setti vélina strax í gang að beiðni vitnisins (Sigurðar), sem keyrði skipið upp að garðinum, þar sem það var fest að nýju. Um það leyti hafi veðrið verið farið að ganga niður. Hann lýsti festingum b/v Framtíðarinnar svo, að þær hafi verið með hefðbundnum hætti. Að aftanverðu hafi verið tvær festingar með nylontógum, en á milli þeirra vírfesting í dekk og að auki tvöfaldur „springur". Að framanverðu hafi verið nylontóg, þ. e. tveir „springir", og tvö bönd fram af skipinu, sín hvorum megin við stefnið. Hann kvað veðurofsann í umrætt sinn hafa verið næsta einstæðan miðað við árstíð. Miðað við það, hvað b/v Framtíðin lá þvert fyrir vindi, hafi þess ekki verið að vænta, að neinar venjulegar festingar stæðust átökin, en frjálst val væri alls ekki varðandi lægi skipa, heldur kæmu þar til ákveðnar reglur og fyrirmæli bryggjuvarða og hafnarstjóra. Hann kvað afturenda b/v Framtíðarinnar hafa staðið nokkuð aftur af viðlegugarðinum, þar sem með því móti hafi verið betra að koma við festingum. Eigi kvaðst hann muna, hvort menn hafi verið um borð í m/b Helgu Guðmundsdóttur.

Vitnið Bolli Magnússon, skipatæknifræðingur hjá Herði h/f, kvað fyrirtækið hafa verið nýbúið að koma fyrir svonefndum svínahrygg á m/b Helgu Guðmundsdóttur og hafi vinnupallar verið utan á bakborðsbóg. Hann kvaðst ekki muna, hvort nokkur frá Herði h/f var um borð í m/b Helgu Guðmundsdóttur umræddan dag. Hann kvað skemmdirnar, sem b/v Framtíðin olli á m/b Helgu Guðmundsdóttur, hafa verið þær í aðalatriðum, að

svínahryggurinn hafi gengið inn og um leið niður og við það hafi hluti af hvalbaki og nýja bakkanum dældast. Einnig hafi vinnupallar brotnað og dottið niður í sjó og við það valdið nokkru hnjaski. Hann kvaðst ekki hafa verið í Keflavík eða Njarðvík umræddan dag, en heyrt, að veður hefði verið slæmt.

Í málinu hefur verið lagt fram svofellt vottorð Veðurstofu Íslands um veður á Keflavíkurflugvelli 27. ágúst 1977:

„Dags. 27.8.

Tími	Vindátt og veðurhæð	Mest veður-hæð milli athugana	Veður	Skyggni km	Hiti C°
12	SA 7	8	Úði og regn, lítilsháttar	4.0	8.9
15	ASA 7	7	Úði og regn, lítilsháttar	2.4	9.9
18	ASA 7	8	Úði og regn, miðlungs eða þétt	0.6	9.1
21	S 3	7	Úði og regn, lítilsháttar“	2.4	11.0

Kröfur stefnanda „eru byggðar á sök eða með öðrum orðum ábyrgð eigenda Framtíðarinnar á tjóni, sem skipið olli á eigum 3ja aðila, þ. e. stefnanda“, eins og segir í greinargerð hans. Stefnufjárhæðin er alfarið byggð á kostnaðarreikningi Harðar h/f.

Sýknukrafa stefnda er aðallega byggð á því, að tjón stefnanda hafi orsakast af óvæntum utanaðkomandi atburði (vis major), þ. e. óveðrinu, sem skyndilega rauk upp. Sýknukrafan er einnig studd ákvæði 196. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Stefndi eða forsvarsmenn hans, áhöfn eða aðrir þeir, er unnu í þágu skipsins og útgerðarmaður gat borið ábyrgð á, eigi ekki sök á tjóninu. Skipið hafi verið bundið eins og venja er, með sverum nylontógum, og að auki með togvírum og dekk notuð til fjöðrunar. Viðbrögð áhafnar skipsins og manna, er voru við vinnu í því, geti heldur ekki orðið til þess að fella sök á stefnda, heldur verði þvert á móti að telja, að þeir hafi varnað stórtjóni með snarræði sínu.

Varakröfu sína reisir stefndi á ákvæði 5. gr. laga nr. 39/1922. Reikningsupphæðin sé allt of há, miðað við hve smávægilegt

tjónið var, enda hafi tjónaskoðunarmaður Tryggingamiðstöðvarinnar h/f áætlað viðgerðarkostnað kr. 380.000.

Samkvæmt skipaskrá er b/v Framtíðin, KE 4, 297 brúttórúmlestir, en m/b Helga Guðmundsdóttir, BA 77, 365 brúttórúmlestir.

Það er samdóma álit meðdómenda, að festingar b/v Framtíðarinnar, KE 4, eins og þeim er lýst, hafi verið eins og venja er, þegar skipshöfn yfirgefur slíkt skip, óháð veðri. Einnig hafi þeir kynnt sér, að eigi sé venja, að sérstakur gæslumaður sé hafður um borð í slíkum skipum að degi til og síst þegar verið er að vinna við skipið.

Sönnur hafa eigi verið leiddar að því, að stefndi eða neinir þeir, er hann ber ábyrgð á skv. 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963, hafi átt sök á því, er b/v Framtíðin, KE 4, rakst á m/b Helgu Guðmundsdóttur, BA 77, í Njarðvíkurhöfn og olli við það tjóni á síðarnefndu skipi, eins og rakið hefur verið. Samkvæmt 196. gr. siglingalaganna ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að hvor málsaðili beri kostnað sinn af rekstri málsins.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ólafi Björnssyni skipstjóra og Zakaríasi Hjartarsyni deildarstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vesturrastar h/f.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 28. september 1982.

Nr. 151/1980. **Sigurður Eggertsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Guðmundi Rósmundssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Verksamningur. Tilboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1980. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 7.786.91 krónu með 35% ársvöxtum frá 1. nóvember 1979 til 1. október 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Skjal það, sem áfrýjandi ritaði og fékk stefnda í hendur, um kostnað við að steypa sökkla undir fyrirhugaða veiðarfærageymslu var að efni og útliti ekki svo úr garði gert, að stefnda væri rétt að skilja það sem bindandi tilboð áfrýjanda um að vinna verkið fyrir tiltekið verð. Hefur stefndi ekki sannað, að skjal þetta hafi verið annað en áætlun áfrýjanda um væntanlegan smíðakostnað.

Áfrýjandi hefur sjálfur greint svo frá, að kostnaðaráætlun sína hafi hann miðað við þann tíma, sem honum hafi virst, að ganga mundi til verksins. Hann veitti stefnda ekki ástæðu til að ætla, að hann mundi reikna sér endurgjald fyrir verkið eftir öðrum aðferðum en beitt var við gerð verðáætlunarinnar. Þykir því mega við það miða, að í skiptum aðilja hafi verið gengið út frá því, að stefnda bæri að greiða fyrir verk-

ið samkvæmt kostnaðarreikningum áfrýjanda miðuðum við þann tíma, sem til verksins gengi.

Af hendi áfrýjanda eru engin gögn komin fram um það, hvert endurgjald honum beri fyrir verkið, reiknað á framangreindum grundvelli. Er þá rétt, eins og á stendur, að miða við, að kostnaður við verkið hafi ekki farið fram úr áætlun hans. Þar sem stefndi hefur enn fremur viðurkennt fyrir Hæstarétti, að liðurinn „járn" í áætlun áfrýjanda eigi við vinnu við járnbindingar, ber að staðfesta héraðsdóminn, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, að öðru leyti en tekur til ákvæða hans um vexti og málskostnað.

Ákvæði héraðsdóms um upphafstíma vaxta er ekki andmælt. Verða vextir af hinni dæmdu fjárhæð því ákveðnir 27% ársvextir frá 1. nóvember 1979 til 1. desember s. á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 1. október 1980, en hæstu innlánsvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 6.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi flutti mál sitt sjálfur í héraði. Aðiljar gáfu báðir skýrslu fyrir dómi samkvæmt 115. gr. laga nr. 85/1936 hinn 5. maí 1980. Í þinghaldinu vék stefndi af dómþingi, meðan áfrýjandi gaf skýrslu sína. Var það fyrir sérstaka beiðni lögmanns áfrýjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns. Bar dómsformanni að vekja athygli stefnda sérstaklega á því, að honum væri ekki skylt að sinna þeirri beiðni, þar sem hana skorti lagagrundvöll.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Rósmundsson, greiði áfrýjanda, Sigurði K. Eggertssyni, 4.000.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 1. nóvember 1979 til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim

degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 6.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullenægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Bolungarvíkur 6. júní 1980.

I.

Ár 1980, föstudaginn 6. júní, var í bæjarþingi Bolungarvíkur, sem haldið var í skrifstofu embættisins af Halldóri Kristinssyni bæjarfógeta ásamt meðdómsmönnunum Stefáni Veturliðasyni tæknifræðingi og Ólafi Diðrikssyni múrarameistara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1/1980: Sigurður K. Eggertsson gegn Guðmundi Rósmundssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 21. mars 1980 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 5. maí 1980, er höfðað með stefnu, birtri 15. mars 1980, af Sigurði K. Eggertssyni, Túngötu 5, Ísafirði, gegn Guðmundi Rósmundssyni, Skólastíg 11, Bolungarvík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 778.691 auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi gerir þá kröfu aðallega, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 900.000 að frádregnum framlögðum reikningum að fjárhæð kr. 248.518 og inngreiðslu kr. 500.000, eða kr. 151.482. Til vara krefst stefndi, að honum verði gert að greiða stefnanda fyrir umstefnt verk fjárhæð, sem dómurinn telur hæfilega miðað við tímavinnu, að frádreginni inngreiddri fjárhæð, kr. 500.000. Í báðum tilvikum er krafist greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II.

Haustið 1979 kom stefndi að máli við stefnanda og fór þess á leit, að hann reisti fyrir sig grunn undir einingahús, sem hann

hugðist byggja. Stefnandi tók verkið að sér. Stefndi hafði sjálfur aflað sér einingana og ýmislegs, sem til þurfti. Stefnandi ritaði niður á blað (dskj. nr. 11) upplýsingar um efni, sem hann taldi, að með þyrfti, og tölur um kostnað. Þar segir m. a.:

„ 26 stangir 12 mm
100 stangir 8 mm
32 stikki víraklemmur 1/2"
saumur 2 p 3" 4p 2½"

---

uppsláttur	530.000.-
járn	220.000.-
steypa	80.000.-"

„Tengi ca 700 st. 100/- 70000"

Í skýrslu sinni, sem stefnandi gaf fyrir dóminum, heldur hann því fram, að upplýsingar þær, sem fram koma á dskj. nr. 11, hafi verið áætlun sín um það efni, sem kaupa þurfti, og kostnað við vinnu þá, sem hann þurfti að inna af hendi. Áætlunin hafi verið byggð á teikningu og samanburði við önnur hliðstæð verk. Miðaði hann við þann tíma, sem honum virtist verkið mundi taka. Stefnandi segir stefnda hafa tekið skýrt fram, að hann vildi enga tímavinnu, og segist hafa skilið þau ummæli á þann veg, að stefndi treysti ekki, að verkinu mundi miða svo sem æskilegt væri, ef tímavinna yrði lögð til grundvallar. Stefnandi segist því hafa litið svo á, að hann fengi greitt fyrir verkið samkvæmt uppmælingu og í eitt af þeim þremur eða fjórum skiptum, sem þeir ræddu saman, áður en hann hófst handa við verkið, orðað það við stefnda, að hann tæki fyrir verkið samkvæmt uppmælingu, og hefði stefndi ekki hreyft mótmælum við því. Hann hafi því litið svo á, að stefndi væri því samþykkur.

Stefndi heldur því fram, að á hafi komist samningur þess efnis, að stefnandi tæki verkið að sér fyrir kr. 900.000. Þar hafi verið reiknað með, að stefnandi legði til allt efni, sem upp á vantaði, og þá vinnu, sem til þurfti. Stefndi segist hafa haft sér til ráðuneytis Kristján G. Eggertsson smið og borið undir hann þær tölur, er fram hafi komið og er að finna á dskj. nr. 11. Kristján hafi sagt, að vinna fyrir uppslátt, kr. 530.000, hafi að sínu mati verið talin kr. 100.000 of há, en hann hafi eigi að síður ráðlagt sér að fallast á þá fjárhæð fyrir uppsláttinn til þess að missa ekki af stefnanda sem verktaka. Að öðrum kosti gæti orðið erfitt að fá verkið unnið, eins fljótt og æskilegt væri fyrir

stefnda. Ekki segir stefndi Kristján hafa verið viðstaddan samningsgerðina, heldur hafi hann farið á fund hans með dskj. nr. 11 og borið það undir hann.

Stefndi heldur því fram, að þær kr. 220.000, sem getið er á dskj. nr. 11, hafi verið varðandi efni eingöngu. Járnavinna hafi verið innifalin í kr. 530.000. Þegar verkið stóð yfir, segir stefndi Ólaf Egilsson, starfsmann stefnanda, hafa komið á sinn fund og tjáð sér, að stæði á járninu. Stefnandi hafi þá verið í Reykjavík. Til þess að verkið tefðist ekki, segist stefndi hafa farið á stúfana og náð í efnið. Ekki segist stefndi hafa reynt að ná til stefnanda í Reykjavík, áður en hann gerði kaup þessi, en reikninga fyrir efnið (dskj. 12—16) greiddi stefndi sjálfur. Enn fremur greiddi hann reikning fyrir uppgröft (dskj. nr. 17). Stefndi segir stefnanda hafa beðið um það verk, en eigi að síður hafi hann greitt reikninginn án athugasemda. Stefndi kveður uppslætti hafa verið lokið 27. september, en lokið hafi verið við að steypa í mótin 3. október 1979. Að sögn stefnda varð fljótlega ljóst, að ágreiningur var milli aðiljanna um, hvort stefnandi hafi átt að leggja til efni, og hafi þeir nokkrum sinnum átt viðræður af því tilefni. Hins vegar hafi hann ekki séð kröfugerð stefnanda, byggða á uppmælingu, fyrr en með bréfi stefnanda, dags. 3. jan. sl.

Kristján G. Eggertsson kom fyrir dóminn sem vitni. Vitnið sagði afskipti sín af viðskiptum málsaðilja hafa verið með þeim hætti, að stefndi hafi komið til sín með dskj. nr. 11, sem hann sagði hafa að geyma tilboð frá stefnanda í verkið. Bað stefndi vitnið að segja álit sitt á því, hvort hann ætti að ganga að tilboðinu. Vitnið segist hafa ráðlagt stefnda það. Vitnið segist hafa miðað við, að liðurinn „járn 220.000.-“ ætti við efni eingöngu, að öðrum kosti telji vitnið járnavinnu of hátt metna. Hana hafi vitnið talið innifalda í liðnum „uppsláttur 530.000.-“, enda sé vitnið vant því, að það komi í hlut húsasmiðsins að sjá um slíkt verk.

Í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 4. febr. 1980, kemur fram eftirfarandi sundurliðun kröfugerðar stefnanda:

„1.	Uppmæling	kr.	804.942.-
2.	Mælingagjöld	—	41.510.-
3.	Járnavinna (800 kg. per kr. 200.-)	—	160.000.-
4.	Steypuvinna	—	110.839.-
5.	Breiðfjörðstengi	—	58.200.-

6.	Leiga á vinklum, vibrator og timbri	kr.	103.200.-
		kr.	1.278.691.-
7.	Frá dregst greiðsla um mán.mót sept./okt.	—	500.000.-
	Eftirstöðvar		778.691.-"

III.

Í máli þessu liggur fyrir, að aðiljar þess gerðu á sínum tíma samning um, að stefnandi reisti sökkla undir einingahús fyrir stefnda. Við samningsgerðina var fjallað um greiðslu fyrir verkið, og stefnandi setti niður á blað tölur um kostnaðinn. Í skýrslu sinni fyrir dóminum upplýsti stefnandi, að við áætlun þá, sem hann segir tölurnar eiga við, hafi hann byggt á teikningu og samanburði við önnur hliðstæð verk og miðað við þann tíma, sem honum virtist verkið mundi taka. Það er því ljóst, að stefnandi hefur í útreikningum sínum ekki miðað við uppmælingu, enda skeikar töluverðu þar á milli, og stefnanda var í lófa lagið að reikna kostnaðinn út af miklum mun meiri nákvæmni. Báðir aðiljar hafna því, að samið hafi verið um, að stefnandi tæki verkið að sér í tímavinnu. Það verður því að líta svo á, að stefnandi beri hallann af sönnunarskorti fyrir því, að útreikningar hans hafi ekki verið tilboð í verkið, sem stefndi hafi gengið að.

Samkvæmt þeim rökum, sem stefnandi byggir málflutning sinn á, var það ekki í hans verkahring að leggja til efni það, sem getið er um á dskj. nr. 11, að undanskildum tengjum. Andstætt þessu heldur stefndi því fram, að samkvæmt samningi málsaðiljanna hafi efni þetta verið innifalið í samningsfjárhæðinni. Hann hafi greitt fyrir það til þess að koma í veg fyrir tafir á verkinu og vill því skuldajafna reikningum þeim, sem hann greiddi fyrir efni þetta, ásamt reikningi fyrir uppgröft við skuld sína við stefnanda. Í skýrslu stefnanda fyrir dóminum sagðist hann hafa áætlað vinnu kr. 830.000. Liðurinn „járn 222.000.-" á því að hans mati við vinnu eingöngu. Ekki verður talið, að liður þessi sé óeðlilega hátt metinn, þegar fallist er á þá skoðun stefnda, að stefnandi hafi gert tilboð í verkið, enda ber dskj. nr. 11 ekki með sér, hvor aðiljanna hafi rétt fyrir sér að þessu leyti. Allir greindir reikningar (dskj. nr. 12—17) eru stílaðir á stefnda, og hann hefur greitt þá athugasemdalaust. Hann þykir því bera sönnunarbyrði fyrir því, að þau atvik séu fyrir hendi, að hann

eigi kröfurétt á hendur stefnanda vegna þeirra. Honum hefur ekki tekist þessi sönnun og ber hallann af því.

Úrslit máls þessa verður því samkvæmt framansögðu að miða við, að stefnandi hafi tekið verkið að sér fyrir fast verð, kr. 900.000, og að stefndi hafi ekki fært að því nægilegar sönnur, að skuldajafna megi reikningum þeim, sem hann hefur lagt fram í því skyni, við skuld hans við stefnanda.

Sú staðreynd, að gögn þau, sem stefnandi hefur lagt fram, gera ráð fyrir lægri fjárhæð fyrir járnavinnu en hann segist hafa gefið stefnda upp í upphafi, verður ekki virt á þann veg, að hann krefjist ekki allrar þeirrar fjárhæðar, sem hann á rétt á að mati dómsins, enda er heildarkrafa hans um hærri fjárhæð, og kröfugerð hans er reist á öðrum forsendum en málsúrslit miðast við.

Í samræmi við það, sem hér hefur verið rakið, er það álit dómsins, að stefnda beri að greiða stefnanda kr. 900.000 að frádreginni kr. 500.000 greiðslu, sem stefndi hefur þegar innt af hendi.

Þá hefur stefnandi krafist hæstu dráttarvaxta, 4.5% fyrir hvern byrjaðan mánuð, en stefndi hafnar vaxtagreiðslum af sinni hálfu með öllu í kröfugerð sinni. Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda í vexti 31% ársvexti frá 1. nóvember 1979 til 1. júní 1980 og 35% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna erfiðleika á að samrýma tíma dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Rósmundsson, greiði stefnanda, Sigurði K. Eggertssyni, kr. 400.000 með 31% ársvöxtum frá 1. nóvember 1979 til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 120/1982. **Ágúst G. Breiðdal**
gegn
Kristni Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ágúst G. Breiðdal, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 148/1982. **Friðgeir L. Guðmundsson**
gegn
Sunnu Borg.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Friðgeir L. Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Sunnu Borg, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 500.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 164/1982. **Ástríður H. Jónsdóttir**
og
Guðbrandur Ingólfsson
gegn
Ýtutækni h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ástríður H. Jónsdóttir og Guðbrandur Ingólfsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 240/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Bjarna Sigurði Jóhannessyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Fjárdráttur. Brot í opinberu starfi. Íkveikja. Almannahættubrot. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Rúnar Mogensen, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til refsiþyngingar með stefnu 6. nóvember 1981, en ákærði vildi una dóminum. Ágrip barst Hæstarétti 14. maí 1982.

Af hálfu ákæruvalds er fallið frá vísun til 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, um III. og IV. ákærulið. Ákæruvald krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi hefur uppi þá kröfu, að vægari refsing verði dæmd en í héraðsdómi.

Sakargögnum er lýst í héraðsdómi.

I. Ákæra um fjárdrátt.

Ákærði hefur með vissu gengist við að hafa dregið sér fé, sem nemur 1.587.300 gömlum krónum, af fé því, er hann fékk í hendur sem starfsmaður Bergiðjunnar og átti að standa skrifstofu ríkisspítalanna skil á. Bókhaldskönnun ríkisendurskoðunar leiddi í ljós sjóðþurrð, er nam 1.044.810 gömlum krónum. Í skýringum við endurskoðunarskýrsluna greinir, að ýmis fylgiskjöl séu brunnin, og gefið er til kynna, að ýmis önnur gögn vanti, einkum frá júlímánuði. Kemur það heim og saman við skýrslu ákærða um meðferð á reikningsgögnum. Af sakargögnum er ljóst, að ákærði dró sér til viðbótar því fé, er greinir í endurskoðunarskýrslu, 80.000 gamlar krónur í maí og júní 1978. Varhugavert þykir að telja hann sannan að sök um frekari fjárdrátt þrátt fyrir játningu hans.

Gögn um ráðningu ákærða til starfa hans hjá Bergiðjunni, sem rekin er af Kleppsspítalanum, eru eigi jafnrækileg og skyldi. Er hann talinn hafa verið ráðinn til óákveðins tíma til flokksstjórastarfs þess, er hann gegndi. Laun hans voru ákveðin eftir kjarasamningi BSRB við ríkið og goldin úr ríkissjóði. Honum var falin talsvert umfangsmikil fjárumsýsla í þessu opinbera fyrirtæki, þótt hann væri ófjárráða, andstætt því, er greinir í 6. tölulið 3. gr. laga nr. 38/1954. Þegar þessa er gætt, þykir varhugavert að beita ákvæði 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um atferli ákærða, sem varðar eingöngu við 1. málsgr. 247. gr. nefndra laga.

II. Ákæra um brennubrot.

Samkvæmt sakargögnum gerðist ákærði sekur um að leggja af ásetningi eld í hús Bergiðjunnar. Var miklu tjóni valdið með bruna þessum, og samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er viðgerðarkostnaður talinn hafa numið 145.519.00 nýkrónum. Húsið er í grennd við ýmis önnur hús, þ. á m. geðsjúkrahús. Var ákærða, sem starfaði í húsinu, kunnugt um, að í því voru geymd eldfim efni, en við íkveikjuna notaði hann mjög eldfimt efni, sem sprengihætta stafaði frá samkvæmt því, er fram kemur í gögnum málsins. Atferli ákærða er í héraðsdómi réttilega fært til 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákæra um ölvun við akstur.

Brot ákærða varðar hann refsingu skv. 1. og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976.

IV. Refsing og önnur viðurlög.

Ákærði var 19 ára, er hann framdi brot þau, sem hann er dæmdur fyrir í dómi þessum. Eigi var rétt að fela honum fjárreiður þær og fjárskil, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi. Milli fjárdráttarbrotsins og íkveikjunnar eru bein tengsl, enda verður að leggja frásögn ákærða til grundvallar um hvatann að síðara brotinu. Ákærði hefur innt af hendi 1.124.810 gamlar krónur til skrifstofu ríkisspítalanna til endurgreiðslu á fjárdrættinum. Hann kom af sjálfsdáðum til lögreglu og skýrði frá fjárdráttarbroti sínu, og síðar sama dag greindi hann frá því, að hann væri valdur að brunanum í Bergiðjunni, en hann þrætti þó í fyrstu fyrir að hafa framið það brot.

Ákærði sætti tveimur dómum, 3. og 4. febrúar 1982, fyrir ölvun við akstur í eitt skipti og fyrir akstur bifreiðar án gilds ökuleyfis (tvö brot).

Svo sem greinir í héraðsdómi, sætti ákærði dómi 15. febrúar 1980 fyrir ölvun við akstur, og var það brot framið 26. desember 1978. Refsingu ákærða ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Með sér-

stakri hliðsjón af ungum aldri ákærða og atvikum máls að öðru leyti þykir refsing hans með vísan til 57. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið og að auki 12 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu þess hluta refsingar, og falli hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um sviptingu á rétti ákærða til að öðlast ökuleyfi ævilangt svo og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 8.000.00 krónur.

Það athugast, að faðir ákærða var yfirheyrður fyrir rannsóknarlögreglu hinn 26. mars 1980, án þess að honum væri bent á rétt sinn til að skorast undan skýrslugjöf, sbr. 89. gr. laga nr. 74/1974, sem hér á við fyrir lögjöfnun. Þá var hann eiðfestur, er hann gaf skýrslu fyrir sakadómi Kópavogs hinn 25. mars 1981. Bróðir ákærða, er bar vætti í málinu í sakadómi Kópavogs sama dag, var einnig eiðfestur. Eigi var rétt að heitfesta þá.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Sigurður Jóhannesson, sæti 3 mánaða fangelsi. Þá sæti hann enn fremur 12 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu á rétti ákærða til að öðlast ökuleyfi svo og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar,

þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 12. október 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. október sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 12. nóv. 1980, á hendur „Bjarna Sigurði Jóhannessyni, Kópavogsbraut 90, Kópavogi, fæddum 16. desember 1958 í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot framin á árinu 1978:

I. Fjárdráttur.

Ákærða er gefið að sök að hafa sem starfsmaður ríkisspítalanna dregið sér fé á tímabilinu frá og með maí til nóvember úr sjóði Bergiðjunnar, vinnustofu Kleppsspítalans í Reykjavík, samtals allt að kr. 1.677.300, sem ákærði hagnýtti í eigin þágu, en ákærða var í starfi sínu m. a. falið að annast sölu á framleiðslu vinnustofunnar og gera mánaðarlega skil á innkomnu fé til skrifstofu ríkisspítalanna. Ákærði leyndi fjárdrætti sínum um hver mánaðamót, ýmist með því að láta hjá líða að senda skrifstofu ríkisspítalanna mánaðaruppgjör og faldi þá eða eyðilagði nótur og fylgiskjöl, er sýndu, hvað selt hafði verið í viðkomandi mánuði, eða með því að greiða hina dregnu fjárhæð til baka, áður en hann gerði skil við skrifstofu ríkisspítalanna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Brenna.

Málið er ennfremur höfðað gegn ákærða fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 2. desember, um kl. 02, kveikt í ofangreindri vinnustofu Kleppsspítalans, Bergiðjunni, sem er einnar hæðar steinbygging skammt austan við spítalann, með því að skvetta eldfimu hreinsiefni (aceton) á húsgögn og gólf í skrifstofuherbergi og á gang framan við það og bera síðan eld að í því skyni að eyðileggja bókhaldsgögn vinnustofunnar og afmá með þeim hætti ummerki fjárdráttarins, sem lýst er hér að framan, en ákærði hraðaði sér á brott, eftir að eldur varð laus.

Eldinn tókst að slökkva um kl. 0330 um nóttina og hafði þá

breiðst út um húsið og valdið miklum skemmdum á því og húsbúnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ölvunarakstur.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa umrædda nótt ekið bifreiðinni Þ 589 undir áhrifum áfengis og að hafa neytt áfengis við aksturinn frá Hlaðbrekku 5 í Kópavogi um götur þar í kaupstaðnum og í Reykjavík og síðan inn að Sundahöfn þar í borg og loks að afloknum framangreindum verknaði, sem lýst er í II. lið, ekið frá Sundahöfn að Æsufelli 4.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Við munnlegan flutning málsins 2. október sl. féll sækjandinn frá kröfu sinni um, að ákærði yrði dæmduur til ökuleyfissviptingar, en gerði þá kröfu þess í stað, að ákærði yrði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Skipaður verjandi ákærða, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, hefur gert þær dómkröfur, að ákærði verði dæmdur í væga refsingu og sakarkostnað, og jafnframt hefur hann krafist málsvarnarlauna sér til handa að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

I. Fjárdráttur.

Ákærði, Bjarni Sigurður Jóhannesson, byrjaði að vinna við Kleppsspítalann í Reykjavík vorið 1975. Vann hann af og til ýmiss konar störf við spítalann, svo sem við vélgæslu og aðstoð við iðnaðarmenn. Frá 1. júlí 1976 til 31. mars 1977 og frá 2. desember 1977 til 22. desember 1978 var ákærði flokksstjóri við Bergiðjuna við Kleppsspítalann, en Bergiðjan er ríkisfyrirtæki, rekið af skrifstofu ríkisspítalanna. Fékk ákærði greidd laun skv. 6. launaflokki BSRB. Hafði hann fyrst til að byrja með með höndum eftirlit með vinnu endurhæfingarsjúklinga, er störfuðu við framleiðslu á ýmiss konar byggingareiningum, en smám saman færðust dagleg fjármál Bergiðjunnar yfir á ákærða, en

faðir ákærða, Jóhannes Sigurðsson, umsjónarmaður Bergiðjunnar, hafði áður haft þau með höndum. Fól Jóhannes ákærða í sívaxandi mæli að sjá um daglegar fjárreiður fyrirtækisins, sölu framleiðslunnar, bókhald þess og mánaðarlegar skilagreinar til skrifstofu ríkisspítalanna.

Ákærði kveður fjárdrátt sinn hafa byrjað í maí 1978. Hafi hann þá dregið sér um gkr. 20.000 af staðgreiðslusölu fyrirtækisins og eytt peningunum í eigin þágu. Kveðst ákærði hafa staðreynt þessa upphæð um mánaðamótin maí—júní, er hann átti að standa skrifstofu ríkisspítalanna skil á söluandvirði maímánaðar, með því að bera saman afrit staðgreiðslusölu fyrir mánuðinn og það, sem var í sjóði. Kveðst ákærði hafa endurgreitt þá upphæð, sem hann dró sér í maí, um mánaðamótin maí—júní.

Í júní kveðst ákærði hafa dregið sér um gkr. 60.000 og hafi hann endurgreitt þá upphæð um mánaðamótin júní—júlí. Í júlí kveðst ákærði hafa dregið sér fé að upphæð um gkr. 400.000. Er kom að uppgjöri um mánaðamótin júlí—ágúst og er ákærði sá, að hann gat ekki staðið í skilum, þá kveðst hann hafa tekið það til bragðs að rífa öll afrit úr nótnabókinni yfir staðgreidda vöru. Jafnframt tók hann öll fylgiskjöl með nefndum afritum, og kveðst hann síðan hafa sett bæði fylgiskjöl og nótnaafritin í umslag, merkt skrifstofu ríkisspítalanna, og sagt föður sínum, að hann ætlaði að fara með uppgjörið á skrifstofu ríkisspítalanna, en síðan kveðst hann hafa rifið umslagið ásamt innihaldinu og hent því í ruslapoka í vinnusal Bergiðjunnar. Í ágúst kveðst ákærði hafa dregið sér um gkr. 182.300 eða því sem næst. Kveðst hann hafa tekið öll greiðsluafrit og fylgiskjöl vegna sölu í mánuðinum, sett í umslag og falið inni í tréskáp á skrifstofu sinni. Ákærði telur, að í kringum 10. ágúst hafi verið hringt frá skrifstofu ríkisspítalanna og spurst fyrir um uppgjörið, en faðir ákærða hafi orðið fyrir svörum og spurt ákærða um uppgjörið og hafi ákærði þá sagt föður sínum, að hann væri þegar búinn að skila uppgjörinu á skrifstofu ríkisspítalanna, en það væri sennilega ekki komið til þess aðilja, sem hringdi. Kveður ákærði svör sín hafa verið tekin góð og gild í það skiptið. Eftir þetta kveðst ákærði hafa mætt hvern dag til þess að geta svarað í símann fyrirspurnum, sem kynnu að koma varðandi uppgjörið, og hafi hann svarað því til a. m. k. einu sinni, að Jóhannes vissi allt um uppgjörið, en hann væri ekki við. Hafi skrifstofa ríkisspítalanna þá fljótlega farið að spyrja um Jóhannes, en ákærði jafnan logið því, að Jóhannes væri ekki við.

Í september kveðst ákærði hafa dregið sér milli gkr. 350—390.000. Í október milli gkr. 250—300.000 og í nóvember um gkr. 325.000. Kveðst ákærði hafa haldið til haga öllum greiðslukvittunum og fylgiskjölum yfir þessa mánuði, en falið skjölin inni í skáp á skrifstofu sinni í stað þess að skila skjölunum á skrifstofu ríkisspítalanna.

Ákærði kveðst hafa leiðst út í fjárdrátt vegna þess, að hann hafi verið mjög skuldum vafinn frá þeim tíma, er hann var við nám, auk þess sem mikið hafi verið tekið af launum hans upp í opinber gjöld. Ákærði kveðst alltaf hafa verið frekar eyðslusamur og þurft mikla peninga. Kveður ákærði fjárdrátt sinn hafa byrjað þannig, að hann hafi tekið peninga þá, sem hann dró sér, til láns til skamms tíma, en hann hafi fljótlega misst fjármál sín úr úr höndunum og ekki getað staðið í skilum, er kom að uppgjöri um hver mánaðamót.

Vitnið Jóhannes Sigurðsson, faðir ákærða, telur, að það hafi verið í október 1978, að Þórdís Aðalbjörnsdóttir, aðalbókari ríkisspítalanna, hafi nefnt það við sig, að einhverjar skilagreinar vantaði varðandi mánaðarlegt uppgjör á fjárreiðum Bergiðjunnar. Kveðst vitnið hafa spurt ákærða og sennilega starfsmenn, hvort skilagrein hefði ekki verið send, og hafi hann fengið jákvætt svar og látið það gott heita og talið, að uppgjör Bergiðjunnar væri einhvers staðar í kerfinu. Vitnið segir, að aðalbókarinn hafi enn ítrekað nokkru síðar, að skilagreinar vantaði, en þar sem hann hafi séð afritin af skilagreinunum í möppu í Bergiðjunni, hafi hann álitið ásamt aðalbókaranum, að frumritin hefðu lent eitthvað annað, en kæmu síðar fram í kerfinu.

Vitnið Þórdís Aðalbjörnsdóttir, aðalbókari skrifstofu ríkisspítalanna, segir, að hún hafi orðið vör við, að eitthvað væri athugavert við færslur á nótum Bergiðjunnar í júní 1978. Kveðst hún hafa haft samband, sennilega við Jóhannes, vegna þessa og í framhaldi af því hafi ákærði komið til sín á skrifstofuna og þau reynt að lagfæra bókhaldið. Kveðst vitnið hafa haft samband við Jóhannes af og til út af skilagreinunum og hafi það verið sameiginlegt álit þeirra, að bókhald Bergiðjunnar væri ekki nógu gott.

Ríkisendurskoðun hefur unnið 2 yfirlit yfir bókhald og fjárreiður Bergiðjunnar, sbr. dómskjöl nr. 20 og 32. Samkvæmt yfirliti á dómskjali nr. 32 er sjóðsvöntun talin nema gkr. 1.044.810. Vitnið Ari Hálfdánarson, viðskiptafræðingur hjá ríkisendurskoðun, sem vann að framangreindum úttektum, telur ekki unnt

að upplýsa misræmið milli þeirrar fjárhæðar, sem ákærði kveðst hafa dregið sér og stuðst er við í ákæru, og þeirrar sjóðsvöntunar, sem unnt er að staðreyna á grundvelli þeirra bókhaldsgagna, sem bjargað var úr brunarústum Bergiðjunnar. Af þeirri fjárhæð, sem ákærði kveðst hafa dregið sér, hefur hann endurgreitt gkr. 1.124.810.

II. Brenna.

Aðfaranótt laugardagsins 2. desember 1978, kl. 0212, fór brunaboði Bergiðjunnar í gang á slökkvistöðinni í Reykjavík, og skv. skýrslu slökkviliðsins var allt tiltækt lið slökkviliðsins sent á vettvang. Fyrsta sökkviliðsbifreiðin er komin á vettvang kl. 0216, og var þá mikill eldur laus í Bergiðjunni, og stóð hann út um glugga bæði á norður- og suðurhlið, og einnig logaði upp úr þakinu. Slökkvistarfi lauk ekki fyrr en 0330, og hlaust talsvert tjón af brunanum.

Í skýrslu vitnisins Rudólfs Axelssonar, varðstjóra í lögreglunni í Reykjavík, segir:

„Tilkynning barst frá slökkvistöðinni, á Fjarskiptamiðstöð Lögreglunnar, að brunaboði, tengdur Kleppsspítala, hefði gefið viðvörunarhljóð. Lögreglubifreið nr. 28, sem í voru lögreglum. nr. 61 og 137, var nærstödd, og komu þeir fyrst á staðinn. Umrædd bygging er einnar hæðar verkstæðisbygging, staðsett austan við aðalspítalann og afmarkast af nyrsta hluta hans. Þá lagði mikinn reyk frá Bergiðju, og umlukti reykurinn spítalann, þar sem nokkuð austan stæður vindur var. Einnig var talsvert neystaflug, sem einnig kom á norðurálmu spítalans. Þar sem þarna virtist vera um stórhættu að ræða, var allt slökkviliðið tilkvatt, og vann það þarna af mikilli röggsemi, með slökkviliðsstjóra í broddi fylkingar. Einnig kom á staðinn allt tiltækt lögreglulið auk Bjarka Elíassonar, yfirlögregluþjóns, Magnúsar Einarssonar, aðst.yfirlögregluþjóns, og Páls Eiríkssonar, aðst.yfirlögregluþjóns. Einnig voru tilkvaddir á staðinn, frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, Eggert Bjarnason og Haraldur Árnason.

Er slökkviliðið kom á staðinn, var sýnilega mikill eldur laus, og átti hann upptök sín í skrifstofu, sem var staðsett nokkuð austarlega við norðurgafl hússins. Nokkuð erfiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins, þar sem þarna var mikill eldsmatur fyrir hendi, því veggir hússins voru innréttaðir með spónaplötum og einangraðir með svonefndu einangrunarplasti. Loft voru einangruð með svonefndu heraklit efni, sem er mjög eldtefjandi efni, en eldurinn komst í bitana fyrir ofan, sem voru úr timbri,

og hélt áfram eftir þeim. Kl. 03,30 tókst loks að ráða niðurlögum eldsins, en þá var sýnt, að tjón hafði orðið mikið af völdum elds og reyks.

Fljótlega eftir að við lögreglumenn komum á staðinn, veittum við því athygli, að glerið í einum glugganum, á austurgafli hússins, við hornið norðan megin, var brotið, og tveir blóðblettir voru á veggnum skammt neðan við gluggann. Nokkuð af glerbrotum lá úti fyrir neðan gluggann, en stærri glerbrotahrúga lá fyrir innan. Tvöfalt gler hafði verið í glugganum. Við bentum fyrrnefndum rannsóknarlögreglumönnum á þetta, og gerðu þeir viðeigandi ráðstafanir."

Í skýrslu vitnisins Eggerts N. Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns, er kom á vettvang, skömmu eftir að eldsins varð vart, segir:

„Af völdum eldsins hafa orðið miklar skemmdir á húsinu. Mestur virðist eldurinn hafa orðið í skrifstofuherberginu, og var þar allt brunnið, sem brunnið gat. Þá virtist eldur hafa farið um mestallt þak byggingarinnar og loft dottið niður. Ekki virtist eldur hafa logað niður veggi eða á gólfi utan skrifstofuherbergisins og andyrisins þar fyrir framan. Er RLR kom á staðinn, logaði eldur upp úr þaki byggingarinnar ofan við skrifstofuherbergið og mikill eldur út um glugga þess.

Á norðurgafli hússins við norðvesturhornið var brotin rúða í glugga. Á húsveggnum neðan við gluggann, sem er í um axlarhæð, var spark, eins og einhver hafi sparkað í vegginn við að komast inn um gluggann. Þar voru einnig blóðblettir, svo viðkomandi hefur sennilega skaðað sig eitthvað. Ekki var rúðan alveg brotin úr glugganum, en það mikið þó, að maður hefur getað komist þar inn. Ekki hefur viðkomandi þurft að fara sömu leið út aftur, heldur getað notað útidyr, sem hægt var að opna innanfrá. Í skrifstofuherberginu var hitaskynjari í lofti, sem átti að gera viðvart, ef hiti færi yfir 50 gráður í herberginu. Þessi hitaskynjari mun hafa gert vart við eldinn, svo vart hefur verið búið að loga lengi þá. Starfsmenn sjúkrahússins, sem fyrstir komu á staðinn, strax eftir að skynjarinn hafði gert aðvart, sögðu, að þá hefði verið mjög mikill eldur í skrifstofuherberginu.

Aðalverkstjórinn í Bergiðjunni skýrði frá því, að hann hefði síðastur manna gengið um vinnustofurnar í gærkvöldi. Þá mundi hann sérstaklega eftir því, að hann hafði gengið frá ca. 24 lítra brúsa við enda vinnuborðsins í vinnusalnum í norðvesturhorn-

inu. Í brúsanum var hreinsiefni (aceton) mjög eldfimt. Taldi verkstjórinn, að brúsinn hefði verið hátt í fullur og lok hefði verið á honum. Eftir brunann fannst brúsi þessi opinn og nær tómur í búningsklefanum. Verkstjórinn sagði einnig, að dyrnar inn í skrifstofuna hefðu verið læstar. Eftir brunann lá hurð inn á gólfi skrifstofunnar og lásinn á. Ekki var þó hægt að sjá, hvort dyrnar hefðu verið brotnar upp, því hurðin var töluvert brunnin og dyrabúnaðurinn mikið."

Síðar segir í skýrslu vitnisins:

„Nokkuð augljóst virðist vera, að brotist hefur verið inn í húsið og viðkomandi við það eitthvað skaðast. Ætla má einnig, að viljandi hafi verið kveikt í húsinu, og bendir tæming og tilfærsla hreinsiefnisbrúsans til þess."

Föstudagskvöldið 1. desember 1978, um kl. 2030, kemur ákærði í heimsókn til Hagerup Ísaksen, Hlaðbrekku 5 í Kópavogi, og er þar við drykkju ásamt Hagerup og konu hans, foreldrum sínum og fleira fólki. Er líða tók á kvöldið, hafði ákærði samband við kunningja sinn Halldór Zoëga, Æsufelli 4 í Reykjavík, og boðaði komu sína. Upp úr miðnætti yfirgefur ákærði síðan samkvæmið án þess að láta aðra vita af því. Kveðst ákærði hafa sest undir stýri á bifreið sinni, Þ 589, og ekið upp í Æsufell 4, en er þangað kom, kveðst hann hafa hætt við að heimsækja Halldór, en ekið þess í stað niður í miðbæ, um hafnarsvæðið og aðalgötur miðbæjarins. Kveðst ákærði hafa haft með sér í bílnum líters flösku af kók, blandaða spíra, vatni og kók, og hafi hann drukkið úr flöskunni undir akstrinum og hafi hann verið talsvert ölvaður.

Ákærði kveðst hafa verið að hugsa um það undir akstrinum, hvernig hann gæti losað sig út úr þeim fjárhagslegu ógöngum, sem hann var búinn að flækja sig í, og hafi hann ekki séð neina aðra lausn á þeim málum en að brenna bókhaldið hjá Bergiðjunni. Kveðst ákærði þá hafa tekið ákvörðun um að framkvæma brunann í beinu framhaldi af þessum hugleiðingum sínum. Kveðst hann síðan hafa ekið inn að Sundahöfn og lagt bílnum austan við hafnarsvæðið. Er hér var komið, kveðst ákærði hafa verið búinn að tæma líters flösku þá, er hann hafði verið að drekka undir akstrinum, og hafi hann verið orðinn mjög ölvaður. Kveðst ákærði hafa gengið með sjónum og komið að Bergiðjunni sjávarmegin og hafi hann brotið rúðu með grjóti í stærri vinnusal Bergiðjunnar, sbr. ljósmynd nr. 4 í dómskjali nr. 29, sbr. og afstöðumyndir á dómskjali nr. 28, kvarði 1:100. Kveðst

ákærði hafa skorið sig á hendi við rúðubrotið. Síðan kveðst ákærði hafa farið inn um gluggann á vinnusal, merktum H, sbr. dómskjal nr. 28, og gengið þaðan að skrifstofuherbergi, merktu F, brotið rúðu í hurð skrifstofunnar, tekið síðan 25 lítra aceton brúsa, sem stóð í vinnusalnum, farið með brúsann inn á skrifstofu og hellt úr honum yfir skáp, sem hafði að geyma bókhald Bergiðjunnar, skvett síðan á skrifborðið, stóla, gólf og síðan ganginn fyrir framan skrifstofuna. Kveðst ákærði halda, að um 22 lítrar af aceton hafi verið í brúsanum, en brúsann skildi hann síðan eftir inni í fatageymslu, sbr. afstöðumynd, sbr. dómskjal nr. 28, kvarði 1:100.

Að þessu loknu kveðst ákærði hafa kveikt á eldspýtu og hent henni í stól, er stóð beint undir hitaskynjara, er tengdur var við slökkvistöðina í Reykjavík. Kveður ákærði mikinn eld hafa gosið upp og hafi hann hlaupið út sömu leið og hann kom, til baka eftir fjörunni að bíl sínum og hafi hann síðan ekið upp í Breiðholt, þar sem hann lagði bíl sínum við Æsufell 4 í þeim tilgangi að útvega sér fjarvistarsönnun. Kveðst ákærði síðan hafa tekið leigubifreið heim til sín, og er heim kom, tilkynntu bræður hans honum, að kviknað væri í Bergiðjunni, og hafi hann þá farið með Björgvin bróður sínum á vettvang. Ákærði kveðst hafa farið aftur á vettvang daginn eftir brunann til að kanna, hvort öll afrit og fylgiskjöl varðandi fjárdráttinn hefðu brunnið, og hafi hann þá fundið umslagið með téðum afritum og fylgiskjölum, og kveðst hann hafa afhent Tómasi Helgasyni gögnin, er hann játaði fjárdráttinn. Ákærði kveður það aldrei hafa verið ásetning sinn að valda jafnmiklu tjóni og raun varð á, ásetningur hans hafi aðeins náð til að brenna bókhald Bergiðjunnar og afmá þannig öll sönnunargögn um fjárdrátt sinn. Hafi hann því kveikt í stólnum beint undir hitaskynjaranum, því hann vissi, að hitaskynjarinn var tengdur við slökkvistöðina, og kveðst hann hafa gert ráð fyrir, að slökkviliðið mundi koma fljótlega á vettvang.

Vitnið Hagerup Isaksen, Hlaðbrekku 5, Kópavogi, kveður ákærða hafa komið í heimsókn til sín föstudagskvöldið 1. desember 1978 milli kl. 0830—0900. Jafnframt hafi komið í heimsókn foreldrar ákærða og fleiri kunningjar. Í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu upplýsir vitnið, að það og ákærði hafi drukkið saman þrjáfjórðu úr seneverflösku aðfarakvöld brunans í Bergiðjunni. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við það, þegar ákærði yfirgaf samkvæmið.

Vitnið Halldór Zöega, Æsufelli 4, skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu 21. desember 1978, að ákærði hefði hringt til sín milli kl. 2300—2400 aðfarakvöld 2. desember og boðað komu sína. Virtist vitninu ákærði vera undir áhrifum áfengis. Vitnið kveðst hafa vakað eftir ákærða til kl. 0100 um nóttina, en ákærði hefði hvorki látið sjá sig né heyra í sér aftur og hefði vitnið farið að sofa.

Vitnið Björgvin Hólm Jóhannesson, bróðir ákærða, kveðst hafa komið heim til sín um kl. 0400 nóttina, sem Bergiðjan brann, og hafi ákærði komið heim skömmu á eftir sér, og var hann nokkuð ölvaður að mati vitnisins, en vitnið kveðst sjálft hafa verið mikið ölvað. Hafi þeim þá verið tilkynnt, að kviknað væri í Bergiðjunni, og hafi þeir farið saman á vettvang. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir því, hvort ákærði hafi verið særður á hendi umrædda nótt.

Samkvæmt niðurstöðu blóðsýnis, sem tekið var á vettvangi nóttina, sem Bergiðjan brann, þá mælir ekkert gegn því, að blóðsýnið sé komið frá ákærða, eins og segir í skýrslunni.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands þá var aust-norðaustan átt, 5—6 vindstig og rigning kl. 0300 2. desember 1978 í Reykjavík.

Dómari og aðiljar málsins fóru á vettvang og kynntu sér alla staðhætti 7. apríl sl. 13. apríl voru síðan dómkvaddir matsmennirnir Hákon Ólafsson, verkfræðingur hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að Keldnaholti, og Gunnar Sigurðsson, aðstoðarslökkvistjóri í Reykjavík. Í skýrslu þeirra segir:

„Vettvangsskoðun.

Fimmtudaginn 30. apríl og fimmtudaginn 7. maí s.l. kynntu matsmenn sér aðstæður í Bergiðjunni og svæðinu í kring og skoðuðu nærliggjandi byggingar. Varðandi herbergjaskipan í Bergiðjunni og innbyrðis afstöðu húsa á svæðinu vísast í meðfylgjandi dómsskjöl nr. 21.1 og nr. 47, en matsmenn sannreyndu þau atriði, er mikilvæg þóttu fyrir matið. M. a. nutu þeir aðstoðar Baldurs Skarphéðinssonar, sem vann við byggingu hússins, við að rjúfa loftklæðningu til að kanna, hversu hátt steyptir brunavarnarveggir í vesturálmu náðu. Starfsmenn Bergiðjunnar gáfu og góðfúslega upplýsingar um þau atriði, sem matsmenn óskuðu eftir. Við skoðun á neðri hæð húss E (sbr. dómsskjal nr. 47) nutu matsmenn leiðsagnar eftirlitsmanns á viðkomandi deild.

Álitsgjörð.

Í samræmi við þær upplýsingar, sem fram komu við vettvangs-

skoðun og m. t. t. þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu og matsmönnum voru send, hafa matsmenn tekið mið af eftirfarandi megin þáttum við mat sitt:

a) Útveggir Bergiðjunnar eru steyptir. Svæði það, sem brann, takmarkast til beggja enda af steyptum brunavarnarveggjum. Veggur sá, er skilur vinnuskála og kyndistöð, er heill og nær upp fyrir þak kyndistöðvar, sem er steypt. Í vesturenda skálans eru tveir steyptir veggir sitt hvoru megin við bifreiðageymslu, en þeir rjúfa einangrun þaksins og ná þétt upp að borðaklæðningu þess. Bárujárn er neglt á þakið. Í þessum veggjum eru dyr, tvær í öðrum og ein í hinum. Á steyptu gólfi austan bifreiðageymslu eru gólfdúks- eða korkflísar, en í bifreiðageymslu og vestar er gólf málað.

b) Þak Bergiðjunnar mun hafa verið bárujárnsklætt timburþak, einangrað með svonefndum heraklitplötum og gosull. Burðarbitar voru úr timbri.

c) Magn brennanlegra efna í húsinu var nokkuð. Má þar einkum nefna létta skilveggi, klæðningu og einangrun í útveggjum, sem mun hafa verið polystyrene plast, laus búnaður, burðarbitar í þaki og klæðning ofan einangrunar.

d) Önnur hús í nágrenni Bergiðjunnar eru öll með steyptum útveggjum, flest með bárujárnsklæddum þökum, en þak kyndistöðvar var steypt. Hús merkt E, sem næst stendur Bergiðjunni (19 m frá v-gafli og u. þ. b. 25 m frá vestari brunavarnarvegg við bifreiðageymslu) og vindur stóð á umrædda nótt, er með steyptum þakrennum. Í langvegg eru tvær gluggaraðir, 12 gluggar í hvorri röð. Hver gluggi er undir 1 x 2 m að stærð, með fjórum rúðum. Aðeins önnur efri rúðan í hverjum glugga er opnanleg og mun venjulega vera opin, en hún er u. þ. b. 20 x 40 cm að stærð. Þessar rúður eru með lamir að ofanverðu.

e) Í herbergjum húss E, sem snúa að Bergiðjunni, eru steyptir skilveggir og lítið um brennanleg efni, nær eingöngu gluggatjöld og rúmföt. Í setustofu eru þó aðrir lausir innanstokksmunir og teppi.

f) M. t. t. þess kveikilögs, sem notaður var, þ. e. a. s. aceton, verður að telja, að hætta á sprengingu við íkveikju hafi verið veruleg. Við slíka sprengingu kann þak að hafa rofnað og rúður sprungið.

Niðurstöður.

1. Matsmenn telja, að ekki hafi verið hætta á útbreiðslu elds til nærliggjandi eigna. Byggingarlag, byggingarefni og fjar-

lægð hafi veitt fullnægjandi öryggi í viðkomandi tilviki. Starfsmaður, sem staddur var í kyndistöð, þegar eldur braust út, mun því ekki hafa verið í hættu fremur en fólk í öðrum byggingum. Vegna þeirrar starfsemi, sem fram fer í húsi E, mun mikill reykur geta hafa valdið óróleika vistmanna.

2. Þótt Bergiðjan hefði náð að verða alelda, telja matsmenn, að brunavarnarveggir í báðum endum hefðu hindrað útbreiðslu eldsins. Brennanleg gólfefni eða borðaklæðning í þaki milli gosullar og bárujárns hefðu ekki getað orsakað frekari útbreiðslu, þannig að öðrum mannvirkjum á Kleppi og íbúum þeirra hefði stafað hætta af. Fjarlægð hafi einnig verið það mikil, að íkveikjuhætta af foki í þessu tilviki hafði ekki verið fyrir hendi.
3. Matsmönnum er ekki fullkomlega ljóst, hvað átt er við með 3. lið í matsbeiðni. Þeir taka þó fram, að ef húsagerðir eru öðru vísi (t. d. timburhús) og brunavarnir ófullnægjandi, geti almennt verið hætta á útbreiðslu elds til nálægra húsa við hliðstæðar aðstæður, þ. e. a. s. mikinn vind og álíka fjarlægðir milli húsa."

Að beiðni rannsóknarlögreglustjóra ríkisins sömdu Ásmundur Jóhannsson, starfsmaður eldvarnareftirlits Reykjavíkurborgar, og Guðmundur Haraldsson, starfsmaður Brunamálastofnunar ríkisins, skýrslu um hættu þá, sem gat stafað af bruna Bergiðjunnar, með tilliti til staðhátta og aðstæðna, eins og segir í bréfi rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 12. júlí 1979. Í skýrslu þeirri segir m. a.:

„Húsið var skoðað með tilliti til öryggis gegn eldi.

Lager. Þar er ca 250 l. af eldfimum vökvum (flash point belon 32°C) eldfimir vökvar.

Steypusalur. Þar eru eldvarnir eitt 12 kg. dufttæki.

Vinnusalur. Þar eru eldvarnir 20 m 3/4" brunaslanga.

Fjarlægð frá Bergiðjunni að sjúkrahúsinu er ca. 18 metrar, þó eru timburskúrar þar á milli byggðir yfir úrgang, en bil á milli húsanna fullnægir kröfum um brunavarnir.

Sjálfvirkt aðvörunarkerfi er í húsinu.

Við skoðun kom í ljós, að engin ákvæði eru brotin, er varða reglugerð um brunavarnir og brunamál frá 8. júní '78. Þó væri æskilegt, að eldfimir vökvar, sem á lager eru, verði geymdir utanhúss í eldtraustri geymslu.

Sambrunahætta ætti ekki að vera, þar sem eldvarnarveggur

er á milli Bergiðjunnar og kyndistöðvar, og fjarlægð yfir í sjúkrahúsið stenst vel reglugerðarákvæði um brunavarnir."

Vitnið Ásmundur Jóhannsson lýsti því yfir fyrir dómi, að hann teldi hættu á útbreiðslu elds út frá geislun hverfandi litla, en sambrunahætta út frá neistaflugi hafi verið hugsanleg, en ólíkleg.

Vitnið Guðmundur Haraldsson taldi fyrir dómi, að Kleppsspítalanum hefði ekki stafað hætta af brunanum í Bergiðjunni.

Framburður vitnisins Eggerts N. Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns fyrir dómi er samhljóða framburði Guðmundar Haraldssonar.

Vitnið Rúnar Bjarnason slökkviliðsstjóri taldi fyrir dómi, að eldur hefði hugsanlega getað borist út frá Bergiðjunni og yfir í Kleppsspítalann, en hann taldi þó líkur á útbreiðslu elds við þessar kringumstæður óverulegar vegna fjarlægðar Bergiðjunnar frá Kleppi, byggingarmáta spítalans svo og þess tryggilega viðvörunarkerfis, sem er í byggingum á svæðinu. Taldi vitnið, að almannahætta hefði tæpast skapast umrædda nótt. Vitnið telur, að tjón hafi orðið mikið við eldsvoðann, mun meira en kemur fram í skýrslu slökkviliðsins.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið hefur fallið frá skaðabótakröfu í málinu á hendur ákærða.

III. Ölvunarakstur.

Um málavexti varðandi þennan ákærulið vísast til málavaxtalýsingar í lið II.

Niðurstaða.

I. Fjárdráttur.

Ákærði var fastur starfsmaður ríkisfyrirtækis og fékk greidd laun skv. kjarasamningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, er hann varð uppvís að fjárdrætti. Hefur hann játað að hafa dregið sér um gkr. 1.667.300 á þeim tíma, er í ákæru greinir, hjá Bergiðjunni, vinnustofu Kleppsspítalans. Samkvæmt niðurstöðu bókhaldsrannsóknar, sem vitnið Ari Hálfdánarson viðskiptafræðingur framkvæmdi f. h. ríkisendurskoðunar, var staðreynt, að sjóðsvöntun skv. framkomnum gögnum á tímabili því, er í ákæru greinir, næmi gkr. 1.044.810. Ákærði hefur játað að hafa rifið og fleygt öllum staðgreiðsluafritum og fylgiskjölum yfir fjárdrátt sinn í júlí, og jafnframt er upplýst í bókhaldsrannsókn ríkis-

endurskoðunar, að fjölda staðgreiðslunótna hafi vantað í bókhaldið og hafi þær nótur líklegast brunnið.

Ekki verður staðreynt af bókhaldsgögnum þeim, sem tiltæk eru í málinu, hver raunverulegur fjárdráttur ákærða var á tímabilinu maí—nóvember 1978. Þykir því verða að leggja til grundvallar framburð ákærða sjálfs um, að hann hafi dregið sér þá upphæð, er í ákæru greinir, á því tímabili, er þar greinir.

Þykir brot ákærða varða við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Brenna.

Með játningu ákærða sjálfs, sem er í samræmi við framburð vitnanna Hagerup Isaksen, Jóhannesar Sigurðssonar, Halldórs Zöega, Rudólfs Axelssonar og Eggerts N. Bjarnasonar og sem studd er niðurstöðu blóðsýnis og öðru því, er fram er komið í málinu, telst sannað, að ákærði hafi aðfaranótt laugardagsins 2. desember 1978, um kl. 0200, kveikt í Bergiðjunni við Kleppsspítalann með því að skvetta eldfimum vökva, aceton, á húsgögn og gólf í skrifstofuherbergi Bergiðjunnar og á gang framan við skrifstofuna og bera síðan eld að í því skyni að eyðileggja bókhaldsgögn Bergiðjunnar og afmá með þeim hætti ummerki fjárdráttar síns, en ákærði hraðaði sér síðan á brott, eftir að eldur varð laus.

Ekki verður fullyrt af gögnum málsins, hvenær ásetningur myndaðist hjá ákærða til að kveikja framangreindan eld, og þykir því verða að leggja til grundvallar framburð ákærða sjálfs um, að ásetningur hafi myndast, eftir að hann yfirgaf samkvæmið hjá Hagerup Isaksen og hann hóf akstur um götur miðbæjarins aðfaranótt brennunnar. Ákærði kveikti eld í eldfimu hreinsiefni, aceton, eftir að hafa skvett u. þ. b. 22 lítrum af hreinsiefninu á skjalaskáp og skrifstofuhúsgögn á vinnustað sínum í því skyni að eyðileggja bókhaldsgögn Bergiðjunnar og afmá þannig ummerki fjárdráttar síns.

Eldur kviknar fyrir ásetning ákærða, og verður ekki hægt að telja það óhappatilviljun eða gáleysi, að eldurinn breiddist út og tjón varð jafnmikið og raun varð á, heldur hafi hér komið til ásetningur ákærða til að leggja eld í húsið. Telst ákærði hafa fullframið brot sitt, um leið og hann kveikti í hinu eldfima hreinsiefni, svo slökkviráðstafanir þurfti að hafa í frammi. Samkvæmt dómskjali nr. 49 er skemmsta fjarlægð milli Bergiðjunnar og E deildar Kleppsspítalans 19 metrar. Í skýrslu matsmanna

kemur fram, að á langvegg deildar E, sbr. dómskjal nr. 47, eru 2 gluggaraðir með 12 gluggum í hvorri röð, og að opnanlegar rúður í hverjum glugga eru u. þ. b. 20 x 40 cm að stærð, og eru þær venjulega hafðar opnar.

Í niðurstöðu matsmanna segir, að þeir telji, að ekki hafi verið hætta á útbreiðslu elds til nærliggjandi eigna. Í 3. tl. niðurstöðu sinnar taka þeir fram, að þeim sé ekki fullkomlega ljóst, hvað sé átt við með 3. lið í matsbeiðni, en taka þó fram, að ef húsagerðir eru öðruvísi (t. d. timburhús) og brunavarnir ófullnægjandi, geti almennt verið hætta á útbreiðslu elds til nálægra húsa við hliðstæðar aðstæður, þ. e. a. s. mikinn vind og álíka fjarlægðir milli húsa.

Vitnið Ásmundur Jóhannsson og Rúnar Bjarnason töldu fyrir dómi, að sambrunahætta milli Bergiðjunnar og Kleppsspítalans nóttina, sem Bergiðjan brann, hafi verið hugsanleg, en fremur ólíkleg.

Samkvæmt framburði vitnisins Tómasar Helgasonar yfirlæknis fyrir rétti, voru u. þ. b. 100 sjúklingar vistaðir á Kleppi nóttina 2. desember 1978.

Sú háttsemi ákærða að kveikja í eldfimum vökva að næturlagi inni á skrifstofu fyrirtækisins Bergiðjunnar, sem stendur nálægt þyrpingu húsa, sem í voru vistaðir u. þ. b. 100 sjúklingar auk annars hjúkrunarliðs, við þau veðurskilyrði, sem voru í Reykjavík, er hann framdi brot sitt, hlýtur ætíð að hafa í för með sér almannahættu, þótt hættan sé ekki bráð. Getur dómurinn því ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri, að brot ákærða varði við 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. Ölvunarakstur.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni Þ 589 undir áhrifum áfengis, svo sem áður er rakið í ákæru. Er ákæra réttilega færð til refsiákvæða.

Ákærði gekkst undir geðrannsókn við rannsókn málsins. Kom ekkert það fram í fari ákærða, er gæfi ástæðu til að efast um sakhæfi hans. Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1974 9/12 í Kópavogi: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 244. gr., sbr. 256. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

1976 17/3 í Kópavogi: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot gegn

2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 17/3 1976.

1978 26/7 í Kópavogi: Sátt, 130.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 21/9 1977.

1980 15/2 í Kópavogi: Dómur: 180.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 15/2 1980.

Ákærði hefur unnið til refsingar skv. 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 164. gr. sömu laga. Jafnframt hefur ákærði unnið til refsingar skv. 1. og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykja engin ákvæði 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga eiga við til refsilækkunar.

Með hliðsjón af ungum aldri ákærða, er hann framdi brot þau, sem hér er ákært fyrir, þykir rétt að ákveða ákærða refsingu í því lágmarki, sem boðið er í 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga, fangelsi í 6 mánuði, en ekki þykir fært að skilorðsbinda refsingu ákærða, sökum þess hve brot hans eru alvarleg.

Jafnframt skal ákærði sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi ævilangt frá uppkvaðningu dómsins að telja. Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.500.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Sigurður Jóhannesson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.500.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 138/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Lydíu Einarsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Máli þessu er áfrýjað að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu. Ágrip barst Hæstarétti 2. september 1982.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en refsingu ákærðu, sem þykir hæfilega ákveðin 7.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Lydía Einarsdóttir, greiði 7.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu er staðfest.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars

Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 4. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 148/1982: Ákæruvaldið gegn Lydíu Einarsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 25. mars 1982, gegn ákærðu, Lydíu Einarsdóttur, þá til heimilis að Álftamýri 38, Reykjavík, en er nú búsett að Aðalstræti 63, Akureyri, fæddri í Reykjavík 13. júní 1958, „fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 3. september 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni X 3318 frá Laugavegi 43 í Reykjavík áleiðis að Grænuhlíð 15, þar til lögreglan stöðvaði akstur hennar á Laugavegi við Nóatún.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Ennfremur fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 29. október 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni X 3318 víðsvegar um götur Reykjavíkur, m. a. um Pósthússtræti, Hafnarstræti, Hverfisgötu, Laugaveg, Suðurlandsbraut að veitingahúsinu Hollywood við Ármúla, þar sem lögreglan hafði afskipti af ákærðu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

I.

Aðfaranótt fimmtudagsins 3. september sl., um kl. 0140, veittu lögreglumenn úr Reykjavík athygli bifreiðinni X 3318, þar sem henni var ekið austur Hverfisgötu frá Snorrabraut. Bifreiðin rásaði talsvert til, og var því akstur hennar stöðvaður á Laugavegi við Nóatún. Ökumaðurinn reyndist vera ákærða í máli þessu, Lydía Einarsdóttir. Vegna gruns um ölvun við akstur var hún færð fyrir varðstjóra, og aðspurð af honum kvaðst hún hafa drukkið 2 flöskur af pilsner skömmu fyrir aksturinn. Ákærða var færð til töku blóðsýnis á slysadeild Borgarspítalans, þar sem

henni var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. 0230. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar reyndist alkóhól í blóði hennar mælast 1.26‰.

Ákærða kom fyrir lögreglu vegna málsins þann 12. febrúar sl. og viðurkenndi umræddan akstur. Kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni frá Laugavegi 43 áleiðis að Grænuhlíð 15, er aksturinn var stöðvaður af lögreglu. Hún kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en mundi ekki eftir að hafa neytt áfengis, en þó kynni svo vel að hafa verið, þar sem veisla hefði verið að Laugavegi 43 og hefði hún kannski drukkið þar sopa og sopa af áfengi.

Ákærða var yfirheyrð fyrir dómi hjá bæjarfógetanum á Akureyri þann 28. apríl sl. Er þessi liður ákærunnar var borinn undir ákærðu, játaði hún skýlaust, að atvikalýsing væri þar rétt svo og að hún hefði framið þá háttsemi, sem lýst er þar í ákærunni. Henni fannst þó niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar vera of há miðað við það áfengi, sem hún drakk, og sagðist hafa drukkið tvær flöskur af pilsner og sopa og sopa af sterkari drykkjum, en nánar gat hún ekki lýst þessari drykkju. Ákærða gat þess, að hún væri sykursýkissjúklingur og gæti það hafa haft áhrif á það alkóhólmagn, sem mældist í blóðinu. Sagði hún, að þegar sykursýkin kæmist á hátt stig, myndaðist „aceton" í blóði hennar og væru um þetta mörg dæmi.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi, sem henni er að sök gefin í fyrri lið ákæruskjals og þar þykir réttilega heimfærð til refsiákvæða.

II.

Ákærða ók bifreiðinni X 3318 aðfaranótt fimmtudagsins 29. október sl. undir áhrifum áfengis um ýmsar götur borgarinnar, m. a. um Pósthússtræti, Hafnarstræti, Hverfisgötu, Laugaveg og Suðurlandsbraut að veitingahúsinu Hollywood við Ármúla hér í borg, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærðu við bifreiðina. Var hún færð fyrir varðstjóra, en við yfirheyrslu hjá honum neitaði hún að hafa ekið bifreiðinni, en kvaðst hafa drukkið tvö glös af Martini fyrr um kvöldið. Var ákærða færð á slysadeild Borgarspítalans, þar sem henni var tekið blóð- og þvagsýni til alkóhólrannsóknar kl. 0125. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar reyndist alkóhól í blóði hennar vera 1.62‰, en í þvagi 2.13‰.

Ákærða kom fyrir lögreglu vegna málsins þann 12. febrúar sl. og neitaði þá enn, að hún hefði verið ökumaður bifreiðarinnar. Tvö vitni voru yfirheyrð hjá lögreglu, sem báru, að þau hefðu verið sjónarvottar að akstri ákærðu frá Hótel Borg og framangreinda leið að skemmtistaðnum Hollywood. Enn fremur bar stúlka, sem var farþegi í bifreiðinni umrætt sinn, Sigrún Birna Hafstein, að ákærða hefði verið ökumaður bifreiðarinnar og hefði hún ekið bifreiðinni framangreinda leið með stuttri viðdvöl í Hollywood og hafi þær verið nýsestar inn í bifreiðina á ný, er lögregluna bar að. Sigrún Birna sagði, að ákærða hefði drukkið um 1—2 glös af Martini á heimili sínu þá fyrr um kvöldið, milli kl. 1900 og 2100.

Er ákærða var yfirheyrð um mál þetta fyrir dómi hjá bæjarfógetanum á Akureyri, viðurkenndi hún að hafa verið ökumaður bifreiðarinnar greint sinn. Kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni X 3318 framangreinda leið undir áhrifum áfengis. Hún kvaðst hafa drukkið 2—3 glös af Martini, blönduðu í vatni, fyrir akturinn. Ákærða lét þess getið, að niðurstöðu alkóhólrannsóknar í þvagi bæri að skoða með hliðsjón af sykursýki hennar, eins og hún skýrði frá fyrir dóminum varðandi fyrri lið ákærunnar.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, þvagrannsóknar og játningu ákærðu svo og ef litið er til annarra gagna málsins, telst sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, sem henni er að sök gefin í síðari lið ákæruskjals og þar þykir réttilega heimfærð til refsiákvæða.

III.

Ákærða hefur ekki, svo vitað sé, sætt áður kærum eða refsingum.

Með greindri háttsemi hefur hún unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hennar með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 5.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærða varðhaldi í 12 daga.

Þá er ákærða svipt ökuréttindum skv. 81. gr. umferðarlaga, og telst sviptingartíminn hæfilegur 18 mánuðir frá 12. febrúar sl. að telja, en þann dag var henni birt bráðabirgðasvipting lögreglustjórans í Reykjavík frá 27. janúar sl.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærða, Lydía Einarsdóttir, greiði 5.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 12 daga.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 18 mánuði frá 12. febrúar 1982. Áfrýjun frestar ekki áhrifum dómsákvæðis þessa.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 51/1980. **Þorvaldur Ottósson**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Voninni h/f
(Jóhann Steinason hrl.).

Skipsleiga. Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1980. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi, Vonin h/f, verði dæmdur til að greiða sér 19.330.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 11. október 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti svo og að viðurkennt verði, að hann eigi sjóveðrétt í m/b Voninni II., SH 199, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur tilkynnt Vélbátatryggingu Reykjaness um áfrýjun málsins sem réttargæslustefndum fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að forráðamenn Vélbátatryggingar Reykjaness vissu, að Konráð Júlíusson hefði verið leigutaki m/b Hafnarness, er þeir sömdu við hann um greiðslu fyrir þá hjálp, sem m/b Voninni II. var veitt. Hafði áfrýjandi þá ekkert tilkall gert til bjarglauna samkvæmt 11. gr. leigusamningsins.

Fallast ber á, að Vélbátatrygging Reykjaness sem vátryggjandi m/b Vonarinnar II. hafi mátt semja við Konráð sem leigutaka og útgerðarmann m/b Hafnarness og gera upp við hann laun fyrir þá hjálp, sem m/b Voninni II. var veitt. Þarf eigi, eins og atvikum er háttað, að leysa úr því sérstaklega, hvort hjálpin teljist björgun samkvæmt VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðinn verður 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Ottósson, greiði stefnda, Voninni h/f, 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 16. janúar 1980.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 12. des. sl., höfðaði Þorvaldur Ottósson, Vesturhólum 13, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. og 27. okt. 1978, gegn Voninni h/f, Hellissandi, til greiðslu á kr. 1.933.000 ásamt 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Einnig er krafist staðfestingar á sjóveðrétti í m/b Voninni II., SH 199, til tryggingar dómkröfunni. Vélbátatryggingu Reykjaness h/f er stefnt til réttargæslu í máli þessu vegna væntanlegrar greiðsluskyldu.

Við munnlegan málflutning voru dómkröfur stefnanda óbreytt-

ar frá því, sem greinir í stefnu, að öðru leyti en því, að krafist var dómvaxta af stefnukröfu frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara er sú dómkrafa gerð, að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður felldur niður.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur, og af hálfu hans eru ekki gerðar kröfur.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að með samningi, dags. 7. sept. 1977, dskj. 5, leigði stefnandi Konráði Júlíussyni, Silfurgötu 10, Stykkishólmi, vélbát sinn, Hafnarnes, RE 300, sem er 119 rúmlesta stálbátur. Leigutími hófst 10. sept. 1977 og var til 20. nóv. 1977 eða til loka síldveiða. Í 11. gr. leigusamningsins er svohljóðandi ákvæði: „Bjargi skipið einhverju á ferð sinni á leigutímanum, skal björgunar- og aðstoðarlaunum þeim, er í hlut skipsins koma, skipt að jöfnu milli leigutaka og leigusala vegna hættu þeirrar, sem skipinu er lagt í (sic)."

Hinn 11. október 1977, kl. 0045, var að sögn stefnanda skip hans, m/b Hafnarnes, RE 300, statt 12.7 sm suðaustur af Ingólfshöfða undir stjórn Konráðs Júlíussonar, skipstjóra og leigutaka skipsins. Þá hafi skipstjórinn á Voninni II. kallað á Hafnarnesið og beðið um aðstoð, þar sem skip hans væri statt með fulla skrúfu af reknetum um 14 sm suðaustur af Ingólfshöfða og hafi hann ekki getað hreyft skipið. Skipstjórinn á Hafnarnesinu hafi ekki talið ráðlegt að reyna að fara niður og skera úr skrúfunni í náttmyrkri og talsverðum sjó, en kafari hafi verið um borð í Hafnarnesinu. Þá hafi skipstjórinn á Voninni II. beðið um að vera dreginn til Hafnar í Hornafirði og hafi það verið gert.

Hafnarnesið hafi lagt af stað með Vonina II. í togi kl. 0315 og hafi veður þá verið austan 6 vindstig og kl. 1415 hafi verið búið að ganga frá bátnum við bryggju, en þá hafi verið komin austan 7—8 vindstig.

Stefnandi telur sig eiga rétt á björgunarlaunum, þar sem hér hafi verið um tvímælalausa björgun að ræða. Samkvæmt leigusamningi um skipið hafi átt að skipta björgunar- og aðstoðarlaunum þeim, er í hlut skipsins áttu að koma, að jöfnu milli leigutaka og leigusala vegna hættu þeirrar, er skipið er lagt í, en skv. siglingalögum sé hlutur þessi 2/3 af öllum björgunarlaunum.

Stefnandi segist hafa gert tilkall til síns hluta hjá Vélbátatryggingu Reykjaness, sem hafði m/b Vonina II. í tryggingu, en verið tjáð, að Konráði Júlíussyni hafi verið greidd öll björgunarlaun vegna þessa. Stefnandi telur greiðslu þessa óskuldbindandi fyrir sig, þar sem skipstjórinn hafi ekki haft umboð til þess að semja.

Á dskj. 4 er skýrsla um sjótjón, dags. 18. nóv. 1977, undirrituð af Konráði Júlíussyni og árituð af skipstjóranum á Voninni II., SH 199, Sæberg Guðlaugssyni. Í skýrslu þessari segir svo:

„Þriðjudaginn 11/10 er við vorum staddir 12.7 sm SSE af Ingólfshöfða á m/b Hafnarnesi RE 300 kallaði skipstjórinn á m/b Voninni II SH 199 okkur uppi og bað um aðstoð þar sem hún var stödd um 14 sm SSE af Ingólfshöfða með fulla skrúfu af reknetum og gæti ekkert hreift (sic.) Voru þeir búnir að leggja um 40 reknet þegar þeir fengu í skrúfuna. Ég taldi ekki ráðlegt að reina (sic.) að fara niður og skera úr skrúfunni í náttmirkri (sic.) og talsverðum sjó. Bað þá skipstjórinn á Voninni II um að vera dreginn til Hafnar í Hornafirði. Haldið var af stað með Vonina kl. 0315. Veður E—6 vindstig. Kl. 1245 komnir að Hvanney. Báturinn tekinn í stuttslef og beðið eftir lóðsinum Kl. 1415. Komnir inn að bryggju í Höfn og búið að ganga frá bátnum við bryggju. Veður E—7—8 vindstig."

Á dskj. 3 er ljósrit úr skipsdagbók, og er það svo til samhljóða dskj. 4.

Með bréfi til réttargæslustefnda, dags. 19. júní 1978, dskj. 6, spurðist lögmaður stefnanda fyrir um grundvöll að samningi um björgunarlaun vegna þessa.

Á dskj. 7 er ljósrit af kvittun Konráðs Júlíussonar fyrir greiðslu frá réttargæslustefnda vegna aðstoðar við Vonina, SH 199, þann 11. október sl., að fjárhæð kr. 659.000. Kvittun þessi er dags. 23. nóv. 1977. Á ljósriti þessu er áletrun, dags. 3. júlí 1978, sem mun vera svar við bréfinu á dskj. 6.

Stefnandi var yfirheyrður vegna máls þessa. Fram kom hjá honum, að hann hafi verið vélstjóri á m/b Hafnarnesi, þegar Hafnarnesið dró m/b Vonina II. til Hafnar í Hornafirði. Vonin II. hafi verið með net í skrúfunni og verið á allan hátt bjargarlaus og ekki komist neitt nema að fá aðstoð. Þeir hafi kallað á aðstoð og skipið verið dregið í land. Hafnsögumaður hafi hjálpað þeim inn í höfnina. Stefnandi kvaðst halda, að þeir hefðu verið eitthvað 6—7 tíma á leið til lands. Það væri helst í innsigling-

unni, að Hafnarnesið hafi verið lagt í hættu, það sé alltaf hætta í innsiglingunni.

Stefnandi hafi verið skipverji á launum hjá Konráði Júlíussyni, en Konráð hafi verið útgerðarmaður skipsins. Stefnandi var spurður um það, hvers vegna hann hlutaðist ekki til um það, að fram færu sjópróf út af þessu atviki, og svaraði hann því til, að það hefði bara dregist. Í mörgum tilfellum þurfi ekki sjópróf, þegar skýrslur liggja fyrir.

Stefnandi kvaðst hafa verið einn eigandi Hafnarnessins, þegar atburður sá varð, sem málið er af risið. Stefnandi höfðar mál þetta sem eigandi Hafnarnessins, en ekki sem einn af áhöfn skipsins, en hann eigi sinn hluta í hluta áhafnar. Stefnandi kvaðst ekki vita, hvort áhöfn Hafnarnessins hafi gert reka að því að fá tildæmd björgunarlaun. Stefnandi hafi ekki fengið neitt greitt af hluta áhafnar í björgunarlaunum.

Stefnandi kvaðst fyrst hafa vitað, að skipstjórinn á Hafnarnesinu hafði fengið greitt fyrir björgunina eða aðstoðina, þegar hann hringdi í vátryggingarfélagið og þá hafi honum verið sagt, að búið væri að greiða skipstjóranum ákveðna upphæð.

Í áhöfn skipsins hafi verið 8—9 menn og hafi verið skráð á skipið í Stykkishólmi. Lengst hafi verið einn Frakki um borð, en í lokin hafi þeir verið 4—5. Þeir hafi verið hásetar, en Íslendingar í stöðum stýrimanna og vélstjóra.

Hinn 16. nóvember 1979 var Konráð Júlíusson skipstjóri yfirheyrður vegna máls þessa. Konráð kvaðst hafa verið skipstjóri á m/b Hafnarnesinu 11. okt. 1977, þegar skipið veitti Voninni II. aðstoð. Aðstoðin hafi verið í því fólgin, að Vonin hafi verið tekin í slef og dregin inn til Hornafjarðar. Konráð taldi ekki, að Hafnarnesið hefði verið lagt í hættu við þetta. Hann kvaðst ekki dómbær á það, hvort Vonin hefði getað komist af eigin rammleik til hafnar. Konráð kvaðst ekki muna eftir, að komið hafi til tals að reyna að ná reknetunum úr skrúfu skipsins. Veðri hafi verið þannig háttað, að hann hefði ekki leyft, að maður frá sér hefði farið niður til þess að reyna að skera úr skrúfunni. Það hafi verið of mikil hreyfing í sjó. Konráð kvaðst ekki muna alveg, hvernig veðrið var, þegar þetta skeði, en kvaðst muna, að hann taldi það of mikinn vind, til þess að það væri forsvaranlegt að fara að leggja mann í hættu. Þeir hafi verið á leiðinni til Hafnar í Hornafirði og það hafi verið miklu hagstæðara að taka bátinn í slef og fara með hann þangað.

Á þessum tíma hafi stefnandi verið skráður 1. vélstjóri á Hafn-

arnesinu, og kvaðst Konráð halda, að hann hafi verið um borð, þegar Hafnarnesið dró Vonina II. Konráð sagði, að stefnandi hefði ekki krafið sig um björgunarlaun, en sér hafi verið sagt frá því, að stefnandi hafi farið fram á björgunarlaun, og sagði, að sér fyndist það fjarstæða fyrir að draga bátinn í land og kvaðst sjálfur ekki hafa talið bátinn í neinni hættu. Konráð hafi fengið greiddar kr. 659.000 fyrir aðstoðina og hafi áhöfnin og þar á meðal stefnandi fengið hluta af því.

Konráð kannaðist við undirritun sína á samningnum á dskj. 5. Vakin var athygli Konráðs á því, að í samningnum komi fram, að björgunar- og aðstoðarlaun eigi að skiptast að jöfnu milli leigutaka og leigusala. Konráð svaraði því til, að sé báturinn í hættu, en þarna hafi hann ekki talið um neina hættu að ræða, en hann hafi þó talið rétt, að mannskapurinn fengi sinn hluta af þessu (sic). Konráð taldi ekki tilefni til að ráðgast við stefnanda um þetta.

Konráð kvaðst hafa verið útgerðarmaður Hafnarnessins, hann hafi verið með skipið á leigu fyrir Frakka, sem hann var að vinna fyrir, en talist útgerðarmaður að skipinu að öðru leyti, þar sem báturinn hafi verið tekinn á leigu í sínu nafni.

Fram kom hjá Konráði, að ástæðan fyrir því, að hann hefði talið rétt að greiða áhöfninni, hafi verið, að áhöfnin hafi unnið við að tengja á milli bátanna og þeir hafi fylgst með bátnum á leiðinni.

Vonin II. hafi ekki verið í nokkurri hættu þar sem hún var, en Konráð kvaðst ekki dæma um það, hvort hún hefði komist sjálf til hafnar eða ekki. Hann hafi ekki talið henni nokkra hættu búna í því veðri, sem þá var, en það hafi þó verið of slæmt veður til þess að senda kafara niður.

Vakin var athygli Konráðs á því, að í dagbók skipsins segi, að veður hafi verið austan 7—8 vindstig, þegar skipin komu til hafnar, og hann spurður að því, hvort engin hætta hefði verið því samfara að draga skip inn í hafnarmynnið á Hornafirði í þannig veðri, og kvaðst hann ekki telja það. Hornafjarðarós sé talinn slægur og illa svertur af mörgum, en Konráð kvaðst vera búinn að fara hann mjög oft og telja enga hættu búna Hafnarnesinu við að draga bátinn þarna inn.

Hinn 1. júní 1979 var Sæberg Guðlaugsson, skipstjóri á Voninni II., yfirheyrður vegna máls þessa. Sæberg taldi ekki, að Vonin II. hefði verið í hættu stödd, þegar Hafnarnesið dró skipið til lands 11. okt. 1977, en skipið hefði ekki komist af eigin ramm-

leik til hafnar. Sæberg minnti, að skipið hefði verið 14 mílur SA í Ingólfshöfða. Veður hafi verið ágætt, bara kaldi, en ekki slæmt veður. Drátturinn hafi gengið vel. Sæberg tók fram, að hann hafi ekki beðið um aðra aðstoð en þá, að skorið yrði úr skrúfunni. Skipstjórinn á Hafnarnesinu hafi boðist til þess að draga bátinn í land. Kafarinn hafi ekki viljað fara niður í náttmyrkri og það hafi verið svona aðeins hreyfing. Það sé misjafnt, hvað kafarar treysti sér til að gera úti á sjó. Skipstjóri hafi sagst ekkert geta aðhafst, en það væri sjálfsagt að taka bátinn í tog. Sæberg kvaðst ekki hafa tekið því boði strax, vegna þess að hann hafi ætlað að hafa samband við Egil Þorfinnsson tryggingamann, en símasambandslaust hafi verið vegna verkfalls. Skipstjórinn á Hafnarnesinu hafi sagt sér, að ekki skipti máli, hvort hann tæki bát, sem væri frá sama tryggingarfélagi, þar sem það væri taxti. Ekki hafi staðið til að óska eftir sjóprófi, vegna þess að skipstjórinn á Hafnarnesinu hafi strax haft samband við tryggingarnar. Sæberg kvaðst hafa farið með skipstjóranum á skrifstofu sýslumanns eða lögreglu og þar hafi verið hringt til tryggginga Vonarinnar og samið um, að bara yrði gefin skýrsla og samið um, hver greiðslan yrði. Sæberg hafi haft hugmynd um það, að Konráð Júlíusson hafði Hafnarnesið á leigu, vegna þess að skipið hafi verið á sérstökum veiðum, háhyrningsveiðum, og þess vegna hafi Sæberg haft samband við hann, af því að hann hafi bara beðið um aðstoð með kafara. Fram kom hjá Sæberg, að skýrslan á dskj. 4 væri rétt að öðru leyti en því, að skipstjórinn á Hafnarnesinu hefði boðist til að draga skipið til Hafnar, en Sæberg hafi sjálfur óskað eftir aðstoð við að losa netin úr skrúfunni. Ef skorið hefði verið úr skrúfu skipsins, hefði skipið komist til lands af eigin rammleik. Ekki hafi verið nauðsyn að fara í land. Báturinn hefði varið sig alveg í þessu veðri.

III.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að skip hans, m/b Hafnarnes, hafi átt þátt í björgun m/b Vonarinnar II. í umrætt sinn, þar sem það hafi komið eitt til hjálpar og dregið m/b Vonina til lands í slæmu veðri. M/b Vonin II. hafi verið í hættu stödd, vélarvana og völt fyrir sjó og vindi. Stefnandi eigi að fá björgunarlaun skv. VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963.

Þegar stefnandi fór fram á björgunarlaun hjá Vélbátatryggingu Reykjaness h/f, vátryggjanda skipsins, hafi komið í ljós,

að félagið hafði greitt skipstjóra þess björgunarlaun og eingöngu samið við hann.

Samkvæmt 203. gr. siglingalaga skuli útgerðarmenn fá 2/3 björgunarlauna, ef gufuskip (i. e. vélskip) bjargar, en afgangi skipt milli skipstjóra og skipshafnar. Yfirleitt sé gert ráð fyrir því, að útgerðarmaður sé eigandi skips, og megi lesa það út úr siglingalögunum. Ef útgerðarmaður sé annar en eigandi skips, verði hann að sýna viðsemjendum sínum, að hann hafi öðlast þann rétt með samningi, sem siglingalögin leggja útgerðarmanni til handa. Í leigusamningi milli stefnanda og Konráðs Júlíussonar hafi verið svo kveðið á, að skipta ætti björgunar- og aðstoðarlaunum þeim, er í hlut skipsins áttu að koma, að jöfnu milli leigutaka og leigusala vegna hættu þeirrar, er skipið er lagt í. Samkvæmt þessu eigi stefnandi tilkall til 1/3 hluta af öllum björgunarlaunum og hafi það verið á ábyrgð vátryggjandans, er hann greiddi skipstjóranum á m/b Hafnarnesi, RE 300, björgunarlaun án þess að ganga úr skugga um heimild hans.

Það eigi að vera ljóst, að sá aðili, sem skuli hljóta 1/3 hluta björgunarlauna, hafi fulla samningsaðild um þau, en fram hjá honum virðist hafa verið gengið. Móttaka Konráðs Júlíussonar á björgunarlaunum úr hendi vátryggjanda sé stefnanda óviðkomandi og óskuldbindandi fyrir hann, því auk framangreinds hafi Konráð hvorki haft sérstakt umboð né stöðuumboð til gerningsins f. h. stefnanda.

Vátryggingarverðmæti m/b Vonarinnar II. hafi 11. okt. 1977 verið kr. 29.044.000. Stefnukrafan sé miðuð við, að björgunarlaun í heild verði nálægt 20% af vátryggingarverðmæti, eða kr. 5.800.000, og eigi stefnandi rétt til 1/3 þeirrar fjárhæðar, eða kr. 1.933.000.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hér hafi verið um björgun í slæmu veðri að ræða og að skip stefnanda hafi verið lagt í hættu, m. a. af þeirri ástæðu, að Konráð Júlíusson, skipstjóri m/b Hafnarness, verði að teljast hafa verið fær um að meta á staðnum, hvort um aðstoð eða björgun var að ræða.

Málshöfðun þessi sé óþörf og ástæðulaus, þar sem umráðamanni m/b Hafnarness, Konráði Júlíussyni skipstjóra, hafi verið greiddar kr. 659.000 fyrir að aðstoða m/b Vonina II. til hafnar í Hornafirði. Staðhæfingu stefnanda um, að greiðsla til Konráðs Júlíussonar sé óskuldbindandi fyrir sig, þar sem skipstjóri m/b Hafnarness hafi ekki haft umboð til þess að semja um þóknun fyrir hans hönd eða taka við greiðslum, er vísað á bug sem rangri

og órökstuddri, því ályktа verði skv. siglingalögum, að Konráð hafi verið útgerðarmaður og ábyrgðarmaður m/b Hafnarness, þegar aðstoðin var veitt, og honum hafi þess vegna verið heimilt að semja um þóknun fyrir aðstoðina. Það sé svo annað mál, af hverju hann greiddi ekki stefnanda sinn hluta þóknunarinnar. Stefnandi verði að krefja Konráð um hana, en ekki stefnda, hvers tryggingarfélag hafi greitt aðstoðina.

IV.

Álit dómsins.

Það er ágreiningslaust, að þá er m/b Hafnarnes, RE 300, dró m/b Vonina II., SH 199, til Hafnar í Hornafirði hinn 11. okt. 1977, hafi Vonin II. verið með fulla skrúfu af reknetum og ekki getað hreyft hana. Þá er dráttur hófst, hafi Vonin II. verið stödd um 14 sm SSE af Ingólfshöfða og veður verið E 6 vindstig. Þá er komið var með skipið til Hafnar, var veður E 7—8 vindstig.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að skipverjar á Voninni II. hafi ekki getað losað reknetin úr skrúfu skipsins og skipið því ekki getað komist til hafnar af eigin rammleik. Telst því hjálp sú, sem m/b Hafnarnes veitti Voninni II. björgun í skilningi 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Réttargæslustefndi, sem var vátryggjandi m/b Vonarinnar II., greiddi 23. nóv. 1977 leigutaka og útgerðarmanni m/b Hafnarness, Konráði Júlíussyni skipstjóra, kr. 659.000 fyrir aðstoð við Vonina II. þann 11. okt. 1977. Þegar þau sjónarmið eru virt, sem hafa ber í huga skv. 200. gr. siglingalaga við ákvörðun björgunarlauna, þykir fjárhæð greiðslu þessarar fullnægjandi.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi tilkynnt stefnda eða réttargæslustefnda um efni leigusamningsins á dskj. 5, áður en réttargæslustefndi innti sína greiðslu af hendi, og var stefnandi þó skipverji á m/b Hafnarnesi, þá er björgunin var veitt. Ekki hefur með öðrum hætti verið sýnt fram á, að stefnda eða réttargæslustefnda hafi verið eða hafi mátt vera kunnugt um efni leigusamningsins. Var réttargæslustefnda því rétt að semja um greiðslu og greiða Konráði Júlíussyni fyrir hjálpina, þar sem hann var útgerðarmaður m/b Hafnarnessins, þá er björgunin var veitt.

Niðurstaða málsins verður því sú, að með greiðslu réttargæslustefnda til Konráðs Júlíussonar hafi verið fullnægt greiðsluskyldu stefnda vegna björgunar m/b Hafnarness á m/b Voninni

II., og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla anna formanns dómsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari, meðdómendur voru Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Þorsteinn Gíslason skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Vonin h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorvalds Ottóssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. október 1982.

Nr. 52/1980. **Þorvaldur Ottósson**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Hraðfrystihúsi Stokkseyrar h/f
(Valgarð Briem hrl.).

Skipsleiga. Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1980. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi, Hraðfrystihús Stokkseyrar h/f, verði dæmdur til að greiða sér 21.600.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 10. október 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti svo og að viðurkennt verði, að hann eigi sjóveðrétt í m/b Árna Magnússyni, ÁR 9, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandi hefur tilkynnt Tryggingamiðstöðinni h/f um áfrýjun málsins sem réttargæslustefndum fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að forráðamenn Tryggingamiðstöðvarinnar h/f vissu, að Konráð Júlíusson hefði verið leigutaki m/b Hafnarness, er þeir sömdu við hann um greiðslu fyrir þá hjálp, sem m/b Árna Magnússyni var veitt. Hafði áfrýjandi þá ekkert tilkall gert til bjarglauna samkvæmt 11. gr. leigusamningsins.

Fallast ber á, að Tryggingamiðstöðin h/f sem vátryggjandi m/b Árna Magnússonar hafi mátt semja við Konráð sem leigutaka og útgerðarmann m/b Hafnarness og gera upp við hann laun fyrir þá hjálp, sem m/b Árna Magnússyni var veitt. Þarf eigi, eins og atvikum er háttað, að leysa úr því sérstaklega, hvort hjálpin teljist björgun samkvæmt VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðinn verður 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Ottósson, greiði stefnda, Hraðfrystihúsi Stokkseyrar h/f, 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 16. janúar 1980.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 12. des. sl., höfðaði Þorvaldur Ottósson, Vesturhólum 13, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 10. og 27. okt. 1978, gegn Hraðfrystihúsi Stokkseyrar h/f, Stokkseyri, til greiðslu á kr. 2.166.000 ásamt 13% ársvöxtum frá 10. október 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi

til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Einnig er krafist staðfestingar á sjóveðrétti í m/b Árna Magnússyni, ÁR 9, til tryggingar kröfunni.

Tryggingamiðstöðinni h/f er stefnt til réttargæslu í málinu.

Við munnlegan málflutning voru dómkröfur stefnanda óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu, að öðru leyti en því, að krafist var dómvaxta af stefnukröfu frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfu. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur, og ekki eru gerðar kröfur af hendi réttargæslustefnda.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að með samningi, dags. 7. sept. 1977, dskj. 4, leigði stefnandi Konráði Júlíussyni, Silfurgötu 10, Stykkishólmi, vélbát sinn, Hafnarnes, RE 300, sem er 119 rúmlesta stálbátur. Leigutími hófst 10. sept. 1977 og var til 20. nóv. 1977 eða til loka síldveiða.

Í 11. gr. leigusamningsins er svohljóðandi ákvæði: „Bjargi skipið einhverju á ferð sinni á leigutímanum, skal björgunar- og aðstoðarlaunum þeim, er í hlut skipsins koma, skipt að jöfnu milli leigutaka og leigusala vegna hættu þeirrar, sem skipinu er lagt í (sic)."

Á dskj. 3 er ljósrit úr skipsdagbók, 10. okt. 1977 er eftirfarandi skráð: „Látið reka SE af Ingólfshöfða til kl. 1400 haldið þaðan í 162° út af síldarflotanum, um kl. 19.30 hafði m/b Árni Magnússon ÁR 9 samband og kvaðst vera með spærlingstrollið í skrúfunni og bað um hjálp þar sem hann gæti ekkert keirt (sic.) vegna þess að skrúfan væri föst og kúplingin snuðaði bara. Var keirt (sic.) til hans í Austur 4.6 sm Kafari sendur niður og tókst honum að ná trollinu úr skrúfunni. Veður E—2—3 talsverð undiralda."

Á dskj. 8 er skýrsla, dags. 10. okt. 1977, undirrituð af Henning Frederiksen. Í skýrslunni segir m. a. svo: „Vorum á spærlingsveiðum þegar verið var að taka trollið fengum við grandara í skrúfuna fengin var aðstoð frá Hafnarnesi RE 300 sem klippti vírinn úr skrúfu skipsins þegar keyra átti af stað virkaði skiftingin ekki rétt og verður það kannað þegar komið verður í höfn."

Stefnandi gerði tilkall til björgunarlauna vegna þessa hjá

Tryggingamiðstöðinni h/f, vátryggjanda m/b Árna Magnússonar, en var neitað á þeim grundvelli, að búið væri að greiða leigutaka skipsins, Konráði Júlíussyni, björgunarlaunin.

Dskj. 11 er svohljóðandi kreditnóta til Konráðs Júlíussonar frá réttargæslustefnda: „Þóknun fyrir köfun, þóknun áhafnar og m/b Hafnarness v/aðstoðar við m/b Árna Magnússon ÁR 9 þ. 10/10 kr. 722.500.

Samþ. fyrir hönd kafara, áhafnar og skipsins

Konráð Júlíusson Skuldfært kr. 722.500."

Stefnandi var yfirheyrður vegna máls þessa 14. maí sl. Fram kom hjá honum, að hann hafi verið vélstjóri á m/b Hafnarnesinu 10. okt. 1977 og hafi hann fylgst með því, þegar skipverji af m/b Hafnarnesinu skar troll úr skrúfu m/b Árna Magnússonar. Bátsmaður, Roger að nafni, hafi kafað, og taldi stefnandi, að hann hefði lagt sig í lífshættu við köfunina. Kafarinn hafi fest sig niðri og hafi orðið að losa sig við kafarakútana og hafi hann verið nærri drukknaður við þessa athöfn. Stefnandi hafi lánað kafaranum sína kúta, til þess að hann gæti náð kútum sínum aftur. Kafarinn hafi misst gleraugun, sem notuð séu, og hafi hann getað náð þeim aftur og klárað að gera að skrúfunni. Vír hafi verið í skrúfunni og hafi hann verið klipptur.

Stefnandi hefur sjálfur kafararéttindi, en Fransmaðurinn hafi meira verið við köfun en stefnandi, sem kvaðst hafa verið tilbúinn að fara, ef eitthvað hefði komið upp á.

Stefnandi sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að kafarinn hefði fengið þóknun fyrir köfunina.

Stefnandi hafi talað við skipstjórann um þóknun fyrir aðstoðina, áður en kafað var og meðan verið var að því, ekki hafi orðið niðurstaða í þessum samræðum, nema að þetta væri björgun. Stefnanda minnti, að þeir hefðu verið sammála um, að þetta væri björgun. Stefnandi taldi ekki, að m/b Hafnarnes hafi verið lagt í hættu við þessa björgun. M/b Árni Magnússon hafi ekki verið í hættu staddur að öðru leyti en því, að hann hefði ekki komist hjálparlaust að landi, en ekki verið í yfirvofandi hættu. En hann hefði t. d. getað rekið á land. Báturinn hafi verið eitthvað svona ca 10 mílur SA af Ingólfshöfða. Stefnandi taldi lýsingu af atburðinum í skipsdagbók rétta.

Stefnanda minnti, að hann hefði haft samband við Tryggingamiðstöðina, áður en Konráði Júlíussyni var greitt, og sagt þeim, að hann ætti kröfu í björgunarlaun, og hafi sér verið tjáð, að þetta yrði bara sett inn á reikning hjá honum.

Henning Fredriksen skipstjóri var yfirheyrður vegna máls þessa 14. maí 1979. Hann kannaðist við undirritun sína á dskj. 8 og sagði það rétt, sem í skýrslunni segir.

Skipstjórinn sagði, að starfið hjá kafaranum hafi gengið þannig fyrir sig, að sendur hafi verið lítill bátur frá Hafnarnesinu með froskmann, sem farið hafi niður. Fyrst hafi þetta mistekist hjá froskmanninum, hann hafi orðið að skilja eftir kútinn og annað þess háttar. Hann hafi komið upp og náð í önnur tæki og farið síðan niður og ætlað að skera úr skrúfunni, en hann hafi ekki verið alveg klár á, hvað var vír og hvað var tóg. Þeir á Árna Magnússyni hafi ekki verið klárir á því, hvað mikið var í skrúfunni. Froskmaðurinn hafi svo fengið klippu og farið niður og klippt þetta og eftir allt saman hafi bara verið einn vír, sem var í skrúfunni. Kafarinn hafi farið einar þrjár ferðir niður, hann hafi komið upp og beðið um annan hníf, því honum hafi fundist hann bíta illa í vírinn. Síðan hafi hann fengið klippurnar í hendur. Skipstjórinn taldi, að kafarinn hafi verið óvanur að vinna svona störf, hann hafi farið þannig niður, að hann festi sig í trollinu.

Stillt hafi verið í veðri og bátar allt í kring, þannig að þeir hafi ekki viljað taka neina áhættu, ef það hefði verið meira í skrúfunni heldur en var. Þeir hafi ekki vitað fyrirfram, að það var bara einn vír í skrúfunni. Ef báturinn hefði verið í neyð, þá hefðu þeir hift trollið úr, það hefði ekki verið neinn vandi, þetta hafi verið grannur vír. En svona áhættu taki maður ekki, ef hægt sé að fá það losað úr án þess að stofna skrúfunni í hættu. Eins og eyðileggja trollið, ef það hefði verið meira af því í skrúfunni.

M/b Árni Magnússon hafi verið í vesturkantinum á Breiðamerkurdýpi, það séu svona 18—20 mílur í jökulinn. Fært hafi verið um atburðinn í dagbók skipsins. Brotist hafi verið í bátinn og eyðilögð flest öll skjöl, sem þar voru. Skipstjórinn taldi ekki, að báturinn hafi verið í yfirvofandi hættu.

Gunnar Jón Felixson, aðstoðarforstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar h/f, var yfirheyrður vegna máls þessa 14. maí 1979. Fram kom hjá honum, að stefnandi hefði ekki haft samband við réttargæslustefnda, fyrr en eftir að gert hafði verið upp við Konráð Júlíusson. Aðstoðarforstjórinn kvaðst hafa vitað, að Konráð var leigutaki skipsins, en kvaðst ekki hafa séð neina sérstaka ástæðu til þess að hafa samband við eiganda skipsins. Hann kvaðst hafa starfað þarna í 20 ár og hafi hann í svona tilfellum ekki haft

samband við eiganda skips. Hann kvaðst ekki vita, hvernig það væri, hvort algengt væri í leigusamningum um skip að hafa ákvæði um hlutdeild eiganda í væntanlegum björgunar- eða aðstoðarlaunum. Þóknunin, sem greidd var Konráði, hafi verið byggð á svokölluðum Goðataxta, þ. e. a. s. reiknað sé í prósentum af vátryggingarfjárhæð, og reiknaði aðstoðarforstjórinn með, að þarna hefði verið um væga björgun að ræða. Venja sé, þegar greidd eru björgunarlaun, þá kvitti útgerðarmaður f. h. áhafnar og útgerðar viðkomandi skips.

Konráð Júlíusson, skipstjóri og leigutaki m/b Hafnarness, var yfirheyrður vegna máls þessa 16. nóvember sl. Hann kvaðst hafa verið skipstjóri á m/b Hafnarnesinu haustið 1977 og hafa haft skipið á leigu fyrir franskan aðilja. Hann viðurkenndi undirskrift sína á leigusamningnum á dskj. 4. Athygli Konráðs var vakin á 11. lið leigusamningsins á dskj. 4 og hann spurður um það, hvort hann hafi látið stefnanda fá hluta af þóknuninni. Konráð neitaði því og tók fram, að hann teldi stefnanda ekki eiga hluta af því, þar sem þarna hefði ekki verið um neina hættu að ræða. Enginn af íslensku skipverjunum hafi komið nálægt þessari svokölluðu björgun á m/b Árna Magnússyni. Frakkinn, sem með þeim var, hafi boðist til þess að fara niður og skera úr skrúfunni, hann hafi verið með sinn eigin útbúnað. Kútarnir hjá Frakkanum hafi orðið tómir og hafi hann ekki getað klárað verkið og þarna hafi boðist annar maður. Kafarinn, sem lauk við verkið, hafi verið af einhverjum öðrum báti, sem Konráð kvaðst ekki muna, hver hafi verið. Athygli Konráðs var vakin á dagbókarútdrætti á dskj. 3, en þar stendur, að kafara hafi tekist að ná trollinu úr skrúfunni. Konráð viðurkenndi að hafa skrifað þetta, en kvaðst samt vera á því, að það hefði ekki klárast, en gat ekki gefið skýringu á þessu ósamræmi. Frakkinn hafi sagt, að Konráð mætti hirða það, sem út úr þessu fengist. Björgunarlaunin hafi farið beint til sín. Konráð kvaðst ekki muna, að stefnandi hafi rætt við sig um björgunarlaun. Stefnandi hafi verið 1. vélstjóri á skipinu. Aðrir skipverjar hafi ekki sett fram kröfur vegna þessa.

Konráð taldi, að m/b Árni Magnússon hefði getað komist til hafnar af eigin rammleik, aðeins hafi verið vængendinn af trollinu í skrúfunni hjá honum, en hann hafi síður viljað eyðileggja það og slíta vírana, nema hann þyrfti þess alveg nauðsynlega.

Konráð kvaðst hafa undirritað dskj. nr. 11, sem er kvittun fyrir þóknun fyrir köfun, þóknun áhafnar og m/b Hafnarness

vegna aðstoðar við m/b Árna Magnússon, ÁR 9, þann 10. október 1977, kr. 722.500. Konráð sagði, að þetta hafi ekki átt að standa þarna, því áhöfnin hafi ekki komið nálægt þessu. Rangt sé að skrifa þarna þóknun fyrir áhöfn og Hafnarnes vegna þess, að mannskapurinn hafi ekkert komið nálægt þessu. Frakkinn hafi unnið þetta algerlega á eigin ábyrgð.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að skip hans, m/b Hafnarnes, RE 300, hafi átt þátt í björgun á m/b Árna Magnússyni, ÁR, þann 10. okt. 1977, með því að m/b Árni Magnússon hafi verið hjálparvana með troll í skrúfunni og hafi Hafnarnesið komið því til hjálpar. Kafari frá Hafnarnesinu hafi verið sendur niður og hann getað skorið úr skrúfunni. Þetta teljist björgun og hafi Hæstiréttur staðfest það í líku tilviki (Hrd. XXXV, 536). Stefnandi telur, að hann eigi að fá björgunarlaun fyrir vikið skv. VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963.

Samkvæmt 203. gr. siglingalaga skuli útgerðarmenn fá 2/3 björgunarlauna, ef gufuskip (i. e. vélskip) bjargar, en afganginum skipt milli skipstjóra og skipshafnar. Nú sé yfirleitt gert ráð fyrir því, að útgerðarmaður sé eigandi skips, og megi lesa það út úr siglingalögunum. Ef útgerðarmaðurinn sé annar en eigandi skipsins, verði hann að sýna viðsemjendum sínum, að hann hafi öðlast þann rétt með samningi, sem siglingalögin leggi útgerðarmanni til handa. Í leigusamningi milli stefnanda og Konráðs Júlíussonar hafi verið svo kveðið á, að skipta ætti björgunar- og aðstoðarlaunum þeim, er í hlut skipsins ættu að koma, að jöfnu milli leigutaka og leigusala vegna hættu þeirrar, er skipið er lagt í. Samkvæmt þessu eigi stefnandi tilkall til 1/3 hluta af öllum björgunarlaunum og hafi það verið á ábyrgð vátryggjandans, er hann greiddi skipstjóranum á m/b Hafnarnesi, RE 300, björgunarlaun án þess að ganga úr skugga um heimild hans.

Það sé ljóst, að sá aðili, sem skuli hljóta 1/3 hluta björgunarlauna, hafi fulla samningsaðild um þau, en fram hjá honum virðist hafa verið gengið.

Stefnandi verði því að líta svo á, að móttaka Konráðs Júlíussonar á björgunarlaununum úr hendi vátryggjanda sé honum óviðkomandi og óskuldbindandi fyrir hann, því auk framangreinds hafi Konráð hvorki haft sérstakt umboð né stöðuumboð til gerningsins f. h. stefnanda.

Stefnukröfur eru miðaðar við, að björgunarlaun verði nálægt

10% af vátryggingarverðmæti m/b Árna Magnússonar í okt. 1977, sem hafi verið kr. 65.000.000. Samkvæmt samningi hafi stefnandi átt að fá 1/2 af 2/3, þ. e. 1/3 björgunarlauna, og séu stefnukröfurnar 1/3 af kr. 6.500.000, eða kr. 2.166.000.

Af hálfu stefnda eru kröfur rökstuddar með því, að vart verði um það deilt, að Konráð Júlíusson hafi verið útgerðarmaður m/b Hafnarness þann 10. okt. 1977 og því beri honum hlutur útgerðarmanns samkvæmt 203. gr. siglingalaga, ef um björgun eða aðstoð sé að ræða. Tryggingarfélagið hafi haft fulla vissu um það, að Konráð Júlíusson hafði Hafnarnesið á leigu á þessum tíma, og hafi því ekki getað vefengt rétt hans sem útgerðarmanns m/b Hafnarness til þóknunar fyrir veitta aðstoð við Árna Magnússon í umrætt sinn.

Leigusamningurinn á dskj. 4 sé alfarið á milli leigusala og leigutaka og kröfur byggðar á honum hljóti að eiga að beinast gegn leigutaka, en ekki öðrum. Enda ætti að vera auðvelt fyrir leigusala og leigutaka að gera svona mál upp við endanlegt uppgjör sín á milli að leigutíma loknum og telja verði líklegt, að það hafi verið tilgangur þessa ákvæðis í leigusamningnum.

Greiðsla þóknunarinnar hafi farið fram 7. des. 1977, eða ca 2 mánuðum eftir atburðinn og 17 dögum eftir að leigutíma lauk skv. samningnum á dskj. 4, en samt hafi stefnandi ekkert látið í sér heyra hjá Tryggingamiðstöðinni h/f eða útgerð Árna Magnússonar, ÁR 9, sem þó hefði verið auðvelt fyrir hann, ef hann hefði talið sig eiga kröfu á þá aðilja vegna hjálparinnar, því honum hljóti að hafa verið ljóst, að leigutaki mundi fljótlega snúa sér til fyrrgreindra aðilja með kröfur vegna hjálparinnar.

Verði sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina, er stefnukröfu mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við prósentu þá, er dæmd hafi verið í Hæstarétti í svipuðum málum, sbr. t. d. Hrd. 1967, bls. 611, og á það bent, að hætta sú, er m/b Hafnarnes var lagt í í umrætt sinn, hafi verið nánast engin, veður hafi verið gott og skipin á svipuðum slóðum, er óhappið kom fyrir, og öll fyrirhöfn því í lágmarki.

IV.

Álit dómsins.

Samkvæmt framburði stefnanda mun m/b Árni Magnússon, ÁR 9, hafa verið staddur SA af Ingólfshöfða, svona ca 10 mílur frá landi, þá er spærlingstrollið festist í skrúfu skipsins og haft var samband við skipstjóra m/b Hafnarness, RE 300, og beðið

um hjálp um kl. 1930 10. okt. 1977. Samkvæmt dagbók m/b Hafnarness var veður E 2—3 og talsverð undiralda.

Þegar til þess er litið, í hvaða fjarlægð m/b Árni Magnússon var frá landi, og svo þess, að veður var ekki slæmt, þá verður ekki talið, að m/b Árni Magnússon hafi verið í hættu staddur. Enda telja hinir sérfróðu meðdómendur, að skipshöfn m/b Árna Magnússonar hefði, ef nauðsyn hefði krafið, getað híft og slitið trollið úr skrúfu skipsins. Þykir því rétt að telja hjálp þá, sem m/b Árna Magnússyni var veitt, aðstoð, en ekki björgun í skilningi 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Réttargæslustefndi, sem var vátryggjandi m/b Árna Magnússonar, greiddi 7. des. 1977 leigutaka og útgerðarmanni m/b Hafnarness, Konráði Júlíussyni skipstjóra, kr. 722.500 fyrir aðstoðina. Telja verður fjárhæð greiðslu þessarar fullnægjandi fyrir þá aðstoð, sem veitt var.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi tilkynnt stefnda eða réttargæslustefnda um efni leigusamningsins á dskj. 4, áður en réttargæslustefndi innti sína greiðslu af hendi, og var stefnandi þó skipverji á m/b Hafnarnesi, þá er björgunin var veitt. Ekki hefur með öðrum hætti verið sýnt fram á, að stefnda eða réttargæslustefnda hafi verið eða hafi mátt vera kunnugt um efni leigusamningsins. Var réttargæslustefnda því rétt að semja um greiðslu og greiða Konráði Júlíussyni fyrir hjálpina, þar sem hann var útgerðarmaður m/b Hafnarnessins, þá er aðstoðin var veitt.

Niðurstaða málsins er sú, að með greiðslu réttargæslustefnda til Konrráðs Júlíussonar hafi verið fullnægt greiðsluskyldu stefnda vegna aðstoðar m/b Hafnarness við m/b Árna Magnússon, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla anna formanns dómsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari, meðdómendur voru Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Þorsteinn Gíslason skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystihús Stokkseyrar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorvalds Ottóssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 8. október 1982.

Nr. 249/1981. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Gunnari Friðjónssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. nóvember 1981, og er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 10. mars 1982.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu, en refsing ákærða verði þyngd. Er því horfið frá þeirri kröfu, að atferli ákærða verði fært til 247. eða 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verjandi krefst þess, að refsing verði dæmd svo væg sem lög frekast leyfa og verði hún skilorðsbundin.

María Guðbjörg Eyjólfsdóttir lýsti því fyrir rannsóknarlögreglu 6. maí 1981, að hún hefði eigi ritað nafn sitt undir umboð 4. júní 1980.

Þórarinn Gunnarsson, sonur ákærða, skýrði frá því fyrir rannsóknarlögreglu 15. maí 1981, að hann hefði ekki ritað nafn sitt á veðleyfi það, er greinir í 3. lið ákæruskjals.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu ræddu nafngreindir lögreglumenn við Steinunni Eyjólfsdóttur, eiganda fjárverðmæta þeirra, er um getur í 1. lið ákæruskjals. Kvaðst hún að sögn þeirra ekki hafa leyft ákærða að færa sér í nyt þá fjármuni, sem hann tók út hjá málflutningsskrifstofu þeirri, er geymdi verðmætin.

Samkvæmt læknisvottorði, er fram hefur verið lagt í málinu, getur Ingiveig Eyjólfsdóttir eigi gefið skýrslu vegna heilsuhaga sinna.

María Bergmann, sem sérfróð er um skriftargreiningu og skjalarannsókn, hefur borið saman rithandarsýni Maríu Guðbjargar Eyjólfsdóttur og Ingiveigar Eyjólfsdóttur við ritun nafna þeirra á umboði 4. júní 1980. Er það niðurstaða hennar, að nafnritun Maríu Guðbjargar á umboðinu stafi ekki frá henni svo og að margt sé ólíkt með rithandarsýni Ingiveigar og ritun á nafni hennar á umboðinu. Þá segir, að nöfn þeirra Maríu Guðbjargar og Ingiveigar á umboðinu séu rituð af sama manninum. Ekki nýtur við í málinu hliðstæðrar rannsóknar á veðleyfi 12. mars 1981, sem er ákæruefni í 3. lið ákæruskjals.

Þau María Guðbjörg, Steinunn og Þórarinn hafa eigi staðfest skýrslur sínar fyrir dómi.

Ákærði tók við sparisjóðsbók og veðskuldabréfi frá framangreindri málflutningsskrifstofu hinn 6. júní 1980.

Játning ákærða um fölsun umboðs 4. júní 1980 fær stoð í skýrslum Maríu Guðbjargar Eyjólfsdóttur og í álitsgerð Maríu Bergmann. Einnig verður að telja sannað með játningu ákærða og vætti Þórarins Gunnarssonar, að ákærði hafi falsað nafnritanir á veðleyfi 12. mars 1981, svo sem í héraðsdómi getur. Er atferli ákærða réttilega fært til 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga í héraðsdómi.

Svo sem greinir í héraðsdómi, hefur ákærði með atferli sínu, sem hér er dæmt um, rofið skilorð dóms sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1977. Ber að dæma refsingu fyrir atferli það, sem sá dómur lýtur að, og svo háttsemi þá, sem ákærði er nú dæmdur fyrir, í einu lagi með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 22/1955, 7. gr.

Atvik að skjalafölsun þeirri, sem ákærði er sakfelldur fyrir í þessum dómi, eru sérstæð. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið. Að auki sæti ákærði 6 mánaða fangelsi, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta, og falli hún niður að liðnum 3 árum frá upp-

sögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 5.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Friðjónsson, sæti 3 mánaða fangelsi. Þá sæti hann enn fremur 6 mánaða fangelsi, en fullnustu þeirrar refsingar skal frestað, og falli hún niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 5.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 3. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 490/1981: Ákæruvaldið gegn Gunnari Friðjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 23. f. m., gegn Gunnari Friðjónssyni sjómanni, Karlagötu 11, Reykjavík, fæddum 11. júní 1937 í Reykjavík, „fyrir fjárdrátt og skjalafals með eftirgreindum hætti:

1. Þann 4. júní 1980 falsað nafnritun Maríu Guðbjargar Eyjólfsdóttur, dveljandi að vistheimilinu að Kumbaravogi á Stokks-

eyri, undir umboð, þar sem ákærða var veitt heimild til að taka við fjárverðmætum, sem systir Maríu Guðbjargar, Steinunn Eyjólfsdóttir, einnig vistkona að Kumbaravogi, átti í fórum málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar hæstaréttarlögmanna, Aðalstræti 6, Reykjavík, þar sem ákærði þann sama dag framvísaði umboðinu og fékk í hendur sparisjóðsbók nr. 151056 við Landsbanka Íslands, aðalbankann, með gkr. 4.436.949.- innstæðu, og veðskuldabréf, útgefið 30. nóvember 1978 af Kristjönu Axelsdóttur, tryggt í fasteigninni nr. 21 við Kvisthaga í Reykjavík, upphaflega að fjárhæð gkr. 1.200.000.-, en að eftirstöðvum við afhendingu gkr. 800.000.-.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Þá er ákærða gefið að sök að hafa í framhaldi af háttsemi þeirri, sem rakin er í 1. lið hér að framan, tekið heimildarlaust út úr greindri sparisjóðsbók og tekið við greiðslum af skuldabréfinu og hagnýtt í eigin þarfir, svo sem hér verður rakið.

Úr sparisjóðsbók nr. 151056:

Dagsetning úttektar.	*Úttekin fjárhæð.*
6. júní 1980	Kr. 1.300.000.-
10. júní 1980	— 300.000.-
4. júlí 1980	— 600.000.-
7. júlí 1980	— 200.000.-
25. júlí 1980	— 150.000.-
1. ágúst 1980	— 350.000.-
11. ágúst 1980	— 30.000.-
16. september 1980	— 900.000.-
26. september 1980	— 400.000.-
7. október 1980	— 200.000.-
4. mars 1981	Nýkr. 8.000.-

Af veðskuldabréfinu:

9. janúar 1981	Nýkr. 3.158.40

Háttsemi ákærða, sem rakin er í 2. lið hér að framan, telst aallega varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 248. gr. sömu laga.

3. Loks er ákærða gefið að sök að hafa falsað nafn tengdamóður sinnar, Ingiveigar Eyjólfsdóttur, Karlagötu 11, Reykjavík, undir veðleyfi, dagsett 12. mars 1981, þar sem nefnd Ingiveig er sögð heimila Eddu Þórarinsdóttur, eiginkonu ákærða, að veð-

setja húseignina Karlagötu 11 fyrir væntanlegu handhafaskuldabréfaláni allt að kr. 120.000.-, jafnframt falsaði ákærði nafn sonar síns, Þórarins Friðjónssonar, nnr. 9408—8550, sem vitundarvotts á veðleyfið. Veðleyfið ásamt veðskuldabréfum samtals að fjárhæð kr. 120.000.- var svo afhent til þinglýsingar þann 25. mars 1981.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði hefur játað, að ákæruefnið sé rétt.

Ákærða var kunnugt um, að í vörslum málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar hæstaréttarlögmanna voru sparisjóðsbók og veðskuldabréf, eign Steinunnar Eyjólfsdóttur, fæddrar 1894, vistmanns að Kumbaravogi við Stokkseyri. Verðmætum þessum hafði skrifstofan tekið við í sambandi við sölu á íbúð fyrir Steinunni. Systir Steinunnar, María, fædd 1900, einnig til heimilis að Kumbaravogi, hafði annast viðskipti þessi við skrifstofuna fyrir hönd Steinunnar. Ákærði er kvæntur kjördóttur Ingiveigar, systur þeirra Maríu og Steinunnar.

Vorið 1980 sneri ákærði sér til málflutningsskrifstofunnar og skýrði svo frá, að Steinunn hefði beðið sig að taka við verðmætum þeim, sem hún ætti þar geymd. Ákærði átti í fjárhagserfiðleikum, og vakti það fyrir honum að nota verðmætin í eigin þarfir. Honum var bent á, að hann yrði að fá umboð Maríu Eyjólfsdóttur til þess að fá gögnin afhent. Næsta dag kom ákærði til Guðmundar Péturssonar og afhenti honum svohljóðandi umboð:

„Reykjavík 4. júní 1980.

Vinsamlegast afhendið Gunnari Friðjónssyni, Karlagötu 11, fyrir hönd Steinunnar Eyjólfsdóttur, Karlagötu 11, allt hennar uppgjör vegna sölu á íbúð Steinunnar að Kvisthaga 21.

Virðingarfyllst.
fyrir hönd Steinunnar Eyjólfsdóttur
María Guðbj. Eyjólfsdóttir

Vottur:
Ingiveig Eyjólfsdóttir"

Er það sannað með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögnum, að umboð þetta ritaði hann að öllu leyti sjálfur án vitundar þeirra Maríu og Ingiveigar, og falsaði hann nöfn þeirra. Við ritun nafna Maríu líkti hann eftir rithönd hennar og hefur tekist

það svo vel, að hann blekkti viðtakanda umboðsins, en skjöl með rithendi Maríu voru í vörslum málflutningsskrifstofunnar. Fékk ákærði bæði sparisjóðsbókina og skuldabréfið í sínar vörslur.

Ákærði tók síðan út úr sparisjóðsbókinni 1.300.000 krónur hinn 6. júní og síðan tók hann út 9 sinnum úr bókinni á árinu 1980 og loks 4. mars sl., er hann tók út 8.000 krónur. Úttektum þessum er rétt lýst í 2. kafla ákæru. Fjárhæð sú, sem ákærði tók þannig út, nemur samtals 52.300.00 nýkrónum. Fé þessu hefur ákærði varið með ýmsum hætti í eigin þarfir.

Þá er fram komið, að veðskuldabréfið fól ákærði Búnaðarbanka Íslands til innheimtu, og innheimtist ein afborgun af því, er nam að viðbættum vöxtum og dráttarvöxtum, en að frádregnum bankakostnaði, 3.184.40 nýkrónum. Var fjárhæð þessi lögð inn á sparisjóðsbók ákærða, sem hefur síðan notað féð í eigin þarfir.

Í mars sl. falsaði ákærði nafn tengdamóður sinnar undir svohljóðandi veðleyfi:

„Ég undirrituð, Ingiveig Eyjólfsdóttir, Karlagötu 11, Reykjavík, nafnnr. 4710—6311, veiti hér með Eddu Þórarinsdóttur, Karlagötu 11, Reykjavík, nafnnr. 1677—1894, leyfi til að veðsetja fasteign mína að Karlagötu 11, Reykjavík, fyrir væntanlegu handhafaskuldabréfaláni allt að kr. 120.000.000 (sic) — eitthundraðogtuttuguþúsund —. Eignina má hún veðsetja með þeim veðrétti, sem núverandi eigendur áhvílandi skulda á eigninni heimila.

Veðleyfi þetta er undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 12. mars 1981."

Ákærði ritaði nafn sitt sem vitundarvotts undir veðleyfið, en falsaði að auki nafn sonar síns, Þórarins Friðjónssonar, sem vitundarvotts.

Ákærði og kona hans gáfu síðan út sex veðskuldabréf, hvert að fjárhæð 20.000 kr., tryggð með veði í íbúð Ingiveigar. Skuldabréf þessi seldi ákærði síðan með aðstoð Brynjólfs Eyvindssonar lögfræðings, fulltrúa Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og notaði peningana til greiðslu skulda.

Um þetta tiltæki sitt segir ákærði, að hann hafi áður fengið að veðsetja íbúð tengdamóður sinnar til tryggingar skulda sinna. Svo hafi verið komið, að skuld hafi verið fallin í gjalddaga og að því komið, að íbúðin yrði seld til lúkningar hennar. Heilsu Ingiveigar hafi verið þannig háttað, að hún hafi sjálf ekki verið fær um að taka ákvarðanir eða ráða persónulegum högum sín-

um. Kveðst ákærði því hafa gripið til þess ráðs að falsa nafn hennar. Hann segir, að Brynjólfur Eyvindsson hafi útbúið veðleyfið og skuldabréfin og séð um sölu á þeim. Brynjólfur hafi ekki vitað annað en að undirskrift veðleyfisins væri ófölsuð.

Samkvæmt skýrslu lögfræðiskrifstofu Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns voru bréfin seld á verðbréfamarkaði fyrir 82.320 krónur, og var fjárhæðin öll að frádreginni þóknun og þinglýsingarkostnaði notuð til greiðslu skulda.

Fjárkröfur hafa ekki verið gerðar á hendur ákærða í máli þessu. Hefur ákærði samið við þær Maríu og Steinunni og þær gera Guðmund Pétursson hæstaréttarlögmann ekki bótaábyrgan fyrir verðmætum þeim, sem afhent voru samkvæmt hinu falsaða umboði.

Með því að nota í viðskiptum við Guðmund Pétursson hæstaréttarlögmann umboð með falsaðri nafnritun Maríu Guðbjargar Eyjólfsdóttur hefur ákærði gerst brotlegur við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga. Sama ákvæði hefur hann brotið með því að láta þinglýsa veðleyfi, sem hann hafði falsað undir nafn Ingiveigar Eyjólfsdóttur svo og nafn Þórarins Friðjónssonar.

Með notkun áðurnefnds umboðs aflaði ákærði sér sparisjóðsbókar og veðskuldabréfs Steinunnar Eyjólfsdóttur. Það athæfi ákærða að taka peninga út úr bókinni og innheimta afborgun af bréfinu og nota féð í eigin þarfir felur ekki í sér sjálfstætt brot, heldur tæmir 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga sök.

Ákærði var 23. febrúar 1968 dæmdur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 248. og 261. gr. alm. hegningarlaga. Skilorð dómsins hefur hann staðist. Þá var hann 11. nóv. 1977 dæmdur í 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, og var refsing skilorðsbundin til 5 ára. Hann hefur nú rofið skilorðið og verður skv. 60. gr. alm. hegningarlaga dæmdur í einu lagi í refsingu fyrir öll brotin. Refsingin verður með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal 1.800.00 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Friðjónsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 1.800.00 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 8. október 1982.

Nr. 33/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Einari Ólafi Péturssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Páll Björnsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu er áfrýjað að ósk ákærða, en einnig til þyngingar refsingar af hálfu ákæruvalds. Ágrip barst Hæstarétti 14. maí sl.

Fyrir Hæstarétti hefur verið lýst yfir því af hálfu ákæruvalds, að horfið sé frá tilvitnunum í ákæru til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1968.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að því er varðar brot ákærða gegn 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 41. gr. laga nr. 40/1968.

Gegn neitun ákærða þykir ósannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur X 4307, og ber að sýkna hann af ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968.

Refsing ákærða er samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Ákærði sættist 14. september 1976 á greiðslu sektar og missi ökuleyfis fyrir brot gegn 25. gr. laga nr. 40/1968 og 24. gr. laga nr. 82/1969. Er nú um ítrekað brot að ræða, og ber samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 að staðfesta

ákvæði héraðsdóms um, að ákærði skuli vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Ólafur Pétursson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnessýslu 11. júlí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 4. júlí 1980, á hendur Einari Ólafi Péturssyni bifreiðarstjóra, Eyjahrauni 42 í Þorlákshöfn, fæddum 7. júlí 1940 á Djúpavogi, „fyrir að aka mánudaginn 12. maí 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni X 4307 frá Þorlákshöfn til Hveragerðis og að neyta áfengis við akstur bifreiðarinnar í Hveragerði og að aka í beinu framhaldi af því um götur þorpsins, uns árekstur varð við bifreiðina R 62612 á Heiðmörk, og að aka af vettvangi, án þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna slyssins, að Dynskógum 32 þar í þorpinu.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 25. gr., 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Mánudaginn 12. maí 1980, kl. 2325, hringdi Guðbrandur Sigurðsson Heiðarbrún 25, Hveragerði, á lögreglustöðina á Selfossi og tilkynnti um árekstur á Heiðmörk í Hveragerði.

Lögregluþjónar frá Selfossi fóru á staðinn og hittu þar fyrir vitnið Guðbrand Sigurðsson, og sagði hann, að árekstur hefði orðið með bifreið R 62612, sem hann hafði ekið austur Heiðmörk, og rauðri Opel bifreið, X 4307, sem ekið hafði verið vestur Heiðmörkina.

Vitnið Guðbrandur Sigurðsson skýrði nánar frá málsatvikum á þá leið, að hann hafi ekið austur Heiðmörk og verið á hægri vegarhelmingi, en þá hafi hann séð koma á móti sér rauða Opel bifreið, sem hafi verið ekið ógætilega, og þegar bifreiðarnar voru að mætast, hafi Opel bifreiðin lent utan í vinstri afturhurð og aurbretti bifreiðar sinnar með þeim afleiðingum, að minni háttar skemmdir urðu á bifreið vitnisins aftarlega á vinstri hlið.

Vitnið Guðbrandur Sigurðsson skýrði svo frá, að það hafi þekkt ökumann Opel bifreiðarinnar sem ákærða í máli þessu og hafi hann verið blindfullur og með vínflösku í klofinu. Vitnið kvaðst hafa rætt við ákærða um, að hann borgaði tjónið, sem varð á bifreið vitnisins, til þess að mál þetta væri úr sögunni, en vitnið sagði, að ákærði hefði ekki verið til viðtals um þetta og verið hortugur og rifið kjaft og ekið síðan á brott, en vitnið kvaðst þá hafa farið í síma og hringt á lögregluna og þá hafi það misst sjónar af Opel bifreiðinni, og vissi það ekki, hvert ákærði hefði ekið.

Bifreiðarinnar X 4307 var leitað víðs vegar um Hveragerði og Þorlákshöfn án árangurs, og tókst lögreglunni ekki að ná tali af ákærða fyrr en kl. 1608 daginn eftir þann 13. maí 1980, en þá var ákærði yfirheyrður um mál þetta.

Í skýrslu sinni fyrir lögreglunni þann 13. maí 1980 sagði ákærði, að hann hefði farið að heiman frá sér í Þorlákshöfn um kl. 2300 daginn áður þann 12. maí 1980, og kvaðst ákærði hafa farið til Hveragerðis, þar sem hann ætlaði að gera við bifreiðina í bílskúr Guðmundar Wiium að Dynskógum 32 þar í þorpinu.

Ákærði kvaðst hafa lent í árekstri á leið sinni að Dynskógum 32 í Hveragerði, en hann kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvar áreksturinn varð. Ákærði sagði, að þarna hafi verið um smávægilegan árekstur að ræða, og kvaðst hann hafa farið út úr bifreið sinni til þess að skoða skemmdir á henni, en þær voru smávægi-

legar, og sagði ákærði, að bifreið mótaðilja hans hefði rispast á hlið.

Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt mótaðilja sinn, en hann hafi sagt, að ákærði væri fullur. Ákærði kvaðst hafa farið strax af árekstursstaðnum að Dynskógum 32, þar sem hann hafi látið bifreið sína í bílskúrinn, eins og hann hafi ætlað sér, en síðan hafi hann þegið kaffi hjá Guðmundi Wiium í Dynskógum 32 og farið þaðan laust eftir miðnætti og þá hafi hann farið niður á Suðurlandsveg, þar sem hann hafi komist í fólksbifreið, sem kom austan Suðurlandsveg og var á leið til Þorlákshafnar. Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt þá, sem voru í þessari bifreið, en hann kvaðst hafa farið úr bifreiðinni við Sambyggð í Þorlákshöfn.

Ákærði neitaði því að hafa verið undir áfengisáhrifum, þegar áreksturinn átti sér stað, og kvaðst ákærði þá alls ekki hafa verið búinn að bragða neitt áfengi, en hins vegar kvaðst ákærði hafa fengið sér eitt glas af blönduðu brennivíni, eftir að hann kom heim til sín í Þorlákshöfn um nóttina.

Þar sem framburður ákærða þótti ekki trúverðugur, var hann settur í gæslu að Litla-Hrauni, á meðan vitni voru yfirheyrð um mál þetta.

Miðvikudaginn 14. maí, kl. 1110, var ákærði tekinn til yfirheyrslu vegna máls þessa, og var hann þá spurður um áfengisneyslu sína heima hjá Guðmundi Wiium að Dynskógum 32 í Hveragerði að kvöldi 12. maí 1980, og sagði hann, að þar hefði ekki verið haft neitt vín um hönd og sjálfur hafi hann ekki verið með vín og það hafi ekki verið nefnt í samtali þeirra Guðmundar.

Sama dag, kl. 1515, var ákærði enn tekinn til yfirheyrslu. Ákærði lýsti því þá yfir, að hann ætlaði sér nú að segja alveg rétt frá því, sem gerðist að kvöldi 12. maí 1980.

Ákærði kvaðst hafa farið að heiman frá sér í Þorlákshöfn á milli kl. 2100—2200 um kvöldið, og kvaðst hann hafa ætlað að heimsækja kunningja sinn, Sigurð Guðmundsson, sem æki hjá Kristjáni Jónssyni í Hveragerði og búi við Heiðmörk þar í þorpinu. Ákærði kvaðst hafa verið með hálfa flösku af brennivíni hjá sér í bifreiðinni og eftir að hann hafi komið í Hveragerði hafi hann sopið einu sinni eða tvisvar á flöskunni, en hann hafi ekkert fundið á sér af þessu.

Þá sagði ákærði, að þegar áreksturinn hafi orðið, þá hafi hann orðið hræddur við að láta lögregluna komast í málið, af því að

hann var búinn að bragða áfengi og vissi, að áfengislykt mundi vera af sér, og hafi sér þá komið til hugar að fara heim til svila síns, Guðmundar Wiium Stefánssonar, en þar hafi hann fengið að láta bifreiðina inn og eftir það hafi hann farið og fengið sér kaffi hjá Guðmundi. Ákærði sagði, að hann hafi farið inn til Guðmundar með brennivínsflöskuna og þar hafi hann drukkið af henni, en Guðmundur hafi ekki viljað þiggja af sér vín. Ákærði sagði, að Guðmundur hafi boðið sér að vera um nóttina eða hann æki ákærða heim til sín, en ákærði kvaðst hvorugt hafa þegið, en farið gangandi frá Guðmundi að verkstæði Kristjáns Jónssonar, en síðan hafi hann gengið þaðan til Sigurðar Guðmundssonar, sem hafi ekið honum heim til hans í Þorlákshöfn.

Ákærði kom hér fyrir dóminn 17. ágúst sl., og neitaði hann þá að hafa framið þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæruskjali, en kvaðst hinn 12. maí 1980 hafa ekið bifreiðinni X 4307 að bifreiðageymslu Kristjáns Jónssonar í Hveragerði, og kvaðst hann hafa stöðvað bifreiðina þar og farið inn í bifreiðageymsluna til þess að gæta að því, hvort einhver væri þar, en þar var þá enginn. Ákærði kvaðst skömmu síðar hafa farið út í bifreiðina og fengið sér einn eða tvo sopa af óblönduðu brennivíni, sem hann hafi haft meðferðis. Síðan kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni inn í þorpið og ætlað að hitta Sigurð Guðmundsson bifreiðarstjóra, en þar sem ákærði sá ekki ljós í gluggum heima hjá Sigurði, þá ók hann áfram, þar til hann mætti bifreiðinni R 62612 á Heiðmörk, og varð þar árekstur með bifreiðunum, en ákærði kvaðst ekki telja, að hann ætti sök á þeim árekstri og hefði bifreið sín verið nær kyrrstæð, þegar áreksturinn varð.

Ákærði kvaðst hafa tekið mótaðilja sinn í árekstrinum tali og hafi mótaðilinn viljað kalla á lögregluna, en það hafi ákærði ekki viljað, vegna þess að hann taldi sig vera í rétti og auk þess hafi ökumaður R 62612 séð brennivínsflöskuna milli sæta í bifreið ákærða, og taldi ákærði því, að ökumaður R 62612 grunaði sig um ölvun við akstur, en auk þess var ákærði smeykur um, að lögreglan mundi finna af sér áfengisþef. Ákærði kvaðst því hafa farið af staðnum að Dynskógum 32 til Guðmundar Wiium og þar hefðu þeir spjallað saman og ákærði drukkið þar brennivínið, sem hann kom með.

Ákærði hélt fast við þennan framburð sinn, þegar hann mætti hér fyrir dóminum 27. mars sl., en þá var hann spurður nánar um áfengisneyslu sína hjá Guðmudi Wiium þann 12. maí 1980, og kvaðst ákærði hafa komið til Guðmundar með hálfa flösku

af brennivíni og hefðu þeir Guðmundur drukkið það sameiginlega, en Guðmundur hafi átt einhverja lögg af áfengi, sem ákærði kvaðst ekki vita, hverrar tegundar hafi verið, en ákærði kvaðst hafa drukkið eitt eða tvö glös af víni Guðmundar.

Ítrekað aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa kallað á lögregluna, þegar áreksturinn varð á Heiðmörk hinn 12. maí 1980, vegna þess að hann hafi óttast, að lögreglan fyndi af sér áfengislykt og mundi gruna hann um ölvun við akstur, en ákærði vísaði til fyrri yfirlýsinga sinna hér fyrir dóminum um áfengisneyslu, að hann hafi drukkið einn eða tvo litla sopa af óblönduðu víni fyrir utan bifreiðageymslu Kristjáns Jónssonar í Hveragerði, skömmu áður en áreksturinn varð 12. maí 1980, og kvaðst ákærði aðspurður ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Vitnið Guðbrandur Sigurðsson var yfirheyrður um mál þetta fyrir lögreglunni þann 13. maí 1980.

Vitnið kvaðst laust eftir kl. 2300 kvöldið áður hafa ekið bifreið sinni, R 62612, austur Heiðmörk í Hveragerði og þá hafi það tekið eftir bifreið, sem kom á móti vitninu, og var sú bifreið að sögn vitnisins mjög yfir á götuhelmingi vitnisins, og kvaðst vitnið hafa talið hættu á árekstri með bifreiðunum og því hafi það ekið fast upp að steypta kantinum, sem hafi verið á hægri hönd vitnisins, og kvaðst vitnið hafa stöðvað þar bifreið sína, en rétt á eftir hafi bifreiðin, sem á móti kom, snert vinstri afturhurð og vinstra afturbretti framan við hjól bifreiðar vitnisins. Vitnið sagði, að bifreið mótaðilja síns í árekstrinum hafi verið stöðvuð, og kvaðst vitnið þá hafa farið út úr bifreið sinni og þekkt ökumann hinnar bifreiðarinnar sem ákærða í máli þessu. Vitnið sagði, að þegar það kom að bifreið ákærða, hafi það sest í framsæti hjá ákærða og ætlað að ræða við hann og þá strax séð, að hann var mjög ölvaður og var með brennivínsflösku í sætinu milli læra sinna. Vitnið sagði, að ákærði hafi ekið þá strax af stað og ekið hring um næstu götur og síðan aftur að bifreið vitnisins. Vitnið sagði, að það hafi ætlað að bjóða ákærða að borga tjónið á bifreið sinni upp á það, að vitnið kærði ekki ákærða, en ákærði hafi ekki verið viðmælandi og ekki viljað sættast á málið, og kvaðst vitnið hafa farið úr bifreið ákærða hjá bifreið sinni, en ákærði hafi ekið í burtu, og kvaðst vitnið ekki hafa fylgst með, hvert ákærði fór, en vitnið kvaðst hafa farið og hringt á lögregluna og tilkynnt um áreksturinn.

Vitnið kom hér fyrir dóminn 19. febr. sl., og skýrði vitnið þá frá málsatvikum, eins og það hafði áður gert fyrir lögreglu. Vitn-

ið sagði, að eftir árekstur inn hefði það séð, að ákærði var áberandi ölvaður undir stýri bifreiðar sinnar, og af honum hafi lagt sterkan áfengisþef og ákærði hafi haft græna brennivínsflösku á milli læranna og þegar vitnið hafi farið að ræða við ákærða þarna í bifreið ákærða á árekstursstaðnum, þá hafi ákærði verið þvöglumæltur, og þegar vitnið bauð ákærða að greiða tjónið, sem orðið hafi á bifreið vitnisins, þá hafi ákærði rekið vitnið út úr bifreiðinni og ekið af staðnum. Vitnið kvaðst ekki vera í minnsta vafa um, að ákærði hafi verið fullur. Vitnið sagði, að þegar það sat í bifreið ákærða, hefði Björgvin Ásgeirsson komið þarna að á bifreið og stöðvað hjá þeim ákærða og þá hafi ákærði rétt Björgvini brennivínsflöskuna og boðið honum snafs. Vitnið kvaðst vilja hafa fyrirvara á þeirri fullyrðingu sinni í skýrslu fyrir lögreglu 13. maí 1980, að það telji tvímælalaust, að Björgvin Ásgeirsson hafi séð, í hvaða ástandi ákærði var þarna á árekstursstaðnum, en bæði hafi verið myrkur og rigning, þegar þetta gerðist.

Vitnið Björgvin Ásgeirsson, Heiðmörk 44, Hveragerði, gaf skýrslu um mál þetta þann 13. maí 1980.

Vitnið skýrði svo frá, að það hafi kvöldið áður verið á ferð um Heiðmörk í Hveragerði á bifreið og hefði það þá komið að bifreiðum þarna á götunni og hafi þá vitnið Guðbrandur Sigurðsson verið að fara inn í bifreið, sem ákærði hafi ekið.

Vitnið kvaðst hafa skrúfað niður rúðuna á bifreið sinni og vitnið Guðbrandur kallað til sín og beðið sig um að bíða, en vitnið kvaðst hafa sagt, að það mætti ekki vera að því. Vitnið sagði, að ákærði hafi þá kallað til sín og spurt, hvort vitnið þekkti þennan mann, og sagðist vitnið hafa sagt, að svo væri, en fleira hafi þeim ekki farið á milli, og kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir því, að ákærði væri ölvaður.

Vitnið kom hér fyrir dóminn þann 6. febr. sl., og skýrði vitnið þá efnislega eins frá og það hafði gert fyrir lögreglunni, og aðspurt sagði vitnið, að ákærði hafi ekki boðið sér vín, og vitnið tók fram, að það hafi ekki gert sér grein fyrir því, að þarna hafði orðið árekstur.

Vitnið Guðmundur Wiium Stefánsson, Dynskógum 32, Hveragerði, gaf skýrslu um mál þetta fyrir lögreglunni 14. maí 1980.

Vitnið skýrði svo frá, að ákærði hafi komið heim til þess milli kl. 2300 og 2330 að kvöldi 12. maí 1980. Vitnið sagði, að ákærði hafi oft fengið að setja bifreið sína í bílskúrinn hjá vitninu til

viðgerðar og hafi það verið erindi ákærða í þetta skipti, en bensíngeymir ákærða hafi lekið.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði væri ölvaður, en vitnið kvaðst hafa boðið honum inn og þá hafi ákærði spurt, hvort vitnið ætti vín. Vitnið kveðst hafa átt vín og þeir ákærði hefðu drukkið um stund, og kvaðst vitnið trúa, að hvor þeirra hefði drukkið tvö glös af blönduðu brennivíni, en flaskan, sem vitnið átti, hafi verið hálf, þegar þeir hófu drykkjuna, og þegar drykkjunni var lokið, hafi verið slatti í henni.

Vitnið kvaðst aðspurt alls ekki geta fullyrt, að það hafi fundið áfengislykt af ákærða, þegar hann kom heim til vitnisins að kvöldi hins 12. maí 1980.

Vitnið sagði, að ákærði hafi farið frá vitninu milli kl. 0100 og 0200 um nóttina og hafi ákærði þá ætlað heim til sín, en vitnið sagði, að sér væri ekki kunnugt um það, hvernig ákærði komst þangað.

Vitnið kom hér fyrir dóminn föstudaginn 6. febrúar sl., og ítrekaði vitnið þá fyrri framburð sinn fyrir lögreglu, að ákærði hafi komið til þess að kvöldi 12. maí 1980 og hafi ákærði þá beðið vitnið um leyfi til að dytta að bifreið ákærða í bílskúr vitnisins, og sagði vitnið, að ákærð hafi beðið það um vín, og kvaðst vitnið hafa náð í hálfa flösku af brennivíni og hefðu þeir ákærði drukkið það á ca 2 tímum, en þá hafi ákærði farið fótgangandi út í þorpið til þess að hitta einhvern bifreiðarstjóra, sem vitnið kvaðst ekki muna, hvað heitir. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa orðið þess á neinn hátt vart, að ákærði hafi verið ölvaður, þegar hann kom að Dynskógum 32 í greint sinn, og sagði vitnið, að ákærði hafi ekki minnst neitt á, að hann hefði lent í ákeyrslu þá skömmu áður, og kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir, að bifreið ákærða hafi orðið fyrir skemmdum.

Vitnið sagði, að þar sem eftir sér væri haft í lögregluskýrslunni, að vitnið geti alls ekki fullyrt, að það hafi fundið áfengislykt af ákærða, hafi þýtt það, að vitnið gæti ekki fullyrt, að ákærði hafi ekki verið búinn að bragða áfengi, þegar hann kom heim til vitnisins, en vitnið vísaði til skýrslu sinnar hjá lögreglunni þann 14. maí 1980 um vitneskju sína um mál þetta.

Vitnið kvaðst hafa átt vínið, sem þeir ákærði drukku að kvöldi 12. maí 1980, og sagði vitnið það vera rangt, sem ákærði sagði hér fyrir dómi 17. ágúst sl., að það hafi verið ákærði, sem kom með vínið til vitnisins, og sagði vitnið, að fullyrðingar ákærða í skýrslu fyrir lögreglunni 14. maí 1980 væru tómt rugl, og ítrek-

aði vitnið, að ákærði hafi beðið sig um vín og ákærði hafi ekki komið með neitt vín heim til vitnisins.

Vitnið Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður, Birkivöllum 24, Selfossi, kom fyrir dóminn 13. febrúar sl.

Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa gefið fyrirmæli um, að blóðsýnishorn yrði tekið úr ákærða, þegar það tók ákærða til yfirheyrslu þann 13. maí, kl. 1600, þar sem ákærði hafi þá strax lýst því yfir, að hann hefði verið við drykkju nóttina áður, og kvaðst vitnið því hafa litið svo á, að það mundi enga þýðingu hafa fyrir málið að taka blóðsýnishorn frá ákærða þá.

Vitnið staðfesti skýrslu sína um mál þetta, dags. 14. maí 1980.

Vitnið Sigurður Guðmundsson, Heiðmörk 38, Hveragerði, kom fyrir dóminn 11. maí sl.

Vitnið sagði, að í fyrravor hafi ákærði komið heim til sín um kl. 0300 um nótt og hafi ákærði beðið sig um að aka honum til Þorlákshafnar, og kveðst vitnið hafa ekið ákærða þangað. Aðspurt um ölvunarástand ákærða sagði vitnið, að ákærði hafi eitthvað verið búinn að drekka áfengi, þegar hann kom til sín, en ekki sé hægt að segja, að hann hafi verið fullur, og hann hafi ekki neytt áfengis, meðan hann var með vitninu, enda hafi hann ekki verið með áfengi.

Aðspurt sagði vitnið, að ákærði hafi ekki minnst á, að hann hefði lent í árekstri kvöldið áður, en það kvaðst vitnið hafa heyrt daginn eftir. Nánar aðspurt um ölvunarástand ákærða, sagði vitnið, að það hafi fundið áfengislykt af ákærða, málrómur hafi verið eðlilegur og framkoma róleg, en vitnið kveðst ekki muna, hvernig augu ákærða voru í þetta sinn. Vitnið sagði, að ákærði hafi ekki sagt sér, hvaðan hann hefði komið, og vitnið kvaðst ekki hafa spurt ákærða að því.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn máls þessa, þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni X 4307 um götur Hveragerðis í beinu framhaldi af neyslu áfengis þann 12. maí 1980, og telst hann því að hafa neytt áfengis við akstur bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, svo sem honum er gefið að sök í ákæru.

Með játningu ákærða, sem studd er framburðum vitnanna Guðbrands Sigurðssonar og Björgvins Ásgeirssonar, þykir sannað, að ákærði hafi á akstri sínum um götur Hveragerðis á bifreiðinni X 4307 hinn 12. maí 1980 lent í árekstri við bifreiðina R 62612 á Heiðmörk og að ákærði hafi ekið af vettvangi án þess að hafa

gert nauðsynlegar ráðstafanir vegna slyssins, svo sem ákærða er gefið að sök í ákæru.

Þegar hinn reikuli framburður ákærða er metinn með hliðsjón af framferði hans á árekstursstaðnum og hegðun hans, eftir að hann hafði farið af árekstursstaðnum, verður að telja sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, með tilliti til framburðar vitnisins Guðbrands Sigurðssonar, að ákærði hafi ekið bifreiðinni X 4307 undir áhrifum áfengis um götur Hveragerðis hinn 12. maí 1980, svo sem honum er gefið að sök í ákæru.

Brot ákærða þykja réttilega heimfærð til refsiákvæða í ákæruskjali.

Ákærði, sem er sakhæfur, hefur samkvæmt sakavottorði í dskj. nr. IV sætt refsingum sem hér segir:

1961 26/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1961 29/7 í Rangárvallasýslu: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr., 1. mgr., 17. gr., 2. mgr., umferðarlaga.

1963 28/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1976 14/9 í Árnessýslu: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 1/12 1976.

Sáttin í sakadómi 14. september 1976 hefur ítrekunaráhrif á brot ákærða í máli þessu samkvæmt 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 3.000.00, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ingólfssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Ólafur Pétursson, greiði kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ingólfssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. október 1982.

Nr. 152/1982. **Örn Forberg**
gegn
sveitarsjóði Eyrarsveitar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1982, sem barst Hæstarétti 27. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dómtaka málið, eins og það lá fyrir á dómþingi 18. júní 1982.

Varnaraðili hefur engar kröfur gert, og frá honum hefur ekki borist greinargerð samkvæmt 28. gr. laga nr. 75/1973. Hefur þó héraðsdómarinn, Jón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, tilkynnt honum um kæruna.

Sérstakar athugasemdir héraðsdómara samkvæmt 27. gr. framangreindra laga hafa eigi borist.

Dómsmál það, sem hér er um að tefla, höfðaði sóknaraðili með stefnu, birtri 4. febrúar 1982, á hendur varnaraðilja til greiðslu skuldar að fjárhæð 3.474.92 krónur auk vaxta. Er skuldin sögð að nokkru vegna oftekinnar húsaleigu eftir skólastjórabústað á tímabilinu 1. janúar — 31. júlí 1981, en að öðru leyti vera vangoldin þóknun til eigin-

konu sóknaraðilja fyrir nánar tiltekin störf veturinn 1978—1979.

Málið var þingfest á aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 12. febrúar 1982. Lagði sóknaraðili þá fram greinargerð sína samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 31. gr. laga nr. 28/1981, svo og önnur sóknargögn. Fékk stefndi því næst frest til 26. febrúar til að rita greinargerð sína. Síðan fékk hann fjórum sinnum framhaldsfrest í sama skyni, hinn síðasta til 18. júní sl. Í þinghaldi þann dag beiddist varnaraðili enn framhaldsfrests til ritunar greinargerðar og nú til 28. júní. Umboðsmaður sóknaraðilja andmælti þeirri frestbeiðni, enda hefði varnaraðili þegar fengið nægan frest til ritunar greinargerðar. Tók þá dómari ágreining aðiljanna til úrskurðar.

Úrskurð sinn kvað héraðsdómari fyrst upp í þinghaldi 28. júní að viðstöddum umboðsmönnum beggja aðilja. Úrskurðaði hann, að fresturinn skyldi veittur. Lagði umboðsmaður varnaraðilja þá fram greinargerð sína og ásamt henni eitt dómskjal annað. Er síðan skráð í þingbók, að umboðsmenn aðilja hafi fengið sameiginlegan frest til gagnaöflunar til 10. september 1982, kl. 1400.

Kæra máls þessa og dómkröfur sóknaraðilja í kærumálinu eru ekki samrýmanlegar beiðni hans um frest til gagnaöflunar, þann er framan greinir og héraðsdómari veitti í þinghaldinu 28. júní sl. Ber því að vísa kæru hans sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Héraðsdómari tók ágreining aðilja til úrskurðar 18. júní sl., svo sem sagt var. Úrskurð sinn, sem er án forsendna, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981, kvað hann hins vegar ekki upp fyrr en 28. júní. Hefði þó verið rétt, að hann kvæði úrskurðinn upp þegar í stað, sbr. 1. mgr. nefndrar greinar.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 13. október 1982.

Nr. 173/1982. **Jóhannes Jónsson**
gegn
Hjördísi Hjörleifsdóttur.

Kærumál. Úrskurður um frest úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með skírskotun til heimildar í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 23. júlí 1982, sem barst Hæstarétti 3. september 1982, en vitneskju um uppkvaðningu úrskurðarins fékk sóknaraðili 12. júlí 1982. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs málflutnings og dómsálagningar. Hann krefst og kærumálskostnaðar sér til handa.

Af hendi varnaraðilja hafa engar kröfur verið gerðar.

Frá Drífu Pálsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara, er kvað upp hinn kærða úrskurð, hafa Hæstarétti borist athugasemdir samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973. Segir þar svo:

„Mál þetta snýst m. a. um eignarrétt að ýmsum munum, sem tilgreindir eru í stefnu og greinargerð í gagnsök, sbr. dskj. nr. 32 og 33.

Með innsetningargerð þann 7. janúar 1981 í fógetaréttarmálinu nr. B—19/1981, Jóhannes Jónsson gegn Hjördísi Hjörleifsdóttur, var gerðarbeiðandi (aðalstefndi í máli þessu) settur inn í nokkra af fyrrgreindum munum og ennfremur muni nátengda þeim, sem deilt er um í máli þessu, til dæmis þvottavél, uppþvottavél og eldavél, en í þessu máli er m. a. deilt um þurrkara með straumbreyti, gufugleypi fyrir eldavél og straumbreyti fyrir eldavél. Ennfremur var innsetningin gerð í 6 manna mávastell, en í þessu máli er deilt um 6 kökudiska úr sama stelli.

Innsetningargerð þessari hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, og ber það mál heitið Hjördís Hjörleifsdóttir gegn Jóhannesi Jónssyni, mál nr. 81/1981. Dómur Hæstaréttar í því máli er ekki genginn. Dómari máls þessa taldi hugsanlegt, að dómur Hæstaréttar gæti haft þýðingu fyrir úrslit gagnsakar í máli þessu, og kvað af þeim sökum upp eftirfarandi úrskurð þann 8. júlí s.l.

„Með hliðsjón af 2. mgr. 117. gr. laga 85/1936 er máli þessu frestað ex officio, þar til dómur Hæstaréttar í málinu nr. 81/1981, Hjördís Hjörleifsdóttir gegn Jóhannesi Jónssyni, liggur fyrir."

Ofangreindur úrskurður var byggður á eftirfarandi: Það er skilyrði fyrir innsetningargerð, að réttur gerðarbeiðanda sé sæmilega skýr, miðað við þau gögn, sem fyrir fógeta eru lögð. Lögmenn aðilja máls þessa hafa lýst gagnasöfnun lokið, en ekki virðast fram komin sönnunargögn varðandi eignarréttinn að framangreindum munum í bæjarþinginu, umfram þau, sem fyrir fógeta voru lögð. Fari svo, að Hæstiréttur staðfesti hina áfrýjuðu innsetningargerð, lítur dómarinn svo á, að fengin væri mikilvæg vísbending um eignarréttinn að margnefndum munum, sem rétt væri að fram kæmi, áður en dómur verður lagður á bæjarþingsmálið."

Málsaðiljar hafa lokið gagnaöflun í bæjarþingsmáli því, sem hér er um að ræða. Sóknaraðili þykir eiga rétt á, að dæmt verði um það, eins og málið liggur nú fyrir, hvort hann sé eigandi þeirra muna, sem í málinu greinir. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, en rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Umboðsmenn aðilja lýstu gagnasöfnun lokið í bæjarþingsmálinu í þinghaldi 30. júní sl. Gaf héraðsdómari þeim þá kost á að tjá sig um það, hvort efni stæðu til að fresta málinu með hliðsjón af 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936, en tók málið að því búnu til úrskurðar. Úrskurð sinn, sem er án forsendna, sbr. 2. mgr. 190. gr. nefndra laga, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981, kvað hann hins vegar ekki upp fyrr en hinn 8. júlí sl. Hefði þó verið rétt, að hann kvæði úrskurðinn upp þegar í stað, sbr. 1. mgr. nefndrar greinar.

Dómsorð:
Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.
Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. október 1982.

Nr. 142/1982. **Köfunarstöðin h/f**
gegn
Áburðarverksmiðju ríkisins.

Kærumál. Úrskurður um frest úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Samkvæmt heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 hefur sóknaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 23. júní 1982, og barst hún Hæstarétti 5. júlí 1982. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um hinn umbeðna frest. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Í greinargerð til Hæstaréttar 7. júlí sl. krafðist varnaraðili staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Héraðsdómari, Eggert Óskarsson, borgardómari í Reykjavík, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973.

Dómsmál það, sem hér er um að tefla, höfðaði varnaraðili gegn sóknaraðilja með stefnu, dags. 4. janúar 1982, til heimtu skaðabóta fyrir spjöll á trébryggju og fleiri eignum varnaraðilja. Eru þau talin hafa orðið, er pramma í eigu varnaraðilja hafi rekið á bryggjuna. Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 12. janúar 1982. Á því dómþingi

lagði varnaraðili fram sóknargögn sín, en sóknaraðili fékk frest til 26. janúar 1982 til að rita greinargerð af sinni hendi. Þann frest fékk hann síðan framlengdan 4 sinnum, uns hann lagði fram greinargerð samkvæmt 106. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 32. gr. laga nr. 28/1981, á dómþingi 30. mars 1982. Fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnaöflunar um óákveðinn tíma.

Næst var málið tekið fyrir á bæjarþingi 26. maí sl. Kom þá fram beiðni um frest af hendi aðilja, sem stefnt hafði verið til réttargæslu í málinu. Samþykktu aðiljar, að sá frestur yrði veittur, og var málinu frestað til 9. júní sl. Jafnframt var skráð í þingbók, að í þinghaldi þann dag bæri varnaraðilja að tjá sig um, hvort hann vildi koma að frekari gögnum í málinu.

Á dómþinginu 9. júní sl. beiddist varnaraðili frests til að láta fara fram matsgerð dómkvaddra manna um kröfufjárhæðir sínar í málinu, en sóknaraðili mótmælti, að hann fengi að koma að frekari sönnunargögnum fyrir kröfum sínum en hann hefði lagt fram við þingfestingu málsins eða hann þá boðað í sóknargögnum sínum. Ákvað héraðsdómari þessu næst með sérstakri skírskotun í þingbók til 88. gr., 105. gr. og 108. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. og 31. gr. laga nr. 28/1981, að taka málið til athugunar um formhlið þess. Gaf hann umboðsmönnum aðilja jafnframt kost á að tjá sig sérstaklega um það atriði, sem þeir og gerðu. Var því haldið fram af beggja hálfu, að eigi bæri að vísa málinu frá dómi. Kvað héraðsdómari að svo búnu upp úrskurð næsta dag að aðiljum fjarstöddum þess efnis, að málinu skyldi ekki vísað frá dómi.

Hinn 18. júní sl. var málið tekið fyrir að nýju á bæjarþinginu. Ítrekaði umboðsmaður varnaraðilja þá frestbeiðni sína frá þinghaldinu 9. júní, en umboðsmaður sóknaraðilja andmælti, að frestur yrði veittur. Lögðu umboðsmennirnir þann ágreining í úrskurð héraðsdómara, er kvað samstundis upp hinn kærða úrskurð um, að varnaraðilja væri „veittur umbeðinn frestur til 1. september 1982, kl. 10.00".

Er skjöl kærumálsins bárust Hæstarétti, var þegar hafið

þingleyfi samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 4/1920, sbr. 11. gr. laga nr. 75/1973. Einnig var þá hafið þingleyfi bæjarþings Reykjavíkur samkvæmt 3. mgr. 38. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt því varð ekki þaðan af þingað í málinu fyrr en í september að loknu þingleyfi, svo sem fram kemur í athugasemdum héraðsdómara til Hæstaréttar.

Hinn 22. september 1982 barst Hæstarétti bréf frá lögmanni varnaraðilja, þar sem segir svo:

„Ég hefi ákveðið að falla frá kröfu minni, er ég gerði fyrir héraðsdómi, um frest til framlengingar viðbótargagna. Fell ég því frá kröfum mínum í greinargerð, er ég sendi Hæstarétti og dags. er 7. júlí (sic.), en mótmæli jafnframt kröfu um málskostnað lögmanns Köfunarstöðvarinnar h.f."

Skilja verður framangreint bréf þannig, að varnaraðili fallist á kröfu sóknaraðilja um, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þykir því bera að taka þá kröfu til greina, en rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. október 1982.

Nr. 192/1982. **Lúther Harðarson**
gegn
Jóni Helgasyni og
Ævari Axelssyni.

Kærumál. Málskostnaður. Dómssátt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 14. september 1982, sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar, kærir sóknaraðili úrskurð bæjarþings Akureyrar frá 29. júní 1982 um málskostnað í bæjarþingsmálinu nr. 83/1982, en dómssátt var gerð í málinu þann dag og málskostnaður jafnframt úrskurðaður samkvæmt ákvæði í sáttinni sjálfri, sbr. 2. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 2. gr. laga nr. 28/1981.

Sóknaraðili krefst þess, að ályktarorð hins kærða úrskurðar verði felld úr gildi og varnaraðiljum gert að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ miðað við hagsmuni, kr. 210.000.00 eða aðra lægri fjárhæð, svo og kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að kröfur sóknaraðilja verði ekki teknar til greina og að þeim verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti.

Ályktunarorð hins kærða úrskurðar eru svohljóðandi: „Stefndi, Lúther Harðarson, greiði stefnendum, Jóni Helgasyni og Ævari Axelssyni, kr. 27.000.00 í málskostnað."

Dómssáttin er svohljóðandi:

„Stefnendur falla frá kröfu sinni um riftun og taka við veðskuldabréfi með veði í íbúðinni Keilusíða 2 B, Akureyri, sem gefið var út af stefnda 25. febr. 1982 fyrir eftirstöðvum kaupverðs.

Stefndi lofar að koma framangreindu veðskuldabréfi í skil fyrir 1. ágúst 1982, þ. á m. með greiðslu dráttarvaxta.

Stefndi greiði stefnendum kr. 7.000,- í skaðabætur fyrir 1. ágúst 1982.

Stefnendur taka við deponeringu stefnda nr. 162/419, dags. 1. mars 1982, sem fullnaðargreiðslu á afborgun og vöxtum pr. 15. okt. 1981 af kaupverði bátsins.

Aðilar vísa ákvörðun um málskostnað til úrskurðar dómara, sbr. 2. gr. laga 85, 1936.

Greiðslustaður sáttarinnar er skrifstofa Páls S. Pálssonar hrl., Bergstaðastræti 14, Reykjavík.

Sáttin er aðfararhæf.

Lúther Harðarson.

Með fyrirvara um samþykki meðstefnda Jóns Helgasonar,

Ævar M. Axelsson".

Strax er dómssáttin hafði verið gerð, tók stefnandi bæjarþingsmálsins Ævar Axelsson við veðskuldabréfi því, sem greinir í dómssáttinni, og kvittun fyrir geymslufé, sem greinir í sáttinni. Fór síðan fram munnlegur málflutningur um málskostnaðarkröfur málsaðilja, en báðir aðiljar, stefnendur og stefndi, kröfðust málskostnaðar sér til handa með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem um var deilt, en riftunarkrafa varðaði verðmæti að fjárhæð kr. 210.000.00. Til vara var krafist miðunar við lægri fjárhæð að mati dómsins.

Málavextir í bæjarþingsmáli því, sem sáttin var gerð í, voru þeir, að varnaraðiljar, Jón Helgason, Kambahrauni 12, og Ævar Axelsson, Kambahrauni 23, báðir í Hveragerði, stefndu sóknaraðilja, Lúther Harðarsyni, Keilusíðu 2 B á Akureyri, hinn 1. mars 1982 fyrir bæjarþing Akureyrar hinn 4. sama mánaðar til þess að þola riftun á kaupum á vélbátnum Karli, ÁR 40, samkvæmt „svonefndu afsali frá 23. maí 1981", en til vara, að greiðsla með skuldabréfi samkvæmt afsalsbréfi teljist öll í gjalddaga fallin. Þá var krafist málskostnaðar. Söluverð bátsins var kr. 210.000.00, sem átti að greiðast með tiltekinni bifreið að verðmæti kr. 35.000.00 og með því að kaupandi (sóknaraðili þessa kærumáls) gæfi út veðskuldabréf með veðrétti í Keilusíðu 2 B, 30% árs-

vöxtum og endurgreiðslu höfuðstóls þannig, að kr. 40.000.00 greiddust 15. október 1981, en 67.500.00 í hvort skipti hinn 15. maí 1982 og 28. desember 1982. Þegar til bæjarþingsmálsins var stofnað, hafði stefndi í því (sóknaraðili þessa kærumáls) greitt samtals kr. 35.000.00 af afborgun þeirri, sem greiða átti 15. október 1981, en sama dag og stefna var út gefin (1. mars 1982) deponerar hann eftirstöðvum afborgunar 15. október 1981 ásamt vöxtum og kostnaði, samtals kr. 35.179.00. Var veðskuldabréfið þá í skilum og höfuðstóll eftirstöðva þá kr. 135.000.00.

Varnaraðiljar halda því fram, að 3. mgr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 standi því í vegi, að úrskurður héraðsdómara um málskostnað geti orðið kærður til Hæstaréttar. Á þetta verður eigi fallist. Í ákvæði 4. mgr. 5. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, svo sem þeim lögum er breytt með 6. gr. laga nr. 28/1981, er ný kæruheimild, sem lögtekin er í sambandi við grundvallarbreytingar á réttarfarslögum að því er sáttir varðar og í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 75/1973. Var sóknaraðilja því kæra heimil.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að sóknaraðili í þessu kærumáli, sem var stefndi í héraði, skuli greiða málskostnað til varnaraðilja. Þykir hann hæfilega ákveðinn 18.000.00 krónur.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Sóknaraðili, Lúther Harðarson, greiði varnaraðiljum, Jóni Helgasyni og Ævari Axelssyni, 18.000.00 krónur í málskostnað í bæjarþingsmáli nr. 83/1982 fyrir bæjarþingi Akureyrar að viðlagðri aðför að lögum.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. október 1982.

Nr. 268/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Birgi Guðmundssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Tékkasvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1981. Því er og áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar, og er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágrip barst Hæstarétti 31. mars 1982.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ. á m. nýtt sakavottorð ákærða, sem ber með sér, að hinn 23. mars 1982 sætti hann með dómssátt í sakadómi Reykjavíkur 2.000.00 króna sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 auk þess sem hann var sviptur ökuleyfi í tvo mánuði frá 9. mars 1982 að telja.

Upplýst er í máli þessu, að fyrrverandi eiginkona ákærða er Arnórsdóttir, en eigi Arnarsdóttir, svo sem ákærði ritaði á tvo tékkanna og greinir í ákæru.

Meðal framangreindra gagna er ljósrit af leyfisbréfi, dags. 16. júlí 1981, til lögskilnaðar milli hjónanna Málfríðar Arnórsdóttur og Birgis Guðmundssonar, ákærða í máli þessu.

Málfríður Arnórsdóttir var yfirheyrð fyrir rannsóknarlögreglu 18. september 1981, og var þá gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974. Ber hún, að hún hafi framvísað þeim tveim tékkum, sem stílaðir voru á hennar nafn, í Múlaútibúi Landsbankans og Langholtsútibúi sama banka og fengið fjárhæðir þeirra greiddar. Kveðst hún hafa vitað til þess, að ákærði hafi haft loforð manns nokkurs, er skuldaði

ákærða fé, en hún vildi ekki nafngreina, um, að hann mundi leggja fé inn á tékkareikning ákærða fyrir klukkan 1600 hinn 10. júlí 1981. Hafi því ekki annað hvarflað að henni en næg innstæða yrði til fyrir tékkafjárhæðunum.

Málfríður Arnórsdóttir kom ekki fyrir dóm.

Meðal framangreindra gagna, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, er bréf Seðlabanka Íslands, dags. 11. október 1982, til ríkissaksóknara. Í því segir svo:

„Vanskilavextir (dráttarvextir) af tékkum á tímabilinu 1. júlí 1981 til 20. apríl 1982 voru 4,5% á mánuði sbr. vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands, kafla III, dags. 29. maí 1981, svo og „Sérstakar reglur um vexti af innlánum og útlánum og vanskilavexti", kafla III, dags. sama dag.

Frá og með 21. apríl 1982 eru vanskilavextir (dráttarvextir) af tékkum 4,0% á mánuði, sbr. vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands, kafla III, dags. 5. apríl 1982, svo og „Sérstakar reglur um vexti af innlánum og útlánum og vanskilavexti", kafla III, dags. sama dag, og eru þeir vextir í gildi í dag".

Að því athuguðu, er nú hefur verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að vextir af kröfu Landsbanka Íslands verða 4.5% á mánuði frá 10. júlí 1981 til 20. apríl 1982 og 4% mánaðarvextir frá þeim degi til greiðsludags. Er það í samræmi við kröfugerð ríkissaksóknara hér fyrir dómi og málflutningsyfirlýsingu skipaðs verjanda ákærða.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vextir af kröfu Landsbanka Íslands verða 4.5% á mánuði frá 10. júlí 1981 til 20. apríl 1982 og 4% mánaðarvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði, Birgir Guðmundsson, greiði allan áfrýjunar-

kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. október 1981.

Ár 1981, föstudaginn 23. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 453/1981: Ákæruvaldið gegn Birgi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 9. þ. m., gegn Birgi Guðmundssyni, Kleppsvegi 6, Reykjavík, fæddum 12. janúar 1960 í Reykjavík, „fyrir tékkasvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að gefa út þrjá tékka á reikning sinn nr. 12675 í Vegamótaútibúi Landsbankans í Reykjavík, án þess að næg innstæða væri fyrir hendi á reikningnum, og selja síðan einn tékkann sjálfur í aðalbanka Landsbankans og fá eiginkonu sína til að selja hina í tveim af útibúum Landsbankans í Reykjavík. Tékkarnir eru allir gefnir út og seldir sama dag, þann 10. júlí 1981:

1. Nr. 1239554, kr. 8.000.-. Gefinn út til Málfríðar Arnarsdóttur og framseldur af henni í Múlaútibúi.

2. Nr. 1239555, kr. 7.500.-. Gefinn út til sömu og framseldur af henni í Langholtsútibúi.

3. Nr. 1239556, kr. 10.000.-. Gefinn út til handhafa og framseldur af ákærða.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Landsbanki Íslands krefst þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu 25.500 króna auk 4.5% vanskilavaxta á mánuði frá 10. júlí 1981 til greiðsludags.

Ákærði hefur haft ávísanareikning 12675 í Vegamótaútibúi Landsbankans. Reikningnum var lokað 20. júlí sl.

Sannað er í máli þessu, að 10. júlí sl. gaf ákærði út þrjá tékka á reikning sinn og seldi einn þeirra í aðalbanka Landsbankans, en lét konu sína selja hina tvo, annan í Langholtsútibúi bankans, hinn í Múlaútibúi. Er tékkum þessum rétt lýst í ákæru

Tékkarnir voru án innstæðu við sýningu í greiðslubankanum sama dag. Ákærði kannast við, að sér hafi verið ljóst, að innstæða var ekki fyrir tékkunum, en ber það fyrir sig, að hann hafi átt von á, að greitt yrði inn á reikninginn sama dag. Hann hefur þó eigi viljað skýra frá því, hver átt hafi að annast innlegg þetta.

Með því að selja innstæðulausa tékka, svo sem nú var lýst, hefur ákærði aflað sér 25.500 króna með sviksamlegum hætti og unnið til refsingar skv. 248. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

1977 ákvörðun um refsingu fyrir skjalafals og þjófnað frestað skilorðsbundið 2 ár.
1977 sakfelldur fyrir þjófnað og tolllagabrot, en refsing ekki dæmd.
1978 sakfelldur fyrir hylmingu, en refsing ekki dæmd.
1978 5 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og hylmingu.
1978 sakfelldur fyrir þjófnað, refsing ekki dæmd.
1979 45 daga fangelsi fyrir þjófnað.
1980 sakfelldur fyrir þjófnað, refsing ekki dæmd.

Auk þess hefur ákærði sæst á greiðslu sekta, þar á meðal fjórum sinnum fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Refsing ákærða verður ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Fjárkrafa Landsbankans verður tekin til greina.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 1.000.00 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Guðmundsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands 25.500 krónur ásamt 4.5% vöxtum á mánuði frá 10. júlí 1981 til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 1.000.00 krónur.

Föstudaginn 15. október 1982.

Nr. 194/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Eggert Bjarna Arnórssyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðilja var 30. f. m. birtur úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, en með honum synjaði dómarinn, Ásgeir Friðjónsson sakadómari, kröfu varnaraðilja um, að hann viki sæti í málinu. Varnaraðili lýsti þegar yfir því, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurðinum yrði hnekkt þar. Dómarinn sendi Hæstarétti gögn málsins 1. þ. m. og ríkissaksóknara sama dag. Greinargerð hefur ekki borist af hálfu ríkissaksóknara.

Samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 getur ríkissaksóknari einn kært eða leyft aðilja að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara um, að hann skuli eða skuli ekki fara með mál. Ríkissaksóknari hefur ekki veitt leyfi til kæru þessa úrskurðar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum
27. september 1982.

Ár 1982, mánudaginn 27. september, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Þann 1. október 1980 var hér við embætti kveðinn upp dómur

í sakadómsmáli nr. 507/1978 á hendur Eggert Bjarna Arnórssyni, fæddum 13. september 1954.

Nefndur dómur var birtur 26. mars 1981, en honum sama dag af hálfu dómþola áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og dómsgerðir ásamt öðrum gögnum í framhaldi þar af send réttum aðiljum.

Málið mun verða tekið til flutnings fyrir Hæstarétti Íslands nk. föstudag.

Þann 5. mars sl. gaf ríkissaksóknari út ákæruskjal á hendur áðurgreindum Eggert Bjarna Arnórssyni vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis. Guðjóni Steinari Marteinssyni, fulltrúa hér við embætti, var úthlutað málinu til meðferðar.

Ákærubirting varð 29. mars sl. og þingfesting 6. apríl sl. sem mál nr. 916/1982.

Í síðastnefndu þinghaldi setti ákærði fram þá kröfu, að dómari viki sæti í nefndu máli. Var nánar eftir ákærða þar um bókað svo: „ . . . að það sé vegna meintrar ólögmætrar málsmeðferðar í sakadómsmáli nr. 507/1978, auk þess telji ákærði, að ólöglega hafi verið staðið að rannsókn í máli því, er nú sé til meðferðar. Auk þess hafi ákærði kært dómstól þennan til dómsmálaráðherra og sé það mál enn óútkljáð og meðan svo sé, þá geti dómstóll þessi ekki litið óhlutlægt á málavöxtu."

Dómari frestaði málsmeðferð, aflaði gagna varðandi síðastgreint atriði, er nánar verður vikið að hér á eftir, og lagði nefnd gögn fram á dómþingi 4. maí sl.

Þann 28. maí sl. var enn þingað í málinu í því skyni, að ákærða gæfist kostur „ . . . að afmarka og skjóta ljósari rökum undir kröfu sína um, að dómari víki sæti." Var ákærða í sama þinghaldi veittur frestur til 1. júní sl. að skila skriflegri greinargerð um áðurnefnda kröfu.

Páll Arnór Pálsson hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða, skilaði umbeðinni greinargerð fyrir dómi 3. júní sl.

Með hliðsjón af 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að dómari úrskurði sjálfur um það, hvort hann víki sæti, svo og með vísan til dóma Hæstaréttar Íslands nr. 3 og nr. 14/1978 í XLIX. bindi dómasafns, bls. 58 og 88, þykir rétt, að kröfur áðurnefnds lögmanns verði teknar til úrskurðar í tvennu lagi.

Í þessum úrskurði verður því aðeins fjallað um þá kröfu, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, skuli talinn vanhæfur að vinna eða láta vinna að sakadómsmáli nr. 916/1982.

I.

Í greinargerð áðurnefnds lögmanns segir m. a. svo:

„Ákærði telur, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, og fulltrúar hans séu ekki færir um að taka hlutlæga afstöðu í máli hans vegna fyrri afskipta dómara og fulltrúa hans að ýmsum málum ákærða, og telur ákærði, að framferði dómarans og fulltrúa hafi verið með þeim hætti, að þeir geti ekki talist hlutlausir, þegar taka þarf afstöðu til hans mála nú.

Sakadómari Ásgeir Friðjónsson hafi haft óeðlilega mikil afskipti af öllum rannsóknum þessa máls og annarra og ýmis miður falleg orð hafi fallið í garð ákærða, er hann mætti fyrir dómi."

Telja verður hinar tilvitnuðu fullyrðingar órökstuddar með öllu og rangar í ljósi framlagðra endurrita allra þinghalda í máli nr. 916/1982.

II.

Í áðurnefndri greinargerð lögmanns segir einnig svo:

„Ein af ástæðunum fyrir því, að ákærði telur dómara við ávana- og fíkniefnadómstólinn ekki hlutlausa, er, að þeir hafi vísvitandi stungið undan skjölum við rannsókn á málum hans. Kveðst ákærði hafa, meðan hann var í gæsluvarðhaldi, sent 13 bréf til dómara og þau hafi ekki komið fram. Þá hafi hann sent bréf til Dagblaðsins, en það bréf hafi verið gert upptækt að tilhlutan dómara. Einnig hafi verið send bréf til lögreglumanna og yfirfangavarðar, en þau hafi hvergi komið fram. Ennfremur hafi hann sent dómara skriflega afturköllun og ógildingu á játningum sínum í þessu máli, en það komi hvergi fram í skjölum málsins."

Umrædd bréf þóttu á sínum tíma vegna orðbragðs og efnis með öllu óframleggjanleg, en fylgja nú úrskurði þessum, þótt enn þyki flest, sem þar er ritað, ætluðu sakarefni lítt eða ekki viðkomandi.

Svonefnd „skrifleg afturköllun og ógilding játninga", sem til er vitnað hér að ofan, er skráð móttekin af dómara 3. mars 1980, eða sama dag og gæsluvarðhaldsvist ákærða var framlengd um allt að 10 dögum, en þegar næsta dag, eða 4. mars 1980, gaf ákærði ítarlega skýrslu hér fyrir dómi samkvæmt framlögðum endurritum þinghalda.

III.

Áður er rakin bókun ákærða, þar sem hann víkur ótiltekið að

meintri ólögmætri málsmeðferð í sakadómsmáli nr. 507/1978, og endurtekur margnefndur lögmaður þá fullyrðingu í fyrrnefndri greinargerð.

Engum haldbærum rökum hefur, að því er séð verður, verið skotið undir ofangreint, en ferill máls nr. 507/1978 hér að ofan rakinn til Hæstaréttar Íslands og verður því ekki frekar um fjallað hér.

IV.

Enn segir í greinargerð lögmannsins, Páls Arnórs Pálssonar:

„Ákærði heldur því fram, að fruntalegar aðgerðir fíkniefnadómstólsins við birtingu ákæru síðastliðið haust beri þess glöggan vott, að dómarar geti ekki litið hlutlaust á mál hans."

Hér mun sennilega átt við tilvik frá 4. nóvember sl., er ákærði neitaði án tilgreindra ástæðna að sinna boði dómarans Þórðar Þórðarsonar að mæta fyrir dómi vegna rannsóknar máls nr. 830/1981. Áðurnefndur dómari skipaði í framhaldi þar af fyrir handtöku ákærða, sem færður var fyrir dóm með lögregluvaldi.

Tilvik þetta þykir engu varða um vanhæfi undirritaðs til meðferðar máls nr. 916/1982.

V.

Lögmaðurinn, Páll Arnór Pálsson, hefur í margnefndri greinargerð eftir ákærða, að málsmeðferð öll við rannsókn máls nr. 916/1982 „ . . . einkennist af óvild í hans garð og að dómarar hafi margítrekað hagrætt bókunum til þess að gera hlut hans verri en til stóð og stundum hafi þeir ekki viljað bóka það, sem ákærði vildi láta hafa eftir sér."

Páll Arnór Pálsson lögmaður, sem undirritar tilfærðar fullyrðingar, hefur um árabil verið kvaddur til fjölmargra fíkniefnamála, ýmist sem réttargæslumaður eða verjandi, og ætti því að vita fullvel, að hér við embætti er og hefur ætíð verið farið í hvívetna að réttum reglum gagnvart grunuðum.

Hin áður tilvitnuðu ummæli virðast með öllu órökstudd og verða með vísan til framlagðra endurrita þinghalda talin ósönn.

VI.

Síðasta ástæða meints vanhæfis dómara, sem fundin verður í bókun ákærða í þinghaldi 6. apríl sl. og greinargerð margnefnds lögmanns, virðist sú, „ . . . að ákærði hafi ásamt öðrum staðið að tveimur öðrum kærum á sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum."

Segir í niðurlagsorðum greinargerðar þar um: „Vegna þessara kærumála er enn frekari ástæða til að ætla, að dómari fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu."

Samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytis, dags. 9. október 1981, var ákærða tjáð, að ásakanir hans í garð undirritaðs og lögreglumanna, bornar fram við dómsmálaráðherra, þættu eigi gefa tilefni til aðgerða af hálfu ráðuneytis.

Sams konar niðurstaða var kynnt undirrituðum með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. október 1981.

Í sakadómsmáli nr. 827/1981 var einnig gerð krafa um, að dómari hér við embætti viki sæti vegna ofangreindrar „kæru". Var síðan dæmt um þá úrskurði í hæstaréttarmálum nr. 242/1981 og 243/1981.

Slíkar „kærur" þykja ekki af sjálfu sér geta valdið vanhæfi dómara til meðferðar einstaks máls né með vísan til 7. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 valdið slíku.

Að ofanskráðu öllu athuguðu og virtu þykja engin rök til að verða við margnefndri kröfu lögmannsins, Páls Arnórs Pálssonar.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist nokkuð úr hófi vegna mikilla embættisanna dómara.

Úrskurðarorð:

Krafa Páls Arnórs Pálssonar f. h. Eggerts Bjarna Arnórssonar um, að sakadómarinn í ávana- og fíkniefnamálum skuli talinn vanhæfur til þess að vinna eða láta vinna að framangreindri rannsókn, er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 15. október 1982.

Nr. 195/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Eggert Bjarna Arnórssyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðilja var 30. f. m. birtur úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, en með honum synjaði dómarinn, Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, kröfu varnaraðilja um, að hann viki sæti í málinu. Varnaraðili lýsti þegar yfir því, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurðinum yrði hnekkt þar. Dómarinn sendi Hæstarétti gögn málsins 1. þ. m. og ríkissaksóknara sama dag. Greinargerð hefur ekki borist af hálfu ríkissaksóknara.

Samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 getur ríkissaksóknari einn kært eða leyft aðilja að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara um, að hann skuli eða skuli ekki fara með mál. Ríkissaksóknari hefur ekki veitt leyfi til kæru þessa úrskurðar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. september 1982.

Þann 5. mars 1982 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Eggert Bjarna Arnórssyni, fæddum 13. september 1954.

Ásgeir Friðjónsson sakadómari fól fulltrúa sínum Guðjóni St. Marteinssyni málið til meðferðar.

Áðurnefndum Eggert Bjarna var birt ákæran 29. mars 1982, og var málið þingfest hér í dómi 6. apríl 1982.

Við þingfestingu málsins 6. apríl sl. krafðist Eggert Bjarni þess, að dómari viki sæti í málinu. Aðspurður um ástæður þeirrar kröfu sinnar var eftirfarandi bókað eftir Eggert Bjarna í þinghaldi 6. apríl sl.: „ . . . að það sé vegna meintrar ólögmætrar málsmeðferðar í sakadómsmáli nr. 507/1978 auk þess telji ákærði, að ólöglega hafi verið staðið að rannsókn í máli því, er nú sé til meðferðar. Auk þess hafi ákærði kært dómstól þennan til dómsmálaráðherra og sé það mál enn óútkljáð og meðan svo sé, þá geti dómstóll þessi ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu."

Dómari ritaði dómsmálaráðuneyti bréf, dags. 13. apríl sl., og spurðist fyrir um ofangreinda „kæru". Svar barst frá dómsmálaráðuneyti með bréfi, dags. 16. apríl sl. Með bréfi ráðuneytisins fylgdi afrit af bréfi til Eggerts Bjarna vegna ofangreindrar „kæru", þar sem tekið var fram, að „kæran gæfi ekki tilefni til aðgerða af hálfu ráðuneytisins."

Áður hefur verið gerð krafa um, að dómari hér við embættið víki sæti vegna ofangreindrar „kæru". Átti sér það stað í sakadómsmáli nr. 827/1981. Var síðar fjallað um þá úrskurði í hæstaréttarmálunum nr. 232/1981 og 233/1981 og síðar aftur í hæstaréttarmálum nr. 242/1981 og 243/1981.

Í þinghaldi hér fyrir dómi 6. apríl 1982 var Páll A. Pálsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi Eggerts Bjarna í sakadómsmáli nr. 916/1982. Var verjanda í lok þess þinghalds afhent framlögð gögn í málinu til afnota. Var skipuðum verjanda síðan í þinghaldi 28. maí sl. gert að skila skriflegri greinargerð vegna kröfu þeirrar, er hér er til úrskurðar. Skilaði verjandi greinargerð 3. júní sl. Í fyrrnefndri greinargerð segir:

„Ákærði telur, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, og fulltrúar hans séu ekki færir um að taka hlutlæga afstöðu í máli hans vegna fyrri afskipta dómarans og fulltrúa hans að ýmsum málum ákærða, og telur ákærði, að framferði dómarans og fulltrúa hans hafi verið með þeim hætti, að þeir geti ekki talist hlutlausir, þegar taka þarf afstöðu til hans mála nú. Sakadómari Ásgeir Friðjónsson hafi haft óeðlilega mikil afskipti af öllum rannsóknum þessa máls og annarra og ýmis miður falleg orð hafi fallið í garð ákærða, er hann mætti fyrir dómi."

Verjandinn, Páll A. Pálsson, hafði öll framlögð gögn í málinu til afnota, er áðurnefnd greinargerð var samin. Lögmaðurinn hefur engum haldbærum rökum skotið undir tilvitnaðar fullyrðingar og ekki nefnd einstök tilvik.

Þá segir í áðurnefndri greinargerð:

„Ein af ástæðunum fyrir því, að ákærði telur dómara við ávana- og fíkniefnadómstólinn ekki hlutlausa, er, að þeir hafi vísvitandi stungið undan skjölum við rannsókn í málum hans. Kveðst ákærði hafa, meðan hann var í gæsluvarðhaldi, sent 13 bréf til dómara og þau hafi ekki komið fram. Þá hafi hann sent bréf til Dagblaðsins, en það bréf hafi verið gert upptækt að tilhlutan dómara. Einnig hafi verið send bréf til lögreglumanna og yfirfangavarðar, en þau hafi hvergi komið fram. Ennfremur hafi hann sent dómara skriflega afturköllun og ógildingu á játningum sínum í þessu máli, en það komi hvergi fram í skjölum málsins."

Bréf þau, er hér er vitnað til, þóttu, er fram komu, og þykja enn, þannig, bæði að efni og framsetningu, að þau væru ekki til þess fallin að leggja fram í dómi. Þau eru þó látin fylgja hér vegna tilvitnunar í þau í greinargerð verjanda. Um afturköllun játninga má vísa til framburðar ákærða fyrir dómi, eftir að umrædd bréf eru rituð. Þá má vitna til ummæla Ásgeirs Friðjónssonar sakadómara í úrskurði, uppkveðnum 27. sept., sbr. dómskjal nr. 1.

Í margáðurnefndri greinargerð segir:

„Málsmeðferð í fyrra máli hefur skjólstæðingur minn mótmælt og krefst ómerkingar fyrir Hæstarétti. Hann telur, að sér hafi verið skipaður verjandi, án þess að haft væri samráð við sig og lögvarinn réttur hans þannig sniðgenginn. Þá telur ákærði, að málsmeðferð öll í því máli og við rannsókn þessa máls einkennist af óvild í hans garð og að dómarar hafi margítrekað hagrætt bókunum til þess að gera hlut hans verri en til stóð og stundum hafi þeir ekki viljað bóka það, sem ákærði vildi láta hafa eftir sér."

Eggert Bjarni áfrýjaði til Hæstaréttar Íslands dómi í hinu tilvitnaða „fyrra máli", og verður ekki um það fjallað frekar hér.

Fullyrðingar um, að bókunum hafi verið hagrætt ítrekað með það í huga að gera hlut ákærða verri en efni stóðu til og að neitað hafi verið að bóka eftir ákærða undir rannsókn málsins, eru allt fullyrðingar alvarlegs eðlis og órökstuddar með öllu.

Loks segir í áðurnefndri greinargerð:

„Ákærði heldur því fram, að fruntalegar aðgerðir fíkniefnadómstólsins við ákærubirtingu síðastliðið haust beri þess glöggan vott, að dómarar geti ekki litið hlutlaust á mál hans. Nefndar aðfarir hefur ákærði kært með bréfi til dómsmálaráðherra,

dags. 11. nóv. 1981, og jafnframt hefur hann ásamt öðrum staðið að tveimur öðrum kærum á sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum. Vegna þessara kærumála er enn frekari ástæða til að ætla, að dómari fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu."

Ákærða var birt ákæra í máli þessu 29. mars 1982. Þykir því einsýnt, að hið tilvitnaða atvik hafi átt sér stað 4. nóvember 1981. Ákærði var við greint tilvik færður fyrir dómara eftir að hafa ekki sinnt boðun þar um. Má hér vísa til dómskjals nr. 2, sbr. endurrit þinghalds 4. nóvember 1981.

NIÐURSTÖÐUR.

Dómari ákvað með vísan til 2. mgr. 37. gr. laga 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 74/1974, þar sem segir, að dómari úrskurði sjálfur um það, hvort hann víki sæti, að úrskurðað skyldi í tvennu lagi um kröfu ákærða um sætisvikningu dómara.

Ásgeir Friðjónsson sakadómari hafnaði með úrskurði, uppkveðnum 27. sept., þeirri kröfu ákærða, að hann teldist vanhæfur til að vinna eða láta vinna að máli því, er hér er til meðferðar.

Í úrskurði þessum er aðeins fjallað um það, hvort Guðjón St. Marteinsson fulltrúi teljist vanhæfur til að vinna að máli þessu.

Að öllu ofanrituðu virtu og að athuguðum gögnum málsins þykir ekkert það koma fram, er valdi vanhæfi Guðjóns St. Marteinssonar fulltrúa til að vinna að sakadómsmáli nr. 916/1982: Ákæruvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni.

Engum rökum hefur verið skotið undir fullyrðingar, er fram koma í áðurnefndri greinargerð, sem rakin hefur verið.

Dómara er ekki kunnugt um neitt það, er valdið getur því, að hann skulli víkja sæti ex officio, sbr. 36. gr. laga 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 74/1974.

Samkvæmt því, er að ofan er rakið, verður krafa Eggerts Bjarna Arnórssonar ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu Eggerts Bjarna Arnórssonar um, að Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, víki sæti í sakadómsmáli nr. 916/1982.

Þriðjudaginn 19. október 1982.

Nr. 197/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Þórarni Helga Fjeldsted.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. október 1982, sem barst dóminum sama dag, og krafist þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld.

Hinn 18. þ. m. barst Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dagsettu 14. s. m., endurrit af þinghaldi í sakadómi Barðastrandarsýslu, er fram hafði farið 11. s. m. Kom varnaraðili þá fyrir dóm, og var honum kynnt framangreind kæra og kröfugerð ríkissaksóknara. Mótmælti varnaraðili kærunni og krafðist þess, að dómssáttin yrði staðfest.

Varnaraðili hefur viðurkennt, að hann hafi fundið til áhrifa áfengis við akstur létts bifhjóls um götur Patreksfjarðar. Alkóhólmagn í blóði hans reyndist nema 1.33‰. Brot varnaraðilja er í hinni kærðu dómssátt talið varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga. Varnaraðili var sviptur ökuréttindum á léttu bifhjóli í 8 mánuði frá og með 16. september 1982. Þau málalok voru óheimil að lögum, þar sem réttindasvipting vegna brota gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga skal ekki vera skemmri en 1 ár samkvæmt 3. mgr. 81. gr. nefndra laga. Ber því að fella hina kærðu dómssátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Barðastrandarsýslu 16. september 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 16. september, klukkan 1630, var dómþing sakadóms Barðastrandarsýslu háð í dómsalnum Aðalstræti 92, Patreksfirði, af Tryggva Bjarnasyni fulltrúa.

Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um umferðar- og áfengislagabrot.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1—3 lögregluskýrslur, nr. 4 varðstjóraskýrslu, nr. 5 beiðni um töku blóðsýnis, nr. 6 beiðni um alkóhólrannsókn, nr. 7 niðurstöðu alkóhólrannsóknar, nr. 8 sakavottorð.

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Þórarinn Helgi Fjeldsted. Stétt eða atvinna: Verkamaður. Heimili: Aðalstræti 71, Patreksfirði. Fæðingardagur: 16. maí 1966. Fæðingarstaður: Patreksfjörður.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt.

Hann samþykkir að greiða kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs til að komast hjá málssókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga.

Sektin greiðist fyrir 16. október 1982, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 8 daga.

Jafnframt er kærði sviptur rétti til að stjórna léttu bifhjóli í 8 mánuði frá og með 16. september 1982, og afhendir kærði skírteini sitt hér í réttinum.

Málskostnaður, kr. 794.00, greiðist fyrir sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Miðvikudaginn 20. október 1982.

Nr. 71/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Herði Sævari Símonarsyni
(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 15. mars 1982, og er málinu áfrýjað til þyngingar.

Ágrip barst Hæstarétti 29. apríl 1982.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð.

Af hálfu ákæruvalds eru felldar niður úr ákæru tilvitnanir í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara, að honum verði einungis gerð vægasta refsing, er lög frekast heimila. Í báðum tilvikum er gerð krafa til málsvarnarlauna til skipaðs verjanda.

Með bréfi til yfirsakadómara, dags. 24. september 1982, óskaði ríkissaksóknari eftir því, að frekari yfirheyrslur færu fram í máli þessu. Fór sú framhaldsrannsókn fram í sakadómi Reykjavíkur 8. október 1982. Vitnið Sigurgeir Arnþórsson lögreglumaður, sem gaf frumskýrslu í máli þessu, kom þá fyrir dóminn og bar m. a., að hann myndi ekkert eftir málsatvikum. Vitnið Kristján Kristjánsson, fyrrverandi lögreglumaður nr. 101, sem stóð að handtöku ákærða ásamt Sigurgeiri Arnþórssyni lögreglumanni, bar fyrir sakadómi

sama dag, að hann myndi lítillega eftir máli þessu. Hann kvað sig minna, að ákærði hefði sagst hafa drukkið pilsner, og hafi hann fundið áfengislykt af ákærða. Því hafi þótt ástæða til að taka öndunarsýni af ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa séð önnur merki áfengisdrykkju á ákærða.

Vitnið Rúnar Þór Pétursson bar m. a. fyrir sakadómi nefndan dag, að það þekkti ákærða. Vitnið kvaðst hafa verið stanslaust undir áhrifum áfengis og lyfja á tímabilinu september 1981 til janúar 1982. Því myndi það ekki sérstaklega eftir aðfaranótt laugardagsins 4. október 1981. Vitnið kvaðst tvívegis hafa sest upp í bifreið hjá ákærða á þessum tíma og hafi ákærði í bæði skiptin verið „bláedrú".

Ákærði bar í sakadómi m. a. greindan dag, að vitnið Rúnar Þór Pétursson hefði verið einn þeirra félaga, er ákærði hefði ekið heim aðfaranótt 4. október 1981, en kvaðst ekki vita, hverjir aðrir hefðu verið í bifreiðinni, enda ekki þekkt þá.

Ákærði kvaðst halda fast við það, að hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, enda hafi hann ekki drukkið annað en pilsner og maltöl, eins og hann hafi skýrt frá hjá varðstjóra.

Ákærði gaf þá skýringu á framburði sínum hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 22. október 1981, að hann hefði verið illa fyrirkallaður vegna undanfarandi áfengisneyslu og til þess að losna úr yfirheyrslunni hafi hann viðurkennt að hafa neytt áfengis skömmu fyrir aksturinn.

Lögreglumaðurinn Sigurgeir Arnþórsson ber í skýrslu sinni 4. október 1981, að áfengisþef hafi lagt frá vitum ákærða, er hann var stöðvaður framangreinda nótt. Í skýrslu Magnúsar Aðalsteinssonar lögregluvarðstjóra sömu nótt segir, að lagt hafi lítils háttar áfengisþef af andardrætti hans og að ákærði hafi viðurkennt að hafa neytt áfengis, en síðar í skýrslunni er haft eftir ákærða, að það hafi verið pilsner og maltöl. Hinn 22. október 1981 bar ákærði fyrir Gísla M. Garðarssyni rannsóknarlögreglumanni, að hann hefði neytt áfengis um það bil tveimur klukkustundum áður en lögreglan stöðvaði hann framangreinda nótt. Kvað ákærði magn

þessa áfengis hafa verið „einn tvöfaldur brennivín og sjúss úr gosdrykkjarflösku".

Samkvæmt alkóhólrannsókn reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.22‰.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa neytt áfengis eftir aksturinn.

Þegar virtur er framburður ákærða, sem hefur verið mjög óstöðugur, svo og alkóhólmagn í blóði hans, sem var 1.22‰, þá er sannað lögfullri sönnun, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Sök hans þykir rétt færð í ákæruskjali til refsiákvæða í umferðarlögum nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Svo sem í héraðsdómi er getið, hefur dómssáttin frá 20. mars 1980 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með framangreindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Þar sem hér er um ítrekað brot að ræða af hálfu ákærða, ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 22. október 1981 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, svo sem í héraðsdómi greinir.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Sævar Símonarson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málasvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir

Hæstaréttí, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. mars 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 3. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 73/1982: Ákæruvaldið gegn Herði Sævari Símonarsyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. desember sl., á hendur ákærða, „Herði Sævari Símonarsyni verkamanni, Þingholtsstræti 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 27. mars 1942, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 4. október 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 24157 frá veitingahúsinu Glæsibæ við Álfheima í Reykjavík vestur í bæ, þar sem lögreglan stöðvaði akstur ákærða við Melatorg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Laugardaginn 4. október sl., um kl. 0445, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um undarlegan akstur bifreiðarinnar R 24157. Lögreglumenn veittu bifreiðinni athygli, er henni var ekið norður Suðurgötu, og var aksturinn stöðvaður við Melatorg. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra kvaðst ákærði, sem var ökumaður bifreiðarinnar, einungis hafa drukkið eina flösku af pilsner og eina af maltöli. Öndunarsýni sýndi III. stig, og samkvæmt lýsingu í varðstjóraskýrslu var andlit ákærða þrútið, fatnaður velktur og augu vot og dauf. Að öðru leyti voru ekki sjáanleg áfengisáhrif á ákærða.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 22. október sl. kvaðst ákærði hafa, um tveimur klukkustundum áður en lögreglan stöðvaði akstur hans, drukkið í veitingahúsinu Glæsibæ einn tvöfaldan brennivín og sjúss úr gosdrykkjarflösku.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, og ekki neytti hann áfengis, eftir að akstri lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar af Ólafi Bjarnasyni lækni kl. 0520 sama morgun. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.22‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða um áfengisneyslu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1965 18/12 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 217. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1966 26/1 í Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

1967 23/11 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1968 13/3 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

1968 24/5 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, en refsing ekki dæmd.

1969 16/5 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1969 25/6 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1969 25/9 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.

1971 7/5 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1973 20/12 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1976 29/1 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1977 29/12 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1980 20/3 í Reykjavík: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot gegn

25. gr., 37. gr. og 46. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 25/1 1980.

Auk þess hefur ákærði 67 sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir ölvun, 1 sinni fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952 og 1 sinni fyrir brot gegn 217. gr. alm. hegningarlaga.

Dómssáttin frá 20. mars 1980 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 33. gr. áfengislaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 22. október 1981 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Sævar Símonarson, greiði 6.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 22. október 1981 að telja.

Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 20. október 1982.

Nr. 179/1980. **Samvinnutryggingar g/t**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Grétari Kristjónssyni
og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Brunatjón. Vátryggingarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og settur hæstaréttardómari Guðrún Erlendsdóttir.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980 og gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi útg. 22. desember 1980, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1980.

Dómkröfur gagnáfrýjanda eru aðallega þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og aðaláfrýjanda gert að greiða honum 60.000.00 nýkrónur með 24.5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1979 til 1. september 1979, með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var ekki gagngert á því byggt af hálfu aðaláfrýjanda, að vátryggingarsamningur aðilja hefði ekki verið skuldbindandi fyrir hann. Þá var því ekki haldið fram af hálfu gagnáfrýjanda, að verðmæti hinna vátryggðu muna hefði numið meiru en

vátryggingarfjárhæð þeirra. Var því ekki sérstaklega andmælt af hálfu aðaláfrýjanda.

Eigi er fullsannað, hver voru upptök eldsins.

Hegðun gagnáfrýjanda, er hann varð eldsins var, var með miklum ólíkindum. Greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins, eftir að slökkvilið kom á vettvang. Má ætla, að unnt hefði reynst að bjarga innbúi að töluverðu leyti, ef gagnáfrýjandi hefði hafist handa um tilhlýðilegar aðgerðir, er hann varð eldsins var. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann um það, að lækka beri bætur til gagnáfrýjanda með vísan til 52. gr. laga nr. 20/1954 og 21. gr. vátryggingarskilmála aðaláfrýjanda. Þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 30.000.00 nýkrónur með vöxtum, svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 12.000.00 nýkrónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Samvinnutryggingar g/t, greiði gagnáfrýjanda, Grétari Kristjónssyni, 30.000.00 krónur með 24.5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1979 til 1. september 1979, með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 12.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 16. júní sl., hefur Grétar Kristjónsson, Gilsbakka, Hellissandi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. nóvember 1979, á hendur Samvinnutryggingum g/t til greiðslu tryggingarbóta að upphæð kr. 6.000.000

með 24.5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1979 til 1. september 1979, með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að þann 23. mars 1979 kom Guðný Sigfúsdóttir, eiginkona stefnanda, á umboðsskrifstofu stefnda á Akranesi. Þetta var á föstudegi. Erindi Guðnýjar var að falast eftir heimilistryggingu. Hún ritaði nafn sitt undir formlega vátryggingarbeiðni á nafn stefnanda. Vátryggingarupphæð var ákveðin kr. 6.000.000 og gildistími vátryggingarinnar frá 23. mars 1979 til 1. janúar 1980. Iðgjald greiddi Guðný ekki.

Laust fyrir kl. 0700 mánudaginn 26. mars 1979 var tilkynnt til lögreglunnar á Akranesi, að eldur væri laus í húsinu nr. 21 við Vesturgötu á Akranesi, en það hús átti stefnandi, þar var heimili hans og fjölskyldu hans, og þar var vátryggða innbúið.

Þegar slökkviliðið kom á vettvang, var mikill eldur laus í húsinu, en húsið var úr timbri, hæð, ris og steinsteyptur kjallari. Greiðlega gekk að slökkva eldinn, en bæði hæðin og risið eyðilögðust svo og meginhluti innbús.

Ítarleg rannsókn fór fram á tildrögum eldsvoðans á vegum rannsóknarlögreglu ríkisins. Í endurriti rannsóknarinnar, sem fram er lagt í málinu, greinir frá því, að ekki verði með vissu sagt til um upptök eldsins, en líkur bendi til, að hann hafi komið upp í herbergi inn af eldhúsi. Húsið hafi allt brunnið að innan og innbúið sömuleiðis. Jafnframt segir þar, að um eldsupptök verði ekki fullyrt. Þau kynnu að hafa orðið vegna ógætilegrar meðferðar elds eða vegna íkveikju, en eins og meðfylgjandi skýrslur beri með sér, hafi ekkert upplýst um þetta efni.

Stefnandi var einn heima, er eldurinn kom upp, og hafði verið að vindrykkju frá því aðfaranótt sunnudags. Hann var handtekinn og settur í varðhald. Í skýrslu Viðars Einarssonar, lögregluþjóns á Akranesi, sem frammi liggur í málinu, kemur fram, að Viðar hafi verið á næturvöktum þær tvær nætur, er næstar fóru á undan brunanum. Hann segir stefnanda málsins, Grétar Kristjónsson, hafa haft samband við lögreglustöðina margsinnis

á því tímabili. Hann hafi viðurkennt að vera ölvaður í þau skipti, er hann hringdi. Nóttina fyrir brunann hafi Grétar haft samband við lögregluna um síma og rætt við Viðar. Þetta hafi verið um kl. 0415. Hann hafi þá haft á orði, að kona hans hefði verið að athuga um tryggingar á húsinu hjá Samvinnutryggingum og hefði hann ástæðu til að ætla, að hún mundi kveikja í húsinu eða væri að hugsa um það. Í skýrslu Viðars er það tekið fram, að Grétar hafi virst vera mjög ölvaður, er samtalið fór fram.

Eiginkona stefnanda segir í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu, að kl. 2200 laugardaginn 24. mars 1979 hafi þau hjónin farið á dansleik á Hótel Akranes. Þar hafi þau drukkið áfengi, en ekki orðið mikið drukkin. Hún hafi ein farið heim um kl. 0200 og hafi stefnandi þá verið þar fyrir. Hann hafi ráðist á sig með skömmum og lagt á sig hendur og hafi hún hrakist að heiman. Konan upplýsti, að stefnandi hefði á þessum tíma vitað, að hún hafði farið í umboð Samvinnutrygginga og samið um heimilistryggingu. Eiginkonan dvaldi síðan hjá vinafólki þeirra hjóna á Akranesi fram yfir brunann og hafði ekki samband við mann sinn. Sonur þeirra hjóna, 11 ára gamall, var með henni. Eldri sonur þeirra, sem var til heimilis hjá þeim, var á sjó á umræddu tímabili.

Stefnandi hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, og liggur sú skýrsla frammi í málinu. Hann kannaðist við að hafa sagt lögreglunni, að hann og kona hans hefðu verið að hugsa um að kveikja í húsinu. Auk þess hefði hann eitthvað rætt um tryggingu, sem kona hans hefði tekið fyrir nokkru. Þegar hann hafði talað við lögregluna, hefði hann hringt í númer læknis, er lögreglan gaf honum upp, en þar hefði ekki verið svarað. Ætlunin hefði verið að ná til læknis og fá hjá honum sprautu, svo hann gæti sofnað. Hann hefði síðar hringt í Guðbjörgu, konu Jóhanns Ársælssonar, en hjá þeim hjónum dvaldi kona stefnanda á þessum tíma. Hann kvaðst hafa beðið Guðbjörgu að hringja í lækni fyrir sig. Eftir að hann hafði hringt í Guðbjörgu, hefði hann gengið niður í herbergið, sem var inn af eldhúsinu, og tekið að lesa ljóð. Þar hefði hann reykt og lagt frá sér hálfreykta sígarettu í öskubakka, að hann telur, eða látið hana á borðbrún. Síðan hefði hann gengið fram í gegnum eldhúsið, lagt ljóðin frá sér á eldhúsborð, sem var rétt innan við dyrnar, og farið síðan inn í stofu með brennivínsflösku með sér. Hann hefði ætlað að leita að tónlist í útvarpinu. Þegar hann hafði verið þar nokkra stund, hefði hann heyrt einhver hljóð, eins og

gengið væri um, hann hefði haldið, að einhver væri að koma. Hann hefði því snúið við og ætlað að ganga fram, en rétt áður en hann kom að dyrunum fram í ganginn, hefði hann heyrt snark í eldi og munað þá skyndilega eftir sígarettunni. Hann hefði þá litið inn í eldhúsið, en ekkert séð nema reyk og auk þess heyrt dynki. Hann hefði þá farið niður stigann og ofan í kjallarann. Hann hefði fengið mikinn reyk ofan í sig í dyrunum og hóstað mikið. Hann taldi, að það hefði liðið yfir sig í kjallarastiganum, því alla vega hefði hann gleymt sér. Hann muni næst eftir sér liggjandi í kjallaratröppunum úti og hefði honum þá verið orðið kalt. Ungur maður hefði gengið fram hjá og hann kallað í hann og beðið hann að gefa sér sígarettu, en hann hefði ekki ansað sér. Hann muni síðan eftir bjarma af eldi og síðan hefði Erla Gísladóttir, sem búið hafi í næsta húsi, komið og hlaupið á dyrnar, bankað og kallað nafn konu hans. Einhver hefði spurt hann, hvort einhver væri inni, en hann kveðið nei við því. Hann vissi ekki, hver kallaði á slökkviliðið, en hann hefði ekki gert það. Því næst hefði hann farið inn í næsta hús til Stefáns og Erlu. Þar hefði hann verið, þegar lögreglan kom og færði hann á lögreglustöðina. Hann hefði átt von á því, þar sem hann hafði þvælt um íkveikju við lögregluna fyrr um nóttina. Hann sagðist þess fullviss, að eldurinn hefði komið upp í herberginu fyrir innan eldhúsið. Hann muni eftir því að hafa skilið þar eftir logandi sígarettu, annað hvort á borðbrún eða í öskubakka. Hann sagði mikla fjárhagslega örðugleika hafa steðjað að sér að undanförnu. Hann hefði tapað miklu fé á sjoppurekstri, sem hann hefði stundað fram að áramótum. Rétt sé, að þau hjónin hefðu oft talað um að kveikja í húsinu og fara bara til Spánar fyrir tryggingarféð eða fá sér trillu og flytja austur á firði. Þetta hefði nú samt verið meira hugmynd heldur en þau hefðu nokkurn tímann haft kjark til að hrinda þessu í framkvæmd. Hann kvaðst hafa vitað, að kona hans hefði föstudaginn áður gengið frá tryggingu við Samvinnutryggingar, alla vega hefði hún sagst hafa skrifað undir eitthvert skjal og tryggingarfjárhæðin væri kr. 6.000.000. Ástæða þess, að hann hefði þvælt um íkveikju við lögregluna, hefði verið sú, að hann var reiður út í konu sína og hefði ætlað að gera henni eitthvað til miska, annars hefði þetta verið marklaust röfl. Hann neitaði því harðlega að hafa viljandi kveikt í húsinu, en kvaðst hins vegar nokkurn veginn viss um, að kviknað hefði út frá sígarettunni, sem hann skildi eftir í herberginu inn af eldhúsinu.

Guðbjörg Róbertsdóttir, sem áður er til vitnað, skýrði svo frá fyrir rannsóknarlögreglu, að hún teldi það hafa verið milli kl. 0443 og 0450 aðfaranótt mánudagsins 26. mars, að stefnandi hringdi heim til hennar og hún varð fyrir svörum. Hún hefði greint, að stefnandi var drukkinn, en ekki mjög mikið.

Stefán Sigurðsson héraðsdómslögmaður, lögmaður stefnanda í málinu, var árla á fótum umræddan morgun. Hann býr í húsinu nr. 23, sem var næsta hús við hús stefnanda. Við skýrslutöku rannsóknarlögreglu kvaðst hann þegar hafa farið út, er hann hafði spurnir af eldsvoða í húsi stefnanda. Þá hafi mikill eldur logað í eldhúsinu og herbergi inn af því, en hann kvaðst ekki muna, hvort eldur logaði þá í risinu. Stefán kvað stefnanda hafa komið inn á heimili sitt nokkru seinna, þá sýnilega ölvaðan og með áfengisflösku í hendinni.

Erla Gísladóttir, eiginkona Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, segist í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu hafa vaknað um kl. 0630 umræddan morgun. Um 10 mínútum seinna hafi sér orðið litið út um glugga, er viti að húsi stefnanda. Þá hafi hún séð ljós í kvistherbergi hússins og einnig í eldhúsi og herbergi inn af því. Hún kvaðst hafa séð einhvern sitja í herberginu og taldi víst, að það hefði verið stefnandi. Hefði hann snúið vinstri hlið að glugganum. Hún kvaðst ekkert hafa séð athugavert, þegar hún leit þarna út um gluggann. Eftir þetta hafi hún farið niður og hellt kaffi í bolla og kveikt á útvarpinu. Hún hefði verið nýbúin að hella í kaffibolla, þegar hún heyrði einhverja bresti eða smelli og skömmu síðar litið út um gluggann á þeirri hlið, er snúi að götunni. Hún hefði þá séð, að reyk lagði frá Vesturgötu 21, sjávarmegin. Hefði hún sagt manni sínum, Stefáni, frá því og hlaupið síðan út, þar sem hún taldi fólk vera í húsinu. Hún hefði hlaupið að útidyrahurðinni, bankað og kallað, en ekki gert tilraun til að opna. Síðan hefði hún hlaupið út á götu eða gangstétt og kallað nafn Guðnýjar, konu stefnanda, nokkrum sinnum, þeim megin. Þegar hún hefði hlaupið þarna út, hefði logað út um gluggann á herberginu inn af eldhúsinu á fyrstu hæð og hefði glerið verið sprungið. Hún taldi glerið í eldhúsglugganum líka hafa verið sprungið, en mundi ekki, hvort eldur logaði þar út. Hún sá ekki Grétar. Hún fór síðan inn til sín, klæddi sig, fór út aftur og kom þá að Grétari, þar sem hann sat í kjallaratröppum við hús sitt, en þá var eitthvað af fólki komið á staðinn.

Nokkru eftir atburð þennan barst stefnanda bréf frá stefnda,

og var honum tilkynnt, að gengið hefði verið frá tryggingarskírteini. Að beiðni stefnanda kannaði Stefán Sigurðsson, lögmaður á Akranesi, hvort tryggingarskírteinið væri hjá umboði stefnda á Akranesi. Stefnandi hafði þá glatað fyrrgreindu bréfi, en hann var þá fluttur til Hellissands. Skírteinið, sem er nr. 3448304, reyndist vera hjá Akranesumboðinu, og greiddi lögmaðurinn iðgjaldið þann 19. júlí 1979 og fékk skírteinið í hendur. Með bréfi, dagsettu þann sama dag, krafði lögmaðurinn tryggingarfélagið um greiðslu tryggingarfjárhæðarinnar eftir að hafa haft samband við Akranesumboð stefnda og Kjartan Úlfsson, starfsmann stefnda í Reykjavík. Með bréfi, dagsettu 26. júlí 1979, synjaði stefndi um greiðslu tjónbótanna á þeirri forsendu, að í rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins kæmu fram upplýsingar, sem bentu mjög til þess, að stefnandi hefði valdið eldsvoðanum að yfirlögðu ráði. Með bréfinu sendi stefndi lögmanninum ávísun að upphæð kr. 24.450 til endurgreiðslu tryggingariðgjaldsins. Lögmaðurinn hefur ekki leyst út ávísunina, heldur endursent hana.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að með rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins hafi ekki upplýst, með hvaða hætti kviknaði í húsinu nr. 26 (sic) við Vesturgötu á Akranesi. Þótt þar sé talið, að um íkveikju frá sígarettu geti hafa verið um að ræða, séu orsakir brunans með öllu óupplýstar. Áburði stefnda um, að stefnandi hafi kveikt í húsinu, er mótmælt með öllu, hvað þá heldur að hann hafi gert það að yfirlögðu ráði. Haldið er fram, að engar haldbærar forsendur séu fyrir neitun stefnda um greiðslu tjónbótanna.

Af hálfu stefnda er bótakröfunni hafnað. Í greinargerð sinni telur lögmaður stefnda sýknuástæður fjölmargar. Hann tíundar þar þessar ástæður:

„Stefnandi hefir viðurkennt, að það hafi verið ásetningur sinn, og reyndar þeirra hjóna beggja, að kveikja í húsinu, m. a. til þess að ná út vátryggingarfé og njóta þess erlendis eða í öðrum landsfjórðungi, þar sem þau ráðgerðu að setjast að.

Margt bendir til þess, að stefnandi hafi hrint þessum ráðagerðum í framkvæmd, þótt hann eftir á vilji ekki við því gangast. Hér um vísast til rannsóknarinnar, sbr. atriði, sem rakin eru hér að framan. Eigi þarf að fjölyrða um, hversu alvarlegur slíkur verknaður er. Meðal þess, sem af slíku hlýzt, er algjör missir réttar til vátryggingarbóta, sbr. 18. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Yrði eigi talið sannað að lögum, að stefnandi hafi af ásettu

ráði kveikt í húsinu, þá er þó öldungis víst, að hann olli eldsvoðanum með stórkostlega gálauslegri hegðan sinni, sbr. frásögn hans af því, hvernig hann meðhöndlaði logandi vindling, rétt áður en eldur varð laus í húsinu. Hér kemur og til álita sú staðreynd, að stefnandi var einn að drykkju í timburhúsi í andlegu uppnámi og vansvefta.

Í þriðja lagi braut stefnandi gróflega gegn fyrirmælum 52. gr. laga nr. 20/1954, er hann hafðist ekkert að til að slökkva eldinn eða aftra útbreiðslu hans. Hann taldi ekki einu sinni ómaksins vert að kveðja til slökkviliðið, hvað þá að hann leitaði annarra úrræða, svo sem hjálpar vegfarenda eða annarra nágranna. Í stað þess að rækja brýnar lagaskyldur í þessu efni labbaði stefnandi sig út úr húsinu og kom sér þægilega fyrir í kjallaratröppum þess. Virðist það lítt hafa fengið á hann að vita af húsi sínu brennandi yfir sér með öllu, sem í því var verðmæta. Er þetta svo hrikalegt ábyrgðarleysi og dæmalaust og svo gjörsamlega afbrigðileg hegðun, að það verður ekki skýrt með öðru en því að tengja það fyrri hugmyndum stefnanda að brenna ofan af sér húsið. Alveg er fullljóst, að tjónið, sem hér er til álita, eða a. m. k. meginhluti þess, er bein afleiðing af þessu fádæma ábyrgðarleysi og stórkostlega gáleysi stefnanda. Og hefir hann því fyrir þetta eitt fyrirgert öllum bótarétti úr umræddri heimilistryggingu.

Í fjórða lagi braut stefnandi gróflega gegn ákvæðum 21. gr. laga nr. 20/1954 og þar með gegn brýnum hagsmunum stefnda. Samkvæmt lagaákvæði þessu hvílir sú skylda á vátryggðum að skýra félaginu þegar í stað frá því, ef hann hyggst hafa uppi kröfur gegn félaginu. Það gerði stefnandi ekki fyrr en bréf barst frá lögmanni hans, en þá voru liðnir 4 mánuðir frá tjónsatvikinu. Starfsmenn stefnda fóru árangurslausa ferð upp á Akranes daginn eftir eldsvoðann, þar sem hvorki tókst þeim að ná sambandi við stefnanda né eiginkonu hans til að afla nauðsynlegra upplýsinga um hina vátryggðu hagsmuni og tjónið á þeim. Með þessari vanrækslu telur stefndi, að stefnandi hafi fyrirgert þeim bótarétti, sem hann kynni að hafa átt. Í þessu sambandi vek ég athygli á því, að engar upplýsingar hafa fengizt um verðmæti innbúsins fyrir eldsvoðann eða hvernig því reiddi af, sem eigi varð eldi að bráð.

Í fimmta lagi var leynt af hálfu vátryggingartaka mikilsverðum upplýsingum, er vátryggingin var keypt, svo sem um ráðagerð vátryggingartaka að kveikja í húsi sínu, hagi hans og heim-

ilisástæður. Hefðu slíkar upplýsingar legið fyrir í upphafi, er alveg víst, að umboðsskrifstofa stefnda á Akranesi hefði eigi látið þess nokkurn kost að selja stefnanda heimilistryggingu. Hér um vísast til 4. gr. laga nr. 20/1954 svo og 6. gr. Fyrir þessa sök og þó annað kæmi eigi til er rétti stefnanda til vátryggingarbóta úr hendi umbj. m. fyrirgert."

Þá er bótakröfunni mótmælt sem allt of hárri og órökstuddri.

Eiginkona stefnanda, Guðný Sigfúsdóttir, hefur komið fyrir dóminn, og var hún þá að því spurð, hvert hefði verið tilefni þess, að hún tók heimilistrygginguna. Hún kvaðst hafa beðið um þessa tryggingu löngu fyrir áramótin 1978/1979. Það hefði verið vegna þess, að þau höfðu þá eignast töluvert innbú. Þau hafi langað til að hafa þetta eitthvað tryggt, eins og fólk venjulega geri. Þau höfðu þá búið um ár að Vesturgötu 21. Þau hefðu haft heimilistryggingu mörgum árum áður, en að öðru leyti hafi innbú þeirra verið ótryggt. Hún kvaðst hafa rætt við mann sinn, áður en hún bað um þessa tryggingu. Það hefðu þau gert haustið áður, þegar hún eða Grétar talaði við tryggingamann uppi á Akranesi og bað um tryggingu. Síðan hefði það gerst, að yngri drengurinn þeirra hefði skemmt eitthvað bíl á Akranesi og þá hefðu þau tilkynnt það til tryggginganna. Það hefði þá komið í ljós, að tryggingin var ekki í gildi. Þau hefðu hins vegar talið sig vera með tryggingu. Þetta hefði verið einhvern tímann um áramótin sem drengurinn skemmdi bílinn. Hún kvaðst hafa talað við umboðsmanninn föstudaginn 23. mars 1979. Hann hefði alveg kannast við, að þau hefðu áður beðið um tryggingu, og hann hefði spurt sig, hvað þau ættu og hvað tryggingin ætti að vera há. Hann hefði eftir nokkrar umræður stungið upp á, að tryggingin yrði kr. 6.000.000. Umboðsmaðurinn hefði sagt þetta vera algenga upphæð. Hann hefði spurt hana um það helsta, sem þau ættu. Hún hefði farið til umboðsins á þessum degi, þar sem að hún þurfti að taka sér frí úr vinnunni og gera ýmislegt, fara í bankann og sitthvað fleira. Hún kvaðst sjálf hafa átt frumkvæði að því að fara í tryggingarumboðið. Þau hefðu verið sammála um það hjónin, að nauðsynlegt væri að gera þetta, vegna þess að drengurinn skemmdi bílinn. Umboðsmaðurinn hefði sagt henni, að innheimta iðgjaldsins yrði send seinna og skírteini þá með.

Hún sagði, að þau hjónin hefðu hætt sjoppurekstri um áramótin 1978/1979, og vildi ekki viðurkenna, að þau hefðu verið í miklum skuldum. Þau hefðu verið þrjú vinnandi á heimilinu.

Hún kvaðst minnast þess, að einhvern tímann hefði verið á það minnst í gamni, að réttast væri að kveikja í húsinu og fara til Spánar fyrir tryggingarféð eða fá sér trillu eða eitthvað slíkt. Þá sagði hún, að ef þau hefðu eitthvað verið að hugsa um að kveikja í húsinu út af fjárhagnum, þá hefði verið miklu betra að selja húsið heldur en að fara að kveikja í því, því að þau hefðu þó átt innbúið og getað selt húsið fyrir miklu meiri peninga en brunabótamati hússins nam. Lagður hefur verið fram listi, sem eiginkonan hefur gert yfir innbú þeirra hjóna. Segir hún lista þennan réttan, en verðið á hinum ýmsu munum sé ef til vill sumpart of hátt, en sumpart of lágt. Þá hafa verið lögð fram gögn um uppgjör Brunabótafélags Íslands við stefnanda vegna tjónsins á húsinu að Vesturgötu 21, Akranesi. Samkvæmt listanum nam verðgildi innbúsins kr. 11.825.000.

Álit dómsins.

Aðiljar eru um það sammála, að vátryggingarsamningur hafi komist á milli þeirra.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins verður ekki með vissu sagt til um upptök eldsins. Rannsóknarlögreglan segir ekkert hafa upplýst um, að bruninn hafi orðið vegna ógætilegrar meðferðar elds eða íkveikju. Frekari gögn um upptök eldsins hafa ekki komið fram. Gegn ákveðnum andmælum stefnanda er því ósannað, að hann hafi valdið brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlega vangá. Skilyrði 18. gr. laga nr. 20/1954 til að svipta hann samningsbundnum bótum eru þannig ekki fyrir hendi.

Fram er komið, að stefnandi gerði enga tilraun til að kveðja til slökkvilið, eftir að hann varð eldsins var. Þá gerði hann enga tilraun til að slökkva sjálfur eldinn eða til að bjarga einhverjum lausafjármunum úr brennandi húsinu. Í stað þessa settist hann í tröppur kjallara hússins. Þegar fyrsta vegfaranda bar að, bað hann um sígarettu, en ekki um, að kallað yrði til slökkvilið. Fram er þannig komið, að stefnandi braut gróflega gegn fyrirmælum 21. gr. vátryggingarskilmálanna, sbr. 52. gr., 1. mgr., laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Telja verður yfirgnæfandi líkur á, að einhverju hefði mátt bjarga af innanstokksmunum, hefði stefnandi ekki hagað sér svo afbrigðilega, en slökkvistarf gekk greiðlega, eftir að það hófst. Af þessum sökum þykir eðlilegt að lækka bætur til stefnanda verulega, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 20/1954.

Samkvæmt skýrslum rannsóknarlögreglu ríkisins eyðilagðist

meginhluti innbúsins að Vesturgötu 21, Akranesi, í brunanum 26. mars 1979. Starfsmenn stefnda komu strax á staðinn. Verður ekki séð, að tilkynningar til stefnda um brunann hefðu breytt einhverju um möguleika starfsmanna stefndu til að gera sér frekari grein fyrir tjóninu. 21. gr. laga nr. 20/1954 þykir því ekki hér eiga við.

Þá hefur stefndi ekki sannað staðhæfingu sína um, að umboðsmaður hans á Akranesi hafi verið leyndur mikilsverðum upplýsingum, þá er kona stefnanda tók tryggginguna.

Eiginkona stefnanda hefur lagt fram lista yfir tjón heimilisfólksins að Vesturgötu 21, Akranesi, í brunanum 26. mars 1979. Hún hefur staðfest lista þennan fyrir dómi, en segir hann ónákvæman og byggðan á mati hennar sjálfrar. Tjónsupphæðin samkvæmt listanum er verulega hærri en vátryggingarfjárhæðin. Vátryggingarfjárhæðin var fundin með aðstoð umboðsmanns stefnda á Akranesi, sem ómótmælt er, að ráðlagði konunni að tryggja fyrir kr. 6.000.000, þar sem það væri venjulegt. Konan og umboðsmaðurinn munu ekki hafa gert nákvæmlega upp með sér verðgildi innbúsins, þegar tryggingin var tekin, og ekkert mat fór þá fram á verðmæti innbúsins. Þegar þetta er skoðað, þykir hér mega miða við vátryggingarfjárhæðina við uppgjör tjóns stefnanda. Rétt þykir að lækka bætur að nokkru, þar sem rannsóknarlögreglan telur, að einhverju hafi verið bjargað, en aðallega, sbr. ofanskráð, með hliðsjón af 21. gr. vátryggingarskilmálanna, sbr. 52. gr. laga nr. 20/1954. Bætur til stefnanda þykja þannig hæfilega ákveðnar kr. 4.000.000. Vaxtakrafa stefnanda er með tilliti til 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 tekin til greina. Upphafstíma vaxta er ekki mótmælt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega metinn kr. 700.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnanda, Grétari Kristjónssyni, kr. 4.000.000 með 24.5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1979 til 1. september 1979, með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 700.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1982.

Nr. 148/1980. **Skarphéðinn Einarsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Hafsteini Heiðari Haukssyni og Hauki Ragnari Haukssyni persónulega og f. h. Bílasölunnar Brautar s/f
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
og
Hafsteini Häsler og gagnsök
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Umboðssala. Bifreið. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi, Skarphéðinn Einarsson, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. ágúst s. á. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða sér 20.000.00 krónur með 22% ársvöxtum frá 2. júní 1978 til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu innlánsvöxtum til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar frá gagnáfrýjendum in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendurnir Hafsteinn Heiðar Hauksson og Haukur Ragnar Hauksson skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1980. Þeir krefjast sýknu af kröfum

aðaláfrýjanda, og hvor um sig krefst málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi Hafsteinn Häsler skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1980, en honum hafði verið birt stefna aðaláfrýjanda hinn 29. september. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Aðaláfrýjandi sneri sér í maí 1978 til Bílasölunnar Brautar s/f, sem tók að sér sölu á bifreið hans, Ö 4758. Fyrir liggur í málinu afsal, dagsett 2. júní 1978. Segir þar, að Skarphéðinn Einarsson selji fyrir milligöngu bílasölunnar Ágústi Guðjónssyni bifreið þessa fyrir 900.000 krónur. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, fékk aðaláfrýjandi 800.000 krónur fyrir bifreið sína, en Ágúst Guðjónsson lét fyrir hana þrjú veðskuldabréf, samtals að nafnverði 2.800.000 krónur. Gagnáfrýjandi Hafsteinn Häsler tók bréf þessi og kveðst hafa selt þau fyrir 1.480.000 krónur, sem hann fór með sem eigið fé.

Það var forsenda samnings aðaláfrýjanda og Bílasölunnar Brautar s/f, að aðaláfrýjandi fengi það fé, sem greitt var fyrir bifreið hans, að sölulaunum frádregnum. Ekki skiptir máli, hvort talið verður, að samningur hafi komist á milli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Hafsteins Häsler, sem var starfsmaður bílasölunnar, þar sem sá samningur mundi ógildanlegur, ef hann var gerður. Kröfugerð aðaláfrýjanda felur í sér slíka ógildingarkröfu. Ber því að dæma eigendur bílasölunnar, gagnáfrýjendur Hafstein Heiðar Hauksson og Hauk Ragnar Hauksson, til að greiða aðaláfrýjanda það fé, sem hann hefur enn ekki fengið af söluverði bifreiðarinnar, en aðaláfrýjandi hefur ekki krafist þess að fá veðskuldabréf þau, sem afhent voru bílasölunni sem greiðsla fyrir bifreið hans. Óumdeilt er í málinu, að Hafsteinn Häsler hafði látið framkvæma nokkrar endurbætur á bifreið aðaláfrýjanda, áður en hún var seld Ágústi Guðjónssyni, en aðiljar deila um kostnað við þær endurbætur og áhrif þeirra á söluverðið. Hafsteinn Häsler átti ekki lögvarinn eignarrétt yfir bifreiðinni, þegar endurbæturnar voru gerðar, en þær voru

liður í aðgerðum hans til að öðlast með ólögmætum hætti gróða af viðskiptum með bifreið, sem falin hafði verið fyrirtæki því, sem hann starfaði hjá, í umboðssölu. Eins og á stendur, er því ekki rétt, að kostnaður við endurbæturnar komi til frádráttar því fé, sem greitt skal aðaláfrýjanda.

Ljóst er, að veðskuldabréf þau, sem fyrrnefndur Ágúst Guðjónsson lét sem greiðslu fyrir bifreið aðaláfrýjanda, voru ekki seljanleg á nafnverði á afsalsdegi 2. júní 1978. Er ekki unnt að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um dóm um greiðslu nafnverðsins að frádreginni þeirri fjárhæð, sem hann hefur fengið greidda. Aðilja greinir á um verðmæti bréfanna. Eftir atvikum er rétt að leggja til grundvallar, að það hafi svarað til 1.500.000 króna staðgreiðslu. Verður eigendum Bílasölunnar Brautar s/f gert að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð að frádregnum 800.000 krónum, sem áður höfðu verið greiddar, eða alls 700.000 gamlar krónur.

Gagnáfrýjandi Hafsteinn Häsler var, sem fyrr segir, starfsmaður Bílasölunnar Brautar s/f. Hugðist hann með aðferðum, sem lýst er í héraðsdómi, nota í eigin þágu skuldabréf þau, sem Ágúst Guðjónsson lagði fram sem greiðslu, og láta nægja að greiða aðaláfrýjanda 800.000 krónur. Hann er því bótaskyldur gagnvart aðaláfrýjanda og verður dæmdur til að greiða honum áðurnefnda upphæð, 700.000 gamlar krónur, óskipt með eigendum bílasölunnar.

Vaxtakrafa aðaláfrýjanda verður tekin til greina þannig: 19% ársvextir frá 2. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á. og síðan eins og áfrýjandi krefst.

Eftir þessum úrslitum verða gagnáfrýjendur dæmdir til að greiða óskipt til aðaláfrýjanda í málskostnað 11.000.00 krónur, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Hafsteinn Heiðar Hauksson og Haukur Ragnar Hauksson persónulega og fyrir hönd Bílasölunnar Brautar s/f og Hafsteinn Häsler, greiði

óskipt aðaláfrýjanda, Skarphéðni Einarssyni 7.000.00 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 19% frá 2. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu innlánsvöxtum til greiðsludags. Þá greiði gagnáfrýjendur óskipt til aðaláfrýjanda 11.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms með skírskotun til forsendna hans að undanskildu vaxtaákvæði, þó þannig, að fjárhæðir breytist í samræmi við gjaldmiðilsbreytingu 1. janúar 1981. Þá tel ég rétt að ákveða vexti svo sem greinir í dómi meiri hluta dómara í málinu.

Í samræmi við ákvæði 177. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, tel ég, að málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 15. okt. sl., höfðaði Skarphéðinn Einarsson, Efri-Brúnastöðum, Vatnsleysuströnd, Gullbringusýslu, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. og 13. mars 1979, gegn Hafsteini Heiðari Haukssyni, Flúðaseli 89, Reykjavík, og Hauki Ragnari Haukssyni, Krummahólum 4, Reykjavík, báðum persónulega og f. h. Bílasölunnar Brautar s/f, Reykjavík, svo og Hafsteini Häsler, Egilsstöðum við Nesveg, Seltjarnarnesi, til greiðslu in

solidum á skuld og/eða skaðabótum að fjárhæð kr. 2.000.000 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 2. júní 1978 til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu Hafsteinn Hauksson, Haukur Hauksson og Bílasalan Braut s/f krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim hverjum um sig verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. mati dómsins.

Stefndi Hafsteinn Häsler krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Mál þetta er risið af sölu bifreiðar stefnanda, Ö 4758, Chevrolet Nova, árgerð 1970, í bílasölu stefndu Hafsteins Haukssonar og Hauks Haukssonar, Bílasölunni Braut s/f. Bifreiðina keypti sölumaður á Bílasölunni Braut s/f, stefndi Hafsteinn Häsler, af stefnanda í maí 1978 á kr. 800.000, án þess að stefnandi vissi, hver væri kaupandinn. Hinn 2. júní 1978 seldi Hafsteinn Häsler Ágústi Guðjónssyni bifreiðina fyrir skuldabréf að fjárhæð kr. 2.800.000, og var stefnandi skráður seljandi bifreiðarinnar.

Stefnandi kærði Bílasöluna Braut s/f til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna viðskipta þessara. Stefnandi, stefndu Hafsteinn Hauksson, Hafsteinn Häsler svo og Ágúst Guðjónsson voru yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og hér fyrir dómi vegna máls þessa. Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem fram kom við yfirheyrslur þessar.

Fram kom hjá stefnanda, að hann hefði fyrst farið með bifreið sína, Ö 4758, í bílasölu SÍS, Ármúla 3, þar sem bifreiðin hafi verið verðmetin á um kr. 1.400.000 og verið þar um hálfan mánuð á sölulista. Síðan hafi stefnandi tekið bifreiðina þaðan og farið með hana í Bílasöluna Braut s/f. Þar hafi honum verið sagt, að bifreiðin mundi ekki seljast nema fyrir kr. 1.150.000 miðað við kr. 800.000 í útborgun og eftirstöðvar á hálfu ári, þar sem útlit bifreiðarinnar væri ekki sem best. Ekki mundi stefnandi, hvaða sölumaður á þessari bílasölu verðmat bifreiðina. Þegar stefnandi kom aftur á bílasöluna, hitti hann sölumann stefnda, Hafstein Häsler, sem tjáði stefnanda, að eitt tilboð hefði borist í bifreiðina að fjárhæð kr. 800.000, staðgreitt. Ekki vildi stefnandi ganga að tilboði þessu og stakk upp á kr. 950.000 í

staðgreiðslu. Stefndi Hafsteinn Häsler hafi þá sagt stefnanda að koma aftur síðar þennan dag, þar sem hann mundi þá vera búinn að bera þetta gagntilboð stefnanda undir þennan tilboðshafa, en stefndi Hafsteinn Häsler hafi tekið fram, að mjög erfitt væri að ná sambandi við þennan mann. Stefnandi kvaðst hafa spurt að því, hver þessi tilboðsgjafi væri og hvar hann ætti heima. Við þessari spurningu hafi hann ekki fengið önnur svör en að þessi maður væri bílabraskari og væri mjög upptekinn og vont að ná til hans. Þegar stefnandi kom aftur á bílasöluna, tjáði stefndi Hafsteinn Häsler honum, að þessi tilboðsgjafi hefði ekki viljað ganga að tilboði stefnanda. Stefndi Hafsteinn Häsler hafi ýtt á stefnanda að taka tilboðinu, þar sem hann taldi þetta vera mjög gott tilboð miðað við ástand bifreiðarinnar, sem væri mjög slæmt að áliti þeirra, sem reynsluekið hefðu bifreiðinni. Stefnandi hafi fallist á að taka tilboðinu, en stefndi Hafsteinn Häsler hafi sagt stefnanda, að þessi væntanlegi kaupandi að bifreiðinni hefði mikið að gera og gæti ekki gengið frá kaupsamningi og tilkynningu fyrr en daginn eftir. Stefndi Hafsteinn Häsler hafi vitað, að stefnandi starfaði á Keflavíkurflugvelli og gæti því ekki komið því við að vera viðstaddur, þegar þessi væntanlegi kaupandi gengi frá kaupunum daginn eftir. Hafi því orðið að samkomulagi, að kaupandinn mundi leggja umrædda fjárhæð inn á reikning stefnanda í Verzlunarbankanum, en maðurinn fengi bifreiðina ekki afhenta fyrr en peningarnir væru komnir í bankann. Stefnandi hafi, þegar hann kom með bifreiðina á bílasöluna í upphafi, undirritað afsal „in blanco", til þess að bílasalan gæti annast sölu á bifreiðinni að stefnanda fjarstöddum, enda hefðu sölumennirnir ráðlagt stefnanda að hafa það þannig, þar sem hann ynni á Keflavíkurflugvelli. Daginn eftir að stefnandi samþykkti tilboðið hafi umsamin fjárhæð verið lögð inn á reikning stefnanda. Þegar stefnandi kom heim úr 3ja vikna ferð til Englands, hafi beðið hans bréf frá bílasölunni, þar sem í var afsal vegna sölu bifreiðarinnar, þar var verð bifreiðarinnar tilgreint kr. 900.000.

Það hafi sennilega verið í byrjun ágúst 1978 sem stefnandi sá bifreiðina, og var hún enn á númeri stefnanda, Ö 4758. Þá kvaðst stefnandi hafa farið til bilasölunnar og talað við stefnda Hafstein Häsler til þess að kanna, hvernig á því stæði, að umskráning hefði ekki farið fram, og hafi Hafsteinn Häsler sagst skyldu sjá um, að það yrði gert. Hafi hann dregið úr stefnanda að vera sjálfur að ræða um þetta við kaupanda bifreiðarinnar,

þar sem hann væri búinn að selja bifreiðina aftur út á land, að Hafsteinn taldi. Í framhaldi af þessu kvaðst stefnandi hafa spurt, hvers vegna umsamið kaupverð bifreiðarinnar væri sagt kr. 900.000 í afsali, en ekki kr. 800.000, eins og stefnanda hafði verið sagt, að bifreiðin seldist á. Hafi Hafsteinn sagt sér, að kaupandi bifreiðarinnar hafi viljað hafa þetta svona í afsalinu, þar sem hann hafi orðið að endurbæta bifreiðina mikið, áður en hann gæti selt hana aftur. Síðar hafi stefnandi hitt ökumann bifreiðarinnar, sem hafi reynst vera kaupandi hennar, Ágúst Guðjónsson. Í samræðum þeirra hafi komið fram, að Ágúst hafði keypt bifreiðina nýlakkaða og greitt fyrir hana með skuldabréfi að fjárhæð kr. 2.800.000 með 50% afföllum, þannig að staðgreiðsluverð bifreiðarinnar hafi verið kr. 1.400.000. Eftir þetta kærði stefnandi atferli stefndu til rannsóknarlögreglu ríkisins. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 15. september 1978 krafðist stefnandi þess að fá kr. 600.000 endurgreiddar frá bílasölunni auk lögfræðikostnaðar.

Fram kom hjá Ágústi Guðjónssyni, sem keypti bifreið stefnanda, að hann hefði greitt fyrir bifreiðina með skuldabréfi til 5 ára, tryggðu með veði í fasteign, að fjárhæð kr. 2.800.000, með hæstu löglegu fasteignalánsvöxtum og hafi þá verð bifreiðarinnar talist kr. 1.480.000. Reiknað hafi verið með 47% afföllum af skuldabréfunum. Hann hafi kynnt sér þetta á fleiri bílasölum og þar væri miðað við 47—50% afföll af 5 ára skuldabréfum. Hafsteinn Hauksson hafi gengið frá afsali og hafi hann spurt sig að því, hvort ekki væri í lagi að setja bara kr. 900 þúsund á afsalið, og hafi Ágúst játað því. Hann kvaðst hafa haldið, að þetta hefði verið gert, þar sem fyrri eigandi bifreiðarinnar mundi ekki hafa verið búinn að eiga bifreiðina nógu lengi. Hafsteinn Hauksson hafi gengið frá kaupunum og tekið við skuldabréfunum. Bílasalan hafi borgað kostnað af þinglýsingu skuldabréfanna.

Bíllinn hafi litið mjög vel út, þegar Ágúst keypti hann, enda hafi hann verið nýsprautaður.

Hafsteinn Häsler hafi virst vera sá eini á bílasölunni, sem hafði með þennan bíl að gera.

Fram kom hjá stefnda Hafsteini Häsler, að hann myndi ekki, hvort það hefði verið hann, sem verðmat bifreið stefnanda, en hann muni, að hann hafi séð bifreiðina á verðinu kr. 1.150.000 á skoðunarsvæði bílasölunnar. Stefnandi, eigandi bifreiðarinnar, hafi ýtt á eftir með sölu á bifreiðinni og hafi hann nefnt, að við

staðgreiðslu mundi hann lækka verð bifreiðarinnar, en hann þyrfti að selja bifreiðina, áður en hann færi erlendis eftir tvo til þrjá daga. Þá kvaðst Hafsteinn hafa séð, að hann mundi geta gert góð kaup með því að gera sjálfur tilboð í bifreiðina, gera hana síðan upp og selja hana aftur með hagnaði, eða jafnvel eiga hana til eigin nota. Síðan hafi hann sagt stefnanda, að það væri komið eitt tilboð í bifreiðina að upphæð kr. 800.000, staðgreitt, en ekki kvaðst Hafsteinn Häsler hafa sagt stefnanda, að það væri hann sjálfur, sem væri tilboðsgjafi. Stefnandi hafi komið með gagntilboð, kr. 950.000, staðgreitt, en að því gekk Hafsteinn Häsler ekki. Síðan hafi komist á samkomulag um sölu á bifreiðinni fyrir kr. 800.000, staðgreitt, og að kaupandi greiddi sölulaunin, kr. 16.000. Gengið hafi verið frá afsali að öllu leyti útfylltu nema nafn kaupanda og undirskrift hans. Hafsteinn Häsler kvaðst hafa sagt Skarphéðni, að kaupandi bifreiðarinnar hefði farið fram á, að söluverð bifreiðarinnar yrði gefið upp kr. 900.000, þar sem hann ætlaði að gera bifreiðina upp fyrir endursölu. Samkomulag hafi orðið um þetta atriði. Hafsteinn Häsler kvaðst ekki hafa látið stefnanda vita, að það væri hann sjálfur, sem stæði að kaupunum að bifreiðinni. Ástæðan var sú, að hann vildi ekki, að það kæmi fram, að hann sem sölumaður bílasölunnar væri sjálfur að gera tilboð. Hann hafi ætlað að láta kunningja sinn undirrita afsalið sem kaupanda, en hafi ekki verið búinn að koma því í verk, þegar bifreiðin seldist aftur, eftir að hún hafði verið lagfærð. Stefndi Hafsteinn Häsler kvaðst hafa látið lagfæra bifreiðina, bæði ástand og útlit, og hafa síðan látið hana á söluskrá Bílasölunnar Brautar að því loknu, þá hafi bifreiðin verið verðlögð á kr. 1.480.000.

Nokkrum dögum síðar hafi borist tilboð í bifreiðina með greiðslu skuldabréfs til fimm ára að fjárhæð kr. 2.800.000, útgefins af kaupanda bifreiðarinnar, Ágústi Guðjónssyni. Skuldabréfsupphæðin hafi verið miðuð við 47% afföll. Stefndi Hafsteinn Haukssn, annar eigandi bílasölunnar, hafi gengið frá sölunni. Hann hafi vitað, að Hafsteinn Häsler hefði keypt bifreiðina, en stefnandi var sagður eigandi á afsalinu. Það hafi ekki verið fyrr en þetta tilboð kom sem stefndi Hafsteinn Häsler kynnti stefnda Hafsteini Haukssyni, hvernig málið stóð, og hafi honum verið mjög á móti skap að ganga svona frá þessu, en hafi þó gert það til þess að skemma ekki söluna fyrir Hafsteini Häsler. Hins vegar hafi hvorki hann né aðrir átt þátt í þessu og ekkert fengið greitt nema kr. 16.000 í sölulaun. Stefndi Haf-

steinn Häsler kveðst hafa leynt Ágústi Guðjónssyni, kaupanda bifreiðarinnar, að hann væri sjálfur seljandi bifreiðarinnar.

Stefndi Hafsteinn Häsler kvaðst hafa kostað til viðgerðar á bifreiðinni kr. 190.000. Fyrir rannsóknarlögreglu 24. sept. 1978 kvaðst stefndi Hafsteinn Häsler fús til þess að greiða stefnanda kr. 250.000. Hinn 27. s. m. féll stefndi Hafsteinn Häsler frá þessu tilboði sínu.

Stefndi Hafsteinn Häsler kvaðst sjálfur hafa gengið frá og útfyllt afsalið nafni seljanda og söluverði.

Fram kom hjá stefnda Hafsteini Haukssyni, að stefndi Hafsteinn Häsler hefði sagt honum frá því sama daginn eða daginn eftir að kaupin voru gerð, að það hafi verið hann sjálfur, sem keypti bifreið stefnanda. Stefndi Hafsteinn Hauksson hafi sjálfur gengið frá afsali til Ágústs Guðjónssonar, en ekki tekið eftir því, hver var skráður seljandi á afsalið, enda hafi afsalið verið útfyllt frá seljanda. Hann hafi ekki útfyllt þetta afsal, nema að því leyti að færa inn nafn kaupanda og dagsetningu, ef hann hefði fært inn nafn seljanda, hefði hann ritað nafn Hafsteins Häsler, þar sem hann hafi vitað, að hann var seljandi bifreiðarinnar, en ekki Skarphéðinn Einarsson. Í einhverjum flýti hafi sér yfirsést að lesa yfir nafn seljanda og undirskrift hans og talið, að það væri nafn Hafsteins Häsler. Þetta hafi verið mistök af sinni hálfu að láta þetta fara svona. Stefndi Hafsteinn Häsler hafi ekki sagt sér frá því, að hann væri skráður seljandi að bifreiðinni. Búið hafi verið að skrá á afsalið kr. 900.000. Stefndi Hafsteinn Hauksson kvaðst hafa útbúið skuldabréf sem greiðslu á kaupverði bifreiðarinnar, en mundi ekki, hver var fjárhæð skuldabréfsins.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnandi hafi á mjög gróflegan hátt verið blekktur í sambandi við sölu bifreiðar sinnar af hálfu hinna stefndu. Verði ekki skilið á milli þátta hvers stefndu um sig, þar sem hér sé um svo samverkandi þætti að ræða. Hin almenna skaðabótaregla eigi hér ótvírætt við, en auk þess komi til húsbóndaábyrgð af hálfu Bílasölunnar Brautar s/f gagnvart stefnda Hafsteini Häsler.

Um stefnukröfuna sjálfa þurfi ekki að deila. Viðurkennt sé, að bifreiðin hafi verið seld á kr. 2.800.000 í skuldabréfum. Af þeirri fjárhæð hafi stefnandi aðeins fengið kr. 800.000. Hugsanleg afföll séu stefnanda óviðkomandi, enda hafi hann aldrei samþykkt

þau. Að því er varðar kröfugerð stefnanda hjá rannsóknarlögreglunni þá sé hún fallin niður, þar sem stefndu hafi alfarið hafnað henni, en hún hafi verið við það miðuð, að eigi þyrfti að koma til frekari málaferla. Sé hún því eigi bindandi lengur fyrir stefnanda.

Af hálfu stefnda Hafsteins Häsler er sýknukrafa rökstudd með því, að stefndi Hafsteinn Häsler hafi keypt bifreið stefnanda á gangverði, sem stefnandi hafi sætt sig við, og með því hafi stefnandi ekki orðið fyrir neinu tjóni, þó svo að stefndi hafi fengið hærra verð fyrir bifreiðina síðar. En stefndi Hafsteinn Häsler hafi á sinn kostnað og undir sinni umsjá látið laga bifreiðina verulega.

Stefnanda hafi verið tjáð, strax og hann kom með bifreiðina á bifreiðasöluna Braut, að útlit og ástand hennar væri ekki mjög glæsilegt og þyrfti hún talsverðrar lagfæringar. Enn fremur hafi honum verið tjáð, að nauðsynlegt væri að þrífa bifreiðina að utan og sérstaklega að innan. Þessum ábendingum hafi stefnandi ekki sinnt. Stefndi Hafsteinn Häsler hafi lagt í þá áhættu að kaupa bifreiðina, kosta til hennar stórfé í lagfæringar, þrífa hana hátt og lágt og selja aftur. Söluverð í það sinn hafi verið kr. 1.400.000. Ekki hafi komið fram, að stefndi Hafsteinn Häsler hafi haft hagnað af viðskiptum þessum. Krafa stefnanda um greiðslu á kr. 2.000.000 sé því út í hött, og er henni algerlega vísað á bug.

Um það bil 40 bifreiðasölur séu starfandi á Reykjavíkursvæðinu. Kaup og sala bifreiða fari eftir lögmálum viðskiptalífsins, þar sem framboð og eftirspurn ákveði kaup- og söluverð notaðra bifreiða. Hverjum og einum sé frjálst að kaupa eða selja þá lausafjármuni, er hann óski. Bifreiðaeigandi, sem vilji selja bifreið sína, geti beðið hvern sem er að annast söluna fyrir sig. Oftast sé gerður samningur um kaup og sölu bifreiða, sem bæði seljandi og kaupandi samþykkja af frjálsum og fúsum vilja. Verðmat bifreiðasala ráði ekki verði bifreiða. Framboð og eftirspurn ráði verðinu. Hverjum einstaklingi sé frjálst að taka því boði, sem honum berst, og sé hann óánægður með verðmat lausafjármuna sinna, þá hafi hann möguleika að leita til ótal annarra bifreiðasala. Af þessu sjáist, að kaup og sala bifreiða fari eftir almennum reglum viðskiptalífsins, þ. e. framboð og eftirspurn ráði ferðinni.

Stefnandi hafi selt bifreið sína á því staðgreiðsluverði, sem margoft hafi verið búið að bjóða honum, og hafi honum mátt

standa á sama, hver kaupandinn væri, svo framarlega sem hann fengi það verð, sem hann fór fram á. Tjón hans af þessum viðskiptum sé því ekkert. Eigi stefnandi því engar kröfur á hendur stefnda Hafsteini Häsler og með því verði að telja, að málshöfðun þessi sé algerlega ónauðsynleg og eigi stefndi því kröfu á greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu stefndu Hafsteins Haukssonar, Hauks Haukssonar og Bílasölunnar Brautar s/f eru dómkröfur rökstuddar með eftirfarandi:

1. Stefnandi hafi alls ekki verið beittur svikum við kaupin, þ. e. a. s. hann hafi ekki gengið til kaupanna vegna neinna rangra eða óljósra upplýsinga, sem honum voru gefnar um atvik, sem áhrif höfðu á, hvort hann gengi til kaupanna.

2. Stefndu Hafsteinn og Haukur Haukssynir geti alls ekki, eins og málum sé háttað, borið neina fjárhagslega ábyrgð á meintu fjártjóni stefnanda eftir almennu skaðabótareglunni.

3. Stefnandi hafi alls ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni við kaupin.

Um 1. Fjársvikin, sem stefnandi telji sig hafa verið beittan, hljóti að beinast að því tvennu, að hann hafi ekki verið látinn vita um, hver var kaupandi bifreiðarinnar, og að kaupandinn, sölumaðurinn Hafsteinn Häsler, hafi blekkt sig um hvert væri „sannvirði" bifreiðarinnar.

Um fyrra atriðið sé það að segja, að stefnandi hafi aldrei gert kröfu til að fá að vita um nafn kaupanda. Þvert á móti hafi hann undirritað skjöl um kaupin, þar sem eyða var fyrir nafni kaupandans og jafngildi það beinni yfirlýsingu um, að hann léti sér í léttu rúmi liggja, hver kaupandinn yrði. Þá liggi það einnig fyrir í málinu, að stefnandi hafi tekið kauptilboðinu um kr. 816.000 kaupverð án þess þá að vita, hver kaupandinn væri, og hafi hann heldur enga kröfu gert til þess að fá um það að vita. Engri blekkingu hafi á nokkurn hátt verið beitt um þetta og geti stefnandi engan rétt byggt á því, að hann hafi ekki vitað, hver kaupandinn var.

Í annan stað virðist stefnandi halda því fram, að meðstefndi Hafsteinn Häsler hafi blekkt sig um, hvert eðlilegt söluverð eða „sannvirði" bifreiðarinnar væri. Þetta sé auðvitað ekki fjársvikaástæða, eins og haldið sé fram af hálfu stefnanda í stefnu, heldur misneytingarástæða, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1960. Virðist hér vera á því byggt, að Hafsteinn Häsler hafi hagnýtt sér fákunnáttu stefnanda til þess að fá hann til að gera kaupin. Í þessu

sambandi verði að hafa í huga, að stefnandi hafi samþykkt tilboðsverðið, kr. 816.000 út í hönd. Þessari málsástæðu sé því vísað algerlega á bug. Stefnandi hafi haft bifreið sína til sölumeðferðar á öðrum bílasölum í a. m. k. hálfan mánuð, áður en hann kom með hana til Bílasölunnar Brautar s/f. Hafi hann því sjálfur verið búinn að vera í býsna góðri aðstöðu til þess að mynda sér skoðanir um eðlilegt söluverð. Jafnframt verði að hafa í huga hið alkunna, að daglega geti að líta í dagblöðum heilu myndaopnurnar frá bílamarkaðinum með ítarlegum upplýsingum um bifreiðar þær, sem til sölu séu hverju sinni, og þ. á m. um uppsett verð á þeim. Muni mála sannast, að 70—80% af öllum þeim, sem koma með bíla til sölumeðferðar á bílasölu, séu sjálfir búnir að verðleggja þá. Hafa verði hliðsjón af þessu og svo hinu, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann sé sérstaklega fákunnandi, og verði því fráleitt talið, að stefnanda hafi tekist að sýna fram á, að skilyrði misneytingar hafi verið til staðar.

Um 2. Stefnandi virðist í stefnu telja, að bótaábyrgð stefndu Hafsteins Haukssonar, Hauks Haukssonar og Bílasölunnar Brautar s/f byggist á almennu skaðabótareglunni. Ekkert hafi komið fram í málinu um sök þessara stefndu. Ekki skipti máli í þessu sambandi, þó stefndi Hafsteinn Hauksson hafi af misgáningi ekki athugað, að Hafsteinn Häsler væri skráður sem seljandi bifreiðarinnar við síðari söluna. Verði ekki séð, með hvaða hætti það komi við kaupsamningi stefnanda og Hafsteins Häsler, og engin áhrif hafi þessi stefndi haft á efni þess kaupsamnings. Kannist hann ekki einu sinni við að hafa nokkurn tíma séð stefnanda. Á þeim tíma, sem hér um ræðir, hafi verið gengið frá allt að 10 sölum á dag. Miklar annir hafi þannig verið því valdandi, að hann hafi gert þau mistök að fylgjast ekki nægilega vel með því, að fyrst væri gengið frá sölu til Hafsteins Häsler og síðan frá honum til hins nýja kaupanda. Sé það föst regla hjá Bílasölunni Braut s/f að ganga frá öllum sölum frá réttum seljanda til rétts kaupanda. Með engu móti verði séð, með hvaða hætti stefndi Haukur Hauksson eigi að vera ábyrgur fyrir hinu meinta fjártjóni stefnanda samkvæmt almennu skaðabótareglunni.

Verði af einhverjum ástæðum sú niðurstaða ofan á, að stefndi Hafsteinn Häsler hafi sem starfsmaður stefnda Bílasölunnar Brautar s/f brotið gegn skyldum bílasölunnar gagnvart stefnanda og með þeim hætti valdið honum fjárhagslegu tjóni, sé því ekki sérstaklega mótmælt, að stefndi Bílasalan Braut s/f og

þá stefndu Hafsteinn og Haukur Haukssynir sem einkaeigendur hennar beri skv. reglunni um atvinnurekendaábyrgð innan samninga sameiginlega ábyrgð með starfsmanninum á því tjóni. Ef þessi verði niðurstaða, er þess krafist, að skýrt komi fram í forsendum dóms, að ábyrgð stefndu Hafsteins og Hauks Haukssona sé ekki reist á sakargrundvelli.

Um 3. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir neinu fjárhagslegu tjóni við kaupin. Til að sýna fram á slíkt þurfi hann að sanna, að bifreiðin hafi miðað við kjör verið seld á lægra verði en eðlilegt markaðsverð hennar hafi verið á þessum tíma. Hann hafi enga tilburði haft uppi í þessa átt. Hér skipti engu máli, þótt Hafsteinn Häsler hafi eftir að hafa látið gera við bifreiðina fyrir umtalsverða fjárhæð (kr. 190.000, sbr. dskj. 3, bls. 12) selt hana á kr. 2.800.000 og lánað allt kaupverðið til 5 ára. Þetta veiti enga vísbendingu um „sannvirði" við staðgreiðslu fyrir viðgerð. Sérstaklega er bent á, að Hafsteinn Häsler muni hafa getað látið gera við bifreiðina, fyrir lægri fjárhæðir en almennt gerist, hjá kunningjum sínum. Og það veiti heldur enga vísbendingu um „eðlilegt" söluverð, hvaða verð hafi verið sett á bifreiðina áður. Komi þar til, að tilgreint verð sé yfirleitt of hátt, það miðist á gömlum bílum við ca 1/2 verð út í hönd og 1/2 verð lánað í allt að 6—8 mánuðum og enginn kaupandi hafi gefið sig fram til að kaupa á hærra verði en bifreiðin seldist á þrátt fyrir verulegar tilraunir í að afla kaupanda. Langbesta sönnunargagnið, sem fyrir liggi í málinu, um, að kaupverðið hafi verið sanngjarnt miðað við kjör, sé sú staðreynd, að stefnandi hafi samþykkt það sjálfur. Hann hafi verið í góðri aðstöðu til þess að meta sjálfur, hvert væri eðlilegt söluverð.

Stefnandi geri kröfu um greiðslu á kr. 2.000.000, sem er mismunur á kr. 2.800.000 (skuldabréfsfjárhæð til 5 ára) og kr. 800.000, sem hann fékk greiddar inn á bankareikning sinn. Kröfugerð stefnanda sé svo fáránleg, að ekki sé sæmandi að leggja slíkt fyrir dómstóla landsins. Allir viti, að kaupverð seldra hluta byggist á því, hvenær kaupverðið er greitt. Lánskjör skipti auðvitað meginmáli í óðaverðbólgu. Einnig sé ljóst, að stefnandi hafi sjálfur aldrei sett hærra verð á bifreiðina en kr. 1.400.000, þó hann ætli nú að fá fyrir hana kr. 2.800.000.

Stefnandi hafi ekkert tillit tekið til endurbótanna á bifreiðinni, sem gerðar voru, eftir að hann seldi. Hann miði við að hafa fengið kr. 800.000 fyrir bifreiðina, en hafi í raun fengið kr. 816.000, en alkunna sé, að seljendur greiði sölulaun. Áður hafi

hann án fyrirvara gert kröfu um kr. 600.000 og sé því bundinn af því. Loks er kröfu um 3% dráttarvexti sérstaklega mótmælt. Álit dómsins.

Fram er komið, að í maí 1978 fól stefnandi stefnda Bílasölunni Braut s/f, eign stefndu Hafsteins og Hauks Haukssona, að selja bifreið sína, Ö 5758. Starfsmaður Bílasölunnar Brautar s/f, stefndi Hafsteinn Häsler, keypti bifreið stefnanda, án þess að stefnandi vissi, hver kaupandinn var, og greiddi inn á bankareikning stefnanda 22. maí 1978 umsamið kaupverð bifreiðarinnar, kr. 800.000. Hinn 2. júní 1978 seldi stefndi Hafsteinn Häsler Ágústi Guðjónssyni bifreiðina á verði, sem taldist jafngilda kr. 1.480.000 staðgreiðsluverði. Ágúst vissi ekki, að stefndi Hafsteinn Häsler væri seljandi bifreiðarinnar, enda var stefnandi talinn seljandi á afsali bifreiðarinnar og söluverðið þar tilgreint kr. 900.000.

Ekki er sérstök löggjöf um bifreiðasölu, en sambærileg viðskipti eru fasteignasölum bönnuð, sbr. 5. gr. laga nr. 47/1938.

Ólíklegt þykir, að stefnandi hefði án frekari athugunar samþykkt tilboð það, sem stefndi Hafsteinn Häsler flutti honum, ef hann hefði vitað, að þessi stefndi var sjálfur tilboðsgjafinn. Verður því við það miðað, að stefnandi hafi gengið að verðtilboði stefnda Hafsteins Häsler vegna blekkinga þessa stefnda, sbr. 30. gr. laga nr. 7/1936. Stefndu hafa ekki sannað, að verð það, sem stefnandi fékk fyrir bifreiðina, hafi verið eðlilegt, enda er viðurkennt af Hafsteini Häsler, að hann hafi ætlað sér að gera góð kaup og þá væntanlega á kostnað stefnanda.

Við niðurstöðu máls þessa verður við það miðað, að stefndi Hafsteinn Häsler hafi með viðskiptum sínum við stefnanda haft af stefnanda fjárhagslegan ávinning, sem honum ber að bæta stefnanda. Stefndi Bílasalan Braut s/f og stefndu Hafsteinn og Haukur Haukssynir, eigendur bílasölunnar, bera sem vinnuveitendur stefnda Hafsteins Häsler ábyrgð á þessu atferli starfsmanns síns gagnvart stefnanda.

Við ákvörðun á fjártjóni stefnanda þykir verða að miða við það, sem hefði verið eðlilegt verð fyrir bifreið stefnanda á þeim tíma, sem viðskiptin áttu sér stað, en ekki fjárhæð skuldabréfs til 5 ára, sem stefndi Hafsteinn Häsler fékk fyrir bifreiðina, eftir að hann hafði eitthvað látið gera við hana. Fram er komið, að áður en til þeirra viðskipta kom, sem málið er af risið, hafði stefnandi falið annarri bifreiðasölu að selja bifreið sína og þar hafi bifreiðin verið verðlögð á kr. 1.400.000, en ekki selst á tveim-

ur vikum. Þegar stefnandi kom með bifreið sína til stefnda Bílasölunnar Brautar s/f, var bifreiðin verðmetin á kr. 1.150.000 og þá verðhugmynd samþykkti stefnandi. Eftir atvikum þykir mega leggja þá fjárhæð til grundvallar við ákvörðun á verði bifreiðarinnar, enda þótt hún hafi ekki verið miðuð við staðgreiðslu.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu beri að greiða stefnanda in solidum kr. 350.000, þ. e. mismuninn á því verði, sem hann fékk, kr. 800.000, og því, sem taldist eðlilegt verð, eða kr. 1.150.000. Það þykir ekki skipta máli við niðurstöðu máls þessa, þótt stefndi Hafsteinn Häsler hafi greitt sölulaun af kr. 800.000.

Vextir ákveðast 22% ársvextir frá 2. júní 1978 til 1. september 1979 og 27% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 170.000.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna veikinda dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu Hafsteinn Häsler, Hafsteinn Heiðar Hauksson og Haukur Ragnar Hauksson, þeir Hafsteinn Heiðar og Haukur Ragnar Haukssynir persónulega og f. h. Bílasölunnar Brautar s/f, greiði in solidum stefnanda, Skarphéðni Einarssyni, kr. 350.000 með 22% ársvöxtum frá 2. júní 1978 til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 170.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. október 1982.

Nr. 149/1982. **Landssamband vörubifreiðastjóra vegna Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, og Vörubílstjórafélagsins Þróttar**
gegn
Saltsölunni h/f.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili kærði hinn 15. júlí 1982 til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Hafnarfjarðar í bæjarþingsmálinu nr. 209/1982 frá 12. s. m. Var kært eftir heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kæran barst Hæstarétti 20. júlí. Er þess krafist, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og málinu vísað aftur heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms, málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Í greinargerð, sem lögmaður sóknaraðilja, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, hefur sent Hæstarétti, segir, að hann byggi nú kröfu sína um staðfestingu lögbanns þess, sem á var lagt 7. maí sl. og lýst er í hinum kærða dómi, eingöngu á lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar og reglugerð nr. 242/1971 um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði. Á sóknaraðili rétt til að fá dóm bæjarþingsins um kröfu sína, þegar þetta er haft í huga, sbr. 20. og 27. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Verður því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Héraðsdómur í máli þessu hefur ekki verið gagnkærður. Þegar af þeirri ástæðu verður krafa varnaraðilja um málskostnað í héraði ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 12. júlí 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. f. m., hefur Landssamband vörubifreiðastjóra vegna Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, og Vörubílstjórafélagsins Þróttar höfðað hinn 11. maí 1982 gegn Saltsölunni h/f, Hjarðarhaga 17, Reykjavík.

Dómkröfum sínum lýsir stefnandi svo:

„Að staðfest verði lögbann það, er lagt var á hinn 7. maí 1982, gegn því, að stefndi, SALTSALAN h.f., notaði flutningatæki í eigu FERÓ s.f., Steinaseli 6, Reykjavík, og Hafsteins og Sæmundar h.f., Tangarhöfða 4, Reykjavík, við losun á saltfarmi skipsins „Karen Danielsen" í Hafnarfirði (Hafnarfjarðarhöfn) hinn 7. maí s.l.

Krafizt er málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda eftir mati dómsins, þar á meðal alls kostnaðar við lögbannsgerðina og alls kostnaðar við staðfestingarmál þetta."

Af hálfu hins stefnda félags eru gerðar þær dómkröfur, „að það verði algjörlega sýknað af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða stefndu in solidum hæfilegan málskostnað og taki sá málskostnaður einnig til fógetaréttarmálsins."

II.

Hinn 7. maí 1982 gerði stefnandi máls þessa þá réttarkröfu í fógetarétti Hafnarfjarðar, „að lagt verði nú þegar lögbann við því, að flutningatæki í eigu FERO s.f., Steinaseli 6, Reykjavík, og Hafsteins og Sæmundar h/f, Tangarhöfða 4, Reykjavík, annist akstur á salti við losun skipsins „KAREN DANIELSEN" í Hafnarfjarðarhöfn á vegum Saltsölunnar h.f., Hjarðarhaga 17, Reykjavík."

Í fógetaréttinum var mætt af hálfu Saltsölunnar h/f, sem tók sér stöðu á varnarhlið og gerði svofelldar dómkröfur: „Þess er krafist, að lögbann þetta nái ekki fram að ganga. Gerð er sú varakrafa, nái lögbann þetta fram að ganga, að gerðarbeiðanda

verði gert að leggja fram tryggingu US $ 8000 á dag fyrir hvern þann dag, sem vinnustöðvun þessi stendur, og hlutfallslega fyrir brot úr degi."

Fógeti tók framkomnar kröfur til úrskurðar og kvað samdægurs, þ. e. hinn 7. maí 1982, upp rökstuddan úrskurð, og hljóðar úrskurðarorðið svo:

„Lögbann er lagt á flutninga salts verktakanna FERÓ s.f., Reykjavík, og Hafsteins og Sæmundar h.f., úr skipinu „KAREN DANIELSEN" í Hafnarfjarðarhöfn á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn setningu bankatryggingar eða annarrar jafngildrar tryggingar, að fjárhæð kr. 120.000,-."

III.

Hinn 5. maí kom skipið Karen Danielsen til Hafnarfjarðar með saltfarm í eigu Saltsölunnar h/f. Farmeigandi hóf að aka farminum í vörugeymslur sínar í Kópavogi með flutningatækjum í eigu Fero s/f og Hafsteins og Sæmundar h/f, en með verksamningi, dagsettum 5. maí, höfðu síðastgreind fyrirtæki, sem eru í Félagi vinnuvélaeigenda, en ekki meðlimir aðildarfélags Landssambands vörubifreiðastjóra, tekið að sér umrætt verk. Notuðu þau til flutningsins dráttarbifreiðar, palllausar, en með festivagn á stól. Höfðu tæki þessi 23 tonna burðargetu.

Í sóknarskjölum í máli þessu segir m. a.:

„Áður, eða hinn 3. maí, höfðu eigendur farmsins afhent umbj. m. (Vörubifreiðastöð Hafnarfjarðar) svokallað útboð, dagsett þann dag. — Að sjálfsögðu vildu umbj. m. ekki þurfa að sætta sig við að þurfa í samkeppni við utanaðkomandi aðila að bjóða niður úr eigin gildandi töxtum verk af þessu tagi, sem þeir töldu sig eiga skýlausan einkarétt til að annast á sínu félagssvæði, bæði samkvæmt reglugerð, útgefinni af samgönguráðherra 3. desember 1971, svo og gildandi kjarasamningi þeirra við vinnuveitendur frá 27. október 1980.

Umbj. m. buðust frá upphafi til að annast flutninginn samkvæmt gildandi töxtum, og stendur það boð enn. Stefndi samdi síðan við ofangreinda flutningsaðila um flutninginn, sem hófst að morgni 6. maí s.l.

Til að koma í veg fyrir skýlaust brot á rétti lögbannsbeiðanda í þessu tilliti gripu umbj. m. til þess ráðs að leggja bifreiðum sínum fyrir bifreiðar flutningsaðila og hindra með því flutningana. Var þetta gert í þeirri von, að um semdist milli aðila deilu

þessarar um að fá skorið úr ágreiningsefni þessu fyrir Félagsdómi, en skipið yrði losað af umbj. m. á meðan. . . .“

IV.

Hin tilvitnaða 3. gr. reglugerðar nr. 242/1971 um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, sett skv. lögum nr. 36/1970, hljóðar svo:

„Vörubifreiðastöð sú, sem Félag vörubílaeigenda rekur í Hafnarfirði, hefur hlotið viðurkenningu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og sýslunefndar Gullbringusýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er. Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.“

Reglugerðarákvæði þetta er ítrekun á ákvæðum 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar.

Deilt er um það í málinu, hvort hið tilvitnaða reglugerðarákvæði svo og lögin nr. 36/1970 taki til þjónustu þeirrar, sem Feró s/f og Hafsteinn og Sæmundur h/f létu stefnda Saltsölunni h/f í té. Telur stefnandi það tvímælalaust, að svo sé. Túlkun stefnda er hins vegar sú, að svo sé ekki. Bifreiðar þær, er notaðar voru til flutninganna, hafi ekki verið vörubifreiðar í merkingu umræddra laga og reglugerðar og umræddir vöruflutningar ekki leiguakstur. Lögin nr. 36/1970 skipti leigubifreiðum í 3 flokka, leigubifreiðar til fólksflutninga, sendibifreiðar og leigubifreiðar til vöruflutninga. Varðandi leigubifreiðar til fólksflutninga þá nefni lögin nr. 36/1970 engin stærðarmörk, en reglugerð, t. d. fyrir Reykjavík, nr. 214/1972, sýni, að hugtakið leigubifreiðar til fólksflutninga afmarkist við bifreiðar, er flytja 8 farþega eða færri. Ljóst sé, að aðrar leigubifreiðar til fólksflutninga af stærri gerðum séu ekki háðar ákvæðum laga um leigubifreiðar, sbr. t. d. lög nr. 83/1966 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Um sendibifreiðar gildi sérstakar ákvarðanir stjórnvalda, sbr. lög um tollskrá o. fl. nr. 120/1976, 87. kafla um ökutæki og fl., lið 87.02.

Um skilgreiningu á því, hvað sé leigubifreið til vöruflutninga í merkingu laga nr. 36/1970, telur stefndi, að það hugtak verði

að takmarka við venjulegar vörubifreiðar með 15 tonna burðargetu eða minna. Heldur stefndi því fram, að gildandi samning milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands, sem síðar verður nánar um fjallað, verði að túlka svo, að hann nái aðeins til bifreiða innan greindra stærðarmarka, taxtar í þeim samningi og önnur atriði miði við 15 tonna burðargetu sem hámark.

Samkvæmt framlögðu vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins gildi sú meginregla, að bifreiðar með palli séu skráðar sem vörubifreiðar, en bifreiðar, sem eru palllausar, en með stól til að tengja við festivagn, séu skráðar sem dráttarbifreiðar. Bifreiðar sem þær, sem flutningsaðiljar notuðu, hafi þannig ekki verið vörubifreiðar, hvorki samkvæmt þeim skilningi, er hafi greinilega verið sameiginlegur með málsaðiljum, er þeir gerðu samning sinn, né samkvæmt skilgreiningu stjórnvalda, og í ljósi þessa verði að túlka lögin og reglugerðina.

Leiguakstur, eins og hann er skilgreindur í 5. gr., telur stefnandi eingöngu vera það, þegar vörubifreið er leigð út ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald. Þarna sé um það að ræða, að hjá bifreiðastöðvunum sé bíllinn leigður út með manni fyrir eitt heildarverð. Dráttarbílaeigendur í Félagi vinnuvélaeigenda leigi verkfæri sín út með öðrum hætti: Tækið sé leigt út sérstaklega fyrir ákveðið gjald, en sértaxti fylgi fyrir vinnu mannsins við að stjórna tækinu. Vinnuvélaeigandinn selji út vinnu stjórnanda tækisins með álagi á þá vinnu samkvæmt sérstakri heimild verðlagsstjóra.

Til vara hefur stefndi haldið því fram, að venja hafi þrengt umrætt ákvæði 5. gr. laga og 3. gr. reglugerðarinnar um einkarétt. Landssamband vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambandið hafi beinlínis samið svo um í 6. gr. samnings síns, sem síðar verður lýst, að vörubílstjórafélögum og vinnuveitendum sé heimilt að gera sérsamninga á ákvæðisvinnugrundvelli um meiri háttar akstursverkefni. Útboð og einkaréttur séu andstæður, en útboð sé hinn nauðsynlegi og eðlilegi grundvöllur ákvæðisvinnusamninga og verksamninga. Bendir stefndi á, að svo til daglega sé verið að bjóða út verk, þar sem akstur vörubifreiða sé innifalinn, stundum útboð á hreinum akstri, t. d. flutningur á áli frá Straumsvík til Sundahafnar, svo dæmi sé tekið af félagssvæði stefnanda. Þannig hafi tilboðsverk viðgengist og staðreynd, að bæði einstakir vörubifreiðarstjórar og stöðvarnar sjálfar hafi gert tilboð í verk og samninga um þau. Stefnandi mótmælir þess-

ari túlkun. Í viðkomandi ákvæði sé eingöngu gert ráð fyrir, að vörubifreiðastjórafélögum (á viðkomandi svæði) sé í vissum tilvikum heimilt um *stærri verk* að vinna í ákvæðisvinnu og fara þar með niður fyrir gildandi taxta um smærri verk. Hér sé aðeins um heimild, en ekki skyldu, að ræða og fráleitt sé, að þetta skapi utanaðkomandi aðiljum rétt til að keppa við aðildarfélög kjarasamnings.

Til þrautavara hefur stefndi haldið því fram, að lög nr. 36/1970 taki einungis til leigu og vinnusamnings, en ekki verksamnings.

V.

Lagður hefur verið fram í málinu samningur um akstursgjöld og kjör sjálfseignarvörubifreiðarstjóra milli Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands vörubifreiðastjóra frá 27. október 1980, sem að framan er að vikið, og hljóðar 5. gr. samningsins svo:

„Vinnuveitendasambandið skuldbindur sig til að láta fullgilda félagsmenn vörubílstjórafélaga innan Landssambands vörubifreiðastjóra hafa forgangsrétt til leiguaksturs á vörubifreiðum, hvern á sínu vinnu- og félagssvæði, og til leiguaksturs inn og út af því svæði fyrir þá félaga Vinnuveitendasambandsins, sem staðsettir eru á svæðinu.

Vinnuveitendur hafa frjálst val um það, hvaða félagsmenn viðkomandi vörubílstjórafélags þeir taka til vinnu, þar sem sú regla hefur gilt.

Skipafélögum og skipaafgreiðslum er heimilt að flytja milli staða á eigin bifreiðum eða öðrum eigin flutningstækjum allan þann farm, er þau hafa tekið að sér flutning á með eigin skipum eða leiguskipum."

Í sama samningi segir m. a. svo í 6. gr.:

„Vörubifreiðastjórafélögum og vinnuveitendum er heimilt að gera sérsamninga á ákvæðisvinnugrundvelli um meiriháttar akstursverkefni."

Lagt hefur verið fram í málinu fréttabréf Vinnuveitendasambands Íslands, er nefnist VSÍ—tíðindi, 4. tbl., maí 1981. Þar segir m. a.:

„Þar sem nokkurs misskilnings hefur gætt á efni 5. gr. í kjarasamningi Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands, sem hér fer á eftir, þykir rétt að skýra efni hennar nánar á þessum vettvangi." Síðan er 5. gr. birt og síðan sagt:

„Sá forgangsréttur, sem hér um ræðir, tekur einungis til vörubifreiða innan þeirra stærðarmarka, 15 tonn, sem samningurinn tekur til. Hverjum einstökum farmflytjenda er hins vegar fullkomlega heimilt að nota aðrar gerðir flutningsbíla, s. s. sendibíla eða dráttarbíla, án tillits til þess hvaða vöru um er að ræða. Ákveði farmflytjandi á hinn bóginn að nota vörubifreið innan ofangreindra stærðarmarka til flutninganna, er hann skuldbundinn til að láta fullgilda félagsmenn vöubílstjórafélaga innan Landssambands vörubifreiðastjóra njóta forgangs."

Af hálfu sóknaraðilja í máli þessu er síðastgreindri túlkun á 5. gr. eindregið mótmælt og sá skilningur lagður í nefnt samningsákvæði, að það sé eingöngu í því tilviki, þegar flutt er *eitt stykki, er fer yfir 15 tonn,* sem einkarétturinn gildi ekki.

VI.

Stefndi hefur fært fram þá málsástæðu, og raunar lagt á hana höfuðáherslu, að sýkna beri stefnda, Saltsöluna h/f, vegna aðildarskorts. Samkvæmt ályktarorði lögbannsúrskurðarins sé hin umbeðna gerð heimiluð í því formi, að lögbann sé „lagt á flutninga salts verktakanna Feró s/f og Hafsteins og Sæmundar h/f" úr umræddu skipi. Lögbannsúrskurðurinn beinist þannig ekki að stefnda í máli þessu. Stefnandi hafi ekki beint staðfestingarmáli þessu að gerðarþolum samkvæmt lögbannsúrskurðinum, ekki einu sinni stefnt þeim til réttargæslu.

Auk þessa hefur stefndi haldið því fram, að lögbannsúrskurðurinn sé háður öðrum þeim annmörkum, „sem leiða til ógildis hans", að því er virðist af málflutningi stefnda þeim helstum, að fógeti hafi í forsendum úrskurðarins rökstutt niðurstöðu sína efnislega: „Þannig leiðist fógeti til þess, án þess að umbjóðandi minn fengi þar rönd við reist, að færa rök fyrir efnislegri réttlætingu á úrskurðinum eins og um staðfestingarmál væri að ræða", segir í greinargerð stefnda.

VII.

ÁLIT RÉTTARINS.

Af hálfu stefnanda hefur það komið glöggt fram, að hann telur, að einkaréttur sá, sem um ræðir í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970 og í 3. gr. reglugerðar 242/1971, sé engan veginn fortakslaus. Stefnandi telur t. d., að hann nái ekki til þess, þegar flutt er eitt stykki, sem fer yfir 15 tonn. Í sem fæstum orðum sagt virðist það skilningur stefnanda, að einkarétt þann, er hin

tilvitnuðu laga- og reglugerðarákvæði mæla fyrir um, megi þrengja með kjarasamningum. Stefnanda sé þannig heimilt að falla að meira eða minna leyti frá þeim einkarétti, sem lögin mæla fyrir um. Á þennan skilning má vissulega fallast. Að svo vöxnu er úrlausnarefnið í máli þessu hrein kjarasamningstúlkun.

Með 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 er það lagt til Félagsdóms, að uppfylltum skilyrðum 45. gr. sömu laga, að skera úr því, hvernig skilja beri ákvæði kjarasamnings, er ágreiningi valda. Að þessu athuguðu og þar sem stefnandi hefur ekki gert gangskör að því að leggja grunnviðfangsefnið í máli þessu fyrir Félagsdóm, sbr. 117. gr. laga nr. 85/1936, ber þegar af þessari ástæðu að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. október 1982.

Nr. 159/1982. **Norðurverk h/f og BJG h/f** gegn **Vörubílstjórafélagi Suður-Þingeyjarsýslu og gagnsök.**

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Norðurverk h/f og BJG h/f kærðu 12. júlí 1982 til Hæstaréttar frávísunardóm aukadómþings Þingeyjarsýslu 28. júní 1982 í aukadómþingsmálinu nr. 20/1982. Var kæran heimil

eftir b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Hún barst Hæstarétti 3. ágúst sl. Er þess krafist, að „frávísunardómurinn verði staðfestur með þeirri athugasemd, að lögbannsgerð sú, er til dóms var, verði ómerkt". Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Vörubílstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu gagnkærði 15. júlí 1982 með þeirri heimild, er fyrr greinir, en fyrirsvarsmönnum félagsins barst vitneskja um frávísunardóminn 2. júlí. Kröfur gagnkæranda fyrir Hæstarétti eru þær, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og málinu vísað aftur heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Í hinum kærða dómi er sagt frá dómkröfum í héraði. Kröfur vörubílstjórafélagsins voru byggðar á kjarasamningi, sem Landssamband vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasamband Íslands gerðu 27. október 1980, svo og á reglugerð nr. 79/1982 um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, en sú reglugerð er sögð sett með heimild í lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar.

Eftir 44. gr. laga nr. 80/1938 er það verkefni Félagsdóms að dæma í málum út af kærum um brot á „vinnusamningi". Eftir 47. gr. sömu laga er það almenn regla, að mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, skuli ekki flutt fyrir hinum almennu dómstólum. Hins vegar segir í 27., sbr. 20. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, að innan viku, frá því að lögbann er lagt á, skuli birta stefnu til héraðsdóms til staðfestingar lögbanninu. Þegar þessi ákvæði eru borin saman og þess gætt, að Félagsdómur er sérdómstóll, þykir verða að skýra fyrrgreind ákvæði laga nr. 80/1938 svo, að þau standi því ekki í vegi, að gagnkærandi höfði mál fyrir héraðsdómi með þeim hætti sem félagið gerði. Verður því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og er

málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 28. júní 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 14. þ. m., var höfðað með stefnu, birtri 1. og 2. maí 1982.

Stefnandi er Vörubílstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu.

Stefndu eru Norðurverk h/f, Akureyri, og BJG h/f, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Þá er Rafmagnsveitum ríkisins — Kröfluvirkjun, Akureyri, stefnt til réttargæslu í máli þessu.

Dómkröfur stefnanda eru, að staðfest verði lögbann það, er lagt var á þann 26. apríl 1982 gegn akstri stefndu á sementi frá Húsavík til Kröfluvirkjunar, og að viðurkenndur verði einkaréttur stefnanda til að annast flutninga þessa.

Þá er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þar á meðal allan kostnað við lögbannið eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Norðurverks h/f eru þær, að synjað verði staðfestingar lögbannsins og mótmælt því, að viðurkenndur verði með dómi einkaréttur stefnanda til greindra flutninga.

Loks er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda BJG h/f eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að synjað verði staðfestingar lögbannsins, er í málinu greinir, svo og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað.

Réttargæslustefndi, Rafmagnsveitur ríkisins — Kröfluvirkjun, hefur látið sækja þing og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, og krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavexti segir stefnandi vera þessa:

Á árinu 1981 voru sementsflutningar frá Kaupfélagi Þingeyinga á Húsavík til Kröfluvirkjunar boðnir út af Rafmagnsveitum ríkisins — Kröfluvirkjun, og var sementi þá ekið af stefndu í þessu máli samkv. samningi frá 6. maí 1981. Samningur þessi hefði verið gerður með samþykki stefnanda, sem ekki vildi sinna þessum flutningum sl. ár. Nýr samningur hefði síðan verið gerður, án útboðs, milli sömu aðilja hinn 7. apríl 1982. Þeg-

ar stefndu svo hófu flutninga á sementi samkvæmt hinum nýja samningi hinn 26. apríl sl., sá stefnandi sig tilneyddan að leggja lögbann við flutningunum, þar sem þeir töldu hinn síðari samning skýlaust brot á einkarétti stefnda (sic) á flutningum af þessu tagi.

Stefndi Norðurverk h/f kveður málavexti vera þá, að hinn 30. apríl 1981 hafi Rafmagnsveitur ríkisins boðið út flutninga á borleðju og sementi fyrir Kröfluvirkjun frá Húsavík til Kröfluvirkjunar í Mývatnssveit. Stefndi hafi gert tilboð í greinda flutninga og um þá tekist samningur 6. maí 1981. Eigi hafi borist tilboð frá stefnanda í flutninga þessa og hafi honum þó verið send útboðsgögn.

Þar sem flutningar þessir hafi í alla staði tekist vel, hafi í framhaldi þeirra verið gert nýtt samkomulag með samningi, dags. 7. apríl 1982, um áframhaldandi flutninga milli sömu aðilja. Skyldu stefndu flytja 300 tonn af sementi og 435 tonn af fóðurpípum frá Húsavík til Kröfluvirkjunar. Flytjendur hugðust framkvæma flutninga þessa með stórvirkum flutningstækjum, þ. e. dráttarbílum, er draga flutningssleða. Burðargeta slíkra flutningssleða sé allt að 25 tonnum og séu þeir helmingi lengri en venjulegir vörubílspallar.

Því er mótmælt af hálfu stefnda, að samningurinn frá 6. maí 1981 hafi verið gerður með samþykki stefnanda, enda engin gögn til um það. Stefnanda hafi verið boðið að bjóða í flutningana í fyrra, en hann ekki sinnt því. Af því háttalagi hafi mátt ráða, að hann hefði engan áhuga á flutningunum í ár.

Í máli þessu hefur komið fram kjarasamningur milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. október 1980, en 5. gr. samningsins er svohljóðandi:

„Vinnuveitendasambandið skuldbindur sig til að láta fullgilda félagsmenn vörubílstjórafélaga innan Landssambands vörubifreiðastjóra hafa forgangsrétt til leiguaksturs á vörubifreiðum, hver á sínu vinnu- og félagssvæði, og til leiguaksturs inn og út af því svæði fyrir þá félaga Vinnuveitendasambandsins, sem staðsettir eru á svæðinu.

Vinnuveitendur hafa frjálst val um það, hvaða félagsmenn viðkomandi vörubílstjórafélags þeir taka til vinnu, þar sem sú regla hefur gilt.

Skipafélögum og skipaafgreiðslum er heimilt að flytja milli staða á eigin bifreiðum eða öðrum eigin flutningstækjum allan

þann farm, er þau hafa tekið að sér flutning á með eigin skipum eða leiguskipum."

Einnig hefur verið lögð fram í málinu reglugerð samgöngumálaráðuneytisins um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu frá 5. mars 1982.

3. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Leiguakstur telst, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki."

Í 2. gr. reglugerðarinnar kveður svo á, að fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs á félagssvæðum takmarkist við hámarkstöluna 28.

Stefnandi byggir kröfur sínar á ákvæðum áðurnefndrar reglugerðar og einkum á forgangsréttarákvæðum í 5. gr. fyrrgreinds samnings frá 27. október 1980.

Stefnandi eigi einkarétt til flutninga á farmi þeim, sem hér um ræðir (sementinu). Telur hann, að forgangsréttur félagsmanna taki til allra flutninga á farmi af þessu tagi, þ. e. að farmur, sem eigi er eitt stykki, er fer yfir 15 tonn, skuli fluttur af stefnanda.

Stefnandi hafnar alfarið þeim skilningi stefndu, að þar sem útboð hafi farið fram í fyrra, gildi ekki einkaréttur stefnanda um flutninga þá, sem hér er fjallað um. Í fyrsta lagi þurfi stefnandi ekki að sinna útboði, enda sé óheimilt að bjóða slík verk út á félagssvæðinu. Í öðru lagi gildi útboð á árinu 1981 ekki um flutninga þá, sem hér er um að ræða.

Stefndi Norðurverk h/f byggir sýknukröfur sínar í fyrsta lagi á því, að greind reglugerð nr. 79 frá 5. mars 1982 sé gildislaus. Reglugerðina skorti lagastoð, með því að lögmæltum skilyrðum um tilurð hennar hafi eigi verið sinnt varðandi umsögn Vinnuveitendasambandsins, áður en hún hafi verið sett, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Þá telur stefnandi, að reglugerðin eigi einungis við vöruflutningabifreiðar til leiguaksturs, en gildi ekki um dráttarbifreiðar.

Í öðru lagi hafi Vinnuveitendasamband Íslands aldrei viðurkennt einkarétt vörubifreiðarstjóra til aksturs á hverju félagssvæði. Hins vegar séu í kjarasamningi aðilja ákvæði um for-

gangsrétt vörubifreiðarstjóra til leiguaksturs. Sá forgangsréttur, sem hér um ræðir, taki einungis til vörubifreiða innan þeirra stærðarmarka, 15 tonna, sem samningurinn tekur til. Hverjum einstökum eiganda farms sé hins vegar fullkomlega heimilt að nota aðrar gerðir flutningabíla, s. s. sendiferðabíla eða dráttarbíla, án tillits til þess, hvaða vöru sé um að ræða.

Stefndi bendir einnig á, að samningur RARIK — Kröfluvirkjunar frá 6. apríl 1982 við stefndu um flutningana sé verksamningur, en slíkan samning hafi verið heimilt að gera þrátt fyrir forgangsréttarákvæði kjarasamningsins. Enn fremur, að ákvæði laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar taki einungis til leigu- og vinnusamnings, en ekki til verksamnings.

Lögmaður stefnda BJG h/f hefur hreyft því í greinargerð sinni, að þar sem í máli þessu sé um að ræða ágreining um skilning á ákvæðum kjarasamnings, þá ætti mál þetta að rekast fyrir Félagsdómi, án þess þó að setja fram kröfu um frávísun.

Að öðru leyti byggir hann sýknukröfur sínar í meginatriðum á sömu rökum og meðstefndi, Norðurverk h/f.

Hér sé um að ræða flutninga með tækjum, sem ekki séu vörubifreiðar í skilningi reglugerðarinnar og ekki reknar sem slíkar. Farminn eigi að flytja fyrir ákveðið verð á grundvelli útboðs og verklýsingar og Íslensks staðals, IST 30. Reglugerðin fjalli einvörðungu um rekstur leigubifreiða til vöruflutningaaksturs. Slíkar bifreiðar séu skilgreindar í umferðarlögum, lögum um tollskrá og víðar og aðgreinist frá svonefndum dráttar- og tengivögnum, sem stefndi noti gjarnan við framkvæmd samninganna.

Kjarasamningurinn frá 27. október 1980 nái ekki til stærri flutningstækja en 15 tonna bifreiða og sé einvörðungu miðaður við leiguakstur innan þeirra stærðarmarka.

ÁLIT DÓMSINS.

Grunnúrlausnarefni máls þessa er ágreiningur um skilning og túlkun á kjarasamningi Ladssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. október 1980. Telja verður, að það falli undir verksvið Félagsdóms að veita efnisúrlausn um slíkan ágreining, sbr. 2. tölul. 44. gr. laga nr. 80/1938, að uppfylltum ákvæðum 45. gr. sömu laga.

Af þessum ástæðum þykir eiga að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi.

Krafa stefnanda um staðfestingu lögbanns þess, er gert var

þann 26. apríl 1982, er efniskrafa, þannig að ekki verður um hana fjallað nú.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Sigurður Briem Jónsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. október 1982.

Nr. 217/1979. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og biskup Íslands vegna kirkjuráðs f. h. Þjóðkirkju Íslands**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Gunnari Jóhannessyni
Vigdísi Ingibjörgu Árnadóttur og
Sigríði Gyðu Sigurðardóttur
(Páll S. Pálsson hrl.).

Landamerkjamál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 11. desember 1979. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefndu og jafnframt þess, að viðurkennd verði „landamerkjalína á þrætusvæðinu milli Skálholts og Hamra í miðjum farvegi Brúarár í meðalrennsli hennar að ósi árinnar og Hvítár", eins og hún er sýnd á uppdrætti, „gerðum af Ragnari Árnasyni, og verði Hjarðarneshólmi talinn hluti af landi" jarðarinnar Skálholts í Biskupstungnahreppi. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að staðfest verði ákvæði hans um, að Hjarðarneshólmi sé hluti jarðarinnar Hamra, svo og ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ingibjörg Kristinsdóttir lést 19. desember 1979, eftir því sem upplýst var við flutning málsins fyrir Hæstarétti, og hefur Vigdís Ingibjörg Árnadóttir, dóttir hennar og einkaerfingi, tekið við málsaðild hennar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal ljósrit af afsali, dagsettu 21. júlí 1963, en með því afhenti dóms- og kirkjumálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Þjóðkirkju Íslands jörðina Skálholt í Biskupstungum ásamt mannvirkjum og lausafé til eignar og umsjár samkvæmt heimild í lögum nr. 32/1963. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs á því ekki aðild að máli þessu nema um málskostnað.

Ragnar Árnason verkfræðingur hefur markað á uppdrátt raforkumálastjóra nr. 3939—03, sem í héraðsdómi greinir, línu þá, A—B, sem afmarkar ós Brúarár samkvæmt matsgerð þeirra Páls Hafstað og Sigurjóns Rist, svo og merkjalínu héraðsdóms milli Skálholts og Hamra, C—D. Hann hefur einnig dregið á uppdráttinn miðlínur Brúarár- og Hvítárfarvega samkvæmt álitsgerð þeirra Hauks Tómassonar og Pálma R. Pálmasonar og miðlínu „Brúarfarvegs við meðalrennsli og straumamót Brúarár og Hvítár skv. dómkröfu áfrýjanda".

Dómkröfur eigenda Hamra fyrir héraðsdómi voru þær, að viðurkennt yrði með dómi, að Hjarðarneshólmi í Hvítá væri hluti af landi jarðarinnar Hamra og að landamerkjalínan milli Skálholts og Hamra væri hin sama og sýnd er samkvæmt uppdrætti Íslands 1908 sem hreppamörk á milli Grímsneshrepps og Biskupstungnahrepps. Ekki hefur dómkrafa þessi verið mörkuð á uppdrátt þann, sem áður getur, og hvorki verður ráðið með nákvæmni af uppdrætti Íslands 1908 né öðrum gögnum málsins, hvar lína þessi liggur.

Áfrýjendur kröfðust sýknu fyrir héraðsdómi af kröfum eigenda Hamra, en kröfðust ekki viðurkenningar á tiltekinni merkjalínu. Á dómþingi 4. október 1979 lagði lögmaður áfrýjenda fram svohljóðandi yfirlýsingu:

„Til frekari skýringar og rökstuðnings sýknukröfu umbj. m. óska ég bókað, að landamerkjalína milli Skálholts og Hamra verði áfram í miðjum farvegi Brúarár, enda sé gert ráð fyrir meðalrennsli hennar. Farvegur Brúarár er milli Hjarðarneshólma og Hjarðarness og sameinast straumur hennar og Hvítár neðan umræddshólma og því beri hinum virðulega rétti að neita að viðurkenna Hjarðarneshólma sem hluta af landi jarðarinnar Hamra í Grímsneshreppi. Styðst framangreint sjónarmið við 3. gr. laga nr. 15/1923, sbr. og 8. gr. sömu laga".

Kröfulínu áfrýjenda fyrir Hæstarétti hefur Ragnar Árnason fært inn á fyrrgreindan uppdrátt raforkumálastjóra, en þó eigi svo, að hún nái þar yfir allt ágreiningssvæðið.

Dómkröfur málsaðilja eru ekki ljósar né nákvæmar. Sýnt er þó, að þá greinir á um, hvort Hjarðarneshólmi tilheyri Hömrum eða Skálholti og hvar merki jarðanna séu í Brúará og ósi hennar í Hvítá. Ekki er þó ljóst, hversu langt upp eftir Brúará ágreiningur er um merkin. Héraðsdómur hefur ekki skorið úr ágreiningi aðilja um merkin í Brúará ofan ármóta hennar og Hvítár, eins og hann markar þau. Verður þó að telja, að greiða beri til hlítar úr landamerkjaágreiningi aðilja í máli þessu. Jarðirnar Fjall I og Fjall II í Skeiðahreppi munu eiga land að Hvítá að austan á móts við ós Brúarár, eftir því sem fram kom við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Úrslit landamerkjamáls þessa kynnu að skipta máli fyrir eigendur þessara jarða. Átti því að kveðja þá fyrir dóm og gefa þeim kost á að gerast aðiljar að málinu.

Vegna þeirra annmarka, sem nú eru taldir, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Árnessýslu 21. október 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 4. þessa mánaðar, er höfðað með stefnu, útgefinni 9. apríl 1976 og þingfestri í landamerkjadómi Árnessýslu þann 27. apríl 1976. Sóknaraðiljar eru Gunnar Jóhannesson, Hömrum, Grímsneshreppi, Ingibjörg Kristinsdóttir, Stokkseyri, og Sigríður Gyða Sigurðardóttir, Þorlákshöfn. Varnaraðiljar í málinu eru fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sem þinglýsts eiganda Skálholts og biskup Íslands vegna kirkjuráðs f. h. Þjóðkirkju Íslands.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að Hjarðarneshólmi í Hvítá sé hluti af landi jarðarinnar Hamra í Grímsneshreppi og að landamerkjalína á milli Skálholts og Hamra sé hin sama og sýnd er skv. uppdrætti Íslands 1908 sem hreppamörk á milli Grímsneshrepps og Biskupstungnahrepps. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja er krafist sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og að landamerkjalínan milli Skálholts og Hamra verði áfram í miðjum farvegi Brúarár milli Hjarðarneshólma og Hjarðarness, en þar telja varnaraðiljar mörk landanna. Þá krefjast varnaraðiljar málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

MÁLAVEXTIR.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu: „Til máls þessa er stofnað til þess að leysa úr þrætu, sem nýlega hefur risið á milli eigenda jarðanna Skálholts í Biskupstungnahreppi og Hamra í Grímsneshreppi um eignarráð yfir Hjarðarneshólma. Jarðeigendur Hamra hafa stundað veiði og leigt út veiði fyrir landi sínu í Brúará og Hvítá svo lengi sem sögur fara af.

Stangveiðimönnum, er leigt hafa veiðiréttindi af landeigendum, varð nokkuð bilt við sumarið 1974, er það kom í ljós, að stangveiðimenn á vegum Skálholtseiganda tóku sér stöðu í hólma nokkrum í ánni, Hjarðarneshólma, og köstuðu færum sínum

á veiðistrenginn þeim megin frá, svo að segja ofan í veiðitil-raunir hinna fyrrnefndu.

Þetta þótti eigendum Hamra hart að þola, vegna þess að þeir vissu ekki betur en að hólmi þessi væri all nokkuð innan landamerkjalínunnar á milli Skálholts og Hamra. Kvartað var yfir þessu ofríki af hálfu eigenda Hamra, en engin leiðrétting fékkst.

Fimmtudaginn 13. marz 1975 gengu eigendur Hamra á fund biskups Íslands, hr. Sigurbjarnar Einarssonar, og tjáðu sig um ágreiningsmálið, það er leigu Skálholts á Hjarðarneshólma í Hvítá við land Hamra til laxveiða.

Að ósk biskups rituðu eigendur Hamra kirkjuráði bréf hinn 1. apríl 1975 og áréttuðu þar samtalið, en þar kom fram, að eigendur Hamra héldu Hjarðarneshólma vera í landi Hamra og tilgreindu fyrir því margar ástæður."

Í svarbréfi biskups, dags. 16. maí 1975, segir, að það sé álit fyrrverandi ábúenda í Skálholti, Jóns Gunnlaugssonar og Jörundar Brynjólfssonar, að nefndur hólmi hafi aldrei verið talinn til annarrar jarðar en Skálholts né nytjaður af öðrum en Skálholtsbændum. Hið sama segi Sigurður Skúlason, mag. art., sem sé fæddur í Skálholti og hafi dvalist þar til fullorðinsára.

Í landamerkjabók Árnessýslu er landamerkjum Hamra lýst þannig: „. . . svo ræður að austan Hvítá og Brúará til áðurnefnds Laugartangagils." Lýsing þessi er frá 16. maí 1884.

Í sömu bók er landamerkjum Skálholts lýst þannig: „. . . að vestan og sunnan kringum Skálholtstungu og kvað ráða báðar árnar Brúará og Hvítá . . ."

Lýsing þessi er frá 22. ágúst 1804.

Dómurinn lagði fyrir talsmenn aðilja að kanna rækilega, hvort einhverjar heimildir væri að finna annað hvort prentaðar eða í Þjóðskjala- eða Landsbókasafni, svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Biskupsvísitazíum 19. og 20. aldar, Fornbréfasafni, jarðaskjölum Þjóðskjalasafns, og fleira, sem ekki þykir ástæða til að telja upp hér.

Könnun þessi hefur ekkert leitt í ljós um eignarrétt að umræddum hólma eða um landamerki jarðanna Skálholts og Hamra fram yfir það, sem greinir í framangreindum landamerkjalýsingum. Þá liggja frammi í málinu fjölmörg vottorð, sem öll lýsa því, að vottorðsgefendur viti ekki til annars en að Hjarðarneshólmi sé og hafi verið eign Hamra. 10 þeirra, þar á meðal Ingibjörg Kristinsdóttir, sem er aðili máls þessa, hafa komið fyrir dóm og staðfest vottorð sín.

Þá liggja frammi vottorð Jóns Gunnlaugssonar, fyrrverandi deildarstjóra í stjórnarráði og áður ábúanda í Skálholti, Jörundar Brynjólfssonar, er áður bjó í Skálholti, svo og Sigurðar Skúlasonar. Jón hefur komið fyrir dóminn og staðfest vottorð sitt, en hinir ekki. Vottorð þessi lúta að því, að Hjarðarneshólmi tilheyri Skálholti eftir því sem þeir viti best. Um nýtingu hólmans segja vottorðsgjafar, þeir er síðast voru nefndir, ekkert utan það, að Jón Gunnlaugsson kveðst hafa heyrt, að hann hafi verið nytjaður lítið, en þó eitthvað. Um það, hvort hann hafi verið nýttur af Hamramönnum, kvaðst hann ekki vita.

Enginn vottorðsgjafa úr Grímsneshreppi kvaðst vita um, að hólminn hefði verið nýttur frá Hömrum utan Sigríður Bjarnadóttir, móðir stefnanda Gunnars Jóhannessonar, og Ingibjörg Kristinsdóttir, stefnandi. Kváðu þær fugl hafa verið rændan í hólmanum.

Þá liggur frammi á dskj. nr. 23 grein Sigurðar Skúlasonar: „Nokkur örnefni í Skálholtslandi".

Þar segir um Hjarðarneshólma: „10. Hjarðarnesshólmi. Þetta örnefni bendir til þess, að syðsti oddi Skálholtstungu hafi fyrrum heitið Hjarðarnes, þótt eigi sé það örnefni lengur kunnugt."

Í málinu liggja fyrir skýrslur um, að veitt hafi verið úr Hólmanum á stöng, bæði veiðimenn úr landi Hamra og nú hin síðari ár úr landi Skálholts.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið lagt fram á dskj. nr. 13 álit Jóns Jónssonar jarðfræðings, nefnt „Nokkrar athugasemdir varðandi Hjarðarneshólma í Hvítá".

Í álitsgerð þessari er gengið út frá því, að miðlína straumvatns ráði merkjum og hljóti mörk Biskupstungna og Grímsneshrepps að liggja um Brúará miðja, enda skilji Hvítá hvergi þessa hreppa, þar eð hún renni austan við þá báða. Þá renni Brúará vestan Hjarðarneshólma og hafi sannanlega gert það sl. 30 ár, svo sem sjá megi af loftmyndum á dskj. 14 a — c.

Niðurstaða jarðfræðingsins er sú, að Hjarðarneshólmi sé í Hvítá, Brúará skilji Grímsnes og Biskupstungur og Brúará renni öll vestan Hjarðarneshólma. Sé því hólminn í Biskupstungum og þar með Skálholti.

Jón Jónsson jarðfræðingur, fæddur 3. október 1910, til heimilis að Smáraflöt 42, Garðabæ, hefur komið fyrir dóminn og staðfest ofangreinda álitsgerð.

Aðspurður kvað hann straummót ánna miðað við meðalrennsli vera fyrir neðan Hjarðarneshólma.

Vitnið sagði, að erfitt væri að segja, hver séu nú vesturmörk farvegs Hvítár vegna uppblásturs, en að fornu taldi vitnið langlíklegast, að þau hefðu verið sunnan við hólmann. Hvítá hafi runnið nær Vörðufelli til að byrja með og færst vestur eftir að hafa hlaðið undir sig og hafi hún þrýst Brúará vestar.

Aðspurt kvað vitnið bakkalínu Skálholtstungu frá norðaustri til suðvesturs vera bakkalínu Hvítár að undanteknu því, sem uppblástur kann að hafa valdið, þannig að svæðið, sem Hvítá flæðir yfir í flóðum, hefur breikkað. Vitnið ítrekaði, að meginvatnamót ánna séu neðan hólmans, enda þótt vatnið byrji að blandast norðvestan við hólmann.

Í þinghaldi þann 18. júlí 1969 kvaddi sýslumaðurinn í Árnessýslu þá Pál Hafstað fulltrúa og Sigurjón Rist vatnafræðing til þess að meta m. a., hvað telja skuli ós Brúarár skv. lögum um lax- og silungsveiði.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna liggur frammi á dskj. nr. 22, lögðu fram af varnaraðilja. Þar segir svo: „Við ármótin á hægri bakka Brúarár er Hjarðarnes, sem endar í greinilegu klapparnefi, sem skagar út í ána. Frá veiðihúsi Baldurs Eyþórssonar og félaga eru 76.5 m út í nestána. Gegnt Hjarðarnesi er Hjarðarneshólmi, sem umleikinn er af straumvatni Hvítár, aðeins lítil kvísl fer vestan hólmans við meðalrennsli ánna. Hjarðarneshólmi verður því að teljast vera í Hvítá.

Samkvæmt 1. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53 frá 1957 úrskurðum við, að ós Brúarár sé um markalínu frá áður nefndu klapparnefi á Hjarðarnestá, til norðurs í stefnu á Mosfellskirkju, vestan Hjarðarneshólma . . .“

Matsgerð þessi er dagsett 30. júlí 1969. Annar matsmanna, Sigurjón Rist vatnamælingamaður, fæddur 29. ágúst 1917, til heimilis að Skriðustekk 4, Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn.

Hann staðfestir matsgerðina. Gerði hann nánari grein fyrir því, hvernig þeir matsmenn hefðu komist að niðurstöðu um, hvar ósinn væri. Vitnið kvaðst aðspurt telja hreppamörk Biskupstungna- og Grímsneshreppa rétt merkt inn á dskj. nr. 10 — 11 og minntist þess, frá því er hann var við dýptarmælingu á þessum slóðum árið 1960, að hafa komið í „þriggja hreppa punktinn“ og að hann væri vel kunnugur þessu svæði. Í þinghaldi þann 23. október 1978 gerði dómurinn svofellda ályktun:

„Lagt er fyrir umboðsmenn aðila að afla eftirtalinna gagna:

1. Sérfræðileg álitsgerð um, hver nú teljist eðlileg landfræði-

leg mót (mörk) árfarvega Hvítár og Brúarár og hvort og á hvern hátt þessi mót kunni að hafa tekið breytingum í höfuðdráttum.

2. Sérfræðilega álitsgerð um, hvar straumar umræddra áa sameinist miðað við meðalrennsli þeirra og hvort slík straummót hafi tekið breytingum og þá hverjum.

3. Uppdrátt af vettvangi, þar sem fram komi helstu kennileiti ásamt straummótum og miðlínum árfarvega, eins og sérfræðingar hyggja þau vera samkvæmt framansögðu.

4. Freista skal þess að finna skjalleg gögn um eignarheimildir að nefndum hólma."

Í þinghaldi þann 8. maí sl. fór umboðsmaður sóknaraðilja þess á leit við dóminn, að dómkvaddir yrðu 2 hæfir og óvilhallir menn til þess að kveða á um þau atriði, er getur í liðum 1 — 3 í framangreindri bókun. Í því sama þinghaldi kvaddi dómurinn þá Hauk Tómasson jarðfræðing og Pálma R. Pálmason verkfræðing til að framkvæma umbeðið matsverk, og var óundirrituð og ódagsett matsgerð þeirra lögð fram í þinghaldi þann 9. september sl. ásamt fylgiskjölum. Í álitsgerðinni á dskj. nr. 48 segir svo:

„*II. Brot úr jarðsögu svæðisins.*

Í lok ísaldar hér á landi fyrir u. þ. b. 10 þús. árum var landslag í uppsveitum Árnessýslu harla ólíkt því sem nú er. Þar sem í dag heita Skeið, var land tugum metra lægra, og rann þá Hvítá austan Vörðufells, en Brúará og Hvítá sameinuðust einhversstaðar við Hestfjall. Fyrir u. þ. b. 7 þús. árum rann svo meiri háttar hraun sk. Tungnárhraun (THb) um hluta svæðisins og allt fram í sjó. Hraun þetta stíflaði farveg Hvítár austan Vörðufells, og myndaðist norðan hraunsins stöðuvatn, sem náði langt norður fyrir Vörðufell (allt upp að Bræðratungu). Stöðuvatn þetta klofnaði í tvo aðalhluta um Iðu, og lá vestari hlutinn þaðan og niður undir Hestfjall, þar sem frárennsli vatnsins var. Hvítá og Brúará höfðu í upphafi hvor sinn ós út í vatnið, sem smám saman fylltist og þá í fyrstu einkum austurhlutinn.

Hin miklu öskugos úr Heklu fyrir 4500 árum (H4) og 2800 árum (H3) dreifðust mjög yfir vatnasvið Hvítár, sem síðan flutti efnið í mjög stórum stíl í áðurnefnt vatn. Ekki er ljóst, hvenær vatnið fylltist alveg af aur, en öruggt má telja, að það varð eftir H3 Heklugosið, en eftir að vatnið hvarf sem slíkt runnu árnar eftir aurunum.

III. Ástand ánna nú.

Mikill aurburður hefur lengi verið í Hvítá og áin því þurft töluverðan halla til rennslis og mun meiri en Brúará. Hvítá hefur því haft tilhneigingu til þess að hrekja Brúará til vesturs, að vesturlandi fyrrnefnds stöðuvatns og jafnvel valdið því, að Brúará svarf þar af landi. Fyrst eftir að stöðuvatnið fylltist af aur munu ármótin hafa verið undan Reykjanesi og Hvítá þá leikið um aurana austur og suður þaðan.

Við samverkun árinnar, þ. e. aurs, sem hún skildi eftir, og vinda hefur byggst upp foksandsgarður milli ánna sem upphaf þess, sem nú heitir Skálholtstunga. Frá þessum garði við Hvítá hallar að Brúará, sem frá Reykjanesi liggur lægra en Hvítá, þar til þær mætast. Halli Brúarár er aðeins helmingur halla Hvítár á þessu svæði.

Ástandið er þannig nú, að Hvítá ber með sér miklu meiri aur en Brúará og þarf því mun meiri halla til rennslis. Ennfremur er vatnsmagn Hvítár miklu breytilegra en Brúarár og því er farvegur Hvítár miklu breiðari en hlutinn, sem er undir vatni við venjulegt rennsli. Sá hluti farvegar Hvítár, sem ekki er undir vatni, er náma fyrir áframhaldandi fok í Skálholtstunguna, og raunar að hluta til yfir í Brúará einnig. Á hinn bóginn hefur Brúará mjög lítinn aurburð, a. m. k. tífalt minni en Hvítá við venjulegt rennsli, og rennur að mestu milli gróinna bakka án aura í farvegi. Þegar árnar mætast, eykst aurburðargeta Brúarárvatns mjög vegna hallaaukningar, og getur Brúarárvatnið flutt miklu meiri aur en er í Brúará. Þetta kemur glögglega fram á kortum vatnamælinga, þar sem sést, að Brúarárvatnið heldur „hreinum" djúpál meðfram vesturlandinu.

Í meginatriðum er því tilhneiging til þess, að samrennslisstaður ánna (ármótin) flytjist niður eftir, þ. e. til suðurs. Um smávægilegar breytingar þessarar þróunar verður þó ekkert sagt né um tíma slíkra breytinga.

IV. Frekari svör við spurningum réttarins.

1. Sérfræðilega álitsgerð um, hver nú teljast eðlileg landfræðileg mót (mörk) árfarvegar Hvítár og Brúarár og hvort og á hvern hátt þessi mót kunni að hafa tekið beytingum í höfuðdráttum.

Árfarvegir Hvítár og Brúarár eru hinir ógrónu hlutar svæðanna, sem árnar renna um, sem skiljast frá þeim grónu í eins til tveggja metra háum stalli. Í farvegina grafast síðan álar, sem

breytast m. a. eftir aurburði og vatnsmagni, sbr. það, sem áður er sagt um þróun farveganna.

2. Sérfræðilega álitsgerð um, hvar straumur umræddra áa sameinist miðað við meðalrennsli þeirra og hvort slík straummót hafi tekið breytingum og þá hverjum. Árnar geta sameinast hvar sem er eftir að farvegirnir koma saman, og fer það m. a. eftir aurburði hvorrar um sig, en marga km. frá farvegamótunum renna árnar nánast samhliða, án verulegrar blöndunar. Fyrsta snerting úr ánum virðist undanfarinn aldarfjórðung hafa verið rétt um Hjarðarneshólma, en meginstraumar ánna hafa mætst nokkru sunnar, þ. e. sunnan við Hjarðarnesið. Á þessum aldarfjórðungi hafa aðeins orðið minni háttar breytingar á samruna ánna, en sá hluti Hvítár, sem snertir Brúará við Hjarðarnes, virðist hafa minnkað nokkuð á þessum tíma, og kann það að vera hluti eðlilegrar langtíma þróunar.

3. Uppdrátt af vettvangi, þar sem fram komi helztu kennileiti ásamt straummótum og miðlínu árfarvega, eins og sérfræðingar hyggja þau vera samkvæmt framansögðu.

Meðfylgjandi er kort frá Raforkumálastjóra nr. 3939—03, Hestvatn, mælt 1960. Settar eru inn stefnur á Skálholtskirkju og Mosfell ásamt miðlínum árfarvega og straummótum skv. skýrgreiningum hér á undan."

Matsmaðurinn Haukur Tómasson jarðfræðingur, fæddur 14. febrúar 1932, til heimilis að Krummahólum 8, Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn og staðfest ofangreinda álitsgerð, en vitnið er jarðfræðingur og landmótunarfræðingur og hefur stundað rannsókn á þessu svæði vegna hugsanlegrar virkjunar Brúarár svo og við Hestvatn.

Hann kvað landfræðileg mörk árfarvega vera gróna bakka beggja vegna ánna og dró þá inn á uppdrátt á dskj. nr. 59 með grænum „tússpenna". Meginstrauma ánna taldi vitnið mætast skammt austur af Hjarðarnesi. Aðspurður um niðurstöður matsmanna á dskj. nr. 22 um, hvar telja bæri ós Brúarár, kvaðst hann telja hana eðlilega miðað við þær forsendur, að aðaláin hafi allan réttinn og þveráin verði að aðalánni, um leið og hún er komin út í meginfarveg aðalárinnar. Sama vildi vitnið raunar segja um skýrslu Jóns Jónssonar á dskj. 13, að miðað við þær forsendur, er hann byggði á, væri niðurstaðan eðlileg.

Hins vegar taldi vitnið, að jarðeðlisfræðilega séð væru árnar að blandast á löngum kafla og skil þeirra ekki jafnskörp og greindi í álitsgerð matsmanna á dskj. 22.

Lagt hefur verið fram á dskj. nr. 67 yfirlýsing Ágústs Böðvarssonar, fyrrverandi forstöðumanns Landmælinga Íslands. Þar kemur fram, að hreppamörk um Brúará, þar sem þau koma í Hvítá, hafi staðið óbreytt á kortinu, frá því það var mælt af danska herforingjaráðinu 1906, og við endurskoðun Ágústs 1948 hafi hann ekki hreyft þau, þar eð engar upplýsingar komu fram um skekkjur á þeim né kröfur um breytingar.

Ágúst hefur komið fyrir dóminn og staðfest yfirlýsingu sína. Hann kvaðst hafa fært örnefnið Hjarðarnes inn á uppdráttinn á dskj. nr. 11 samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi bæ. Þá hefur Haukur Jörundsson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, fæddur 11. maí 1913, komið fyrir dóminn. Hann var búsettur í Skálholti frá því hann var 9 ára gamall og fram að tvítugu. Enginn vafi var í huga hans um, að hólminn væri í eign Skálholts. Hann kvaðst minnast þess, að veitt var úr hólmanum, aðallega með ádrætti. Hann kvaðst sjálfur hafa farið í hólmann og steypt undan veiðibjöllu. Hann kvaðst byggja skoðun sína um eignarhald á því, að aðstæður væru þannig, að hólminn væri venjulega umflotinn vatni úr Hvítá, sem mætti Brúará neðan hólmans.

Hann kvað aðalál Hvítár vera að austanverðu, en hins vegar hefðu lænur verið nokkuð vítt og breitt um svæðið. Þá kvaðst vitnið ekki vita til þess, að örnefnið Hjarðarnes væri í Skálholtslandi né annars staðar.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á þeirri málsástæðu, að hreppamörk séu skilmerkilega greind á dskj. nr. 10 og 11 og þar sjáist greinilega, að Hjarðarneshólmi sé í Grímsneshreppi og þar sem landamerki jarða hljóti að vera hin sömu og hreppamörk, tilheyri hólminn Hamralandi. Í þessu sambandi telur sóknaraðili, að leggja beri til grundvallar matsgerð á dskj. nr. 22 um það, hvar ós Brúarár sé. Lína úr miðjum þessum ósi í miðlínu Hvítár skeri úr um það, að Hjarðarneshólmi sé í landi Hamra, eins og sjáist á dskj. nr. 10 og 11. Sóknaraðili telur, að sönnunarbyrði um, að þessu sé öðruvísi farið, hvíli á gagnaðilja, en honum hafi ekki tekist sönnun um eignarrétt sinn að hólmanum.

Varnaraðili reisir sýknukröfur sínar á því, að við meðalrennsli ánna liggi miðlína farvegar Brúarár milli Hjarðarneshólma og Hjarðarness og miðlína þess skipti löndum aðilja. Vitnar hann í 3. gr. vatnalaga svo og 8. gr., 3. mgr., sömu laga máli sínu til

stuðnings. Hann bendir á, að árnar mætist vestan við hólmann við meðalrennsli og ekki sé heimilt að miða við árfarveginn allan eins og hann sé á milli hinna grónu bakka, heldur beri að miða við það svæði, sem straumvatnið renni á miðað við meðalrennsli.

NIÐURSTAÐA.

Brúará og Hvítá skipta löndum aðilja, sbr. landamerkjabréf á dskj. nr. 3 og 4. Af landamerkjabréfum þessum verður ekki ráðið, hvorri landareigninni Hjarðarneshólmi tilheyri, og ekki hafa verið lögð fram nein gögn í málinu, sem taka af tvímæli um það.

Er merkjum var lýst, var 56. kafli landsleigubálks Jónsbókar í gildi, en þar segir m. a. svo:


„Nú er á brýtr af annars þeirra jörd, þá á sá á er jörd átti þá sem hún braut, en hinu granda eða eyri eptir þangat til sem hon var mið medan hon rann rétt að fornu. En ef hon brýtr meirr, þá á sá er jörd átti bædi á og granda þangat til er hon var mid þá hon rann rétt."

Með vatnalögum nr. 15/1923 voru ákvæði þessi endurnýjuð, og segir m. a. svo í 3. gr. þeirra: „1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg og sé ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð. 2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist."

Dómurinn telur, að þessi lagaákvæði verði að leggja til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Að tilhlutan dómsins hefur Ragnar Árnason verkfræðingur gert meðfylgjandi uppdrátt af þrætusvæðinu og sett inn á hann að fyrirsögn dómsins þær viðmiðanir, sem máli skipta.

Ætla má samkvæmt matsgerð á dskj. nr. 48 og öðrum gögnum málsins, að Hvítá hafi þokað Brúará til vesturs og að Skálholtstunga hafi þá smám saman myndast, aðallega af foksandi. Eins og staðhættir eru nú og miðað við deiluefni þessa máls, er rétt að miða mót farvega Hvítár og Brúarár við línu frá Hjarðarnestanga með stefnu á Mosfellskirkju, samanber framangreindan uppdrátt. Miðja farvegar Brúarár þarna verður talin liggja samkvæmt fyrrgreindum sjónarmiðum á miðju línunnar A — B á uppdrættinum, og er miðpunkturinn merktur C, eða litlu norðar en matsmenn gerðu ráð fyrir á uppdrætti sínum. Frá miðpunkti þessum ber að draga hornrétta línu á línuna A — B að miðlínu Hvítár, sbr. 5. gr. vatnalaga, lína C — D á uppdrætti,


Takmörk Brúarfarvegs
Miðlína Brúarfarvegs
Brúará
Miðlína Hvítárfarvegs
Dómlína héraðsdóms í landamerkjamáli nr. 21/1976
Hjarðarnesbæirnir
Hjarðarnesstekkur
Hjarðarnes
Bæjarhorn
Takmörk Hvítárfarvegs
Ármót Brúarár og Hvítár í Árnessýslu
Á þennan hluta af korti raforkumálastjóra nr. 3939-03,
Hestvatn, er fært eftirfarandi:
1. Takmörk farvegs Brúarár og Hvítár skv. dskj nr. 59
2. Örnefnin Skálholtstunga og Hjarðarnestangi
3. Stefna frá Hjarðarnesi að Mosfellskirkju skv. dittogerð, sbr. dskj. nr. 59
4. Miðlínur Brúarár- og Hvítárfarvegs skv. dittogerð, sbr. dskj. nr. 59
5. Dómlína héraðsdóms í landamerkjamáli nr. 21/1976
í landamerkjadómi Árnessýslu
Dómskjal nr. 76
RAFORKUMÁLASTJÓRI
Landmælingar
1 : 5000
3939
03
1m
Hestvatn
Etv.lm.
Þetta er 2. frumrit, gert í október 1979
af Ragnari Árnasyni, verkfr.
Ljósrit dagsett 1979

og eru það merki Skálholts og Hamra. Verður að telja, að niðurstaða þessi rúmist innan kröfugerðar sóknaraðilja. Hjarðarneshólmi er Hamramegin þessarar línu og er því eign sóknaraðilja. Með hliðsjón af deiluefninu og málflutningi aðilja er ekki þörf á að ákveða landamerki að öðru leyti.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðiljum kr. 1.400.000 í málskostnað.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan ásat meðdómsmönnunum Friðgeiri Björnssyni, settum borgardómara, og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Skálholts og Hamra skulu á þrætusvæðinu ákveðin frá punktinum C — D á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings á dómskjali nr. 76.

Hjarðarneshólmi er eign sóknaraðilja.

Varnaraðiljar greiði sóknaraðiljum kr. 1.400.000 í málskostnað.

Fimmtudaginn 21. október 1982.

Nr. 199/1982. **Björn Pálsson**
gegn
fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Skaðabótakrafa vegna dómaraverka. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 29. september 1982, er barst Hæstarétti 7. október 1982. Krefst hann þess, að hinn kærði

dómur verði úr gildi felldur og sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 2.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Björn Pálsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 2.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 20. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. júní 1982, af Birni Pálssyni bónda, Ytri-Löngumýri, Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, nafnnúmer 1347—9488, gegn fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Í stefnunni segir, að málið sé höfðað „til greiðslu skaðabóta og greiðslu að fjárhæð kr. 67.721,00 með 36% ársvöxtum frá 01.01.82 til 12.06.82 af kr. 65.475,00 og dómvöxtum frá þeim tíma af þeirri fjárhæð til greiðsludags, en 4,5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 2.246,00 frá 01.01.82 til greiðsludags.

Til vara er krafist annarrar lægri fjárhæðar með sömu vaxtakröfu.

Til þrautavara er krafist greiðslu kr. 2.246,00 með 4,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 01.01.82 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar.“

Lögmaður stefndu skilaði greinargerð, sem dagsett er 23. júní 1982. Þar er þess krafist, að stefndu verði *aðallega* sýknaðir af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar, en málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Í þinghaldi 13. september 1982 lækkaði lögmaður stefnanda

„aðalkröfu um þá fjárhæð, sem nemur þrautavarakröfu, í kr. 65.475.“

Í sama þinghaldi breytti lögmaður stefndu kröfum sínum á þann veg, að hann krafðist þess nú *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað. *Til vara* krafðist hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til *þrautavara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar til mikilla muna og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Í þinghaldi 21. þ. m. afhenti lögmaður stefndu lögmanni stefnanda greiðslu að fjárhæð kr. 812.00, sem lögmaður stefndu kvað vera höfuðstól þrautavarakröfu, kr. 472.00, að viðbættum almennum innlánsvöxtum frá 19. júní 1979 til 20. september 1982, kr. 340.00. Lögmaður stefnanda kvaðst taka við nefndri fjárhæð sem greiðslu upp í höfuðstól aðalkröfu og kvaðst þá jafnframt falla frá þrautavarakröfu, en hann áskildi stefnanda þó fullan málskostnað að því er varðar þrautavarakröfu.

Af hálfu stefnanda er frávísunarkröfu stefndu mótmælt sem rangri og of seint fram kominni.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna, og er það atriði nú hér til úrlausnar.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Laugardaginn 2. júní 1979 handsamaði Þorsteinn Gunnarsson, bóndi á Syðri-Löngumýri í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu, tvo stóðhesta, er stefnandi kveðst hafa átt. Hestarnir voru í merahópi í landi Svínavatns í sama hreppi, að því er Þorsteinn segir. Þorsteinn ætlaði að afhenda hreppstjóra hestana, en hreppstjóri taldi sig ekki geta tekið við þeim. Voru þeir þá afhentir tveim lögreglumönnum, sem komnir voru í Auðkúlurétt, þangað sem hestarnir höfðu verið fluttir. Fluttu þeir hestana til Blönduóss að höfðu samráði við sýslumann, Jón Ísberg. Hinn 14. júní 1979 voru báðir hestarnir seldir á uppboði, sem sýslumaður hélt á Blönduósi, en uppboðið var auglýst í Ríkisútvarpinu. Maður að nafni Benedikt Jónsson bauð gkr. 80.000 í yngri hestinn, og var hesturinn sleginn honum á því verði. Þorfinnur Björnsson, sonur stefnanda, bauð gkr. 152.000 í eldri hestinn, og var hesturinn sleginn Þorfinni á því verði. Uppboðsandvirðið að viðbættum 3% var greitt á uppboðsþinginu. Stefnandi var sjálfur mætt-

ur á uppboðsþinginu. Áður en gengið var til uppboðs, lagði stefnandi fram mótmælaskjal, þar sem hann mótmælti uppboðinu sem ólöglegu, og jafnframt kvaðst hann mundu áfrýja málinu til Hæstaréttar. Hinn 20. október 1981 var dómur kveðinn upp í Hæstarétti í uppboðsmálinu. Í niðurlagi dóms Hæstaréttar segir svo:

„Það er nægilega upplýst, að umræddir stóðhestar gengu lausir í heimahögum, er þeir voru handsamaðir. Skiptir þá ekki máli, hvort þeir voru í landi áfrýjanda eða annarra. Var þetta óheimilt, og bar því að handsama hestana og flytja þá til hreppstjóra samkv. 31. gr. laga nr. 31/1973. Hreppstjóri skoraðist undan að taka við þeim, og gat sýslumaður geymt hestana, þar sem hann ákvað. Uppboðið var nauðungaruppboð, þar sem það fór fram gegn mótmælum áfrýjanda, og verður að telja, að um framkvæmd þess gildi reglur laga nr. 57/1949, þótt sú tegund uppboðs, sem hér er um að ræða, sé ekki nefnd berum orðum í 1. gr. laganna. Í 2. gr. laganna segir, að sýslumenn haldi uppboð í sýslum, en í 3. gr. þeirra segir, að rétt sé, að hreppstjóri haldi uppboð á lausafé í vissum tilvikum. Enn fremur, að uppboðshaldari geti falið hreppstjóra að halda uppboð á sína ábyrgð að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Með hliðsjón af þessu verður að skilja 2. mgr. 31. gr. laga nr. 31/1973 svo, að hinum reglulega uppboðshaldara sé heimilt að halda þau uppboð, sem um er fjallað í greininni, enda er gert ráð fyrir því sem aðalreglu í III. kafla uppboðslaga, að sýslumaður haldi lausafjáruppboð. Verður ómerking uppboðsins því ekki á þessu byggð. Ekki verður heldur á það fallist, að ómerkingu varði, þótt uppboðið væri ekki auglýst með viku fyrirvara, enda verður 40. gr. uppboðslaganna ekki skilin svo, að slíkt hafi verið nauðsynlegt. Hins vegar var ekki lagt fram á uppboðsþinginu frumrit eða afrit auglýsingarinnar, og hún er ekki meðal gagna máls, svo að ekki verður nú séð, hvað í henni stóð. Þá kemur fram af bókun í uppboðsbók, að áfrýjandi lagði fram á uppboðsþinginu, áður en gengið var til uppboðs, mótmæli gegn því, að það yrði haldið, en uppboðshaldari sinnti þeim að engu. Þar sem uppboðshaldara mátti ljóst vera, að mótmæli þessi kynnu að snerta uppboðsheimildina, bar honum samkvæmt 114. og 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, að leiðbeina áfrýjanda, sem er ólöglærður, um mótmælin og taka síðan afstöðu til þeirra í úrskurðarformi. Þeim úrskurði hefði áfrýjandi síðan getað áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. a lið 4. tl. 1. mgr. 21. gr. uppboðslaga. Þykja

samkvæmt þessu vera slíkir annmarkar á framkvæmd hins áfrýjaða uppboðs, að ekki verði hjá því komist að ómerkja það.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða uppboð á að vera ómerkt.

Stefndi, sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, Jón Ísberg, greiði áfrýjanda, Birni Pálssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum."

II.

Í stefnu hefur lögmaður stefnanda m. a. tekið fram:

„Mismun á uppboðsandvirði og kostnaði gkr. 47.194,00 voru sendar stefnanda af sýslumanni með ávísun embættis hans að loknu uppboði. Þessi ávísun var ekki innleyst, en er hluti málskjala við áfrýjun. Þrautavarakrafan er byggð á neitun embættismannsins um, að innleysa megi ávísunina nema gegn yfirlýsingu stefnanda um, að hæstaréttarmálið hafi verið ófyrirsynju og yfirvaldið, þrátt fyrir hæstaréttardóm, haft rétt fyrir sér. Aðalkrafan er byggð á andvirði hinna seldu hesta, meðalandvirði kr. 15.000,00. Varakrafan er, ef þetta þykir of hátt metið, en afla má vottorða um þetta, auk annars kostnaðar.

Sundurliðun aðalkröfu er svo: kr. 30.000,00 með 36% ársvöxtum frá 12.06.1979 til 31.12.1979, kr. 5.400,00. Nýr höfuðstóll pr. 01.01.1980 kr. 35.400,00 ásamt sömu vöxtum 01.01.1980 til 31.12.1980 kr. 12.744,00, þannig nýr höfuðstóll pr. 01.01.81 kr. 48.144,00, sömu vextir 01.01.1981 til 31.12.1981 kr. 17.331,00 eða samtals kr. 65.475,00, að viðbættri þrautavarakröfu. Sami vaxtareikningur gildir um varakröfu.

Um þrautavarakröfu er höfuðstóll ávísunar, útg. 19.06.1979, gkr. 47.192,00 eða kr. 472,00 með 4,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi og höfuðstólsfært um áramót, 19.06.1979 til 31.12.1979, kr. 170,00, nýr höfuðstóll kr. 742,00, sömu vextir 01.01.1980 til 31.12.1980 kr. 534,00, nýr höfuðstóll pr. 01.01.1981 kr. 1.276,00, vextir til 31.12.1981 kr. 970,00, nýr höfuðstóll pr. 01.01.1982 kr. 2.246,00.

Sýslumaður hefur ráðgert að halda uppboð að nýju á hinum seldu hestum og lagt fyrir stefnanda að færa hestana á uppboðsstað, en neitað öllum bótakröfum. Þá hefur fjármálaráðuneytið synjað bótakröfum, og er því nauðsyn málshöfðunar.

Stefnandi hefur að auki orðið fyrir talsverðum fjárútlátum vegna málareksturs.

Aðild málsins er byggð á almennum reglum réttarins um bótaábyrgð hins opinbera á saknæmum og gálausum skaðaverkum starfsmanna sinna, einkum embættismanna.

Hið ómerkta og því ólögmæta uppboð olli stefnanda tjóni. Skiptir þá ekki máli, þótt halda hefði mátt uppboðið í sjálfu sér. Sýslumaður getur ekki haldið uppboðið að nýju og ekki skilað hestunum, og verður því að bæta stefnanda með andvirði hestanna. Þá ber að bæta annað sannanlegt tjón, t. d. vegna kostnaðar við að leita réttar síns."

III.

Lögmaður stefndu hefur í greinargerð haldið því fram, að stefnandi, sem ákvað að áfrýja uppboðsmálinu, hafi engar tilraunir gert til að draga úr tjóni sínu og kostnaði. Honum hafi verið í lófa lagið að innleysa uppboðsandlagið, þ. e. hestana, innan 10 vikna samkvæmt 39. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 177/1971, til þess að nýtt uppboð mætti fara fram, ef Hæstiréttur féllist á kröfu hans um ómerkingu, sbr. 31. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1971. Á það verði því ekki fallist, að hið umdeilda uppboð, sem átti að fara fram, þótt framkvæmd þess hafi ekki farið fram sem skyldi, hafi valdið stefnanda tjóni, er skapi honum bótarétt á hendur ríkissjóði. Þá hafi þrautavarakrafa stefnanda, sem í stefnu sé raunar einnig hluti af aðalkröfu, ekki átt nokkurn rétt á sér. Beri því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda. Er öllum fjárhæðum og vaxtakröfum í kröfugerð stefnanda einnig mótmælt sem röngum og fjarstæðukenndum.

IV.

Af hálfu stefndu er frávísunarkrafan studd þeim rökum, að sýslumaður Húnavatnssýslu hafi komið fram sem dómari, þegar hann bauð stóðhesta stefnanda upp á nauðungaruppboðinu 14. júní 1979. Athafnir sýslumanns við framkvæmd uppboðsins hafi því verið dómsathafnir, sbr. 2. mgr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Úrlausn málsins varði mat á bótaskyldu stefndu vegna mistaka á dómaraverkum sýslumanns í uppboðsmálinu. Slík úrlausn fáist ekki í héraði, sbr. 34. grein laga nr. 85/1936. Beri því að vísa skaðabótakröfum stefnanda frá dómi, bæði aðalkröfu og varakröfu, og dæma stefnanda til greiðslu málskostn-

aðar. Stefnandi hafi nú fallið frá þrautavarakröfu sinni, en áskilið sér rétt til málskostnaðar að því er hana varðar. Slíkri kröfu sé alfarið mótmælt, enda hafi átt að vísa þrautavarakröfu stefnanda einnig frá dómi. Því er haldið fram af hálfu stefndu, að frávísunarkrafan hafi komið nægilega fljótt fram.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndu hefðu átt að gera kröfu um frávísun strax í greinargerð. Það hafi stefndu ekki gert. Sé frávísunarkrafan því of seint fram komin. Auk þess eigi frávísunarkrafan ekki rétt á sér. Beri því að hafna hinni framkomnu frávísunarkröfu og dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að í dómi Hæstaréttar í uppboðsmálinu sé sýslumaður hvergi nefndur dómari. Uppboðið hafi farið fram á ábyrgð ríkisvaldsins, sem í reynd hafi verið uppboðsbeiðandi. Málið sé ekki höfðað á hendur dómara, heldur ríkisvaldinu sem uppboðsbeiðanda. Verði að skýra 34. gr. laga nr. 85/1936 þröngt. Beri því að hrinda frávísunarkröfunni.

V.

Athafnir sýslumanns Húvetninga við framkvæmd uppboðsins, sem fram fór á stóðhestum stefnanda, voru dómaraverk. Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hlýtur að byggjast á mati á þeim verkum. Verður slík úrlausn, eins og hér stendur á, ekki fengin með málssókn gegn ríkissjóði í héraði, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ber því að vísa kröfum stefnanda, bæði aðalkröfu og varakröfu, frá dómi, svo sem krafist er, enda er frávísunarkrafan ekki of seint fram komin, þar sem hún er byggð á atriði, sem varðar frávísun ex officio. Þá verður eigi á það fallist með stefnanda, að úrlausn Hæstaréttar 20. október 1981 í uppboðsmálinu standi í vegi fyrir þessari niðurstöðu.

Þrátt fyrir dóm Hæstaréttar 1974, bls. 1119, þykir, eins og málið er í pottinn búið og með vísan til dóms Hæstaréttar 1949, bls. 50, rétt, að málskostnaður falli niður, og á það einnig við um þrautavarakröfu stefnanda.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 21. október 1982.

Nr. 150/1979. **Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Sigurbirni Hreiðari Sigurbjarnasyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Bifreiðar. Húftrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 20. ágúst 1979. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti voru lögmenn málsaðilja sammála um, að ekki væri ágreiningur um matsfjárhæð eða tölulegur ágreiningur að öðru leyti.

Í héraðsdómi er á því byggt, að innfærslur í spjaldskrá á húftryggingarspjald bifreiðarinnar R 3627 ásamt greiðslu iðgjalds hinn 29. júní 1974, þ. e. daginn eftir að slys það varð, sem er ástæða kröfugerðar í máli þessu, gefi til kynna, að hinn 1. ágúst 1974 hafi húftrygging stefnda hjá áfrýjanda verið talin í gildi þrátt fyrir ákvæði 3. gr. vátryggingarskilmála og 14. og 15. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Á þetta verður ekki fallist. Innfærslur á spjaldskrá húftrygginga, sem liggur frammi í málinu, varða upplýsingaskráningu um tryggingarkaupann, en ekki réttarstöðu hans gagnvart tryggingarsala. Hins vegar hefur áfrýjandi ekki sannað, að iðgjalds hafi verið krafist hinn 1. febrúar 1976 eða síðar. Af hálfu áfrýjanda var því lýst yfir við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að áfrýjandi bæri ekki fyrir sig ákvæði 15. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Verður því ekki fallist á sýknukröfu áfrýjanda byggða á iðgjaldavanskilum stefnda.

Áfrýjandi byggir sýknukröfu sína einnig á því, að honum hafi verið heimilt að semja um það við viðskiptamenn sína, að undanþegin ábyrgð hans skyldu vera tjón, sem verða, þegar ökumaður er undir áhrifum áfengis, örvunarefna deyfilyfja eða að öðru leyti ófær um að stjórna ökutækinu á tryggilegan hátt (sbr. 24. og 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968), svo sem segir í g lið 10. gr. vátryggingarskilmála. Ótvírætt sé, að ökumaður hafi verið undir áhrifum áfengis eftir ákvæðum 25. gr. umferðarlaga, sbr. niðurstöðu blóðrannsóknar. Heldur áfrýjandi því fram, að ákvæði 20. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 standi þessari skoðun sinni ekki í vegi.

Þá byggir áfrýjandi mál sitt á því, að ef ekki yrði fallist á framangreinda skoðun hans, þá geti ekki leikið vafi á því, að stefnda hafi verið ljóst, að ökumaður hafi neytt áfengis, er hann fól honum stjórn bifreiðarinnar eða meðan á akstri stóð. Hann taldi fullkomna sönnun um þetta atriði nánast ókleifa, en benti á, að vottorð Rannsóknastofu í lyfjafræði sýni, að fullyrðing um, að ökumaður hafi ekki neytt áfengis í 8 — 9 klukkustundir fyrir andlát sitt geti ekki staðist.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að fyrirvarann í g lið 10. gr. vátryggingarskilmála beri að túlka í samræmi við 20. gr. laga nr. 20/1954 og þegar það sé gert, verði áfrýjandi að sanna, að stefndi hafi vitað eða mátt vita, að Elías Þorvaldsson væri undir áhrifum áfengis.

Í blóði ökumanns fundust 1.05‰ af alkóhóli og í þvagi 1.30‰. Í framangreindu vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, en þess er ekki getið í héraðsdómi, segir m. a. svo: „Magn alkóhóls í blóði og þvagi er að því er virðist í jafnvægi. Er það í beinni mótsögn við þá fullyrðingu, að hinn látni hafi eigi neytt áfengis í 8 — 9 klst. fyrir andlátið.“ Vottorð þetta, sem dagsett er 23. apríl 1979, er undirritað f. h. rannsóknastofunnar af Þorkeli Jóhannessyni prófessor.

Í málinu eru ekki skýringar á því, hvað slysinu olli. Bifreiðinni var tæpast ekið á meira en 60 km hraða miðað við

klukkustund, er slysið varð, að því er stefndi telur. Skýrslur stefnda fyrir lögreglu hinn 6. júlí 1976 og síðar fyrir dómi 6. febrúar og 27. júní 1979 um áfengi í bifreiðinni og neyslu á því eru ósamhljóða. Samkvæmt skýrslu stefnda hafa þeir Elías lagt af stað í ferðina frá Reykjavík um kl. 18, en sennilega 1 — 2 klst. fyrr, ef miðað er við framburð Jóns Böðvarssonar. Hafa þannig liðið um 9 — 11 klst. frá því ferðin hófst og þar til slysið varð. Eftir skýrslu stefnda verður ferðalagið ekki rakið samfellt, en telja verður sannað, að ökumaðurinn hafi neytt áfengis, meðan á því stóð. Þegar haft er í huga, að þeir voru tveir einir í félagsskap í ferðinni, þykir það með ólíkindum, að þeir hafi ekki fylgst allnáið hvor með öðrum. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaðan sú, að stefnda hafi ekki dulist, að ökumaður hafði neytt áfengis, annað hvort skömmu áður en stefndi fól honum stjórn bifreiðarinnar eða meðan á akstri stóð, og að hann gat ekki stjórnað ökutækinu örugglega, en til þess ástands þykir verða að rekja slysið. Gilda því undantekningarákvæði g liðar 10. gr. vátryggingarskilmála, og ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Í máli þessu hefur m. a. verið deilt um meginstefnuatriði. Með hliðsjón af því og málsatvikum að öðru leyti þykir mega ákveða, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Sigurbjörns Hreiðars Sigurbjarnasonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Þórs Vilhjálmssonar.

Áfrýjandi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi þeim rökum, að ábyrgð félagsins eftir vátryggingarsamningi aðilja

hafi verið fallin niður vegna vanskila á greiðslu iðgjalda. Þó var því lýst yfir við flutning málsins hér fyrir dómi, að áfrýjandi byggði ekki á 15. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Ósannað er, að áfrýjandi hafi krafið stefnda um iðgjöld, sem fallin voru í gjalddaga á slysdegi, sbr. 14. gr. laganna. Verður áfrýjanda því eigi dæmd sýkna á þessum grundvelli.

Í öðru lagi reisir áfrýjandi sýknukröfu sína á ákvæði g liðar 10. gr. vátryggingarskilmálanna, eins og lýst er í héraðsdómi. Við erum sammála úrlausn héraðsdómara um þessa málsástæðu, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954.

Eftir þessu ber að okkar áliti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeireri breytingu, sem leiðir af gjaldmiðilsbreytingu 1. janúar 1981. Þá teljum við, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 27. júní sl., höfðaði Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarhúsinu, Reykjavík, fyrir hönd Sigurbjörns Hreiðars Sigurbjarnasonar, Reykjavík, með stefnu, birtri 21. júní 1978, gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 1.550.000 með 13% ársvöxtum frá 1. júlí 1976 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Við munnlegan flutning voru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 1.532.400 með 13% ársvöxtum frá 1. júlí 1976 til 1. desember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. taxta LMFÍ. Lögmaður stefnanda óskaði þess, að litið yrði til þess við ákvörðun málskostnaðar, að stefnandi hafi greitt kr. 20.000 í matskostnað vegna málsins.

Lögmaður stefnda vefengdi ekki matskostnaðinn og samþykkti, að stefnandi fengi komið að hækkun á vaxtakröfu.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og að hon-

um verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati bæjarþingsins.

Stefnan er árituð um samkomulag um, að sáttaumleitanir fyrir sáttanefnd séu útilokaðar.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi hafi húftryggt bifreið sína, R 3627, Mercedes Benz, árg. 1972, hjá stefnda. Tryggingin hófst 1. nóv. 1975, iðgjald var greitt 3. s. m. fyrir 3 mánuði. Ekki greiddi stefnandi iðgjald á næsta gjalddaga, sem var 1. febrúar 1976, og ekki heldur á þar næsta gjalddaga, sem var 1. maí 1976. Hinn 29. júní 1976 var iðgjald stefnanda pr. 1. febrúar og 1. maí 1976 greitt. En nóttina áður hafði bifreið stefnanda eyðilagst í útafkeyrslu.

Á dskj. 3 er lögregluskýrsla, dags. 29. júní 1976. Þar kemur fram, að lögreglunni í Hafnarfirði var tilkynnt kl. 0310 um slys á Vesturlandsvegi ca 200 m austan við Neðri Háls. Í skýrslu um vettvangsathugun, undirritaðri af Arnbirni Leifssyni, segir m. a. svo:

„Ég undirritaður fór á staðinn ásamt lögreglumanni nr. 12, sem gerði meðfylgjandi teikningu af vettvangi. Einnig kom á staðinn sjúkrabifreiðin R-30016, sem flutti ökumann og farþega á Borgarsjúkrahúsið í Reykjavík, Eðvar Ólafsson, rannsóknarlögreglumaður, sem tók ljósmyndir af vettvangi, og Júlíus Ingvarsson, sem flutti bifreiðina R-3627 af vettvangi. Á sjúkrahúsinu úrskurðuðu læknar ökumann látinn.

Þarna hafði orðið alvarlegt umferðarslys. Bifreiðinni R-3627 hafði verið ekið útaf Vesturlandsvegi ca. 200—300 metrum austan við bæinn Neðri Háls. Eftir förum að dæma mun bifreiðinni að öllum líkindum hafa verið ekið útaf veginum með aflíðandi langri beygju, en á nefndum vegarkafla er vegurinn beinn, en bifreiðin var ný komin yfir blindhæð. Bifreiðin mun hafa farið eftir skurði, rúmlega meters djúpum og tveggja metra breiðum, ca. 35—40 metra, en síðan mun hún hafa farið 2—3 veltur, þar til hún stöðvaðist á hjólunum inn á túni 3 metra frá veginum.

Er lögregla og sjúkralið kom á vettvang, hafði farþega verið ekið heim að bænum Neðra Hálsi, þar sem sjúkrabifreiðin tók hann. Aðspurður kvað hann þá félaga hafa verið að koma ofan úr Borgarfirði, en á nefndum vegarkafla kvað hann ökumann

hafa misst stjórn á bifreiðinni með fyrrgreindum afleiðingum. Ökumaður var enn í bifreiðinni og var meðvitundarlaus. Hann sat í ökumannssæti og lá fram á stýrið, en vinstri hönd lá út um hliðarglugga og hékk niður með vinstri framhurð. Hann var með talsvert sár á höfði. Það tók ca. 10—15 mín. að ná ökumanni út úr bifreiðinni, en nota varð rifjárn við það.

Ýmiss konar varningur úr bifreiðinni var dreifður eftir skurðinum og inn á nefndu túni, og hafði t. d. afturrúða kastast 10 metra inn á túnið . . .“

Í skýrslu, tekinni af Eðvar Ólafssyni, segir svo:

„Þriðjudaginn 29.6.1976 kl. 03.15 var undirrituðum tilkynnt um, að umferðarslys hafi orðið skammt frá Hálsi í Kjós, og óskað var eftir, að rannsóknarlögreglan færi á staðinn. Ég undirritaður fór að sinna þessu. Þarna var um að ræða bifreiðina R-3627, sem er bifreið af gerðinni Mercedes Benz árg. 1962 (sic). Bifreiðin hafði verið á leið suður Vesturlandsveg, og skammt sunnan við Háls í Kjós hafði ökumaðurinn einhverra hluta vegna misst bifreiðina út af veginum með þeim afleiðingum, að hún hefur endastungist og síðan hafnað á hjólunum skammt frá veginum.

Tveir menn höfðu verið í bifreiðinni, en þegar undirritaður kom á vettvang, var sjúkrabifreið úr Reykjavík nýlega lögð af stað með þá áleiðis til Reykjavíkur. Ökumaður bifreiðarinnar, Elías Þorvaldsson, f. 13/6 1927, til heimilis að Vesturgötu 56, Reykjavík, mun hafa verið látinn, þegar sjúkraliðið kom á vettvang, en farþeginn, Sigurbjörn Hreiðar Sigurbjarnason, sem er eigandi bifreiðarinnar, mun hafa komist að bænum Hálsi í Kjós og tilkynnt um slysið. Mikið blóð var í ökumannssæti bifreiðarinnar og einnig á gólfi hennar undir sætinu. Bifreiðin var mjög mikið skemmd, en þó aðallega vinstri hluti hennar, bæði að aftan og að framan. Bifreiðin var síðan flutt í geymsluhús Hagtrygginga á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði, en þar mun fara fram nánari rannsókn á henni. Þá fór undirritaður á slysadeild Borgarspítalans og leit á líkið af Elíasi heitnum. Þá var farþeginn til meðferðar hjá læknum deildarinnar, en hann mun síðan hafa verið fluttur á Landakotsspítalann og lagður þar inn. Hann var ekki talinn alvarlega slasaður.“

Lögregluskýrslunni fylgir skýrsla Bifreiðaeftirlits ríkisins. Í henni kemur ekki fram neitt sérstakt, sem hefði átt að orsaka slysið.

Í lögregluskýrslunni er rakinn framburður stefnanda fyrir

rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 6. júlí 1976. Þar segir m. a., að stefnandi hafi hitt Elías Þorvaldsson um kl. 1400 mánudaginn 28. júní og hafi svo talast til, að þeir færu saman upp í Borgarfjörð um kl. 1800 sama dag, og það hafi þeir gert og stefnandi ekið bifreið sinni. Stefnandi hafi ætlað að heimsækja son sinn Bjarna að Brennu í Lundarreykjadal og einnig að koma við hjá hestum sínum, sem voru í beit í Galtarholti. Ferðin hafi gengið vel og bifreiðin verið í góðu lagi. Stefnandi heimsótti son sinn, og þeir fóru á hestbak. Ekkert vín hafi verið drukkið á leiðinni eða á hestunum, þó svo að stefnandi væri með hálfa flösku af vermouth í bifreiðinni. Þegar þeir voru búnir að vera í hestunum í um klukkutíma, hafi verið ákveðið að fara í bæinn. Þá hafi Elías spurt, hvort stefnandi væri ekki þreyttur, og hafi stefnandi sagt, að svo væri, enda hafi hann verið að aka um helgina og aðfaranótt mánudagsins, þess vegna hafi orðið úr, að Elías hafi ekið bifreiðinni. Stefnandi kvaðst hafa dreypt á umræddri flösku um það bil hálftíma eftir að þeir lögðu af stað í bæinn og gert það tvisvar, þrisvar sinnum, en ekki hafi hann fundið neitt til áfengisáhrifa. Stefnandi sagði, að hann hafi ekki séð betur en Elías væri vel fyrirkallaður, og kvaðst stefnandi ekki hafa vitað til, að hann hafi drukkið neitt vín á leiðinni upp í Borgarfjörð eða á hestunum. Elías hafi ekið vel og þeir hafi ekkert stoppað á leiðinni í bæinn, nema einu sinni til að kasta af sér vatni, rétt áður en komið var í Hvalfjarðarbotn. Stefnandi kvaðst ekki hafa litið á hraðamæli á leiðinni, en Elías hafi ekið hæfilegan akstur og alls ekki of hratt að dómi stefnanda.

Um leið og bifreiðin var komin rétt yfir hæðina, þar sem vegurinn er tvískiptur við Háls í Kjós, hafi hún farið að skrensa til á veginum og síðan hafi það ekki skipt neinum togum, að bifreiðin fór út af veginum og valt. Stefnandi kvaðst hafa verið með fullri rænu allan tímann, en ekki hafa séð, hvernig Elías slasaðist á höfðinu. Stefnandi hafi komist út úr bifreiðinni, strax og hún stöðvaðist eða mjög fljótlega. Elías hafi verið með áverka á höfði og mikið hafi augsýnilega blætt. Stefnandi hafi kallað til hans tvisvar sinnum og ekkert svar fengið. Hann hafi ekkert hreyft við Elíasi, hvorki hreyft á púlsi né öðru. Hann hafi verið hálfvankaður og með taugaáfall og hugsað sér að fara og ná í hjálp og gengið veginn áleiðis að Hálsi í Kjós. Þaðan hafi verið hringt í lögreglu og sjúkrabifreið.

Stefnandi var tvívegis yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Við yfirheyrslu 6. febrúar sl. kom fram hjá honum, að

hann og Elías Þorvaldsson hafi stefnt sér saman kvöldið, sem þeir fóru, og hafi stefnandi ekið bílnum upp eftir. Stefnandi kvaðst hafa verið syfjaður, hann hafi verið búinn að vinna um helgina, en Elías hafi verið búinn að vera á hestamannamóti austur í sveit, en komið í bæinn kvöldið áður. Svo hafi verið gert út um það upp frá, að Elías keyrði bílinn í bæinn. Stefnanda hafi aldrei fundist neitt athugavert við keyrsluna og Elías hafi aldrei tekið dropa af víni allan tímann, sem hann var með stefnanda. Elías hafi ekið á svona 60—70 km hraða. Vegurinn hafi verið blautur og nýheflaður. Stefnandi kvaðst ekkert vín hafa drukkið. Hann hafi verið með hálfa flösku af víni með sér, en aldrei drukkið af þessari hálfu flösku af portvíni, sem hann átti í skottinu á bílnum. Elías hafi smakkað vín daginn áður austur á Hellu á hestamannamóti, en það hafi verið sólarhring áður en þeir hittust. Stefnandi staðfesti sem réttan framburð sinn fyrir rannsóknarlögreglu á dskj. 3, nema það að hann hafi dreypt á flöskunni. Hann kvaðst hafa ætlað að dreypa á flöskunni, en hætt við það, enda hafi hún legið frammi í bílnum allan tímann. Stefnandi kvaðst ekki hafa verið vel fyrirkallaður, þegar hann kom til rannsóknarlögreglunnar, og kvaðst hann hafa verið lengi að ná sér eftir þetta slys. Stefnandi tók fram, að hann hefði aldrei látið Elías hafa lyklana að bílnum uppi í Borgarfirði, ef hann hefði vitað, að maðurinn væri undir áhrifum víns. Stefnandi kvaðst hafa verið í standi til þess að keyra bílinn.

Stefnandi sagði, að einu mennirnir, sem þeir hafi hitt, hafi verið sonur sinn og bóndinn á Brennu.

Stefnand kvaðst ekki minnast þess, að annað tjón hafi orðið á bifreiðinni en þetta, sem varð 29. júní. Stefnandi kvaðst hafa verið búinn að hringja og fá frest á því að greiða iðgjöld, en alltaf hafi staðið til að greiða iðgjaldið, og kvaðst stefnandi hafa verið nýbúinn að tryggja bílinn í fulla kaskó, því sér hafi fundist það sjálfsagt, en hann kvaðst ekki hafa verið með hann í fullri kaskó áður. Stefnandi kvaðst ekki muna, við hvern hann hefði talað, en hann hafi fengið gjaldfrest. Eftir óhappið hafi stefnandi ætlað að fara frá Sjóvá, en svo hafi hann gert upp við þá seinna og tryggt aftur upp á nýtt, vegna þess að númerin lágu inni eftir slysið. Þá hafi stefnandi borgað það, sem hann átti að borga, og komið bílnum á skrá aftur og keyrt hann svo þangað til fyrir áramót, að bíllinn var seldur. Bíllinn hafi verið áfram á sama númeri og í ábyrgðartryggingu hjá stefnda, en ekki í kaskótryggingu.

Bróðir stefnanda og faðir hans hafi hist um morguninn og hafi það orðið að samkomulagi hjá þeim, að þeir ætluðu að vita, hvort tryggingin hefði ekki verið borguð. Sennilega hafi þeir þá veriið búnir að frétta af slysinu. Stefnandi kvaðst hafa haft bíla tryggða hjá stefnda síðan 1962. Fyrst hafi hann fengið lán hjá stefnda, þegar hann keypti fyrsta bílinn, og hann hafi haft hann fulltryggðan í kaskó og það hafi stundum komið fyrir, að tryggingin var ekki borguð á réttum tíma, og hafi stefnandi fengið frest á því.

Hinn 27. júní sl. kom stefnandi að nýju fyrir dóm til yfirheyrslu. Vakin var athygli hans á ósamræmi í framburði hans hér fyrir dómi og fyrir lögreglu varðandi vínflösku, sem hann hafi haft meðferðis, og jafnframt um það, hvort hann hafi drukkið af flöskunni eða ekki. Ítarlega aðspurður kvaðst stefnandi hafa verið með litla flösku óátekna af léttu víni, portvíni eða Vermouth, og kvaðst hann hafa haft flöskuna frammi í bílnum undir sætinu. Stefnandi kvaðst vera viss um, að hann hafi ekkert drukkið. Stefnandi sagðist aldrei hafa séð Elías Þorvaldsson drekka vín í ferðinni, enda ef hann hefði séð það, þá hefði hann sjálfur keyrt bílinn. Þeir stefnandi og Elías hafi hist, rétt áður en þeir fóru í ferðina, þá hafi Elías verið á sínum bíl, sem var leigubíll frá BSR, og ekið sjálfur, en hann hafi ekki verið í leigubílaakstri, heldur eitthvað að snúast fyrir sjálfan sig. Stefnandi kvaðst ekki hafa séð annað en Elías væri allsgáður, þegar þeir hittust, en kvaðst halda, að hann hafi ekki verið búinn að sofa neitt mikið.

Vitnið Jón Böðvarsson, bóndi að Brennu í Lundarreykjadalshreppi, var yfirheyrt hér fyrir dómi vegna máls þessa. Vitnið kvaðst muna eftir, að þeir stefnandi og Elías Þorvaldsson hafi komið að Brennu og síðan hafa heyrt í sjónvarpi, að Elías hafði látist í þessari ferð. Þeir stefnandi og Elías muni hafa komið nálægt kl. 0600 síðdegis og farið laust fyrir kl. 0800. Vitnið kvaðst ekki hafa merkt áfengisáhrif á þeim stefnanda og Elíasi og fullyrti, að þeir hafi ekki neytt áfengis, á meðan þeir dvöldu hjá vitninu. Vitnið kvaðst ekki hafa þefað af þeim. Vitnið kvaðst hafa verið á tali við þá, þar til þeir fóru, og hafi stefnandi ekið bifreiðinni.

Ólafur Bergsson, deildarstjóri hjá stefnda, var yfirheyrður fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá Ólafi, að dskj. 14 og 15 væru húftryggingar stefnanda hjá stefnda. Ólafur kvaðst halda, að mismunandi skilmálar, þ. e. A og B á þessum tveim

dómskjölum, séu vegna mismunandi sjálfsábyrgðar. Merkingar b.f. í greiðsludálkum á þessum dómskjölum merki, að iðgjaldið hafi verið fært út af svokölluðum innheimtureikningi, þar sem iðgjald hafi ekki verið greitt. Merkingin XV þýði m. a., að skírteinisnúmer hafi verið strikað út og tryggingin þar með felld niður endanlega. Tryggingin á dskj. 15 sé frá árinu 1975 og hún hafi endanlega verið strikuð út vegna vanskila. Deildarstjórinn kvaðst ekki sjá á dskj. 15, hvenær það hafi verið gert. Tryggingin á dskj. 14 hafi tekið gildi sem vátrygging 12. desember 1972, iðgjald hafi verið greitt 17. janúar 1973, en eftir 1. febrúar 1973 hafi ekki verið greitt iðgjald og hafi það verið bakfært. Spurningu um það, hvort beðið væri um greiðslufrest á húftryggingariðgjaldi í gegnum síma, svaraði deildarstjórinn á þá leið, að það væri nú allur gangur á því, en óhætt væri að segja það um flestar tryggingar, að menn geti fengið gjaldfrest. Það væri óvenjulegt í gegnum síma. Gjaldfrestur væri helst veittur með víxilgreiðslu. Beiðni um tryggingu á dskj. 16 sé skrifuð af starfsmanni stefnda. Aðalreglan sé, að tjón sé fært inn á húftryggingarspjöld, þegar tilkynning berst, en þó sé það þannig, að ef trygging hafi verið felld niður, áður en tilkynningin berst, eða það sé talið augljóst, að það komi aldrei til neinnar greiðslu, þá sé þetta gjarnan lagt til hliðar og þá geymt í dagsetningarröð, þau tjón sem ekki eru bókuð. Deildarstjórinn taldi þetta fallið úr gildi gagnvart vátryggingartakanum, það sé bara spurningin að fella þetta algerlega úr bókunum. Lokastigið séu þessar merkingar XV í horninu hægra megin. Ekki sé hægt að gefa neitt eitt svar við því, hve langur tími líði, frá því að greiðslufall verði og þar til merkt sé b. f. á spjöldin og tryggingar felldar niður, þetta sé svo misjafnt. Það fari aðallega eftir álagi á starfsfólki, að tími vinnist til að ganga frá þessum spjaldfærslum. Það sé alveg undantekning, að tryggingartaka sé tilkynnt, að tryggingin sé fallin niður fyrir vanskil.

III.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að fjárhæð tjóns stefnanda væri ágreiningslaus. Bifreið stefnanda hafi verið í kaskótryggingu hjá stefnda og hafi sú trygging verið í fullu gildi, sbr. dskj. 8. Enda hafi ekki verið lögð fram gögn um það, að búið hafi verið að fella tryggginguna úr gildi. Það, að tekið var við greiðslu, sýni, að tryggingin hafi verið í fullu gildi. Framlögð dómskjöl sýni, að stefnandi hafi

lengi átt viðskipti við stefnda og jafnframt að stefnandi hafi oft verið í vanskilum, en samt taki stefndi að sér að húftryggja bifreið stefnanda. Ekkert komi fram um það í skjölum málsins, að stefndi hafi krafið stefnanda um iðgjald og gert honum ljóst, að greiðsludráttur varðaði niðurfalli tryggingar. Þetta allt valdi því, að tryggingin hafi verið í fullu gildi.

Ósannað sé, að Elías Þorvaldsson hafi verið ölvaður, þegar slysið varð. En enda þótt dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að Elías hafi verið ölvaður, þá skipti það ekki máli, þar sem stefnandi hafi ekki vitað um það og hafi hann verið í góðri trú, þegar hann fékk Elíasi bifreiðina til aksturs. Hér beri að líta til 1. gr. skilmálanna á dskj. 6, en lögjafna megi frá þessu ákvæði, ef talið verði, að Elías hafi verið undir áhrifum. Til þess að hægt sé að sýkna stefnda, þurfi stefndi að sanna, að stefnanda hafi verið ljóst, að Elías hafi verið undir áhrifum áfengis, en það sé ósannað, sbr. dskj. 11. Það hefði verið undarlegt athæfi hjá stefnanda, sem ekki var ölvaður, ef hann hefði farið að fela ölvuðum manni að aka bifreiðinni.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa rökstudd með eftirfarandi:

Iðgjald hafi ekki verið greitt þrátt fyrir kröfu um það. Hafi ábyrgð félagsins þá verið lokið, sbr. 3. gr. vátryggingarskilmála og 14. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Greiðsla iðgjaldsins eftir slysið felli ekki ábyrgð á stefnda um atburð, sem gerðist, áður en greiðslan fór fram.

Í blóði ökumanns bifreiðarinnar hafi mælst vínandamagn 1.05‰. Samkvæmt 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 teljist hann ekki hafa getað stjórnað ökutæki örugglega og hafi honum verið óheimilt að aka bifreið. Í g lið 10. gr. vátryggingarskilmála séu undanskildar ábyrgð félagsins skemmdir, sem verði, þegar ökumaðurinn sé undir áhrifum áfengis, örvunar- eða deyfilyfja eða að öðru leyti ófær um að stjórna ökutækinu á tryggilegan hátt, sbr. 24. og 25. gr. umferðarlaga. Regla þessi sé fortakslaus og skipti ekki máli, hvort stefnandi vissi um ástand ökumannsins eða ekki, og hafi honum reyndar borið að ganga úr skugga um það, áður en hann fékk honum stjórn bifreiðarinnar, sbr. 5. mgr. 24. gr. umferðarlaga.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda er ekki andmælt, eins og hún er eftir breytingu þá, sem gerð var við munnlegan málflutning.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að hafi Elías heitinn Þorvaldsson ekki smakkað áfengi frá því kl. 1800, þá hljóti hann að hafa verið dauðadrukkinn,

þegar hann og stefnandi lögðu af stað í ökuferðina. En bóndinn að Brennu hljóti að hafa orðið var við það, ef Elías hefði verið drukkinn, en það hafi hann ekki merkt og þess vegna hljóti áfengisneyslan að hafa hafist, eftir að þeir Elías og stefnandi lögðu af stað frá Brennu, og þess vegna hljóti stefnandi að hafa vitað um áfengisneyslu Elíasar og samt falið honum að aka bifreiðinni.

IV.

Álit dómsins.

Á dskj. 6 eru skilmálar fyrir húftryggingu stefnda. Samkvæmt 3. gr. skilmálanna fellur fyrsta iðgjald í gjalddaga þann dag, sem vátryggingin tekur gildi, sé eigi um annan gjalddaga samið. Verði fyrsta iðgjald eigi greitt, þegar þess er krafist, en þá kröfu má í fyrsta lagi gera á gjalddaga, er ábyrgð félagsins lokið. Sama gildir, séu síðari iðgjöld eigi greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Að öðru leyti gilda ákvæði 12. — 15. gr. laga nr. 20/1954.

Dskj. 14 er ljósrit úr spjaldskrá stefnda vegna húftryggingar stefnda á bifreið stefnanda, sem tók gildi 12. des. 1972, fyrsta iðgjald af þeirri tryggingu var greitt 17. janúar 1973. Önnur iðgjöld af þeirri tryggingu hafa ekki verið greidd, en á spjaldið eru skráð iðgjöld pr. 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst 1973. Við iðgjöld á þessum gjalddögum er skráð b.f., sem samkvæmt framburði deildarstjóra stefnda merkir, að greiðslur hafi verið bakfærðar, þar sem þær hafi ekki verið greiddar. Spjaldið er jafnframt merkt XV, sem mun merkja, að trygging hafi verið felld niður. Á spjaldi þessu verður ekki séð, hvenær tryggingin var felld niður, en ofangreindar færslur á spjaldinu gefa til kynna, að það hafi ekki verið fyrr en eftir 1. ágúst 1973, það er a. m. k. 6 mánuðum eftir að iðgjaldið 1. febrúar 1973 féll í gjalddaga. Er þetta ekki í samræmi við 15. gr. laga nr. 20/1954.

Dómskjal 15 er ljósrit úr spjaldskrá stefnda yfir húftryggingu á bifreið stefnanda, sem gildi tók 20. mars 1975, skv. spjaldi þessu hafa engin iðgjöld verið greidd af þessari tryggingu, skráðir gjalddagar eru 20. mars og 1. maí 1975, og er við þá báða merkt b.f., og svo er spjaldið merkt XV.

Dómskjal 8 er ljósrit úr spjaldskrá stefnda vegna þeirrar húftryggingar á bifreið stefnanda, sem mál þetta er af risið. Samkvæmt þessu dómskjali hófst húftrygging bifreiðarinnar 1. nóv. 1975, sbr. og dskj. 16, sem er beiðni um húftryggingu bifreiðarinnar. Iðgjald vegna þessarar húftryggingar mun hafa verið

greitt 3. nóv. 1975, en iðgjöld með gjalddögum 1. febrúar og 1. maí 1976 munu hafa verið greidd 29. júní 1976, það er eftir að tjón það, sem málið er af risið, varð. Við gjalddaga 1. ágúst 1976 er merkt b.f., og neðst í horni spjaldsins er merkt XV, sem, eins og áður segir, mun merkja, að trygging hafi verið felld niður. Ekki verður séð af spjaldinu, hvenær það var. Inn á spjaldið eru færð þrjú tjón, fyrst nr. 4565/75 1/11, fjárhæð kr. 238.215, svo nr. 4218/76 11/6 og síðast nr. 4219/76 29/6. Bónus af iðgjaldi pr. 1. maí 1976 féll niður, og mun það vera vegna tjónsins nr. 4565/75, sem varð 1. nóv. 1975, sbr. dskj. 17. Það, sem hér hefur verið rakið, þykir gefa til kynna, að hinn 1. ágúst 1976 hafi húftrygging stefnanda hjá stefnda verið talin í gildi þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skilmálanna á dskj. 6 og 14. og 15. gr. laga nr. 20/1954.

Við niðurstöðu máls þessa verður því við það miðað, að húftrygging stefnanda hjá stefnda hafi ekki verið fallin niður þrátt fyrir vanskil stefnanda, þá er tjónið varð, sem málið er af risið.

Samkvæmt lögregluskýrslu á dskj. 3 var tilkynnt um slysið, sem málið er af risið, kl. 0310 þriðjudaginn 29. júní. Samkvæmt sömu skýrslu mun ökumaður bifreiðar stefnanda, Elías Þorvaldsson, hafa verið látinn, þegar sjúkralið kom á vettvang eftir slysið.

Dómskjal 9 er ljósrit af niðurstöðu krufningarskýrslu varðandi Elías Þorvaldsson. Þar segir m. a., að samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Ransóknastofu Háskólans í lyfjafræði) hafi magn alkóhóls í blóði verið 1.05‰ og í þvagi 1.30‰. Jafnframt segir í ályktun, að líkur séu fyrir því, að maðurinn hafi verið ölvaður, er hann lést.

Í g lið 10. gr. vátryggingarskilmála stefnda á dskj. 6 segir, að undanskildar ábyrgð félagsins séu: Skemmdir, sem verða, þegar ökumaðurinn er undir áhrifum áfengis, örvunar- eða deyfilyfja eða að öðru leyti ófær um að stjórna ökutækinu á tryggilegan hátt (sbr. 24. og 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968).

Fyrirvara þennan ber að túlka í samræmi við 20. gr. laga nr. 20/1954, og þegar það er gert, þá þykir stefndi, eins og málið er vaxið, þurfa að sanna, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að Elías Þorvaldsson væri undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt framburði vitnisins Jóns Böðvarssonar, bónda að Brennu í Lundarreykjadal, komu þeir stefnandi og Elías Þorvaldsson að Brennu nálægt kl. 1800 kvöldið fyrir slysið og fóru þaðan laust fyrir kl. 2000. Vitnið merkti ekki áfengisáhrif á þeim

félögum og fullyrti, að þeir hafi ekki neytt áfengis, meðan þeir dvöldu að Brennu.

Ekki hafa verið færðar sönnur að áfengisneyslu stefnanda í ferð þessari, en hann bar hér fyrir dómi, að tekin hefði verið blóðprufa úr sér eftir slysið. Fallast má á það með stefnanda, að það sé ósennilegt, að stefnandi, sem er leigubílstjóri, hafi falið manni, sem hann vissi, að væri undir áhrifum áfengis, akstur bifreiðar sinnar, sérstaklega ef hann var ekki sjálfur óhæfur til aksturs bifreiðarinnar.

Á dskj. 11 er bréf frá Rannsóknastofu í lyfjafræði, undirritað af Jóhannesi F. Skaftasyni. Bréf þetta er svar við brefi lögmanns stefnanda á dskj. 10. Í bréfinu á dskj. 11 kemur fram, að niðurstöður alkóhólmælinga á blóði og þvagi ökumanns bifreiðar stefnanda bendi til jafnvægis milli alkóhóls í blóði og alkóhóls í þvagi, en áfengismagnið sé ekki meira en svo, að stefnandi þurfi ekki að hafa séð ölvunareinkenni á ökumanninum. Enn fremur segir í bréfi þessu, að um ástand ökumanns, sem hafi 1.05‰ áfengisþéttni í blóði, verði ekkert sagt með vissu, vegna þess hve misvel menn þola áfengi.

Niðurstaða dómsins er sú, að stefndi hafi ekki sannað, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að Elías Þorvaldsson væri undir áhrifum áfengis, þá er hann ók bifreið stefnanda. Verður þess vegna ekki fallist á það með stefnda, að g liður 10. gr. vátryggingarskilmála hans heimili honum að synja greiðslu á vátryggingarbótum til stefnanda, þar sem stefndi getur ekki borið fyrir sig þetta ákvæði vátryggingarskilmálanna að því leyti sem það fer í bága við 20. gr. laga nr. 20/1954.

Fjárhæð tjóns stefnda er ekki tölulega vefengd, og verður hún því tekin til greina með vöxtum, eins og krafist er.

Málskostnaður ákveðst kr. 335.000, þar með talinn matskostnaður, kr. 20.000.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Sigurbirni Hreiðari Sigurbjarnasyni, kr. 1.532.400 með 13% ársvöxtum frá 1. júlí 1976 til 1. desember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 335.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. október 1982.

Nr. 193/1982. **Íscargo h/f**
gegn
Vængjum h/f.

Kærumál. Úrskurður um synjun á framlagningu skjala felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari.

Sóknaraðili hefur með vísun til f liðar 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 1. september 1982, sem barst Hæstarétti 1. október sl. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og sér verði heimilað að leggja fram í málinu eftirgreind skjöl:

„a) 20 skjöl: bréfasamskipta samgönguráðuneytisins og fundir flugráðs vegna flugrekstrarleyfis Vængja.
b) 4 skjöl ásamt fylgiskjölum úr bréfasafni Jóns E. Ragnarssonar hrl.
c) 1 skjal: vottorð Friðjóns Sæmundssonar".

Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili gerir þá kröfu aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti. Til vara krefst hann, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að sóknaraðili greiði kærumálskostnað in solidum með lögmanni sínum eftir mati Hæstaréttar, en til vara, að sóknaraðili greiði kærumálskostnað einn. Verði fallið frá kærumáli þessu, krefst hann allt að einu, að héraðsdómaranum verði boðið að ákvarða strax kærumálskostnað í kærumálinu. Þá krefst hann enn, að sóknaraðili setji tryggingu fyrir tjóni og óhagræði, er af kærumálinu kann að hljótast, 20.000.00 krónur eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins.

Sérstakar athugasemdir héraðsdómara samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973 hafa ekki borist. Hinum kærða úrskurði fylgja ekki forsendur, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Dómsmál það, sem hér er um að tefla, höfðaði varnaraðili með stefnu, birtri 24. mars 1981, á hendur sóknaraðilja til greiðslu á andvirði hlutabréfa í varnaraðilja, samtals 27.000.000 gamalla króna auk vaxta. Eigendur hlutabréfanna eru sagðir 8 nafngreindir hluthafar varnaraðilja. Kaupverðið skyldi vera fullgreitt við árslok 1979 og renna til greiðslu skuldar Ferðamiðstöðvarinnar h/f við varnaraðilja.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 26. mars 1981. Lagði varnaraðili þá fram greinargerð sína samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 31. gr. laga nr. 28/1981, svo og helstu sóknargögn. Fékk sóknaraðili frest til 9. apríl til að rita greinargerð og síðan aftur til 30. apríl. Aðiljar fengu þá sameiginlegan frest til gagnaöflunar. Málinu er síðan frestað sex sinnum og í sjötta skiptið til 26. mars sl. Þá er því frestað til aðalflutnings hinn 1. júní. Í þinghaldi þann dag krafðist umboðsmaður varnaraðilja, að aðalmeðferð málsins færi þá fram eins og ákveðið hefði verið. Umboðsmaður sóknaraðilja krafðist, að munnleg sönnunarfærsla færi fram þann dag, en munnlegur málflutningur síðar. Héraðsdómari tók ágreininginn til úrskurðar og frestaði málinu til munnlegrar sönnunarfærslu og munnlegs flutnings til 1. september. Í þinghaldi þann dag krafðist sóknaraðili, að honum yrði heimilað að leggja fram samtals 25 dómskjöl, en varnaraðili mótmælti framlagningu á þeim. Héraðsdómari kvað upp hinn kærða úrskurð í þinghaldinu, og er hann svohljóðandi:

„Kröfu stefnda um framlagningu 25 skjala er hrundið. Málskostnaðarákvörðun bíður dóms í málinu".

Fyrir Hæstarétti styður sóknaraðili kröfur sínar um framlagningu skjala þeirra, er greinir í staflið a), þeim rökum, að þau lúti að viðskiptum við samgönguráðuneytið og fundum flugráðs vegna ákvörðunar um flugrekstrarleyfi Vængja h/f á árinu 1979. Hann kveðst byggja dómkröfur sínar á

riftun kaupsamnings um hlutabréfin á brostnum forsendum, enda hafi atvinnureksturinn ekki verið haldinn þeim kostum, sem lofað hafi verið. Skjöl þessi, sem honum hafi nýlega tekist að fá frá ráðuneytinu, uppplýsi m. a., sem honum hafði áður eigi verið ljóst, að Vængir h/f hafi eigi haft neitt formlegt flugrekstrarleyfi, þegar kaupin um hlutabréfin voru gerð. Hann telur skjöl þau, er hér greinir, ekki hafa legið á lausu fyrr en nýlega, og eftir að vitneskja hafi borist um mikilvægi þeirra, hafi strax verið ákveðið að leggja þau fram í málinu. Skjöl, talin undir staflið b), kveður hann lögmann varnaraðilja hafa sagst munu leggja fram í málinu og hafi hann látið sér í té ljósrit af þeim. Eitt skjalanna sé bréf frá skilanefnd varnaraðilja til skuldheimtumanna hans, og kveðst hann hafa byggt reikningsgerð sína í málinu á því. Skjal undir staflið c) kveður hann vera vottorð, er gangi í berhögg við vottorð sama aðilja á dskj. 25 í málinu. Ljóst sé, að varnaraðilja beri að leiða vottorðsgjafann fyrir dóm vegna þeirrar mótbáru, að varnaraðili sé ekki réttilega að kröfunni kominn, með því að fullnægjandi umboði frá eigendum hlutabréfanna sé ekki til að dreifa. Hann telur gögn þessi öll nauðsynleg til sönnunarfærslu í málinu og ákvæði einkamálalaga eigi svo fortakslaus, að honum sé óheimilt að leggja þau fram við upphaf aðalflutnings fyrir dómi. Öll skjölin verði til umfjöllunar við aðalflutning málsins og lögmaður varnaraðilja hafi því nægan tíma til að kynna sér þau. Með gagnályktun frá 3. mgr. 110. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 3. mgr. 111. gr. laganna um fresti, sé ráð fyrir því gert, að öflun sýnilegra sönnunargagna geti staðið yfir allt fram til þess, er sókn og vörn fara fram.

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að kæruheimild sé hvorki fyrir hendi samkvæmt 21. gr., 1. mgr., laga nr. 75/1973 né heldur í lokaákvæði sömu greinar. Einnig vísar hann til 2. mgr. 111. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 34. gr. laga nr. 28/1981. Um skjöl þau, er greini undir staflið a), kveður varnaraðili, að sóknaraðilja hafi verið þau tiltæk í rúmlega tvö ár í samgönguráðuneytinu. Af sinni hálfu hafi þetta ver-

ið málsástæða um forsendur varðandi greiðslu og skuldastöðu, en ekki flugrekstrarleyfi. Bæði sé, að málsástæða um flugrekstrarleyfi hafi í fyrstu ekki verið í þessu máli og síðan of seint fram komin. Ekki sé hægt við aðra tilraun aðalmeðferðar að koma með slíkan skjalabunka.

Engin afrit hafi verið send áður né framlagning skjalanna boðuð fyrirfram. Hann kveður frásögn sóknaraðilja ranga og villandi um það, að hann hafi ekki getað fengið þessi skjöl fyrir ritun greinargerðar í málinu eða síðar. Aðalmeðferð málsins hafi verið ákveðin tvisvar með samþykki sóknaraðilja og í bæði skiptin með ærnum fyrirvara. Um skjöl, talin undir staflið b), segir varnaraðili, að þar fari sóknaraðili með rangt mál. Hann kveðst aldrei hafa afhent honum ljósrit skjalanna vegna þessa máls eða sagst munu leggja þau fram í því. Þau séu úr bæjarþingsmálinu nr. 1575/1982 milli sömu aðilja. Í því máli sé sett fram málsástæðan um flugrekstrarleyfið. Um vottorð undir staflið c) segir varnaraðili, að það sé dagsett 18. júní 1980. Þess hafi verið aflað fyrir atbeina sóknaraðilja á sínum tíma og hann hafi jafnan haft það undir höndum síðan. Varnaraðili ítrekar, að mergurinn málsins sé þó framkoma lögmanns sóknaraðilja nú í tvö skipti við aðalmeðferð málsins. Með löngum fyrirvara hafi héraðsdómarinn tekið frá tvo daga og aðaldómsal embættisins og sjálfur hafi hann sem lögmaður varnaraðilja tekið frá tvo daga og tvisvar boðað til þinghaldanna mörg vitni og fyrirsvarsmenn varnaraðilja. Hafi allt þetta bakað sér og mörgum öðrum verulega vinnu, ómak og kostnað.

Kröfu sína um tryggingu vegna tjóns og óhagræðis rökstyður varnaraðili með því, að hinar vafasömu og ólögmætu tafir á málinu hafi þegar valdið sér miklum réttarspjöllum, en bú sitt kveður hann nú vera til meðferðar hjá skilanefnd og einu eignir þess séu kröfur á hendur sóknaraðilja. Sé með þessum drætti stofnað til mikillar hættu á gjaldþroti. Til stuðnings kröfu þessari vísar hann til 26. gr. laga nr. 75/1973.

Kröfuna um kærumálskostnað kveðst hann byggja á 182. gr., sbr. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936.

Fyrir Hæstarétt hefur varnaraðili lagt svohljóðandi bréf frá samgönguráðuneytinu, dags. 7. sept. sl.

„Með vísun til bréfs yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, dags. í dag, um aðgang að opinberum gögnum í vörslu ráðuneytisins og varða flugleyfi flugfélagsins Vængja h.f. staðfestist hér með, að forstöðu- og umboðsmenn Vængja h.f. og Íscargo h.f. hafa jafnan getað fengið í ráðuneytinu þau gögn, er hér að ofan greinir, þ. m. t. skjöl, sem lögmaður Íscargo h.f. fékk nýverið afhent í myndriti".

Frumrit eða staðfest endurrit þeirra skjala, er kærumálið er risið af, hafa eigi verið lögð fyrir Hæstarétt með kærugögnum.

Kæruheimild er að finna í f lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Er því krafa varnaraðilja um frávísun ekki tekin til greina. Svo sem áður er lýst, byggir sóknaraðili m. a. á því, að hlutabréf þau í varnaraðilja, er hinn umdeildi samningur frá 28. ágúst 1979 er um, hafi ekki verið þeim kostum búin sem lofað hafi verið. Í málflutningi hans í héraðsdómi er m. a. byggt á því, að ekki hafi við samningsgerðina verið upplýst af hálfu forsvarsmanna varnaraðilja, að öll flugrekstrarleyfi hans hefðu verið afturkölluð eða þau verið á síðustu undanþágum og út runnin um það leyti er kaupin yrðu virk. Ekki verður tekin afstaða til þess hér, hvort málsástæða þessi eigi að komast að við úrlausn málsins fyrir héraðsdómi, en varhugavert þykir að synja sóknaraðilja um rétt til að rökstyðja hana frekar. Þykir því mega, eins og á stendur, heimila honum framlagningu þeirra skjala, er getur í kröfugerð hans undir staflið a) að framan. Einnig þykir mega heimila sóknaraðilja framlagningu skjalanna, er stafliðir b) og c) taka til. Krafa varnaraðilja um tryggingu fyrir tjóni og óhagræði fyrir umbjóðanda hans af kærumálinu verður ekki höfð uppi í máli þessu í Hæstarétti, enda felur 26. gr. laga nr. 75/1973 ekki í sér slíka heimild. Héraðsdómari hefur með úrskurði, uppkveðnum 16. september sl., synjað slíkrar tryggingar, og tekur umboðsmaður varnaraðilja réttilega fram í greinargerð sinni í málinu, að þvílíkur úrskurður sæti eigi kæru.

Á það má fallast með varnaraðilja, að sóknaraðili hafi verið úr hófi svifaseinn að afla og leggja fram skjöl þau, er kærumálið snýst um, samanber vottorð samgönguráðuneytis. Verður að víta þenna drátt umboðsmannsins.

Málskostnaðarákvörðun bíður endanlegs dóms í aðalmálinu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er sóknaraðilja heimilt að leggja fram í málinu skjöl þau, er í hinum kærða úrskurði greinir.

Mánudaginn 25. október 1982.

Nr. 6/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Eggert Bjarna Arnórssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. desember 1981. Er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 25. júní 1982.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er ákærða varðar, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess aðallega, að öll meðferð málsins frá og með 17. október 1978 verði ómerkt og málinu verði vísað heim í hérað til lögmætrar meðferðar. Til vara krefst verjandi sýknu af ákæru samkvæmt 3. og 5. tölulið I. kafla

ákæru, en að ákærði verði að öðru leyti dæmdur í þá vægustu refsingu, er lög leyfa. Þá krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist hans komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

I.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn fjórum mönnum. Undu þrír þeirra héraðsdómi, en ákærði óskaði áfrýjunar, svo sem áður er greint.

II.

Verjandi styður ómerkingarkröfu þeim rökum, að gengið hafi verið á rétt sakbornings, er dómari neitaði honum um að verja sig sjálfur, sbr. 81. gr., 3. mgr., laga nr. 74/1974. Við þingfestingu máls hafi ákærða eigi verið kynnt ákæruefni nema með almennri birtingu ákæruskjals, eftir því sem ráða megi af bókun í þingbók, og hafi dómari eigi leitað eftir afstöðu hans til einstakra ákæruefna og fengið svör hans við því, hvort sakargögn vörðuðu hann, sbr. 1. mgr. 121. gr. laga nr. 74/1974. Enn sé þess að gæta, að dómari hafi eigi boðað ákærða þinghald, er mál skyldi flytja, og með því, að hann hafi eigi á annan hátt fengið vitneskju um þinghaldið, hafi sér sjálfum verið fyrirmunað að halda uppi vörnum til viðbótar því, sem skipaður verjandi hafi haft fram að færa, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómara var rétt að skipa ákærða verjanda, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974, og verður mati hans í þessu efni eigi hrundið. Eigi verður annað ráðið af gögnum máls en að fullkomin vörn hafi komið fram fyrir ákærða í héraði. Verður ómerkingarkröfu verjanda ákærða eigi sinnt.

III.

Í 5. lið í almennri málavaxtalýsingu héraðsdóms hefur misritast 90.000 krónur í stað 96.000 krónur og í lok 3. töluliðs er nefnd fjárhæðin „kr. 1.200“, en hið rétta er 2.000 kr.

IV.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara með vísan til forsendna dómsins, þó svo, að í 4. tölulið í niðurstöðum dóms-

ins þykir rétt að miða við 25 g í stað 30 g af efni því, er þar getur.

Atferli ákærða er réttilega fært til refsiákvæða í héraðsdómi, en í stað auglýsingar nr. 230/1976 er nú komin auglýsing nr. 293/1978, og þar sem segir í heimfærslu í dóminum „2. tl. 1. mgr. og 5.“, þá á þar að standa 2. tl. 1. mgr. 5. gr.

Ákærði framdi brot sín í samvinnu við aðra menn, svo sem rakið er í héraðsdómi, og verður að telja samkvæmt sakargögnum, að hann hafi í nokkur skipti verið upphafsmaður og skipuleggjandi brotastarfseminnar, sem var talsvert umfangsmikil og tók yfir nokkurt tímabil. Þess er að gæta, að meðal efna þeirra, er brot ákærða lúta að, eru 117 LSD töflur. Ákærði var 21 árs, er brotahrinan hófst. Refsingu ákærða ber að ákveða með vísan til 70. gr., 2. mgr., og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi, þó svo, að vararefsing fésektar verði 50 daga fangelsi, en greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá uppsögu dóms þessa. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem telja verður 10 daga, komi refsivist til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvæði dómsins um eignarupptöku á 155 g af amfetamíndufti og á 2 bréfavogum svo og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, 6.000.00 krónur.

Mál þetta var þingfest 17. október 1978. Eftir það eru háð dómþing 12. desember 1978 og 3. maí 1979 og svo 4. september 1980, er ákærða var skipaður verjandi. Munnleg vörn var flutt í dómþingi 25. september 1980 og mál dómtekið, en héraðsdómur gekk 1. október s. á. Eigi eru greindar ástæður fyrir því í héraðsdómi, hvað valdið hafi framangreindum drætti á meðferð málsins, frá því er það var þingfest og uns verjandi var skipaður.

Dómsorð:

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá uppsögu dóms þessa og vararefsing sektar verði 50 daga fangelsi. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, Eggerts Bjarna Arnórssonar, í 10 daga skal koma refsivist hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel ákvæði 80. gr., 81. gr. og 121. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 ótvíræð um það, að í máli því, sem hér er fjallað um, hafi ákærði átt rétt á því að verja sig sjálfur. Átti ákærði því rétt á að fá í hendur afrit málsskjala eða ljósmyndir þeirra samkvæmt 2. mgr. 121. gr. laga nr. 74/1974. Yfirlýsingu ákærða við þingfestingu málsins hinn 17. október 1978 um, að hann hygðist sjálfur halda uppi vörnum fyrir sig, og kröfu hans um afhendingu málsskjala svaraði dómarinn með svofelldri bókun: „Ákærða var á það bent, að lög þættu ekki standa til að verða við ofangreindri kröfu og mundi rétturinn innan skamms taka afstöðu til skipunar verjanda honum til handa, ef ákærði ekki bráðlega, að betur athuguðu máli, benti á einhvern starfandi lögmann hér í borginni sem æskilegan verjanda."

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að dómari hafi eftir þetta haft samband við ákærða fyrr en við birtingu dóms hinn 26. mars 1981.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að dómari hafi í framangreindu þinghaldi, er mál var þingfest hinn 17. októ-

ber 1978, eða síðar, kynnt sökunaut efni þeirra gagna, er honum hefðu ekki áður verið kynnt, eða leitað viðurkenningar hans á því, að þau varði hann eða málið, svo sem boðið er í 1. mgr. 121. gr. laga nr. 74/1974.

Ég tel, að ákvæði 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974 um heimild fyrir dómara til þess að skipa sökunaut verjanda, þó að hann óski þess ekki eða krefjist þess, að það verði ekki gert, svo sem hér var, eigi fyrst og fremst við, þegar sökunautur ætlar ekki að halda uppi vörnum sjálfur, en líklega einnig, ef mál er þannig vaxið, að dómari telur sökunaut ofviða að halda tryggilega á máli sínu. Ég fæ ekki séð, að efni þessa máls hafi gefið tilefni til slíkrar ákvörðunar. Sökunautur verður a. m. k. ekki sviptur rétti sínum samkvæmt 3. mgr. 81. gr. og 1. mgr. 121. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að verja sig sjálfur. Hafa ber í huga, að óþörf skipun verjanda gegn vilja sökunauts veldur sökunaut verulegum útgjöldum, ef hann verður sakfelldur, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

Með því að synja sökunaut um að verja sig sjálfur og að láta undir höfuð leggjast að gæta að öðru leyti ákvæða 121. gr. laga nr. 74/1974, svo sem að framan greinir, hefur héraðsdómari borið rétt sökunauts svo fyrir borð, að ekki þykir hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla frá þingfestingu málsins hinn 17. október 1978 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómara málsins, og mun ég því með skírskotun til 1. mgr. 53. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í III. og IV. kafla forsendna fyrir dómi meiri hluta dómara málsins, er ég samþykkur niðurstöðu hans.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. október 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 1. október, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Karli F. Jóhannssyni fulltrúa með undirrituðum vottum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 507/1978: Ákæruvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni og fleirum.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. september 1980, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 7. júní 1978, á hendur:

1. Eggert Bjarna Arnórssyni, Meistaravöllum 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 13. september 1954,
2. Björgólfi Stefánssyni, Háholti 13, Keflavík, fæddum 7. desember 1951 í Reykjavík,
3. Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni, Skálagerði 13, Reykjavík, fæddum þar í borg 17. desember 1953, og
4. Axel Pétri Juel Einarssyni, Bogahlíð 20, Reykjavík, fæddum 27. október 1947 á Fáskrúðsfirði,

fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf með eftirgreindum hætti:

„I. Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson.

1. Um mánaðamót ágúst/september 1976 keypt a. m. k. 148 gr af hassi í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni á 10 kr. danskar hvert gramm og ásamt nefndum Björgólfi komið efninu, sem þeir áttu að jöfnu, fyrir í tveimur leðurbeltum, sem þeir höfðu látið útbúa til flutnings á fíkniefnum. Hinn 3. september s. á. flutt efnið þannig falið til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi verulegan hluta efnisins ótilgreindum aðilum með aðstoð Agnars Agnarssonar og við brottför sína af landinu 4. september skilið um 40 gr af efninu eftir í vörslum nefnds Agnars.

2. Hinn 6. september 1976 í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni keypt 220—240 gr af hassi, sem þeir áttu að jöfnu, á 10 kr. danskar hvert gramm, aðstoðað nefndan Björgólf við undirbúning á flutningi efnisins, sem Björgólfur flutti síðan hingað til lands 7. september og seldi hérlendis.

3. Um miðjan september í Kaupmannahöfn í félagi við meðákærða Björgólf Stefánsson falast eftir kaupum á ótilgreindu magni af amfetamíndufti hjá ætluðum fíkniefnasala og í því sambandi afhent honum 400 gyllini, en kaup þessi tókust ekki vegna vanefnda þessa ætlaða sölumanns. Amfetamínefnið hugð-

ust ákærði og nefndur Björgólfur flytja hingað til lands og selja síðan hérlendis í ágóðaskyni.

4. Skömmu síðar í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni keypt 30 gr af hassi fyrir um 600 kr. danskar og 20 LSD töflur á 20 kr. danskar hverja töflu og daginn eftir þetta keypt 97 LSD töflur á 15 kr. danskar hverja töflu, en efnið töldust ákærði og nefndur Björgólfur eiga að jöfnu. Meginhluta þessara efna afhentu ákærði og nefndur Björgólfur meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni, sem gegn því að teljast eiga efnin að 1/3 hluta flutti 25. september 1976 um 25 gr af hassefnum og 97 LSD töflur til Reykjavíkur, þar sem ákærði tók við efnunum í veitingahúsinu Brauðbæ við Óðinstorg. Ákærði seldi síðan meginhluta efnanna mörgum mönnum í Reykjavík, oftast að Njálsgötu 48, hvert gramm af hassinu og hverja töflu LSD á kr. 2.000, en nokkurs hluta þessara efna neytti ákærði sjálfur ásamt nokkrum kunningjum sínum. Skömmu eftir móttöku efnanna afhenti ákærði nefndum Ágúst Guðlaugi söluandvirði þeirra, allt að kr. 260.000, að Þórsgötu 5 í Reykjavík, og hélt Ágúst Guðlaugur utan með féð 30. sept. 1976 til frekari fíkniefnakaupa.

5. Um mánaðamót september/október 1976 selt ýmsum ótilgreindum mönnum í Reykjavík samtals um 2 gr af amfetamíndufti (speed) fyrir Hinrik Þórisson fyrir samtals um kr. 40.000 og þar af skilað honum um kr. 25.000, en haldið afganginum sjálfur.

6. Um miðjan október 1976 móttekið samtals um 70 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni að Bogahlíð 20 í Reykjavík og nokkru eftir þetta móttekið 15—22 gr af efninu af meðákærða Axel Pétri Juel Einarssyni. Hinn 24. október afhent Helga Aðalsteinssyni 30 gr af efninu að Njálsgötu 48 í Reykjavík, og greiddi nefndur Helgi 300 bandaríkjadali við móttöku efnisins, sem hann hugðist selja fyrir ákærða á Keflavíkurflugvelli og greiða ákærða síðan 60 dali fyrir hvert gramm. Meginhluta þess, sem þá var eftir, seldi ákærði ýmist sjálfur eða með aðstoð annarra nokkrum mönnum í Reykjavík, oftast á um kr. 15.000 eða 60 dali hvert gramm, og hafði ákærði þannig verulegan hagnað af dreifingu afnisins, en hluta þess fjár, um 1.250 dali, afhenti ákærði meðákærða Ágúst Guðlaugi, sem hélt utan 30. október til enn frekari fíkniefnakaupa.

7. A. Hinn 8. nóvember 1976 móttekið rúm 100 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni að Bogahlíð

20 í Reykjavík, en efnismagn þetta taldist ákærði eiga að jöfnu með meðákærða Björgólfi Stefánssyni, og falið efnið með aðstoð Agnars Agnarssonar utan Vatnsveituvegar í námunda við Elliðaár í Reykjavík, þar sem lögreglan lagði síðan hald á það 18. nóvember.

B. Laugardagskvöldið 20. nóvember 1976 í félagi við meðákærða Björgólf Stefánsson tekið við rúmum 50 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni við Hafnarbíó í Reykjavík og flutt efnið að heimili sínu, þar sem ákærði sunnudaginn 21. nóvember afhenti nefndum Björgólfi 1 gr af efninu og seldi Theodór Guðjóni Jónssyni 5 gr fyrir 300 bandaríkjadali, en lögreglan lagði hald á eftirstöðvar efnisins 22. nóvember.

8. Í apríl 1977 keypt 15 gr af hassi í Danmörku, flutt efnið til Akureyrar með m/s Helgafelli og síðan póstsent það til Alfreðs Hilmarssonar í Reykjavík, þar sem ákærði svo stuttu síðar neytti um helming efnisins ásamt nefndum Alfreð og fleirum.

II. Ákærði Björgólfur Stefánsson.

1. Um mánaðamót ágúst/september 1976 í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt a. m. k. 148 gr og allt að 200 gr af hassi í Kaupmannahöfn og síðan aðstoðað nefndan Eggert Bjarna við að undirbúa flutning efnisins hingað til lands, sbr. I, 1 hér að framan.

2. Hinn 6. september 1976 í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt um 220—240 gr af hassi, sbr. I, 2 hér að framan, og 7. september flutt efnið með sér í seðlaveski nefnds Eggerts Bjarna til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi efnið að Njálsgötu 48 ýmsum ungmennum, sem um þessar mundir lögðu leið sína þangað, m. a. Agnari Agnarssyni, en fyrir efnið fékk ákærði samtals kr. 125.000 og 500 bandaríkjadali, sem hann stuttu seinna hafði með sér utan til frekari fíkniefnakaupa.

3. Um miðjan september 1976 í félagi við meðákærða Eggert Bjarna Arnórsson reynt að fá keypt amfetamínduft í Kaupmannahöfn af manni, sem þeir töldu vera fíkniefnasala, og í þessu sambandi afhent honum 400 gyllini, sbr. I, 3 hér að framan.

4. Skömmu síðar í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt 25 eða 30 gr af hassi og samtals 117 LSD töflur. Fengið meðákærða Ágúst Guðlaug Guðmundsson til að flytja efnin til Íslands og síðan um mánaðamót septem-

ber/október 1976 aðstoðað nefndan Ágúst Guðlaug við að skipta íslenskum peningum í erlendan gjaldeyri í nokkrum bönkum í Kaupmannahöfn, en nefndur Ágúst Guðlaugur var þá á leið til Amsterdam til að kaupa amfetamínefni fyrir söluandvirði ofangreindra fíkniefna, sbr. I, 4 hér að framan.

5. Laugardagskvöldið 20. nóvember 1976 ásamt meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni tekið við rúmum 50 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðmundssyni í Reykjavík og daginn eftir gefið kunningja sínum 1 gr af efninu, en efni þetta var hluti þeirra 200 gr, sem nefndur Ágúst Guðlaugur flutti hingað til lands 5. nóvember og ákærði átti að 1/4 hluta, sbr. I, 7 hér að framan.

III. Ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson.

1. Hinn 25. september 1976 flutt með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn um 25 gr af hassi falið í tannkremstúpu og 97 LSD töflur faldar í sjálfblekungi, afhent meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni efni þessi í Reykjavík og skömmu síðar tekið við söluandvirði efnanna af nefndum Eggert Bjarna, allt að kr. 260.000, og 30. september haldið utan til fíkniefnakaupa með fé, sem ákærði taldist eiga að 1/3 hluta á móti meðákærðu Eggert Bjarna og Björgólfi, sbr. liði I, 4 og II, 4 hér að framan.

2. Í byrjun október 1976 í Amsterdam keypt 160 gr af amfetamíndufti á 12.50 gyllini hvert gramm, flutt efnið með sér hingað til lands 7. október og í samvinnu við meðákærða Axel Pétur Juel Einarsson dreift hluta efnisins til ýmissa manna í Reykjavík, sumpart gegn gjaldi, þ. á m. afhent Lárusi Halldóri Grímssyni 40 gr í því skyni, að hann seldi efnið fyrir ákærðu, en nefndur Lárus Halldór afhenti ákærða og nefndum Axel Pétri Juel um 30 gr af efninu til baka. Um miðjan október fékk meðákærði Eggert Bjarni Arnórsson um 20 gr þar af í sinn hlut auk 70 gramma, sem ákærði afhenti nefndum Eggert Bjarna að Bogahlíð 20 í Reykjavík, sbr. I, 6 hér að framan. Jafnframt þessu neytti ákærði talsverðs hluta efnisins sjálfur ásamt nefndum Axel Pétri Juel og fleiri aðilum, sem þeir veittu með sér af því, en ákærði hélt svo utan 30. október með söluandvirðið, sem taldist eign allra ákærðu, til frekari fíkniefnakaupa.

3. Í byrjun nóvember 1976 í Amsterdam keypt 200 gr af amfetamíndufti á 12.50 gyllini hvert gramm, og töldust allir ákærðu eiga efnið með jöfnu, flutt efnið 5. nóvember með sér til Reykjavíkur og þar afhent meðákærða Eggert Bjarna Arnórs-

syni um 100 gr af efninu 8. nóvember að Bogahlíð 20 og síðan í samvinnu við meðákærða Axel Pétur Juel Einarsson selt 30 eða 40 gr af efninu á kr. 10.000 hvert gramm, en 10 eða 20 gr höfðu ákærði og nefndur Axel Pétur Juel til eigin nota. Hinn 20. nóvember afhenti ákærði síðan meðákærðu Eggert Bjarna og Björgólfi um 50 gr af efninu við Hafnarbíó í Reykjavík, sbr. liði I, 7 og II, 5 hér að framan.

IV. Ákærði Axel Pétur Juel Einarsson.

1. Í október 1976 í Reykjavík séð um dreifingu á verulegum hluta þess amfetamínefnis, sem um ræðir í II, 2 hér að framan, í samvinnu við meðákærða Ágúst Guðlaug Guðmundsson, m. a. selt Helga Sveinbjörnssyni 10 gr af efninu um 20. október að Bogahlíð 20 fyrir um 450 bandaríkjadali og afhent Lárusi Halldóri Grímssyni 40 gr. Skömmu síðar tekið við rúmum 20 gr af efninu til baka frá nefndum Lárusi Halldóri og afhent meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni þann efnisskammt að mestu leyti, sbr. I, 6 hér að framan, og jafnframt um þessar mundir margsinnis neytt af efninu ásamt nefndum Ágúst Guðlaugi og fleiri mönnum.

2. Í nóvember 1976 í Reykjavík í samvinnu við meðákærða Ágúst Guðlaug Guðmundsson selt m. a. Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni og Helga Sveinbjörnssyni samtals 30—40 gr af því amfetamínefni, sem um ræðir í II, 3 hér að framan, á kr. 10.000 hvert gramm og um þetta leyti neytt sjálfur um 10—20 gr af þessu efni ásamt nefndum Ágúst Guðlaugi og fleirum."

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Teljast framangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 230/1976, sbr. og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. og 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar brot ákærða Eggerts Bjarna og Björgólfs, sem rakið er í liðum I, 3 og II, 3.

Þess er krafist, að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar svo og verði ákærði Eggert Bjarni dæmdur samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974 til að sæta upptöku á um 155 gr af amfetamíndufti og 2 bréfavogum, sem notaðar höfðu verið til að vega fíkniefni og lögreglan lagði hald á 8. nóvember 1976, og ákærði Ágúst Guðlaugur sæti upptöku á rúmum

6 gr af amfetamíndufti, sem lögreglan lagði hald á 23. nóvember 1976."

Ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson mun vera búsettur í Bandaríkjunum, og hefur ekki tekist að birta honum ákæru. Sökum þess hve langt er um liðið síðan ákæra var út gefin, eða rúm 2 ár, þykir nauðsyn, til að ekki verði frekari tafir en orðið er í máli þessu, að mál þetta verði dómtekið hvað snertir ákærðu Eggert Bjarna Arnórsson, Björgólf Stefánsson og Axel Pétur Juel Einarsson, en þáttur ákærða Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar verði látinn bíða enn um sinn.

MÁLAVEXTIR.

1. Í nóvember/desember 1976 var samhliða til rannsóknar hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík meint fíkniefnamisferli nokkurra aðilja, og komu ofangreindir 4 ákærðu þar við sögu, en einn þeirra, Eggert Bjarni Arnórsson, sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa frá 10. nóvember 1976 til 19. nóvember s. á.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson neitaði í fyrstu allri fíkniefnameðhöndlun, en eftir breytilega framburði fyrir dómi skýrði ákærði Eggert Bjarni hinn 18. nóvember 1976, að hann hefði ásamt vini sínum, ákærða Björgólfi Stefánssyni, haldið til Kaupmannahafnar hinn 17. ágúst 1976 og haldið þaðan rakleiðis til Amsterdam í því skyni að kaupa svonefnt „speed-efni" fyrir þau 1.200 hollensk gyllini, er þeir félagar hefðu átt að jöfnu.

Ákærði Eggert Bjarni kvað þá hins vegar hafa haldið aftur til Kaupmannahafnar eftir fárra daga dvöl í Amsterdam, án þess þó þeir hefðu keypt þar fíkniefni. Í Kaupmannahöfn sagði framangreindur Eggert Bjarni þá hins vegar hafa keypt hass af Líbanongerð, nánar mjúkt efni og sterkt. Ákærði Eggert kvað framangreind kaup hafa farið fram á nokkurs konar markaðstorgi slíkra efna í Kristjaníu, en ákærði Eggert Bjarni sagði þá hafa keypt 160 gr af hassi þessu og hefði einingarverð verið 10 kr. danskar hvert gramm.

Framangreindur Eggert Bjarni kvað þá Björgólf Stefánsson hafa fyrir brottför frá Íslandi samið við leðurgerðarmann í Reykjavík að sérsauma 2 belti, nánar svo, að milli laga þeirra væri plastpoki allan hringinn og ætlaður til að leyna amfetamíndufti. Eftir framangreind hasskaup sagði ákærði Eggert Bjarni, að þeir Björgólfur hefðu ákveðið að fela hassið í beltum þessum.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson sagðist síðan hafa haldið

flugleiðis til Reykjavíkur, girtur öðru ofangreindra belta, en hitt beltið geymt í farangrinum. Kvaðst ákærði hafa komið hingað til lands föstudaginn 3. september 1976. Þennan sama dag kvaðst ákærði m. a. hafa farið í hús í Hlíðunum í Reykjavík ásamt Agnari Agnarssyni og þar hefðu þeir að viðstöddum þriðja aðilja vigtað heildarmagn nákvæmlega, en það hefði reynst vera 148 gr. Sagði framangreindur Eggert Bjarni, að Agnar Agnarsson hefði tekið með sér um 30 gr og fljótlega selt.

Á laugardag kvaðst ákærði Eggert hafa haldið flugleiðis aftur til Kaupmannahafnar, en afganginn af hassefnum, 40 gr, sagði ákærði, að hefði verið eftir í vörslu framangreinds Agnars Agnarssonar. Ákærði Eggert Bjarni sagðist hafa haft með sér utan 250—260 US$ og 65.000 ísl. kr. Ákærði Eggert Bjarni kvaðst hafa fengið 230 af framangreindum dollurum að láni frá kunningja sínum, en einnig sagðist ákærði Eggert hafa selt bandarískum sjómanni smáræði af hassi á 8 US$ hvert gramm. Ofangreindar 65.000 kr. kvað ákærði Eggert Bjarni vera söluandvirði hassefna.

Í réttarhaldi 26. nóvember 1976 skýrði ákærði Björgólfur Stefánsson frá því, að hann hefði farið ásamt ákærða Eggert Bjarna Arnórssyni til Kaupmannahafnar nærri miðjum ágúst 1976 og síðar til Amsterdam til fíkniefnakaupa, sem þó hefði ekki orðið af.

Þá kvaðst ákærði Björgólfur hafa vitað um hasskaup ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar, enda lagt fram til þeirra fé að jöfnu við Eggert þennan. Enn fremur sagði ákærði Björgólfur, að framangreindur Eggert Bjarni hefði farið með hassefni þessi til Íslands, en komið 2 dögum síðar aftur til Kaupmannahafnar og þá með söluandvirði efna, sem þeir Eggert Bjarni Arnórsson töldust eiga að jöfnu.

Agnar Agnarsson, fæddur 10. september 1951, hefur viðurkennt hjá lögreglu hinn 18. nóvember 1976 að hafa fengið hjá Eggert Bjarna Arnórssyni allt að þriðjungi þeirra hassefna, er framangreindur Eggert hefði komið með hingað til lands í ágúst/september 1976, sem Agnar þessi taldi, að hefðu verið 140—150 gr. Framangreindur Agnar sagðist hafa greitt kr. 1.500 fyrir hvert gr af efni þessu. Kvaðst Agnar Agnarsson hafa greitt Eggert Arnórssyni stundum við móttöku efnis, en einnig stundum síðar. Sem dæmi um greiðslu gat framangreindur Agnar þess, að hann hefði í eitt skipti selt víxil og í framhaldi af því látið Eggert Bjarna fá kr. 40.000.

2. Í réttarhaldi hinn 18. nóvember 1976 hélt ákærði Eggert Bjarni Arnórsson áfram frásögn þeirri, er um getur í kap. 1 hér að framan. Kvaðst ákærði Eggert Bjarni hafa á sunnudegi hitt ákærða Björgólf Stefánsson í Kaupmannahöfn, og á mánudegi sagði ákærði Eggert Bjarni þá Björgólf hafa skipt því fé, er ákærði Eggert hefði haft með sér frá Íslandi og um getur í kap. 1 hér á undan, nánar 250—260.000 (sic) US$ og kr. 65.000, í 800 hollensk gyllini. Ákærði Eggert kvað ætlunina hafa verið, að Björgólfur Stefánsson færi til Amsterdam og keypti þar amfetamínduft, en ákærði Eggert sagði framangreindan Björgólf hafa gugnað á að fara. Hefðu þeir því ákveðið að kaupa nefnt amfetamínduft í Kaupmannahöfn og náð sambandi við slíkan sölumann. Ákærði Eggert sagði sölumann þennan hafa í tryggingarskyni fengið 400 hollensk gyllini, en svikið þá og horfið með féð.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson sagði þá hafa keypt um 240 gr af hassi í Kristjaníu, 160 gr af grænum Marokkó og um 80 gr af brúnum Marokkó og hefði kaupverð verið 10 kr. danskar hvert gramm.

Ákærði Eggert Bjarni kvað síðan Björgólf Stefánsson hafa haldið flugleiðis til Íslands með efni þessi.

Ákærði Björgólfur Stefánsson skýrði frá ofangreindum viðskiptum hans og Eggerts Bjarna Arnórssonar á þá leið fyrir rétti hinn 26. nóvember 1976, að fyrir söluandvirði hassefna, er um getur í kap. 1 hér að framan, hefði framangreindur Eggert keypt um 220 gr af hassefnum í Kaupmannahöfn. Kvaðst ákærði Björgólfur hafa flutt framangreind efni hingað til lands og dreift til fólks að Njálsgötu 48, Reykjavík. Sagðist ákærði Björgólfur hafa fengið kr. 125.000 og rúma 500 US$ að auki.

3. Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson gat þess fyrir rétti hinn 18. nóv. 1976, að nefndur Björgólfur Stefánsson hefði dvalist um vikutíma á Íslandi, en haldið aftur til Kaupmannahafnar og hefði Björgólfur haft með, auk gjaldeyris, frímerki. Frímerki þessi kvaðst ákærði Eggert Bjarni hafa selt í Hamborg fyrir 180 DM, en ákærði Eggert Bjarni sagði nefndan Björgólf Stefánsson hafa áður reynt að selja frímerki þessi í Þýskalandi, nefndur Björgólfur hefði hins vegar horfið frá því sökum lágs verðs.

Enn á ný mætti ákærði Eggert Bjarni til yfirheyrslu hinn 19. nóv. 1976, og skýrði ákærði Eggert Bjarni frá því, að þeir Björgólfur hefðu á umræddu tímabili í september 1976 keypt í Kristjaníu 30 gr af svörtu, mjúku og feikisterku hassefni á 18—20 kr. danskar hvert gr, eða nærri 600 d. st. Einnig sagði ákærði

Eggert Bjarni þá hafa keypt þennan sama dag 20 örsmáar svartar LSD töflur og enn næsta dag keypt 97 slíkar töflur, nánar nefndar „black mikró". Ákærði Eggert Bjarni kvað verð taflna í fyrra tilvikinu hafa verið 20 kr. danskar pr. töflu, en í hinu síðara 15 kr. danskar hver tafla. Kvað ákærði Eggert Bjarni svo um hafa verið samið, að þeir Björgólfur ættu efni þessi að jöfnu.

Ákærði Eggert Bjarni sagði svo hefði einnig samist með honum og famangreindum Björgólfi, að Ágúst Guðlaugur Guðmundsson, ákærði í máli þessu, tæki að sér flutning efna fyrir þá Björgólf gegn 1/3 söluhagnaðar, sem yrði varið til kaupa á amfetamíni, og átti framangreindur Ágúst að flytja efni það hingað til lands gegn sama hlut og áður, eða 1/3.

Ákærði Eggert Bjarni sagðist þó áður hafa ætlað sjálfur að flytja efni hingað til lands, falið í skóm og sjálfblekungi, en misst af flugvél. Ákærði sagði, að við þessar tilfæringar hefðu 15 LSD töflur af þeim 20, er hefðu verið faldar í skóm, eyðilagst. Ákærði Eggert Bjarni kvaðst hafa skilað efnum að öðru leyti í hendur framangreinds Ágústs, er hefði lofað að flytja þau til Íslands.

Ofangreindur Eggert Bjarni kvaðst hafa haldið heim á leið til Íslands hinn 16. september 1976 og án fíkniefna. Sagðist ákærði Eggert Bjarni hafa beðið í 7—10 daga, en þá hefði áðurnefndur Ágúst Guðlaugur Guðmundsson haft símasamband við sig og í framhaldi þar af hefði Ágúst þessi afhent ofangreint svart hassefni, nánar um 25 gr, en ákærði Eggert Bjarni kvað Ágúst þennan hafa sagst hafa notað eitthvað af hassefnum þessum sjálfur. Þá sagði framangreindur Eggert Bjarni, að Ágúst þessi hefði afhent 97 LSD töflur, en jafnframt sagt, að hann hefði fleygt hinum 15 á flugvelli í Kaupmannahöfn af ótta við leit.

Af ofangreindum hassefnum kvaðst ákærði Eggert Bjarni hafa selt Hermanni Ólasyni 12 gr á st. kr. 12.000 og einnig nokkrar LSD töflur. Þá hefði Ólafur Bragi Bragason keypt lítilræði af hassi og 8—10 LSD töflur. Einnig hefði Hinrik Jón Þórisson keypt nokkrar LSD töflur og 2 gr af hassi. Enn fremur sagðist ofangreindur Eggert hafa selt eftirtöldum aðiljum LSD töflur: Þorbirni Finnbogasyni 10—12 stk., Agnari Agnarssyni 4—6 stk., Alfreð Hilmarssyni 2 stk., en einnig hefði Ómar Ólsen keypt nokkrar töflur. Ákærði Eggert hafði áður í réttarhaldi hinn 15. nóv. 1976 talað um, að söluverð taflna af LSD væri kr. 2.000.

Ákærði Björgólfur Stefánsson staðfesti fyrir rétti hinn 26. nóvember 1976 ofangreinda frásögn ákærða Eggerts Bjarna, að

Björgólfur hefði haldið utan í september 1976 með kr. 125.000 og 500 US$, söluandvirði efna, er um getur í kap. 2 hér á undan, en einnig kvaðst framangreindur Björgólfur hafa haft með sér andvirði kr. 50.000 í frímerkjum. Kvaðst ákærði Björgólfur Stefánsson hafa fyrst farið til Hamborgar með viðkomu í Luxemborg og Frankfurt og ætlað að selja frímerki þar. Síðan kvað ákærði Björgólfur Stefánsson ætlunina hafa verið þá, að hann færi til Amsterdam til fíkniefnakaupa.

Ákærði Björgólfur Stefánsson kvaðst hins vegar hafa hætt við að selja frímerki vegna lágs verðs og einnig við fyrirhugaða Amsterdamför, en haldið á hinn bóginn til Kaupmannahafnar til fundar við ákærða Eggert Bjarna Arnórsson. Þá gat framangreindur Björgólfur þess enn fremur, að framangreindur Eggert hefði gert aðra, en árangurslausa, tilraun til að selja framangreind frímerki í Þýskalandi.

Hins vegar sagði ákærði Björgólfur Stefánsson þá hafa keypt í Kaupmannahöfn 25 gr af hassefnum og 120 LSD töflur. Kvað framangreindur Björgólfur þá enn fremur hafa gert samkomulag við Ágúst Guðmundsson, að hann annaðist flutning efna þessara hingað til lands og einnig, að Ágúst þessi annaðist flutning efna hingað til lands síðar meir gegn þriðjungi hagnaðarhlutar. Kvað ákærði Björgólfur Stefánsson framangreindan Ágúst hafa flutt hingað til lands 25 gr af hassi og um 100 LSD töflur.

Ágúst Guðlaugur Guðmundsson, ákærði í máli þessu, kom fyrir rétt hinn 22. nóvember 1976, og þar skýrði hann frá því, að í september þá um haustið hefði hann hitt í Kaupmannahöfn tvo áðurnefnda pilta, þá Eggert Bjarna Arnórsson og Björgólf Stefánsson, en á þessum tíma sagðist Ágúst þessi hafa verið í fjárhagsörðugleikum. Kvað framangreindur Ágúst svo hafa samist með honum og áðurnefndum Eggert og Björgólfi, að hann tæki að sér að flytja fíkniefni hingað til lands fyrir ofangreinda aðilja.

Framangreindur Ágúst kvaðst síðan hafa flutt hingað til lands hinn 25. september 1976 25 gr af svörtu hassi og 90—100 LSD töflur, sem geymdar hefðu verið í merkipenna. Ágúst þessi sagði ofangreint hass hafa verið meira að efni til, er hann hefði tekið á móti því, en það hefði rýrnað um 5—6 gr af tveimur ástæðum: 1) vegna notkunar vina hans og kunningja í Kaupmannahöfn, 2) efni hefðu virst innihalda olíu eða rokgjarnan vökva og af þeim sökum rýrnað.

Ofangreindur Ágúst sagðist, þegar eftir komu hingað til lands, símleiðis hafa tilkynnt margnefndum Eggert Bjarna Arnórssyni komu sína, enda vitað, að Eggert þessi hélt flugleiðis til Íslands skömmu áður. Í framhaldi af þessu sagðist framangreindur Ágúst hafa afhent Eggert Bjarna Arnórssyni 25 gr af hassefnum og 90—100 LSD töflur.

Ágúst Guðlaugur Guðmundsson skýrði síðan frá því, að tveimur dögum síðar hefði ofangreindur Eggert Bjarni afhent sér st. kr. 180.000 ísl., að hluta banka- eða víxlalán, en einnig að hluta söluandvirði áðurgreindra efna. Hefði af því tilefni orðið að samkomulagi, að Ágúst færi til Amsterdam til fíkniefnakaupa, og að því er Ágúst þessi kvaðst telja fyrir nefnda Eggert B. Arnórsson og Björgólf Stefánsson.

Ágúst þessi kvað ekki hafa verið fastmælum bundið, hvað tegundir eða magn snerti, heldur hefði það verið lagt á vald Ágústs að ná sem hagstæðustum viðskiptum í Amsterdam, en Ágúst G. Guðmundsson sagðist hafa verið með í sínum fórum símanúmer, sem hefði átt að greiða fyrir þeim viðskiptum. Framangreindur Ágúst sagðist hafa keypt flugfarmiða leiðina Keflavík — Luxemborg — Amsterdam — Keflavík og hefði áðurnefndur Eggert B. Arnórsson að hluta greitt farmiða.

Eftirtaldir aðiljar hafa viðurkennt að hafa keypt af Eggert Bjarna Arnórssyni fíkniefni:

Theodór Guðjón Jónsson, fæddur 22. október 1953, 5 gr af amfetamíni í nóv. 1976.

Hermann Ólason, fæddur 30. janúar 1946, 12 gr af hassi (svörtu) og 7 LSD stk. (mikrósýra).

Þorbjörn Finnbogason, fæddur 1. ágúst 1952, 12 stk. LSD á kr. 1.200 hvert stk.

Ólafur Bragi Bragason, fæddur 4. september 1957, 10—20 stk. LSD fyrir kr. 2.000 stk.

4. Þá skýrði ákærði Eggert Bjarni Arnórsson frá því fyrir rétti hinn 17. nóvember 1976, að þá fyrr um haustið hefði hann hitt pilt að nafni Hinrik Jón Þórisson, er hefði vanið komur sínar að Njálsgötu 48. Ákærði Eggert Bjarni sagði Hinrik þannan hafa kvartað yfir því að geta ekki selt svonefnt speed í duftformi og beðið ákærða Eggert að aðstoða hann við það gegn þóknun. Nánar hefði Hinrik þessi sagt, að duft þetta væri í raun muldar pillur, fengnar hjá lækni, og sagði framangreindur Eggert, að Hinrik hefði sýnt sér slíkar pillur og nefnt einhverju lyfjaheiti.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson sagði Hinrik þennan hafa pakkað dufti í smærri einingar, en ákærði, sem tók að sér að selja efni þetta, kvaðst hafa selt um 2 gr fyrir kr. 35—40.000. Af þessu fé sagðist framangreindur Eggert hafa afhent Hinrik Þór Jónssyni kr. 25.000, en haldið u. þ. b. handa sjálfum sér kr. 10—15.000. Sagðist ákærði Eggert ekki geta nafngreint kaupendur utan Alfreð Hilmarsson, er hefði reynt duft þetta og sagt ónýta vöru.

Ekki liggur fyrir framburður Hinriks Þórs Jónssonar um þetta atriði.

5. Í ofangreindu réttarhaldi hinn 19. nóvember 1976 hélt ákærði Eggert Bjarni Arnórsson áfram frásögn sinni og kvaðst tveimur vikum eftir utanför Ágústs Guðmundssonar, sem um getur í kap. 3 hér að framan, hafa hitt Ágúst þennan að Bogahlíð 20, Reykjavík, hjá Axel Einarssyni, ákærða í máli þessu, er þar leigði ásamt fleirum. Kvaðst framangreindur Eggert hafa hitt Ágúst þennan eftir nokkra leit að honum, þar eð hann hefði frétt frá nafngreindum aðiljum, að komið hefði amfetamínduft á markaðinn, og sagðist ákærða Eggert hafa þá grunað (sic), að efni það kynni að vera frá Ágúst Guðmundssyni ættað.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson kvað Ágúst Guðlaug Guðmundsson hafa sagt, að hann hefði komið til landsins 11 dögum áður og með 160 gr af „speed" efnum. Að sögn ákærða Eggerts hefði framangreindur Ágúst enn fremur útskýrt, að honum hefði ekki tekist að ná sambandi við ákærða Eggert, en verið mjög fjárþurfi og þá beðið ofangreindan Axel Einarsson að sjá um dreifingu efnis að hluta. Kvað ákærði Eggert Ágúst þennan einnig hafa sagt, að ekki væru nema 40 gr í hans fórum, og sagði ákærði Eggert Bjarni Arnórsson, að framangreindur Ágúst hefði afhent sér framangreind 40 gr. Kvaðst ákærði Eggert hafa unað þessu illa og viljað fá meira og hefði ofangreindur Ágúst þá sagt, að sennilega væri Axel Einarsson með nokkurt magn.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson kvaðst enn hafa heimsótt framangreindan Ágúst í Bogahlíð og hjá honum fengið 29½—30 gr til viðbótar. Sagðist ofangreindur Eggert ekki hafa selt af efni þessu og afhent efni þetta Axel Einarssyni að hans ósk, en ákærði Eggert kvað Axel þennan hafa selt nokkrum nafngreindum aðiljum efni þetta. Kvað ákærði Eggert Axel þennan hafa selt efni þetta allt niður í 8.000 kr. pr. gramm, og sagðist ákærði Eggert hafa orðið reiður vegna hins lága söluverðs, en einnig hefðu greiðslur verið stopular. Sagðist framangreindur

Eggert því hafa heimtað, að Axel Einarsson gerði betri skil eða sýndi afgang efna.

Sagði ákærði Eggert Bjarni Arnórsson, að framangreindur Axel Einarsson hefði þá sýnt sér um 17½ gr af margdrýgðu og nánast ónýtu dufti. Kvaðst margnefndur Eggert, ákærði í máli þessu, hafa tekið við 15 gr og síðar afhent tveimur aðiljum sem hér segir: Kristjáni Jóni Jóhannssyni 11 gr og Agnari Agnarssyni 4 gr. Hefði framangreindur Kristján greitt kr. 28.000, sem væri söluandvirði 2 gr, en aðiljar þessir hefðu að öðru leyti ekki ennþá greitt fyrir efni þessi. Þá sagðist ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hafa afhent Helga Aðalsteinssyni 30 gr af ofangreindu efni, en aðeins fengið greitt andvirði 5 gr, eða 300 US$.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson skýrði enn fremur frá því, að þeim Ágúst Guðmundssyni hefði samist svo vegna margs konar rýrnunar, affalla og greiðslusvika kaupenda að reikna einungis til skipta söluandvirði 100 gr, en afskrifa annað. Sagðist ofangreindur Eggert, ákærði í máli þessu, hafa móttekið kr. 95.000 og síðar kr. 140.000 hjá framangreindum Ágúst auk 480 US$, en einnig kvaðst ákærði Eggert hafa fengið kr. 80.000 + 450 US$ frá Axel Einarssyni.

Eggert Bjarni Arnórsson, ákærði í máli þessu, kvaðst ekki vita um hagnaðarhlut Ágústs Guðmundssonar, en telja, að Björgólfur Stefánsson hefði verið með öllu svikinn um sinn hlut. Sjálfur sagðist ákærði Eggert telja sig hafa verið hlunnfarinn í skiptum þessum og hefði loks orðið til málamiðlunar milli hans og þeirra Axels Einarssonar og Ágústs Guðmundssonar, að sá síðastnefndi færi enn eina ferð til kaupa á amfetamíni, sem mundi skiptast í 4 jafna hluta milli þeirra Eggerts, Ágústs, Axels og Björgólfs.

Til ofangreindrar farar kveðst ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hafa lagt 1.250 US$, en einnig hefði hann greitt farmiða Ágústs Guðmundssonar, kr. 100.000. Ákærði Eggert kvaðst ekki vita til, að nefndir Axel og Ágúst hefðu lagt fé til farar, en Axel Einarsson hefði átt að fá fjórðung hlutar vegna ofangreindrar dreifingar á efnum og gegn loforði um verulegan hluta af væntanlegri dreifingu.

Ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson skýrði frá því fyrir rétti hinn 22. nóvember 1976, að hann hefði haldið áleiðis til Amsterdam hinn 4. okt. s. á. með viðdvöl í Kaupmannahöfn, þar sem hann hefði skipt kr. 90.000 ísl. og bandarískum dollurum. Í Amsterdam kvaðst ákærði hafa náð sambandi við hollenskan

vin sinn, sem hann þó vildi ekki nafngreina. Hefði þessi Hollendingur að sögn ákærða ráðlagt sér að kaupa svonefnt „Bensedrine“ í duftformi og þannig best varið þeim 800 US$, er ákærði Ágúst hafði til fíkniefnakaupa.

Kvað ákærði Ágúst þennan hollenska vin sinn hafa haft samband við sölumann slíkra efna, og sagðist ákærði Ágúst Guðmundsson hafa síðan fengið afhent 160 gr af efni þessu, en kaupverð hefði verið miðað við það, að hvert gramm kostaði 12.5 hollensk gyllini. Ákærði Ágúst sagði ofangreindan Hollending hafa vegið efni og prófað þau efnafræðilega og talið þetta góða vöru.

Ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson sagðist síðan hafa komið hingað til lands hinn 7. okt. 1976 og haft meðferðis ofangreind efni í jakkavasa. Kvaðst ákærði Ágúst hafa reynt árangurslaust að ná í Eggert Bjarna Arnórsson símleiðis, en síðar frétt, að sími í húsi við Njálsgötu, þar sem ofangreindur Eggert dvaldi, hefði verið lokaður. Ákærði Ágúst kvaðst hins vegar ekki hafa árætt að fara að Njálsgötu og leita Eggert þennan uppi.

Þá skýrði ákærði Ágúst enn fremur, að fljótlega eftir komu hingað til lands, hefði hann kynnst Axel Einarssyni, en þeir hefðu stundað sambærileg störf í „popphljómlistariðnaði“. En vegna þessara starfa sinna í hljómlistariðnaði sagðist ákærði ekki hafa ráðgert að staldra við hér á landi nema fáa daga og því örvæntað um afdrif efna. Kvaðst ákærði Ágúst því hafa trúað ofangreindum Axel Einarssyni fyrir þeim, og sagði ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson, að Axel Einarsson hefði tekið að sér sölu efna gegn 20% hagnaðarhlutar. Ákærði Ágúst kvað Axel þennan hafa afhent mörgum aðiljum efni þetta, en greiðslur hefðu verið dræmar og nánast eingöngu frá aðilja að nafni Helgi Aðalsteinsson, sem hefði greitt 430 eða 450 $ fyrir 10 gr.

Nokkru eftir þetta kvaðst ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson hafa hitt margræddan Eggert Bjarna Arnórsson, og sagðist ákærði Ágúst þá einungis hafa haft í sínum fórum 70 gr af áðurnefndum 160 gr, sem hann hefði afhent Eggert þessum. Hin 90 gr kvað ákærði Ágúst Axel Einarsson hafa selt að mestu leyti, en litlar greiðslur fengið. Þó muni 12—15 gr sennilega hafa farið til einkanota ákærða Ágústs, framangreinds Axels og kunningjahóps. Ákærði bætti því einnig við síðar í þessu réttarhaldi, að hann hefði látið Lárus Grímsson fá 40 gr af efni þessu,

en treglega hefði gengið að fá greiðslur. Þó hefði Axel Einarsson fengið greitt hjá Lárusi þessum einhverja fjárhæð, en einnig hefði Lárus skilað aftur 15 gr.

Ákærði Ágúst kvað ofangreindan Eggert Bjarna Arnórsson hafa krafist meira efnismagns og peninga í sinn hlut og Björgólfs. Sagði ákærði Ágúst þá ofangreindan Axel Einarsson hafa tekið að safna efnum frá ýmsum aðiljum, er ekki hefðu greitt eða tekið að sér dreifingu efna, og þannig náð 20—25 gr. Kvað ákærði Ágúst það hafa verið ljóst, að hagnaður mundi ekki verða sá, sem ráð hefði verið gert fyrir, vegna hinnar losaralegu dreifingar Axels Einarssonar. Þá sagði ákærði Ágúst, að óeining hefði verið um fjármuna- og efnisskiptingu vegna misjafns eðlis hluttölu hvers og eins. Þannig hefðu hann og Axel Einarsson tekið áhættu varðandi innflutning og dreifingu. Björgólfur Stefánsson hefði beðið átekta, en Eggert Bjarni Arnórsson hefði gripið inn í sölu og fjármögnun.

Að sögn ákærða Ágústs hefði loks orðið að samkomulagi til að jafna nefndan ágreining, að hann héldi aðra ferð til Amsterdam til fíkniefnakaupa með allt tiltækt fé, en hagnaði yrði skipt í fjóra jafna hluta milli hans og þeirra Björgólfs Stefánssonar, Eggerts Bjarna Arnórssonar og Axels Einarssonar. Kvaðst ákærði Ágúst hafa haldið utan áleiðis til Amsterdam hinn 30. okt. 1976, en skömmu áður hefði Eggert Bjarni Arnórsson afhent sér 1.200 US$. Ákærði Ágúst kvað Axel Einarsson hafa hins vegar gefið út ávísun fyrir flugfarmiða leiðina Keflavík — Luxemborg — London — Glasgow.

Ákærði Axel Pétur Juel Einarsson viðurkenndi fyrir rétti hinn 2. desember 1976, að hann hefði í október þá um haustið tekið til að aðstoða Ágúst Guðmundsson við dreifingu amfetamíndufts. Hefði Ágúst þessi tjáð honum, að hann hefði árangurslaust reynt að ná sambandi við einn eiganda framangreinds amfetamíns, Eggert Bjarna Arnórsson. Kvað ákærði Axel Einarsson efnið í heild hafa verið 150—160 gr og meðalsterkt að hans áliti. Sem viðmiðun kvað ákærði Axel, að tæpt 1 gr hefði vel nægt 2 mönnum í sólarhring. Ákærði Axel kvað þó á hinn bóginn hafa gengið mjög treglega að selja efni þrátt fyrir margar verðlækkanir, m. a. í 8.000 kr. hvert gr og síðar 7.000 kr.

Ákærði Axel Einarsson sagði Lárus Grímsson hafa umbeðinn af þeim Ágúst Guðmundssyni móttekið í söluskyni 40, frekar en 30, gr af framangreindu efni. Hefði Lárus síðar afhent

ákærða Axel aftur um 25 gr, og sagðist ákærði Axel Einarsson hafa tekið af nokkur gr, í mesta lagi 3 gr, en skilað afgangi til áðurnefnds Eggerts Bjarna Arnórssonar. Axel Einarsson sagðist enn fremur hafa það frá Ágúst Guðmundssyni, að hann hefði afhent áðurnefndum Eggert 70—80 gr af ofangreindu efni.

Axel Einarsson, ákærði í máli þessu, sagðist hafa selt Helga Sveinbjörnssyni 10 gr af efni þessu um 20. okt. 1976 að Bogahlíð 20 og hefði það átt að kosta 450 US$, en smávegis hefði þó vantað upp á fjárhæð þá hjá áðurnefndum Helga, og kvaðst ákærði Axel hafa látið það gott heita. Þau 45—50 gr, er þá hefðu verið eftir, kvað ákærði Axel hafa gengið að miklu leyti til persónulegra nota þeirra Ágústs Guðmundssonar, en einnig hefðu ýmsir kuningjar og vinir notið góðs af. Enn fremur sagði ákærði Axel, að hann hefði gefið mörgum hugsanlegum kaupendum sýnishorn af efni þessu.

Ákærði Axel Einarsson gat þess enn fremur, að ofangreindir dollarar frá Helga Sveinbjörnssyni hefðu gengið til Ágústs Guðmundssonar og frá honum til Eggerts Bjarna Arnórssonar. Einnig sagði ákærði Axel, að sennilega hefði um hendur hans frá Lárusi Grímssyni farið óviss fjárhæð og frá Ágúst Guðmundssyni enn til framangreinds Eggerts.

Ákærði Axel vildi undirstrika það, að dreifing og peningamál hefðu verið í ólestri og hann sjálfur hefði eingöngu tekið efni til eigin notkunar, en ótæpilega að vísu. Ákærði Axel gat þess og, að það hefði orðið að ráði, að Ágúst Guðmundsson færi aðra ferð til Amsterdam í því skyni að kaupa fíkniefni og hefði efni átt að skiptast í 4 jafna hluta milli þeirra Axels, Björgólfs, Eggerts og Ágústs.

Hinn 27. október var Helgi Aðalsteinsson, fæddur 23. mars 1954, handtekinn á Keflavíkurflugvelli með u. þ. b. 30 gr af meintu amfetamíndufti, og var Helgi þessi úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar mála. Í réttarhaldi hinn 9. nóv. 1976 viðurkenndi ofangreindur Helgi Aðalsteinsson að hafa í síðari hluta október s. á. fengið hjá Eggert Bjarna Arnórssyni, ákærða í máli þessu, 30 gr af amfetamíndufti til endurölu á Keflavíkurflugvelli gegn 60 US$ skilaverði, en Helgi Aðalsteinsson kvaðst áður hafa verið búinn að láta Eggert Bjarna Arnórsson fá 300 US$.

Lárus Halldór Grímsson, fæddur 13. desember 1954, viðurkenndi fyrir rétti hinn 1. apríl 1977 að hafa í október 1976 móttekið 40 gr af amfetamíndufti frá Ágúst Guðmundssyni. Kvaðst

framangreindur Lárus hafa notað sjálfur 10 gr, en skilað aftur 30 gr.

Agnar Agnarsson, fæddur 10. september 1951, bar hjá lögreglu hinn 18. nóvember 1976 að hafa fengið hjá ákærða Eggert Bjarna 5—10 gr af amfetamíni í 2—3 skipti.

Kristján Jón Jóhannsson, fæddur 2. desember 1956, hefur viðurkennt hjá lögreglu hinn 13. febrúar 1977 að hafa fengið 10 gr af amfetamíni hjá ákærða Eggert Bjarna á kr. 14.000 hvert gr.

6. Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hélt enn áfram ofangreindri frásögn sinni fyrir rétti hinn 19. nóvember 1976. Sagði ákærði Eggert, að Ágúst Guðmundsson hefði haldið utan til Luxemborgar snemma í nóvember 1976, líklega þann 4. Hefði Ágúst þessi komið aftur tveim dögum síðar, og kvaðst ákærði Eggert hafa hitt framangreindan Ágúst að Bogahlíð 20, Reykjavík, og hefði Ágúst þá sagt, að hann hefði fengið 200 gr af amfetamíndufti fyrir það fé, sem hann hefði farið með utan og getur í kap. 5 á undan. Ákærði Eggert Bjarni sagði það hafa verið hugmynd Ágústs Guðmundssonar, að Eggert dreifði 50 gr og Axel Einarsson öðru eins. Kvaðst ákærði Eggert hafa aftekið slíkt, en heimtað 100 gr sem sameiginlegan hlut þeirra Björgólfs Stefánssonar og fengið þá afhent 100 gr af efni þessu.

Kvaðst ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hafa móttekið ofangreint efnismagn, eða 100 gr, hinn 8. nóvember 1976 og haldið með það að Gaukshólum 2 og falið það þar. Sama dag sagðist ákærði Eggert hafa frétt frá stúlku nokkurri, að lögreglan hefði verið að leita hans. Kvað ákærði Eggert, að Agnar Agnarsson hefði verið nærstaddur og hefði hann skýrt framangreindum Agnari frá tilvist efna, en jafnframt beðið Agnar þennan um aðstoð við að fela efni.

Ákærði Eggert kvað þá síðan hafa ekið með efnið upp með Elliðaám og þar á tilteknum stað við ána falið efni þessi, en ákærði Eggert B. Arnórsson hafði daginn áður, hinn 18. nóvember, vísað lögreglumönnum á stað þennan, og fundu lögreglumenn 8 umslög úr álpappír, og var hvert umslag talið innihalda 10 gr af amfetamíni, og 4 minni umslög, sem voru talin innihalda 5 gr hvert af sams konar dufti. Ofangreint efni, sem reyndist vega 109.4 gr, var sent Rannsóknastofu Háskóla Íslands, og staðfesti hún, að um amfetamín væri að ræða.

Eggert B. Arnórsson, ákærði í máli þessu, kvaðst enn fremur hafa heimilað framangreindum Agnari Agnarssyni að fjarlægja efni og ráðstafa þannig, að unnt yrði að greiða Björgólfi Stefáns-

syni, ef sá krefðist síns hluta, þó aldrei meir en kr. 500.000, en ákærði Eggert kvaðst, er hér hafði verið komið sögu, hafa reiknað með að verða hnepptur í gæsluvarðhald.

Ákærði Ágúst Guðmundsson kvaðst fyrir rétti 22. nóvember 1976 í síðari ferð sinni til Amsterdam um mánaðamót október/nóvember 1976 hafa haldið til sama kunningja og áður er lýst í kap. 5 hér að framan. Þarna í Amsterdam kvaðst ákærði Ágúst hafa keypt sama efni og fyrr, svonefnt „bensedrine", fyrir 1.000 US$, en ákærði Ágúst sagði, að hvert gr af efninu hefði kostað 12.50 hollensk gyllini og hefði því hann fengið nákvæmlega 200 gr af efni þessu, en ákærði Ágúst kvaðst sem fyrr hafa fylgst með vigtun efnis og prófun.

Ákærði Ágúst Guðmundsson kvaðst síðan hafa haldið heim á leið til Íslands flugleiðis og komið hingað til lands hinn 5. nóvember og haft ofangreind efni í innri brjóstvasa á jakka. Eftir heimkomu sagðist ákærði Ágúst hafa vegið efni í smærri skammta, nánar 5—10 gr, og pakkað þeim inn í álpappír.

Að ráðum Axels Einarssonar kvaðst ákærði Ágúst Guðmundsson hafa beðið í 2—3 daga, þar eð Axel þessi hefði talið sig sjá fíkniefnalögreglu gefa Eggert Arnórssyni gætur. Ákærði Ágúst sagði ofangreindan Eggert hafa hins vegar komið til fundar við sig og hefði þá orðið að samkomulagi, að hver hluthafi tæki sín 50 gr og Eggert Arnórsson hlut Björgólfs Stefánssonar.

Ákærði Ágúst Guðmundsson gerði síðan eftirfarandi grein fyrir þeim efnum, sem eftir voru:

1) Um 10 gr hefðu farið til persónulegra nota þeirra Axels Einarssonar.
2) Helgi Sveinbjörnsson hefði keypt 10 gr og greitt með kr. 100.000 ávísun. Ágúst Guðmundsson sagði Helga þennan hafa mælst til að fá ávísun þessa innleysta með greiðslu í reiðufé í staðinn og hefði hann því látið framangreindan Axel fá ávísun þessa, en Axel hefði aftur látið Helga Sveinbjörnsson fá ofangreinda ávísun, en að sögn Axels hefði hann ekki fengið greiðslu.
3) Axel Einarsson hefði haldið til fundar við væntanlegan kaupanda með 10 gr, en sá hefði ekki mætt á umsömdum tíma og hefði framangreindur Axel Einarsson falið efni þetta hjá kunningja sínum.
4) Þá hefði aðili, sem var ákærða Ágúst Guðlaugi ókunnugur, keypt af Axel Einarssyni 10 gr og greitt fyrir með kr. 100.000 ávísun.

5) Enn fremur sagðist ákærði Ágúst Guðmundsson vita með nokkurri vissu, að síðastnefndi aðili hefði einnig áður keypt önnur 10 gr.
6) Sjá kap. 7 hér á eftir.

Ákærði Axel Einarsson hefur staðfest fyrir rétti hinn 2. desember 1976, að ofangreindur Ágúst Guðlaugur Guðmundsson hafi komið hingað til lands í nóvember 1976 og með 200 gr af amfetamíndufti, þó veikara efni en getur í kap. 5 hér að framan. Hafi efninu verið skipt þannig, að 100 gr komu í hlut Björgólfs Stefánssonar og Eggerts Arnórssonar, en sá síðarnefndi hafi tekið við þeim hluta. Þau 100 gr, sem þá hefðu verið eftir, sagði ákærði Axel Einarsson, að hefðu verið sameign hans og Ágústs Guðmundssonar.

Af ofangreindum 100 gr, sem voru í eigu Axels Einarssonar og Ágústs Guðmundssonar, kvaðst ákærði Axel hafa ráðstafað 30 gr með eftirfarandi hætti:

1) Ásgeir Heiðar Ásgeirsson hafi fengið 20 gr og staðgreitt kr. 60.000, en skuldaði enn kr. 40.000.
2) Helgi Sveinbjörnsson hefði keypt 10 gr og greitt með kr. 100.000 ávísun, sem reynst hefði innstæðulaus.

Ákærði Axel Einarsson kvað þá Ágúst Guðmundsson ásamt nokkrum kunningjum hafa neytt ríkulega af efni þessu, en ákærði Axel kvaðst hafa farið til Bandaríkjanna hinn 20. nóvember 1976. Við heimkomu kvaðst ákærði Axel Einarsson hafa frétt, að um 50 gr af efni þessu hefðu fallið í hendur lögreglu (sjá kap. 7 hér á eftir).

Helgi Sveinbjörnsson, fæddur 29. desember 1947, viðurkenndi fyrir rétti hinn 8. desember 1976 að hafa keypt af Axel Einarssyni 25—30 gr af amfetamíndufti þá um haustið. Framangreindur Helgi kvað það hafa verið rætt, að hann fengi efni á hagstæðara verði, greiddi hann í dollurum. Helgi Sveinbjörnsson sagðist hins vegar ekki muna, hve mikið hann greiddi efni með dollurum. Enn fremur sagði Helgi þessi, að hann hefði tvívegis við kaup á 10 gr af efni þessu sett 100.000 kr. ávísun sem tryggingu, en Helgi þessi kvaðst fullviss að hafa greitt andvirði annarrar ávísunar, en sennilega skulda andvirði hinnar ávísunar.

Ásgeir Heiðar Ásgeirsson, fæddur 20. nóvember 1951, bar fyrir rétti hinn 24. október 1977, að hann hefði tvívegis á tímabilinu okt/nóv 1976 keypt amfetamínduft, 10 gr í hvort skipti, af ákærða Axel Einarssyni.

7. Í réttarhaldi 22. nóvember gerði ákærði Ágúst Guðlaug-

ur Guðmundsson grein fyrir því amfetamíndufti, er í hlut hans og Axels Einarssonar kom st. 100 gr og getur hér í kap. 5 að framan.

Ákærði Ágúst sagði enn fremur, að laugardaginn 20. nóvember 1976, hefði hann fengið skilaboð um stefnumót á matstað við Skólavörðuholt. Þar sagðist ákærði Ágúst Guðlaugur hafa hitt Björgólf Stefánsson og Eggert Bjarna Arnórsson ásamt ungri stúlku. Hefðu ofangreindir piltar sagt, að þeir hefðu þegar játað brot sín og gæti hann því reiknað með handtöku. Kvað ákærði Ágúst þá Eggert og Björgólf hafa farið fram á eitthvað á þá leið, að hann vísaði þeim á aðilja, sem geymdi þann hluta efna, er hann ætti. Sagðist ákærði Ágúst hafa orðið mjög hverft við (sic), en þó mælt sér mót við framangreinda Eggert og Björgólf við Hafnarbíó skömmu fyrir kl. 2300 þennan sama dag. Þar kvaðst ákærði Ágúst Guðlaugur hafa síðan afhent Björgólfi Stefánssyni síðustu 50 gr úr sameign hans og Axels Einarssonar.

Gat ákærði Ágúst þess jafnframt, að hann hefði gert þetta, án þess að hann ætlaðist til endurgjalds og öðrum þræði því til áréttingar, að hann og Axel Einarsson vildu vera lausir mála, en einnig vegna þess, hve skuldugir framangreindir Eggert Arnórsson og Björgólfur Stefánsson kváðust vera.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson, sem var laus úr gæsluvarðhaldi hinn 19. nóvember 1976, mætti til yfirheyrslu hjá lögreglu hinn 22. nóvember 1976 vegna þessa máls, og sama dag var gerð húsleit heima hjá Eggert þessum, og lagði lögregla hald á 48.8 gr af meintu amfetamíndufti í álpappír og 300 US$. Efni þetta var sent Rannsóknastofu Háskólans, og staðfesti hún, að um amfetamín væri að ræða. Hinn 26. nóvember 1976 kom síðan ákærði Eggert Bjarni fyrir dóm. Þar skýrði ákærði Eggert Arnórsson svo frá, að skömmu eftir hann hefði verið laus úr gæsluvarðhaldi, hefði hann ásamt Björgólfi Stefánssyni og unnustu sinni hitt Ágúst Guðlaug Guðmundsson, og sagðist ákærði Eggert hafa falast eftir peningum hjá framangreindum Ágúst til að greiða skuldir, sem ákærði Eggert kvaðst hafa stofnað til vegna áðurlýstra sameiginlegra fíkniefnakaupa hans og Ágústs, Björgólfs og Axels Einarssonar.

Ákærði Eggert Bjarni kvað framangreindan Ágúst Guðmundsson hafa sagt þeim, að hann hefði ekki undir höndum fé, en í stað þess hefði Ágúst þessi afhent þeim Björgólfi 50 gr af amfetamíndufti til söludreifingar. Af því andvirði óskiptu kvað ákærði Ágúst ætlunina hafa verið að greiða allar áðurnefndar

skuldir, húsnæðisskuldir Björgólfs Stefánssonar o. fl., en ofangreindur Ágúst hefði átt að fá afgang söluandvirðis, sem hefði verið áætlað kr. 500.000.

Ákærði Eggert kvað í framhaldi af þessu lauslega hafa verið samið um, að þeir Björgólfur Stefánsson seldu fyrir Ágúst Guðmundsson efni síðar meir gegn þóknun.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson kvað þá Björgólf Stefánsson ekki hafa með eigin vigtun gengið úr skugga um þyngd efna þessara, en þeir hefðu haft orð Ágústs Guðmundssonar um, að efni vægu án umbúða 50 gr. Ákærði Eggert kvað Björgólf Stefánsson hafa næsta dag fengið af efni þessu 1 gr. Sama dag kvað ákærði Eggert Bjarni Theodór Guðjón Jónsson hafa fengið áætluð 5 gr af efni þessu og greitt fyrir það 300 US$. Afgang ofangreindra efna og skv. framansögðu 44 gr kvað ákærði Eggert lögreglu hafa lagt hald á.

Í réttarhaldi 26. nóvember 1976 skýrði ákærði Björgólfur Stefánsson frá því, að laugardagskvöldið 20. nóvember 1976 hefði hann móttekið frá Ágúst Guðmundssyni 50 gr af amfetamíndufti, sem ákærði Björgólfur kvaðst hafa talið hlut Ágústs þessa af áðurgreindum 200 gr og getur um í kap. 6 hér á undan. Kvað ákærði Björgólfur þá Eggert Arnórsson hafa ráðgert og með samþykki framangreinds Ágústs Guðmundssonar að selja efni þessi til að geta losnað úr persónulegum skuldum, flestum tengdum fyrri fíkniefnaflutningum. Þá sagði ákærði Björgólfur orðrétt: „Afgang söluandvirðis teldist nefndur Ágúst eiga og átti að verja enn til fíkniefnakaupa. Þeir mætti (þ. e. a. s. Björgólfur) og Eggtert „á siðferðislegum grundvelli" og vegna skakkafalla með sína efnishluta, enn átt að ganga í þriðjungs hlutafélag um þau efni".

Af ofangreindum 50 gr kvaðst ákærði Björgólfur Stefánsson hafa ráðstafað 1 gr, nánar til Arnar Ingólfssonar.

Theodór Guðjón Jónsson, fæddur 22. október 1953, hefur viðurkennt fyrir dómi hinn 18. desember 1976 að hafa í nóvember 1976 keypt 5 gr af amfetamíni af Eggert Bjarna Arnórssyni.

8. Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson viðurkenndi fyrir lögreglu hinn 2. september 1977, að hann hefði í apríl 1977 keypt í Danmörku 15 gr af hassi og flutt hingað til lands, en hann hefði á þessum tíma verið skipverji á m/s Helgafelli. Kvað ákærði Eggert Bjarni m/s Helgafell hafa haft viðkomu á Akureyri á leið skipsins til Reykjavíkur. Ákærði sagðist hafa til öryggis sent framangreint hass í bögglapósti til Reykjavíkur vegna toll-

skoðunar þar. Kvaðst ákærði hafa hringt í Alfreð Hilmarsson og beðið hann að taka á móti pakka þessum og koma heim til ákærða.

Ákærði Eggert Bjarni kvað framangreindan Alfreð hafa verið búinn að taka upp pakka þennan og ráðstafað a. m. k. helming efnis, en ekkert hugsað um að skila honum á heimili ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar. Ákærði Eggert sagði Alfreð þennan hafa verið mjög ruglaðan um þetta leyti og svo hefði farið, að ákærði Eggert kvaðst hafa reykt afgang efnis ásamt Alfreð Hilmarssyni og sjálfsagt einhverjum fleirum.

Ákærði Eggert Bjarni hefur staðfest ofangreindan framburð fyrir dómi hinn 13. desember 1977.

Alfreð Hilmarsson, fæddur 27. apríl 1955, skýrði frá því við lögregluyfirheyrslu hinn 6. maí 1977, að kunningi sinn, ákærði Eggert Bjarni Arnórsson, hefði hringt í sig frá Akureyri þá stuttu áður. Hefði ákærði Eggert Bjarni sagst vera með pakka, sem hann þyrfti að senda til Reykjavíkur, en vissi ekki, á hvern hann ætti að stíla pakkann. Framangreindur Alfreð Hilmarsson kvaðst hafa sagt ákærða Eggert Bjarna, að hann mætti stíla pakkann til sín, sem ákærði Eggert hefði og gert. Alfreð þessi sagði, að í ofangreindu símtali hefði ekkert verið um fíkniefni rætt. Alfreð Hilmarsson kvaðst þó hafa grunað (sic), að eitthvað slíkt væri í umræddum pakka.

Framangreindur Alfreð Hilmarsson kvaðst því hafa opnað pakkann, en ekkert fundið í fyrstu nema óhrein föt o. fl. En við frekari leit kvaðst Alfreð þessi hafa fundið hassefni í peysu, samanbrotinni. Kvaðst framangreindur Alfreð ekki hafa vigtað efni þetta, en Alfreð kvað ákærða Eggert hafa sagt, er hann hefði farið með helming efnis heim til ákærða Eggerts, það vera 20 gr. Alfreð Hilmarsson kvað hann ásamt ákærða Eggert og sambýliskonu Eggerts hafa síðan neytt þessa umræddu helmings efnis á heimili ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar.

NIÐURSTÖÐUR.

I. Þáttur ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar.

1) Með hliðsjón af eigin játningu ákærða, sem studd er framburðum Björgólfs Stefánssonar og Agnars Agnarssonar og er í samræmi við gögn málsins, verður að telja sannað, að ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í I, 1. ákærulið, nánar um mánaðamót ágúst/september

1976 keypt a. m. k. 148 gr af hassi í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni á 10 kr. danskar hvert gramm og ásamt nefndum Björgólfi komið efninu, sem þeir áttu að jöfnu, fyrir í tveimur leðurbeltum, sem þeir höfðu látið útbúa til flutnings á fíkniefnum. Hinn 3. september s. á. flutt efnið þannig falið til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi verulegan hluta efnisins ótilgreindum aðiljum með aðstoð Agnars Agnarssonar og við brottför sína af landinu 4. september skilið um 40 gr af efninu eftir í vörslum nefnds Agnars.

2) Þá verður einnig talið sannað með hliðsjón af viðurkenningu ákærða, sem studd er framburði Björgólfs Stefánssonar og er í samræmi við gögn máls þessa, að ákærði Eggert Bjarni hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærulið I, 2, að hafa hinn 6. september 1976 í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni keypt 220—240 gr af hassi, sem þeir áttu að jöfnu, á 10 kr. danskar hvert gramm, aðstoðað nefndan Björgólf við undirbúning á flutningi efnisins, sem Björgólfur flutti síðan hingað til lands 7. september og seldi hérlendis.

3) Sannað þykir með játningu ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar, að ákærði Eggert Bjarni hafi gerst sekur um þá háttsemi, er greinir í ákærulið I, 3, nánar að hafa um miðjan september í Kaupmannahöfn í félagi við meðákærða Björgólf Stefánsson falast eftir kaupum á ótilgreindu magni af amfetamíndufti hjá ætluðum fíkniefnasala og í því sambandi afhent honum 400 gyllini, en kaup þessi tókust ekki vegna vanefnda þessa ætlaða sölumanns. Amfetamínefnið hugðust ákærði og nefndur Björgólfur flytja hingað til lands og selja síðan hérlendis í ágóðaskyni.

4) Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hefur viðurkennt þá háttsemi, er um getur í ákærulið 4, og er sú játning studd efnislega framburðum þeirra Björgólfs Stefánssonar og Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar. Með hliðsjón af framansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem um getur í ákærulið I, 4, nánar að hafa skömmu síðar í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni keypt um 30 gr af hassi fyrir um 600 kr. danskar og 20 LSD töflur á 20 kr. danskar hverja töflu og daginn eftir þetta keypt 97 LSD töflur á 15 kr. danskar hverja töflu, en efnið töldust ákærði og nefndur Björgólfur eiga að jöfnu. Meginhluta þessara efna afhentu ákærði og nefndur Björgólfur meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni,

sem gegn því að teljast eiga efnin að 1/3 hluta flutti 25. september 1976 um 25 gr af hassefnum og 97 LSD töflur til Reykjavíkur, þar sem ákærði tók við efnunum í veitingahúsinu Brauðbæ við Óðinstorg. Ákærði seldi síðan meginhluta efnanna mörgum mönnum í Reykjavík, oftast að Njálsgötu 48, hvert gramm af hassinu og hverja LSD töflu á kr. 2.000, en nokkurs hluta þessara efna neytti ákærði sjálfur ásamt nokkrum kunningjum sínum. Skömmu eftir móttöku efnanna afhenti ákærði nefndum Ágúst Guðlaugi söluandvirði þeirra, allt að kr. 260.000, að Þórsgötu 5 í Reykjavík, og hélt Ágúst Guðlaugur utan með féð 30. sept. 1976 til frekari fíkniefnakaupa.

5) Ákærði Eggert hefur viðurkennt þá háttsemi, sem um getur í ákærulið 5, en ekki liggur fyrir í máli þessu framburður Hinriks Jóns Þórissonar. Með hliðsjón af skýlausri játningu um þetta atriði, sem óhætt þykir að leggja hér til grundvallar, verður talið sannað, að ákærði Eggert B. Arnórsson hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem um getur í ákærulið I, 5, nánar um mánaðamót september/október 1976 selt ýmsum ótilgreindum mönnum í Reykjavík samtals um 2 gr af amfetamíndufti (speed) fyrir Hinrik Jón Þórisson fyrir samtals um kr. 40.000 og þar af skilað honum um kr. 25.000, en haldið afganginum sjálfur.

6) Með hliðsjón af eigin játningu ákærða Eggerts, sem studd er framburðum Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar, Axels Péturs Juel Einarssonar og Helga Aðalsteinssonar og eru í samræmi við gögn máls þessa, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í ákærulið I, 6, nánar að hafa um miðjan október 1976 móttekið samtals um 70 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni að Bogahlíð 20 í Reykjavík og nokkru eftir þetta móttekið 15—22 gr af efninu af meðákærða Axel Pétri Juel Einarssyni. Hinn 24. október afhent Helga Aðalsteinssyni 30 gr af efninu að Njálsgötu 48 í Reykjavík, og greiddi nefndur Helgi 300 bandaríkjadali fyrir móttöku efnisins, sem hann hugðist selja fyrir ákærrða á Keflavíkurflugvelli og greiða ákærða síðan 60 dali fyrir hvert gramm. Meginhluta þess, sem þá var eftir, seldi ákærði sjálfur eða með aðstoð annarra nokkrum mönnum í Reykjavík, oftast á um kr. 15.000 eða 60 dali hvert gramm, og hafði ákærði þannig verulegan hagnað af dreifingu efnisins, en hluta þess fjár, um 1.250 dali, afhenti ákærði meðákærða Ágúst Guðlaugi, sem hélt utan 30. október til enn frekari fíkniefnakaupa.

7) A. Þá þykir sannað með játningu ákærða Eggerts, sem studd er framburðum Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar og Agnars Agnarssonar, að framangreindur Eggert Bjarni, ákærði í máli þessu, hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í ákærulið I, 7 A, nánar að hafa hinn 8. nóvember 1976 móttekið rúm 100 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni að Bogahlíð 20 í Reykjavík, en efnismagn þetta taldist ákærði eiga að jöfnu með meðákærða Björgólfi Stefánssyni, og falið efnið með aðstoð Agnars Agnarssonar utan Vatnsveituvegar í námunda við Elliðaár í Reykjavík, þar sem lögreglan lagði síðan hald á það 18. nóvember.

B. Enn fremur þykir talið sannað með viðurkenningu ákærða Eggerts Bjarna, sem studd er framburðum Björgólfs Stefánssonar, Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar og Theodórs Jónssonar, að ákærði Eggert hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákærulið I, 7 B, að hafa laugardagskvöldið 20. nóvember 1976 í félagi við meðákærða Björgólf Stefánsson tekið við rúmum 50 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni við Hafnarbíó í Reykjavík og flutt efnið að heimili sínu, þar sem ákærði sunnudaginn 21. nóvember afhenti nefndum Björgólfi 1 gr af efninu og seldi Theodór Guðjóni Jónssyni 5 gr fyrir 3.000 bandaríkjadali, en lögreglan lagði hald á eftirstöðvar efnisins 22. nóvember.

8) Ákærði Eggert hefur viðurkennt háttsemi þá, er honum er gefin að sök í ákærulið 8, er sú játning studd framburði Alfreðs Hilmarssonar. Með vísan til ofangreinds þykir sannað, að ákærði Eggert hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem getur um í 8. lið ákæru, nánar í apríl 1977 keypt 15 gr af hassi í Danmörku, flutt efnið til Akureyrar með m/s Helgafelli og síðan póstsent það til Alfreðs Hilmarssonar í Reykjavík, þar sem ákærði svo stuttu síðar neytti um helmings efnisins ásamt nefndum Alfreð og fleirum.

Framangreind brot ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar þykja varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 230/1976 að því er varðar ákærulið I, 3, sbr. og 2. tl. 1. mgr. og 5. gr. og 20. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Þáttur ákærða Björgólfs Stefánssonar.

1) Með hliðsjón af eigin játningu ákærða Björgólfs Stefánssonar, sem studd er framburði Eggerts Bjarna Arnórssonar og er í samræmi við gögn málsins, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í ákærulið II, 1, nánar um mánaðamót ágúst/sept 1976 í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt a. m. k. 148 gr af hassi í Kaupmannahöfn og síðan aðstoðað nefndan Eggert Bjarna við að undirbúa flutning efnisins hingað til lands, sbr. I, 1 hér að framan.

2) Þá þykir sannað með játningu ákærða Björgólfs, sem studd er framburðum þeirra Eggerts B. Arnórssonar og Agnars Agnarssonar, að ákærði Björgólfur Stefánsson hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í ákærulið II, 2, nánar að hafa hinn 6. sept. 1976 í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt um 220—240 gr af hassi, sbr. I, 2 hér að framan, og 7. sept. flutt efnið með sér í seðlaveski nefnds Eggerts Bjarna til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi efnið að Njálsgötu 48 ýmsum ungmennum, sem um þessar mundir lögðu leið sína þangað, m. a. Agnari Agnarssyni, en fyrir efnið fékk ákærði samtals kr. 125.000 og 500 bandaríkjadali, sem hann stuttu seinna hafði með sér utan til frekari fíkniefnakaupa.

3) Ekki liggur fyrir framburður ákærða Björgólfs Stefánssonar varðandi háttsemi, er um getur í lið II, 3 ákæru og studd er framburði Eggerts Bjarna Arnórssonar. Ákærði Björgólfur gerði hins vegar ekki athugasemd við þennan ákærulið við birtingu ákæru fyrir dómi.

Með vísan til ofanritaðs þykir mega telja sannað, að ákærði Björgólfur Stefánsson hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ofangreindum ákærulið, nánar að hafa um miðjan september 1976 í félagi við meðákærða Eggert Bjarna Arnórsson reynt að fá keypt amfetamínduft í Kaupmannahöfn af manni, sem þeir töldu vera fíkniefnasala, og í þessu sambandi afhent honum 400 gyllini, sbr. I, 3 hér að framan.

4) Sannað þykir með játningu ákærða Björgólfs, sem studd er framburðum þeirra Eggerts B. Arnórssonar og Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar, að ákærði Björgólfur hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærulið II, 4, nánar að hafa skömmu síðar í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt 25 gr af hassi og samtals 117 LSD töflur. Fengið meðákærða Ágúst Guðlaug Guðmundsson til að flytja efnin til Íslands og síðan um mánaðamót

september/október 1976 aðstoðað nefndan Ágúst Guðlaug við að skipta íslenskum peningum í erlendan gjaldeyri í nokkrum bönkum í Kaupmannahöfn, en nefndur Ágúst Guðlaugur var þá á leið til Amsterdam til að kaupa amfetamínefni fyrir söluandvirði ofangreindra fíkniefna, sbr. I, 4 hér að framan.

5) Með hliðsjón af játningu ákærða Björgólfs Stefánssonar, sem studd er framburðum Eggerts B. Arnórssonar og Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar, þykir talið sannað, að ákærði Björgólfur hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í lið II, 5 ákæru, nánar laugardagskvöldið 20. nóvember 1976 ásamt meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni tekið við rúmum 50 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni í Reykjavík og daginn eftir gefið kunningja sínum 1 gr af efninu, en efni þetta var hluti þeirra 200 gr, sem nefndur Ágúst Guðlaugur flutti hingað til lands 5. nóvember og ákærði átti að 1/4 hluta, sbr. I, 7 hér að framan. Með ofangreindu þykir ákærði Björgólfur hafa brotið gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974 og 2. og 20. gr. alm. hegningarlaga að því er varðar lið II, 3.

III. Þáttur ákærða Axels Péturs Juel Einarssonar.

1) Ákærði Axel Pétur Juel Einarsson hefur játað þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákærulið IV og studd er framburðum Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar, Eggerts B. Arnórssonar, Lárusar Halldórs Grímssonar og Helga Sveinbjörnssonar. Þykir því sannað, að ákærði Axel hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem greinir í lið IV, 1 ákæruskjali, nánar að hafa í október 1976 í Reykjavík séð um dreifingu á verulegum hluta þeirra 160 gr af amfetamíni, sem Ágúst Guðlaugur Guðmundsson flutti hingað til lands 7. október 1976, og í samvinnu við nefndan Ágúst Guðlaug Guðmundsson m. a. selt Helga Sveinbjörnssyni 10 gr af efninu um 20. október að Bogahlíð 20 fyrir um 450 bandaríkjadali og afhent Lárusi Halldóri Grímssyni 40 gr. Skömmu síðar tekið við rúmum 20 gr af efninu til baka frá nefndum Lárusi Halldóri og afhent meðákærða Eggert Bjanna Arnórssyni þann efnisskammt að mestu leyti og jafnframt um þessar mundir margsinnis neytt af efninu ásamt nefndum Ágúst Guðlaugi og fleiri mönnum.

2) Þá þykir sannað með játningu ákærða Axels, sem studd er framburði Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar, Ásgeirs Heiðars

Ásgeirssonar og Helga Sveinbjörnssonar, að ákærði Axel hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem framangreindum Axel er gefin að sök í lið IV, 2 ákæru, nánar í nóvember 1976 í Reykjavík í samvinnu við meðákærða Ágúst Guðlaug Guðmundsson selt m. a. Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni og Helga Sveinbjörnssyni samtals um 30 gr af því amfetamíni, sem Ágúst Guðlaugur Guðmundsson flutti hingað til lands hinn 5. nóv. 1976, á kr. 10.000 hvert gramm og um þetta leyti neytt sjálfur um 10—20 gr af efni þessu ásamt nefndum Ágúst Guðlaugi o. fl.

Með framangreindri háttsemi þykir ákærði Axel Pétur Juel Einarsson hafa brotið gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

REFSING.

Með háttsemi þeirri, er um getur hér að framan, þykja ákærðu Eggert Bjarni Arnórsson, Björgólfur Stefánsson og Axel Pétur Juel Einarsson hafa unnið til refsingar. Háttsemi ákærða þykir þess eðlis, að meta verður brot ákærðu sem eina brotaheild, bæði hvað refsingu snertir og fyrningu. Refsingu ákærðu ber að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson er sakhæfur. Hann hefur ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé, en hann hefur á hinn bóginn viðurkennt hér fyrir dómi fyrr á þessu ári verulegt fíkniefnamisferli, sem enn er til rannsóknar, og nú alveg nýverið hefur hann verið borinn sökum um fíkniefnamisferli, og er það mál nú í rannsókn.

Refsing ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar þykir með hliðsjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Ekki þykja efni til að skilorðsbinda refsingu. Til frádráttar ofangreindri refsingu komi þó sá tími, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi, alls 9 dagar.

Þá þykir rétt skv. 49. gr. alm. hegningarlaga að dæma ákærða til að greiða fésekt til ríkissjóðs, kr. 1.000.000, og komi 80 dagar í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Björgólfur Stefánsson hefur ekki sætt kærum né refsingum, svo kunnugt sé. Refsing ákærða Björgólfs Stefánssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. En þar sem 4 ár eru liðin, síðan brot áttu sér stað, og Björgólfur hefur ekki síðan gerst sekur um brot á fíkniefnalögum, svo kunnugt sé, þykir

rrétt að fresta fullnustu refsingar í 3 ár frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði Björgólfur Stefánsson almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt ofansögðu og með hliðsjón af 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 þykir og rétt, að ákærði Björgólfur greiði fésekt til ríkissjóðs, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 600.000, og komi 40 daga fangelsi í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Axel P. J. Einarsson hefur ekki sætt kærum né refsingum, svo kunnugt sé.

Refsing ákærða Axels Péturs Juel Einarssonar verður ákveðin varðhald í 4 mánuði. Þar sem 4 ár eru liðin, síðan ofangreind brot áttu sér stað, þykir rétt að fresta fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá birtingu dóms, ef ákærði Axel heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá þykir rétt, að ákærði Axel greiði kr. 500.000 sekt til ríkissjóðs með vísan til 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, þar telja verður, að ákærði Axel hafi haft hagnað af háttsemi sinni. Verði ofangreind sekt ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms, komi 40 daga fangelsi í sektar stað.

Ákærðu Eggert Bjarni Arnórsson, Björgólfur Stefánsson og Axel Pétur Juel Einarsson höfðu sama verjanda, Örn Clausen hæstaréttarlögmann, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu málsvarnarlauna til hans, er ákveðin verða kr. 200.000. Enn fremur ber ákærða Eggert Bjarna Arnórssyni að greiða réttargæsluþóknun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 38.000, meðan hann sætti gæsluvarðhaldi. Annan sakarkostnað verða ákærðu allir dæmdir til að greiða in solidum.

Þá ber, eins og krafist er í ákæru, að dæma ákærða Eggert Bjarna Arnórsson að sæta upptöku skv. 5. gr. laga nr. 65/1974 á um 155 gr af amfetamíndufti og 2 bréfavogum, sem lögregla lagði hald á hinn 8. nóvember 1976 og munu hafa verið notaðar til að vega fíkniefni.

Í ákæruskjali er enn fremur krafist, að ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson sæti upptöku á rúmum 6 gr af amfetamíndufti, sem lögregla lagði hald á 23. nóvember 1976. Eins og fram hefur komið, hefur þáttur ákærða Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar verið tekinn út úr máli þessu, og verður honum því ekki sérstaklega gert að sæta upptöku skv. dómi þessum. Á hinn bóginn verður að telja sannað, m. a. með framburði Ágústs þessa, að ofangreind 6 gr af amfetamíndufti séu hluti þess amfetamíns,

sem hefur verið fjallað um hér að framan. Samkvæmt því þykir rétt með vísan til 5. gr. laga nr. 65/1974, að þau rúm 6 gr, sem Ágúst Guðlaugur afhenti lögreglu hinn 23. nóvember 1976 og lögregla lagði hald á, verði gerð upptæk.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson, fæddur 13. september 1954, sæti fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar ofangreindri refsingu komi sá tími, er ákærði Eggert sat í gæsluvarðhaldi, alls 9 dagar.

Þá skal ákærði Eggert Bjarni Arnórsson greiða fésekt til ríkissjóðs, kr. 1.000.000, og komi 80 daga fangelsi í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Björgólfur Stefánsson sæti fangelsi í 4 mánuði. Fresta ber þó fullnustu refsingar í 3 ár frá birtingu dóms, haldi ákærði Björgólfur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Björgólfur Stefánsson skal enn fremur greiða fésekt til ríkissjóðs, kr. 600.000, og komi 40 daga fangelsi í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Axel Pétur Juel Einarsson sæti varðhaldi í 4 mánuði. Fullnustu refsingar skal þó frestað í 3 ár frá birtingu dóms, haldi ákærði Axel almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Axel greiði enn fremur kr. 500.000 fésekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga fangelsi í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Ákærðu Eggert Bjarni Arnórsson, Björgólfur Stefánsson og Axel Pétur Juel Einarsson greiði allan sakarkostnað in solidum, þ. á m. laun skipaðs verjanda þeirra, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000, nema ákærða Eggert ber að greiða réttargæsluþóknun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 38.000, meðan ákærði Eggert sætti gæsluvarðhaldi.

Þá skal ákærði Eggert Bjarni Arnórsson sæta upptöku á um 155 gr af amfetamíndufti og 2 bréfavogum. Enn fremur skal gert upptækt til eyðingar 6 gr af amfetamíndufti.

Mánudaginn 25. október 1982.

Nr. 48/1981. **Tollstjórinn í Reykjavík**
(Unnsteinn Beck hrl.)
gegn
Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík, vegna þrotabús Gallíu h/f
(Stefán Pálsson hrl.).

Úthlutun uppboðsandvirðis. Skýring gjaldþrotalaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1981. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða uppboðsréttarúrskurði verði hrundið og þær 13.846.00 krónur, sem þar er um fjallað, renni til áfrýjanda til greiðslu upp í lögtakskröfu hans. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði stefnda, Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík, vegna þrotabús Gallíu h/f, 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 23. janúar 1981.

Í máli þessu hefur tollstjórinn í Reykjavík gert þær réttar-

kröfur, að nettóuppboðsandvirði bílsins R 56981, kr. 1.384.600, renni óskert til sín sem lögtakshafa í bílnum. Hann krefst þess, að skiptaráðandinn í Reykjavík verði f. h. þrotabús Gallíu h/f úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Gallíu h/f hefur krafist þess, að framkomið frumvarp uppboðsréttarins til úthlutunar uppboðsandvirðis verði staðfest óbreytt. Hann hefur krafist þess, að tollstjórinn í Reykjavík verði úrskurðaður til þess að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 14. þessa mánaðar.

Þann 8. júlí 1980 fór að kröfu tollstjórans í Reykjavík fram lögtak í eignum Gallíu h/f, Borgartúni 29 hér í borg, til tryggingar söluskatti 1978 — mars 1980, samtals kr. 4.237.037 auk dráttarvaxta og kostnaðar. Bíllinn R 56981, Fiat 131, árgerð 1978, var tekinn lögtaki. Var lögtakinu þinglýst 10. september 1980, þó það verði ekki séð á lögtaksendurriti því, er fylgdi uppboðsbeiðni, en veðbókarvottorð getur lögtaksins.

Tollstjóri krafðist nauðungarsölu á hinum lögtekna bíl með bréfi 1. ágúst 1980, nú til lúkningar kr. 2.362.400 auk áfallinna dráttarvaxta til 16. ágúst, kr. 848.082, og kostnaðar, kr. 10.000, samtals kr. 3.220.542.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum þann 15. ágúst 1980, var bú Gallíu h/f tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota að kröfu stjórnar hlutafélagsins s. d. Úrskurður þessi var birtur í 70. tbl. Lögbirtingarblaðsins 1980, en það kom út þann 27. ágúst.

Skiptaráðandi tók í umráð skiptaréttarins einu eign hins gjaldþrota hlutafélags, bílinn R 56981, og krafðist síðan uppboðs á honum þann 20. ágúst.

Uppboð fór fram þann 11. september 1980. Var bíll þessi sleginn á kr. 1.650.000, en að frádregnum sölulaunum, innheimtulaunum og kostnaði komu til útborgunar skv. skilagrein uppboðsréttarins kr. 1.435.500.

Uppboðsrétturinn hefur gert frumvarp að úthlutun nettóuppboðsandvirðis skv. framansögðu, þannig: veðbókarvottorð og póstkostnaður kr. 1.600, Vaka h/f, geymslukostnaður, kr. 42.200, tollstjórinn í Reykjavík sem innheimtumaður bifreiðaskatts, kr. 7.100, og skiptaráðandinn í Reykjavík kr. 1.384.600.

Frumvarp þetta var lagt fram í uppboðsréttarhaldi þann 30.

september 1980 og sætti andmælum tollstjóra að því varðar forgang skiptaréttarins til uppboðsandvirðis. Hefur sérstakt uppboðsréttarmál verið rekið um ágreining þennan, og er það hér til úrskurðar.

Til rökstuðnings réttarkröfum sínum vísar tollstjóri til lögtaks þess, er hann lét gera þann 8. júlí 1980 og sem hafi verið þinglýst þann 10. sama mán. Það leiði af 24. gr., 2. mgr., laga nr. 6/1978, að lögtakskrafan eigi að taka forgang um úthlutun, þar eð málsgreinin segi skýrum stöfum, að gjaldþrot breyti ekki rétti þeirra, sem fyrir upphaf þess hafi látið fram fara fullnustugerð fógeta í eignum skuldara. Hér sé sagt fyrir um það, að lögtakshafi geti farið fram eins og gjaldþrot gerðarþola hefði ekki borið að hendi. Athugasemdir við frumvarp til nefndra laga séu þessu til styrktar, sérstaklega varðandi áminnsta lagagrein, en þar segi, að málsgreinin sé í samræmi við 34. gr. laga 3/1878, enn fremur megi nefna athugasemd með 72. gr., þar sem áréttuð sé regla sú, er fram kemur í málsgreininni. Að sönnu komi sú regla fram í 58. gr., 1. mgr., að fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag bindi búið á engan hátt. Þarna sé um að ræða misræmi, en telja verði, að ákvæði 58. gr., 1. mgr., verði að þoka fyrir hinu sterkara orðalagi 24. gr., 2. mgr., sem mæli lögtakshafa þann rétt, sem áður hafði gilt, sbr. 34. gr. skiptalaga. Auk þess gangi 58. gr., 1. mgr., langt til breytinga á áður ríkjandi skipan þessara mála, en 24. gr., 2. mgr., geri þar enga breytingu og verði því síðarnefnd lagagrein að teljast fremri. Á það megi líta, að í niðurlagi greinargerðar um 58. gr., að 50. gr., 2. mgr., laga 19/1887 skuli halda áfram að vera í gildi, þannig að hér virðist vera ráðagerð um, að réttur til að koma fram nauðungaruppboði skv. fjárnámsgerð skuli halda gildi sínu þrátt fyrir töku bús gerðarþola til gjaldþrotaskipta, ef fjárnámshafi hefur varið rétt sinn með þar greindri umráðasviptingu innan 12 vikna. Komi því ekki til mála, að lögtak eigi að falla niður, vegna þess að lögtakshafi eigi enga kröfu á því að fá umráð lögtekins hlutar svk. 7. gr. laga 29/1885. Enn fremur verði lögtak að teljast að ýmsu sterkari réttargerð en fjárnám.

Það verði að teljast mæla gegn forgangsrétti skiptaráðanda til uppboðsandvirðis, að hann hreyfði ekki athugasemdum við hinni fyrri framkomnu uppboðsbeiðni tollstjóra, sem þó verði að ætla, að hann hafi fengið vitneskju um. Hafi tollstjóra því verið rétt að ætla, að lögtak hans, sem var að auki þinglýst, stæði

óhaggað, þar sem skiptaráðandi hafi engar ráðstafanir gert til að leysa aðfararveðið til sín, en ætla verði, að enda þótt 58. gr., 1. mgr., yrði beitt í þessu máli, beri skiptaráðanda að tilkynna veðhöfum, að búið muni leysa veðkröfur þeirra til sín. Ella verði að skilja aðgerðarleysi skiptaráðanda svo, að hann láti uppboðsbeiðni tollstjóra óátalda og missi því rétt til uppboðsandvirðisins.

Skiptaréttur Reykjavíkur hefur í málflutningi sínum vísað til þess, að forráðamenn Gallíu h/f hafi þann 15. ágúst 1980 farið þess á leit, að bú hlutafélagsins yrði tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Skiptaréttur hafi orðið við beiðni þessari þegar í stað og í framhaldi þess hafi honum verið afhent umráð einu eignar búsins, bílsins R 56981, sem síðan hafi verið seldur á nauðungaruppboði að kröfu skiptaréttar skv. uppboðsbeiðni 20. ágúst. Sú uppboðsbeiðni, er tollstjóri hafði ritað, sé ekki gild, þar eð ákvæða 73. gr. gjaldþrotalaga hafi ekki verið gætt.

Skiptarétturinn byggir tilkall sitt til uppboðsandvirðis á 58. gr., 1. mgr., laga nr. 6/1978. Þar segir, að fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag bindi búið á engan hátt. Þannig hafi lögtak tollstjóra, er fram fór þann 8. júlí 1980, fallið niður við úrskurð 15. ágúst s. á. um töku bús Gallíu h/f til gjaldþrotameðferðar, og það án nokkurra frekari athafna af hálfu skiptaréttarins. Í þessu sambandi er því enn fremur haldið fram, að þegar 24. gr., 2. mgr., sömu laga segi, að gjaldþrot gerðarþola breyti ekki rétti aðfararhafa, þá sé þar átt við greiðsluþrot, en ekki við gjaldþrotameðferð að gengnum úrskurði skiptaráðanda. Þannig hljóti hið umdeilda uppboðsandvirði að ganga inn í þrotabú Gallíu h/f.

24. gr., 2. mgr., laga nr. 6/1978 segir, að gjaldþrot breyti ekki rétti þeirra, er fyrir upphaf þess hafa látið fram fara fullnustugerð fógeta í eignum skuldara. Síðan segir 58. gr., 1. mgr., sömu laga, að fullnustugerð fógeta í eignum þrotamanns á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag bindi búið á engan hátt. Það verður ekki annað fyrir hendi en að líta svo á, að regla laganna sé sú, að aðfararhafar verði að sæta því, að réttur sá, er þeir fengu til þess við aðförina til þess að taka sér greiðslu af uppboðsandvirði, verði að þoka fyrir rétti þrotabúsins, ef fógetagerðinni var lokið innan 6 mánaða fyrir frestdag.

Lögtak tollstjóra fór fram þann 8. júlí 1980, en úrskurður um gjaldþrotameðferð á búi Gallíu h/f gekk þann 15. ágúst, þ. e. um það bil 5 vikum síðar. Þykir því verða að úrskurða, að upp-

boðsandvirði gangi til skiptaréttar Reykjavíkur vegna þrotabús Gallíu h/f, svo sem skiptaráðandi hefur krafist. Ber því að staðfesta úthlutunarfrumvarp það, er fyrir liggur.

Málskostnaður á að falla niður í máli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboðsandvirði bílsins R 56981 skiptist þannig:

Fyrir veðbókarvottorð og póstkostnað kr. 16.00, til Vöku h/f vegna geymslu hins selda bíls, kr. 422.00, þá fær tollstjórinn í Reykjavík kr. 71.00 til greiðslu bifreiðaskatts, en kr. 13.846.00 ganga til skiptaráðanda í Reykjavík vegna þrotabús Gallíu h/f.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. október 1982.

Nr. 132/1979. **Auður Stefánsdóttir**
(Valgeir Kristinsson hdl.)
gegn
Haraldi Guðmundssyni
og gagnsök
(Jón Kr. Sólnes hdl.).

Óvígð sambúð. Fjárskipti. Gjafsóknarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. júlí 1979 og gerir þær dómkröfur aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum gagnáfrýjanda og henni dæmdur málskostnaður í héraði úr hendi gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar og einnig í Hæstarétti, eins

og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjanda hefur með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 15. apríl 1981, verið veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Verði varakrafa eða þrautavarakrafa gagnáfrýjanda tekin til greina, krefst aðaláfrýjandi viðurkenningar á skuldajafnaðarkröfu að fjárhæð 170.000.00 krónur, er komi til frádráttar fjárkröfu gagnáfrýjanda, og einnig krefst hún þá málskostnaðar, eins og að ofan greinir.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. mars 1980, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1980 og gerir aðallega þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að hann sé eigandi 50% fasteignarinnar nr. 86 við Sæviðarsund í Reykjavík, en til vara, að aðaláfrýjandi verði dæmd til þess að greiða honum 1.300.000.00 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. desember 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ágreiningsefni í máli þessu er það, hvort gagnáfrýjandi hafi eignast hlut í húseigninni Sæviðarsundi 86, þinglýstri eign aðaláfrýjanda, eða ef svo verði ekki talið, hvort hann eigi þá tilkall til tilsvarandi fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjanda. Um aðrar eignir er eigi ágreiningur milli málsaðilja.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, bjuggu málsaðiljar saman árin 1952—1960 og aftur árin 1962—1973. Á hinu síðara sambúðarskeiði reistu þau húsið Sæviðarsund 86 til íbúðar handa sér og börnum sínum. Hjúskap virðast þau þá eigi hafa haft í huga. Bygginguna kostuðu þau með söluverði íbúðar á Fálkagötu 9 A, en að öðru leyti af tekjum sínum og með vinnu sinni. Verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi öðlast eignarhlutdeild í fasteigninni, þótt hún væri skráð á nafn aðaláfrýjanda.

Líta verður svo á, að íbúðin á Fálkagötu 9 A hafi verið eign aðaláfrýjanda, en íbúð þessi var seld fyrir 780.000 gamlar krónur, og nam útborgun 600.000 krónum. Í héraðsdómi er gerð grein fyrir byggingarkostnaði hússins við Sæviðarsund, eins og hann kemur fram á húsbyggingarskýrslu og skattframtölum. Hefur verulegur hluti byggingarkostnaðar, eða meira en helmingur, verið greiddur með söluverði íbúðarinnar á Fálkagötu 9 A. Að öðru leyti verður að gera ráð fyrir, að málsaðiljar hafi báðir staðið straum af byggingarkostnaðinum. Í gögnum málsins kemur fram, að bæði höfðu þau tekjur af vinnu utan heimilis, en gagnáfrýjandi vann töluvert við bygginguna. Hins vegar hefur aðaláfrýjandi lagt fram vinnu við sameiginlegt heimilishald þeirra. Þegar þess er gætt, sem nú hefur verið rakið, þykir rétt að miða við, að eignarhluti gagnáfrýjanda í fasteigninni skuli talinn 20%, og ber þannig að taka aðalkröfu gagnáfrýjanda til greina að því leyti.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður var skipaður talsmaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, en Valgeir Kristinsson héraðsdómslögmaður flutti málið sem prófmál í umboði hans. Gjafsóknarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmannsins, sem ákveðin verða 40.000.00 krónur.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að málsaðiljar séu sameigendur að fasteigninni Sæviðarsundi 86 í Reykjavík, þannig að eignarhluti aðaláfrýjanda, Auðar Stefánsdóttur, sé 80%, en gagnáfrýjanda, Haralds Guðmundssonar, 20%.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. maí 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. apríl sl., er höfðað með stefnu, birtri 17. maí 1976, af Haraldi Guðmundssyni, Skúlagötu 70, Reykjavík, gegn Auði Stefánsdóttur, Sæviðarsundi 86, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að hann sé eigandi að 50% fasteignarinnar nr. 86 við Sæviðarsund í Reykjavík.

Til vara, að stefnda verði dæmd til að greiða honum kr. 12.500.000 með 9% ársvöxtum frá 1. desember 1973 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Enn fremur, að stefnda verði dæmd til að greiða honum málskostnað skv. aukatekjulögum og gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans eftir mati réttarins.

Aðiljar málsins hafa gert með sér samkomulag um að ganga fram hjá sáttanefnd, og sáttir hafa ekki tekist fyrir dóminum.

Málavextir eru þeir, að aðiljar málsins efndu til kaupa á 3ja herbergja íbúð að Fálkagötu 9 A árið 1947 eða 1948 með sambúð í huga. Seljendur voru fjölskyldumeðlimir stefndu. Stefnda var skrásett sem eigandi eignarinnar samkvæmt þinglesnum sameignarsamningi um Fálkagötu 9 A frá 25. október 1951. Í samningi þessum segir, að Stefán Árnason, faðir stefndu, Pétur Stefánsson, bróðir hennar, Jón Þórðarson, mágur hennar, og stefnda sjálf geri með sér sameignarsamning um húsið nr. 9 A við Fálkagötu í Reykjavík, sem þau hafi byggt í sameiningu.

Stefnandi segir, að íbúðin hafi verið keypt rúmlega fokheld og kostað rúmar 50.000 kr., en stefnda segir hana hafa verið tilbúna undir tréverk og hafa kostað kr. 60.000.

Stefnandi, sem er rafvirki að mennt, skýrði svo frá fyrir rétti, að hann hefði verið handlangari hjá múrurum, sem múrað hafi íbúðina. Hann hefði séð um að láta smíða tréverkið, setja það í og greitt það sjálfur. Hann hefði útvegað öll hreinlætistæki og dúk á gólf, málað íbúðina og gengið frá rafmagni í hana, sett upp ljós og eldavél. Stefnda sagði fyrir rétti, að stefnandi hefði látið mála íbúðina og dúkleggja og hefði hann keypt dúkana. Stefnda kvaðst hafa greitt vinnuna við að fullgera eldhúsið, en annað hefðu þau greitt sameiginlega. Meira fé hefði stefnandi ekki lagt fram. Upplýst er, að til íbúðarkaupanna var tekið lán

hjá Olíufélaginu Skeljungi h/f, og kveður stefnandi þau bæði hafa greitt af því láni, en stefnda kveðst hafa greitt af láninu ein.

Aðiljar fluttu ekki í íbúðina, og var hún leigð. Hér fyrir dóminum kvaðst stefnda hafa útvegað leigjanda og hafa tekið við leigunni. Stefnandi vissi hins vegar ekki, hver hafði gert þetta, en gerði ráð fyrir, að faðir stefndu hefði annast útvegun leigjenda. Eftir að íbúðin hafði verið fullgerð, sagði stefnandi, að ósamkomulag hefði orðið með honum og föður stefndu og hafi hann ekki viljað flytja inn í húsið, fyrr en vitað væri, hvað þau ættu. Sagðist stefnandi hafa farið í mál við föður stefndu út af vinnu sinni við íbúðina, en íbúðin hefði lengi vel verið á nafni Stefáns, föður stefndu. Hann kveðst síðar hafa fallið frá þessari málshöfðun fyrir orð stefndu. Þrátt fyrir áskoranir dómara hafa lögmenn ekkert getað grafið upp um málaferli þessi.

Í þinghaldi 19. mars sl. voru aðiljar sammála um, að þau hefðu flutt inn í íbúðina 1952 og hafi sambúð þeirra þá hafist. Sambúð þeirra stóð síðan óslitið til 1960 að beggja sögn. Fæddist þeim dóttir 12. apríl 1956 og sonur 22. janúar 1960. Aðiljar eru sammála um, að stefnandi hafi farið að heiman í apríl—maí 1960. Stefnandi segist hafa farið að heiman vegna ósamkomulags við stefndu, en það hafi ekki verið til frambúðar og hafi sambúðin ekki rofnað í nema mánaðartíma. Hann hafi á meðan verið á Grettisgötu 58 hjá móður sinni.

Stefnda hefur hins vegar haldið því fram, að sambúðin hafi rofnað í tæp 3 ár. Af hennar hálfu hafa því til sönnunar verið lögð fram vottorð Hagstofu Íslands um lögheimili beggja aðilja. Samkvæmt þeim vottorðum hafa aðiljar ekki sama lögheimili frá apríl—maí 1960 til 1. október 1962, en þá flytja þau saman að Bogahlíð 26, Reykjavík. Þá hafa verið lagðar fram skattskýrslur stefndu fyrir þetta tímabil. Á skattskýrslu 1961 er sagt, að sambúð hafi verið slitið í maí 1960, og barnalífeyrir er greiddur henni frá þeim tíma svo og mæðralaun. Samkvæmt skattskýrslu 1962 er óljóst, hvernig þessu hefur verið háttað 1961, en samkvæmt skattskýrslum 1963 og 1964 hefur stefnda tekið á móti barnalífeyri og mæðralaunum bæði 1962 og 1963. Stefnda sagði hér fyrir rétti, að hún hefði síðar sjálf endurgreitt barnalífeyrinn, eftir að þau fluttu aftur saman, þar sem stefnandi hefði ekki gert það. Barnalífeyririnn hafi verið tekinn af fjölskyldubótum. Stefnda heldur því fram, að þann tíma, sem sambúðin var rofin, hafi stefnandi komið í heimsókn í nokkur skipti,

en aldrei verið í lengri tíma. Hún segir, að 1960, þegar stefnandi fór að heiman, hafi hann fengið í sinn hlut þvottavél, kæliskáp, húsgögn og lampa. Hún hafi ekki viljað missa þessa muni og hafi stefnandi fengið fornsala til þess að virða munina og hafi hún greitt stefnanda fyrir þá. Þá fjármuni hafi hún fengið lánaða hjá systur sinni, en samkvæmt skattskýrslu 1961 og framburði stefndu og systur hennar naut stefnda einhverrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá fólki sínu 1960, eftir að stefnandi fór að heiman. Stefnandi neitar öllum framangreindum staðhæfingum stefndu. Hann segist aðeins hafa farið með einn lampa af heimilinu í maí 1960. Á skattskýrslu hans frá 1962 er hann skráður á Grettisgötu 58, Reykjavík, en hann segist fyrir trassaskap ekki hafa talið fram 1961, 1962 og 1963, og hann virðist kominn í Bogahlíð 26, þegar hann ritar undir skattskýrslur fyrir þessi ár. Þetta mun hann hafa gert í sambandi við kæru til ríkisskattanefndar vegna álagðra gjalda samkv. áætluðum tekjum hans þessi ár, sbr. bréf ríkisskattanefndar, dómskj. 91.

Íbúðin að Fálkagötu 9 A var seld 28. júní 1965 fyrir kr. 780.000. Útborgun nam kr. 600.000, en eftirstöðvar voru greiddar með yfirtöku skulda.

Stefnandi skýrði svo frá, að íbúðin hefði verið metin á kr. 480.000 í sölu. Hann hefði ekki viljað selja hana fyrir það verð, en sagt við stefndu, að hann vildi gera íbúðina þokkalegri til þess að hækka söluverðið. Hann hafi síðan málað íbúðina alla og breytt henni fyrir sitt fé, áður en hún var seld. Stefnda kvaðst hafa tekið kr. 20.000 víxil til þess að standa straum af endurbótunum og greitt þann víxil sjálf, en stefnandi hafi málað íbúðina, áður en hún var seld. Endurbæturnar hefðu ekki kostað meira en nam fjárhæð víxilsins. Stefnda kvað allt andvirði íbúðarinnar hafa runnið til byggingar húss að Sæviðarsundi 86, en stefnda fékk úthlutað leigulóð þar 27. desember 1965 og er þinglesinn eigandi hússins.

Stefnda fékk lán hjá veðdeild Landsbanka Íslands 19. janúar 1966 að fjárhæð kr. 140.000, hinn 20. maí s. á. fékk hún aftur lán að sömu fjárhæð og síðast lán að fjárhæð kr. 75.000 2. desember 1968. Öll voru lánin tryggð með veði í Sæviðarsundi 86. Stefnda kveður byggingarkostnað íbúðarhússins hafa verið greiddan með þessum lánum og söluandvirði íbúðarinnar að Fálkagötu. Afborganir af veðdeildarlánunum kveður stefnandi sig hafa greitt til jafns við stefndu, en stefnda segist hafa greitt þær ein.

Samkvæmt húsbyggingarskýrslu stefndu fyrir árið 1965 nam byggingarkostnaðurinn í árslok kr. 564.333.91. Á skattskýrslu fyrir árið 1966 var kostnaðarverðið talið kr. 950.812.00, árið 1967 kr. 986.439, árið 1968 kr. 1.005.145, árið 1969 kr. 1.099.393, árið 1970 kr. 1.169.182, árið 1972 kr. 1.640.000, en sú upphæð mun hafa verið fasteignamat hússins.

Stefnandi kvaðst hafa unnið að byggingu hússins, þ. á m. samfleytt í 9 mánuði og þann tíma ekki stundað aðra vinnu. Hann lýsti ítarlega fyrir rétti, í hverju vinna hans var fólgin. Hann kvaðst og hafa útvegað teikningar að húsinu fyrir lítið eða ekki neitt og sömuleiðis útvegað ýmiss konar efni fyrir lítið sem ekkert. Enn fremur hafi hann fengið menn í vinnu fyrir greiðslu í sama. Stefnandi hefur lagt fram allmörg vottorð í málinu frá mönnum, sem unnu með honum að húsbyggingunni eða seldu honum efni til hennar. Þessi vottorð hafa af hálfu stefndu verið tekin gild sem staðfest, en mótmælt sem röngum. Þá hefur Pétur Ólafsson borið vitni um vinnu stefnanda, en Pétur vann við húsbygginguna.

Stefnda segir stefnanda hafa unnið við byggingu hússins, en vinna hans hafi verið stopul. Hann hafi útvegað efni til byggingarinnar, en hún greitt fyrir það. Hann hafi útvegað teikningar að húsinu, en efni, sem hann hafi útvegað endurgjaldslaust, hafi „bara verið eitthvað drasl". Þau hafi hjálpast við að einangra húsið, stefnandi hafi unnið við raflögnina að einhverju leyti, hann hafi unnið við handlang hjá múrurum og séð um að klæða þakið. Stefnda kvaðst ekki geta metið, hversu miklum hluta af byggingarkostnaði vinnuframlög stefnanda næmu, en þetta væri hann búinn að „éta út", því að hann hefði ekkert greitt til heimilisins. Stefnda sagði síðar, að hún gæti ekkert sagt um það, hvað stefnandi hefði gert, því að hún hefði verið í vinnu allan daginn.

Samkvæmt skattskýrslum aðilja málsins hafa framtaldar tekjur stefndu á árrunum 1964 til 1970 numið kr. 820.785.00, en stefnanda kr. 835.148.00. Stefnandi telur ekki fram fyrir árin 1971 og 1972, en þau ár námu tekjur stefndu kr. 602.138.00. Samkvæmt skattskýrslum eru þau í sambúð allan þennan tíma. Aðiljar eru sammála um, að verðmæti hússins hafi í október 1977 numið kr. 25.000.000.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að húsið að Sæviðarsundi 86 sé sameign hans og stefndu, sem til hafi orðið, meðan sambúð þeirra stóð. Húsbyggingin hafi verið fjármögnuð með þeim

hætti, að hluti af söluverði íbúðar þeirra að Fálkagötu 9 A hafi runnið til húsbyggingarinnar. Þó sé eigi sannað, að það hafi verið stærri hluti en kr. 290 þús. af söluverðinu, kr. 780 þús., en hinn 29. júní 1965 hafi kr. 290 þús. verið lagðar inn á sparisjóðsbók stefnanda við Landsbanka Íslands.

Líta verði svo á, að aðiljar málsins hafi báðir átt íbúðina að Fálkagötu 9 A, þótt svo að stefnandi hafi ekki lagt fram fé til kaupa á henni, hafi hann lagt fram bæði efni og vinnu til að fullgera íbúðina og sömuleiðis hafi hann látið vinna við íbúðina og greitt sjálfur þá vinnu. Í framburði sínum fyrir rétti viðurkenni stefnda þetta vinnuframlag.

Þá hafi hluti af kaupverði Fálkagötu 9 A verið greiddur með láni, sem aðiljar málsins hafi fengið hjá Skeljungi h/f, og hafi þau bæði greitt af því.

Enn fremur beri þess að gæta, að þegar selja átti íbúðina, hafi ekki fengist fyrir hana viðunandi verð án mikilla endurbóta, en til þeirra hafi stefnandi kostað með þeim árangri, að íbúðin hafi selst fyrir kr. 780 þús. árið 1965. Útborgun hafi numið kr. 600 þús., en eftirstöðvar kaupverðsins greiddar með yfirtöku veðskuldar og útgáfu veðskuldabréfs.

Auk þessa heldur stefnandi því fram, að húsbyggingin að Sæviðarsundi 86 hafi verið fjármögnuð með láni frá veðdeild Landsbanka Íslands, sem stefnandi hafi útvegað, og hafi þau stefnda bæði greitt af því láni.

Þá hafi þau bæði lagt fram fé af tekjum sínum til húsbyggingarinnar. Að vísu hafi stefnandi haft litlar tekjur á þeim tíma, sem hann hafi staðið í húsbyggingunni.

Enn fremur hafi stefnandi unnið við húsbygginguna, þ. á m. samfleytt í 9 mánuði og jafnvel lengur, þar til þau gátu flutt inn, og eftir þann tíma hafi hann og unnið mikið við að fullgera húsið. Eins og vottorð, sem lögð hafi verið fram í málinu, sýni, hafi stefnandi fengið menn til að hjálpa sér við húsbygginguna og hafi hann greitt þeim fyrir vinnuna sjálfur eða unnið hjá þeim í staðinn. Þá hafi hann keypt byggingarefni fyrir eigin reikning og enn fremur fengið mikið af byggingarefni hjá bræðrum sínum endurgjaldslaust.

Teikningar af húsinu hafi stefnandi útvegað án endurgjalds. Sambúð aðilja málsins hafi staðið um aldarfjórðungsskeið og megi jafna henni til vígðrar sambúðar, hvað snerti eignamyndun, sem orðið hafi á tímabilinu, og sé því eðlilegt, að aðiljar

málsins teljist sameigendur að húsinu. Ástæða þess, að húsið sé þinglesin eign stefndu, sé eingöngu sú, að hún hafi fengið lóðinni úthlutað.

Verði ekki á ofangreint fallist og stefnda talin ein eigandi hússins, hljóti stefnandi að eiga rétt á greiðslu fyrir fjár- og vinnuframlög sín í þágu sameiginlegs heimilis þeirra á sambúðartímanum, þ. á m. mjög verulegar eignamyndanir, og sé eðlilegt, að sú greiðsla nemi helmingi af verðmæti hússins, sem aðiljar málsins séu sammála um, að nemi 25 milljónum króna. Kröfur af þessu tagi fyrnist ekki, á meðan sambúð vari, og því hafi fyrningarfrestur eigi hafist fyrr en 1. desember 1973.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að hún hafi ein verið eigandi íbúðarinnar að Fálkagötu 9 A. Hún hafi greitt kaupverð hennar tilbúinnar undir tréverk og verið þinglesinn eigandi. Hún hafi tekið lán til þess að fullgera íbúðina og greitt af því. Því sé ekki mótmælt, að stefnandi hafi lagt fram einhverja vinnu, en hann hafi ekkert fé lagt fram. Hafi stefnandi átt einhverjar kröfur á hendur stefndu vegna þeirrar vinnu, séu þær löngu fyrndar.

Stefnda hafi fengið lóðinni að Sæviðarsundi 86 úthlutað og greitt gatnagerðargjöld vegna hennar. Á fyrsta ári húsbyggingarinnar við Sæviðarsund hafi stefnda lagt fram kr. 564 þús., eins og húsbyggingarskýrsla hennar sýni, og komi það heim og saman við það, að staðgreitt söluverð íbúðarinnar að Fálkagötu 9 A hafi numið kr. 600.000, sem runnið hafi allt til húsbyggingarinnar.

Næsta ár á eftir sýni skattskýrsla stefndu, að húsið verði verðmeira og stafi sú aukning af því, að á því ári hafi stefnda fengið húsnæðismálastjórnarlán, sem hún hafi ein greitt af. Enn fremur hafi hún stofnað til skulda á þessu ári. Sama hafi gerst á næstu árum, stefnda hafi lagt fé til húsbyggingarinnar og stofnað til skulda, sbr. skattskýrslur.

Stefnandi hafi að vísu lagt til einhverja vinnu, en ekki sé hægt að segja um, hversu mikil hún hafi verið, og mikil vinna hafi verið aðkeypt. Hvergi komi fram á skattskýrslu stefnanda, að hann hafi nokkuð lagt fram til byggingarinnar. Af skattskýrslu hans megi og draga þá ályktun, að hann hafi ekki getað greitt þá reikninga, sem hann segist hafa greitt, vegna þess að tekjur hans hafi verið það litlar. Þau vottorð, sem stefnandi hafi lagt fram í málinu, séu marklaus, því að þau sýni ekki, hvaðan peningarnir komu, sem vinna og efni var greitt með. Stefnandi hafi aldrei gert neina kröfu á hendur stefndu fyrr en nú, en tví-

mælalaust sé, að samkvæmt framansögðu sé hún ein eigandi hússins.

Varakrafa stefnanda sé ekki dómtæk, því að ekkert liggi fyrir um, hversu mikið hann hafi unnið eða hvað hann hafi greitt. Hafi stefnandi einhvern tíma eignast einhverjar kröfur á hendur stefndu, séu þær löngu fyrndar, en stefnandi hafi aldrei talið fram skuldir hjá stefndu né sent henni reikninga. Væri um einhverja skuld stefnanda að ræða hjá stefndu, ætti að telja hana í krónum á þeim tíma, sem hún hafi orðið til á, en óheimilt sé að miða hana við verðmæti hússins. Þá verði að gæta þess, að hefði það verið meining aðiljanna, að þeir ættu húsið í sameign, þá hefði lóðarleigusamningur verið gerður við þá báða.

Þá var af hálfu stefndu á því byggt, að sambúð aðilja hefði rofnað 1960 og innbúi hafi þá verið skipt og ætti stefnandi því aldrei rétt fyrir tímann, áður en sambúðin rofnaði. Því var haldið fram, að sambúðin hefði alla tíð gengið illa og yrði aldrei jafnað til hjúskapar, en hefðu aðiljar gengið í hjúskap, mundi örugglega hafa verið gerður með þeim kaupmáli, eins og sambúð þeirra var háttað.

Enn fremur var því haldið fram, að af skattskýrslum stefnanda sæist ekki, hvernig hann hefði átt að framfæra fjölskyldu og leggja fram byggingarkostnað. Verði hann því talinn eiga einhvern rétt til hússins að Sæviðarsundi 86, eigi stefnda alla vega rétt á gagnkröfu vegna ráðskonukaups, enda hefði stefnandi aldrei lagt neitt fram til heimilishalds. Framlag stefnanda í sambýli þeirra sé börnin tvö, sem hún hafi orðið að vinna fyrir jafnframt því að veita stefnanda húsaskjól og fæði þann tíma, sem hann hafi dvalið á heimili hennar, en það hafi verið mjög stopult. Telur stefnda stefnanda hafa verið óreglusaman og hafi það verið orsök sambúðarvanda þeirra.

Álit dómsins.

Samkvæmt framburði stefndu, vottorði Hagstofu Íslands og skattskýrslum stefndu rofnaði sambúð aðilja í maí 1960 og stóð svo, þar til þau samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands flytja bæði að Bogahlíð 26, Reykjavík, þann 1. október 1962. Þegar þessi atriði eru virt, sbr. og 7. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili, þykir nægjanlega sannað þrátt fyrir neitun stefnanda, að sambúðin hafi rofnað á þessu tímaskeiði, en stefnandi hefur viðurkennt að hafa farið að heiman í apríl—maí 1960. Kröfur hans, sem telja má stafa frá tímabilinu fyrir 1960, þykja því fyrndar, enda hefur hann ekki sýnt fram á, að hann hafi haft uppi nokkrar

kröfur vegna vinnu sinnar við standsetningu íbúðarinnar að Fálkagötu 9 A, þá er hann fór að heiman 1960. Kröfur stefnanda, sem telja má stafa frá sambúð aðilja, eftir að aðiljar fluttu saman á nýjan leik, verða hins vegar ekki taldar fyrndar skv. hliðsjón af lokaákvæði 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Þrátt fyrir langan sambúðartíma stofnuðu aðiljar aldrei til hjúskapar, og verður ekki ráðið af framburðum þeirra, að það hafi staðið til, nema þá áður en eiginleg sambúð þeirra hófst, eða 1947 eða 1948, þegar þau stóðu að innréttingu íbúðarinnar að Fálkagötu 9 A. Dómurinn getur því ekki á það fallist með stefnanda, að III. kafli laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20 frá 20. júní 1923 eigi hér við, hvorki beint né samkvæmt lögjöfnun. Verður enda ekki í það spáð, hvernig eignaskipulag þau hefðu valið, hefðu þau gengið í hjúskap.

Aðiljar töldu fram til skatts hvor fyrir sig allan sambúðartímann, og skv. þeim skattskýrslum virðist eignum þeirra hafa verið haldið aðskildum allan tímann. Stefnandi þykir því ekki hafa sannað gegn eindregnum andmælum stefndu, að það hafi verið ætlun aðilja, að með þeim myndaðist sameign með einhverjum hætti, og er þannig aðalkröfu stefnanda hrundið.

Kemur þá til skoðunar, hvort stefnandi á ekki einhverja fjárkröfu vegna eigna þeirra, sem mynduðust á síðari sambúðartíma aðilja og stefnda er skrifuð fyrir. Kröfur stefnanda eru hér eingöngu miðaðar við íbúðarhúsið að Sæviðarsundi 86. Stefnandi hefur lýst því fyrir dómi, að hann geri ekki krröfur til annarra eigna.

Útborgun vegna sölu íbúðarinnar að Fálkagötu 9 A, sem haldið er fram af stefndu, að runnið hafi allt til byggingar íbúðarhússins að Sæviðarsundi 86, er ámóta fjárhæð og byggingarkostnaður þess á fyrsta byggingarárinu, en eigi verður talið sannað, að útborgunin hafi að einhverjum hluta runnið til annars, eða a. m. k. ekki til annars en sameiginlegra þarfa á heimili aðilja málsins. Ljóst verður að telja, að stefnandi hefur lagt fram vinnu og útvegað efni til íbúðarhússins, og er það viðurkennt af stefndu, þótt hún telji það í minna mæli en stefnandi. Þegar litið er til tekna aðilja málsins á árunum 1964 til 1970, eins og þær koma fram á skattskýrslum, sést, að þær eru mjög svipaðar samanlagt á þessu tímabili. Samkvæmt því var stefnandi á þessu tímabili jafnfær og stefnda til að leggja fram fé til byggingarinnar og heimilishalds þeirra.

Ljóst er, að á sambúðartíma aðilja varð um verulega eigna-

myndun að ræða, þar sem er íbúðarhúsið að Sæviðarsundi 86, en aðiljar málsins eru sammála um að miða verðmæti þess við kr. 25.000.000 í október 1977.

Það er enn fremur ljóst, eins og að framan er rakið, að stefnandi hefur með vinnu sinni og öðrum framlögum átt sinn þátt í eignamyndun þessari.

Af þeim sökum þykir rétt, enda þótt ekki verði talið, að sameign hafi orðið til á milli aðiljanna, eins og að framan segir, að stefnandi eigi tilkall til þess að fá greitt úr hendi stefndu fjárhæð vegna vinnu sinnar og annarra framlaga til húsbyggingarinnar að Sæviðarsundi 86.

Þegar það er virt, að framlög stefnanda til íbúðarbyggingarinnar eru gerð með áframhaldandi sambúð í huga, verður ekki á það fallist, að einungis eigi að miða við vinnuframlag stefnanda, eins og það var í krónum talið á hverjum tíma.

Ekki liggja fyrir skýrar upplýsingar um það, hversu mikið framlag hvors aðiljanna um sig var til eignamyndunarinnar, en þegar vandlega eru skoðaðar þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru, verðmæti eignarinnar svo og önnur atvik málsins, þykir hlutur stefnanda hæfilega metinn kr. 4.500.000, og er þá tekið tillit til þeirra lána, sem á íbúðarhúsinu hvíldu við sambúðarslitin.

Þegar tekið er tillit til þess, að miðað er við verðmæti eignarinnar, eins og aðiljar málsins töldu það vera í október 1977, verða vextir einungis dæmdir frá 1. febrúar 1977, og skulu þeir vera 13% ársvextir að kröfu stefnanda.

Rétt þykir, sbr. 178. gr. laga nr. 85/1936, að hvor aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Auður Stefánsdóttir, greiði stefnanda, Haraldi Guðmundssyni, kr. 4.500.000 með 13% ársvöxtum frá 1. nóvember 1977 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 189/1982. **Barðastrandarhreppur sem eigandi Vaðals**
gegn
Páli Jakobssyni, eiganda Hamars.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 30. ágúst 1982, sem barst Hæstarétti 27. september 1982. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta sem eigandi jarðarinnar Vaðals. Varnaraðili reisti dómkröfur sínar fyrir héraðsdómi að engu leyti á því, að aðrir en sóknaraðili ættu eignarhlutdeild í þeirri jörð. Er ósannað, að svo sé, þó að varnaraðili hafi vakið athygli á því við munnlegan flutning máls fyrir héraðsdómi, að formlegri eignarheimild áfrýjanda að hluta jarðarinnar kunni að vera áfátt samkvæmt þinglýsingarbókum. Að svo vöxnu máli var héraðsdómi eigi rétt að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Verður hinn kærði frávísunardómur því úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu.

Krafa sóknaraðilja um kærumálskostnað úr ríkissjóði, sem ekki er aðili máls þessa, hefur enga lagastoð. Verður kærumálskostnaður ekki dæmdur.

Það athugast, að með 44. gr. laga nr. 28/1981 um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði voru felld úr gildi ákvæði 9.—19. gr. laga nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954 og lög nr. 29/1965. Ber ágreining

um landamerki því hér eftir undir héraðsdómara einan, er því aðeins dæmir málið með meðdómendum, að heimilt sé að kveðja þá til dómstarfa, er svo sérstaklega stendur á sem greint er í lögum nr. 85/1936, 37. gr. A, sbr. lög nr. 28/1981, 9. gr. Meðdómsmenn í þessu máli voru valdir til dómstarfa eftir ákvæðum 9. gr. laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. laga nr. 29/1969. Landamerkjamálið hafði verið þingfest, meðdómsmennirnir nefndir í dóm og dómruðning farið fram, áður en lög nr. 28/1981 tóku gildi. Verður því að telja rétt, að málið var einnig eftir gildistöku laganna rekið fyrir dómi, sem skipaður hafði verið samkvæmt ákvæðum hinna eldri laga.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 23. ágúst 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. ágúst sl., hefur hreppsnefnd Barðastrandarhrepps af gefnu tilefni frá ábúanda jarðarinnar Vaðals í Barðastrandarhreppi höfðað í núverandi formi með stefnu, framlagðri í dóm þann 23. júlí 1982, á hendur Páli Jakobssyni, nnr. 7013—6171, ábúanda og eiganda Hamars í Barðastrandarsýslu.

Kröfur stefnanda eru: „að land jarðarinnar Vaðall á Barðaströnd á svokölluðum Fitjum markist af Reiðkrók, eða öðru nafni Fúlakrók, eftir honum sem hann ræður, en þaðan sem hann endar bein sjónhending í Grundarhóla og þaðan bein lína í Gvendarbrunn og þaðan bein lína til sjávar í Hvalkrók, allt í samræmi við ákvæði landamerkjabréfs frá 10. apríl 1890 og landamerkjaskurði, sem grafnir hafa verið, og landamerkjagirðingar, sem settar hafi verið upp á markalínum þessum". Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda er sótt þing í máli þessu. Hann krefst þess, að kröfum stefnanda verði hrundið. Kröfur hans í gagnsök komu fram í stefnu nr. 31, framlagðri í dóm 11. ágúst sl., og ljósriti af loftljósmynd á dskj. nr. 15, en á ljósrit þetta hefur hann mark-

að línur og merkjapunkta. Kröfu sína orðar hann svo: „að landamerki milli Hamars og Vaðals verði ákveðin þannig: Svokölluð Ytri-Fit afmarkist eftir línunni A—B og frá punkti B þverlína til sjávar, aðallega í punkt E, en til vara í punkt E^2. Ennfremur verði staðfest, að land Hamarsjarðar liggi vestan að merkjalínunni C—D, þ. e. landamerkjum Hvamms og Hamars frá svokölluðum Gvendarbrunni við þjóðveg eftir skurði og til sjávar.

Þá er einnig krafist fulls málskostnaðar í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins úr hendi hreppsnefndar f. h. Barðastrandarhrepps."

Stefnandi krefst sýknu í gagnsök og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnda.

Þann 29. apríl 1981 var landamerkjadómur Barðastrandarsýslu settur að Birkimel á Barðaströnd og haldinn þar af hinum reglulega dómara, Jóhannesi Árnasyni sýslumanni. Þar var tekið fyrir skv. ósk Sigríðar Þorgrímsdóttur, ábúanda á Vaði, ágreiningur um landamerki jarðanna Vaðals og Hamars í Barðastrandarhreppi. Þinghaldið var sótt af henni, Hákoni Jónssyni, syni hennar, og Páli Jakobssyni, Hamri.

Aðiljar gerðu kröfur sínar fyrir landamerkjadóminum, og þar voru lögð fram skjöl nr. 1—5, endurrit landamerkjaskráa fyrir jarðirnar Hamar, Vaðal og Hvamm í Barðastrandarhreppi og tvær loftljósmyndir frá Landmælingum Íslands. Málið hlaut síðan meðferð skv. 2. kafla laga nr. 4/1919. Sáttaumleitun fór fram án árangurs þann 7. september 1981, þann 15. október 1981 útnefndi dómarinn meðdómendur, og þann 30. október 1981 var dómurinn ruddur. Landamerkjadómurinn varð þannig skipaður: Jóhannes Árnason sýslumaður dómsformaður og meðdómsmenn þeir Ríkarður Másson lögfræðingur og Stefán Skarphéðinsson héraðsdómslögmaður. Málinu var síðan frestað óákveðið til gagnaöflunar.

Þann 24. júní 1982 móttekur dóms- og kirkjumálaráðuneytið bréf frá Jóhannesi Árnasyni sýslumanni, þar sem hann fer fram á það, að skipaður verði setudómari til að vera dómsformaður í landamerkjadómi í máli þessu.

Þann 12. júlí 1982 var Hrafn Bragason borgardómari skipaður til þess skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 að fara með og dæma málið. Hann tók það síðan fyrir þann 22. júlí sl. og bókaði þá, að mál þetta hefði verið rekið fyrir landamerkjadómi Barðastrandarsýslu í samræmi við lög nr. 41/1919. Samkvæmt 44. gr., 4. mgr., laga nr. 28/1981, sbr. 1. mgr. sömu greinar, sé

landamerkjadómur nú aflagður. Málið verði því eftirleiðis fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 85/1936, eins og henni var breytt með lögum nr. 28/1981. Dómarinn lagði síðan fram umboðsskrá sína til þess að fara með málið. Í þessu þinghaldi er mætt af hálfu Barðastrandarhrepps sem eiganda Vaðals og af hálfu ábúenda Vaðals. Í stefnu, framlagðri í dómi 23. júlí 1982, mætir Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður eingöngu fyrir hreppsnefnd Barðastrandarhrepps og kveðst þingfesta málið að nýju fyrir dómstólnum og nú fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sé þó hér komið sama mál og á árinu 1981 var rekið fyrir landamerkjadómi Barðastrandarsýslu varðandi landamerki jarðanna Vaðals og Hamars. Á dskj. 7 liggur fyrir yfirlýsing frá oddvita Barðastrandarhrepps, dags. 19. júlí 1981. Þar kemur fram, að hreppsnefndin er sammála um, að dómarinn leiti eftir sáttum milli nefndra jarða, þ. e. Vaðals og Hamars, sem hreppsnefndin síðar samþykki eða hafni sem eigandi Vaðals. Náist ekki sættir, skuli skipa landamerkjadóm, sem skeri úr um ágreiningsatriði málsaðilja.

Af hálfu stefnda hafa þær athugasemdir verið gerðar við málatilbúnað stefnanda, að nú komi í ljós, að hér sé annað mál á ferðum en um var fjallað fyrr. Þar hafi ábúandinn verið stefnandi, en hreppurinn ekki verið í málum, þótt hann samþykkti, að leitað væri sátta. Yfirlýsing hreppsnefndar, dskj. 7, feli ekki í sér ákvörðun hreppsnefndar um þátttöku í málinu. Nú gerist hreppsnefndin aðili, en ábúandinn dragi sig til baka. Gögn skorti algerlega fyrir því, að hrepppurinn samþykki þennan málatilbúnað og kröfur. Setudómarinn þurfi því að útvega sér nýtt skipunarbréf og lögmaður stefnanda skriflegt leyfi til málssóknar frá hreppsnefndinni.

Þann 11. ágúst sl. leggur lögmaður stefnanda fram sem dskj. 23 heimild hreppsnefndar til lögmannsins til að fara með málið. Þann sama dag leggur lögmaður stefnda fram ljósrit úr veðmálabókum Barðastrandarsýslu varðandi jörðina Neðri-Vaðal, dskj. 30. Hann hélt því síðan fram við munnlegan flutning málsins, að skjal þetta sýni, að hreppinn skorti eignarheimild fyrir 5 hundruðum úr jörðinni Vaðli. Þetta sagði hann leiða til þess, að dóminum bæri að vísa málinu frá ex officio, sbr. 46. gr. laga 85/1936.

Sátt hefur verið reynd hér fyrir dóminum, en án árangurs. Stefnandi kveðst höfða mál þetta til að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll, að skilningur ábúanda Vaðals á landamerkjum

jarðarinnar sé réttur. Við munnlegan flutning málsins sagði hann kröfur sínar nánar vera þær, að landsvæðið, sem merkt er E—B—C—D á dskj. 15, verði allt dæmt land Vaðals.

Ágreiningur aðilja varðar skilning á orðalagi merkjabréfa jarðanna Hamars og Vaðls og einnig næstu jarðar, Hvamms í Barðastrandarhreppi. Endurrit úr landamerkjabók Barðastrandarsýslu varðandi þessar jarðir liggur fyrir í málinu. Endurrit landamerkjabréfs Hamars er svohljóðandi: „Landamerkjabréf að jörðinni Hamri á Barðaströnd millum hennar og Vaðalsjarða.

Þar sem ágreiningur hefur verið talsverður milli téðra jarða og merkjaskjöl ekki alveg samhljóða, þá hafa allir viðkomendur orðið ásáttir um neðanrituð landamerki eftir leiðbeiningum ábúendanna.

1. Lína dregin úr neðri-Nóngrund í Skyrkolluklett, þaðan beina sjónhending í Ísfirðingavörðu á Þórðarkinnhöggi, þaðan í sömu línu í stein á hæsta Víðirhvammshöggi og þaðan beina línu í klettinn í jaðrinum á Kikafellinu. Allt miðað við sömu vörðu.

2. Úr Reiðkrók, eða öðru nafni Fúlakrók, eftir honum sem hann ræður. Þaðan sem hann endar í beina sjónhending í Grundarhóla, sem myndar beina línu í Gvendarbrunn og þaðan beina línu í Hvalkrók til sjávar.

3. Milli Hamars og Hvamms. Frá Gvendarbrunni á fjall upp. Ítök eru aðeins hálf selveiði í Selapolli í Hagavaðli.

Staddir á Hamri á Barðaströnd 21. september 1889.

Fyrir hönd sveitarsjóðsins í Barðastrandarhreppi.

Jakob Aþaníusson, oddviti.
Og fullmektugur Árna Bjarnasonar á
Kvigindisfelli (sami)
E. Hálfdánarson.
Jón Einarsson
Baldvin Jónsson
Runólfur Jónsson, Hvammi".

Endurrit landamerkjabréfs fyrir Vaðal:

„Landamerkjabréf á jörðunum Efri- og Neðri-Vaðall á Barðaströnd. Jarðir þessar eiga saman óskipt land.

Landamerki gagnvart Hamri: 1: lína dregin úr Neðri-Nóngrund í Skyrkolluklett, þaðan beina sjónhending í Ísfirðingavörðu á Þórðarkinnahöggi og þaðan bein lína í klettinn á jaðrinum á Kikafellinu allt miðað við sömu vörðu.

2: úr Reiðkrók eða öðru nafni Fúlakrók, eftir honum sem

hann ræður. Þaðan sem hann endar í beina sjónhending í Grundarhóla, sem myndar beina línu í Gvendarbrunn og þaðan beina línu í Hvalkrók til sjávar".

Síðan er í bréfinu tekið til við að lýsa landamerkjum Vaðals gagnvart Krossi, sem ekki koma þessu máli við. Síðan segir: „Staddur á Hamri 19. október 1889 í umboði hreppsins og Árna Bjarnasonar á Felli í Tálknafirði, Jakob Aþaníusson, oddviti, Guðmundur Jónsson vegna Hamars, Guðmundur Jónsson vegna Hvamms".

Síðan er undirskrift fyrir jörðina Krók. Bæði þessi bréf, sem hér hafa verið nefnd, voru lesin á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31. maí 1890 og innfærð í landamerkjabók Barðastrandarsýslu.

Árið eftir, þann 30. maí, er á manntalsþingi að Vaðli lesið eftirfarandi bréf fyrir jörðina Hvamm: „Landamerkjaskrá fyrir jörðina Hvamm á Barðaströnd í Barðastrandarsýslu.

Að utanverðu milli Hvamms og Hamars eru merki beina sjónhending úr Grindarbrúnni (þannig) til sjávar í Hvalkrók og er þar við sjó til merkja hlaðnar þrjár vörður. Á sama hátt eru merki úr Grindarbrúnni (þannig) beina sjónhending til fjallsframhaldandi af sjónhendingarlínunni frá sjó".

Síðan er tiltekið að lýsa mörkum milli Hvamms og Rauðsdals, sem ekki koma hér við sögu. Síðan segir:

„Til staðfestingar undirritaðs sumarið 1890 í umboði eiganda Hvamms Guðmundur Jónsson ábúandi Hvammi, E. J. Thoroddsen eigandi að Efri-Rauðsdal. Fyrir hönd Árna Bjarnasonar og sveitarsjóðsins vegna Jakobs Aþaníussonar, Guðmundur Jónsson, Hamri".

Deila aðilja varðar orðalag annars liðar í merkjabréfum Hamars og Vaðals.

Í máli þessu eru menn sammála um, hvar séu að finna örnefnin Reiðkrókur, öðru nafni Fúlikrókur, Grundarhólar, Gvendarbrunnur og Hvalkrókur. Eitt vitni, Sigríður Pálsdóttir, segir þó Hvalkróka vera tvo. Þá er ekki um það deilt, hver séu mörk jarðarinnar Hvamms gagnvart deilusvæðinu, heldur hvor jörðin, Hamar eða Vaðall, eigi land gegnt Hvammi.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að það hafi vilt um fyrir eiganda Hamars, að í landamerkjabréfi Vaðalsjarða frá 10. apríl 1890 sé ekki nefnt, að um sé að ræða landamerkjalínu milli Hvamms og Vaðals. Við nánari athugun komi í ljós, að Guðmundur Jónsson riti undir bréfið vegna Hvammsjarðar.

Af því leiði, að um sé að ræða landamerkjalínu milli Vaðals annars vegar og Hvamms hins vegar skv. ákvæðum landamerkjabréfsins. Þá sé á það að líta, að í landamerkjabréfi Hamars, sem sé undirritað 25. september 1889, eða árinu áður en Vaðalsbréfið, sé sérstaklega tekið fram, að allir viðkomendur hafi orðið ásáttir um þar greind landamerki eftir leiðbeiningum ábúendanna og eftir að verið hafi uppi talsverður ágreiningur milli Hamars og Vaðalsjarða vegna merkjaskjala, sem ekki voru alveg samhljóða. Þarna sé skýrt tekið fram í þessu bréfi, að milli Hamars og Hvamms séu landamerki frá Gvendarbrunni á fjall upp, aðeins þar, en ekki annars staðar. Þetta sé greinilegt tákn þess, að Hamar og Hvammur eigi ekki sameiginleg landamerki frá Gvendarbrunni til Hvalkróks í sjó fram.

Ónákvæmni og mótsagna við fyrrnefnt landamerkjabréf gæti hins vegar í landamerkjaskrá svonefndri fyrir jörðina Hvamm, sem tilgreind sé, að hafi verið lesin á manntalsþingi 30. maí 1891. Þar hafi láðst að geta Vaðals sem landamerkjajarðar við Hvamm. Því er haldið fram, að hroðvirkni gæti víðar í því bréfi, svo sem að Gvendarbrunnur sé þar tvisvar nefndur Grindarbrú.

Landamerkjabréfin fyrir Hamar og Vaðal séu bæði lesin á manntalsþingi 31. maí 1890, en þetta bréf ári síðar og verði að telja, að fyrrnefndu bréfin, sem séu samhljóða og til lausnar á undangenginni deilu, skýri rétt frá aðstæðum. Að svo miklu leyti sem Hvammsbréfið greini á við fyrri bréfin sé það í engu hafandi. Þá er tekið fram, að ábúendur Vaðalsjarða hafi haft ræktun á landi því, sem eigandi Hamars telur frá honum tekið, og girt það af á árinu 1967 eða 1968. Áður hafi ábúandi Vaðals lokið við að girða mörk Vaðals og Hamars úr Reiðkróki (Fúlakróki) í Grundarhóla. Þarna hafi árið 1956 verið grafinn skurður.

Deila geti ekki verið um mörk Hvamms frá Gvendarbrunni í Hvalkrók, því bóndinn og eigandinn þar hafi á árinu 1957 látið grafa landamerkjaskurð og gert Jóni Elíassyni, þáverandi bónda á Vaðli, að taka þátt í kostnaði við þann skurðgröft á móti sér sem landamerkjaskurð. Þetta hafi staðið óhaggað síðan í tuttugu og fimm ár og sé því komið í fastar skorður. Málið hér geti því eingöngu snert jarðirnar Hamar og Vaðal. Skurðsetning þessi á landamerkjum Vaðals og Hvamms hafi skapað hefð fyrir því, hvað sem öllu öðru líði, að Vaðall eigi landið vestan þessarar línu. Þá sé á það að líta, að ræktun landsins, án þess að gild mótmæli séu fram borin af hálfu Hamars, hafi helgað jörðinni Vaðli Fitjarnar allar til fyllstu eignar- og umráða. Eigendur

Vaðals mótmæli þannig í einu og öllu kröfum eiganda Hamars í landamerkjadómi þann 29. apríl 1981 til eignarhalds á landspildunni, sem afmarkast af beinni línu frá Gvendarbrunni eftir landamerkjaskurði til sjávar og hins vegar með línu úr Gvendarbrunni að svo kölluðum Grundarhólum og þaðan til sjávar. Þá er því mótmælt, að hugsanleg beitarnot Hamars af landspildunni ásamt Vaðli, áður en landið var varið og girt, geti á nokkurn hátt skapað Hamri eignarhald eða afnotarétt af landspildunni, eins og málum sé háttað.

Af hálfu eiganda Hamars er því haldið fram, að enginn ágreiningur sé um línuna A—B á dskj. nr. 15 (þ. e. úr Reiðkróki í Grundarhóla), heldur hvernig staðfæra skuli þverlínuna B—E til sjávar. Línan B—C sé hins vegar í rauninni ekki markalína, skeri ekkert land, heldur sé hún einungis stefnumið niður að sjónum, sem ráði staðsetningu merkjapunktsins E (eða E^2).

Þá er því haldið fram, að markalínan C—D sé óumdeild. Staðfesti merkjabréfin, að það sé Hamarsland, en ekki Vaðals, sem liggi vestan að þeirri línu, ekki sé getið um landamerkjalínu milli Hvamms og Vaðals. Í landamerkjabréfi Hvamms komi það sama fram, það sé Hamarsland, en ekki Vaðals, sem liggi að mörkum milli Hvamms og Hamars, þetta atriði skipti hér sköpum.

Þá er vitnað til framburðar eiganda Hamars, dskj. 11, og skýrslu Sigríðar Pálsdóttur á dskj. nr. 18 um, að girt hafi verið á sínum tíma úr Grundarhólum og beint til sjávar.

Þá er vitnað til skýrslu, dskj. nr. 16, frá Th. Gunnlaugssyni, dags. 1837, skýrsla sú er þinglesin. Því er haldið fram, að í yfirlýsingu þessari sé staðfest berum orðum, að merki Hamarslands hafi skv. „elstu kunnugra og greindra manna vitnisburðum" verið „í Grundarhóla, úr endanum á þeim beint til sjávar". Þetta sýni stefnu þessarar þverlínu, að hún hafi verið annað hvort eftir sjónhendingu frá Gvendarbrunni (C—B), punktur E, eða hornrétt á línuna A—B, punkturinn E^2. Lesa verði og skýra merkjabréfin á dskj. nr. 1 og 2 með þeirri viðbót eða fyllingu, sem lýsing Th. Gunnlaugssonar hafi að geyma, enda komi það heim og saman. Skjalið sé þinglesið og engar athugasemdir hafi komið fram við það, því teljist það enn í fullu gildi um leið og þinglýsingar merkjabréfanna á dskj. 1 og 2 séu gallaðar að ýmsu leyti. Th. Gunnlaugsson muni vera Þorkell Gunnlaugsson, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, sem, þegar þessi yfirlýsing var gefin, hafi búið á Reykjafirði við Djúp, dáinn um miðja síðustu

öld. Hann hafi verið allmerkur maður, „af náttúru vel gefinn . . . bar gott skyn á margt", hneigður til „bændastarfa", segir Bogi Benediktsson. Gunnlaugsen sýslumaður hafi einmitt búið að Hamri allnokkuð árabil, áður en hann fluttist í Djúpið. Honum verði því hvorki brugðið um ókunnleika né heldur ósannsögli eða hlutdrægni, þar sem hann hafi ekki sjálfur átt jörðina, auk þess sem skjalið sé mjög greinargott á allan hátt.

Þá er því haldið fram, að Ytri-Fitin (þ. e. A—B—E) hafi upphaflega verið hluti af Hamarsjörð, svo sem landfræðilegar aðstæður bendi til. Slíkan fráskilnað lands undan jörð verði að skýra þröngt. Það sé alger fjarstæða að ætla að útvíkka hann allt að Hvammsmörkum og upp að Gvendarbrunni. Landamerkjalínur mundu þá verða ankannalegar og ólöglega hlykkjóttar, sbr. ákvæði landamerkja- og landskiptalaga, 10. gr. Eftir fráskilnað Fitjarinnar virðist hún hafa verið eins konar samnotaland beggja jarðanna, sbr. Gunnlaugsen, sérstaklega hvað reka og sjávargagn snerti. Þá er af hálfu eiganda Hamars skýringum stefnanda á landamerkjabréfunum mótmælt svo og málsástæðu þeirri, að um hefðvinningu á deilusvæðinu sé að ræða. Hefðartími sé ekki upp runninn, afnot hefðvinnanda hvorki gagnger né útilokandi og huglæg skilyrði séu heldur ekki fyrir hendi. Hreppurinn sem slíkur geti heldur ekki unnið hefð í þessu tilviki. Hann hafi ekki haft deilusvæðið í neins konar eignarhaldi eða vörslum, sem leitt geti til hefðvinningar, jafnvel þótt önnur skilyrði væru fyrir hendi. Þá er á það bent, að það hafi verið hreppurinn, sem seldi eiganda Hamars jörðina. Þegar af þeirri ástæðu geti hann ekki unnið hefð á þeirri eign.

Fyrir dóm hafa komið Sigríður Þorgrímsdóttir og Hákon Jónsson, ábúendur á Vaðli. Sagðist Sigríður hafa búið að Vaðli síðan 1944, er hún og eiginmaður hennar, Jón Elíasson, sem nú er látinn, tóku við búinu þar. Jörðin Vaðall hafi verið tvíbýli til 1938. Efri-Vaðall hafi verið tíu hundruð að fasteignamati og Neðri-Vaðall tuttugu hundruð, þar af hafi tíu hundruð verið skipt í ábúð milli Hamars og Kross. Þegar þau hjónin hafi tekið við ábúð á jörðinni 1944, hafi einnig fallið undir ábúðina þau fimm hundruð, sem Hamar hafði haft, og einnig skömmu síðar þau fimm hundruð, sem Kross hafði haft. Síðan hafi jörðin Vaðall skoðast vera þrjátíu hundruð að fasteignamati. Hún taldi ágreining í málinu vera í því fólginn að ákveða landamerki Hamars og Vaðals að landamerkjum Hvamms með hliðsjón af því, sem segi í landamerkjabréfum Hamars og Vaðals um örnefnið Hval-

krók, þ. e. við hvaða stað eða krók til sjávar örnefni þetta geti átt. Óumdeilt sé, að landamerkjalína þessi sé lína frá svonefndum Gvendarbrunni, sem talinn sé vera uppi við núverandi þjóðveg, og eftir landamerkjaskurði í krók í sjávarbökkunum beint niður af skurðinum. Hákon Jónsson er sonur Sigríðar Þorgrímsdóttur.

Þá hefur komið fyrir dóm Páll Jakobsson, bóndi að Hamri og eigandi jarðarinnar. Hann kvaðst hafa eignast Hamar með afsali, dags. 18. des. 1956, og hafa búið þar síðan. Hann er fæddur og uppalinn að Hamri. Þá hefur verið lögð fram skýrsla Sigríðar Pálsdóttur sem dskj. nr.18, en faðir Sigríðar bjó á Hamri. Sigríður Pálsdóttir tekur undir málsstað eiganda Hamars í málinu. Hún hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi. Þá hafa komið fyrir dóm sem vitni Karl Sveinsson, fyrrum ábúandi í Hvammi og oddviti Barðastrandarhrepps, Bjarni Þórarinn Ólafsson, Neðri-Rauðsdal, fyrrum ábúandi á Efri-Vaðli, og Kristján Þórðarson, Breiðalæk, fyrrum oddviti Barðastrandarhrepps.

Dómarar hafa gengið á merki og kannað staðháttu ásamt lögmönnum, aðiljum, vitninu Sigríði Pálsdóttur og ábúendum á Vaðli.

Álit dómsins.

Líta verður svo á, að mál þetta hafi réttilega verið höfðað í samræmi við 2. kafla laga nr. 4/1919 með kröfugerð aðilja í landamerkjadómi Barðastrandarsýslu 29. apríl 1981. Það mál, sem þá var höfðað, hefur ekki verið formlega fellt niður, þannig að líta verður svo á, að stefnur aðilja hér fyrir dómi leggi endanlegan grundvöll að málatilbúnaði þeirra, en séu ekki upphaf nýs máls.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi, Barðastrandarhreppur, hafi eignarheimild að allri jörðinni Vaðli. Því til styrktar hefur verið lagt fram ljósrit úr veðmálabók Barðastrandarsýslu varðandi Neðri-Vaðal, sem sýnir eignarheimildir hreppsins að 15 hundruðum af fasteignamati jarðarinnar, sbr. einnig dskj. 12 og 13. Óumdeilt er, að jörðin var að fasteignamati 20 hundruð. Það eru ekki brigður bornar á, að hreppurinn eigi Efri-Vaðal, sem metinn var að fasteignamati 10 hundruð. Samkvæmt gögnum málsins skortir hreppinn þannig 5 hundruð af fasteignamati jarðarinnar til þess að hafa a. m. k. formlega eignarheimild að allri jörðinni.

Samkvæmt dskj. 21 selur hreppurinn jörðina Hamar til núverandi ábúanda þar 18. desember 1956, en ekkert er í afsalinu

getið um stærð jarðarinnar þá. Þáverandi sýslumaður Barðastrandarsýslu hefur ritað á afsalið, að jörðin sé að fasteignamati 20 hundruð. Barðastrandarhreppur sé ekki þinglesinn eigandi nema að 10 hundruðum fasteignamats hennar.

Í landamerkjaskrám jarðanna er ekki nákvæmlega tíundað, hver eða hverjir eigi hvaða jörð, þegar skrárnar eru gerðar, né heldur hverjir riti undir skrárnar fyrir hverja jörð. Óupplýst er, hvernig þessu var háttað og hvernig eignarhald á jörðunum hefur breyst síðan.

Þessi atriði, sem hér hafa verið rakin, geta haft áhrif á niðurstöðu máls þessa, bæði aðalsök og gagnsök. Þykir því ekki hjá því komist að vísa máli þessu í heild sinni sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, bæði aðalsök og gagnsök.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan sem settur dómari ásamt meðdómendunum Ríkarði Mássyni og Stefáni Skarphéðinssyni lögfræðingum.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi í heild sinni.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu, bæði í aðalsök og gagnsök.

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 198/1982. **Hannes Halldórsson**
gegn
Húsasmiðjunni h/f.

Kærumál. Frávísunardómur að hluta úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru, dags. 16. september 1982, er

barst Hæstarétti 6. október 1982. Hann krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur varnaraðilja voru þær fyrir héraðsdómi við munnlegan flutning máls, að sóknaraðili yrði dæmdur til að greiða honum 13.276.16 krónur (nýkr.) með vöxtum, svo sem greinir í hinum kærða dómi, en ekki 1.327.616 krónur, eins og þar hefur misritast.

Að því leyti sem sóknaraðili hefur uppi gagnkröfu í máli þessu, eigi aðeins til skuldajafnaðar við kröfur varnaraðilja, heldur og til sjálfstæðs dóms um afganginn, eru ekki skilyrði til, að um hana verði dæmt í málinu, þar sem sóknaraðili hefur ekki gagnstefnt varnaraðilja, svo sem áskilið er í 49. gr. laga nr. 85/1936. Hefur héraðsdómur því réttilega vísað gagnkröfunni frá að því leyti.

Í greinargerð umboðsmanns sóknaraðilja til Hæstaréttar er gerð svofelld grein fyrir kröfum hans í kærumálinu:

„Hinn kærði frávísunardómur er byggður á synjun umbj. míns að láta fara fram vettvangsgöngu í málinu.

Umbj. minn hefur uppi gagnkröfur í bæjarþingsmálinu til skuldajafnaðar á móti kröfum stefnanda, Húsasmiðjunnar h.f.

Gagnkröfurnar eru að mestu leyti byggðar á mati dómkvaddra manna, sem ekki hafa komið fyrir dóm, enda matsgerðinni ekki mótmælt sem óstaðfestri.

Þegar á það er litið, að matsmenn hafa skilað matsgerð í málinu, tel ég, að vettvangsganga dómsins sé óþörf og aðeins til þess fallin að skapa umbj. mínum stóraukinn kostnað, sem er í engu samræmi við þá hagsmuni, sem í gagnkröfunum felast".

Úrskurð héraðsdóms 13. maí 1982 um, að sóknaraðilja væri veittur kostur á að stofna til vettvangsgöngu dómenda, verður að skilja svo, að til þess hafi verið ætlast, að sóknaraðili greiddi allan kostnað vegna hennar, að minnsta kosti

að sinni. Eins og sakarefni var háttað, brast lagaheimild til að ákveða vettvangsgöngu dómenda, sem bundin væri þessu skilyrði.

Yfirlýsingar sóknaraðilja fyrir héraðsdómi og í greinargerð hans til Hæstaréttar í kærumálinu verður að skilja svo, að hann krefjist þess, að héraðsdómur dæmi um gagnkröfu hans að efni til eftir þeim sönnunargögnum, sem hann hefur þegar lagt fyrir héraðsdóm, og kjósi hann ekki að afla frekari gagna henni til stuðnings.

Er þá rétt, að héraðsdómur dæmi um hana í því horfi, sem hún er nú fyrir dóminum. Verður dómurinn þá að virða það eftir almennum reglum um sönnunarbyrði, hvort sóknaraðili hafi fært þær sönnur á réttmæti gagnkröfu sinnar, að hún verði tekin til greina til skuldajafnaðar við kröfu varnaraðilja gegn andmælum hans.

Samkvæmt framansögðu þykir rétt að fella úr gildi hinn kærða frávísunardóm um gagnkröfu sóknaraðilja að því leyti sem hún er höfð uppi til skuldajafnaðar við kröfu varnaraðilja og leggja fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til einnig að þessu leyti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur að því leyti sem gagnkrafa sóknaraðilja, Hannesar Halldórssonar, er höfð uppi til skuldajafnaðar við kröfu varnaraðilja, Húsasmiðjunnar h/f.

Að öðru leyti á frávísunardómurinn að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. september 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Húsasmiðjan h/f, Súðarvogi 3—5 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 16. júní 1980, á hendur Hannesi Halldórssyni, Hjallavegi 14, Suðureyri, Súgandafirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.327.616 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá 1. janúar 1979 til 1. júní s. á., 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 1. september s. á., 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Að til skuldajafnaðar kröfum stefnanda og til sjálfstæðs dóms um afganginn komi:

1.	Nýjar einingar, gler, flutningur og vinna skv. sundurliðun á dskj. nr. 7	kr. 3.147.01
2.	Bætur samkvæmt matsgerð, dskj. nr. 16	— 21.100.00
3.	Matskostnaður	— 5.000.00
4.	Dómkvaðning matsmanna	— 200.00
		Alls kr. 29.447.01

Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Krafa stefnanda er byggð á því, að stefndi hafi keypt hjá honum húseiningar og ýmislegt annað þeim tengt samkvæmt reikningi frá 31. ágúst 1978, að fjárhæð kr. 207.227, reikningi frá 30. september s. á., að fjárhæð kr. 2.134.446, og reikningi frá 31. október s. á., að fjárhæð kr. 6.727.943, en upp í fjárhæðir þessar hafi stefndi greitt eftirtaldar fjárhæðir: hinn 17. júlí 1978 kr. 242.000 og kr. 700.000, hinn 1. ágúst s. á kr. 1.100.000 með víxli með gjalddaga 5. október 1978 og víxli að fjárhæð kr. 1.100.000, með gjalddaga 5. desember s. á., og hinn 5. desember s. á kr. 4.600.000. Hafi stefndi ekki fengist til að greiða mismun fjárhæða þessara.

Af hálfu stefnda eru framangreindar fjárhæðir viðurkenndar, en því haldið fram, að bæði hafi hann orðið fyrir beinu tjóni vegna hirðuleysis og lélegra vinnubragða starfsmanna stefnanda, sem unnu við að reisa hús úr einingum þeim og efni, sem stefndi keypti hjá stefnanda, er hluti eininganna féll og skemmdist, áður en starfsmenn stefnanda höfðu lokið vinnu sinni. Hafi hann þá orðið að kaupa 12 nýjar einingar á samtals kr. 144.029, nýtt gler fyrir kr. 21.600 og greiða flutningskostnað að fjárhæð kr. 50.000 svo og vinnu þriggja manna í tvo daga, þ. e

48 tíma á kr. 2.064, eða kr. 99.072. Hafi tjón stefnda af þessu numið samtals kr. 314.701.

Þá er því haldið fram, að miklir gallar hafi komið fram á húsinu, sem rekja megi til lélegra vinnubragða starfsmanna stefnanda eða rangrar hönnunar á umræddu húsi, sem starfsmenn stefnanda hafi hannað. Stefnandi hafi tekið að sér að koma húsinu í fokhelt ástand. Í viðskiptum aðilja blandist saman lausafjárkaup og verksamningur. Beri stefnandi ábyrgð á verkum starfsmanna sinna og skaðabótaskyldu samkvæmt reglum íslensks réttar, m. a. reglunni um húsbóndaábyrgð vinnuveitanda á verkum starfsmanna sinna. Hafi dómkvaddir matsmenn metið kostnað við úrbætur á þeim atriðum, sem áfátt er.

Hinn 14. maí 1981 dómkvaddi sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu þá Kristján Jónasson húsasmíðameistara og Hallgrím Axelsson verkfræðing til að meta til fjár kostnað við að bæta úr göllum á rennuböndum, göflum, millilofti, súð og gluggum umrædds húss.

Matsgerð matsmannanna, dags. 19. október 1981, er svohljóðandi:

„Skv. dómkvaðningu, dags. 14. maí 1981, hafa undirritaðir unnið þessa matsgjörð varðandi fasteignina Sætún 11, Suðureyri.

Við vettvangskönnun var ekki viðstaddur fulltrúi frá Húsasmiðjunni h.f.

Með tilvísan til matsbeiðni:

1. Rennubönd.

Klæðning og rennubönd eru sett of ofarlega miðað við sperruenda, svo ekki er unnt að koma rennum fyrir.

Kostnaður á viðgerð er metinn á kr. 3.400,00.

2. Stafnar.

Stafnar hússins eru úr tré ofan á steyptum einingum. Þétting milli steypu og trévirkis er ófullnægjandi. Vatnsklæðning á stafni hefur innþornað svo mikið, að sum borðin eru komin úr nótinni, og þar með er klæðningin óþétt.

Kostnaður á viðgerð er metinn á kr. 5.700,00.

3. Milliloft.

Milliloft er úr spónaplötum, sem eru negldar í ása. Naglar hafa losnað upp, og er festing ófullnægjandi.

Kostnaður á viðgerð er metinn á kr. 3.400,00.

4. Þakskegg.

Þar sem þak mætir steyptum einingum, er þétt milli sperra með spónaplötum. Þéttingin er ófullnægjandi og hroðvirknislega unnin.

Kostnaður á viðgerð er metinn á kr. 6.500,00.

5. Óþéttir gluggar.

Leki hefur komið fram á þremur gluggum.

Kostnaður á viðgerð er metinn á kr. 2.100,00.

Samtals er metinn viðgerðarkostnaður kr. 21.100,00.“

Af hálfu stefnanda er skuldajafnaðarkröfu stefnda mótmælt. Er því haldið fram, að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um samskipti aðiljanna. Fyrirsvarsmaður stefnanda hafi boðið stefnda að útvega honum tryggingu, sem tæki til flutnings á húseiningunum og uppsetningu þeirra, en því hafi stefndi hafnað. Það hafi verið um talað, að starfsmenn stefnanda kæmu húsinu í það ástand, að stefndi gæti fengið lán út á það. Tjón það, sem varð, er hluti eininganna féll, hafi stafað af ofviðri og sé það ekki á ábyrgð stefnanda. Er því haldið fram, að verkþættir þeir, sem metnir voru, hafi ekki fallið undir það, sem starfsmenn stefnanda áttu að vinna, heldur hafi stefndi ætlað að sjá um, að þeim yrði lokið. Er því einnig haldið fram, að timbur, sem notað var við smíði hússins, hafi legið úti óvarið í rigningartíð. Hafi það því verið blautt, er átti að nota það, en ekki hafi verið unnt að fresta framkvæmdum, er starfsmenn stefnanda voru komnir á staðinn. Einnig er því haldið fram af hálfu stefnda, að kvörtun stefnanda út af meintum göllum á smíðinni hafi borist of seint skv. ákvæðum 52., 53. og 54. gr. laga um lausafjárkaup.

Að loknum munnlegum málflutningi 13. maí sl. var kveðinn upp úrskurður, þar sem stefnda var gefinn kostur á að stofna til vettvangsgöngu í samráði við dóminn og gagnaðilja, enda teldi dómurinn ekki unnt að leggja dóm á skuldajafnaðarkröfu stefnda án þess að skoða húsið.

Er málið var tekið fyrir að nýju í dag, lýsti lögmaður stefnda því yfir, að stefndi gæti ekki fallist á að stofna til vettvangsgöngu, aðallega vegna þess, að hann teldi ekki þörf á því, en einnig vegna þess, að kostnaður við það yrði svo mikill, að hann hefði ekki efni á því.

Dómurinn telur því ekki verða komist hjá því að vísa sjálfkrafa frá dómi fjárkröfu þeirri, sem stefndi hefur haft uppi til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíður efnisdóms.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Kristni Sigurjónssyni húsasmíðameistara og Ragnari Ingimarssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Fjárkröfu stefnda, Hannesar Halldórssonar, til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms að fjárhæð kr. 29.447.01 er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 181/1980. **Ástþór Guðnason**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Drangi h/f
(Páll S. Pálsson hrl.).

Vinnuslys. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandinn, Ástþór Guðnason, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. sama mánaðar. Hann gerir þær kröfur, að hinum áfrýjaða sýknudómi verði hrundið og stefnda, Drangi h/f, gert að greiða sér samtals 145.802.00 krónur að frádregnum áðurgreiddum 24.203.00 krónum, eða 121.599.00 krónur með

19% ársvöxtum af 38.567.00 krónum frá 1. september 1976 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 25. apríl 1980 og dómvöxtum frá þeim degi til 13. október 1982, en dómvexti af kr. 121.599.00 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi 13% ársvaxta frá 13. október 1982 til greiðsludags. Þá krefst hann og sjóveðréttar í m/b Símoni, GK 350 (áður Brimi, SU 69), fyrir dæmdum fjárhæðum. Að lokum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur tilkynnt Tryggingu h/f um áfrýjun málsins sem réttargæslustefndum fyrir Hæstarétti, en á hendur honum eru engar kröfur gerðar og eigi af hans hendi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Guðjóns Hansen tryggingafræðings, dags. 13. október 1982, á örorkutjóni áfrýjanda.

Áfrýjendur hafa hækkað kröfur sínar frá því, er greinir í héraðsdómi, án þess að skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 sé fullnægt.

Í héraðsdómi eru rakin atvik að slysi því, er mál þetta varðar. Er þar lýst akkerisfesti Brimis, SU 69, en búnað hennar telja sérfróðir meðdómsmenn ekki hættulegan í sjálfu sér, þó svo að tenging togvírs og akkeriskeðjunnar hafi eigi verið hættulaus. Áfrýjandi var bæði skipstjóri á framangreindu skipi og í stjórn hins stefnda hlutafélags, er átti skipið. Bar hann ábyrgð á búnaði þess og störfum um borð. Stýrimanninum, sem var við vindu skipsins, bar að sýna sérstaka aðgæslu við verk sitt. Jafnframt bar áfrýjanda að gefa stýrimanninum skýr fyrirmæli, sem öruggt væri, að hann heyrði. Misbrestur varð í þessu efni hjá báðum mönnunum, og verður slysið m. a. rakið til þess. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir sakarskipting hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara.

Þegar slysið, sem mál þetta snýst um, varð, hafði áfrýjandi sjálfur tekið að sér að rétta af lásinn og þar með tekið í sínar hendur beina framkvæmd á verkinu.

Í hinum áfrýjaða dómi er talið, að ekki sé ljóst, hvernig fyrirmælum skipstjórans hafi í raun verið háttað og hvort hann hafi gefið rétt fyrirmæli og þau komist óbrengluð til stýrimanns. Á þessa ályktun héraðsdómsins ber að fallast.

Þá liggur ekki fyrir, að stýrimaður hafi viðhaft aðra aðferð við starf sitt en venja var.

Þykir því ekki næg ástæða til að leggja sök á slysinu á stýrimann.

Með þessum rökum er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómsins.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 11. júní 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 22. maí sl., hefur Ástþór Guðnason skipstjóri, Búðavegi 28, Fáskrúðsfirði, áður til heimilis að Reykjabraut 24, Þorlákshöfn, höfðað með stefnu, framlagðri í dómi 25. apríl 1980, gegn Drangi h/f, Þorlákshöfn, Árnessýslu, og Tryggingu h/f, Laugavegi 178, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda voru upphaflega þær, að stefndi, Drangur h/f, yrði dæmdur til að greiða honum kr. 6.277.030 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og nánar var tiltekið í stefnu. Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndi, Drangur h/f, yrði dæmdur til að greiða honum kr. 3.856.768 með 13% ársvöxtum frá 1. september 1976 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.017.839 í málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi. Þá krafðist stefnandi þess, að staðfestur yrði sjóveðréttur fyrir dæmdum kröfum í bátnum Símoni, GK 350, en sá bátur hét áður Brimir, SU 69.

Stefnandi gerði engar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Dómkröfur stefnda, Drangs h/f, eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfufjárhæð verði stórlega lækkuð. Enn fremur, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

MÁLSEFNI.

Stefnandi, sem var skipstjóri á m/b Brimi, SU 69, varð fyrir því slysi um borð 2. september 1976, að vinstri öln hans brotnaði uppi undir olnboga. Hann er talinn hafa hlotið af því slysi 15% varanlega örorku. Stefnandi gerir kröfu til þess að fá bætt fjártjón sitt og miska, sem hann telur hafa leitt af slysinu, og verður síðar í dóminum gerð grein fyrir útreikningum hans á bótakröfunum.

Stefnandi höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefndu út af sama sakarefni með stefnu, birtri 17. nóvember 1979, en það mál var fellt niður að ósk stefnanda 18. apríl sl.

Í máli þessu hafa sættir verið reyndar, en án árangurs.

Sjópróf vegna þessa slyss var haldið í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur, og hófst það 23. nóvember 1978 og var haldið áfram dagana 13. og 15. desember s. á.

Þar gáfu skýrslu auk stefnanda Sigurjón Rósmundsson stýrimaður og Kjartan Stefánsson háseti. Enn fremur gaf stefnandi skýrslu í sjó- og verslunardóminum í máli þessu 8. maí sl.

MÁLAVEXTIR.

Hið stefnda hlutafélag, Drangur h/f, er skráð í hlutafélagaskrá Árnessýslu 7. janúar 1971, og er heimilisfang þess í Þorlákshöfn. Þá skipa stjórn hlutafélagsins Páll E. Jónsson, formaður, Jakob Jónatansson, varaformaður, og stefnandi, Ástþór Guðnason, ritari.

Stefnandi kveður hlutafélagið varla hafa verið til nema á pappírnum. Það muni þó hafa verið skráður eigandi bátsins Brimis,

SU 69, og eignast hann um áramótin 1974—1975. Félagið hafi selt bátinn, en báturinn heitir nú Símon, GK 350, samkv. skráningarvottorði Siglingamálastofnunar ríkisins, dags. 22. maí 1980.

Stefnandi kvaðst frá upphafi hafa verið skipstjóri á bátnum Brimi og áður skipstjóri í áratugi. Þegar slysið varð, var báturinn á netaveiðum og lá við akkeri upp af Tvískerjum, en net bátsins munu hafa verið í sjó skammt undan. Áhöfn bátsins mun hafa verið 11 manns. Til stóð að létta akkerum. Akkerisbúnaður var þannig, að úr akkerinu sjálfu var 12—15 faðma löng keðja. Við hana var festur togvír til þess að lengja akkerisfestina, og í því skyni var notaður svokallaður vírlás, en hann er eins og U í laginu, og gengur bolti í gegn um enda lássins, og hefur hann haus á endanum, og er hann utan á armi lássins, þegar hann hefur verið skrúfaður í.

Stefnandi kvaðst gera ráð fyrir því, að stýrimaður hefði gengið frá þessum umbúnaði samkvæmt sínum fyrirmælum, og taldi víst, að það hefði verið gert, eftir að báturinn kom í eigu hlutafélagsins. Hann kvað hafa verið hægt að festa akkeriskeðjuna og togvírinn saman með svökölluðum keðjulás, en boltahaus gangi ekki út fyrir lás af þeirri gerð. Þessa lása væri oft vont að fá, einkum fyrir þá, sem ekki séu búsettir í Reykjavík.

Í umrætt skipti var verið að draga inn stjórnborðsakkerið. Þannig háttar til, að í gegnum hvalbak bátsins stjórnborðsmegin er gat (kluss), sem akkerisfestin rennur í gegn um. Aftarlega stjórnborðsmegin við miðju hvalbaksins er útbúnaður, sem akkerisfestin liggur í gegnum og áfram í gegnum blökk að togvindu, sem er bakborðsmegin á þilfari bátsins ca 1½—2 metra aftan við hvalbakinn, og er hún m. a. notuð til að draga akkerið inn. Framangreindur útbúnaður á hvalbak bátsins er nokkurs konar „stativ", og á botni þess er spor, sem akkeriskeðjan fellur í, og þar er hægt að læsa hana fasta með sérstökum útbúnaði. Til þess að hægt væri að draga akkerisfestina inn að fullu, þurfti vírlásinn, sem togvírinn og akkeriskeðjan voru fest saman með, að koma lóðréttur inn í sporið, en að öðrum kosti stöðvaðist festin á boltahausnum, sem gengur út fyrir lásinn, og því ekki hægt að draga akkeriskeðjuna inn. Þegar lásinn kom inn láréttur, var gripið til þess ráðs að snúa honum 1/4 úr hring, venjulega með brýnslujárni. Í þessu skyni varð að hætta að draga akkerisfestina, þegar lásinn var rétt fyrir framan sporið, stinga brýnslujárninu í keðjuhlekk og snúa honum, draga síðan akkerisfestina varlega, þar til lásinn var kominn inn í sporið, taka þá járn-

ið úr hlekknum, og eftir það var hægt að draga akkeriskeðjuna hindrunarlaust inn að fullu. Skipstjórinn taldi, að jafnoft sem ekki hefði þurft að stýra lásnum og það hefði venjulega gert hásetinn Björgvin Þorbjörnsson.

Þegar umrætt slys varð, hafði hásetinn Kjartan Steingrímsson farið fram á hvalbak til þess að aðstoða við að draga inn akkerisfestina. Stýrimaðurinn, Sigurjón Rósmundsson, var við togvinduna. Til þess að snúa lásnum hafði Kjartan rörbút, sem sleginn var saman í annan endann, og þeim enda stakk hann inn í lásinn. Ekki hafði tekist hjá þeim Kjartani og Sigurjóni að draga akkerisfestina inn. Stefnandi fór þá fram á hvalbak, en sagðist ekki hafa farið eingöngu vegna þess, að erfiðlega hefði gengið, heldur hefði hann verið vanur að fara fram á, þegar búið var að létta, til þess að ganga úr skugga um, að akkerið væri almennilega uppi og vel gengið frá því. Skipstjórinn kvað hásetann hafa verið að stinga járninu inn í keðjuna, þegar hann kom fram á hvalbak, og hafi hann staðið bakborðsmegin við keðjuna. Skipstjórinn kvaðst sjálfur hafa tekið járnið og stungið því inn í keðjuna, en þá hafi ekkert verið dregið og lásinn verið rétt framan við sporið í „statívinu". Skipstjórinn kvaðst hafa staðið stjórnborðsmegin við keðjuna og því snúið vinstri hlið að stýrimanninum við togvinduna. Stýrimaðurinn hefði staðið framan við togvinduna með bakið að borðstokknum. Skipstjórinn kvað stýrimanninn ekki hafa séð til þeirra, þar sem þeir hafi verið að vinna, heldur hafi hann séð „ofan á okkur". Dómendur skoðuðu aðstæður um borð í bátnum, og kom þá í ljós, að frá togvindunni sést upp á hvalbakinn, þar sem „statívið" er, en lásinn ber að „statívinu" að framan, og því getur sá, sem við togvinduna er, ekki séð handbrögðin við það að snúa lásnum. Skipstjórinn kvað stýrimanninn hafa átt að heyra vel í þeim, þar sem veðrið hafi verið mjög gott.

Skipstjórinn lýsti aðdraganda slyssins þannig, að eftir að hann hefði verið búinn að koma rörbútnum inn í keðjuhlekkinn, hefði hann beðið stýrimanninn að hífa rólega og síðan kallað í hann að stoppa til þess að kippa rörbútnum úr hlekknum og segja mætti, að þetta hefði hvort tveggja gerst á sekúndubroti. Stýrimaðurinn hefði þá hift á fullu og ekki stoppað. Hásetinn hefði líka kallað á stýrimanninn að stoppa. Skipstjórinn kvaðst hafa reynt að kippa rörbútnum úr hlekknum, en ekki tekist. Endi rörbútsins hefði slegist í handlegg sinn og síðan þeyst út á sjó. Skipstjórinn sagði, að ekki hefði þurft að draga nema fet inn

af akkerisfestinni, til þess að lásinn gengi inn í sporið, og stýrimaðurinn hefði verið búnn að vinna þetta verk áður og alveg vitað, hvað um hafi verið að ræða.

Stýrimaðurinn, Sigurjón Rósmundsson, lýsti aðdraganda slyssins þannig, að skipstjórinn hefði komið hásetanum til aðstoðar og tekið stórt kúbein til þess að reyna að losa lásinn úr klemmunni og hafi hann sagt sér að hífa um leið. Þá hafi lásinn losnað með miklum rykk og við það hafi kúbeinið slegist í handlegginn á skipstjóranum. Stýrimaðurinn kvaðst ekki minnast þess, að skipstjórinn hefði nokkru sinni kallað til sín um að stoppa spilið, heldur hefði hann þvert á móti margkallað og beðið sig að hífa. Hann kvaðst hafa híft af fullu afli, þegar lásinn hefði losnað, og hefði hann gert það að fyrirmælum skipstjórans.

Hásetinn Kjartan Steingrímsson lýsti aðdraganda slyssins á þá leið, að hann hefði verið ásamt öðrum háseta að stýra lásnum í sporið og hefði það gengið hálfilla. Skipstjórinn hefði komið fram á og tekið járnið og ætlað að gera þetta sjálfur. Hann taldi, að fyrst hefði skipstjórinn gert tilraun, sem ekki hefði tekist, og þá hefði stýrimaðurinn stoppað, þegar í hann var kallað. Í annarri tilraun hefði skipstjórinn sagt stýrimanninum að hífa rólega, en stýrimaðurinn hefði híft heldur skarpt. Ekki kemur skýrt fram, að skipstjórinn hafi beðið stýrimanninn að stoppa í þessari tilraun, en framburður vitnisins verður varla skilinn öðruvísi en svo, að í síðari tilrauninni hafi skipstjórinn ekki kallað til stýrimannsins að stoppa, heldur hafi stýrimaðurinn híft skarpt inn og við það hafi járnið lent á hendi skipstjórans.

Með skipstjórann var siglt inn til Hafnar í Hornafirði strax eftir slysið, og þaðan var hann fluttur sama dag í Landspítalann í Reykjavík.

Í vottorði Bjarna Jónssonar, yfirlæknis á St. Jósefsspítalanum, Landakoti, dags. 17. apríl 1978, segir svo:

„Ástþór Guðnason, Reykjabraut 24, Þorlákshöfn, f. 14. 5. 1928, var lagður í Landakotsspítala 2. september 1976.

Sjúklingur hafði slasast við vinnu sína á sjó, var fluttur til Hornafjarðar og þaðan til Reykjavíkur, kom hann í Landakotsspítala um kvöldið. Við komu var hann nokkuð þjáður, en ekki lostinn. Röntgenskoðun sýndi brot á vinstri öln uppi undir olnboga, og jafnframt hafði sveifin hlaupið úr liðnum (luxatio radio-humeralis et fractura ulnae sin. (Monteggia). Að morgni

3. 9. var gert að slysinu í svæfingu, liðhlaupið var fært í skorður svo og brotið. Lagðar voru á gipsumbúðir.

Sjúklingur fór úr spítalanum þ. 24. september 1976 og hafði þá gipsumbúðir á handleggnum. Í desemberbyrjun voru umbúðirnar teknar, og sýndi Röntgenskoðun góða stillingu á brotinu og að liðurinn var í skorðum.

Sjúklingur kom nokkrum sinnum til eftirlits, í síðasta sinn þ. 30. september 1977. Hann segist finna brak í vinstri olnbogalið við hreyfingar og verði sér aflfátt, ef hann þarf að snúa framhandleggnum. Hann segist vera óþægindalaus í hvíld, en þreytist fljótt og fái verki í framhandlegg og í olnboga, ef hann ætlar að reyna verulega á höndina.

Við skoðun sést dálítil rýrnun á beygivöðva á framhandlegg (caput flexoris communis), það vantar u. þ. b. 10° upp á fulla réttingu og fáeinar gráður upp á fulla beygju. Rétthverfing (supinatio) er eðlileg, en nálega þriðjung vantar upp á ranghverfingu (pronatio). Röntgenskoðun þ. 29. september 1977 sýnir vel gróið brot á öln, þó ennþá sjáist til brotlínunnar. Stilling á liðamótum sveifar (articulatio radio humeralis et radio ulnaris) er eðlileg.

Sjúklingur hafði enn ekki byrjað á vinnu eftir slysið, utan hann reyndi einu sinni eða tvisvar að fara á handfæri og varð að gefast upp við það.

Hér er um að ræða nærri fimmtugan mann, sem slasaðist á handlegg fyrir hálfu öðru ári. Þegar ég sá hann síðast, var hann enn ekki vinnufær.

Við slys af þessu tagi (fractura Monteggia) er oft svo, að sjúklingur fær ekki full not handarinnar. Mér virðist þó, að þessi sjúklingur megi vænta allgóðs bata, með því að ölnarbrotið er gróið í góðri stillingu, og liðurinn er í réttum skorðum, en tíminn verður að skera úr því, hvort svo verður. Ég veit ekki, hverjum framförum sjúklingur hefir tekið á því hálfa ári, sem liðið er, síðan ég sá hann."

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði byrjað að vinna á nýjan leik eftir miðjan mars árið 1977. Vinna sín hefði verið í því fólgin að líta eftir viðgerð á bátnum Mánatindi í dráttarbrautinni á Neskaupstað og hefði hann tekið við skipstjórn á þeim báti sama ár og verið með hann í tvö ár. Þá hefði hann tekið við öðrum báti og væri skipstjóri enn þann dag í dag. Stefnandi kvaðst ákaflega lítið þurfa að nota höndina við þau störf, sem hann ynni, en við þau nýttist höndin sér að fullu.

Hann kvaðst alltaf vera með þreytuverk í hendinni og alltaf vita af meiðslunum. Hann hefði farið í smátíma í frí og þá stundað handfæraveiðar, en því hefði hann þurft að hætta og síðan hafi hann ekkert reynt á höndina.

Í málinu hafa verið lögð fram tvö möt á örorku stefnanda. Hið fyrra er gert af Ólafi Jónssyni lækni, dagsett 4. apríl 1980, en hið síðara af Jóni Guðgeirssyni lækni, dagsett 24. apríl 1980.

Ályktun og niðurstaða Ólafs Jónssonar læknis hljóðar svo:

„Ályktun: Hér er um að ræða tæplega fimmtugan skipstjóra, er varð fyrir slysi á vinstri handlegg fyrir réttu einu og hálfu ári síðan, þannig að framhandleggurinn brotnaði og olnbogaliður fór úr lið. Gert var að slysinu á venjulegan hátt, og gréru beinbrot, og eðlileg staða virtist vera á bæði brotendum og liðum. Í ljós hefur komið, að nokkur óþægindi eru í olnbogalið og ljóst, að nokkuð vantar á fullar hreyfingar, bæði réttingu, beygingu og snúning, og verður slasaði var við brak í liðnum við hreyfingar, og sömuleiðis verður honum aflfátt við vissar hreyfingar og einkum þá við snúning.

Röntgenmynd, er tekin var í síðasta mánuði, sýndi byrjandi osteoarthis breytingar í olnbogaliðnum, sem telja verður víst, að séu afleiðingar nefnds slyss, og er því ljóst, að hér er um nokkra varanlega örorku að ræða, sem að öllum líkindum á eftir að versna verulega.

Ljóst er, að ekki er um neinar frekari aðgerðir að ræða, er komið gæti í veg fyrir frekari skemmdir á olnboganum eða bætt ástand hans, svo tímabært er að meta örorku þá, er af slysinu hlaust, og telst hún hæfilega metin

100% í 4 mánuði
síðan 50% næstu þrjá mánuði
síðan 15% varanlega."

Ályktun og niðurstaða Jóns Guðgeirssonar læknis hljóðar svo:

„*Ályktun:* Um er að ræða 52ja ára gamlan skipstjóra, sem slasaðist við vinnu sína um borð í fiskiskipi fyrir tveim og hálfu ári síðan og hlaut við það framhandleggsbrot vinstra megin, og olnbogaliðurinn fór úr lið. Eins og fram kemur í læknisvottorði Bjarna Jónssonar, yfirlæknis, var brotið meðhöndlað á venjulegan hátt, og greri það, og eðlileg staða virtist vera á bæði brotendum og liðum. Hann var með dálitla rýrnun á beygivöðvum á vinstri framhandlegg, og það vantar u. þ. b. 10° upp á fulla réttingu og fáeinar gráður upp á fulla beygju. Réttþverfing (supinatio) er eðlileg, en nálega þriðjung vantar

upp á ranghverfingu (pronatio). Þá sýna rtg.myndir, er teknar voru á St. Jósefsspítalanum í Reykjavík, þ. 30.03. 1978, að votti fyrir osteoarthrotiskum breytingum aftan til í vinstri olnbogalið, sem að sjálfsögðu er bein afleiðing slyssins, og má búast við, að slitgigtarbreytingar þessar eigi eftir að aukast, og er tekið tillit til þess i örorkumati þessu.

Slasaði telst því hafa hlotið bæði tímabundna og nokkra varanlega örorku vegna þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér greinir:

Frá slysdegi til 14.03. 1977 100%,
eftir það í þrjá mánuði 50%,
eftir það varanlega 15%."

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda, og er útreikningurinn dagsettur 3. júlí 1978, svohljóðandi:

„Samkvæmt örorkumati Ólafs Jónssonar, læknis, dags. 4. apríl 1978, varð Ástþór Guðnason, Reykjabraut 24, Þorlákshöfn, fyrir slysi 1. september 1976. Telur læknirinn, að Ástþór hafi af völdum slyss þessa hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Í 4 mánuði 100%
Í 3 mánuði 50%
Síðan til frambúðar 15%

Ástþór er sagður fæddur 14. maí 1928 og hefur samkvæmt því verið 48 ára gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum hans fyrir starfsárin 1973—1977 voru vinnutekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið 1973 kr. 897.250.-
— 1974 — 1.295.169.-
— 1975 — 1.170.180.-
— 1976 — 1.307.670.-
— 1977 — 2.762.503.-

Að langmestu leyti er hér um að ræða sjómennsku á fiskibátum, og að undanskildum tæpum 100 þús. kr. á árinu 1973 eru allar ofangreindar tekjur 1973—1976 launagreiðslur frá Drangi hf., en Ástþór hefur verið hluthafi í því fyrirtæki. Að sögn yðar, herra lögmaður, kveður hann útgerðina hafa gengið illa og hafi hann því sem einn eigenda reiknað sér lág laun.

Árin 1973 og 1974 eru ofangreindar tekjur mjög svipaðar meðalvinnutekjum sjómanna þau ár samkvæmt úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar. Árið 1975 eru tekjur Ástþórs hins vegar

lágar í samanburði við tekjur samkvæmt úrtaksrannsóknninni, og hlutfallslega enn lægri eru tekjur hans sjálft slysárið 1976, en það er raunar eðlilegt. Árin 1973—1975 eru slysatryggðar vikur á sjó taldar frá 33 til 37. Auk fjölda vinnuvikna á sjó hefur afli og staða hlutaðeigandi á skipi að sjálfsögðu mikil áhrif á árlegar vinnutekjur sjómanns, en í örorkumatsgerðinni kemur fram, að Ástþór hefur verið skipstjóri.

Til grundvallar tjónsútreikningi hef ég lagt framangreindar vinnutekjur Ástþórs starfsárin 1973—1975, þ. e. þrjú ár fyrir slysið. Með umreikningi með tilliti til breytinga á fiskverði til sjómanna svo og breytinga á ákvæðum kjarasamninga um skiptahlut reiknast mér árlegar meðalvinnutekjur þá verða sem hér segir:

Árið 1976, frá slysd.	kr. 2.170.587.-
— 1977	— 2.728.884.-
— 1978	— 3.692.837.-
Eftir þann tíma	— 3.891.990.-

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 7 mánuði	kr. 998.406.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 3.636.004.-
Samtals	kr. 4.634.410.-

Iðgjöld bátasjómanna til lífeyrissjóðs eru yfirleitt greidd af tiltölulega litlum hluta heildartekna, og tel ég ekki ástæður til að ætla, að orkutap Ástþórs dragi úr lífeyrisréttindum hans í framtíðinni. Hef ég því ekki gert útreikning í því sambandi.

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins né öðrum aðilum.

Reiknað er með 13% ársvöxtum til frambúðar og töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960."

Í stefnu sundurliðaði stefnandi kröfur sínar þannig:

1.	Vegna varanlegrar og tímabundinnar örorku ..	kr. 4.634.410
2.	Þjáninga- og miskabætur	— 1.500.000
3.	Læknisvottorð	kr. 10.000
	Skattframtöl	— 4.240
	Örorkumat	— 35.000
	Örorkutjónsútreikningur	— 42.000

Ferðakostnaður og vinnutap Kjartans Steingrímssonar ..... kr. 39.300
Endurrit ..... — 12.080
kr. 142.620

Samtals kr. 6.277.030

Eins og að framan er getið, lækkaði stefnandi kröfur sínar við munnlegan flutning málsins, sem nam samtölu eftirtalinna upphæða:

1. Slysatrygging sjómanna greidd af Tryggingu h/f kr. 297.119
2. Dagpeningar greiddir af Tryggingastofnun ríkisins ..... — 123.206
3. Örorkubætur greiddar af sama ..... — 1.857.317
4. Málskostnaður innifalinn í stefnufjárhæð .... — 142.620

Samtals kr. 2.420.262

Stefnufjárhæðin er því kr. 3.856.768, eins og að framan getur.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að búnaður sá, sem notaður var til að draga inn akkeri bátsins, hafi verið gallalaus og til hans sé á engan hátt hægt að rekja það, að slysið varð. Stefnandi hafi unnið að verkinu mistakalaust, en um hafi verið að ræða verk, sem margoft hafi verið búið að vinna áður. Orsök slyssins sé tvímælalaust sú, að stýrimaðurinn, Sigurjón Rósmundsson, hafi ekki staðið rétt að verki sínu. Hann hafi togað akkerisfestina allt of hratt inn og ekki hlýðnast fyrirmælum skipstjórans um að hætta að toga. Þessi mistök Sigurjóns séu enn ljósari, þegar litið sé til þess, að hann hafi verið verkinu vanur og unnið það, án þess að slys hlytist af.

Á tjóni, sem leitt hafi af þessu slysi, beri stefndi, Drangur h/f, ábyrgð samkvæmt reglum um húsbóndaábyrgð, eins og þær komi fram í lögum nr. 66/1963 um siglingar, einkum 8. gr.

Kröfugerð stefnanda byggist alfarið á þeim örorkumötum og örorkutjónsútreikningi, sem lagður hefur verið fram í málinu. Full þörf hafi verið á að afla síðara örorkumatsins, þar sem dregið sé í efa af hálfu stefnda, að örorka stefnanda sé eins mikil og hann haldi fram.

Fullt samræmi sé á milli þess vaxtafótar, sem notaður sé í útreikningi á örorkutjóni stefnanda, og vaxtakröfu hans, enda sé vöxtum skipt í tvo þætti, grunnvexti og verðbótaþátt.

Stefndi.

Af hálfu stefnda, Drangs h/f, er á því byggt, að orsök slyssins sé í fyrsta lagi sú, að útbúnaður við tengingu akkeriskeðjunnar og togvírsins hafi verið slæmur, en á því beri stefnandi ábyrgð sem skipstjóri og stjórnarmaður í hinu stefnda hlutafélagi. Sama ábyrgð hvíli á öðrum stjórnarmönnum í hlutafélaginu.

Lás sá, sem notaður hafi verið, hafi verið af óheppilegri gerð og hafi hann oftast borið öfugt að, þegar akkerið var togað inn, og hafi það því gengið brösótt. Annars konar lásar hafi verið til, sem ekki voru haldnir sömu vanköntum, en lás af slíkri gerð hafi ekki verið notaður.

Í öðru lagi hafi stefnandi gert sig sekan um handvömm við verkið. Þar sem lásinn hafi verið erfiður viðfangs, hafi ástæða verið til að sýna sérstaka aðgæslu. Stefnandi hafi ekki verið vanur því að inna þetta verk af höndum og hafi sýnt af sér hvatvísi, þegar hann hafi gengið í verk hásetans og tekið á sig sérstaka ábyrgð með því. Í þetta skipti hafi ekki verið notað það járn, sem venjulega hafi verið notað, heldur rörbútur, sem óheppilegur hafi verið til verksins. Ekkert sé komið fram, sem bendi til þess, að stýrimaðurinn hafi farið óvarlega að við að toga inn akkerisfestina, en skipstjórinn hafi átt að koma því þannig fyrir, að stýrimaðurinn gæti fylgst með því, hvernig að verkinu var staðið. Þá sé ekkert komið fram, sem bendi til annars en stýrimaðurinn hafi stöðvað vinduna, strax og hann var beðinn um.

Báðar þessar ástæður leiði til þess, að stefnandi eigi ekki rétt á bótum úr hendi stefnda.

Verði ekki litið svo á, að stefnandi beri einn ábyrgðina á því, að slysið varð, beri að taka tillit til þess, að bætur séu skattfrjálsar og greiddar í einu lagi, en hvort tveggja leiði til lækkunar bóta. Þá sé ekki hægt að telja örorkumatið sannfærandi, enda sé tæpast hægt að koma auga á þau líkamlegu einkenni, sem hægt sé að styðjast við, þegar örorkan sé metin. Þá sé ekki samræmi á milli þess vaxtafótar, sem notaður sé í útreikningi á örorkutjóni, og vaxtakröfu stefnanda.

Krafa stefnanda um miskabætur sé allt of há, en stefnandi hafi ekki orðið fyrir stórfelldum meiðslum. Allt þetta leiði til

lækkunar þeirra bóta, sem stefnandi kunni að verða talinn eiga rétt á.

FORSENDUR OG
NIÐURSTAÐA.

Stefnandi skýrði frá því fyrir dóminum, að lás sá, sem notaður var til þess að festa saman akkeriskeðjuna og togvírinn, hefði örugglega verið tekinn í notkun, eftir að báturinn kom í eigu stefnda, Drangs h/f, og kvaðst gera ráð fyrir því að hafa sjálfur látið taka þennan lás í notkun, en stefnandi var skipstjóri á bátnum, frá því að stefndi eignaðist hann, þar til slysið varð.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn segja vera algengt á bátum, sem eru af svipaðri stærð og Brimir, SU 69, að notaður sé sams konar útbúnaður og þar var til þess að draga inn akkerið. Þykir það þægilegra, þar sem togvírinn er léttari og meðfærilegri en akkeriskeðjan, og hann er hægt að draga inn á togvindu bátsins, sem jafnframt er notuð til annarra þarfa, þannig að ekki er þörf á sérstakri akkerisvindu. Þessi útbúnaður hefur í sjálfu sér ekki meiri hættu eða óöryggi í för með sér heldur en ef notuð væri akkerisfesti einvörðungu. Hins vegar verður að líta svo á, að tenging togvírsins og akkeriskeðjunnar, þ. e. a. s. lásinn, sem notaður er, verði að vera þeirrar gerðar, að af honum stafi sem minnst hætta á slysum og óhöppum, þegar akkerisfestin er dregin inn.

Samkvæmt framburði stefnanda þurfti jafnoft sem ekki að stýra lásnum inn í sporið og sömuleiðis að hægt hefði verið að fá lás af þannig gerð (keðjulás), að akkerisfestina hefði mátt draga hindrunarlaust inn, hefði hann verið notaður.

Stjórnendum hins stefnda hlutafélags, þ. m. t. stefnanda sjálfum sem stjórnarmanni svo og sem skipstjóra, bar skylda til þess að sjá um, að útbúnaður skipsins væri með þeim hætti, að við notkun hans þyrfti ekki að beita aðferðum, sem hætta gat stafað af. Ljóst er, að orsök slyssins má að nokkru leyti rekja til þess, að ekki var notaður útbúnaður, sem hættulausan mátti telja, og verður að líta svo á, að hið stefnda hlutafélag og þá jafnframt stefnandi sem stjórnarmaður og skipstjóri á bátnum beri að hluta til ábyrgð á því, að slysið varð. Hvað þetta atriði snertir, ber því stefnandi sjálfur sömu sök og hið stefnda hlutafélag.

Fram er komið í málinu, að stefnandi kom að þessu verki,

þegar stýrimaður og háseti höfðu gert misheppnaðar tilraunir til þess að draga inn akkerisfestina. Um þetta verk þurfti að vera samvinna á milli tveggja manna, og þannig háttar til um borð í bátnum, að sá, sem stjórnar togvindunni, sér ekki beint til handtaka þess, sem stýrir akkeriskeðjunni inn í sporið. Báðir áttu að hafa þessar aðstæður ríkt í huga, en þær kröfðust meiri aðgæslu beggja en hefðu þeir séð hindrunarlaust hvor til annars.

Frásögnum skipverja af aðdraganda slyssins ber ekki að öllu saman.

Samkvæmt frásögn hásetans Kjartans Steingrímssonar virðist stefnandi fyrst hafa gert tilraun, sem ekki tókst, og þá kallað til stýrimannsins að stoppa. Í annarri tilraun hafi hann sagt honum að hífa rólega, en stýrimaðurinn hafi híft heldur skarpt, en ekki kemur skýrt fram hjá hásetanum, að í síðari tilrauninni hafi stefnandi kallað til stýrimannsins að stoppa.

Ekki kemur fram hjá stefnanda, að hann hafi gert tvær tilraunir. Hann kveðst hafa beðið stýrimanninn að hífa rólega og síðan kallað í hann að stoppa. Hvorugu hafi stýrimaðurinn sinnt, hann hafi híft skarpt og ekki stoppað. Hann hafi þá reynt að kippa rörbútnum úr keðjuhlekknum, en ekki tekist, en rörbúturinn hafi síðan slegist í handlegginn.

Stýrimaðurinn kveðst hafa híft af fullu afli samkvæmt fyrirmælum stefnanda og stefnandi hafi ekki beðið sig að stoppa.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er ekki ljóst, hvernig fyrirmælum skipstjórans hefur í raun verið háttað, hvort hann hefur gefið rétt fyrirmæli og þau komist óbrengluð til stýrimannsins eða hann skilið þau rétt.

Í þessu tilviki gengur stefnandi í verk, sem annar skipverji hafði byrjað. Líta verður svo á, að það hafi verið skilyrðislaus skylda skipstjórans að gefa svo skýr og ótvíræð fyrirmæli um framgang verksins, að það mætti ganga með öruggum hætti eftir því sem unnt var. Það, sem fram er komið í málinu, gefur ekki til kynna, að svo hafi verið.

Stýrimanninum bar að sýna sérstaka aðgæslu við verk sitt og haga því svo, að ekki stafaði hætta af. Honum bar skylda til þess að fara einungis eftir þeim fyrirmælum, sem máttu teljast skýr, og má þá líta til þess, að hann gat ekki fylgst að fullu með því, sem stefnandi var að gera, með eigin augum. Honum bar að gæta þess sérstaklega að hífa með varúð, þar til akkeriskeðjan hafði gripið sporið og búið var að fjarlægja járnið, sem notað var til þess að stýra lásnum, en byggja verður

á því, að stýrimaðurinn hafi fengið þau fyrirmæli frá stefnanda að hífa varlega, enda hefur hásetinn lýst því, að þau fyrirmæli hafi stefnandi gefið.

Samkvæmt þessu verður að telja, að bæði stýrimaður og stefnandi eigi sök á því, að slysið varð. Þegar tekið er tillit til stöðu stefnanda sem stjórnarmanns í hinu stefnda hlutafélagi og skipstjóra á bátnum, sbr. það sem að framan segir um tengingu togvírsins og akkerisfestarinnar, þykir rétt að skipta sök þannig, að stefnandi beri 3/5 hluta, en stýrimaðurinn 2/5 hluta.

Eins og að framan er rakið, sundurliðar stefnandi kröfur sínar þannig:

1. Vegna varanlegrar og tímabundinnar örorku .. kr. 4.634.410
2. Þjáninga- og miskabætur ..... — 1.500.000

Þá gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndi greiði sér málskostnað samkvæmt reikningi, kr. 2.017.839, og er þar bæði um að ræða kostnað, sem stafar af rekstri þessa máls frá birtingu stefnu, og eins kostnað vegna gagnaöflunar fyrir örorkutjónsútreikning, en sá kostnaður nemur kr. 210.620 eftir því sem best verður séð.

Um 1.

Örorka stefnanda hefur verið metin af tveim læknum, Ólafi Jónssyni 4. apríl 1978 og Jóni Guðgeirssyni 24. apríl 1980. Ólafur telur stefnanda hafa verið 100% öryrkja fyrstu 4 mánuði frá slysdegi, en Jón í 6½ mánuð. Báðir læknarnir telja stefnanda hafa verið 50% öryrkja í næstu 3 mánuði, eftir að 100% örorkunni lauk, og báðir telja hann vera 15% öryrkja varanlega.

Stefnandi kveðst hafa byrjað að vinna við eftirlit með viðgerð á bát 6½ mánuði eftir slysið og síðan hafi hann gerst skipstjóri á bátnum og hafi verið skipstjóri síðan.

Þegar litið er til framangreindra örorkumata svo og til útreiknings á örorkutjóni stefnanda, þykir mega leggja til grundvallar, að örorkutjón hans nemi kr. 4.634.410. Hins vegar ber að gæta, að stefnandi nýtur þess hagræðis, að bótagreiðslur til hans eru skattlausar og eins mundu þær greiddar í einu lagi. Verður að taka tillit til hvors tveggja, og þykir örorkutjón stefnanda því hæfilega metið kr. 3.500.000.

Um 2.

Ljóst er, að stefnandi hefur orðið fyrir nokkrum þjáningum og miska vegna slyssins. Þykja bætur fyrir það hæfilega metnar á kr. 1.000.000.

Krafa stefnanda um greiðslu málskostnaðar er þannig sett fram, að ekki er unnt að líta svo á, að hluti hennar falli undir bótakröfu stefnanda, og verður afstaða til hennar tekin síðar.

Samkvæmt framangreindum niðurstöðum telur dómurinn, að tjón stefnanda nemi kr. 4.500.000. Af því skal stefnandi sjálfur bera 3/5 hluta, eða kr. 2.700.000, en stefndi, Drangur h/f, kr. 1.800.000, en til frádráttar þeirri fjárhæð koma þær bætur, sem stefnandi hefur fengið greiddar hjá öðrum aðiljum, eða kr. 2.277.642 eða hærri fjárhæð, og samkvæmt því ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefnandi hefur eigi gert kröfur á hendur réttargæslustefnda og réttargæslustefndi ekki kröfur á hendur honum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Pétur Guðmundsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Drangur h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ástþórs Guðnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 238/1980. **Erla Gissurardóttir**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Guðmundi Magnússyni
(Kristinn Einarsson hrl.).

Veðskuldabréf. Synjað um fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. nóvember s. á. Hún krefst þess, að viðurkennt verði með dómi, að lögmæt hafi verið „gjaldfelling og eindögun veðskuldabréfs útg. 14. september 1978 af stefnda Guðmundi Magnússyni", en bréf þetta var upphaflega að fjárhæð 6.000.000 gkr., en að eftirstöðvum 4.500.000 gkr., þegar það var eindagað. Þá krefst áfrýjandi þess, „að hin umbeðna fjárnámsgjörð nái fram að ganga til tryggingar skuldinni:

a. Vangreiddir vextir frá 14.9. 1978 til 20.11. 1978 gkr. 113.333,00.

b. Gjaldfallnar eftirstöðvar gkr. 4.500.000,00, með 10% ársvöxtum frá 20. nóvember 1978 til 20. janúar 1979, en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og byrjaðan vanskilamánuð frá þ. d. til 20. júní 1979, með 4% dráttarvöxtum frá þ. d. til 1. júní 1980, með 4,75% dráttarvöxtum frá þ. d. til 20. nóvember 1980, af gkr. 4.633.333,00 frá þ. d. til 1. júní 1981, með 4,5% dráttarvöxtum frá þ. d. til 21. apríl 1982, en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum gkr. 5.400.000,00, sem greiddar hafa verið inn á skuldina." Þá krefst áfrýjandi 16.000 gkr. vegna kostnaðar svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hefur áfrýjandi í fyrsta lagi sett fram kröfu um viðurkenningu á lögmæti „gjaldfellingar og eindögunar veðskuldabréfs". Slíkri kröfu verður ekki sinnt í fógetaréttarmáli. Þá hefur hann krafist fjárnáms til tryggingar vöxtum fyrir tímabilið 14. september 1978 til 20. nóvember sama ár, 113.333 gkr. Þessarar upphæðar er ekki getið í fjárnámsbeiðni, þar sem eingöngu er beiðst fjárnáms „til tryggingar skuld samkvæmt hinu gjaldfallna veðskuldabréfi, kr. 4.500.000 með . . . dráttarvöxtum . . . frá 20/11 1978 . . ." Hér fyrir dómi hefur því að vísu verið haldið fram af hálfu

áfrýjanda, að um villu í vélritun hafi verið að ræða, en jafnan hafi verið ljóst við meðferð málsins, að fjárnámskrafan tæki til vaxta frá 14. september til 20. nóvember 1978, svo sem sjá megi af hinum áfrýjaða úrskurði. Af gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, verður þó ekki ráðið, að fyrir fógetarétt hafi komið krafa um fjárnám til tryggingar margnefndum 113.333 krónum. Verður slíkt fjárnám því ekki heimilað með þessum dómi. Loks hefur áfrýjandi krafist fjárnáms til tryggingar kröfu að upphæð 4.500.000 gkr. með dráttarvöxtum, allt að frádregnum 5.400.000 gkr., eins og lýst er í framanskráðri kröfugerð. Kröfugerðin er þannig, að ekki er tekið tillit til greiðslna þeirra, sem stefndi innti af hendi í samræmi við veðskuldabréfið, til lækkunar á þeim höfuðstóli, sem dráttarvextir eru reiknaðir af. Verður fjárnám því ekki heimilað með þeim hætti, sem krafist er, og þessi meinbugur á kröfugerðinni veldur því, að krafan verður ekki tekin til greina að hluta, enda eigi fram komin fullnægjandi gögn, sem til þess verða notuð. Ber þegar af þessari ástæðu að synja framkominni kröfu um fjárnám að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur að niðurstöðu til.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. júlí 1980.

Kjartan Reynir Ólafsson hæstaréttarlögmaður hefur f. h. Erlu Gissurardóttur, Grensásvegi 60, Reykjavík, krafist þess, að fjárnám verði gert í jörðinni Arnþórsholti, Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, til tryggingar skuld samkvæmt veðskuldabréfi að eftirstöðvum kr. 4.500.000 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 20. nóvember 1978 til 20. júní 1979, með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 20. september 1979, með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1980, en

með 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 470.422 í innheimtukostnað, kr. 2.000 í ljósritunarkostnað, kr. 14.000 vegna ritunar fjárnámsbeiðni auk alls kostnaðar við fjárnámsgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til þess kemur, allt að frádregnum kr. 1.950.000, sem greiddar voru inn á skuldina 23. nóvember 1979. Þá krefst hann málskostnaðar í máli þessu úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli, Guðmundur Magnússon, Arnþórsholti, Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, hefur krafist þess, að synjað verði um framgang fjárnámsgerðarinnar og honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 20. júní sl.

Gerðarþoli, Guðmundur Magnússon, er þinglesinn eigandi jarðarinnar Arnþórsholts, Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Í máli þessu liggur fyrir veðskuldabréf, útgefið til Erlu K. I. Gissurardóttur þann 14. september 1978 af Guðmundi Magnússyni. Játar hann sig þar skuldugan um kr. 6.000.000, sem hann lofar að greiða á næstu 4 árum, 20. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 20. nóvember 1978. Vextir eru 10% ársvextir og greiðast eftir á. Hann veðsetur skuldareiganda með 4. veðrétti og uppfærslurétti jörðina Arnþórsholt, Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, ásamt mannvirkjum og öllu, sem fylgir og fylgja ber, næst á eftir á 1.—3. veðrétti, upphaflega kr. 325.000.

Í skuldabréfinu er ákvæði um, að öll skuldin sé í gjalddaga fallin, ef vanskil verða á greiðslum. Síðan segir í bréfinu: „Þegar skuldin er í gjalddaga fallin getur veðhafi ávallt látið taka veðið fjárnámi án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar, skv. heimild í 1. gr. laga 57/1949 og 39. gr. 1. 95/1947, sbr. 3. gr. 1. 18/1887."

Fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda er dagsett 10. júní 1980. Henni var þegar mótmælt af gerðarþola. Var málið tekið fyrir 10. júní sl. og þá ítrekuð mótmæli gegn framgangi fjárnámsins.

Gerðarbeiðandi segir í málsútlistun sinni, að skuld vegna framangreinds bréfs hafi verið stofnuð við útgáfu bréfsins 14. september 1978. Tekið sé fram í bréfinu, að skuldin beri 10% ársvexti, og þar sem annað sé ekki tekið fram, beri að sjálfsögðu að reikna þá frá útgáfudegi bréfsins. Þegar greiða skyldi af bréfinu í fyrsta sinn, þ. e. 20. nóvember 1978, hafi gerðarþoli greitt umsamda afborgun af höfuðstól, en enga vaxtagreiðslu og hafi

hann árangurslaust verið krafinn um þá vexti. Með bréfi, dags. 3. janúar 1979, hafi Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður krafið gerðarþola um vaxtagreiðsluna svo og um greiðslu þinglýsingar og stimplunar bréfsins og kr. 34.806 í innheimtukostnað. Hafi gerðarþola jafnframt verið tilkynnt, að ef ekki yrði orðið við greiðsluáskorun þessari, þá væri bréfið þar með gjaldfallið vegna vanskila í samræmi við ákvæði skuldabréfsins. Viðbrögð gerðarþola hafi orðið þau, að því er virtist með leiðbeiningu þáverandi sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að hann sendi greiðslu vegna stimpilkostnaðar og þinglesturs, en hvorki vextina né innheimtukostnað. Einnig hafi hann látið hjá líða að greiða vanskilavextina, er hann greiddi afborgun af bréfinu 1979. Hafi hann þannig sýnt, að hann ætli sér ekki að greiða þá, og því sé enginn vafi á því, að öll skuldin sé í gjalddaga fallin, svo sem krafist er. Gerðarbeiðandi kveður skuldabréfið samið af fyrrverandi sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og að í því hafi átt að vera heimild til að selja veðið á opinberu uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar, sbr. tilvitnun í 1. gr. laga nr. 57/1949 í bréfinu, sem annars hefði verið óþörf. Verði þá skiljanlegra orðalag bréfsins, þar sem segi, „að þegar skuldin er í gjalddaga fallin, getur veðhafi ávallt látið taka veðið fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar eða aðfarar", en það síðasta ætti að vera ómöguleiki. Þar sem ekki hafi þótt öruggt, að sýslumaður hefði gert gerðarþola ljóst, hvað efnislega stóð í 1. gr. laga nr. 57/1949, þá hafi þótt öruggara að falla frá uppboði án undanfarandi aðfarar skv. greininni og krefjast aðfarar fyrst, þar sem sú heimild sé fram tekin berum orðum í bréfinu, og skipti þá ekki máli, þótt lagatilvitnunin hafi eitthvað brenglast.

Af gerðarþola hálfu er því haldið fram, að þegar gengið hafi verið frá skilnaðarskilmálum milli aðilja máls þessa, hafi það orðið að samkomulagi milli þeirra, að ákvæði skuldabréfsins tækju fyrst gildi þann 20. nóvember 1978 og að frá þeim degi skyldu vextir reiknaðir. Þetta samkomulag hafi verið staðfest af fyrrverandi sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í bréfi hans til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, en sýslumaður hafi samið skuldabréfið og verið annar vottur að undirritun þess. Af hálfu gerðarþola hefur og verið á það bent, að þegar hann innti af hendi fyrstu greiðslu af skuldabréfinu 20. nóv. 1978, hafi verið tekið við greiðslunni athugasemdalaust, enda greiðslan verið í samræmi við áðurgreint samkomulag. Það hafi fyrst verið 3. janúar 1979, að hann var krafinn um kr. 116.666,

sem sagðar voru vextir fyrir tímabilið 14. september — 20. nóvember 1978. Hafi honum í því bréfi verið veittur frestur til 20. janúar sama ár til greiðslu þessarar fjárhæðar. Þann 15. janúar 1979 hafi Ásgeir Pétursson, þáverandi sýslumaður, ritað lögmanni gerðarbeiðanda bréf, en þar komi fram ótvíræð mótmæli við greiðslu umkrafinna vaxta og í bréfi þessu skýrt fram tekið, að krafa þessi væri í engu samræmi við samkomulag aðilja. Gerðarþoli kveður nú hafa verið tíðindalaust í málinu um níu mánaða skeið og hafi hann talið mál þetta niður fallið, en sú hafi þó eigi orðið raunin, því að þann 26. október 1979 hafi lögmaður gerðarbeiðanda sent uppboðsbeiðni til sýslumanns, sem fyrst hafi borist sér með bréfi sýslumanns, dags. 13. nóvember 1979. Þann 23. nóvember kveðst gerðarþoli hafa innt af hendi aðra greiðslu af skuldabréfinu svo og vexti fyrir tímabilið 20. nóvember 1978 til 20. nóvember 1979. Hafi sem fyrr verið tekið við greiðslunni án athugasemda og uppboðsmálið fellt niður og hafi þetta algera aðgerðarleysi styrkt sig í þeirri trú, að allar málsýfingar vegna skuldabréfsins væru niður fallnar. Gerðarþoli kveður nú hafa liðið hálft ár, en þann 10. júní 1980 hafi lögmaður gerðarbeiðanda lagt fram fjárnámsbeiðni þá, sem hér er um deilt. Í þessu sambandi leggur gerðarþoli áherslu á þá staðreynd, að 18 mánuðir liðu, frá því fyrsta afborgun hans af bréfinu fór fram, þar til fjárnámsbeiðni er lögð fram. Hafi einhver réttur gerðarbeiðanda verið fyrir hendi þann 20. nóvember 1978, en því hafi raunar verið mótmælt, sé hann löngu fallinn niður vegna þess aðgerðarleysis gerðarbeiðanda, sem hér hefur verið rakið. Þá bendir gerðarþoli á, að sú fjárhæð, sem gerðarbeiðandi telji gerðarþola eiga að greiða, sé svo örlítill hluti af heildarfjárhæð skuldabréfsins, að eigi komi til greina, að krafa gerðarbeiðanda nái fram að ganga. Önnur niðurstaða væri vægast sagt óréttlát.

Skuldabréf það, sem um er deilt í máli þessu, varð til við eignaskiptingu milli aðilja máls þessa við hjónaskilnað. Bréfið var samið af þáverandi sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem fór með hjónaskilnaðarmál aðiljanna. Við samningu bréfsins eða í vélritun hafa orðið þau mistök, að þar hefur bersýnilega átt að vera heimild til sölu á veðinu á opinberu uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar, sbr. tilvitnun í 1. gr. laga nr. 57/1949 í bréfinu. Í bréfinu er aftur á móti berum orðum sagt, að aðför sé heimil án undangengins dóms eða sáttar, þegar skuldin er í gjalddaga fallin, og þrátt fyrir að lagatilvitnun hafi brenglast, verður að líta svo á, að skuldabréfið sé, eins og það er úr garði gert,

fullnægjandi heimild til aðfarar að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Ágreiningur er milli aðilja máls þessa um upphafsdag vaxtareiknings af margnefndu skuldabréfi. Ekkert segir um það í bréfinu sjálfu né skilnaðarskilmálum aðiljanna. Fyrrverandi sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem fór með hjónaskilnaðarmál aðiljanna, hefur í bréfi til lögmanns gerðarbeiðanda haldið því fram, að samkomulag hafi verið með aðiljum um að reikna vexti frá 20. nóvember 1978. Um þetta er ekkert getið í bréfinu sjálfu, eins og áður segir, og verður því að beita þeirri meginreglu að vaxtareikna bréfið frá útgáfudegi þess 14. september 1978. Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu er gerðarþoli í vanskilum við gerðarbeiðanda um kr. 113.333 auk vaxta og kostnaðar frá 20. nóvember 1978. Gerðarþoli bauð fram þá fjárhæð í réttarhaldinu 20. júní sl. auk vaxta og kostnaðar og að málinu væri þar með lokið, en því var hafnað af gerðarbeiðanda. Kemur þá til athugunar, hvort þessi vanskil eru nægileg til þess, að þau réttlæti gjaldfellingu alls skuldabréfsins. Gerðarþoli hefur greitt vexti og afborgun af skuldabréfinu sl. 2 ár á réttum gjalddögum að undanteknum þeim vöxtum, sem hér er um deilt. Hann leitaði ráða hjá þeim aðilja, sem með hjónaskilnaðarmál hans fór, og greiddi vextina ekki að hans ráðleggingu. Þegar málatilbúnaður gerðarbeiðanda er skoðaður, blasir þetta við. Gerðarþoli greiddi fyrstu afborgun af skuldabréfinu 20. nóvember 1978. Hinn 3. janúar 1979 er hann krafinn um vexti tímabilið 14. september 1978 til 20. nóvember 1978 og honum gefinn frestur til 20. janúar 1979 til að inna greiðsluna af hendi. Hann greiðir ekki, og greiðsluskyldu er mótmælt með bréfi sýslumanns 15. janúar 1979. Síðan gerist ekkert í málinu næstu 9 mánuði, þ. e. fyrr en 26. október 1979, en þá ritar lögmaður gerðarbeiðanda uppboðsbeiðni. Uppboðsmálið virðist aldrei hafa verið þingfest, og málið hvílir enn, þar til lögmaður gerðarbeiðanda ritar fjárnámsbeiðni þá, sem hér er um deilt, 10. júní 1980.

Með hliðsjón af þessum málatilbúnaði gerðarbeiðanda, þ. e. að hann rekur mál þetta ekki með þeim hraða sem eðlilegt getur talist, svo og af því, að vanskil gerðarþola eru ekki stórkostleg í hlutfalli við heildarfjárhæð skuldabréfsins, þykja þau ekki réttlæta alla eindögun skuldarinnar. Verður því synjað um framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:
Umbeðið fjárnám skal ekki ná fram að ganga.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. október 1982.

Nr. 208/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Óskari Matthíassyni.

Kærumál. Hald á munum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, sem barst Hæstarétti 25. þ. m., og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og sér fengin umráð loftnets þess, sem úrskurðurinn snýst um.

Ríkissaksóknari hefur sent réttinum greinargerð, og krefst hann þess, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Þá hefur borist greinargerð af hálfu varnaraðilja frá Jóni Hjaltasyni hæstaréttarlögmanni. Ítrekaði hann ofangreindar kröfur varnaraðilja og gerir kröfu um „hæfileg málsvarnarlaun . . . vegna kærumáls þessa“ úr ríkissjóði.

Loftnet það, sem hér er um að ræða, getur haft sönnunargildi í rannsókn þeirri gegn varnaraðilja, sem lýst er í hinum kærða úrskurði, og enn fremur getur komið til greina, að krafa verði gerð um upptöku þess, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/1941. Ber samkvæmt því og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar að staðfesta þá niðurstöðu hans, að lagt skuli hald á loftnetið.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hald skal lagt á framangreint loftnet Óskars Matthíassonar.

Úrskurður sakadóms Vestmannaeyja 21. október 1982.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, er þannig til komið, að með bréfi, dagsettu 15. september sl., fóru tveir starfsmenn radíóeftirlits Póst- og símamálastofnunarinnar þess á leit við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, að veitt yrði heimild til þess að fjarlægja af þaki hússins nr. 2 við Illugagötu í Vestmannaeyjum, eign kærða, Óskars Matthíassonar, það, sem þeir töldu vera sérbyggt bátasendinet, sem þar hefði verið komið fyrir, og löggæslumönnunum falið að sjá um, að starfsmenn Póst- og símamálastofnunarinnar fengju óhindraðir að framkvæma verk þetta.

Í áðurnefndu bréfi sagði, að umræddan dag hefðu tveir starfsmenn Póst- og símamálastofnunarinnar ásamt lögreglu farið heim til Óskars Matthíassonar, Illugagötu 2 hér í bæ, og tekið þar í sína vörslu VHF skipastöð og straumbreyti.

Kærði hefði hins vegar neitað þeim um að fara upp á þak hússins til þess að taka þar niður sérbyggt bátasendinet, sem þar hefði verið komið fyrir. Stöð þessi og loftnetsbúnaður væri með öllu ólöglegur og hvort tveggja sett upp í heimildarleysi.

Með bréfi, dagsettu 10. þ. m., kærði Póst- og símamálastofnunin Óskar Matthíasson til rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir brot á fjarskiptalögum nr. 30/1941.

Segir í kærubréfinu, að samkvæmt skýrslu radíóeftirlitsins hafi fundist hjá kærða uppsett metrabylgjustöð fyrir skipaþjónustu með ýmsum þeim rásum, sem ætlaðar séu fyrir viðskipti við skip og báta, þar á meðal rásir 12 og 14, sem úthlutaðar séu til hafnarstjórna, rás 16, sem sé kall- og neyðarrás, og rásir 26 og 27, sem íslenskar strandarstöðvar í rekstri Póst- og símamálastofnunarinnar noti.

Enn fremur segir í kærubréfinu, að kærði hafi ekki sent stofnuninni umsókn um rekstrarleyfi, enda mundi slíkt leyfi fyrir landstöðvum í þessari þjónustu ekki verða veitt og því sé ekkert leyfisbréf út gefið fyrir stöðinni.

Í skýrslu starfsmanna radíóeftirlitsins um ferð sína til Vestmannaeyja, dagsettri 17. september sl., segir m. a.:

„Miðvikudaginn 15. sept. 1982 fórum við undirritaðir til Vest-

mannaeyja, þar sem við höfðum haft fregnir um, að búið væri að setja upp metrabylgjutalstöð í húsi Óskars Matthíassonar að Illugagötu 2. Síðan fregnum við, að búið væri að setja upp stórt VHF loftnet upp á þak hússins. Þegar til Vestmannaeyja kom, höfðum við samband við bæjarfógeta og fengum síðan lögreglu með okkur að Illugagötu 2. Óskar var ekki heima, en frúin leyfði okkur að koma inn og sjá talstöðina, var hún staðsett í eldhússkáp, þetta var 25 watta Seavoice RT-100 metrabylgjutalstöð, 12 rása nr. 27455. Skömmu síðar kom Óskar heim, hann mótmælti töku stöðvarinnar, en gerði ekkert þó við tækjum talstöðina, micrafóninn og straumbreytinn, en harðbannaði okkur að fara upp á þak hússins og taka loftnetið niður, en tilsýndar var ekki annað að sjá en þetta væri fullkomið VHF bátaloftnet."

Kærði hefur verið yfirheyrður fyrir dómi um sakarefnið. Skýrði hann þá svo frá, að hann hefði keypt talstöð þá, sem hald var lagt á, fyrir u. þ. b. ári. Hins vegar neitaði hann að skýra frá því, hvar hann keypti stöðina og hvað hún kostaði.

Hann kvaðst hafa ætlað að nota talstöðina í opnum vélbáti, sem hann ætti, en væri ekki búinn að sækja um leyfi hjá Póst- og símamálastofnuninni til að nota hana.

Kærði kvað það að líkindum hafa verið í júnímánuði síðastliðnum sem hann setti talstöðina upp á heimili sínu. Hefði hann notað hana einstaka sinnum til þess að forvitnast um aflabrögð báta, sem voru á veiðum í námunda við Vestmannaeyjar.

Til þess að stöðin kæmi að notum, hefði hann sett upp VHF loftnet á þaki húss síns, Illugagötu 2. Loftnet þetta hefði hann keypt í júnímánuði síðastliðnum hjá fyrirtækinu Radíómiðun í Reykjavík.

Er kærða var kynnt beiðni radíóeftirlits Póst- og símamálastofnunarinnar þess efnis, að umrætt loftnet yrði fjarlægt af þaki áðurnefnds húss, lýsti kærði sig fúsan til að fjarlægja það þegar í stað, ef hann fengi vilyrði fyrir því, að hann fengi talstöðina afhenta. Var kærða þá bent á, að frammi lægi kæra á hendur honum fyrir ætlað brot gegn lögunum um fjarskipti og því væri eigi unnt að gefa slíkt loforð. Lýsti kærði því þá yfir, að hann neitaði að fjarlægja loftnetið.

Fram er komið við rannsókn máls þessa afdráttarlaus viðurkenning af hálfu kærða á starfrækslu talstöðvar þeirrar, sem hér um ræðir, án tilskilins leyfis. Enn fremur liggur fyrir af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar, að slíkt leyfi fyrir landstöðvum í þjónustu sem þessari mundi ekki verða veitt.

Álíta verður, að margnefnt loftnet sé óhjákvæmilegur liður í þeim búnaði, sem kærði þurfti að koma sér upp til þess að geta starfrækt margnefnda metrabylgjustöð, og því megi telja það til sakargagna í skilningi 45. gr. laga nr. 74/1974.

Með vísan til framanritaðs og þar sem rökstuddur grunur leikur á, að kærði, Óskar Matthíasson, hafi með uppsetningu umrædds VHF loftnets og starfrækslu þess í fullkomnu heimildarleysi gerst brotlegur við 2. gr. og 27. gr. fjarskiptalaga nr. 30/1941, þykir, með skírskotun til 43. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 51. gr. laga nr. 74/1974 rétt að heimila lögreglunni í Vestmannaeyjum að taka niður og leggja hald á VHF loftnet á þaki hússins nr. 2 við Illugagötu í Vestmannaeyjum, til þess að starfsmenn radíóeftirlits Póst- og símamálastofnunarinnar geti rannsakað umrætt loftnet.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Lögreglunni í Vestmannaeyjum er heimilt að taka niður og leggja hald á VHF sérbyggt bátasendiloftnet á þaki Illugagötu 2, Vestmannaeyjum, eign Óskars Matthíassonar.

Starfsmenn radíóeftirlits Póst- og símamálastofnunarinnar skulu eiga aðgang að loftnetinu til þess að geta rannsakað áðurnefnt loftnet.

Þriðjudaginn 2. nóvember 1982.

Nr. 147/1980. **Júdódeild Ármanns**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Lofti Hilmari Jónssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1980 og gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að kröfur stefnda á hendur honum verði aðeins teknar til greina að óverulegu leyti, en stefnda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi mótmælir kröfu áfrýjanda um ómerkingu og krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Munnlegur málflutningur í héraði fór fram í máli þessu hinn 31. mars 1980, en dómur var kveðinn upp 16. júlí s. á., en ekki 14. júlí, eins og misritast hefur í dóminum. Með þessum drætti á dómsuppsögu hefur héraðsdómari brotið fyrirmæli 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 31. mars 1980 og skylda héraðsdóm til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 31. mars 1980 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómi að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1980.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 15. mars 1979, af Lofti Hilmari Jónssyni, Löngubrekku 18,

Kópavogi, gegn Júdódeild Ármanns, Ármúla 32, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 230.753 með 3% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 109.362 frá 1. mars 1979 til greiðsludags og málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar í málinu, en án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að haustið 1974 veitti stefnandi stefnda peningalán, er stefndi keypti íbúð að Álftamýri 56 í Reykjavík. Var lánið upphaflega um það bil kr. 500.000. Meginhluti lánsins var síðan greiddur með peningum, en Júdódeildin samþykkti síðan víxil fyrir eftirstöðvum lánsins með gjalddaga 30. júní 1975, og er sá víxill grundvöllur málshöfðunar stefnanda, en þar sem víxilréttur er fallinn niður fyrir fyrningu, er málið höfðað sem almennt skuldamál með heimild í 74. gr. laga nr. 93/1933.

Reimar Stefánsson, varaformaður stefnda, hefur komið fyrir dóminn. Kvaðst honum vera kunnugt um (sic), að stefnandi hefði veitt Júdódeildinni peningalán í sambandi við kaup deildarinnar á íbúð að Álftamýri 56. Þetta lán, sem hafi verið um það bil kr. 500.000, hafi verið endurgreitt að svo miklu leyti sem um var samið, þ. e. að eftir stæðu af láninu kr. 100.000 vegna þess, að stefnandi hafi fengið veð í íbúðinni að Álftamýri 56, sem stefnandi hafi síðan lofað að flytja af íbúðinni ekki síðar en tveimur mánuðum seinna, en aldrei hafi það verið gert og ennþá hvíli veðið á íbúðinni, en þessi víxill, er frammi liggi í málinu, sé tryggingarvíxill fyrir því, að stefnandi flytji veðið. Kvaðst Reimar líta svo á, að skuldin væri gjaldfallin, um leið og stefnandi hefði flutt veðið af íbúðinni. Eingöngu hafi verið um munnlegt samkomulag milli hans og stefnanda um það skilyrði, að stefnandi flytti veðið, áður en víxillinn yrði greiddur.

Aðspurður um það, hvenær stefnandi var gjaldkeri Júdódeildarinnar, sagði Reimar, að það hefði verið á tímabilinu 1974 til 1976. Aðspurður um það, hvort stefnandi hafi misfarið með fé Júdódeildar Ármanns, sagðist Reimar ekki geta staðfest neitt um það, en ýmislegt í hans bókhaldi gæti gefið slíkt til kynna, en það hafi ekki verið kannað, þannig að hægt sé að sanna eitt né neitt í því, því að ekki hafi farið fram nein slík rannsókn. Hins vegar sé það vitað mál, að stefnandi hafi haft fé af deildinni, þó að ekki hafi hann tekið það ófrjálsri hendi, heldur hafi

stefnandi haldið bókhaldinu ári lengur en honum var heimilt að gera og hafi þar af leiðandi haft af deildinni styrki í eitt ár, sem sé út af fyrir sig alvarlegt mál, en deildin hafi þurft að skila bókhaldinu til þess að fá styrki út á reksturinn.

Stefnandi hefur og sjálfur komið fyrir dóminn. Sagði hann, að þegar Júdódeildin hefði ráðist í kaup á íbúðinni að Álftamýri 56, hefðu verið greiðsluerfiðleikar hjá deildinni. Hann hefði þá persónulega getað fengið lán úr eftirlaunasjóði Olíufélagsins Skeljungs. Hafi hann tekið þetta lán beint fyrir deildina. Lánið hafi síðan verið veðtryggt í íbúð Júdódeildarinnar með samþykki þáverandi stjórnar og sé þar ennþá áhvílandi, að því er hann viti best, enda hafi hann ekki haft veð sjálfur og lánið hafi orðið að tryggja með 1. veðrétti. Þegar Júdódeildin hafi síðar greitt hluta lánsins til baka, hafi hún samþykkt víxil fyrir eftirstöðvum lánsins að viðbættum vöxtum. Í upphafi hafi það ekki verið gert að skilyrði fyrir greiðslu víxilsins, að veðinu yrði aflétt. Hins vegar hafi það komið til seinna, að Júdódeildin gæti fengið lán út á íbúðina gegn fyrsta veðrétti og þá yrði að losa þetta veð eða fá annað samhliða, en ekkert varð úr breytingum varðandi þetta þá. Ennþá seinna, eða árið 1977, er stefnandi var hættur í stjórn deildarinnar og hann hafi viljað fá víxilinn endurnýjaðan, til þess að víxilréttur fyrntist ekki, en það hafi verið gert áður, þá hafi komið upp sú staða, að stefnandi yrði að létta veðinu af íbúðinni til þess að fá víxilinn greiddan, en hann hafi aldrei samþykkt að gera það.

Aðspurður um það, hvort ágreiningur hefði orðið milli hans og stjórnarinnar varðandi uppgjör, bókhald og skil á bókhaldi, sagði stefnandi, að bókhaldið hefði legið fyrir hjá endurskoðanda. Aftur á móti hefði hann sem gjaldkeri félagsins haft heimild til þess að hafa fylgiskjölin hjá sér. Þegar þeir hefðu neitað að framlengja víxilinn, þá hafi hann haft fylgiskjölin hjá sér á skrifstofunni hjá Skeljungi. Hann hafi um tíma ekki afhent fylgiskjölin, þar sem víxillinn fékkst ekki framlengdur. Honum sé ekki kunnugt um, hvar fylgiskjölin séu núna, en sig minni, að Reimar hafi sótt þau til sín.

Aðspurður um það, hvort Júdódeildin hafi orðið af einhverjum opinberum styrkjum í sambandi við vanskil á bókhaldi og fylgiskjölum, kvaðst mætta ekki vera kunnugt um það (sic).

III.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að haustið 1974 hafi

stefnandi veitt stefnda peningalán. Fyrir eftirstöðvum lánsins hafi stefndi samþykkt víxil. Víxilréttur sé að vísu fyrndur, en eftir standi einhliða óskilyrt skuldaviðurkenning stefnda.

Þó að einhver deila hafi risið milli stefnanda og stefnda varðandi uppgjör aðiljanna vegna starfa stefnanda sem gjaldkera Júdódeildarinnar, þá sé það þessu máli allsendis óviðkomandi. Skýrsla endurskoðanda á dskj. nr. 5 sýni ekki fram á, að stefnandi skuldi stefnda fé, enda segi í skýrslunni, að erfitt sé að fullsanna neitt. Skýrsla þessi hafi verið samin 20. desember 1976 og ekkert hafi verið aðhafst frá þeim tíma og engar gagnkröfur hafi verið gerðar á hendur stefnanda.

Stefnandi sé búinn að bíða frá árinu 1976 til þess að fá kröfu sína greidda og sé nú tími til kominn, að hann fái kröfuna greidda.

Í greinargerð sinni byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að krafa stefnanda sé fyrnd og jafnvel þó hún væri ekki fyrnd, sé stefnandi ekki eigandi umrædds víxils, heldur stefndi sjálfur. Við munnlegan málflutning virðist vera fallið frá þessari sýknuástæðu, að um aðildarskort sé að ræða, þar sem fram kom við málflutning, að því væri ekki mótmælt, að um hafi verið að ræða skuld við stefnanda, hins vegar því mótmælt, að skuldin væri kræf, þar sem því skilyrði, að veðinu yrði aflétt af íbúð stefnda að Álftamýri 56, hefði ekki verið fullnægt. Eftirstöðvar lánsins, er stefnandi hafi fengið og tryggt væri með veði í íbúð stefnda, væru í vanskilum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi jafnframt á því, að rökstuddur grunur sé um það, að stefnandi hafi dregið sér fé, er hann var gjaldkeri stefnda. Kritisk endurskoðun löggilts endurskoðanda hafi farið fram á fjárreiðum félagsins fyrir tímabilið 1. október 1974 til 30. september 1975.

Komi þar fram, að kr. 159.440.30 vanti í sjóðinn, og telja verði, að stefnandi eigi að standa stefnda skil á þessari fjárhæð. Margoft sé búið að biðja stefnanda að gera grein fyrir bókhaldinu, þar sem það sé margt, sem þarfnist skýringa við, en það hafi ekki borið árangur. Ekki sé hægt að taka kröfu stefnanda til greina, þar sem uppgjöri milli stefnanda og stefnda sé enn ekki lokið og ekki sé hægt að slíta þessa einu kröfu úr sambandi við önnur fjármálaleg skipti aðiljanna.

IV.

Óumdeilt er í málinu, að haustið 1974 hafi stefnandi veitt

stefnda peningalán. Fyrir eftirstöðvum þess láns samþykkti stefndi víxil, og mun það vera skuldaviðurkenning sú á víxileyðublaði, er frammi liggur í máli þessu, með gjalddaga 30. júní 1975, að fjárhæð kr. 109.362. Víxilréttur er, eins og áður segir, fyrndur, en málið höfðað sem almennt skuldamál með heimild í 74. gr. laga nr. 93/1933.

Ekki verður á það fallist með stefnda, að stefnukrafan sé fyrnd, þar sem stefna í máli þessu var birt 15. mars 1979, en gjalddagi skuldaviðurkenningarinnar var 30. júní 1975, sbr. 2., 3. og 4. gr. laga nr. 14/1905.

Hvorki stefnufjárhæðinni né vaxtakröfu stefnanda hefur verið mótmælt sem slíkum og því ekki mótmælt, að stefndi skuldi stefnanda umkrafða fjárhæð, hins vegar mótmælir stefndi því, að skuldin sé gjaldkræf, þar sem stefnandi hafi ekki fullnægt umsömdu skilyrði greiðslunnar, þ. e. að aflétta veðinu af íbúð stefnda að Álftamýri 56. Gegn mótmælum stefnanda þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að stefnandi hafi samþykkt slíkt skilyrði fyrir greiðslunni, og ber framlögð skuldaviðurkenning ekki með sér, að skuldbinding stefnda samkvæmt henni sé skilyrt á einhvern hátt.

Hvort stefndi eigi einhverja fjárkröfu á hendur stefnanda vegna starfa stefnanda sem gjaldkera hjá Júdódeild Ármanns, kemur ekki til álita í þessu máli, þar sem engar gagnkröfur hafa verið gerðar á hendur stefnanda í þessu máli.

Verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Með hliðsjón af úrslitum málsins þykir stefndi eiga að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 165.000.

Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Júdódeild Ármanns, greiði stefnanda, Lofti Hilmari Jónssyni, kr. 230.753 með 3% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 109.362 frá 1. mars 1979 til greiðsludags og kr. 165.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 2. nóvember 1982.

Nr. 19/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Agnari Wilhelm Agnarssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Ákæra um brot gegn lögum nr. 77/1970 og 65/1974. Fyrning sakar. Sýkna. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 6. janúar 1982. Ágrip málsins barst Hæstarétti 2. september s. á.

Af hálfu ákæruvalds eru hafðar uppi þær dómkröfur, að héraðsdómur verði staðfestur, „þó þannig, að refsing ákærða verði færð niður". Þá er þess krafist, að sakadómarinn í ávana- og fíkniefnamálum verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt 186. gr. laga nr. 74/1974 fyrir vítaverð mistök við meðferð málsins fyrir og eftir uppsögu dóms í því.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður og allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð. Til vara krefst hann þess, að ákærði verði dæmdur til lægstu refsingar, er lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

I.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms með vísan til forsendna hans, en það athugast, að hass, er vó 4.1 g, afhenti ákærði lögreglumönnum, og var það ekki meðal efna þeirra, sem fundust í seðlaveski hans. Varðaðu brot ákærða, er þau voru framin, við 5., sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, en ákveða ber refsingu samkv. 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglu-

gerðar nr. 390/1974, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Dómsrannsókn hófst í máli þessu hinn 14. júní 1973, en brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, eru öll framin á árinu 1973. Dómprófum og rannsókn fyrir lögreglu út af brotum þeim, er greinir í ákærulið 1 og 2, var að mestu lokið 10. desember 1973, en hinn 29. ágúst og 12. september 1974 voru þó háð dómþing vegna þessara brota, og var ákærði yfirheyrður í hinu síðara þinghaldi. Rannsókn fyrir dómi út af brotum, er 3. ákæruliður tekur til, hófst 19. október 1973, og stóð rannsóknin fyrir dómi og lögreglu til 10. desember s. á. Sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum sendi ríkissaksóknara rannsóknargögn út af brotum þessum öllum til ákvörðunar með bréfi 16. október 1974, en jafnframt voru send rannsóknargögn í málum 6 annarra manna, sem tengdust viðtækri rannsókn á ávana- og fikniefnabrotum, er fram fór í sakadómi á árinu 1973. Ákæra í máli ákærða var gefin út 5. ágúst 1975. Ákæran var eigi birt ákærða fyrr en 15. júní 1977, en þann dag var málið þingfest í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum að viðstöddum ákærða, er kynnt voru rannsóknargögn. Staðfesti hann, að þau vörðuðu sig, og kvaðst telja sakaratriði í ákæruskjali réttilega tilgreind. Í þingbók er þetta bókað: „Mætti kveðst vilja halda uppi vörnum og óskaði eftir stuttum fresti til að ákvarða, hvern lögmann hann kysi til slíks".

Nú hvílir mál þetta langa hríð, eða til 20. nóvember 1980, er dómari sá, sem kvað upp dóm í því, háði þing í málinu, en svo er frá skýrt í héraðsdómi, að hann hafi hinn 24. október 1980 fengið málið til meðferðar. Skipaði dómarinn nafngreindan hæstaréttarlögmann verjanda ákærða í þessu þinghaldi. Munnlegur málflutningur fór fram 27. nóvember s. á., og dómur var kveðinn upp 8. desember s. á.

III.

Telja verður, að refsing ákærða hefði eigi orðið þyngri en 8 mánaða fangelsi samkv. 5. gr. laga nr. 65/1974, sem við á um refsiviðurlög með vísan til 2. gr. almennra hegn-

ingarlaga. Hin löngu hlé, sem urðu á dómprófum máls þessa, stöfuðu ekki af því, að ákærði kæmi sér undan rannsókn. Þegar þessa er gætt og framangreindur rannsóknarferill er virtur, verður að telja, að sök ákærða hafi verið fyrnd, þegar mál þetta var tekið að nýju til meðferðar á dómþingi 20. nóvember 1980, sbr. 2. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvalds í máli þessu. Ákvæði héraðsdóms um upptöku þar greindra efna til eyðingar ber að staðfesta með vísan til 2. og 3. töluliða 69. gr. almennra hegningarlaga, 5. gr. laga nr. 77/1970, sbr. nú 5. gr. laga nr. 65/1974, og standa ákvæði 82. gr., 6. málsgr., almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981, 6. gr., sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, því eigi í vegi.

Samkvæmt þessum úrslitum og með vísan til meginreglu 140. gr. laga nr. 74/1974 ber að leggja allan kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, sem þykja hæfilega ákveðin 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

IV.

Svo sem rakið er hér að framan, hefur orðið stórfelldur dráttur á rekstri máls þessa. Hér er þess einnig að geta, að verulegur dráttur varð hjá dómara þeim, sem í hlut á, að tjá ríkissaksóknara ósk ákærða um áfrýjun málsins, og hefur sá dráttur seinkað meðferð málsins eftir uppsögu héraðsdóms. Málið sætti skilvirkri meðferð hjá dómara þeim, sem kvað upp héraðsdóm, eftir að hann tók við því. Sakadómarinn í ávana- og fíkniefnamálum bar ábyrgð á rekstri máls þessa og afgreiðslu varðandi áfrýjun þess, og er sá óhæfilegi dráttur, sem að framan greinir, vítaverður. Eigi þykja þó efni vera til að sekta dómarann samkvæmt upphafi 186. gr. laga nr. 74/1974, en krafa ríkissaksóknara í þessu efni kemur eigi sérstaklega til álita, með því að hann gætti þess ekki að tilkynna héraðsdómaranum um kröfu sína með sérstöku fyrirkalli, sbr. 186. gr., 1. málsgr., 3. málslið, laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Wilhelm Agnarsson, á að vera sýkn af refsikröfu ákæruvalds í máli þessu, en ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku eiga að vera óröskuð.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Við erum sammála I. og II. kafla í forsendum atkvæðis meiri hluta dómara. Svo sem þar er greint, lauk rannsókn málsins í september 1974, og mál var höfðað gegn ákærða með ákæru, útgefinni 5. ágúst 1975. Málið var eigi tekið fyrir fyrr en 15. júní 1977, en sök var þó ekki fyrnd, þegar litið er til þeirrar refsingar, sem ákærði hafði unnið til. Málsmeðferð var síðan ekki haldið áfram fyrr en 20. nóvember 1980. Á hléi þessu er að vísu ekki neina skýringu að finna í gögnum málsins, en þó verður ekki talið, að hætt hafi verið við málsmeðferðina um óákveðinn tíma. Var sök því ófyrnd, er tekið var á ný til við rekstur málsins 20. nóvember 1980, sbr. 2. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ber því að dæma ákærða refsingu, sem þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi að öðru leyti en því, að ekki þykir ástæða til þess að dæma fésekt jafnframt refsivistinni.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað ber að staðfesta. Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða sakarkostnað fyrir Hæstarétti, þar á meðal saksóknarlaun í ríkis-

sjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara um vítur á hendur sakadómaranum í ávana- og fíkniefnamálum fyrir drátt á málinu, enn fremur um úrlausn á kröfu ríkissaksóknara um ábyrgð á hendur dómaranum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 8. desember 1980.

Ár 1980, mánudaginn 8. desember, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Karli F. Jóhannssyni fulltrúa með undirrituðum vottum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 417/1977: Ákæruvaldið gegn Agnari Agnarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. nóvember sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 5. ágúst 1975, á hendur Agnari Agnarssyni, Leifsgötu 14, Reykjavík, fæddum þar í borg 10. september 1951, fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf með eftirgreindum hætti:

„1. Keypt í Reykjavík í júní 1973 alls 20 grömm af hassi af Sævari Marinó Ciesielski á kr. 300.00 hvert gramm, og fór afhending fram að Grettisgötu 82. Neytti ákærði efnisins að mestu með kunningjum.

2. Á tímabilinu maí—júní 1973 útvegað sér smámsaman allt að 150 LSD þynnur hjá nefndum Sævari Marinó í Reykjavík og greitt fyrir þær ýmist 250 eða 300 krónur. Ein afhendingin fór fram á heimili Alberts Klan Skaftasonar að Njálsgötu 44, og sá nefndur Albert um afhendingu þar á 45—50 þynnum. Einnig um sama leyti látið senda sér frá Kaupmannahöfn í bréfapósti 100 þynnur af LSD. Síðan selt í Reykjavík ýmsum aðilum af efni þessu, m. a. Þorsteini Finnbogasyni 2 þynnur á samtals kr. 1.000.00. Inga Jóhanni Hafsteinssyni þrívegis nokkurt magn. Sumarliða Óskari Arnórssyni alloft nokkurt magn, m. a. í eitt skipti 20 þynnur á kr. 450.00 hverja. Jónatan Karlssyni 10 þynnur á kr. 450.00 hverja. Eggert Kristinssyni 2 þynnur, verð óvíst. Ókunnum manni í veitingastaðnum Sigtúni 15 þynnur á samtals kr. 6.000.00. Loks mörgum ótilgreindum aðilum minna magn, og fóru þær afhendingar oftast fram í nefndum veitingastað. Við rannsókn málsins var lagt hald á alls 93 þynnur.

3. Keypt í Reykjavík í september eða október 1973 allt að 500 grömmum af hassi ásamt tveim félögum sínum af Sigurþóri Stefánssyni, og kostaði hvert gramm kr. 270.00. Þannig lagt fram sjálfur allt að kr. 96.000.00 og fengið efni í hlutfalli við fjárframlag sitt. Einnig um sama leyti keypt ásamt fleirum hass af Albert Klan Skaftasyni, sem útvegaði efnið hjá Benóný Ægissyni, fyrir kr. 100.000.00, og var verð á hverju grammi rúmar 300 krónur. Lagt fram sjálfur allt að kr. 80.000.00 og fengið efni í hlutfalli við það framlag sitt. Síðan selt með hagnaði ýmsum ótilgreindum aðilum megnið af efninu í Reykjavík. Hald var lagt á 4.1 gramm við rannsókn málsins."

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Teljast verknaðir ákærða varða nú við 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, en áður við 5. gr., sbr. 6. gr. laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl. nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni nr. 257/1969, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á 93 þynnum af LSD og 4.1 grammi af hassi, en þar af voru 3 þynnur og 1 gramm notuð í þágu rannsóknar málsins, sem hald var lagt á samkvæmt 5. gr. áðurnefndra laga nr. 65/1974, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

MÁLAVEXTIR.

Sumarið 1973 var til rannsóknar samhliða hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og hinni sérstöku fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík allumfangsmikið fíkniefnamisferli nokkurra aðilja. Ákærði í máli þessu kom þar m. a. við sögu, en hann var handtekinn á heimili sínu hinn 13. júní 1973 af lögreglu. Við leit á ákærða fundust í seðlaveski ákærða 5 plasthylki, en í hverju plasthylki voru 7 límbönd, en auk þess var 1 límband, sem ekki var í plasthylki. Á þessi límbönd hafði verið raðað glærum ferningum, hver um mm að stærð.

Var talið af lögreglumönnum, að þarna væru um 100 slíkir ferningar. Sýni af ferningum þessum voru send Rannsóknastofu Háskóla Íslands og niðurstöður rannsóknar þær, að um LSD væri að ræða.

Enn fremur í seðlaveski þessu meint hassefni, er vó 4.1 gr.

Var sýni af efni þessu einnig sent Rannsóknastofu Háskóla Íslands, og var niðurstaða hennar, að hér væri um hassefni að ræða.

Hinn 14. júní 1973 var ákærði úrskurðaður til að sæta allt að 20 daga gæsluvarðhaldi. Sama dag var ákærði síðan yfirheyrður fyrir dómi. Þar skýrði ákærði frá því nokkuð ítarlega, að hann hefði fengið LSD eftir tveimur leiðum:

1) Ákærði kvaðst hafa fengið sendar 100 LSD þynnur í pósti þá viku áður. Sagðist ákærði hafa reiknað með, að sending þessi væri frá Bárði Ragnari Jónssyni, sem hefði farið utan til Kaupmannahafnar þá síðla vetrar eða snemma sumars. Gat ákærði þess, að hann hefði hitt Bárð þennan á veitingastað í Reykjavík og við það tækifæri afhent framangreindum Bárði 4.000 kr. með þeim ummælum, að Bárður sendi ákærða síðar hassefni eða „sýru". Enn fremur sagði ákærði, að Bárður hefði skuldað sér kr. 5—6.000. Ákærði kvað einnig hafa verið um samið, að ákærði greiddi Bárði þessum mismun, ef sending yrði stór. Ákærði sagði, að áðurgreint bréf hefði verið póststimplað í Kaupmannahöfn, en ekkert lesmál hefði verið í bréfi eða tilgreindur sendandi á því.

Ákærði lýsti síðan framangreindum LSD þynnum og kvað þær hafa verið 100 að tölu og límdar á pappírsörk með límbandi, og staðfesti ákærði í réttinum, að ofangreindar LSD þynnur væru þær, sem í hans fórum fundust við handtöku.

2) Ákærði skýrði enn fremur frá því fyrir dómi, að hann hefði vikurnar þar á undan fengið í mörgum smærri afhendingum um 100 LSD þynnur frá Sævari Ciesielski. Afhendingar sagðist ákærði telja, að hefðu oftast átt sér stað í veitingahúsinu Sigtúni, Reykjavík, en einnig heima hjá Albert Klan Skaftasyni að Njálsgötu 44, Reykjavík. Nánar þar um kvaðst ákærði muna það með vissu, að fyrsta afhending hefði átt sér stað heima hjá Albert þessum og þá hefði verið um að ræða 50 þynnur, sem Sævar Ciesielski hefði afhent sér. Ákærði kvað ekki hafa verið um staðgreiðslu að ræða, heldur hefði verið rætt um, að Sævar þessi fengi síðar 400 kr. fyrir hverja þynnu. Ákærði kvað þó framangreinda fjárhæð hafa lækkað, þegar þeir Sævar Ciesielski hefðu gert þetta endanlega upp.

Þá kvaðst ákærði minnast að hafa um helgi í Sigtúni veitt viðtöku frá Sævari þessum 10—20 þynnum með sömu skilmálum og áður getur. Sagðist ákærði hafa skilað Sævari andvirði þeirra.

Enn fremur sagði ákærði sér óhætt að fullyrða, að hann hefði nokkru síðar og einnig í veitingahúsinu Sigtúni tekið við hjá framangreindum Sævari 10—20 þynnum með sömu kjörum og fyrr.

Ákærði sagðist einnig muna eftir, að síðasta afhending hefði átt sér stað þá nokkrum dögum áður á Hressingarskálanum í Reykjavík og hefði verið um að ræða 20—30 LSD þynnur. Ákærði kvaðst ekki geta tilgreint fleiri efnisafhendingar, en ákærði sagði þó fremur líklegt, að þær hefðu verið eitthvað fleiri. Ákærði kvaðst ekki hafa talið framangreindar þynnur, heldur látið orð Sævars nægja í þeim efnum.

Ákærði kvaðst nú skuldlaus við framangreindan Sævar. Greiðslur hefðu aðeins verið tvær, önnur 15.000 kr., en hin 8—9.000 kr.

Þá gerði ákærði grein fyrir ráðstöfun á ofangreindum LSD þynnum:

1) Ákærði kvaðst hafa selt Sumarliða Óskari Arnórssyni 20 þynnur fyrir kr. 450 stykkið. Hefðu kaup þessi átt sér stað í vikunni áður. Þá sagðist ákærði um sama leyti hafa afhent Sumarliða þessum 1 þynnu til viðbótar, en enn fremur hefði hann afhent vini framangreinds Sumarliða tvær þynnur. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt um aðrar afhendingar á þynnum til Sumarliða þessa, en þær hefðu verið innan við 10 að tölu og þá fáar þynnur í einu.

2) Ákærði sagðist daginn áður hafa afhent Jónatan Karlssyni 10 þynnur, sem hefðu átt að kosta kr. 450 stykkið, og hefði Jónatan þessi lofað að greiða fyrir kl. 2030 þennan sama dag, en ákærði kvað lögreglu hafa handtekið sig nokkru fyrir þann tíma, án þess að Jónatan þessi hefði þá verið búinn að greiða þynnur þessar.

3) Sennilega föstudag fyrir hvítasunnu þá um vorið kvaðst ákærði hafa afhent á heimili sínu Eggert Kristinssyni 2 LSD þynnur.

4) Þá kvaðst ákærði hafa farið helgina áður ásamt Albert Klan Skaftasyni og Inga Jóhanni Hafsteinssyni í Þjórsárdal. Sagðist ákærði hafa haft með sér um 10 LSD þynnur í ferð þessa. Kvaðst ákærði hafa gefið þeim Albert og Inga sína þynnuna hvorum, en sjálfur kvaðst ákærði hafa tekið a. m. k. tvær þynnur. Einnig sagðist ákærði hafa gefið sér óþekktu fólki 1—2 þynnur, enn fremur hefði hann komið með nokkrar þynnur til Reykjavíkur aftur.

Þegar hér var komið sögu, kvaðst ákærði þá ekki í svipinn geta gert grein fyrir frekari ráðstöfun á ofangreindum LSD þynnum, en hann hefði boðið þær til sölu og selt ýmsu fólki, aðallega í veitingahúsinu Sigtúni.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi hinn 15. júní 1973. Þar skýrði ákærði nánar ofangreind samskipti hans við Sævar Ciesielski á sviði LSD. Var frásögn ákærða á þessa leið:

„Það mun hafa verið milli kl. 21.00 og 22.00, sennilega á sunnudagskvöldi, sem ég ók ásamt Albert Klan í bíl föður míns niður Laugaveg. Þá sáum við Sævar á móts við verzlunina Karnabæ, innarlega við Laugaveg. Hann kom til okkar í bílinn, og man ég, að hann kvaðst þá alveg nýkominn frá Kaupmannahöfn, þ. e. um 1 klst. áður en við hittum hann. Við þetta tækifæri var ekkert rætt um fíkniefni. Ég held með vissu, að það hafi verið kvöldið eftir, sem ég kom heim til Alberts, og var Sævar þá þar fyrir. Falaði ég af þeim LSD, en lét þess þó getið, að mig skorti í bili fé. Þó minnir mig allt eins, að Sævar hafi þarna verið að tala um, að hann þyrfti að losa sig við sýru. Við þetta tækifæri má segja, að samkomulag hafi orðið um, að ég tæki sýru í e—s konar umboðssölu, en ekki varð af afhendingu þetta kvöld, því að okkur vantaði límband til þess að festa efni á. Skömmu síðar — e. t. v. fáum dögum — afhenti Sævar mér hins vegar þynnur fyrst, svo sem ég hef áður lýst."

Í ofangreindu réttarhaldi hinn 14. júní 1973 gat ákærði þess einnig, að Albert Klan Skaftason hefði gefið sér nokkrar LSD töflur af tegundinni „Green monster" og hefðu þetta verið innan við 10 töflur. Kvaðst ákærði minnast að hafa látið framangreindan Sumarliða Óskar Arnórsson fá 2—3 stykki og hefði hver tafla kostað kr. 500.

Ákærði bætti við framburð þennan í þinghaldi hinn 15. júní 1973. Kvað ákærði afhendingu á framangreindum grænum LSD töflum hafa átt sér stað í bílskúr við Hvammsgerði í Reykjavík og hefði verið þarna um að ræða 5—6 grænar töflur, sem hann hefði afhent Sumarliða Óskari.

Í þinghaldi 20. júní 1973 skýrði ákærði enn fremur frá því, að ofangreindar grænar töflur væru frá Sævari Ciesielski komnar, enda hefði Albert Klan haft orð um, að svo væri.

Ákærði gat einnig þess í þinghaldi hinn 20. júní 1973, að Albert Klan Skaftason hefði oftast verið viðstaddur, er Sævar Ciesielski hefði afhent ákærða LSD til sölu.

Sævar Marinó Ciesielski, fæddur 6. júlí 1955, kom fyrir dóm

hinn 23. júlí 1973. Þar skýrði Sævar þessi frá upphafi á samskiptum hans við ákærða, og var framburður Sævars á svipaðan veg og áðurnefndur framburður ákærða þar um. Enn fremur sagði Sævar Marinó, að hann hefði afhent Albert Klan Skaftasyni 150 LSD þynnur, en Sævar þessi fullyrti, að þær hefðu allar gengið til ákærða að lokum.

Hluta af þessum þynnum kvaðst Sævar Marinó sjálfur hafa í nokkrum ferðum sótt til Alberts Klan og afhent síðan ákærða, m. a. á Hressingarskálanum, smávegis í Sigtúni og loks í bílaleigubifreið, sem ákærði hefði haft til umráða. Framangreindur Sævar kvaðst ekki muna eftir fleiri afhendingarstöðum, en þó kynni svo að vera, t. d. á heimili Alberts Klan, Njálsgötu 44, Reykjavík. Framangreindur Sævar kvað nefndan Albert sér ekki vitanlega hafa tekið við greiðslum hjá ákærða, en Sævar þessi sagði, að verðið til ákærða hefði verið ýmist kr. 250 eða kr. 300.

Sævar Marinó kvaðst hafa tekið við greiðslum frá ákærða í formi tveggja ávísana, annarrar að upphæð kr. 25.000 sem fullnaðargreiðslu fyrir 100 þynnur, en hinnar að fjárhæð kr. 15.000, greiðslu fyrir 50 þynnur. Þá gat Sævar þessi, að langur tími hefði liðið frá afhendingu þynna til ákærða og þangað til að hann hefði fengið greiðslu fyrir þær.

Framangreindur Sævar kvaðst ekki hafa átt önnur viðskipti við ákærða en hér að framan greinir, utan e. t. v. að Albert Klan hefði afhent ákærða nokkrar grænar LSD töflur gegn staðgreiðslu, en töflur þessar sagðist Sævar hafa flutt hingað til lands ásamt um 215 LSD þynnum.

Albert Klan Skaftason, fæddur 16. febrúar 1955, skýrði frá því fyrir dómi hinn 3. júlí 1973, að hann hefði að beiðni Sævars Ciesielski afhent ákærða 45 LSD þynnur u. þ. b. mánuði áður. Albert þessi kvað ekki hafa verið um neina greiðslu að ræða hjá ákærða í þessu sambandi, en framangreind afhending hefði farið fram að Njálsgötu 44, Reykjavík, heimili framangreinds Alberts.

Þegar Albert Klan var af dómara bent á misræmi í framburðum ákærða og Alberts varðandi magn þynna í þessu tilviki, en ákærði hefur borið, eins og að framan getur, að þarna hefði verið um að ræða 50 þynnur, sagði Albert þessi, að vel gæti verið, að hann hefði mistalið þynnur, en Albert kvaðst þó hafa talið þynnurnar og þær reynst vera 45 að tölu.

Þá kvaðst ofangreindur Albert hafa skömmu eftir nefnda af-

hendingu afhent ákærða 30 LSD þynnur og hefði afhending farið fram í bifreið, sem Albert sagðist hafa haft til umráða. Albert Klan lét þess og getið, að í umræddri bifreið hefði verið Sævar Ciesielski, sem hefði átt ofangreindar LSD þynnur.

Varðandi grænar LSD töflur, „Green monster", kvaðst Albert vera þess fullviss að hafa ekki afhent ákærða slíkar töflur, en Albert Klan bætti við, að hefði hann gert það, hefði það verið að undirlagi Sævars Ciesielski, en þær hefðu ekki verið komnar frá sér.

Í þessu þinghaldi gat Albert Klan þess enn fremur, að ákærði hefði a. m. k. tvisvar sinnum gefið sér til neyslu LSD þynnur. Í annað skiptið í Þjórsárdal, þar sem Albert Klan sagði, að ákærði hefði gefið sér tvær inntökur af LSD þynnum. Í hitt skiptið kvað framangreindur Albert ákærða hafa gefið sér um 1/4 úr töflu.

Sumarliði Óskar Arnórsson, fæddur 26. nóvember 1952, skýrði frá því fyrir dómi hinn 14. júní 1973, að hann hefði þá mánuði áður keypt af ákærða 10 „trip". Sumarliði þessi kvaðst hins vegar ekki geta gert grein fyrir, hve oft hann hefði keypt LSD af ákærða.

Þorsteinn Finnbogason, fæddur 12. febrúar 1950, hefur viðurkennt fyrir rétti hinn 14. júní 1973 að hafa keypt af ákærða 2 LSD sýrur og 1 gr af hassi á kr. 1.500, en viðskipti þessi hefðu átt sér stað daginn áður, eða 13. júní 1973.

Jónatan Karlsson, fæddur 23. ágúst 1954, kom fyrir rétt hinn 19. júní 1973 vegna máls þessa. Þar skýrði Jónatan þessi frá því, að hann ásamt öðrum nafngreindum aðilja hefði farið á vinnustað ákærða og fengið þar afhentar 10 LSD þynnur, eða glæra smáa ferninga. Kvað framangreindur Jónatan söluverð hafa verið kr. 4.500.

Ingi Jóhann Hafsteinsson, fæddur 22. júlí 1952, skýrði frá því fyrir rétti hinn 14. júní 1973, að á undanförnum mánuði hefði hann fengið gefins fyrir milligöngu Sumarliða Óskars Arnórssonar LSD í samtals 5 skipti. Kvað framangreindur Ingi, að í fyrsta skipti hefði verið um að ræða glærar LSD þynnur, en í hin skiptin litlar grænar töflur, svonefndar „Green monster". Framangreindur Ingi kvaðst vita með vissu, að Sumarliði Óskar hefði fengið ofangreind efni hjá ákærða nema í eitt skipti.

Eggert Kristinsson, fæddur 31. maí 1953, viðurkenndi fyrir dómi hinn 8. nóv. 1974 að hafa m. a. keypt af ákærða sumarið

1973 2 LSD þynnur, en einnig kvaðst framangreindur Eggert hafa þegið af ákærða LSD af grænni tegund um svipað leyti.

Kristján Viðar Viðarsson, fæddur 21. apríl 1955, bar hér fyrir dómi hinn 28. ágúst 1973, að hann hefði á umræddu tímabili verið staddur ásamt Sævari Ciesielski á Hressingarskálanum, Reykjavík, og Sævar þá sýnt sér glæra límbandsræmu, sem á hefðu verið margar litlar glærur og að sögn Sævars þessa LSD þynnur. Giskaði framangreindur Kristján lauslega á, að þær hefðu verið 40—50 talsins.

Kvaðst Kristján Viðar skömmu síðar hafa orðið vitni að því, er Sævar Ciesielski hefði afhent ákærða nefndar LSD þynnur, og séð, er ákærði hefði greitt Sævari við þetta tækifæri ávísun að upphæð kr. 15.000.

Hinn 18. desember 1973 mættu fyrir dómi vegna samprófunar í máli þessu ákærði og Bárður Ragnar Jónsson, fæddur 26. ágúst 1953, og þar hélt ákærði fast við fyrri framburði, að hann hefði dregið þá ályktun af fyrri skiptum við Bárð þennan og peningaafhendingum til nefnds Bárðar, að umræddar 100 LSD þynnur, sem hann hefði fengið póstsendar frá Kaupmannahöfn, hefðu verið frá Bárði. Kvaðst ákærði og í framhaldi af því hafa póstlagt til Bárðar Ragnars lokagreiðslu vegna meintra viðskipta.

Bárður Ragnar Jónsson lýsti í þessu réttarhaldi ofangreindan framburð ákærða rangan í öllum atriðum. Kvaðst framangreindur Bárður hvorki fyrr né síðar hafa sent, selt eða útvegað ákærða fíkniefni. Bárður þessi sagðist áður hafa staðfest fyrir dómi, að hann hefði dvalið í Kaupmannahöfn frá 8. apríl — 22. júlí 1973. Í nefndu þinghaldi sagðist Bárður þessi þó minnast þess, að skömmu fyrir utanför hefði hann fengið lánaðar hjá ákærða kr. 4.000 ísl. og í því sambandi haft góð orð um að senda ákærða í staðinn smáræði af „kannabis", en ekkert hefði orðið úr því.

Í þinghaldi þessu náðist ekki frekara samræmi milli ákærða og Bárðar Ragnars Jónssonar.

Ákærði var laus úr gæsluvarðhaldi hinn 20. júní 1973, en 12. sept. 1974 kom ákærði aftur fyrir dóm vegna máls þessa. Þar var haft svohljóðandi eftir ákærða:

„Aðspurður segir kærði sér mjög úr minni liðna atburði, sem urðu tilefni rannsóknar á hendur honum vegna meints LSD fíkniefnamisferlis nærri miðju ári 1973. Þó kveðst kærði muna, að misræmis hafi gætt í framburðum varðandi uppruna um 100 LSD þynna, er fundust í fórum kærða í upphafi fyrrnefndrar rannsóknar. Kærði kveðst hafa dregið varnagla í fullyrðingum

um, að nefndar þynnur mundu vera frá Bárði Ragnari Jónssyni, og enn ekki fullyrða, að svo hafi verið."

2. Í ofangreindu þinghaldi hinn 14. júní 1973 skýrði ákærði frá því, að daginn þar áður hefði hann lagt fram kr. 3.500 til hasskaupa. Kvaðst ákærði hafa afhent Sævari Marinó Ciesielski ofangreindar kr. 3.500, en Albert Klan Skaftason hefði síðan afhent sér 10 gr af hassefni og hefði afhending farið fram á Grettisgötu í Reykjavík.

Þá greindi ákærði frá því í þessu réttarhaldi, að hann hefði látið framangreindan Sævar fá ávísun að upphæð kr. 25.000 upp í væntanleg hasskaup. Ákærði kvað ekki hafa orðið úr hassviðskiptum, og sagðist ákærði hafa fengið andvirði ávísunar endurgreitt í peningum.

Sævar Marinó Ciesielski bar fyrir dómi hinn 23. júlí 1973, að hann hefði selt ákærða 20 gr af hassefni skömmu fyrir utanför Sævars þessa hinn 18. júní s. á. Sagði framangreindur Sævar, að afhending hefði farið fram að Grettisgötu 82, Reykjavík, og hefði hvert gr af efninu kostað kr. 300, en um staðgreiðslu hefði verið að ræða. Sævar Marinó kvað enga aðra hafa verið viðstadda framangreinda afhendingu á hassi.

Í máli þessu liggur einnig fyrir framburður Alberts Klan Skaftasonar frá 3. júlí 1973, að hann hefði þá skömmu fyrir utanför Sævars M. Ciesielski hinn 18. júní 1973 afhent ákærða 10 gr af Marokkóhassi að Grettisgötu 82, Reykjavík, en það magn sagði Albert þessi, að nefndur Sævar hefði þá nýlega afhent sér. Framangreindur Albert kvaðst telja, að hann hefði tekið við greiðslu frá ákærða, kr. 300 pr. gr.

3. Föstudaginn 19. október 1973 var ákærði í máli þessu yfirheyrður af lögreglunni í Reykjavík vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis. Í yfirheyrslu þessari viðurkenndi ákærði m. a. að hafa fyrir fjárframlög ákærða og Péturs Sverrissonar keypt um 100 gr af hassefnum um mánaðamótin áður af Sigurþór Stefáns syni. Sama dag kom síðan ákærði fyrir dóm og staðfesti ofangreindan framburð.

Ákærði var yfirheyrður að nýju hjá lögreglu hinn 20. okt. 1973. Þar bætti ákærði við fyrri framburð á þá leið, að ókunnugur maður hefði lagt til kr. 20.000 auk fjárframlaga ákærða og Péturs, en efnismagn, sem ákærði hefði keypt af framangreindum Sigurþór Stefánssyni, hefði verið 300 gr með umbúðum.

Ákærði kom síðan fyrir dóm hinn 9. nóv. 1973 og skýrði frá því, að aðdragandi samskipta við Sigurþór Stefánsson hefði ver-

ið, að Sigurþór þessi hefði boðið ákærða „kannabisefni“ til sölu. Kvaðst ákærði síðan hafa ekið um Reykjavík í því skyni að útvega fé til kaupa þessara með þeim Albert Klan Skaftasyni og Inga Rafni Bæringssyni, sem hefðu aðstoðað ákærða við söfnun peninga. Sagðist ákærði ekki muna eftir öðrum fjárframlögum en kr. 10.000 frá sér sjálfum, sennilega kr. 10.000 frá Pétri Sverrissyni og kr. 20.000, sem áðurnefndir Albert Klan og Ingi Rafn hefðu afhent.

Ofangreinda peninga kvaðst ákærði síðan hafa afhent Sigurþór Stefánssyni að kvöldi dags, en afhending efna hefði ekki orðið fyrr en um hádegi næsta dag. Ákærði kvað þá sennilega hafa vitað efnið á vinnustað ákærða við Bankastræti, Reykjavík. Ákærði sagði, að efnismagn af hassi frá Sigurþór þessum hefði verið um 300 gr og einingarverð hefði verið kr. 300 pr. gr, en kr. 270 pr. gr án umbúða. Áður hafði ákærði í yfirheyrslum skýrt frá því, að hann hefði látið hlutaðeigandi fá efni í hlutfalli við fjárframlög.

Ákærði kom að nýju fyrir dóm hinn 14. nóv. 1973. Þar hélt ákærði fast við áðurgreindan framburð varðandi Sigurþór Stefánsson, nema að því leyti að ákærði kvaðst hafa afhent Sigurþór þessum töluvert efnismagn til baka. Í þessu þinghaldi kom einnig fram hjá ákærða, að a. m. k. 2—3 vikum áður en ákærði fékk efni hjá framangreindum Sigurþór, hefði Albert Klan komið heim til ákærða ásamt pilti og stúlku, er ákærði sagðist ekki þekkja. Kvað ákærði nefndan Albert hafa verið búinn að óska eftir aðstöðu heima hjá ákærða til að vigta efni og skipta því. Ákærði sagði vigt þá, er hér var um að ræða, hafa verið þannig gerða, að einungis hefði verið unnt að setja á hana 100 eða 125 gr, en ákærði kvaðst muna, að Albert Klan hefði komið með köggul, er hefði verið það stór, að orðið hefði að skipta honum til að finna heildarþyngd. Kvaðst ákærði enn fremur minna (sic), að efni hefði verið sömu tegundar og það, er hann hefði síðar fengið hjá Sigurþór Stefánssyni, en áðurnefndir Sigurþór og Albert Klan hefðu báðir talið, að hér væri um svonefndan „rauðan Líbanon“ að ræða. Sjálfur sagðist hins vegar ákærði telja, að efnið hefði í báðum tilvikum verið af tegundinni Marokkó, en drýgt með „naftalíni“ og selt sem Líbanon, þ. e. a. s. sem dýrari og eftirsóttari tegund.

Ákærði kvaðst hafa verið búinn að gleyma ofangreindri meðhöndlun og að skipting efnis hefði farið fram á heimili ákærða. Kvaðst ákærði hins vegar muna með vissu, að framangreint fólk

hefði horfið af staðnum með næstum allt efnismagn, utan þess að reykt hefði verið á heimili ákærða og þess utan, er honum hefði verið gefið af efni þessu.

Áður þennan sama dag, hinn 14. nóv. 1973, hafði Albert Klan Skaftason, fæddur 16. febrúar 1955, skýrt frá því hjá lögreglu og sem hann staðfesti síðan fyrir dómi þennan sama dag, að um miðjan október 1973 hefði ákærði rætt við sig um möguleika á útvegun hassefna. Kvaðst Albert Klan af þessu tilefni hafa rætt við Benóný Ægisson í þessu skyni. Hefði orðið úr, að hann hefði keypt 300 gr af nefndum Benóný, og sagði Albert, að ákærði hefði lagt fram til kaupa þessara kr. 80.000 og hefði ákærði fengið í sinn hlut 220 gr.

Enn á ný mætti ákærði fyrir dómi hinn 15. nóv. 1973. Þar skýrði ákærði frá því, að eftir hann hefði hugleitt málið betur, væri hann þess fullviss, að hann hefði látið Sigurþór Stefánsson fá tvær ávísanir, sem við útgáfu hefðu verið innstæðulausar, aðra að fjárhæð kr. 45.000, en hina að upphæð kr. 40.000. Hefði framangreindur Sigurþór síðan látið sig fá hassefni í samræmi við ávísanir þessar.

Ákærði kvaðst enn fremur þess fullviss, að afhendingar frá framangreindum Sigurþór hefðu verið tvær, önnur á einingarverði 300 kr. pr. gr, en hin á einingarverði kr. 270 hvert gr. Ákærði sagði, að söluverð af sinni hálfu hefði verið mishátt. Yfirleitt kvaðst ákærði hafa reynt að selja hvert gramm á kr. 350, en stundum orðið að lækka það niður í kr. 300.

Að öðru leyti staðfesti ákærði fyrri framburð um fjármögnun kaupa á hassi frá Sigurþór Stefánssyni.

Þá vildi ákærði leiðrétta fyrri framburð um fjárframlög af sinni hálfu varðandi kaup Alberts Klan Skaftasonar á hassefnum. Kvaðst ákærði hafa afhent Albert Klan kr. 55.000. Sagðist ákærði hafa útvegað þetta fé með því að hafa á næstu dögum undan afhendingu móttekið fyrirframgreiðslur frá ýmsu fólki, sem hefði síðan fengið efni í hlutfalli við fjárframlög. Ákærði kvaðst ekki geta nafngreint kaupendur þessa.

Ákærði og Albert Klan Skaftason voru samprófaðir vegna þessa hinn 15. nóv. 1973 og voru sammála um, að ákærði hefði lagt fram um kr. 50.000 sjálfur, en óþekktur piltur hefði lagt fram kr. 25.000.

Hinn 10. desember 1973 var ákærði aftur boðaður fyrir dóm. Þar kvaðst ákærði minnast aðilja, sem lagt hefði fé til kaupa ákærða á hassefnum frá áðurnefndum Sigurþór og Albert Klan.

Ákærði sagði aðilja þennan vera Sumarliða Óskar Arnórsson og hefði Sumarliði Óskar lagt fram kr. 20.000. Kvaðst ákærði hafa afhent framangreindum Sumarliða Óskari tvisvar sinnum af hassefnum þessum.

Í ofangreindu réttarhaldi staðfesti ákærði fyrri framburð að hafa afhent Sigurþór Stefánssyni kr. 132.000 og móttekið frá honum kannabisefni á kr. 275 gr í hlutfalli við heildarupphæð.

Ákærða var í þessu þinghaldi bent á af dómara, að skv. endurteknum framburðum ákærða hefði hann fengið af hassefnum frá Sigurþór Stefánssyni og Albert Klan samtals rúm 600 gr. Ákærði gat þess þá, að hann gæti með engu móti gert nánari grein fyrir öðrum kaupendum en að framan getur, enda hefðu aðrir kaupendur verið margir og smáir og sér lítt eða ekki kunnugir.

Sigurþór Stefánsson, fæddur 4. janúar 1955, skýrði frá því fyrir dómi hinn 1. nóv. 1973, að sennilega um miðjan september þá um haustið hefði Sævar M. Ciesielski komið að máli við sig og gefið í skyn, að hann gæti útvegað hassefni. Kvaðst Sigurþór þessi hafa tjáð framangreindum Sævari, að hann hefði viljað fá eins mikið af efni þessu og unnt væri að útvega, og hefði þá framangreindur Sævar nefnt 1/2 kg og á kr. 250 hvert gr.

Kvaðst ofangreindur Sigurþór hafa snúið sér til ákærða og boðið honum 1/2 kg af hassefni þessu á kr. 270 pr. gr. Sagði Sigurþór þessi, að ákærði hefði tekið boði þessu þakksamlega, en áskilið sér stuttan frest til að útvega fé. Sigurþór kvað ákærða síðan hafa á næstu einum til tveimur dögum smám saman skilað umsaminni fjárhæð.

Framangreindur Sigurþór Stefánsson sagðist hafa fengið ofangreint 1/2 kg af hassi frá nefndum Sævari. En síðan kvaðst Sigurþór þessi hafa afhent ákærða hassefni þetta og hefði afhending farið fram í sendiferðabifreið, sem Sigurþór sagðist hafa haft til umráða.

Ingi Rafn Bæringsson, fæddur 10. mars 1955, kom fyrir dóm hinn 12. nóv. 1973. Þar neitaði Ingi þessi með öllu að hafa verið með ákærða og Albert Klan Skaftasyni við söfnun fjár til fíkniefnakaupa.

Albert Klan Skaftason skýrði hins vegar frá því hjá lögreglu hinn 1. nóvember 1973, að í lok september eða byrjun október hefði ákærði komið að máli við sig og beðið um aðstoð við útvegun á peningum til hasskaupa. Kvaðst Albert þessi síðan hafa ekið í bifreið föður síns með ákærða og Inga Rafni Bæringssyni, en m. a. hefðu þeir komið við í Stórholti, en að sögn framan-

greinds Alberts Klan mun ákærði þar hafa móttekið kr. 20.000 hjá skólabróður Alberts þessa, sem Albert kvaðst þó ekki muna nafnið á. Nefndur Albert Klan sagði, að ákærði hefði sagst munu útvega sjálfur hassefnið og hefðu leiðir þeirra skilið um stund, en ákærði hefði afhent þeim Inga Rafni um 10 gr af hassi u. þ. b. klukkustund síðar. Albert Klan Skaftason gat þess enn fremur, að ákærði hefði sagt við afhendingu á áðurnefndum 10 gr, að ákærði hefði afhent þeim hassefni, sem lagt hefðu fé fram til hasskaupa ákærða.

Albert Klan Skaftason staðfesti ofangreinda frásögn fyrir dómi hinn 5. nóvember 1973.

Pétur Bernhöft Sverrisson, fæddur 23. nóvember 1954, skýrði m. a. frá því fyrir rétti hinn 20. október 1973, að þá nýlega hefði hann afhent ákærða kr. 23.000, sem sá skömmu síðar hefði látið sig fá 70 gr af hassefnum.

Fyrir liggur í máli þessu framburður Benónýs Ægissonar, fædds 29. ágúst 1952, úr þinghaldi 13. nóvember 1973, á þá leið, að Albert Klan Skaftason hefði keypt af sér 300 gr af „rauðum kannabis" og hefði framangreindur Albert greitt fyrir efni þetta rétt um kr. 100.000.

NIÐURSTÖÐUR.

1. Ákæruliður.

Með játningu ákærða, sem studd er framburði Sævars M. Ciesielski, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærulið 1, að undanskildu því, að ekki verður talið sannað gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi keypt meira en 10 gr af Sævari M. Ciesielski.

2. Ákæruliður.

Þá verður einnig talið sannað með skýlausri játningu ákærða, sem studd er framburðum þeirra Sævars M. Ciesielski og Alberts Klan Skaftasonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er greinir í þessum ákærulið, að hafa á tímabilinu maí—júní 1973 útvegað sér LSD þynnur hjá Sævari Marinó Ciesielski og greitt fyrir þær ýmist 250 eða 300 kr. Hér verður ekki talið sannað með hliðsjón af framburði ákærða, að um hafi verið að ræða meira en um 130 LSD þynnur. Ein afhending hafi farið fram á heimili Alberts Klan Skaftasonar að Njálsgötu 44 og hafi nefndur Albert séð um afhendingu þar á 45—50 þynnum.

Í ákæruskjali, lið 2, er ákærða enn fremur gefið að sök að hafa

um sama leyti og að framan greinir látið senda sér frá Kaupmannahöfn í bréfapósti 100 LSD þynnur. Með hliðsjón af framburði ákærða og fundi á 93 LSD þynnum í fórum ákærða verður talið sannað, að ákærði hafi fengið sendar 100 LSD þynnur frá Kaupmannahöfn í bréfapósti, og þegar allir málavextir eru virtir, að ákærði hafi stofnað til sendingar þessarar.

Enn fremur verður að telja sannað með játningu ákærða, sem studd er framburðum Þorsteins Finnbogasonar, Inga Jóhanns Hafsteinssonar, Sumarliða Óskars Arnórssonar, Jónatans Karlssonar og Eggerts Kristinssonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum og er gefin að sök í 2. ákærulið, nánar að hafa selt í Reykjavík ýmsum aðiljum af efni þessu, m. a. Þorsteini Finnbogasyni 2 þynnur á samtals kr. 1.000, Inga Jóhanni Hafsteinssyni þrívegis nokkurt magn, m. a. í eitt skipti 20 þynnur á kr. 450 hverja, Jónatan Karlssyni 10 þynnur á kr. 450 hverja, Eggert Kristinssyni 2 þynnur, verð óvíst. Ókunnugum manni í veitingastaðnum Sigtúni 15 þynnur á samtals kr. 6.000.

Loks mörgum ótilgreindum aðiljum minna magn, og fóru afhendingar fram í nefndum veitingastað.

3. Ákæruliður.

Með játningu ákærða, sem studd er framburðum Sigurþórs Stefánssonar, Alberts Klan Skaftasonar og Benónýs Ægissonar, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærulið 3, nánar að hafa keypt í Reykjavík í september eða október 1973 allt að 500 grömmum af hassi ásamt tveim félögum sínum af Sigurþór Stefánssyni, og kostaði hvert gramm kr. 270. Þó verður hér ekki talið sannað gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi sjálfur lagt til ofangreindra hasskaupa við nefndan Sigurþór meira en kr. 10.000 og fengið efni í hlutfalli við fjárframlag sitt.

Einnig um sama leyti keypt ásamt fleirum hass af Albert Klan Skaftasyni, sem útvegaði efnið hjá Benóný Ægissyni, fyrir kr. 100.000, og var verð á hverju grammi rúmar 300 kr. Í ákæruskjali er ákærða enn fremur gefið að sök að hafa lagt sjálfur fram allt að kr. 80.000 og fengið efni í hlutfalli við það framlag sitt. Ekki verður þó hér talið sannað gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi lagt fram meira en kr. 55.000 sjálfur í þessu skyni. Síðan selt með hagnaði ýmsum ótilgreindum aðiljum megnið af efninu í Reykjavík.

Með háttsemi þeirri, er getur hér um í liðum 1—3 hér að framan, þykir ákærði hafa gerst brotlegur við 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, en áður við 5. gr., sbr. 6. gr. laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl. nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni nr. 257/1969, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

REFSING.

Með háttsemi þeirri, er ákærði hefur nú verið fundinn sekur um, þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar. Ofangreinda háttsemi ákærða verður að meta sem eina samfellda brotaheild, bæði hvað refsingu og fyrningu snertir.

Ákærði er sakhæfur.

Ákærði hefur sætt refsingum og kærum skv. sakaskrá ríkisins sem hér segir:

1970 26/2 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 48. og 49. gr. umferðarlaga.

1974 9/12 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga.

1978 30/8 í Reykjavík: Sátt, 55.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 og 77. gr. hegningarlaga.

1979 2/11 í Reykjavík: Sátt, 630.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga og 71. gr. sömu laga og 78. gr. að hluta.

1980 4/7 í Reykjavík: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Ökuleyfissvipting í 12 mán. frá 20/6 1980.

1980 13/6 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 180.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974 og 71. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt ofangreindu verður nú að dæma ákærða hegningarauka samkv. 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, en refsingu ber einnig að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði. Þar sem langt er liðið síðan ofangreind brot áttu sér stað, þykir rétt að fresta hluta refsingar, en ekki þykir tök á að skilorðs-

binda refsingu að öllu leyti með hliðsjón af því, hve um alvarleg brot er hér um að ræða, og með tilliti til brotaferils ákærða, síðan ofangreind brot áttu sér stað.

Að öllum málavöxtum virtum þykir rétt að fresta fullnustu 5 mánaða af refsivist í 3 ár frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Til frádráttar refsivist þessari komi einnig sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, alls 6 dagar, með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði skal enn fremur með hliðsjón af 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 greiða fésekt, þar sem telja verður, að ákærði hafi haft hagnað af háttsemi sinni, en ekki verður þó ákærða gert að greiða meira í fésekt en kr. 135.000 með hliðsjón af þeim fésektum, sem ákærði hefur gengist undir að greiða samkv. ofangreindum dómssáttum. Verði fésekt þessi hins vegar ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í fésektar stað 10 daga fangelsi.

Samkvæmt ofangreindu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða í máli þessu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 170.000 til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Þá skal með vísan til 69. gr. alm. hegningarlaga og 5. gr. laga nr. 65/1974 gera upptækt til eyðingar 93 þynnur LSD og 4.1 gr af hassi, sem lagt var hald á við rannsókn málsins, svo sem krafist er í ákæru.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp dóm þennan. Dómari máls þessa tók við því hinn 24. október 1980.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Agnarsson, fæddur 10. september 1951, sæti fangelsi í 7 mánuði, þar af skal fresta fullnustu 5 mánaða af refsivist í 3 ár frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Til frádráttar refsingu komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, alls 6 dagar.

Ákærði greiði í fésekt kr. 135.000, og komi 10 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá skal ákærði greiða allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 170.000.

Enn fremur skal gert upptækt til eyðingar 93 þynnur LSD og 4.1 gr af hassi.

Þriðjudaginn 2. nóvember 1982.

Nr. 226/1980. **Eðvarð Felixson**
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn
Sigurði Bernódussyni
(Garðar Garðarsson hdl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október 1980 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á stefnukröfunni og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Því var ekki haldið fram af hálfu stefnda, að áfrýjandi hefði beitt svikum við sölu á íbúð þeirri, sem um er fjallað í máli þessu.

Húsið nr. 4 við Brekkustíg var reist á árunum 1946—1947. Stefndi mátti gera sér grein fyrir, að hann var að kaupa íbúð í húsi, byggðu á þessum árum, og kynni því að skorta á, að ástand hennar væri í samræmi við þær kröfur, sem

gerðar voru til einangrunar í útveggjum húsa, sem síðar voru byggð. Hefur ekki verið sýnt fram á, að einangrun hafi verið lakari en búast mátti við í jafngömlu húsi. Verður ekki talið, að stefndi geti krafið áfrýjanda um bætur vegna þess, að útveggir hafi ekki verið nógu vel einangraðir.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að vatn hafi lekið í gegnum útveggi.

Skipt hafði verið um hitakerfi í íbúðinni, á meðan áfrýjandi átti hana. Höfðu verið settir þar upp rafmagnsþilofnar í stað olíukynntrar miðstöðvar. Telja verður, að stefndi hafi ekki haft ástæðu til að ætla annað en að fjöldi ofna og stærð þeirra væri fullnægjandi til að hita íbúðina nægilega. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna var þessu áfátt í svefnherbergi hjóna og barnaherbergi. Þá var áfrýjanda kunnugt um, að kaldavatnslögn inn í húsið var í barnaherbergi og að raki myndaðist á inntakskrana, þegar vatn rann um leiðsluna. Verður ekki talið, að stefndi hafi mátt gera ráð fyrir slíku eftir skoðun sína á íbúðinni. Hvorki vakti áfrýjandi athygli hans á þessu, að því er séð verður, né að upphitun væri ófullnægjandi. Eins og hér hagar til, þykir stefndi eiga rétt á nokkrum bótum úr hendi áfrýjanda vegna þessara annmarka, og þykja þær með hliðsjón af matsgerðinni hæfilega ákveðnar 2.500.00 krónur. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þá upphæð með 27% ársvöxtum frá 24. september 1979 til 19. janúar 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 6.000.00 krónur, og er þá tekið tillit til matskostnaðar.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Eðvarð Felixson, greiði stefnda, Sigurði Bernódussyni, 2.500.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 24. september 1979 til 19. janúar 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 39% ársvöxtum frá þeim

degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 27. júní 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 7. janúar 1980, af Sigurði Bernódussyni, Brekkustíg 4, Njarðvík, gegn Eðvarð Felixsyni, Nónvörðu 11, Keflavík, til greiðslu afsláttar/skaðabóta að fjárhæð kr. 1.060.500 og matskostnaðar, kr. 239.000, auk 27% ársvaxta frá 19. september 1979 til 1. janúar 1980, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Í greinargerð stefnanda er vaxtakröfu breytt á þann veg, að upphafsdagur dómvaxtakröfu verður 19. janúar 1980.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dagsettum 24. apríl 1978, keypti stefnandi máls þessa neðri hæð tvíbýlishússins að Brekkustíg 4, Njarðvík, af stefnda fyrir kr. 10.000.000. Segir í stefnu, að seint um haustið 1978 hafi farið að bera á miklum raka í útveggjum íbúðarinnar, einkum í stofu og svefnherbergjum, þannig að slagaði gegnum veggina, og teppi blotnuðu. Þá hafi komið fram mjög mikill raki í geymslu undir útitröppum, enda hafi hún reynst vera óeinangruð. Stefnandi hafi þegar kvartað við stefnda, sem hafi hafnað tilmælum um afslátt af kaupverði.

Í greinargerð stefnda, segir m. a., að umrætt hús sé byggt af Hauki Halldórssyni 1946 og 1947 samkvæmt teikningu, dagsettri 26. maí 1946. Haukur hafi selt neðri hæðina fokhelda, en einangraða, og hafi fyrri eigendur auk Hauks verið Kristófer Þorvarðsson og Friðrik Magnússon, er seldi stefnda íbúðina. Stefndi hafi breytt húsnæðinu að nokkru leyti árið 1974, m. a. gert svefn-

herbergi úr þvottahúsi og sett sérrafmagnskyndingu í stað sameiginlegrar olíukyndingar með efri hæð. Í sambandi við breytinguna á kyndingu hafi hann ráðfært sig við Rafveitu Njarðvíkurbæjar, fengið leyfi hennar og rafveitustjórinn hafi sagt til um stærð ofna.

Að samkomulagi varð með aðiljum, að leitað skyldi álits Hreins Óskarssonar byggingameistara á rakamyndun í íbúðinni. Niðurstaða Hreins var svohljóðandi: „Miðað við aðstæður í máli þessu tel ég ekki gerlegt að fella sök á neinn."

Hinn 30. mars 1979 voru Björn Árnason verkfræðingur og Héðinn Skarphéðinsson húsasmíðameistari dómkvaddir á bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur til að skoða og meta galla á umræddri eign. Nánar tilgreint: „1. Rakaskemmdir í austur- og suðurútvegg íbúðarinnar, aðallega niður við plötu, en einnig upp við loft að sunnanverðu í stofu. 2. Raki og kuldi í öllu gólfi íbúðarinnar. 3. Raki í geymslu við inngang. 4. Kaldavatnsinntak, þrýstiprófun og athugun á einangrun þess. Auk þess annað, sem matsmenn kunna að finna athugavert."

Í matsgerð, dagsettri 19. september 1979, segir svo:

„ . . . Í samliggjandi stofum sáust merki raka á norðurútvegg og í suðvesturhorni, ennfremur við glugga, málning nokkuð flögnuð og undirlag bólgið, ennfremur laust harðplast í gluggakistum.

Í svefnherbergi barna sáust svipuð merki raka við loft og gólf, ennfremur laust harðplast á gluggakistum.

Kaldavatnsinntak hússins er í gólfi þessa herbergis. Gat er á gólfefni og hola þar undir, en í henni er stoppkrani, hann og holan blaut.

Í svefnherbergi hjóna sáust rakamerki við gólf. Vakin var athygli á, að á gólfi var tvöfalt gólfteppi, hið neðra með frauðgúmmílagi. Sögðu húsráðendur, að þarna hefði slagað undir í vetur, sem og hefði slagi verið víðar í húsinu í vetur í kuldum. Geymsla undir útitröppum er óeinangruð og óhituð. Rakamerki voru þar.

Sérstaklega hefur verið rætt um loftraka, og matsbeiðninni fylgir vottorð heilbrigðisfulltrúa Suðurnesja, dags. 12. des. 1978.

Mæling hafði farið fram þann dag á raka inn í íbúðinni, og reyndist hann vera 54—58%, en 61% í baðherbergi.

Ekki er þess getið, hver veðurskilyrði voru, er mæling fór fram.

Við skoðun matsmanna þ. 3. maí 1979 var loftraki mældur

með einföldum stofurakamæli, og reyndist hann vera 22—23%, enda var þurrt veður og hafði verið undanfarið. Raki í timbri var mældur (í gólflistum) og reyndist vera 12—20%. Ekki sýnist ástæða til athugasemda vegna þessa, þar sem rakastig í íbúðum er mjög háð ytri og innri skilyrðum og var við skoðun 12. des. 1978 innan eðlilegra marka í íbúðarhúsnæði (40—60%).

Að öðru leyti var kvartað almennt um gólfkulda og loftraka, sem verið hefði í kuldum.

Tvöfalt gler er í gluggum, víðast s.k. „Mixað" gler, þ. e. ekki verksmiðjuframleitt.

Íbúðin er nú rafhituð með þilofnum, en var áður hituð með venjulegri miðstöðvarhitun. Mun þessi breyting hafa verið gerð 1974.

Gerður hefur verið hitatapsútreikningur fyrir íbúðina. Kom þar í ljós, að herbergi barna (SA-horn hússins) og herbergi hjóna (NA-horn hússins) eru verulega vanhituð, einkum hjónaherbergið. Þar til viðbótar virðist koma, að miðstöðvarherbergi, sem liggur milli þessara herbergja og að gangi, er óeinangrað og nú lítt hitað, þar sem ketill hússins er ekki fyrir hendi lengur, en hann hlýtur að hafa gefið frá sér verulegan hita.

Við athugun á einangrun veggja kom í ljós, að hún er í minnsta lagi alls staðar, en einkum í barnaherbergi og svefnherbergi hjóna er hún alls ófullnægjandi (20mm korkur). Í öðrum hlutum hússins er hún heldur meiri (víðast 40mm Heraklit).

Til samanburðar má hafa, að eldri byggingarsamþykktir gefa upp sem hámarkskólnunartölu útveggja K = 1.0, en yngri byggingarsamþykkt frá 1967 K = 0.7 og er reyndar enn lækkuð 1979 í K = 0.473 kcal/m^2 °C.

Útreiknuð gildi þessarar einangrunar er hins vegar:

með 40 mm. Heraklit	K = 1.07
með 20 mm. Korki	K = 1.16

Samkvæmt þessu hefur einangrunin ekki staðist lágmarkskröfur í upphafi og er langt frá því að standast nútímakröfur.

Frágangur gólfs og einangrun þess hafa ekki verið athuguð sérstaklega, þar sem slík athugun ylli verulegum skemmdum. Reiknað hefur verið með, að undir gólfum sé 20 cm lag af gjalli eða því líku með hitaleiðni λ — 0.20. Sé svo, er útreiknað K-gildi 0.83, sem einnig er of hátt.

Upphitun hússins er rafmagnsþilofnahitun. Ofnstærðir eru fullnægjandi nema í áðurnefndum tveim herbergjum og í for-

stofu, miðað við að halda 20° c hita í herbergjum við áætluð verstu skilyrði úti (÷15° c og blástur) og með 50% loftskiftum pr. klst. Þau loftskifti teljast þó vera í lágmarki. Hins ber að geta, að flestir ofnar eru illa staðsettir, þ. e. á innveggjum, í stað þess að vera á útveggjum og helst undir gluggum, þar sem kæling herbergjanna er mest.

Orkunotkun hússins til hitunar hefur verið könnuð hjá Rafveitu Njarðvíkur, og reynist hún vera: í kwst.

	Neðri hæð	Efri hæð
maí '78 — maí '79	25.300	40.290
maí '77 — maí '78	26.730	38.890
maí '76 — maí '77	26.260	42.420

Þess ber að geta, að eigendaskifti hafa orðið á báðum hæðum 1978, á neðri hæð um vorið, og flutti matsbeiðandi þar inn í júní 1978, en á efri hæð virðist nýr eigandi hafa flutt inn í des. 1978.

Samkvæmt því er ekki varlegt að draga víðtækar ályktanir af tölum þessum, vegna þess að nýir heimilishættir geta miklu breytt um orkunotkun. T. d. getur breytt upphitun annarrar hvorrar hæðarinnar haft veruleg áhrif á hitaþörf hinnar.

Orkunotkun hússins er rúmlega 100 kwst. pr. m^3 húss og ár, og kemur það heim við reynslutölur annars staðar frá. Er orkunotkunin mun hærri (a. m. k. 20—30%) en vænta mætti, ef einangrun væri eðlileg.

Kaldavatnsinntak er, eins og áður segir, í gólfi í svefnherbergi barna. Heppilegt væri að flytja inntakið í miðstöðvarherbergið og tengja þar inn á vatnskerfi hússins. Kostnaður við breytingar kerfis innanhúss er mjög lauslega áætlaður, enda pípur faldar í veggjum og gólfum og teikning ekki til.

Þrýstiprófun var ekki framkvæmd, og samþykkti matsbeiðandi það.

Gólfkuldi getur stafað af ýmsu, m. a. lítilli einangrun, raka í grunni og rangri staðsetningu hitagjafa. Þar sem jarðlag er hátt, einkum austan hússins, sýnist heppileg öryggisráðstöfun að grafa frá grunninum og leggja jarðvatnslögn með viðeigandi frágangi.

Þar sem ráðstafanir til bættrar einangrunar gólfa eru mjög dýrar, sýnist ekki ástæða til að mæla með slíku, a. m. k. ekki fyrr en séð verður um árangur annarra aðgerða.

Geymsla inn af forstofu, undir tröppum efri hæðar, er óeinangruð og illa útloftuð og því eðlilega með rakamerkjum. Áætlaður hefur verið kostnaður við úrbætur, en rétt þykir að benda

á, að þarna getur varla neinu hafa verið leynt um ástand geymslunnar.

Varðandi hugsanlegar úrbætur og kostnað við þær skal eftirfarandi talið:

1. Einangrun.

Heppilegt virðist að klæða og einangra um leið til viðbótar alla útveggi í austurhluta íbúðarinnar, þ. e. frá baðherbergi að norðan að eldhúsi að sunnan. Um er að ræða 15.1 lengdarmetra og 38 fermetra. Sé einangrað með 50 mm plasti til viðbótar, verður nýja kólnunartalan töluvert undir kröfu nýju byggingasamþykktarinnar frá 1979.

Kostnaður áætlast sem hér segir:

Efni	241.000
Vinna	288.000
Samtals	529.000

2. Nauðsynlegt er að bæta a. m. k. einum ofni við hitakerfið og færa aðra til:
   - 2.1. Forstofa: skift um ofn.
   - 2.2. Stofa: 2000W ofn færður undir glugga, bætt við ofni úr forstofu á S.vegg.
   - 2.3. Svefnherbergi barna: 2000W ofn færður undir glugga.
   - 2.4. Svefnherbergi hjóna: Nýr 2000W ofn, settur undir glugga. Gamall 1000W ofn í forstofu.

   Kostnaður áætlast sem hér segir:

Nýr 2000W ofn	40.000.-
annað efni	10.000.-
vinna	40.000.-
Samtals:	90.000.-

3. Ráðlegt er að lækka jarðveg austan hússins, grafa niður með sökkli og setja þar jarðvatnslögn og möl umhverfis á venjulegan hátt. Í sama skurð mætti setja vatnsheimæðina, ef færð yrði í miðstöðvarklefann, sbr. áður sagt. Ennfremur þarf að tengja jarðvatnslögnina við frárennslisheimtaug hússins.
   Kostnaður áætlast sem hér segir:

Gröftur og fylling	115.000
Rör og tilh.	30.000
Fagvinna við pípulagnir (lauslega áætlað)	80.000
Samtals:	225.000

4. Nokkur merki raka eru við glugga, m. a. eru sólbekkir bólgnir og þurfa að endurnýjast.
Kostnaður áætlast sem hér segir:

ca. 7 lm. efni	51.500
Vinna	60.000
Samtals:	111.500

5. Kostnaður við að klæða og einangra geymslu undir útitröppum áætlast:
7 m² á 15.000 105.000".

Matsmennirnir staðfestu matsgerðina fyrir dómi, og verður nú greint frá vætti þeirra.

Héðinn Skarphéðinsson kvaðst ætla, að bygging hússins, þar með talin einangrun, hafi ekki verið öðruvísi en tíðkaðist á byggingartíma þess. Hins vegar sé svo varðandi herbergin tvö í austurhluta umræddrar hæðar, þ. e. hjónaherbergi og barnaherbergi, að þau munu upphaflega ekki hafa verið ætluð sem íbúðarherbergi. Einangrun þessara herbergja sé minni en annarra. Reyndar komi fram á teikningu, að hjónaherbergið (í norðausturhorni) hafi verið ætlað sem þvottahús. Vatnsinntakið í herbergi í suðausturhorni, sem nú sé barnaherbergi, bendi enn fremur til, að það hafi verið ætlað sem geymsla eða allavega til annarra nota en íbúðar.

Hann skýrði svo frá, að við skoðun matsmanna hafi verið búið að skipta um glugga í hjónaherbergi, en hann hafi ekki tekið eftir, að frágangi væri ábótavant.

Björn Árnason kvað einangrun, miðað við hvað tíðkaðist á byggingartíma hússins, hafa verið í minnsta lagi, en einkum ófullnægjandi í hjónaherbergi og barna (herbergjum í norðaustur- og suðausturhornum). Á byggingartíma hússins hafi 50 mm korkeinangrun þótt góð, en síðan hafi kröfur um einangrun sífellt verið að aukast. Segja megi, að einangrun með 20 mm korki sé furðulegt fyrirbæri. Hann skýrði frá því, að þeir

matsmennirnir hefðu ekki fundið sérstaka byggingarsamþykkt fyrir Njarðvíkurhrepp á byggingartíma hússins, en þeir hafi haft aðgang að byggingarsamþykkt, sem muni hafa gilt fyrir landið allt eða verið notuð sem fyrirmynd að byggingarsamþykktum hinna einstöku byggðalaga. Þá skýrði Björn Árnason svo frá, að ýmis atriði gætu valdið því, að slagi kæmi fram hjá einni fjölskyldu fremur en annarri í sömu íbúð. T. d. að þrengsli valdi því, að húsgögn liggi upp að köldum veggjum og að vegna stærðar fjölskyldu — fleiri barna — sé í auknum mæli verið með þvotta og aðra vatnsnotkun í íbúðinni.

Þá kom og fyrrgreindur Hreinn Óskarsson fyrir dóminn og gaf nokkrar skýringar á ummælum í álitsgerð sinni.

Stefnandi sagði í aðiljaskýrslu sinni, að hann og eiginkona hans hefðu skoðað íbúðina tvívegis, áður en kaupsamningur var undirritaður, og þá að viðstöddum stefnda og eiginkonu hans og að auki í annað skiptið fasteignasalanum Friðrik Sigfússyni. Um hafi verið að ræða fremur lauslegar skoðanir, en ekki orðið vart við neina galla og stefndi og kona hans ekki heldur nefnt neina galla. Það hafi síðan ekki verið fyrr en í haustveðráttunni sem vart varð við rakann og þá ágalla, sem greinir í matsgerð. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að rakinn í íbúðinni ykist í rigningartíð, en hins vegar þegar skyndilega gerði frost. Þau hjónin hefðu látið rafmagnsofnana „malla" allan sólarhringinn og vanalega haft glugga talsvert mikið opna. Hann kvað þvott vera þveginn í baðherbergi. Þar sé þvottavél og þvottur hengdur upp, þegar ekki sé unnt að hengja hann til þerris úti, enda sé vifta í baðherberginu. Stefnandi kvað ástand íbúðarinnar vera (hinn 27. mars sl.) óbreytt eða mjög svipað því, er greinir í matsgerð, að því undanskildu, að herbergi í suðausturhorni hafi verið einangrað og raki horfið þar nema yfir kaldavatnsröri þvert yfir herbergið. Hann kvaðst sjálfur hafa sett tvöfalt gler í stað einfalds í herbergi í norðausturhorni haustið 1978 og í herbergi í suðausturhorni haustið 1979. Um leið hafi opnanlegir hlutar þeirra verið stækkaðir u. þ. b. tvöfalt.

Eiginkona stefnanda, Ólöf Hilmarsdóttir, kvaðst hafa skoðað íbúðina rækilega ásamt stefnanda tvisvar, áður en kaupin voru gerð, þar af í annað sinnið áður en þau gerðu kauptilboð, sennilega um viku áður en kaupsamningur var gerður. Hún sagði, að sér hefði litist skínandi vel á íbúðina og ekki orðið vör við neina galla. Að gefnu tilefni í skýrslu Hreins Óskarssonar kvaðst hún aldrei hafa notað ofna til að leggja á þá þvott til þerris.

Stefndi skýrði svo frá í aðiljaskýrslu sinni, að stefnandi og eiginkona hans hefðu skoðað íbúðina einu sinni, áður en kauptilboð var gert. Síðan hafi þau komið þar við á leiðinni heim til sín, eftir að kaupsamningur hafði verið undirritaður. Hann sagði, að sér hefði ekki verið kunnugt um neina galla á íbúðinni, er hann seldi stefnanda hana, og ekki orðið var við neina þá galla, sem um ræðir í málinu, meðan hann átti heima þar með fjölskyldu sinni. Hann kvaðst ekki hafa gert neinar breytingar eða endurbætur á þvottaherberginu, er það var gert að svefnherbergi 1974, að öðru leyti en því, að gólfið hafi að miklu leyti verið steypt að nýju. Einangrun hafi verið sett á þann vegg, er vissi að kyndiklefanum, en ekki einangrað að öðru leyti. Hann kvað sér hafa verið kunnugt um staðsetningu á inntaki kaldavatnsleiðslu, en ekki orðið var við raka þar að öðru leyti en því, að „dögg" hafi myndast á inntakskrana, þegar vatn var látið renna um leiðsluna. Hann skýrði svo frá, að rafmagnshitun hefði verið komið á í húsinu vegna þess, að miðstöðvarrörin í grunninum gáfu sig og voru farin að leka, þannig að sífellt þurfti að bæta vatni á kerfið. Kvað hann rafmagnsofnana ekki hafa verið setta á sömu staði og hinir ofnarnir höfðu verið, án þess að nokkur sérstök ástæða væri fyrir frávikunum.

Eiginkona stefnda, Guðrún Gústafsdóttir, kvaðst hafa verið ein heima, er stefnandi og eiginkona hans komu til að skoða íbúðina. Henni hafi fundist skoðunin óeðlilega lausleg, þar sem þau hafi staðið við í mesta lagi 15—20 mínútur. Eftir aðeins um eina klukkustund hafi Friðrik Sigfússon fasteignasali síðan komið með kauptilboð frá stefnanda. Eftir nokkra daga hafi kaupsamningur verið undirritaður og að því loknu hafi hjónin komið öðru sinni í íbúðina og þá til að mæla fyrir gluggatjöldum. Hún skýrði svo frá, að allan þann tíma, er hún átti heima í húsinu, í níu ár, hafi hún aldrei orðið vör við neinn af þeim göllum, sem um ræðir í málinu. Hún sagði, að í klefanum undir útitröppunum hefði alltaf verið nokkur raki, enda engin einangrun þar, og hlyti stefnandi og eiginkona hans að hafa séð þetta.

Vitnið Friðrik Kristján Sigfússon, sem starfrækir Eigna- og verðbréfasöluna í Keflavík, hafði milligöngu um sölu umræddrar íbúðar. Hann sagði, að er hann tók íbúðina í sölu, hefði hann spurt, hvort eitthvað væri athugavert við hana, og því verið svarað neitandi, en áður hefði komið fram leki frá svölum efri hæðar, sem ekki hefði orðið vart við eftir viðgerð. Einnig hefði stefndi bent á, að geymslukompa undir útitröppum væri óein-

angruð og þess vegna myndaðist þar slagi í kuldum. Hann kvað sér hafa litist vel á íbúðina og þegar hann hafi komið þangað til að sýna öðrum hana, hafi hún verið snyrtileg og vel útlítandi í hvívetna og mjög aðgengileg að sínu áliti. Ekki kvaðst hann hafa séð nein merki raka né orðið var við fúkkalykt, þó að slíkt leynist ekki fyrir honum, ef einhver brögð eru að. Hann kvaðst minnast þess að hafa farið með stefnanda og eiginkonu hans til að sýna þeim íbúðina og það jafnvel tvisvar. Hann kvað sig minna fastlega, að þau hjónin hefðu spurt, hvort hiti væri nægjanlegur og hver kyndingarkostnaður væri, og hafi verið svarað, að hiti væri nægur, en hann mundi ekki, hverju var svarað um kyndingarkostnað. Hann kvað sig minna, að stefndi hefði vakið athygli stefnanda á því, að þvottahúsi hefði verið breytt í íbúðarherbergi. Hann kvað sig minna, að kauptilboð hefði verið gert sama dag og hjónin skoðuðu íbúðina. Stefndi hafi síðan að nokkrum tíma liðnum samþykkt tiiboðið óbreytt að því er hann best mundi. Kvaðst hann ekki vita betur en að kaupverð íbúðarinnar hafi verið venjulegt á þeim tíma miðað við stærð og staðsetningu. Hann skýrði svo frá, að stefnandi hefði kvartað við sig út af ástandi íbúðarinnar, þ. e. að hún rynni öll út í slaga, eftir að kaupin urðu, og muni það hafa verið fyrri hluta vetrar 1978—1979 og reyndar örugglega fyrir áramótin. Hann hafi farið og skoðað íbúðina, séð rakatauma á veggjum og móðu innan á rúðum og stefnandi hafi bent á, að málning var að losna frá neðst á veggjum í svefnherbergi svo og í því herbergi, sem áður hafði verið þvottaherbergi. Hann kvað ástand íbúðarinnar hafa komið sér mjög á óvart, enda allt annað og verra en áður.

Vitnið Bjarni Einarsson slökkviliðsmaður kvaðst hafa verið eigandi efri hæðar Brekkustígs 4, Njarðvík, og átt þar heima frá 1971 þar til í desember 1978. Þrátt fyrir nokkurn samgang við íbúa neðri hæðar hefði hann aldrei orðið var við, að þar væri neinn slagi, og aldrei heyrt á slíkt minnst, fyrr en eftir að stefnandi hafði flust þar inn og færði þá í tal, að veggirnir, einkum í stofunni, „svitnuðu". Eiginkona stefnanda hafi sérstaklega talað um raka í herberginu, þar sem þvottahús hafði verið. Hann kvaðst hafa farið niður í íbúð stefnanda og fundið fúkkalykt, er hann kom í hana eða að henni, oftar en einu sinni. Ekki kvaðst hann geta ímyndað sér neina ástæðu fyrir þessu, en tók þó fram varðandi nefnt herbergi, að þar væri íbúðin nokkuð niðurgrafin. Mold liggi utan á austurveggnum og einmitt á þeim

stað, þar sem rakamerkin voru, hafi niðurfall frá þaki legið niður að moldinni og alltaf verið vatnspollur þar í rigningu. Hann kvaðst hafa tekið eftir, að eiginkona stefnanda notaði að einhverju leyti útisnúrur, sem í raun tilheyrðu efri hæð, og fyrst í stað hafi hún virst halda, að snúrurnar tilheyrðu báðum hæðunum. Hann skýrði svo frá, að á árinu 1974 hefði verið skipt um hitakerfi í báðum íbúðum hússins og rafmagnsþilofnar settir í stað venjulegrar olíu-vatns-kyndingar. Kvað hann þilofnana hafa verið a. m. k. nægilega stóra að dómi seljenda þeirra, en hins vegar hafi honum ekki fundist þessi nýja kynding vera jafnjákvæð og sú gamla.

Í málinu hafa m. a. verið lögð fram eftirtalin skjöl:

a) Vottorð Rafveitu Njarðvíkur um hitanotkun í umræddri íbúð á tímabilinu maí 1979 — maí 1980.

b) Vottorð Veðurstofu Íslands um mánaðarmeðalhita á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu maí 1977 — maí 1979.

c) Vottorð íbúaskrár Njarðvíkurbæjar, þar sem fram kemur, að til heimilis með stefnda og eiginkonu hans var eitt barn, fætt 1967, en með stefnanda og eiginkonu hans þrjú börn, fædd 1971, 1973 og 1975.

d) Yfirlýsing Friðriks Magnússonar, Hlíðarvegi 14, Njarðvík, dags. 19. apríl 1980, svohljóðandi:

„Að gefnu tilefni vil ég undirritaður taka fram eftirfarandi vegna íbúðarinnar að Brekkustíg 4, Njarðvík, neðri hæð, sem ég átti og bjó í um 12 ára skeið:

Allan þennan tíma var hitinn í íbúðinni mjög góður. Um raka var ekki að ræða."

e) Yfirlýsing byggingarfulltrúans í Njarðvík, dags. 19. október 1979, svohljóðandi:

„. . . Fyrsta byggingarnefnd Njarðvíkurhrepps var kosin 8. maí 1946. Engin bókun finnst um byggingarleyfi fyrir húsinu, enda er elsta bókaða fundargerð byggingarnefndar frá 20. maí 1951.

Byggingasamþykkt fyrir Njarðvíkurhrepp tók gildi 7. mars 1967 og gilti þar til ný byggingalög og reglugerð tóku gildi á þessu ári. Hvaða byggingasamþykkt var í gildi á byggingartíma hússins, er mér ekki kunnugt."

f) Vottorð heilbrigðisfulltrúa Suðurnesja, dags. 12. desember 1978, svohljóðandi:

„Þriðjudaginn 12. des. s.l. gerði ég undirritaður hita- og rakastigsmælingar að Brekkustíg 4, n.h., Njarðvík, að ósk húsráðanda Niðurstöður voru eftirfarandi:

Barnaherbergi í N.A. horni	rakastig	57%
Hjónaherbergi í S.A. horni	rakastig	57%
Eldhús	rakastig	54%
Hol	rakastig	58%
Stofa í vestur enda	rakastig	58%
Baðherbergi	rakastig	61%
Hitastig mældist um 22°c.		
Meðaltalsrakastig		57.5%

Greinilega rakamyndun mátti finna á teppi við útvegg í barnaherbergi og slagabletti á veggjum neðantil.

Í hjónaherbergi voru slagablettir neðantil á útveggjum og uppi við loft í hornum.

Dýna, sem lá þar á gólfinu við innvegg, var blaut eftir endilangri miðju, og virðist illa frágengin kaldavatnslögn þar í gólfinu valda því.

Í stofu var slagi í S.V. horni.

Geymsla við inngang er án einangraðra útveggja, og voru veggir hennar blautir og bleyta á gólfi.

Raki í íbúðinni er óæskilega mikill og getur orsakað kvef og kvilla hjá börnum og einnig fullorðnum."

g) Vottorð heilbrigðisfulltrúa Suðurnesja, dags. 20. febrúar 1979, svohljóðandi:

„Miðvikudaginn 14. feb. s.l. gerði undirritaður rakastigsmælingar að Brekkustíg 4. n.h., Njarðvík, að ósk húsráðanda.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

Herbergi í N.A. horni	rakastig	57%
Herbergi í S.A. horni	rakastig	57%
Eldhús	rakastig	54%
Hol	rakastig	55%
Stofa	rakastig	56%
Baðherbergi	rakastig	56%
Hitastig inni mældist 22 + c.		
Hitastig úti mældist +4c, veður stillt og þurrt.		

Um önnur atriði vísast til skýrslu um sömu íbúð frá 12. des. 1978."

Við vettvangsathugun dómenda kom fram, að jarðvegur nær u. þ. b. 10 sm upp fyrir gólfplötu á austurhlið umræddrs húss.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að hin selda eign hafi við kaupin verið haldin leyndum göllum, sem hafi orsakað rakann í íbúðinni. Krafan um skaðabætur styðst við lögjöfnun frá 2. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922 og er rökstudd með því,

að stefnandi keypti íbúðina vel útlítandi og fullu verði og mátti gera ráð fyrir, að hún væri ekki haldin þeim göllum, sem í ljós hafi komið. Stefnda hafi átt að vera ljósir þessir gallar og hann átt að vekja athygli stefnanda á þeim, því að hann hafði átt lengi heima í íbúðinni. Krafan um afslátt styðst við lögjöfnun frá 1. mgr. 42. gr. kaupalaga og byggist á því, að þar sem íbúðin hafi við kaupin verið haldin leyndum göllum, beri stefnanda afsláttur af kaupverði án tillits til huglægrar afstöðu stefnda. Fjárkröfur stefnanda byggjast á matsgerð og tillögum matsmanna um nauðsynlegar úrbætur og sundurliðast þannig:

1.	Einangrun veggja í austurhluta íbúðar	kr.	529.000
2.	Nýr 2000 w rafmagnsofn, ofnar færðir undir glugga	—	90.000
3.	Jarðvegur lækkaður, jarðvatnslögn lögð með sökklum, tengd frárennsliskerfi og vatnsinntak fært	—	225.000
4.	Geymsla klædd og einangruð	—	105.000
5.	Endurnýjun sólbekkja vegna raka, sem í þá hefur komist	—	111.500
6.	Matskostnaður	—	239.000
		Samtals kr.	1.299.500

Vaxtakrafa er í samræmi við lög nr. 10/1961, vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands og lög nr. 56/1979 um dómvexti.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa reist á eftirtöldu:

1. Umrætt hús hafi að öllu leyti verið byggt í samræmi við það, sem tíðkaðist á byggingartíma þess, og verði stefnandi að sætta sig við það, þótt öðruvísi sé byggt nú.
2. Ekki sé um leynda galla að ræða og jafnvel þótt einhverjir þeirra yrðu taldir leyndir, beri stefndi ekki ábyrgð á þeim, þar sem hann hafi hvorki gert sér grein fyrir þeim, sérstaklega að því er varðar einangrunina, né hafi hann byggt húsið, en í slíkum tilvikum sé ábyrgð á göllum talin rikari.

Varakrafa stefnda er reist á því, að matsgerð geri ráð fyrir kostnaði, sem sé sameiginlegur, þ. e. vegna einangrunar á miðstöðvarklefa og lækkun jarðvegs hússins. Þá beri einnig að taka tillit til þess til lækkunar á stefnukröfunni, að nýtt komi í stað gamals.

Við munnlegan flutning málsins kom fram sú málsástæða af hálfu lögmanns stefnanda, að með ófullnægjandi og leyfislausri breytingu stefnda á íbúðinni úr þriggja herbergja í fjögurra her-

bergja hafi komið til um það bil 15% hækkun söluverðs, eða kr. 1.500.000, sem stefnandi ætti þá rétt á sem afslætti. Lögmaður stefnda mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni, og verður fallist á þau andmæli.

Það er álit dómsins, að stefnanda hafi ekki átt að leynast við skoðun, að geymsla inn af forstofu, undir tröppum, var óeinangruð. Ekki verður heldur fullyrt, að sólbekkir hafi verið gallaðir við kaupin eða að hugsanlegir gallar hafi mátt leynast stefnanda, en að auki kemur hér til, að stefnandi hefur skipt sjálfur um glugga í tveimur herbergjum. Ber því að sýkna stefnda af þeim liðum dómkrafna stefnanda, sem lúta að þessum atriðum.

Að öðru leyti verður með vísan til matsgerðar litið svo á, að íbúðin hafi verið haldin þeim ágöllum, sem þar greinir, og verður bótakrafa stefnanda vegna þeirra tekin til greina með svofelldum rökstuðningi:

Útlit, aldur og kaupverð gaf ekki tilefni til að búast mætti við göllunum. Ekki varð ætlast til, að stefnandi, sem er ekki sérfróður um byggingar, gerði sér grein fyrir þeim við skoðun. Stefndi framkvæmdi sjálfur breytingar varðandi hitakerfi og með því að gera íbúðarherbergi úr þvottahúsi (í norðausturhorni), hvort tveggja án nægilegrar fyrirhyggju og vandvirkni. Stefnda var kunnugt um staðsetningu vatnsheimæðar í herbergi í suðausturhorni. Gallar varðandi allsófullnægjandi einangrun þess herbergis og of háan jarðveg án framræslulagnar við austurhlið hússins eru ekki þess eðlis, að þeir hafi með eðlilegri athygli getað leynst stefnda allan þann tíma, sem hann átti heima í íbúðinni.

Ekki verður fallist á varakröfu stefnanda (sic), þar sem stefndi bar alfarið ábyrgð gagnvart stefnanda, enda urðu gallarnir honum einum til tjóns, en ekki eiganda efri hæðar, og krafa um lækkun vegna þess, að nýtt komi í stað gamals, er ekki studd lagarökum og samrýmist ekki dómvenju í málum vegna galla í fasteignakaupum.

Fallist er á kröfu stefnanda um greiðslu matskostnaðar svo og vaxtakröfu hans. Um bótafjárhæðir að öðru leyti verður niðurstaða matsgerðar lögð til grundvallar.

Samkvæmt framanrituðu verða úrslit málsins þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 1.083.000 (529.000 + 90.000 + 225.000 + 239.000) ásamt 27% ársvöxtum frá 19. september 1979 til 19. janúar 1980, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber að dæma

stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.000.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Vilhjálmi Grímssyni bæjartæknifræðingi og Skarphéðni Jóhannssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Eðvarð Felixson, greiði stefnanda, Sigurði Bernódussyni, kr. 1.083.000 ásamt 27% ársvöxtum frá 19. september 1979 til 19. janúar 1980, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 300.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1982.

Nr. 132/1980. **Hreiðar Hermannsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Sigurði Magnússyni
og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Verksamningur. Gallar. Skaðabætur. Sáttaumleitun. Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. ágúst 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð

verði úr gildi felld. Hann krefst til vara sýknu af kröfu gagnáfrýjanda og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. september 1980. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 8.795.00 krónur (nýkr.) með 19% ársvöxtum frá 23. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 46.4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu hæstaréttardóms og með hæstu innlánsvöxtum banka á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags, 3.820.00 krónur (nýkr.) í mats- og málskostnað í héraði auk málskostnaðar í Hæstarétti. Þá krefst hann, að staðfest verði fjárnámsgerð í fasteigninni Lambhaga 8, Selfossi, 23. júlí 1980 til tryggingar framanrituðum dómkröfum.

Krafa aðaláfrýjanda um, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, er byggð á því, að málið hafi ekki verið lagt til sátta fyrir sáttamenn, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, að mál þetta hafi verið undanþegið sáttatilraun fyrir sáttamönnum samkvæmt 1. mgr. 78. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 80. gr. sömu laga.

Á þetta verður þó ekki fallist. Var málið ekki undanskilið sáttatilraun sáttamanna, hvorki samkvæmt hinum tilvitnuðu lagaákvæðum né öðrum ákvæðum laga. Bar héraðsdómi því að vísa því sjálfkrafa frá dómi af greindri ástæðu. En þar sem sótt var þing af hálfu aðaláfrýjanda í málinu í héraði, án þess að krafist væri frávísunar málsins, og þar sem sáttatilraunir fyrir sáttamönnum hafa enn fremur verið úr lögum numdar, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1981, þykir eigi rétt að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu frá héraðsdómi vegna greinds annmarka.

Fallast má á það með héraðsdómi, sem skipaður var byggingafróðum meðdómendum, að veigamikil missmíð hafi verið á því verki, sem aðaláfrýjandi hafði tekið að sér sem húsasmíðameistari við byggingu hússins nr. 4 við Bessahraun í Vestmannaeyjum.

Aðaláfrýjandi ber fébótaábyrgð á tjóni því, sem gagnáfrýjandi hefur beðið af þessum sökum. Þykir mega fallast á úrlausn héraðsdóms um fjárhæð bóta.

Samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda var gert fjárnám eftir héraðsdómi í húseign aðaláfrýjanda hinn 23. júlí 1980. Gagnáfrýjandi gerði ekki fyrirvara um áfrýjun af sinni hálfu, og hefur hann því fyrirgert áfrýjunarrétti til heimtu hærri fjárhæða en héraðsdómur dæmdi. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur með þeirri breytingu, sem leiðir af breyttu verðgildi íslensks gjaldmiðils. Með því að engir annmarkar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð ber og að staðfesta hana.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eru staðfest.

Aðaláfrýjandi, Hreiðar Hermannsson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Magnússyni, 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 10. apríl 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. f. m., hefur Sigurður Magnússon, Hásteinsvegi 56 A, Vestmannaeyjum, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. mars 1979, á hendur Hreiðari Hermannssyni húsasmíðameistara, Ásavegi 5, Vestmannaeyjum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.065.450 ásamt með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 23. nóvember 1978 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Við munnlegan málflutning breytti lögmaður stefnanda kröfum varðandi vexti á þá leið, að auk 3% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 23. nóvember 1978 var nú krafist

4% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. júní 1979 til 1. september 1979 og 4.5% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og varakröfu varðandi vexti þannig, að reiknaðir væru almennir innlánsvextir af stefnukröfu frá 23. nóvember til útgáfudags stefnu, 29. mars 1979, en eftir það hæstu innlánsvextir, sem væru reiknaðir hjá bönkum, í samræmi við lög um dómvexti, en höfuðstóll dómkröfu var sem fyrr kr. 1.065.450.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og í því tilviki verði honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar, en skömmu eftir að mál þetta var höfðað, flutti stefndi með heimili sitt og starfsemi sína að Selfossi. Telja verður, að málið hafi verið undanþegið sáttatilraun sáttamanna og héraðsdómara hafi verið heimilt að leita sátta í því.

MÁLSATVIK.

Í marsmánuði 1978 hófust framkvæmdir við nýbyggingu stefnanda nr. 4 við Bessahraun. Stefndi var húsasmíðameistari við byggingu hússins og var jafnframt verktaki að uppslætti. Seinni hluta júnímánaðar hafði verið lokið við að slá upp fyrir húsinu, og var þá tekið til við steypuvinnu. Stefnandi vann síðan sjálfur að því að rífa frá húsinu, bæði innanhúss og utan. Stefnandi hefur borið, að þá hafi hann orðið þess áskynja, að útlit hússins var ekki í samræmi við þá teikningu af húsinu, sem hann hafi haft undir höndum. Hefði hann þannig tekið eftir, að gluggar í þrem svefnherbergjum hefðu verið of háir svo og baðgluggi. Leitaði stefnandi nú (í júlí 1978) til Þorvalds Skúla Sívertsen, starfsmanns Meistarafélags byggingaiðnaðarmanna, Vestmannaeyjum, er benti stefnanda á svonefnda gæðamatsnefnd, en á sínum tíma var gerður málefnasamningur milli meistarafélagsins og Félags byggingaiðnaðarmanna um að skipa menn í gæðamatsnefnd í hverri iðn til að meta vinnugalla, þ. e., hvort unnið væri rétt eftir teikningu viðkomandi húss. Tveir menn voru nú tilnefndir til að gæðameta bygginguna, og tilnefndi stjórn Meistarafélags byggingaiðnaðarmanna, Vestmannaeyjum, annan, en Félag byggingaiðnaðarmanna, Vestmannaeyjum, hinn. Í skriflegri álitsgerð, sem menn þessir skiluðu síðan um

skoðun sína, sagði m. a.: „Samkvæmt beiðni var hús Sigurðar Magnússonar, Bessahrauni 4, yfirfarið vegna meintra galla. Og í ljós kom, að gluggar voru ýmist með skökk mál eða skakkt í settir. Eftirfarandi gallar fundust við skoðun.“ Gallarnir eru síðan nánar tilgreindir í álitsgerðinni.

Hin skriflega álitsgerð er út gefin 26. júní 1978, en aðiljar virðast ekki hafa komið sér saman um lyktir málsins, og þann 21. september 1978 ritar stefnandi bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum svohljóðandi matsbeiðni: „Ég undirritaður leyfi mér hér með að fara þess á leit við yður, hr. bæjarfógeti, að þér dómkveðjið tvo þar til hæfa óvilhalla sérkunnáttumenn til að meta til peningaverðs galla á smíði húseignarinnar nr. 4 við Bessahraun hér í Vestmannaeyjum, eign minni.

Gallar þessir lýsa sér þannig, að allir gluggar eru settir skakkt í, hurðaop, sem eru 4, eru öll of stór, ekki hefur verið gert ráð fyrir tveimur gluggum ofan við bílskúrshurðir, útfellingar á húsinu munu vera skakkar. Verktaki við uppslátt að húsinu var Hreiðar Hermannsson, Ásavegi 5, Vestmannaeyjum, sem ber ábyrgð á þessum göllum.

Þess er óskað, að hinum dómkvöddu mönnum verði fyrir lagt að skila skriflegri, sundurliðaðri og rökstuddri lýsingu og mati á framangreindum göllum og hvað kosta muni að bæta úr. Verði þeim gert að veita mér svo og Hreiðari Hermannssyni húsasmíðameistara, Ásaveg 5, Vestmannaeyjum, kost á að vera viðstaddir matið, svo að við getum gætt þar hagsmuna, en matið fari fram svo fljótt sem því verður við komið.“

Í framhaldi af matsbeiðninni dómkvaddi bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum nú þá Viðar Má Aðalsteinsson tæknifræðing og Erlend Pétursson byggingameistara sem hæfa og óvilhalla mats- og skoðunarmenn til að framkvæma hið umbeðna mat. Hinir dómkvöddu matsmenn framkvæmdu hið umbeðna mat, og í skriflegri mats- og skoðunargerð þeirra segir svo:

„Í íbúðarhúsi eru 8 gluggar, sem lækka verður um 10—24 cm., kostnaður metinn kr. 459.500.

Í bílgeymslu verður að brjóta fyrir glugga á norðurhlið og hurð á suðurhlið og gera ráðstafanir út frá því. Kostnaður metinn kr. 485.950. Samtals kr. 945.450.

Þynningar passa, er gluggar hafa verið lækkaðir.

Varðar glugga í stofum, skála, gangi og bílgeymslu.

Lofthæð hússins er 9—12 cm. hærri en gert er ráð fyrir á teikningum. Afsetning glugga fer þannig fram hjá velflestum hús-

byggjendum hér í bæ, að mælt er frá gólfi á 1—2 stöðum, gluggahæð lögð við þá tölu og fengin efri mörk glugga. Þessi lína er síðan tekin með hallamæli á alla glugga hússins. Sé um að ræða frávik frá þessari línu, er mælt ± frá línunni. Hæð fyrir ofan gluggga er síðan mæld frá mældri línu.

Aðferð þessi tekur því tiltölulega lítið mið af hæð og gólfi upp í glugga og kann því að valda fráviki á hæðum frá plötu upp í glugga. Ónákvæmni við steypu plötunnar er veruleg að jafnaði. Í könnun, sem gerð var á nokkrum einbýlishúsum, er í byggingu eru, kom fram, að hæð frá plötu upp í glugga er með nákvæmnisstuðul upp á ± 6 cm. Er það því mat undirritaðra varðandi þetta hús, að ónákvæmni sú, er sýnd er á teikningu neðanvert, sé innan þeirra nákvæmnismarka, sem ríkjandi eru í byggingu húsa hér í bæ og beri því ekki að taka tillit til þessara glugga í matinu. Mál glugga standast fullkomlega, sömu lögmál gilda um glugga í bílgeymslu að sunnan.

Í fjölbýlishúsum Byggingaráætlunar Vestmannaeyja var nákvæmnisstuðull settur ± 2 cm., hins vegar varð hann í framkvæmd ± 6 cm., og var það látið gott heita af hálfu verkkaupa, er þetta tekið sem dæmi."

Hinn 23. nóvember 1978 ritar stefnandi stefnda bréf og krefur hann um greiðslu á kr. 945.450 í samræmi við niðurstöðu matsgerðarinnar og auk þess matskostnað, kr. 120.000, eða samtals kr. 1.065.450. Stefndi ritar síðan stefnanda svarbréf hinn 27. nóvember 1978, þar sem segir m. a. svo: „Hvað varðar smíði og ísetningu á gluggum í húsi yðar var farið nákvæmlega eftir gluggateikningu, sem þér komuð með og hafið undir höndum. Varðandi bílgeymslu er þess að gæta, að smávægilegar breytingar voru gerðar samkvæmt eindreginni ósk yðar og á yðar ábyrgð, og er því tilhæfulaust að gera síðar kröfur á hendur mér vegna þessa."

Enn ritar stefnandi stefnda bréf hinn 2. desember 1978, og segir þar m. a. svo: „Ég hefi móttekið bréf yðar, dags. 27. nóv. s.l., sem svar við bréfi mínu, dags. 23. nóv. s.l. Þér mótmælið byggingargöllum á fasteigninni Bessahrauni 4. Byggingargallarnir eru nú skoðaðir og metnir af tveimur sérfræðingum skipuðum af bæjarfógeta, en þér mættuð við matið og hreyfðuð þar ekki andmælum gegn því, að byggingargallarnir væru til staðar, enda sýna þeir sig eins og lýst er í matsgerðinni. Eins og þér munið, buðuð þér mér á sínum tíma kr. 300.000 í skaðabætur vegna þessa, sem ég taldi mig ekki geta gengið að, þar sem ég taldi

ekki verða bætt úr göllunum fyrir það sem nú er komið á daginn. Að þessu boði yðar hef ég vitni.

Þér segið, að ég hafi beðið um smávægilegar breytingar á bílgeymslu. Það eru tilhæfulaus ósannindi.

Ég mun nú fela lögfræðingi að annast um innheimtu skaðabóta minna á hendur yður, eins og þær eru metnar af matsmönnum, auk alls kostnaðar."

Stefnandi höfðaði nú mál á hendur stefnda, eins og að framan greinir. Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum á þessa leið: „Stefnandi kveður umstefndar skaðabætur vera samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, Erlendar Péturssonar, húsasmíðameistara, og Viðars Aðalsteinssonar, tæknifræðings, vegna galla á smíð húss stefnanda nr. 4 við Bessahraun í Vestmannaeyjum, kr. 945.450, auk kostnaðarreikninga matsmanna, kr. 60.000 til hvors þeirra eða kr. 120.000, en samanlagðar fjárhæðirnar gera stefnukröfuna, kr. 1.065.450. Stefndi var húsasmíðameistari við húsbyggingu þessa, sem er nýbygging, og var hann jafnframt verktaki við uppslátt á húsinu. Gallarnir voru þeir, að allir gluggar höfðu verið settir skakkt í, hurðaop, sem eru 4, voru öll of stór, ekki hafði verið gert ráð fyrir tveimur gluggum ofan við bílskúrshurðir og útfellingar á húsinu skakkar. Hafði stefnandi beðið um dómkvadda sérkunnáttumenn til að framkvæma mat á ágöllum þessum með bréfi 21. september 1978, og voru dómkvaddir menn, framanritaðir matsmenn, 27. september 1978, og höfðu þeir skilað matsgerð sinni 23. nóvember 1978, og er matsgerðin skrifleg og rökstudd, en ódagsett. Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur, og er því mál þetta höfðað."

Stefndi lýsir málavöxtum hins vegar á þessa leið í greinargerð: „Málavextir eru þeir, að vorið 1978 sló stefndi upp einbýlishúsi fyrir stefnanda eftir teikningu gerðri af Kjartani Sveinssyni, tæknifræðingi. Við uppsláttinn og ísetningu á gluggum fór stefndi nákvæmlega eftir fyrirliggjandi teikningu, en bílgeymslu var breytt eftir eindreginni ósk stefnanda, sem kvaðst hafa til þess fulla heimild frá teiknaranum. Var bílgeymsla teiknuð með kyndiklefa í horni og hurð þar inn, en vegna væntanlegrar hitaveitu sá stefnandi ekki ástæðu til annars en sleppa þessu. Þá var gluggum yfir hurð í bílgeymslu sleppt vegna eindreginna óska stefnanda skv. sömu heimild hans frá teiknara hússins."

Í greinargerð stefnda er enn fremur tekið fram varðandi gluggateikningar, að stefndi hafi farið eftir þeirri teikningu,

sem stefnandi hafi fært honum í hendur, en nokkru eftir að uppslætti hafi verið lokið, hafi stefnandi tekið þessa teikningu hjá stefnda og hafi hann ekki séð hana síðan. Stefnandi hafi enn fremur haft sama hátt á um teikningu þá, sem hafi legið hjá bæjaryfirvöldum, þ. e. að hann hafi fengið hana léða vegna húsnæðismálastjórnarláns, að hans sögn, og hafi þannig orðið nokkrar breytingar á teikningum á húsi stefnanda.

Aðiljar málsins hafa komið fyrir dóminn svo og vitnin Þorvaldur Skúli Sívertsen og Valur Andersen. Þá hafa hinir dómkvöddu matsmenn komið fyrir dóminn til staðfestingar á matsgerðinni og vitnayfirheyrslu.

Framburðir eru sem hér segir:

Stefnandi, Sigurður Magnússon, 41 árs, sjómaður, Hásteinsvegi 56 A, Vestmannaeyjum, sagði, að um áramótin 1977/1978 hefði hann falið stefnda að vera byggingameistari og verktaki við fyrirhugaða nýbyggingu sína nr. 4 við Bessahraun hér í bæ. Hafi stefnandi átt að sjá um alla smíðavinnu. Hafi framkvæmdir við byggingu hússins byrjað í marsmánuði 1978 með því, að slegið hafi verið upp fyrir grunni, og hefði Valur Andersen og bróðir hans Þorkell annast það verk. Í kringum 20. apríl 1978 hafi svo verið hafist handa við að slá upp fyrir hæðinni og hefði Valur Andersen unnið að því verki ásamt stefnda, en stefnandi kvaðst ekki hafa komið þar nærri að öðru leyti en því, að hann hafi aðstoðað þá við að koma þaksperrum upp. Hann kvaðst fyrst hafa tekið eftir því, að bílskúrshurðaropin væru of lág, og þá kallað í stefnda og bent honum á, að þau væru of lág, og stefndi viðurkennt, að þetta væri mistök hjá þeim og lofað að bæta úr, en hins vegar hefði kveðið við annan tón hjá stefnda nokkrum dögum síðar, er hann hefði talað við stefnda og menn hans vegna útlits hússins og bent þeim á, að gluggarnir væru of háir. Stefndi hafi nú sagt, að varla yrði farið að brjóta gluggana úr fyrir þessa 10 cm, sem þeir væru of háir. Á meðan á samkomulagsumleitunum Meistarafélags- og Félags byggingaiðnaðarmanna í Vestmannaeyjum stóð, sagði stefnandi, að stefndi hefði boðið sér kr. 300.000 í skaðabætur vegna verksins. Hann kvað smiðina hafa tekið það upp hjá sjálfum sér að sleppa kyndiklefa í bílskúr og aldrei hefði hann farið fram á, að gluggum í bílskúr yrði sleppt. Þá kvað hann stefnda og menn hans hafa undir höndum gluggateikningarnar, því stefndi og/eða Valur Andersen hefði náð í gluggateikningarnar heim til sín og hefði eiginkona sín afhent viðkomandi teikningarnar, en sjálfur kvaðst

hann þá hafa verið á sjó. Stefnandi skýrði að öðru leyti afskipti sín af teikningunum varðandi húsið sem hér segir: Hann kvaðst upphaflega hafa fengið teikningarnar af húsinu í ágúst/september 1977. Hefði þar verið um að ræða útlitsteikningu og grunnteikningu. Kvaðst hann hafa afhent byggingarfulltrúa bæjarins þessar teikningar, fljótlega eftir að hann fékk þær í hendur. Byggingarnefnd hafi samþykkt teikningarnar og hefði þáverandi meistari, Valgeir Jónasson, byrjað að slá upp fyrir sökklinum í október—nóvember 1977. Hins vegar hefði orðið að rífa niður það, sem búið var að slá upp, vegna þess að gleymst hafði að „víbra" undir uppsláttinn, og hefði hann í framhaldi af því falið stefnda að taka að sér verkið um áramót 1977/1978. Hann kvaðst nú hafa sent Húsnæðismálastofnun ríkisins teikningar af húsinu í marsmánuði 1978 og hefði hann fengið þær teikningar hjá byggingarfulltrúanum, en aðrar teikningar hefði hann fengið frá Kjartani Sveinssyni og látið byggingarfulltrúann hafa þær. Eftir að búið hafi verið að rífa utan af húsinu, kveðst stefnandi hafa farið til Reykjavíkur og hitt Kjartan Sveinsson að máli og skýrt honum frá málavöxtum. Hefðu þeir farið í gegnum teikningarnar í sameiningu og hefði honum þá orðið ljóst, að smiðirnir hefðu ruglað gluggum, þannig að gluggar, sem vera áttu í eldhúsi, hefðu farið í svefnherbergi. Eftir að hafa verið í Reykjavík kveðst stefnandi hafa fengið senda teikningu frá Kjartani Sveinssyni. Teikningar þær, sem farið hafi verið eftir við matið, kvað stefnandi hafa verið eftirrit (kópíur) af teikningum, sem stefnandi fékk hjá Kjartani Sveinssyni, eftir að hann hafði heimsótt hann í Reykjavík. Stefnandi kvaðst aldrei hafa farið fram á breytingar á teikningum og ekki vita til þess, að hönnuður (teiknari) hússins hafi gert breytingar á teikningum.

Stefndi, Hreiðar Hermannsson, 31 árs, byggingameistari, til heimilis að Lambhaga 8, Selfossi, sagði hins vegar, að bílgeymslunni hefði verið breytt að ósk stefnanda. Hann kvað teikningar þær, sem fram væru lagðar í málinu, væru ekki þær sömu og hann notaði við byggingu hússins. Á grunnteikningu þeirri, sem hann hafi farið eftir, hafi þannig staðið kyndiklefi, en á grunnteikningu þeirri, sem lögð sé fram í málinu (dskj. nr. 18), standi inntak hita. Einnig sé á það að líta, sagði stefndi, að hafi verið gert ráð fyrir olíukyndingu, hefði ekki verið um það að ræða, að steyptir veggir yrðu settir og hurð sökum þess, að stefnandi hafi beðið um þessa breytingu vegna þess, að fyrir-

hugað var, að hitaveita kæmi í húsið. Hann kvað teikningu þá, sem hann hafi notað við byggingu hússins, ekki hafa borið með sér, að hún væri samþykkt af byggingarnefnd, en hins vegar hafi stefnandi sagt sér, að þetta væri sama teikning og byggingarnefnd hafi verið búin að samþykkja. Ónákvæmni hefði hins vegar gætt í teikningum hússins, sams konar og kæmi fram á grunnteikningu þeirri, er lögð væri fram í málinu, en þar sé þess getið í skurði af bifreiðageymslu, að gólfflötur sé 39.96 m², en í skurði A—A á sama dskj. sé gólfflöturinn tilgreindur 40.20 m². Hann kvaðst hafa fengið teikningar þær, sem hann hafi notað við byggingu hússins, í hendur um mánaðamót mars/apríl 1978, en hins vegar hafi hann ekki lengur aðgang að þessum teikningum, þar sem stefnandi hafi þær nú undir höndum. Hann kvað ástæðurnar vera þær, að er matið hafi verið framkvæmt, hafi hann verið viðstaddur og þá komið með teikningu, sem hann hafi ætlað matsmönnum og sem hann taldi, að hafi verið grunnteikningin af húsinu. Hann kveðst hafa afhent Viðari, öðrum hinna dómkvöddu matsmanna, teikninguna, en stefnandi þá samstundis spurt, hvort hann ætti ekki teikningarnar, og tekið teikninguna úr höndum Viðars, en gluggateikningarnar hafi stefnandi verið búinn að ná í á verkstæði sitt. Teikningar þessar hafi hann síðan ekki séð eftir þetta. Hann kvað stefnanda hafa óskað eftir frekari breytingum á bílskúrnum en að framan greinir. Þannig hafi skv. teikningum verið gert ráð fyrir steyptum plötum í skála og í bílgeymslu skv. teikningum, en stefnandi hafi óskað eftir, að ekki yrði um steypta plötu að ræða á þessum stöðum og einnig að glugga yrði sleppt yfir bílskúrshurð að norðan og suðurhlið steypt, þ. e. að hinum umrædda kyndiklefa. Vitni að þeim óskum, að stefnandi hafi beðið um þessar breytingar, sagði stefndi, að væri Valur Andersen húsasmiður, sem hafi verið aðstoðarmaður sinn við byggingu hússins, og ekki hafi verið um aðra aðstoðarmenn að ræða. Hann kvað þá hafa farið eftir þessum óskum stefnanda, enda hafi stefnandi nefnt, að hann hefði leyfi arkitekts, Kjartans Sveinssonar, fyrir þessum breytingum. Hins vegar kvaðst stefndi ekki minnast þess, að minnst hafi verið á byggingarnefnd í því sambandi, og kvaðst hann ekki vita um afstöðu hennar í þessu sambandi. Hann kvað það rangt, er fram kæmi hjá stefnanda, að hann hefði lofað lagfæringum, því aldrei hafi komið í huga sinn að brjóta fyrir einu eða neinu. Hann kvað það hins vegar hafa verið þannig, að þegar búið hafi verið að slá utan af húsinu, hafi stefnandi verið

ánægður með árangurinn, en þegar hann hafi síðan sýnt honum uppmælingareikninginn, þá hafi kveðið við annan tón og stefnandi talið, að reikningurinn væri of hár, og hann sagt, að hann mundi fara með hann suður til yfirlestrar, en þó reikningurinn hafi reynst réttur, þá hafi það einungis haft þau áhrif, að stefnandi hafi nú snúið sér að öðrum umkvörtunum, þ. e. varðandi glugga og hurðir. Hann kvað stefnanda hafa greitt uppmælingareikninginn þann 10. júní 1978. Stefndi kvað það alrangt hjá stefnanda, að hann hefði boðið stefnanda kr. 300.000 í bætur, en hins vegar kvaðst hann ekki geta þrætt fyrir að hafa sagt við Skúla Sívertsen á skrifstofu hans, að e. t. v. væri réttast að slá af kr. 300.000 til að fá símafrið fyrir stefnanda, en synjaði algerlega fyrir það að hafa á nokkurn hátt viðurkennt galla á verkinu, enda væru þeir ekki fyrir hendi.

Í þinghaldi 27. nóvember sl. voru stefnandi og stefndi samprófaðir, en aðiljar héldu fast við framburði sína. Þó kom það fram, að sleppt var að steypa plötu í bílgeymslu vegna ráðleggingа stefnda, er taldi, að með því móti yrði kostnaður minni fyrir stefnanda, og sleppt var að steypa plötu í skála skv. ósk stefnanda, er tók jafnframt fram, að hann hefði borið þær breytingar undir byggingarfulltrúa og hann engar athugasemdir gert, og sömuleiðis kvaðst hann hafa borið breytingu varðandi steypta plötu í bílskúr undir byggingarfulltrúann og hefði hann sömuleiðis enga athugasemd gert við þá breytingu. Þá kvaðst stefnandi hafa verið að mestu leyti búinn að slá frá innan úr húsinu, er hann greiddi uppmælingareikninginn, en utan af húsinu hafi ekki verið hægt að slá, fyrr en búið var að steypa gaflana og milli sperra.

Vitnið Valur Andersen, 32 ára húsasmiður, til heimilis að Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, kvaðst hafa unnið undir stjórn og ábyrgð stefnda við nýbygginguna Bessahraun 4, og kvaðst vitnið hafa unnið við alla þætti smíðavinnunnar. Vitnið kvaðst hafa spurt stefnanda, hvaða hæð hann vildi hafa á bílskúrshurðunum, og hafi stefnandi þá sagt, að hann vildi bara hafa þar venjulega hæð. Þetta hafi komið til umræðu, er framhlið bílskúrsins var sett upp, en þá hafi stefnandi verið viðstaddur. Stefnandi hafi viljað gera breytingu á teikningu þannig, að geymsla kæmi í stað kyndiklefa, og með því hafi stefnandi gert ráð fyrir að fá næga birtu inn í bílgeymsluna og því sagt þeim að sleppa litlu gluggunum á teikningunni. Af hér tilgreindum ástæðum hafi stefnandi sömuleiðis beðið þá að steypa

fyrir hurð á kyndiklefanum, eins og hún var merkt á teikninguna, þar sem hitaveituinntakið hafi verið komið inn í norðvesturhorn bílgeymslunnar. Stefnandi hafi auk þess viljað sleppa steyptri bílskúrsplötu, loftplötu, og ekki viljað hafa steypta plötu yfir skálanum. Eftir þessum óskum stefnanda kvaðst vitnið hafa farið í trausti þess, að hann hefði fengið þessar breytingar samþykktar af þar til bærum aðiljum. Vitnið kvað sig örugglega muna, að það hefði spurt stefnanda, hvort hann vildi ekki fá venjulega hæð á hurðum, eftir að stefnandi hafði óskað eftir framangreindum tilfærslum, þar sem það yrði ódýrara fyrir hann þannig, og stefnandi gefið jákvætt svar við því og viljað venjulegar hurðir. Vitnið kvaðst hins vegar ekki muna, hvort þeir hafi spurt stefnanda, hvort hann væri búinn að fá leyfi fyrir þessum breytingum, en vitnið sagði, að vanalega væru menn teknir trúanlegir, þegar svona bæri á góma, en ekki treysti vitnið sér til þess að tilgreina orðaskipti sérstaklega varðandi þetta atriði. Varðandi íbúðarhúsið taldi vitnið, að þeir hefðu farið eftir annarri gluggateikningu en lögð væri fram í málinu. Á gluggateikningu þeirri, sem þeir hefðu farið eftir, hefði þannig staðið 2 stk. 156 cm x 130 cm og 3 stk. 155 x 140 cm. Eftir að hafa smíðað gluggana þannig, kvaðst vitnið hafa kannað með því að ná í gluggateikningu þá, sem stefnandi hafði undir höndum, að þeirri teikningu bar saman við þá teikningu, sem vitnið smíðaði gluggana eftir. Vitnið kvað þá nú hafa raðað gluggum niður í samræmi við það, sem þeir töldu réttast í þessu sambandi. Vitnið sagði nú, að þegar þeir hafi verið búnir að setja niður gluggana í eldhúsið, þá hafi þeir mælt upp í neðri brún á gluggunum og þá hafi ekki verið hærra upp í hana en 80—85 cm, að því er vitnið minnti, og ef það hefði verið látið standa, þá hefði, eftir að plata hefði verið steypt í eldhús, eldhúsborð farið upp fyrir neðri brún á gluggum. Þeir hafi nú tekið það til bragðs að lækka eldhúsgluggana um 10 cm. Við það, að gluggar í svefnherbergi og eldhúsi höfðu víxlast, hafi myndast 10 cm mismunur. Vitnið kvað þá ekki hafa ráðfært sig við hönnuð hússins, Kjartan Sveinsson, varðandi þessi vandamál.

Vitnið Þorvaldur Skúli Sívertsen, 54 ára, starfsmaður Meistarafélags byggingaiðnaðarmanna í Vestmannaeyjum, til heimilis að Ásavegi 28, Vestmannaeyjum, sá um að beiðni stefnanda og sem starfsmaður meistarafélagsins, að meistarar byggingarinnar skrifuðu á þar tilgreint eyðublað, dskj. nr. 15, og það staðfesti, að stefnandi hefði komið með teikningu af húsinu, er hann bað

um gæðamat. Vitnið taldi sig hafa heyrt stefnda minnast á kr. 300.000 við stefnanda, og taldi vitnið, að það gæti verið, að stefndi hefði ætlað að gera stefnanda tilboð um bætur sem þessu næmi.

Vitnið Viðar Már Aðalsteinsson, 30 ára tæknifræðingur, til heimilis að Foldahrauni 37, Vestmannaeyjum, kvað matsgerðina hafa verið framkvæmda þannig, að þeir Erlendur hefðu tekið mál af afsetningu á gluggum og fært málin inn á teikningu af húsinu, sem þeir höfðu undir höndum, og hefðu aðiljar getað fylgst með því, en viðstaddir hefðu verið stefnandi og stefndi og Valur Andersen, en þetta hafi verið í fyrri hluta nóvember 1979. Vitnið kvað þá Erlend næst hafa aflað sér samþykktra teikninga af húsinu hjá byggingarfulltrúa. Þeir hefðu nú rannsakað þær teikningar og borið þær saman við þá teikningu, sem þeir gerðu. Þannig hefðu þeir fundið frávik frá teikningu miðað við þau atriði, sem beðið hefði verið um í skipunarbréfi. Hefðu þeir út frá þessu metið til peningaverðs, hvað úrbætur mundu kosta. Vitnið kvað þá ekki geta merkt, að þær teikningar, sem þeir fengu við skoðunina, hefðu reynst frábrugðnar þeim teikningum, sem byggingarfulltrúinn hefði látið þeim í té, en hins vegar hafi smiðirnir haldið því fram, er matið var framkvæmt, að teikningum hefði verið breytt af teiknara (hönnuði) hússins, að því er vitnið minnti. Vitnið taldi, að fram að gildistöku hinnar nýju byggingarsamþykktar hefðu byggingaryfirvöld séð í gegnum fingur við menn varðandi smávægileg frávik frá teikningum. Vitnið sagði, að þeir hefðu metið úrbætur varðandi bílskúr þannig, að við það að brjóta fyrir gluggunum á norðurhliðinni þyrfti einnig að auka burðarþol veggbluta yfir glugga. Verk þetta væri seinunnið og þyrfti við það að nota loftpressu, sem gerði verkið allt dýrara, og í samræmi við þetta hefðu þeir metið kostnaðinn á kr. 485.950. Vitnið taldi, að kostnaðurinn við að lækka glugga í íbúðarhúsinu gæti verið allverulegur hluti af uppslætti hússins, en uppslátturinn væri tiltölulega einfaldur hlutur, en allar breytingar eftir á hins vegar mjög kostnaðarsamar.

Vitnið Erlendur Gísli Pétursson, 36 ára, húsasmíðameistari, til heimilis að Illugagötu 9, Vestmannaeyjum, kvað þá Viðar hafa merkt inn á teikningu raunveruleg mál jafnóðum og þeir mældu, tekið það síðan með sér heim og reiknað síðan út, hvernig þetta væri í raun og veru. Vitnið kvað þá síðan hafa metið, hvað það mundi kosta að koma húsinu í það horf, sem teikningarnar hafi

kveðið á um. Vitnið sagði, að við yfirferð á húsinu hefði komið í ljós, að skv. teikningu ætti að vera hurð á suðurhlið bílskúrs, og því hefðu þeir tekið það með í matinu og reiknað með við mat á heildarkostnaði úrbóta varðandi bílgeymslu.

MÁLSÁSTÆÐUR OG
LAGARÖK AÐILJA.

Af hálfu stefnanda er byggt á því, að stefnda sem húsasmíðameistara umræddrar byggingar hafi orðið á veruleg mistök við smíði hússins. Hafi þannig komið fram gallar á verkinu, sem tveir hæfir og óvilhallir sérkunnáttumenn hafi metið, að kostuðu kr. 945.450 að bæta úr. Þótt skoðunarmenn á vegum iðnaðarfélaganna í Vestmannaeyjum (gæðamatsnefnd) hafi vakið athygli á göllum á verki stefnda, hafi stefndi ekki fengist til að bera kostnað af úrbótum, sem þurfti að gera vegna mistaka. Í þessu sambandi sé vert að athuga, að fullt samræmi sé í áliti gæðamatsnefndarinnar (dskj. 17) og matsgerð hinna dómkvöddu sérkunnáttumanna (dskj. 4) og á báðum stöðunum sé bent á galla á verki stefnda. Stefnandi miði hins vegar kröfugerð sína við matsgerðina dskj. 4 og telji sig bundinn af þeirri niðurstöðu, er þar komi fram, og sé stefndi sömuleiðis bundinn af matsgerðinni, enda hafi hann hvorki hreyft mótmælum, er matið var framkvæmt, né heldur beðið um yfirmat að því fengnu, sem hann hafi þó eins og stefnandi haft fulla heimild til. Aðiljar hafi þannig sætt sig við matið og við það beri því að miða, er afstaða sé tekin til málsins. Stefndi haldi því að vísu fram, að teikningar hafi ruglast, og hafi gert mikið úr því atriði, að þeir hafi ekki verið með réttar teikningar við byggingu hússins. Þetta sé hins vegar með öllu ósannað hjá stefnda. Það sé á engan hátt mark takandi á fullyrðingu stefnda um, að stefnandi hafi óskað eftir fráviki frá teikningu varðandi bílgeymslu, enda hafi stefnandi staðfastlega neitað að hafa heimilað nokkrar slíkar breytingar. Breytingarnar hafi ekki verið bornar undir byggingarnefnd, sem sé skýlaust brot á ákvæðum núgildandi byggingarreglugerðar nr. 298/1979. Fyrir liggi, að stefndi hafi verið húsasmíðameistari við bygginguna, en í 4. gr., 2. tl., byggingarreglugerðarinnar nr. 292/1979 komi fram, að áður en framkvæmdir hefjist, skuli hlutaðeigandi meistarar rita á samþykktan uppdrátt eða á þar til gerð eyðublöð, að þeir taki að sér umsjón með framkvæmdum. Með þeirri áritun taki meistari á sig þá ábyrgð, að framkvæmdin verði í samræmi við samþykkta

uppdrætti, veitt leyfi, lög og reglur, sem til greina kunni að koma. Þá segir reglugerðin til um ábyrgð meistarans að öðru leyti. Þar sem stefndi haldi því fram í framburði sínum, að hann hafi treyst því, að stefnandi hefði leyfi fyrir breytingunum, þá sé það á engan hátt í samræmi við tilvitnaða byggingarreglugerð.

Stefndi styður sýknukröfu sína hins vegar þeim rökum, að bótagrundvöllur sé á engan hátt til staðar í málinu. Í fyrsta lagi sé á það að líta, að teikningar þær, sem húsið sé byggt eftir, hafi ekki verið lagðar fram í málinu. Í öðru lagi sé á það að líta, að matsgerð sú, sem stefnandi byggi dómkröfur sínar á, sé í veigamiklum atriðum gölluð, þannig hafi hinir dómkvöddu matsmenn farið út fyrir sjálfa matsbeiðnina, þar sem aldrei hafi verið minnst á galla varðandi suðurhurð á bílskúr í matsbeiðninni, en á matsgerðinni sé þetta hins vegar tekið með glugga á norðurhlið og kostnaður metinn kr. 485.950. Í dómkvaðningu, dskj. 3, sé lagt fyrir matsmenn að semja skriflega sundurliðaða og rökstudda mats- og skoðunargerð og vanda til hennar eftir föngum. Hin svokallaða matsgerð, dskj. 4, sé hins vegar alls ekki þessum eiginleikum gædd. Þar sé ekki að finna sundurliðun á hinum einstöku þáttum. Matsmenn hafi heldur ekki getað sundurliðað hér fyrir dóminum þær upphæðir, sem séu taldar í matsgerðinni, er þeir hafi gefið skýrslu hér fyrir dóminum. Í matsgerðinni sé það tiltekið, að 8 glugga í íbúðarhúsinu verði að lækka og kostnaður kr. 459.500, en sundurliðun á hverjum einstökum glugga vanti algerlega. Ekki hafi matsmennirnir heldur getað gefið skýringu á því, hvað væri vegna hurðar á suðurhlið og hvað væri vegna glugga á norðurhlið. Matsgerðin sé heldur ekki rökstudd. Ljóst sé því, að stefndi sé ekki bundinn af þessu mati, en ekki hafi verið ástæða fyrir stefnda að biðja um yfirmat á því, sem ekkert mat hafi verið. Þá sé það alrangt, að matsgerðin sé einhver hæstiréttur í þessu máli, eins og stefnandi virðist telja, því það sé einmitt hlutverk dómstólsins að leggja sjálfstætt mat á hina meintu galla.

Varakröfu sína styður stefndi hins vegar þeim rökum, að ef einhverjar bætur eigi að koma til, þá geti ekki verið um nema málamyndabætur að ræða. Þar komi til, að lækka beri dómkröfur vegna hurðar á suðurhlið á bílgeymslu, en ekki hafi verið beðið um mat varðandi hana. Í öðru lagi beri að lækka dómkröfur vegna bílgeymslunnar í heild með tilliti til þeirra breytinga, sem stefndi (sic) hafi sjálfur óskað eftir í þessu sambandi. Á það verði að leggja áherslu, að stefnandi hafi sönnunarbyrðina

um ýmis atriði málsins, en telja verði sannað með framburði vitnisins Vals Andersen og með hliðsjón af framburði stefnanda sjálfs, að stefnandi verði sjálfur í verulegum atriðum að bera umkrafinn kostnað vegna framgöngu sinnar í málinu öllu. Af hálfu stefnda var loks mótmælt, að vanskilavextir ættu við í þessu sambandi og hækkunarkrafa stefnanda varðandi vanskilavexti, þar sem innlánsvextir banka ættu að gilda í þessu sambandi. Þá var því mótmælt, að varakrafa stefnanda varðandi vexti, þar sem farið væri fram á dómvexti, ætti að ná fram að ganga, þar sem krafa þessi væri allt of seint fram komin.

NIÐURSTAÐA
DÓMSINS.

Samkvæmt framansögðu byggir stefnandi kröfur sínar á því, að gallar hafi verið á verki stefnda. Stefndi neitar hins vegar, að gallar hafi verið á verki sínu, enda hafi hann farið eftir þeim teikningum, sem stefnandi hafi látið honum í té, og óskum stefnanda sjálfs varðandi breytingar á þeim teikningum. Fjárkröfur dómkrafna miðar stefnandi við matsgerð dómkvaddra matsmanna, en stefndi telur, að matsgerð þessi sé gölluð og niðurstaða verði ekki á henni byggð.

Byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur nr. 22 frá 14. febrúar 1967, er sett var samkvæmt lögum nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir, hlaut staðfestingu fyrir Vestmannaeyjar með auglýsingu nr. 54 frá 4. apríl 1967. Þann 1. janúar 1979 tóku gildi ný byggingarlög, er lög nr. 54 frá 16. maí 1978 voru gefin út. Sama dag tók gildi almenn byggingarreglugerð, og gilti hún fyrir allt landið. Féll þá m. a. úr gildi byggingarsamþykkt, sem gilt hafði fyrir Vestmannaeyjar og minnst er á hér að framan.

Í 2. mgr. 8. gr. iðnaðarlaga, laga nr. 42 frá 18. maí 1978, segir, að meistari skuli bera ábyrgð á, að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

Við úrlausn á ágreiningi aðilja í máli þessu verður höfð hliðsjón af byggingarsamþykktinni frá 1967, en hins vegar þykir ekki stætt á að nota yngri byggingarlög eða samþykktir í þessu sambandi.

Í I. kafla, 2. mgr. 9. gr., byggingarsamþykktarinnar segir, að áður en framkvæmdir hefjast, skuli hlutaðeigandi meistarar rita á samþykktan uppdrátt eða þar til gerð eyðublöð, að þeir taki

að sér umsjón með framkvæmdum. Með þeirri áritun tekur meistari á sig ábyrgð á því, að framkvæmdir verði í samræmi við samþykkta uppdrætti, veitt leyfi, lög og reglur, sem til greina kunni að koma.

Í 4. mgr. sömu greinar segir síðan, að húsasmíðameistari, sem áritað hafi uppdrátt, beri ábyrgð á allri trésmíðavinnu við bygginguna. Í 1. mgr. 10. gr. I. kafla segir, að meðan á verki standi, sé meistara jafnan skylt að hafa til taks á vinnustað eftirrit af samþykktum uppdráttum, árituðum af byggingarfulltrúa.

Teikningar þær, sem fram hafa verið lagðar í málinu, bera áritun byggingarfulltrúans í Vestmannaeyjum. Áritun þessi ber þess merki, að teikningarnar hafi hlotið samþykki byggingarnefndarinnar í Vestmannaeyjum, er stefndi tók að sér að vera húsasmíðameistari við nýbyggingu stefnanda.

Stefnda bar því að fara eftir hinum samþykktu teikningum við byggingu hússins, enda verður byggingarsamþykktin ekki skilin á annan veg en þann en að viðkomandi meistara, í þessu tilviki stefnda, bæri skylda til að fara eftir samþykktum teikningum við verk sitt.

Þá hefur stefndi ekki getað sýnt fram á, að byggingarnefnd hafi samþykkt aðrar teikningar en þær, sem fram hafa verið lagðar og varða það verk, sem stefndi bar ábyrgð á. Hafna ber því þeirri málsástæðu stefnda, sem byggð er á því, að teikningar þær, sem húsið sé byggt eftir, hafi ekki verið lagðar fram í málinu.

Undir rekstri málsins fór dómurinn ásamt stefnanda og lögmönnum á vettvang og skoðaði nýbygginguna, einkanlega þá hluta hennar, sem deilt er um í þessu máli, en ummerki voru þar öll óhreyfð. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna og dómsins í heild, að veruleg missmíð sé á verki stefnanda (sic). Matsgerð hinna dómkvöddu sérkunnáttumanna skortir þó bæði sundurliðun og rökstuðning í verulegum atriðum, eins og stefndi hefur réttilega bent á.

Dómurinn er hins vegar sammála heildarniðurstöðu matsgerðarinnar, að um byggingargalla sé að ræða, eins og nánar verður greint frá. Annmarkar matsgerðarinnar rýra hins vegar verulega sönnunargildi hennar, þegar meta skal galla á verki stefnda.

Að mati hinna sérfróðu meðdómsmanna er byggingargallinn sem hér segir:

Í húsinu er 21 gluggi og tveir innsteyptir hurðarkarmar. Gluggar á norðurhlið, að undanskildum salernisglugga, eiga að

vera 130 cm háir og hæð upp í efri brún 225 cm. Þeir eru hins vegar 140 cm á hæð og hafa hæð upp í efri brún 239 cm. Gluggar í stofu, í skála og gangi, ásamt hurðaropum, hafa hæð upp í efri brún 239 cm, en eiga að vera 245 cm. Gluggar í svefnherbergi og barnaherbergi móti suðri eru 130 cm og hafa hæð upp í efri brún 239 cm, en eiga að vera 140 cm og hafa hæð upp í efri brún 225 cm. Gluggar á austurhlið hafa hæð í efri brún 239 cm, en eiga að hafa hæðina 225 cm. Gluggi á gestasalerni hefur hæðina 239 cm, en á að hafa hæðina 220 cm.

Í bílgeymslu eru tveir gluggar á suðurhlið, sem hafa hæðina 260 cm og eiga að vera 255 cm. Bílskúrshurðir eiga að hafa hæð í efri brún 255 cm, en eru með hæðina 221 cm.

Samkvæmt þessu er byggingargallinn sá, að allir gluggar og hurðarop eru ekki í réttri hæð, að undanskildum tveim gluggum á suðurhlið bílgeymslu, sem mega teljast réttir, og augljóst er, að gluggarnir í íbúðarhúsinu hafa allir verið settir í miðað við að verða í 235 cm hæð, sé tekið tillit til þess, að oft eru gluggar settir lítið eitt hærra í vegna gólfílagnar, en þeir eru ýmist 10 cm of háir eða lágir miðað við framansagt, þar eð þeir eiga ýmist að vera í 225 eða 245 cm hæð. Einnig eru gluggar ekki af réttri stærð. Hurðarkarmar geta því ekki verið í réttri stærð miðað við óbreytt hurðarop. Niðurstaða dómsins hlýtur því að verða sú, að um verulegan byggingargalla sé að ræða, sem ekki verður bætt úr nema með miklum tilkostnaði stefnanda. Samkvæmt meginreglunni í 113. gr. laga nr. 85/1936 verður í niðurstöðu að miða við kröfugerð stefnanda, eins og hún er sett fram í málinu og skýrð af stefnanda undir rekstri málsins.

Í matsgerð er kostnaður vegna galla á gluggum í íbúðarhúsinu metinn á kr. 459.500. Eins og bent hefur verið á af hálfu stefnanda og fram kemur í framburði vitnisins Viðars Aðalsteinssonar, eru breytingar, sem ráðast þarf í, eftir að húsið er að fullu upp steypt, erfiðar og kostnaðarsamar. Telja verður, að stefnandi hafi sýnt fram á tjón sitt að þessu leyti og kostnaður verði sá, er að framan greinir.

Fallast verður á það með stefnda, að matsmennirnir hafi farið út fyrir það, sem fyrir þá var lagt, er þeir taka með í matsgerð hurð á suðurhlið og ráðstafanir í því sambandi. Stefndi og starfsmaður hans, Valur Andersen, hafa eindregið haldið því fram, að hurð þessari hafi verið sleppt vegna óska stefnanda sjálfs, sem hafi beðið þá um að steypa fyrir hurðaropið, þar sem gert hafi verið ráð fyrir hitaveituinntaki á norðvesturhorni bíl-

geymslunnar. Þegar á það er litið, að stefnandi taldi þetta ekki með göllum í matsbeiðni, þykja öll rök hníga að því, að stefnandi hafi sjálfur beðið um þessa breytingu og eigi þess vegna ekki rétt á bótum í því sambandi, enda hefur stefnandi ekki getað sýnt fram á hið gagnstæða. Í ljós er leitt, að stefnandi samþykkti breytingu varðandi steypta plötu í bílgeymslu, en hins vegar hefur stefnandi eindregið neitað að hafa samþykkt breytingu varðandi glugga yfir bílskúrshurðum. Telja verður, að vafa um sönnun að þessu leyti verði að meta stefnda í óhag, enda mátti hann vita, að hann tók á sig áhættu með því að gera breytingu á samþykktri teikningu án þess að hafa tryggt, að hún hefði hlotið viðurkenningu byggingaryfirvalda. Í matsgerð er kostnaður varðandi bílgeymslu metinn á kr. 485.950. Samkvæmt ofangreindu og þar sem fyrirliggjandi er, að stefnandi þarf að leggja út í verulegar framkvæmdir við að koma norðurhlið bílgeymslu í það horf, sem samþykkt teikning segir til um, með því að stækka hurðarop og gera tilheyrandi breytingar í því sambandi, er að mati dómsins tjón stefnanda þessu samfara kr. 420.000, enda verður að telja, að stefnandi hafi sannað tjón sitt að því marki.

Ekki verður fallist á það með stefnanda, að hann eigi rétt á vanskilavöxtum, og sömuleiðis þykir ekki fært að taka varakröfu stefnanda um dómvexti til greina. Ber að reikna vextina í samræmi við vexti af almennum sparifjárreikningum banka, eins og þeir eru ákveðnir skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands fyrir umrætt tímabil.

Stefnandi á rétt á að fá greiddan matskostnað úr hendi stefnda, enda var ekki beðið um matið að ófyrirsynju, en hins vegar verður ekki á það fallist með stefnanda, að hækka megi höfuðstól dómkrafna sem matskostnaði nemur. Matskostnaður verður þannig ákvarðaður sem hluti málskostnaðar.

Í samræmi við ofangreint verða úrslit málsins þau, að stefnda, Hreiðari Hermannssyni, ber að greiða stefnanda, Sigurði Magnússyni, kr. 879.500 með 19% ársvöxtum frá 23. nóvember 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, en þá með 26% ársvöxtum til greiðsludags.

Í samræmi við úrslit málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, og þykir málskostnaður, þar með talinn matskostnaður, hæfilega ákveðinn kr. 382.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Formaður dómsins tók við málinu 27. nóvember sl. og hefur setið í dóminum síðan.

Jón Ragnar Þorsteinsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Garðari Björgvinssyni húsasmíðameistara og Má Karlssyni tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Hreiðar Hermannsson, greiði stefnanda, Sigurði Magnússyni, kr. 879.500 með 19% ársvöxtum frá 23. nóvember 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, en þá með 26% ársvöxtum til greiðsludags, og kr. 382.000 í mats- og málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Selfoss 23. júlí 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 23. júlí, var fógetaréttur Selfoss háður að Lambhaga 8, Selfossi, með undirrituðum vottum af fulltrúa bæjarfógeta Ólafi Helga Kjartanssyni.

Fyrir tekið: Málið nr. F. 114/1980: Sigurður Magnússon gegn Hreiðari Hermannssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 til 2 gerðarbeiðni og endurrit úr dómabók Vestmannaeyja, svohlj.: . . .

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Jóns Hjaltasonar og krefst fjárnáms fyrir skuld skv. dskj. 2 að fjárhæð kr. 879.500 með 19% ársvöxtum frá 23. nóv. 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóv. 1979, en þá með 26% ársvöxtum til greiðsludags ásamt endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 12.100, ritun fjárnámsbeiðni, kr. 16.000, og málskostnaði, kr. 382.000, auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda og að geymdum betri rétti þriðja manns.

Af hálfu gerðarþola mætir Margrét Kolbeinsdóttir, eiginkona hans, og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður. Áminntur um sannsögli kveðst talsmaður gerðarþola ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu talsmanns gerðarþola lýsti fógeti yfir fjárnámi til tryggingar

kröfum gerðarbeiðanda í eftirtöldum eignum gerðarþola: fasteigninni Lambhaga 8, Selfossi. Fallið var frá virðingu.

Fógeti bryndi þýðingu gerðarinnar fyrir talsmanni gerðarþola og ábyrgð hans í því sambandi.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1982.

Nr. 211/1982. **Alexander Sigurðsson**
gegn
Landsbanka Íslands.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 13. október 1982, sem barst Hæstarétti 27. s. m. Krefst hann þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar dómsins og kærumálskostnaðar.

Í héraðsdómsstefnu er stefnufjárhæð tilgreind í krónum og sundurliðuð tölulega að öðru leyti en því, að fjárhæð vaxta þeirra, sem stefnukrafan tekur til, er ekki tilgreind sérstaklega. Á dómþingi 21. júní 1982 kom fram töluleg sundurliðun allra þátta dómkröfunnar, og lýstu umboðsmenn aðilja yfir því, að ekki væri neinn tölulegur ágreiningur í málinu. Í stefnu segir, að sóknaraðili hafi „greitt umrædda dómskuld ásamt öðrum". Á fyrrgreindu dómþingi lýstu umboðsmenn aðilja yfir því, að ágreiningslaust væri, að sóknaraðili hefði greitt varnaraðilja stefnufjárhæðina. Af stefnu má vera ljóst, að um er að ræða endurheimtu kröfu reista á því, að varnaraðili hafi innheimt víxilkröfu hjá sókn-

araðilja án lögmætrar heimildar, þar sem engin skuld hafi verið á hlaupareikningi þeim, er víxillinn átti að vera til tryggingar fyrir. Í stefnu eru talin þau gögn, endurrit af hlaupareikningi þessum, er stefnandi telur styðja kröfu sína. Í greinargerð eru síðan talin skjöl þau, er sóknaraðili lagði fram við þingfestingu málsins, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 31. gr. laga nr. 28/1981. Í stefnu er ekki getið um, að yfirheyra eigi vitni eða aðilja, enda ekki í ljós leitt, að sóknaraðili hafi talið ástæðu til þess, er hann höfðaði málið. Á dómþingi 27. maí 1982 er hins vegar bókað í þingbók, að málinu sé frestað til tiltekins dags og gert sé ráð fyrir, að stefnandi og fyrirsvarsmaður stefnda gefi þá aðiljaskýrslur. Færi því næst fram munnlegur málflutningur.

Af því, sem nú er rakið, má á það fallast, að nokkuð hafi skort á, að héraðsdómsstefna væri svo skýr sem áskilið er í 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981. Þegar þess er hins vegar gætt, að sótt var þing af hálfu varnaraðilja við þingfestingu málsins og jafnan síðar og engum athugasemdum hreyft við málatilbúnað sóknaraðilja, og ákveðinn hafði verið munnlegur flutningur málsins, þykir ekki alveg næg ástæða til að vísa málinu frá héraðsdómi vegna ófullnægjandi málsreifunar í stefnu. Dómari tekur afstöðu til þess við efnisdóm í málinu, ef til kemur, hvort sóknaraðili byggi á málsástæðum, sem ekki hafi verið hafðar uppi, jafnskjótt og tilefni var til, sbr. 4. mgr. 110., sbr. 3. mgr. 111. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 33. og 34. gr. laga 28/1981.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 27. september sl., hefur Alexander Sigurðsson forstjóri, Sogavegi 138, Reykjavík, nnr. 0224—8506, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 11. febrúar sl., á hendur Lúðvík Jósefssyni, nnr. 6188—3428, formanni bankaráðs Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, f. h. bankans.

Í málinu gerir stefnandi kröfu um endurheimtu greiðslu að fjárhæð samtals kr. 16.249.00 með dómvöxtum frá 1. október 1981 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ, aukatekjulögum og reikningi um útlagðan kostnað (þannig).

Af hálfu stefnda er sótt þing. Kröfur eru gerðar um sýknu af öllum kröfum stefnanda og til málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málsatvik eru þau, að stefnandi lagði á sínum tíma inn víxil með nafni sínu á til tryggingar endurgreiðslu umsamins yfirdráttar á hlaupareikningi nr. 12402 við Landsbankann vegna Stálvirkjans h/f í Reykjavík, en hann var forstjóri þess fyrirtækis. Víxillinn var að fjárhæð gkr. 1.000.000, útgefinn 26. janúar 1977 af stefnanda og samþykktur af Stálvirkjanum h/f til greiðslu við sýningu í Landsbanka Íslands, Reykjavík. Ábekingar voru útgefandi og Sigurður Guðbrandsson. Þann 29. nóvember 1977 var víxillinn sýndur til greiðslu í afgreiðslusal Landsbanka Íslands. Þar var enginn, sem vildi innleysa víxilinn, og var hann þá afsagður. Landsbanki Íslands höfðaði síðan mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, birtri 10. febrúar 1978, á hendur stefnanda, Alexander Sigurðssyni, og Sigurði Guðbrandssyni, Sogavegi 138, Reykjavík, sem ásamt stefnanda var ábekingur á víxlinum. Dómi var lokið á það mál þann 16. maí 1978, og voru þeir Alexander og Sigurður dæmdir in solidum til að greiða Landsbankanum upphæð víxilsins með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 29. nóvember 1977 til greiðsludags, gkr. 1.900 í afsagnarkostnað og gkr. 235.000 í málskostnað. Stefnandi vildi ekki una dómi þessum og áfrýjaði honum til Hæstaréttar, þar sem dómur gekk í málinu þann 6. nóvember 1979. Þar var undirréttardómurinn staðfestur óbreyttur, en auk þess voru Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson dæmdir til að greiða Landsbanka Íslands óskipt gkr. 250.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefnandi heldur því fram, að víxillinn hafi verið áritaður þannig: „Tryggingarvíxill v/hlr. 12402". Þá segir hann Landsbanka Íslands hafa haldið því fram í fyrrnefndum málaferlum, að skuld hafi verið á hlaupareikningi nr. 12402 að fjárhæð gkr. 1.110.957 og því væri innheimtan réttmæt, en samt mótmælt öllum málsástæðum, sem ekki ættu stoð í 17. kafla laga nr. 85/1936. Skuldin á hlaupareikningi 12402 hafi verið byggð á yfirliti reikningsins.

Með bréfum, dags. 1. apríl og 26. ágúst 1981, hafi Landsbankinn verið krafinn um frekari upplýsingar um þessi viðskipti. Þá hafi lögmanni stefnanda Alexanders, líklega í júní, borist ljósrit reikningsyfirlits téðs hlaupareiknings. Þar sé blað nr. 10, dags. 31. ágúst 1977, með saldó 1.110.957.00, en einnig blað nr. 11, dags. 30. september 1977, með saldó 0. Þar sé áritað með penna af hendi starfsmanns stefnda, þ. e. bankans, „fé til innheimtu. Depitorar í lögfræðingadeild". Þarna sé um að ræða þrjár millifærslur án vitundar Alexanders, sem kvitti reikninginn út þann 30. september 1977. Málið sé engu að síður höfðað þann 14. febrúar 1978 þrátt fyrir áritun. Af þessu leiði, að umrætt bæjarþingsmál sé höfðað með rangindum og þá einnig vörnum í Hæstarétti. Reikningsyfirlitsblað nr. 11 hafi stefnanda Alexander verið dulið þar til í sumar sl. Stefnandi hafi greitt verulegar fjárhæðir til Landsbankans vegna ýmissa mála, þ. á m. þá stærstu, sem enn sé undir áfrýjun. Hann hafi ekki fengið nema á conto kvittanir almennt og staðið verulega á því að fá ljósrit slíkra kvittana eða uppgjör hæstaréttarmálsins. Því verði að geta sér til um vaxtagreiðslur. Hér sé því um að tefla siðlaust athæfi af hálfu ríkisbanka. Síðan segir: „Af framansögðu er ljóst, að stefnandi, sem sjálfur hefur greitt umrædda dómskuld, ásamt öðrum, á fullan endurkröfurétt á hendur stefnda vegna misbrúkunar á víxilrétti og haldsrétti á víxli þeim, sem var grundvöllur kröfunnar. Að öðru leyti eru viðskiptahættir stefnda við stefnanda vafasamir og hafa verið kærðir, en ríkissaksóknari sá ekki ástæðu til málshöfðunar."

Það, sem hér hefur verið rakið, er málsútlistun stefnanda í stefnu. Í greinargerð hans er því til frekari áréttingar haldið fram, að hann hafi borið fyrir sig við meðferð bæjarþingsmálsins út af umdeildum víxli og hæstaréttarmálsins, að engin skuld væri eða ætti að vera á hlaupareikningi 12402, en stefndi hafi synjað um, að þessi vörn kæmist að. Það er áréttað, að blað nr. 11, dags. 30. september 1977, sýni enga skuld á reikningnum.

Þá er það áréttað, að stefnandi hafi sjálfur og einn greitt að fullu stefnukröfur. Þá er skorað á stefnda að leggja fram kvittanir sínar.

Af hálfu Landsbanka Íslands er því haldið fram, að þegar heimildin fyrir yfirdrættinum rann út, hafi Stálvirkinn h/f ekki greitt umsaminn yfirdrátt og hlaupareikningnum hafi formlega verið lokað 21. september 1977. Þann dag hafi skuldin á hlaupareikningnum 12402 verið millifærð í tvennu lagi á sérstakan innheimtureikning í lögfræðingadeild bankans með nafninu „depetorar". Stefnandi hafi verið krafinn um greiðslu víxilsins, en án árangurs. Mál hafi verið höfðað gegn honum, sem lokið hafi verið með dómsuppkvaðningu þann 16. maí 1978. Sá dómur hafi verið staðfestur í Hæstarétti. Stefnandi hafi ekki enn greitt skuld þá, sem mál þetta sé risið af. Hann hafi ekki lagt fram gögn öðru til stuðnings. Færsla milli reikninga innan bankans leysi ekki skuldar- og ábyrgðaraðilja undan greiðsluskyldum. Innheimta vanskilanna byggi á óleyfilegum yfirdrætti hlaupareiknings, sem tryggður hafi verið með löglegu viðskiptaskjali, víxli. Brot á samningi milli Landsbankans og Stálvirkjans h/f hafi leitt til þess, að ábyrgð stefnanda á yfirdrætti hlaupareiknings 12402 hafi orðið virk. Stefnandi Alexander hafi afhent Landsbankanum umrædda tryggingu og auðkennt tryggingunа með sérstakri áritun. Þannig hafi verið komið beint samningsréttarsamband milli stefnanda og stefnda, sem stefnda hafi verið heimilt að hagnýta sér, eftir að ákveðin skilyrði voru fram komin. Síðan telur stefndi upp þau sönnunargögn, sem hann byggir á.

Eftir að stefndi hafði skilað inn frumgögnum til varnar í málinu, fór það til úthlutunar og síðan til meðferðar sérstaks borgardómara. Eftir að nokkrum sinnum hafði verið þingað í málinu, og frekari gagnaöflun hafði farið fram, sagði sá dómari sig frá málinu með samþykki lögmanna, og var því endurúthlutað.

Dómara málsins þótti, þá er hann tók við því, rétt að kalla lögmenn fyrir sig, reyna sættir og gefa lögmönnum kost á að tjá sig um, hvort vísa ætti málinu frá ex officio. Var svo gert í þinghaldi 27. september sl., og benti dómarinn lögmönnum þá sérstaklega á ákvæði 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936, eins og þeim var breytt með lögum nr. 28/1981, en mál þetta var þingfest eftir gildistöku þeirra laga 1. janúar 1982.

Lögmaður stefnanda óskaði þá bókað, að hann mótmælti því, að málinu yrði vísað sjálfkrafa frá dómi, og benti á, að þrisvar

hefði verið þingað í málinu að stefnanda viðstöddum. Í þeim þinghöldum hafi ítarlega verið fjallað um málið, m. a. um áskoranir af hálfu dómarans og stefnanda um framlagningu gagna. Stefndi hafi orðið við þeim áskorunum þann 28. júní sl. með framlagningu skjala nr. 18—23. Skjöl þessi hafi ekki verið stefnanda áður tiltæk. Af þessu hafi leitt nýja málsástæðu stefnanda, sem sé nátengd þeirri málsástæðu, sem sett sé fram í stefnu og greinargerð, þ. e. að skuldfærsla bankans á viðkomandi hlaupareikningi sé jafnframt ólögmæt vegna 20. gr. reglugerðar nr. 30/1962. Af þessu leiði, að nú hafi verið úr því bætt, þótt eitthvað kunni að hafa á skort í upphafi, að fylgt væri ákvæðum 88. gr. einkamálalaga um málatilbúnað stefnanda.

Lögmaður stefnda kvaðst á hinn bóginn samþykkur því, að málinu yrði vísað sjálfkrafa frá dómi, og kvaðst gera kröfu um frávísun, teldi dómurinn, að ekki ætti að vísa málinu frá sjálfkrafa. Hann benti á, að sóknargögn uppfylltu ekki kröfur d, e og f liða 88. gr. laga nr. 85/1936, eins og greininni var breytt með lögum nr. 28/1981. Þá skýrði lögmaðurinn svo frá, að hann hefði nú nýverið tekið við málinu og fundið það mjög óaðgengilegt. Málatilbúnaður ætti að vera svo skýr, að þeir, sem ekki hefðu með honum fylgst, gætu áttað sig á málinu. Hér í þinghaldinu hafi síðan komið fram ný málsástæða, sem hann hafi ekki vitað um áður og ekki getað vitað um eftir lestur skjala málsins. Í lok þinghaldsins tók dómarinn málið til úrskurðar eða dóms.

Álit dómsins.

Í stefnu vantar fullkomna skilgreiningu fyrir því, hvernig stefnufjárhæð sé fundin, kröfuupphæð stemmir ekki við ófullkomna sundurliðun.

Þar er talið, að stefnandi hafi greitt stefnufjárhæðina. Óljóst er, hvort því er haldið fram, að hann hafi greitt þessa fjárhæð ásamt öðrum fjárhæðum eða tekið þátt í greiðslunni ásamt einhverjum öðrum mönnum. Engin grein er gerð fyrir því, hvernig þetta gerðist, eða reynt að sundurliða, hvernig stefnandi telur sig hafa innt þessa greiðslu af hendi.

Þá eru málsástæður óljóst reifaðar. Helst er að skilja, að starfsmenn Landsbanka Íslands hafi hegðað sér á siðferðilega ámælisverðan hátt gagnvart stefnanda með því að færa skuld á hlaupareikningi nr. 12402 til innheimtu í lögfræðideild bankans.

Í stefnu eru ekki upp talin þau skjöl, sem sanna eiga greiðslu stefnanda. Þar eru ekki taldir þeir, sem yfirheyra á, eða vitnað

til framburða fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, enda þótt rannsókn hafi þar verið lokið, þá er málið var höfðað.

Lagarök skortir alveg í stefnu.

Þá hefur af hálfu stefnanda verið bryddað upp á nýrri málsástæðu undir rekstri málsins. Málsástæða þessi er þó þess efnis, að hafa mátti hana uppi þegar í stefnu, þar mátti reifa hana og gera grein fyrir, hvernig sanna átti hana. Þetta sést best á því, að stefnandi skorar á stefnda að leggja fram ákveðin skjöl. Hann átti því að geta gert grein fyrir, til hvers nota átti skjölin, og gera það. Á þetta skortir verulega.

Þegar þetta allt er skoðað, þykir málatilbúnaður stefnanda svo óljós og grunnur málsins svo illa lagður, að efnismeðferð málsins verði erfiðleikum bundin, þannig að erfitt geti reynst að leggja efnisdóm á málsefnið. Rétt þykir þannig með tilvísun til d, e og f liða 88. gr. svo og 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936, eins og ákvæðum þessum var breytt með lögum nr. 28/1981, að vísa málinu frá dómi.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1982.

Nr. 67/1980. **Valhöll h/f**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Vilhelmínu Vilhjálmsdóttur
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Kaupgjaldsmál. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1980. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar til hennar fyrir Hæstarétti.

Lögmaður áfrýjanda hefur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Mál þetta var þingfest á aukadómþingi Árnessýslu 13. september 1979. Af hálfu stefnanda, Vilhelminu Vilhjálmsdóttur, var þá lögð fram stefna auk greinargerðar og 6 annarra skjala. Þing var sótt af hálfu stefnda, Valhallar h/f. Næst var málið tekið fyrir á dómþingi 26. september 1979. Var þá lögð fram greinargerð hlutafélagsins, þar sem segir m. a.: „. . . stefnandi hóf ekki störf hjá stefnda fyrr en mun síðar en í stefnu greinir . . . og . . . vinnustundir hennar voru mun færri en hún heldur fram". Var aðallega krafist sýknu, en lækkunar stefnukröfu til vara. Þá var og krafist málskostnaðar. Í greinargerðinni segir einnig, að vinnugeta Vilhelmínu hafi verið skert vegna heilsubrests. Eins og kemur fram í héraðsdómi, var þing ekki sótt fyrir Valhöll h/f eftir þetta, en þingað var í málinu 23. október og 1. nóvember. Var það þá tekið til dóms, eftir að kröfum stefnanda hafði verið breytt til lækkunar.

Þegar héraðsdómari dæmdi málið, lágu ekki fyrir honum önnur gögn frá Valhöll h/f en greinargerð, sem undirrituð var af framkvæmdastjóra Hótels Valhallar á þessum tíma. Vilhelmína Vilhjálmsdóttir hafði sundurliðað kröfur sínar og tiltekið fjölda þeirra vinnustunda, sem hún krafðist greiðslu fyrir. Fær vinnustundafjöldinn staðist miðað við frásögn Vilhelmínu af vinnufyrirkomulagi í Hótel Valhöll vorið 1979. Hefur þeirri frásögn ekki verið mótmælt almennt, en hins vegar hefur því verið mótmælt, að störfum Vilhelmínu hafi verið hagað í samræmi við hið almenna fyrirkomulag. Tvö vitni höfðu komið fyrir dóm, og hafði aðiljaskýrsla Vilhelmínu fengið nokkurn stuðning af framburð-

um vitnanna. Verður því að telja, að héraðsdómari hafi komist að réttri niðurstöðu miðað við það, hvernig málið lá fyrir, þegar hann kvað upp dóm sinn.

Áfrýjandi hafði í héraði stutt sýknukröfu sína og varakröfu þeirri málsástæðu, að vinnustundir Vilhelmínu Vilhjálmsdóttur væru ekki rétt tilgreindar í skýrslu hennar. Verður að telja, að sönnunargögnum um þetta megi koma að í Hæstarétti, eins og á stendur, en sönnunarbyrðin hvíli á hlutafélaginu. Mótmæli, sem fram komu í munnlegum málflutningi gegn vitnaskýrslum, eru þó of seint fram komin, sbr. 4. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936 og 58. gr. laga nr. 75/1973.

Þau nýju gögn, sem áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt og varða beinlínis vinnustundafjöldann, sem um er deilt, eru í fyrsta lagi utanréttarvottorð manns, sem kveðst hafa starfað í Hótel Valhöll 1979, og í öðru lagi skýrsla framkvæmdastjóra hótelsins, sama manns og undirritaði greinargerðina í héraði. Þessi gögn fá ekki hnekkt niðurstöðu héraðsdóms, og ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir vera hæfilega ákveðinn 4.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Valhöll h/f, greiði stefndu, Vilhelmínu Vilhjálmsdóttur, 4.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 28. janúar 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 1. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 31. ágúst sl., á hendur Valhöll h/f, Þingvallahreppi, af Vilhelmínu Vilhjálmsdóttur, Hringbraut 34, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Valhöll h/f, verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 439.336 auk 4% dráttarvaxta á mánuði og broti úr mánuði frá 1. júlí 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Upphafleg kröfufjárhæð var kr. 537.231, en í þinghaldi 1. nóvember 1979 lækkaði talsmaður stefnanda kröfurnar, og eru þær nú þær, sem að framan er lýst.

Stefnandi kveður kröfur sínar á því reistar, að hún hafi starfað fyrir stefnda við þjónustustörf á Hótel Valhöll á tímabilinu 3. maí til 15. júní 1979. Hafi henni borið laun skv. samningi Félags starfsfólks í veitingahúsum og Félags veitinga- og gistihúsaeigenda, og sundurliðast kröfur hennar þannig:

„3.—31. maí 1979.

Dagvinna skv. kauptaxta	kr. 173.514
Frádráttur 1. og 2. maí, 16 st. dv.	— 16.144
Mism. inneign	kr. 157.370
Næturvinna 5., 6., 12., 13., 19., 20., 26., 27. dagar maí þ. e. 8x16 klst. = 128 klst. x kr. 1.816	— 232.448
1. — 15. júní 1979 dagvinna skv. kauptaxta (193.294:2)	— 96.647
Næturvinna 2., 3., 9., 10. dagar í júní þ. e. 4x16 klst. = 64 klst. x kr. 2.023	— 129.472
	Kr. 615.973
Orlof 8.33%	— 51.307
	Kr. 667.280
Úttekt skv. nótum ÷	— 27.944
Innborgað 11.6. 1979 ÷	— 200.000
Skuld	kr. 439.336“.

Við þingfestingu málsins var sótt þing af hálfu stefnda og krafist sýknu af stefnukröfum. Í þinghaldi 26. september sl. var lögð fram greinargerð af hálfu stefnda. Stefnandi kom fyrir dóm þann 23. október og gaf skýrslu svo og 2 vitni, en ekki var sótt þing af hálfu stefnda, en af hans hálfu var tilkynnt, að talsmaður stefnda gæti ekki sótt þing sökum anna. Málinu var frestað til 1. nóvember sl., og féll þá niður þingsókn af hálfu stefnda, og var málið þá tekið til dóms að kröfu umboðsmanns stefnanda.

Í greinargerð stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi hvergi nærri skilað þeim tímum, sem launa er krafist fyrir í stefnu, og að hún hafi hlaupið fyrirvaralaust úr vistinni hjá

stefnda. Hafi hún þá verið búin að vinna fyrir kr. 204.000, en taka út 227.944 og eigi því engar frekari kröfur á hendur stefnda.

Stefnandi hefur komið hér fyrir dóm og skýrt svo frá, að hún hafi hafið starf hjá stefnda 3. maí 1979, en hafi áður unnið hjá stefnda á árunum 1976 og 1977. Hún kvaðst hafa verið ráðin til starfa allt sl. sumar við sumargistihús stefnda á Þingvöllum. Hún kvaðst hafa hætt störfum 15. júní 1979 vegna þess atviks, að starfsmaður í eldhúsi hljóp að henni með sveðju á lofti.

Hún kvaðst hafa unnið virka daga frá kl. 0800—1500 annan daginn, kl. 1500—2230 hinn nema laugar- og sunnudaga, þá hafi hún unnið frá kl. 0800—2330. Hún kvaðst hafa starfað í eldhúsi hótelsins.

Vitnið Guðmundur Erlendsson framreiðslumaður hefur komið hér fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann og stefnandi hafi hafið störf 3. maí 1979. Hafi stefnandi starfað í eldhúsi bæði virka daga og um helgar, en veislur hafi verið haldnar um helgar í maímánuði og því annasamt, þótt hótelið hafi ekki opnað fyrr en í júníbyrjun.

Vitnið Steinunn Harðardóttir starfsstúlka hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að stefnandi hafi unnið mjög mikið um helgar, gjarnan frá kl. 0800 á morgnana og fram á kvöld.

Hún kvaðst hafa hafið störf þann 1. maí, en stefnandi hafi byrjað litlu seinna, líklega 3. maí 1979.

Eins og að framan greinir, féll niður þingsókn af hálfu stefnda þann 1. nóvember 1979, og krafðist umboðsmaður stefnanda þá dómtöku málsins. Verður málið því dæmt eftir framkomnum gögnum, sbr. 118. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Þykja þau vera í samræmi við kröfugerð stefnanda, og verða því kröfur hennar teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir ákvarðast 22% ársvextir frá 1. júlí 1979 til 1. september s. á., en 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., en 31% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 300.000.

Dómsuppsögn hefur dregist vegna veikinda dómara.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Valhöll h/f, greiði stefnanda, Vilhelmínu Vilhjálmsdóttur, kr. 439.336 með 22% ársvöxtum frá 1. júlí 1979 til 1. september s. á., en með 27% ársvöxtum frá þeim

degi til 1. desember s. á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 300.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. nóvember 1982.

Nr. 142/1979. **Sigurður Guðmundsson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Baldri Bergsteinssyni
(Brandur Brynjólfsson hrl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1979. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fjárhæð kröfu stefnda (stefnanda í héraði) er reist á yfirlýsingu Indriða Nielssonar byggingameistara, dagsettri 6. febrúar 1973, þar sem hann upplýsir, að samkvæmt mati hafi kostnaður við annað mannvirki, hliðstætt því, sem hér er deilt um, numið fjárhæð þeirri, sem lögð er til grundvallar í þessu máli. Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var Indriði Nielsson einn þeirra, sem fengu úthlutað fjölbýlishúsalóðinni nr. 18—32 við Maríubakka samtímis stefnda. Hin tilvitnaða matsgerð hefur ekki verið lögð fram í máli þessu og ekki heldur kostnaðarreikningur frá stefnda vegna mannvirkis þess, sem hér er deilt um. Þá verður ekki séð, að mat hafi farið fram á því, hvert hafi verið eðlilegt kostnaðarverð undirgangs þess, sem hér um ræðir.

Áfrýjandi byggir á því í greinargerð í héraði og endurtók það við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að ekkert lægi fyrir um það, hvað hið umdeilda mannvirki hefði kostað, og sé krafa stefnda (stefnanda í héraði) því ekki dómtæk.

Framangreind vanreifun málsins þykir eiga að varða frávísun þess frá héraðsdómi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Samkvæmt þeirri niðurstöðu ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Baldur Bergsteinsson, greiði áfrýjanda, Sigurði Guðmundssyni, samtals 5.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. apríl sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, þingfestri 6. október 1977, af Baldri Bergsteinssyni múrarameistara, Stórageröi 27 hér í borg, gegn Sigurði Guðmundssyni málarameistara, Brautarlandi 11, einnig hér í borg, til greiðslu skuldar, kr. 96.890 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 1. júní 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og ríflegs málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Á hendur réttargæslustefnda hafa ekki verið gerðar kröfur, og gerir hann ekki kröfur í málinu.

Ítarlegar sáttaumleitanir dómsins urðu árangurslausar.

Málavextir.

Í mars 1968 var nokkrum aðiljum gefinn kostur á fjölbýlishúsalóðinni Maríubakka 18—32 í Breiðholti hér í borg. Voru það Sigurður Pálsson, sem fékk tvö stigahús, nr. 18 og 20, Indriði Nielsson og Ólafur H. Pálsson, sem fengu stigahús nr. 22 og 24,

Baldur Bergsteinsson, stefnandi máls þessa, sem fékk stigahúsin nr. 26 og 28, og sameignarfélagið Byggingaframkvæmdir, réttargæslustefndi í máli þessu, sem fékk stigahúsin nr. 30 og 32. Fjölbýlishús þetta er U-laga, teiknað af Kjartani Sveinssyni. Álmurnar í U-inu eru hvor um sig tvö stigahús, nr. 18 og 20 annars vegar og nr. 30 og 32 hins vegar. Þá taka við hornhús sinn hvorum megin, nr. 22 og 28, og loks eru tvö stigahús, sem mynda tengibyggingu milli álmanna, og eru þau nr. 24 og 26. Í tengihúsum þessum eru undirgangar, einn í hverju, sem þjóna fjölbýlishúsinu öllu eða sinn hvorum helmingi þess. Í „Skilmálum fyrir fjölbýlishús í Breiðholti", sem gefnir voru út af borgarverkfræðingi, segir, að inngangar í húsin skulu eingöngu vera frá garðhlið þeirra og skuli staðsetning undirganga frá bílastæðum vera eins og mæliblöð sýni. Aðiljar hófu byggingarframkvæmdir, og hóf stefnandi framkvæmdir við stigahúsið nr. 26 og steypti það upp. Síðan byrjaði hann á stigahúsinu nr. 28, hornhúsinu, og þá voru byrjaðar framkvæmdir við botnplötur stigahúsanna nr. 30 og 32. Hinn 10. september 1970 gerði stefndi Sigurður kaupsamning við réttargæslustefnda, svohljóðandi:

„Kaupsamningur:

Byggingaframkvæmdir s/f Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefnt seljandi, og Sigurður Guðmundsson, Brautarlandi 11, Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefndur kaupandi, gera með sér svofelldan

kaupsamning:

1. Seljandi skuldbindur sig til þess að selja kaupanda steypta grunna að húsunum nr. 30—32 við Maríubakka í Reykjavík.

2. Hið selda selst í því ástandi, sem það er nú, það er steyptar botnplötur á bæði stigahúsin, gengið verði frá drenlögn meðfram húsunum og steyptar undirstöður að tröppum húsanna. Í kaupunum fylgir hústeikning, teikning fyrir skolplögn í grunn, gatnagerðargjöld. Ekkert efni fylgir með í sölunni, ekki heldur vinnuskúrar.

3. Umsamið kaupverð hins selda er kr. 1.500.000.00 — ein miljón og fimm hundruð þúsund krónur —, sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða þannig:

a) Við sölu hverrar íbúðar kr. 25.000.00

b) Þegar kaupandi fær greiddan fyrrihluta af Húsnæðismálaláni út á hverja íbúð kr. 100.000.00

4. Kaupandi samþykkir tryggingarvíxil fyrir allri upphæðinni við undirskrift þessa samnings, sem verður svo lækkaður

eftir því sem kaupandi greiðir af skuldinni. 9% vextir reiknast af skuldinni frá 1. janúar 1971, þar til hún er að fullu greidd, sem skal vera í síðasta lagi 1. september 1971, þó íbúðirnar séu ekki seldar.

5. Kaupandi skuldbindur sig til að hefja byggingu áðurnefndra húsa fyrir 1. október n. k. og byggja bæði stigahúsin svo fljótt sem auðið er vegna veðráttu.

6. Kaupanda er óheimilt að veðsetja öðrum en Húsnæðismálastofnun ríkisins framkvæmdir þær, er fara fram á lóðunum að Maríubakka 30—32, þar til hann hefur að fullu greitt skuldir sínar við seljendur.

7. Samningur þessi er háður því, að borgaryfirvöld samþykki, að kaupandi yfirtaki lóðarréttindi af Byggingaframkvæmdum s/f.

8. Kaupsamningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn samningsaðila.

9. Mál út af samningi þessum má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án undangenginna sáttaumleitana fyrir sáttanefnd.

10. Kaupsamningi þessum til staðfestingar rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist tveggja vitundarvotta."

Stefndi Sigurður tók við byggingarframkvæmdum á þessu stigi og hélt áfram framkvæmdum og byggði upp þessi tvö stigahús og seldi síðan. Samkomulag varð milli byggjenda stigahúsanna nr. 18—24 að skipta á milli sín kostnaðinum við undirganginn í þeim helmingi fjölbýlishússins, en sá undirgangur var í húsinu nr. 24. Heildarkostnaður við þann undirgang varð kr. 309.470, og var honum skipt á stigahúsin nr. 18—24 að tiltölu. Stefnandi Baldur byggði undirganginn í hinum helmingnum, og var undirgangurinn í stigahúsinu nr. 26. Ekki hafði verið sérstaklega rætt við Byggingaframkvæmdir s/f um skiptingu á kostnaði þessum, þegar þeir seldu stefnda Sigurði botnplöturnar, og leitaðist stefnandi við að innheimta hluta kostnaðarins hjá stefnda Sigurði, en hann hafnaði greiðslum. Var mál þetta höfðað til greiðslu eftirstöðva þeirra, sem stefnandi taldi stefnda eiga eftir að greiða af sínum hluta þessa kostnaðar, sem talinn var í heild sá sami og í hinum helmingnum, kr. 309.470.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að fullt samkomulag hafi verið með upphaflegum lóðarhöfum að skipta kostnaði við undirganginn á milli sín í samræmi við eignaraðild hvers fyrir sig og hafi eignaraðili stigahúsanna nr. 18 og 20 greitt þeim, sem stóðu að byggingu undirgangsins í nr. 24, sinn hlut að tiltölu.

Þetta hafi stefndi alltaf vitað og hann hafi hinn 1. janúar 1971 greitt fyrstu greiðslu vegna undirgangs við stigahúsin nr. 26—32, kr. 40.088. Eftirstöðvar af hluta stefnda, sem var kr. 137.078, séu því kr. 96.890, sem sé stefnukrafan. Með því að taka að sér byggingu hluta þessa fjölbýlishúss hafi stefndi tekið að sér hið sameiginlega í húsinu, en það sé m. a. þessi undirgangur. Undir rekstri máls þessa hafi stefndi sagt, að hann kannaðist ekki við að hafa greitt þessar kr. 40.088 og tekið kvittun fyrir. En í þinghöldum hér í bæjarþinginu 2. júní 1971 hafi stefndi Sigurður sagt fyrir dómi í sams konar máli, að hann teldi sig greiðsluskyldan og að hann væri byrjaður að borga af sameiginlegum undirgangi í fjölbýlishúsinu við Maríubakka. Í þinghaldi hér í þinginu hinn 1. október 1973 hafi verið bókað eftir stefnda, að hann hafi fengið kvittunina fyrir greiðslunni. En kjarni málsins sé, að undirgangurinn sé sameign og stefndi hafi ekki enn greitt sinn hluta í sameign, eins og hinir sameigendur hafi gert.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi á engan hátt sýnt fram á, að grundvöllur væri fyrir kröfu hans á hendur stefnda. Upplýst sé í málinu, að umræddur undirgangur sé sameiginlegur með stigahúsunum nr. 26—32, en þó svo sé, þá sé hann ekki „sameign". Stefndi hafi ekki eignast neinn hluta í stigahúsi því, sem undirgangurinn sé í, og ekki selt neitt slíkt, þegar hann seldi hús sín. Krafan byggist þannig ekki á neinni sameign, heldur á því, sem fram komi í skjölum stefnanda, að aðiljar hafi gert samkomulag um að skipta á sig kostnaðinum. Slíkt samkomulag hafi stefndi aldrei gert, þar sem undirgangurinn hafi verið byggður, þegar hann keypti, og samkomulagið hljóti því að vera við þá, sem seldu honum. Á þetta hafi aldrei verið minnst, þegar hann keypti, og þetta sé ekki tekið fram í kaupsamningnum og þess vegna sé hann á engan hátt bundinn af slíkri skiptingu og sé hún honum óviðkomandi. Þótt stefndi hafi sagt hér fyrir dómi í öðru máli árið 1971, að hann „teldi sig greiðsluskyldan", þá sé alls ekki þar með sagt, að hann hafi í raun verið það, og það sé dómsins að skera úr um.

Niðurstaða.

Upplýst er, að stefndi Sigurður hafi afhent stefnanda greiðslu og tekið við kvittun frá stefnanda fyrir greiðslu „v/undirgangs við húsin Maríubakka 26—32, fyrsta greiðsla", og hefur afrit kvittunar þessarar verið lagt fram hér í málinu, og er hún dagsett 1. janúar 1971. Stefndi Sigurður sagði hér fyrir dómi hinn 2. júní 1971, í máli, sem hann hafði þá höfðað gegn Árna Vig-

fússyni, að hann teldi sig greiðsluskyldan um hluta kostnaðar í undirgangi, enda þótt enginn samningur hafi verið gerður um skiptingu kostnaðar af þeim undirgangi, og að svipað sé ástatt um hús í Maríubakka, en þar kvaðst stefndi Sigurður „vera byrjaður að greiða kostnað af sameiginlegum undirgangi". Einnig sagði stefndi Sigurður við þetta tækifæri, að Sigurður Pálsson hefði þá verið farinn að greiða í kostnaðinn við sameiginlegan undirgang í sambærilegu tilviki. Þegar þetta er virt, verður að telja í ljós leitt af stefnanda hálfu, að stefndi hafi tekið þátt í samkomulagi um þátttöku í kostnaði við undirgang í stigahúsinu nr. 26 á sama hátt og upplýst er, að gert hafi verið um hinn helming fjölbýlishússins. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi síðar rift samkomulagi þessu eða að hann sé ekki bundinn af því lengur. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að sá hluti kostnaðarins, sem hann átti skv. samkomulagi þessu að greiða, kr. 137.078, sé ósanngjarn, og verður honum því gert að greiða eftirstöðvarnar, eins og krafist er, enda er ekki haldið fram fyrningu í málinu. Verður stefnda og gert að greiða málskostnað, sem ákveðst kr. 90.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Guðmundsson, greiði stefnanda, Baldri Bergsteinssyni, kr. 96.890 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 1. júní 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 90.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. nóvember 1982.

Nr. 265/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristni Viðari Sverrissyni
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds var málinu einnig áfrýjað til þyngingar, en við flutning málsins hefur verið fallið frá þeirri kröfu og krafa gerð um staðfestingu héraðsdóms. Fallið hefur verið frá tilvitnunum í ákærum til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ágrip barst Hæstarétti 7. apríl 1982.

Samkvæmt nýju sakavottorði, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur ákærði eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms tvívegis verið dæmdur í refsingu fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot, hinn 7. desember f. á. í 40 daga fangelsi og 28. maí sl. í 4 mánaða fangelsi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að brot ákærða verða nú ekki heimfærð undir áfengislög.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur,

og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 2. júlí 1981.

Mál þetta, sem höfðað er hér fyrir dómi með þremur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 5. maí 1981, 7. maí 1981 og 25. júní 1981, var dómtekið 2. júlí 1981. Málið er höfðað á hendur Kristni Viðari Sverrissyni sjómanni, Grundargerði 3 E á Akureyri, fæddum 10. febrúar 1962 í Reykjavík:

I. Samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 5. maí 1981,

„fyrir að taka í heimildarleysi aðfaranótt laugardagsins 21. febrúar 1981 bifreiðina U 2860 í grennd við veitingahúsið Klúbbinn við Borgartún í Reykjavík og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt, til Hafnarfjarðar og aftur til Reykjavíkur og aka þá gegn rauðu umferðarljósi á gatnamótum Grensásvegar og Suðurlandsbrautar, en þá stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II. Samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 7. maí 1981,

„fyrir að taka í heimildarleysi mánudaginn 23. mars 1981 bifreiðina R 4876 við Grettisgötu 38 í Reykjavík og aka henni, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, inn á Kringlumýrarbraut og aka þar svo óvarlega, að bifreiðin rakst aftan á bifreiðina G 9536 rétt við Miklubraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

III. Samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 25. júní 1981,

„fyrir að hafa í maí 1981 tekið bifreiðar í heimildarleysi og ekið þeim undir áhrifum áfengis og ævilangt sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi, svo sem rakið er:

1) Aðfaranótt föstudagsins 15. A 7345 frá Strandgötu 23 á Akureyri um götur bæjarins, uns akstrinum lauk við Hótel Varðborg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, og 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

2) Þessa sömu nótt A 5932 frá Munkaþverárstræti 6 á Akureyri um götur bæjarins og norður Hörgárbraut, þar til bifreiðin varð bensínlaus við Lónsbrú.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga.

3) Aðfaranótt laugardagsins 30. H 368 frá porti Vélsmiðjunnar Vísis á Blönduósi, uns akstri lauk efst á Hlíðarbraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sakhæfur, hefur samkvæmt sakavottorði, dagsettu 30. apríl 1981, sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1979 4/2 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1979 á Akureyri: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 13/8 1979.

1980 12/5 á Akureyri: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 1. og 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga

og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

1980 29/9 á Akureyri: Dómur: 15 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár (hegningarauki), fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga, 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29/9 1980.

1981 29/1 á Akureyri: Dómur: 5 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 2. mgr. 25. gr., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt dómabók sakadóms Akureyrar var ákærði með dómi frá 29. sept. 1980 sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, en ekki „sviptur ökuleyfi ævilangt", eins og segir í sakavottorðinu.

Málavextir eru þessir:

I.

Laugardaginn 21. febrúar 1981, kl. 0353, urðu lögreglumenn í Reykjavík varir við ferðir bifreiðarinnar U 2860, þar sem henni var ekið norður Grensásveg að Suðurlandsbraut og hún stöðvuð. Bifreiðinni hafi síðan verið ekið af stað á móti rauðu ljósi, en akstur hennar stöðvaður vestan gatnamótanna og ökumaðurinn, sem reyndist vera ákærði, handtekinn.

Kl. 0348 hafði eigandi bifreiðarinnar, Kristján Ragnarsson, tilkynnt til lögreglunnar, að henni hefði verið stolið frá veitingahúsinu Klúbbnum.

Ákærði kvaðst hafa verið við veitingahúsið Klúbbinn, en ekki komist þar inn. Hefði hann þá gengið suður fyrir húsið og séð þar bifreiðina U 2860 og þá ákveðið að reyna að gangsetja hana. Það hefði reynst auðvelt, þ. e. kveikjuláslykillinn hefði verið í bifreiðinni. Þegar eigandi bifreiðarinnar lagði fram formlega kæru, lét hann þess getið, að kveikjuláslykillinn hefði verið í kveikjulásnum, vegna þess að bilun hefði átt sér stað, þannig að ekki hafi verið hægt að ná honum úr. Ákærði kveðst síðan hafa ekið af stað og í fyrstu hafa ætlað að aka til Njarðvíkur, en ekki ekið lengra en til Hafnarfjarðar, þar sem hann hefði staldrað aðeins við, en verið á leið að Klúbbnum til að skila bifreiðinni, er akstur hans hefði verið stöðvaður. Ákærði kvaðst

hafa drukkið um hálfa flösku af brennivíni frá um kl. 1700 daginn áður og fram að þeim tíma, er hann tók bifreiðina. Hann kveðst þó ekkert hafa drukkið, meðan á akstrinum stóð eða eftir að honum lauk.

Sama dag, kl. 0410, tók lögregluvarðstjóri skýrslu af ákærða. Ákærði viðurkenndi akstur bifreiðarinnar U 2860, réttindalaus, frá Klúbbnum, þar sem hann kvaðst hafa tekið bifreiðina í heimildarleysi, skömmu áður en lögreglan stöðvaði aksturinn. Hann kvaðst hafa drukkið áfengi frá kl. 1700 daginn áður til um kl. 0200 þá um nóttina. Ákærði játaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Varðandi útlit og önnur einkenni ákærða kemur fram í skýrslunni, að áfengisþefur af andardrætti hans var talsverður, andlitið eðlilegt, fatnaður aflaga, framkoma kurteis, augu vot og rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Sama dag, kl. 0950, var enn tekin skýrsla af ákærða hjá lögreglunni í Reykjavík. Er hún í öllum meginatriðum í samræmi við það, sem áður er fram komið. Þó sagði ákærði nú, að hann hefði byrjað að drekka áfengi um kl. 2000 og drukkið um það bil eina flösku af brennivíni til kl. 0100. Ákærði skýrir enn fremur svo frá atburðum, eftir að hann tók bifreiðina: „Ég var talsvert ölvaður, þegar ég lagði af stað. Ég er ókunnugur í borginni og þekki því ekki nöfnin á þeim götum, sem ég ók um, en ég ók suður í Hafnarfjörð og ætlaði að hitta kunningja minn, sem býr að Vesturbraut 2, en þar var enginn heima. Síðan ætlaði ég að aka suður í Njarðvík, en fór þá að hugsa málið og ákvað að fara til baka og skila bílnum aftur á sama stað og ég tók hann. Ég ók síðan til baka og var stöðvaður af lögreglunni, þegar ég kom til Reykjavíkur aftur. Ég man eftir að hafa ekið yfir gatnamót á móti rauðu ljósi, rétt áður en lögreglan stöðvaði mig.“ Hann kvaðst aldrei hafa tekið ökumannspróf.

Eigandi bifreiðarinnar lýsti því yfir, að bifreiðin hefði ekkert skemmst í meðförum ákærða, en bifreiðin var Saab 96, árgerð 1974.

Helgi Sigurðsson læknir tók blóðsýni til alkóhólrannsóknar úr ákærða kl. 0440 þennan dag, og reyndist alkóhólmagn í blóði vera 1.38‰.

Með vísan til játningar ákærða svo og annarra gagna málsins, sem rakin eru hér að framan, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæruskjali, dagsettu 5. maí 1981. Brot ákærða eru þar rétt færð til refsiákvæða.

II.

Mánudaginn 23. mars 1981, kl. 1845, kom lögreglan í Reykjavík að Kringlumýrarbraut við Miklubraut, þar sem bifreiðinni G 4876 hafði verið ekið aftan á bifreiðina G 9536. Ökumaður bifreiðarinnar G 4876, Cortina fólksbifreið, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, virtist ölvaður og var óstöðugur í göngulagi, og lagði sterka áfengislykt frá vitum hans. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði stolið bifreiðinni í götu, sem hann vissi ekki, hvað hét, og verið búinn að aka í um 5 mínútur, þegar lögreglan kom að. Hann viðurkenndi að vera undir áhrifum áfengis og kvaðst hafa drukkið eina flösku af sherry frá kl. 1500 þá um daginn og þar til skömmu áður en hann hóf aksturinn. Hann kvaðst vera ökuréttindalaus.

Ökumaður G 9536 skýrði svo frá, að hann hefði komið akandi suður Kringlumýrarbraut, og við Háaleitisbraut kvaðst hann hafa séð til ferða G 4876 og við gatnamót Miklubrautar hefði hann stöðvað vegna umferðarljósa og verið kyrrstæður, er bifreiðinni G 4876 var ekið aftan á bifreið hans.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum voru: Á G 4876 höggvari og svunta að framan dælduð, og á G 9536 var ákoma á dráttarkrók.

Sama dag, kl. 1905, tók lögregluvarðstjóri skýrslu af ákærða, og var framburður hans þá í samræmi við það, sem áður er fram komið. Ákærði kveðst hafa fundið aðeins til áfengisáhrifa við aksturinn. Varðandi útlit og einkenni ákærða kemur fram, að sterkur áfengisþefur var af andardrætti hans, andlitið þrútið, fatnaður óhreinn, framkoma kurteis, augu blóðhlaupin, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður ruglingslegur.

Eigandi bifreiðarinnar G 4876, Guðjón Skúlason, skýrði frá því, að bifreiðin hefði staðið við hús nr. 38 við Grettisgötu í Reykjavík, er hún var tekin. Hann kvað þær skemmdir hafa orðið á bifreiðinni, að afturljósagler hefði brotnað og auk þess væri framhöggvari og svunta skemmd.

Vaktlæknir á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík tók blóðsýni til alkóhólrannsóknar úr ákærða kl. 1940 þennan sama dag, og reyndist alkóhólmagn í blóði vera 1.76‰.

Þann 24. mars 1981, kl. 0940, var tekin skýrsla af ákærða af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Hann kvað þá 4 félaga hafa keypt 2 flöskur af brennivíni og 2 flöskur af sherry daginn áður og þá hafa byrjað áfengisneyslu um hádegið, en seinni part dagsins hafi hann orðið viðskila við félaga sína og hafi einn tekið

bifreiðina G 4876 ófrjálsri hendi í götu, er hann ekki vissi nafn á. Hafi hann gangsett bifreiðina, sem var ólæst, með skrúfjárni, er hann var með í fórum sínum. Hafi hann ekki ætlað að aka neitt sérstakt á bifreiðinni og hafi akstrinum lokið skömmu síðar, er hann lenti í framangreindum árekstri. Hann kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og aldrei öðlast ökuréttindi. Hann lýsti sig reiðubúinn til að greiða hugsanlegar skaðabætur vegna tjónsins, er hann olli.

Með vísan til játningar ákærða svo og annarra gagna málsins, sem rakin eru hér á undan, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali, dagsettu 7. maí 1981. Þó ber að geta þess, að ákærði hefur aldrei öðlast ökuleyfi og ók því ekki „sviptur ökuréttindum ævilangt", eins og segir í ákæruskjali, heldur sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Brot ákærða eru í ákæruskjali rétt færð til refsiákvæða.

III.

1. og 2. ákæruliður.

Föstudaginn 15. maí 1981, kl. 1459, barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að bifreiðin A 7345 væri horfin, en hún væri af gerðinni Taunus 17, station, blágrá að lit. Eigandi bifreiðarinnar, Einar M. Jóhannesson, kvaðst hafa skilið við bifreiðina kvöldið áður við heimili sitt að Strandgötu 23, Akureyri, og hefðu straumláslyklarnir orðið eftir í bifreiðinni fyrir mistök. Hann kveðst síðan hafa ætlað að nota bifreiðina nú fyrir stundu og hafi hún þá verið horfin. Skömmu síðar fann lögreglan umrædda bifreið á bifreiðastæði á bak við Hótel Varðborg á Akureyri. Virtist bifreiðin óskemmd, en straumláslyklar voru ekki sjáanlegir í bifreiðinni.

Sama dag, kl. 0820, tilkynnti Hreinn Laufdal, að bifreiðin A 5932, sem hann væri eigandi að, hefði horfið þá um nóttina. Bifreiðin væri af Volkswagen gerð (bjalla), árg. 1965, hvít að lit með appelsínugulum aurbrettum og vélarloki. Hreinn kvað bifreiðina hafa verið læsta og hafi hún staðið framan við húsið að Munkaþverárstræti 6 á Akureyri.

Þann 5. júní 1981, kl. 0955, tók rannsóknarlögreglumaður skýrslu af ákærða á lögreglustöðinni á Akureyri. Ákærði kvaðst hafa byrjað að drekka áfengi skömmu eftir hádegi fimmtudaginn 14. maí og hafa verið við þá drykkju í bifreið hjá Ólafi Guðmundssyni. Ákærði kvaðst hafa átt eina flösku af brennivíni, sem hann hefði drukkið úr eftir að hafa blandað það með

kóki. Einnig hafi hann átt eina flösku af rauðu Twenty One, sem hann hefði drukkið úr ásamt vinum sínum. Kveðst ákærði hafa verið orðinn mjög ölvaður, þegar vínið var allt búið, en þá álítur hann, að komið hafi verið fram undir miðnætti. Ákærði kveðst þá hafa farið úr bifreiðinni í miðbænum. Hafi hann þá meðal annars farið niður Strandgötu. Ákærði segir, að sér hafi þá allt í einu dottið í hug að stela bifreið til að fara á til Reykjavíkur til að ná í kaupið sitt, sem hann hafi átt ógreitt þar.

Ákærði sagði svo frá atvikum: „Ég man, að ég kom að bifreið af gerðinni Taunus 17M, sem var blágrá að lit og mun hafa skráningarnúmerið A-7345. Kveikjuláslyklar stóðu í lásnum. Settist ég því inn í bifreiðina, gangsetti hana og ók af stað. Ég ætlaði að reyna að fá einhvern með mér suður, svo ég ók vestur Strandgötu, norður Glerárgötu og vestur Gránufélagsgötu og síðan inn á bifreiðastæði vestan við Borgarbíó. Þar fór ég úr bifreiðinni og gekk inn í miðbæ til að athuga, hvort ég hitti ekki einhvern, sem vildi koma með mér. Kunningi minn, er ég hitti í gær, sagði mér, að ég hefði talað við hann um það, en hann ekki viljað koma með. Mig minnir, að ég hafi þá farið aftur út að Borgarbíói. Þá var þar á sama stæði einnig Escort bifreið. Ég mundi ekki, á hvorri bifreiðinni ég hafði verið, og settist því inn í Escort bifreiðina og reyndi að gangsetja hana með lyklunum úr Taunusnum. Það tókst ekki betur en svo, að ég braut lyklana í kveikjulásnum. Ég gekk því aftur inn í miðbæ og hitti þar Ólaf Guðmundsson, sem ók mér heim til ömmu minnar, sem býr í Munkaþverárstræti nr. 5 á Akureyri. Þar fór ég inn, en dvaldi ekki lengi, því að ég hafði séð VW-bifreið, er ég gekk inn, sem ég ákvað að taka og fara á til Reykjavíkur. Ég fór því út aftur. Bifreiðin, sem mun hafa skráningarnúmerið A-5932, var læst, en læsingin var orðin það slitin, að ég gat opnað hana með litlum hníf, er ég var með. Ég fór síðan fram í bifreiðina og tengdi þar saman víra, þannig að ég gat sett straum á bifreiðina. Ég renndi henni síðan aðeins frá þeim stað, er hún stóð á, en hún hafði staðið í Munkaþverárstræti fyrir framan hús nr. 3, að mig minnir. Ég gat svo rennt henni í gang aðeins norðar í götunni. Þá beygði ég vestur Bjarkastíg, suður Þórunnarstræti, vestur Hamarsstíg og hélt áfram vestur Þingvallastræti og vestur fyrir Rangárvalli, en þar ók ég einhvern götuslóða til norðurs, þar til ég komst inn Hlíðarbrautina, er ég ók norður og síðan norður Hörgárbraut, þar til bifreiðin varð bensínlaus skammt norðan við Lónsbrú. Þaðan gekk ég heim í Munkaþverárstræti

og ákvað að láta staðar numið. Ég fann til verulegra áfengisáhrifa við aksturinn, en það kom ekkert fyrir, og tel ég mig hafa haft gott vald á bifreiðinni. Ökuleyfi hef ég ekki og hef aldrei fengið, þar sem ég hef verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt."

Með játningu ákærða svo og öðrum gögnum, sem rakin eru hér að framan, telst fullsannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í 1. og 2. lið ákæruskjals, dags. 25. júní 1981. Brot ákærða eru færð rétt til refsiákvæða í ákæruskjali.

3. ákæruliður.

Laugardaginn 30. maí 1981, kl. 0400, barst lögreglunni í Húnavatnssýslu tilkynning um ölvaðan mann, sem væri á ferð á Hlíðarbraut á Blönduósi. Lögreglan fór á staðinn og hitti þar fyrir mann, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Hann kvaðst hafa tekið bifreið skömmu áður niður við Vísi s/f og ekið henni sem leið liggur upp í hverfið og hefðu lyklar staðið í kveikjulásnum. Bifreiðin, sem var blá Taunus fólksbifreið, hafði skráningarnúmerið H 368. Var greinilegt af förum eftir bifreiðina, að aksturinn hafði verið mjög skrykkjóttur upp Hlíðarbrautina, og kvaðst ákærði hafa ekið henni aftur á bak, þar sem hún hefði verið föst í gír.

Sama dag, kl. 0439, tók lögregluvarðstjóri skýrslu af ákærða vegna meintrar ölvunar við akstur. Ákærði viðurkenndi að hafa verið að drekka áfengi með kunningjum sínum frá því kl. 2200, þangað til hann tók bifreiðina traustataki. Ákærði kveðst hafa drukkið eina flösku af vodka á þessum tíma í húsi á Blönduósi og hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Varðandi útlit og önnur einkenni ákærða kemur fram, að talsverður áfengisþefur var af andardrætti ákærða, andlit hans þrútið, fatnaður óhrein vinnuföt, framkoma kærulaus, augu rauð, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður greinargóður.

Sama dag, kl. 1215, var enn tekin skýrsla af ákærða af lögreglunni í Húnavatnssýslu. Hann kvaðst hafa farið og tekið bifreiðina H 368, þar sem hún stóð í porti Vélsmiðjunnar Vísis með kveikjuláslyklum í. Kveðst hann hafa ekið bifreiðinni upp hjá verslunarhúsi KAH og upp á Hlíðarbraut, þar sem lögreglan hafi komið að.

Helga Björnsdóttir læknir tók blóðsýni til alkóhólrannsóknar úr ákærða kl. 0420 sama dag, og reyndist magn alkóhóls í blóði vera 1.90‰.

Ákærði kom fyrir sakadóm Akureyrar föstudaginn 5. júní og játaði að hafa tekið bifreiðina H 368 ófrjálsri hendi á Blönduósi aðfaranótt 30. maí sl. og ekið henni ölvaður nokkur hundruð metra og síðan yfirgefið hana. Hann kveðst hafa byrjað að drekka áfengi um kl. 2000 kvöldið áður, en á Blönduósi hafi verið pólskt skip og hafi hann fengið keyptar í skipinu eina heilflösku af spíritus, sennilega um 75% að styrkleika, og eina heilflösku af koníaki. Ákærði kveðst síðan hafa verið við drykkju ásamt kunningjum sínum í verkamannabústað á Blönduósi. Hafi hann síðan ætlað að ganga að Njálsstöðum, sem séu í um 8 km fjarlægð frá Blönduósi, en fyrst ætlað að hafa tal af stúlku inni í þorpinu og því gengið þangað og þá rekist á bifreiðina H 368 og tekið hana traustataki. Hafi bifreiðin verið ólæst og straumláslyklar í kveikjulás hennar. Ákærði gaf þá skýringu á háttsemi sinni, að oft þegar hann væri undir áhrifum áfengis, fái hann óstjórnlega löngun til þess að aka bifreið og taki hann þá bifreiðar ófrjálsri hendi.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum, sem rakin eru hér að framan, er sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í 3. lið ákæruskjals, dags. 25. júní 1981, og varðar við þau refsiákvæði, sem þar eru tilgreind.

Verjandi ákærða gerir þá kröfu, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar fyrir brot sín. Bendir hann á ungan aldur ákærða honum til málsbóta svo og undanbragðalausar játningar á atferli hans, einnig það, að ákærði sé vart ábyrgur gerða sinna undir áfengisáhrifum, en öll brotin hafi hann framið í því ástandi. Einnig sé fangelsisvist lítt fallin svo ungum manni til betrunar. Á þessi sjónarmið má fallast, en hins vegar telur dómarinn það eftir ítarlegar viðræður við ákærða, að honum sé fullljóst, hverjar afleiðingar áfengisneysla hans kunni að hafa í för með sér og sé því fyllilega sakhæfur, en virðist skorta átakanlega vilja eða löngun til þess að snúa við á þeirri braut síbrota, sem hann nú er kominn á.

Ákærði hefur í máli þessu gerst sekur um fimm brot, og ber því að ákveða refsingu hans nú í samræmi við 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði hlaut ákærði skilorðsbundinn dóm fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, umferðarlögum og áfengislögum þann 29. janúar 1981 í sakadómi Akureyrar. Var refsing þá ákveðin 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár. Ákærði hefur rofið skilorðið með þeim brotum,

sem hann er í þessu máli fundinn sekur um að hafa framið. Verður refsing hans því ákvörðuð með hliðsjón af 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur með þeirri háttsemi, sem að framan greinir, unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, og 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi í 20 daga vegna rannsóknar á því máli, sem dæmt var 29. janúar sl., og í 27 daga vegna rannsóknar á máli þessu, eða í 47 daga alls. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvistin komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson aðalfulltrúi.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Viðar Sverrisson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Frá refsingunni skal draga 47 gæsluvarðhaldsdaga að fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Ákærði er sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. nóvember 1982.

Nr. 105/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurbirni Kristni Haraldssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Héraðsdóminn kvað upp Guðjón Magnússon, fulltrúi bæjarfógetans í Eskifjarðarkaupstað.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 17. febrúar 1982, og er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 2. september 1982.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Skipaður verjandi ákærða krefst sýknu og verði allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti lagður á ríkissjóð, þ. á m. málsvarnarlaun sín hér fyrir dómi.

Með sakargögnum, sem rakin eru í héraðsdómi, er sök ákærða sönnuð, og er atferli hans fært til réttra refsiákvæða. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 5.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Kristinn Haraldsson, sæti 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í

stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Eskifjarðar 11. júní 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dagsettu 10. mars 1981, „á hendur Sigurbirni Kristni Haraldssyni trésmíðameistara, Bleiksárhlíð 32, Eskifirði, fæddum 29. október 1953 á Hjalteyri, fyrir að aka þriðjudaginn 29. júlí 1980, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G 1394 frá fiskverkunarhúsi sunnan Strandgötu á Eskifirði, vestur þá götu og norður Bleiksárhlíð, þar sem bifreiðinni var lagt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

II.

Málavextir eru þessir:

Í lögregluskýrslu, dagsettri 30. júní 1980, skýrir Ólafur Jónsson, þá starfandi lögreglumaður á Eskifirði, svo frá, að hann hafi um kl. 1540 daginn áður verið farþegi í bifreiðinni U 256, er henni var ekið austur Strandgötu í Eskifjarðarkaupstað. Hafi þá ökumaður bifreiðarinnar, Jón Ólafsson lögreglumaður, sagt skyndilega: „Hver ekur þessum?" Hafi Jón átt við bifreiðina G 1394, sem ekið var eftir Strandgötu á móti bifreiðinni U 256. Kveðst Ólafur hafa séð greinilega, að við stýri bifreiðarinnar sat Sigurbjörn K. Haraldsson, Bleikárshlíð 32 á Eskifirði. Hafi honum (Ólafi) og Jóni báðum verið kunnugt, að Sigurbjörn var sviptur ökuréttindum.

Er ákærði kom fyrir dóm vegna máls þessa 16. september 1980,

kvaðst hann aldrei hafa ekið bifreið, síðan hann var sviptur ökuréttindum sínum 7. febrúar 1980, og gæti því efni framangreindrar lögregluskýrslu ekki staðist. Tók ákærði jafnframt fram, að hann hefði marga menn í vinnu, sem allir hefðu haft afnot af bifreiðinni að meira eða minna leyti. Ákærði hefur við rekstur málsins haldið fast við framburð sinn.

Vitnið Þóra Sólveig Jónsdóttir, Hátúni 17, Eskifirði, skýrði svo frá fyrir dómi 24. nóvember 1980, að það hefði einhvern tímann í júlí 1980 komið í bifreið föður síns, U 256, út á Eskifjarðarkaupstað og hafi eigandinn, Jón Ólafsson, ekið bifreiðinni, en vitnið setið frammi í bifreiðinni, farþegamegin. Þegar þau hafi verið komin rétt út fyrir rimlahliðið á Strandgötu, hafi vitnið séð, hvar Sigurbjörn K. Haraldsson ók appelsínugulri Volkswagen bifreið með G númeri. Hafi Sigurbjörn verið að snúa bifreiðinni neðan við Strandgötuna móts við fiskverkunarhús. Hafi Ólafur Jónsson, sem er bróðir vitnisins og var farþegi í bifreiðinni U 256, spurt, hvort Sigurbjörn væri ekki undir stýri Volkswagen bifreiðarinnar. Hafi vitnið staðfest það.

Vitnið kvaðst hafa vitað fyrir þennan atburð, hver Sigurbjörn var, og hafa þekkt hann í sjón. Kvaðst vitnið hafa séð Sigurbjörn mjög vel og væri útilokað, að það hefði farið mannavilt.

Vitnið sagði föður þess hafa snúið bifreiðinni U 256 og ekið á eftir Volkswagen bifreiðinni. Hafi verið búið að leggja bifreiðinni í Bleiksárhlíð, er að var komið, og var hún þá mannlaus.

Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Vitnið Jón Ólafsson lögreglumaður, Hátúni 17, Eskifirði, kom fyrir dóm 14. janúar sl.

Kvaðst vitnið þá muna vel greindan atburð. Hafi vitnið séð, að gulri Volkswagen bifreið, G 1394, var ekið austur Strandgötu, og mættust sú bifreið og bifreið vitnisins, sem vitnið ók, á götunni. Vitnið kvaðst ekki hafa hugað að bifreiðinni G 1394 fremur en öðrum bifreiðum, en því hafi allt í einu fundist, um leið og bifreiðarnar mættust, að Sigurbjörn K. Haraldsson æki bifreiðinni G 1394, en vitnið kvaðst hafa vitað, að Sigurbjörn var sviptur ökuréttindum.

Vitnið kvaðst hafa hrokkið við og spurt þá, sem með honum voru í bifreiðinni, hver hefði ekið. Hafi börn vitnisins, Þóra Jónsdóttir og Ólafur Jónsson, fullyrt, að Sigurbjörn K. Haraldsson æki bifreiðinni.

Vitnið kvaðst sjálft ekki geta fullyrt, að Sigurbjörn hefði ver-

ið undir stýri á G 1394, því það hafi veitt ökumanninum athygli svo seint.

Vitnið kvaðst hafa vitað fyrir atburð þennan, að starfsmenn Sigurbjarnar höfðu not af bifreiðinni G 1394.

Vitnið kvaðst hafa brugðið skjótt við og snúið bifreið sinni og ekið nokkuð geyst á eftir G 1394. Hafi bifreiðinni G 1394 verið lagt við vinnustað Sigurbjarnar í Bleiksárhlíð, er vitnið kom þar að, og var engan að sjá hjá bifreiðinni né þar utanhúss.

Vitnið Ólafur Jónsson, Tjarnargötu 10, Reykjavík, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 9. febrúar 1981. Staðfesti vitnið þá framangreinda lögreglustkýrslu.

Vitnið kvaðst jafnframt hafa séð það greinilega, er bifreiðarnar mættust, að ökumaður G 1394 var Sigurbjörn K. Haraldsson, en vitnið kvaðst hafa þekkt hann í sjón. Vitnið kvað útilokað, að það hafi farið mannavilt, enda hefði það séð Sigurbjörn greinilega, rétt áður en bifreiðarnar mættust, og einnig er Sigurbjörn ók fram hjá bifreið þeirri, sem vitnið var farþegi í.

Vitnið kvað ákærða hafa verið einan í bifreiðinni, og kvaðst það jafnframt hafa veitt því athygli, að ákærði ók bifreiðinni áfram vestur Strandgötu og beygði norður Bleiksárhlíð, en þar hvarf bifreiðin sjónum. Hafi faðir vitnisins snúið bifreiðinni U 256 og haldið á eftir bifreið ákærða, og er þeir voru komnir að Bleiksárhlíð, sáu þeir, hvar bifreið ákærða stóð mannlaus og kyrrstæð á hægri kanti götunnar við fjölbýlishús, sem ákærði var með í smíðum.

Vitnið vann eið að framangreindum framburði sínum.

III.

Ákærði var með dómi sakadóms Suður-Múlasýslu 7. febrúar 1980 dæmdur í 15 daga varðhald og sviptur ökuréttindum ævilangt frá 11. mars 1980 fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Sannað þykir með framburðum vitnanna Þóru Jónsdóttur og Ólafs Jónssonar, sem studdir eru framburði vitnisins Jóns Ólafssonar, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Þykir háttsemin varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, eins og í ákæruskjali greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Kristinn Haraldsson, greiði 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, en sæti 10 daga varðhaldi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Þriðjudaginn 9. nóvember 1982.

Nr. 52/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Marteini Kristjáni Einarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Klemenz Eggertsson, fulltrúi sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða, en einnig til þyngingar refsingar af hálfu ákæruvalds.

Ágrip barst Hæstarétti 2. september 1982.

Af hendi ákæruvalds er þess krafist, að ákærða verði dæmd refsing samkvæmt ákæruskjali 1. október 1980, þó svo, að fyrir Hæstarétti er felld niður úr því tilvitnun í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Enn fremur hefur verið felld niður tilvitnun í 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Kemur því eigi til álita, hvort ákærði hafi gerst brotlegur við þessi lagaákvæði. Þá er þess

krafist, að ákærði verði sviptur ökuleyfi ævilangt frá afhendingardegi ökuskírteinis 14. nóvember 1979 að telja.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur farið fram dómsrannsókn í máli þessu. Lögregluþjónar þeir, sem stóðu að handtöku ákærða, hafa komið fyrir dóm. Tveir þeirra skýrðu frá því, að þeir hefðu séð ákærða aka bifreiðinni Z 1125 og leggja henni við hús við Kirkjubraut. Hefðu þeir haft tal af honum, er hann var stiginn út úr bifreiðinni, og segja þeir, að hann hafi verið rauðeygður og drafandi í málrómi. Fullyrðir annar þeirra, að hann hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis. Þriðji lögregluþjónninn, sem stóð að handtökunni, kvaðst ekki muna, hvort hann sá ákærða aka bifreiðinni, en hann hefði verið að ganga frá henni, er þeir lögregluþjónarnir komu að honum. Hann hefði borið merki áfengisáhrifa, verið þvoglumæltur og augu hans fljótandi.

Ákærði kom fyrir dóm, og voru honum kynntir framburðir lögregluþjónanna. Hann kvaðst ekki rengja framburði þeirra út af fyrir sig, en kvaðst ekki geta fallist á, að áfengismagn í blóði sínu hefði verið eins mikið og mæling hefði sýnt. Þá lýsti hann yfir því, að hann hefði afhent sýslumanni ökuskírteini sitt í nóvember eða desember 1979 og væri því raunverulega búinn að vera sviptur ökuleyfi síðan.

Stúlka sú, er ákærði ók upp að Mánagarði og um getur í héraðsdómi, kom og fyrir dóm. Hún kvaðst minnast þess að hafa verið farþegi í rauðri Volkswagen bifreið að kvöldi 3. júní 1979. Ökumaðurinn hefði verið ungur, en hún treysti sér ekki til að segja, hvort hann hefði verið undir áhrifum áfengis eða ekki. Hún kvaðst ekki minnast þess að hafa gefið manni þessum áfengi, meðan á akstrinum stóð.

Að beiðni verjanda ákærða krafði ríkissaksóknari sýslumann Austur-Skaftafellssýslu upplýsinga um eftirtalin atriði í sambandi við rannsókn máls þessa með bréfi 12. júlí 1982:

„1. Hvort tekin hafi verið blóðsýni til alkóhólákvörðunar hjá fleiri aðilum en ákærða að tilhlutan lögreglunnar á Höfn í Hornafirði hinn 3. júní 1979 eða næstu daga á undan?

2. Hvort fleiri blóðsýni en það, sem tekið var hjá ákærða, hafi samtímis verið send Rannsóknastofu í lyfjafræði til ákvörðunar á alkóhóli í blóði?
3. Upplýsinga verði aflað um niðurstöðu annarra blóðsýna frá sama tíma, ef svör við fyrri spurningum eru jákvæð."

Í svarbréfi sýslumanns, sem er dagsett 26. júlí 1982, segir svo:

„1. Hinn 3. júní 1979 var að tilhlutan lögreglunnar í Austur-Skaftafellssýslu aðeins tekið eitt blóðsýni til alkóhólákvörðunar, og var sýnið tekið hjá ákærða og það merkt A—8'79. Næsta blóðsýni, sem tekið var á undan, var tekið 7. apríl 1979 og það merkt A—7'79. Niðurstaða alkóhólrannsóknar sýndi, að magn alkóhóls í blóðsýni A—7'79 var 1,71‰.
2. Til skamms tíma sendi lögreglan í A-Skaftafellssýslu öll blóðsýni til alkóhólrannsóknar með flugmönnum í fyrsta áætlunarflugi frá Höfn til Reykjavíkur. Tók lögreglan í Reykjavík síðan við blóðsýnunum á Reykjavíkurflugvelli og kom þeim til Rannsóknastofu í lyfjafræði. Nú er hvert blóðsýni sent Rannsóknastofu i lyfjafræði í lokuðu umslagi í almennum pósti sama dag og sýnið er tekið, ef sá dagur er virkur dagur og áætlunarflug er, annars fyrsta virkan dag þar á eftir. Að sögn lögreglunnar í A-Skaftafellssýslu var fyrri aðferðin við sendingu blóðsýnanna aflögð einhverntíman á árinu 1979, og kveðst lögreglan ekki geta fullyrt um, hvor aðferðin hafi verið viðhöfð við blóðsýni það, er tekið var hjá ákærða hinn 3. júní 1979. Næsta blóðsýni, sem tekið var á eftir blóðsýni því, er tekið var hjá ákærða í greint sinn, var tekið 10. júní 1979 og það merkt A—9'79. Niðurstaða alkóhólrannsókna sýndi, að magn alkóhóls í blóðsýninu var 2,52‰. Útilokað er, að þessi blóðsýni hafi verið send samtímis til Rannsóknastofu í lyfjafræði.
3. Vísast til töluliða nr. 1 og 2."

Þá hefur sýslumaðurinn enn fremur tjáð ríkissaksóknara

í bréfi 9. september 1982, að hann hafi skráð í dagbók sína 14. nóvember 1979:

„Hef í dag móttekið frá Marteini Kr. Einarssyni ökuskírteini hans nr. 2035. Afhent vegna kæru í ölvunarakstursmáli. Skírteinið fylgir skjölum málsins. FG."

Lagt hefur verið fyrir Hæstarétt vottorð læknis um, að blóðsýni það, sem tekið var úr ákærða, hafi verið merkt A—8'79, og í vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði segir, að í blóðsýni merktu A—8'79, sendu frá lögreglunni í Austur-Skaftafellssýslu, hafi magn alkóhóls í blóði verið 1.81‰.

Samkvæmt þeim gögnum, sem nú hafa verið rakin, telst sannað, að magn alkóhóls í blóði ákærða, er hann var handtekinn á Kirkjubraut hinn 3. júní 1979, hafi verið 1.81‰. Með þessari niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og áðurgreindum framburðum lögreglumannanna, sem ákærði hefur ekki vefengt, að séu réttir, er sannað, að ákærði hafi með akstri sínum um götur í Hafnarkauptúni að kvöldi hins 3. júní 1979 gerst brotlegur við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Brot ákærða er ítrekað, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt frá 14. nóvember 1979 að telja, eins og krafist er af hálfu ákæruvalds.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Marteinn Kristján Einarsson, sæti 15 daga varðhaldi.

Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 14. nóvember 1979 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Austur-Skaftafellssýslu 28. september 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 1. október 1980, á hendur Marteini Kristjáni Einarssyni sjómanni, Silfurbraut 6 á Höfn í Hornafirði, fæddum 31. október 1952 á Akureyri, „fyrir að aka sunnudagskvöldið 3. júní 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Z 1125 um götur Hafnarkauptúns og neyta áfengis við aksturinn, uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á Kirkjubraut við hús nr. 16.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir helstir:

Sunnudaginn 3. júní 1979, kl. 2118, voru lögreglumenn í Austur-Skaftafellssýslu á eftirlitsferð á Kirkjubraut. Er þeir voru staddir við hús nr. 16, veittu þeir athygli rauðri Volkswagen bifreið, er bar skrásetningarnúmerið Z 1125, en við húsið var maður. sem lögreglumennirnir þekktu sem Martein Kristján Einarsson, er reyndist vera ákærði í máli þessu. Fundu lögreglumennirnir áfengisþef frá vitum ákærða, og var hann látinn blása í öndunarsýni, sem sýndi 3ja stig. Ákærði hafði skömmu áður verið stöðvaður á Bogaslóð, en þá fannst enginn áfengisþefur frá vitum hans.

Í lögregluskýrslu segir, að ákærði hafi neitað að hafa bragðað áfengi.

Enn fremur segir í lögregluskýrslu, að ákærði hafi verið lítils háttar drafandi í málrómi, rauðeygður og voteygður.

Ákærði var síðan færður til töku blóðsýnis, sem Gissur Gottskálksson læknir framkvæmdi. Niðurstaða alkóhólrannsóknar sýndi, að magn alkóhóls í blóði ákærða var 1.81‰.

Varðstjóraskýrsla var eigi tekin af ákærða.

Ákærði kom fyrir dóm þann 26. ágúst 1980 og skýrði svo frá, að hann hefði verið að aka um bæinn, þegar stúlka bað hann að flytja sig upp í Mánagarð. Hjá stúlkunni hafi hann drukkið nokkra sopa af vínblöndu, en síðan ekið til baka og þá verið stöðvaður af lögreglu.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða hér fyrir dómi, niðurstöðu alkóhólrannsóknar svo og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, er honum er gefið að sök í ákæru og þar réttilega heimfært til refsiákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1969 14/2 á Akranesi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 11/11 á Akranesi: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 4/12 á Akranesi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 7. gr., sbr. 36. gr. áfengislaga.

1969 á Akranesi: Uppvís að brotum á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 30/12 1969.

1970 15/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 18/6 á Akranesi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1971 4/5 á Akranesi: Dómur: 10 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 21/9 1970 fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

1971 14/9 á Akranesi: Dómur: 6 mánaða skilorðsbundið varðhald í 2 ár frá 14/9 1971 fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1971 2/10 á Akranesi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 5/6 á Akranesi: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1974 30/10 á Akranesi: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár frá 30/10 1974, fyrir brot gegn 244. gr. og 2. mgr. 257. gr. hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga og 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

1974 15/8 í Svendborg: Sátt, sekt 200 danskar kr. fyrir brot á 276. gr. hegningarlaga (þjófnaður).

1975 30/9 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1977 7/7 á Akranesi: Dómur: 3 mánaða fangelsi, 18 daga gæsluvarðhald, fyrir brot gegn 248. og 261. gr. hegningarlaga, 244. gr. hegningarlaga, 21. gr. áfengislaga, 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974. Sviptur ökuleyfi í 18 mán. frá 13/6 1975.

1977 27/7 Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 95 dögum.

Refsing ákærða telst eftir atvikum, hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Enn fremur er ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá sama degi. Loks er ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Marteinn Kristján Einarsson, greiði kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá sama degi (sic).

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1982.

Nr. 221/1981. **Síldarvinnslan h/f**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Jóni Einari Jóhannssyni
(Othar Örn Petersen hrl.).

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Er krafist sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í hinum munnlega málflutningi hér fyrir dómi lýstu lögmenn aðilja því yfir, að ekki væri ágreiningur milli aðilja um málsatvik eða fjárhæðir.

I.

Stefndi var lögskráður stýrimaður á b/v Birting, NK 119, í ársbyrjun 1979. Var hann í launalausu leyfi frá störfum á skipinu í tveimur veiðiferðum þá um vorið. Er skipið kom til heimahafnar úr síðari veiðiferðinni, skýrði stefndi skipstjóranum frá því fimmtudaginn 31. maí, kl. 1600, að hann hygðist taka við starfi sínu á skipinu í næstu veiðiferð. Átti skipið að fara í þá veiðiferð kl. 1400 laugardag 2. júní (misritað er 1. júní á einum stað í héraðsdómi). Þann dag, kl. 1100 f. h., tilkynnti stefndi skipstjóranum, að hann hefði veikst þá um nóttina og kenndi sig ekki mann til að fara út með skipinu. Er vottorð læknis um veikindi stefnda meðal gagna máls.

II.

Stefndi reisir kröfu sína til kaups í máli þessu gagngert á 3. málsgrein 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963.

Eigi verður talið, að stefndi hafi hafið störf sín að nýju á skipinu, þegar er hann tilkynnti skipstjóra fyrirætlun sína um að fara í næstu veiðiferð. Verður í því efni almennt að miða við það tímamark, er skipverji tekur í reynd við starfi um borð í skipinu, sbr. til hliðsjónar 1. málsgr. 18. gr. framangreindra laga. Lögskipti málsaðilja er eðlilegast að skýra á þann veg, að stefndi hafi átt að taka við starfi sínu á skipinu við upphaf nýrrar veiðiferðar, 2. júní 1979. Telja verður því, að stefndi hafi enn verið í launalausu leyfi, er hann veiktist.

Með lögum nr. 49/1980, er tóku gildi 10. júní þ. á., var 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 breytt, og er m. a. þetta ákvæði tekið upp í 3. mgr. 1. gr. laganna: „Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju". Í athugasemd við frumvarp til laga þessara segir m. a., að meginmarkmið frumvarpsins sé „að auka rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum . . ." Þá segir svo í athugasemdum við 3. mgr. 1. gr.: „Tekið er inn nýtt ákvæði þess efnis, að forfallist skipverji í launalausu fríi, þá skuli launagreiðslur til hans hefjast, þegar er hann átti að koma til starfa að nýju".

Túlka verður 3. málsgr. 18. gr. sjómannalaganna, eins og það ákvæði var orðað á þeim tíma, er hér skiptir máli, á þá lund, að stefndi hafi eigi átt lagatilkall til launa vegna veikinda sinna, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi, og styður breyting sú, er gerð var á ákvæðinu með lögum nr. 49/1980, m. a. þann lögskýringarkost.

Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Síldarvinnslan h/f í Neskaupstað, á að vera

sýkn af kröfum stefnda, Jóns Einars Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Neskaupstaðar 4. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. apríl sl., hefur Jón Einar Jóhannsson, Mýrargötu 29 í Neskaupstað, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Neskaupstaðar með stefnu, birtri 17. október 1980, gegn Jóhannesi Stefánssyni, Hólsgötu 7 í Neskaupstað, stjórnarformanni Síldarvinnslunnar h/f, til greiðslu skuldar að fjárhæð gamlar krónur 567.433 auk hæstu dómvaxta, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 1. júlí 1979 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins. Enn fremur er gerð krafa um sjóveðrétt í b/v Birtingi, NK 119, til tryggingar kröfunni.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hin umdeilda skuld sé vegna launa stefnanda fyrir veiðiferð, sem hafi hafist 1. júní 1979, en þá hafi stefnandi verið veikur.

Hlutur stefnanda, sem sé 1. stýrimaður, sé skv. útreikningum einn og hálfur hásetahlutur, eða kr. 521.581. Föst mánaðarlaun reiknist kr. 317 pr. dag í 7 daga, eða kr. 2.219. Orlof 8.33%, eða kr. 43.633. Samtals kr. 567.433, sem sé stefnukrafan. Tildrög deilunnar séu þau, að stefnandi hafi verið búinn að vera í fríi, sem nam tveim veiðiferðum. Fimmtudaginn 31. maí 1979, kl. 1600, hafi hann tilkynnt skipstjóranum, að hann hæfi störf og mundi fara út með skipinu, sem átti að fara út laugardaginn 2. júní 1979, kl. 1400. Klukkan 1100 árdegis brottfarardaginn hafi stefnandi hringt í skipstjórann og tilkynnt veikindi, sem hann hafi fyrst orðið var við nóttina áður. Stefnandi hafi verið starfsmaður stefnda í yfir 16 ár. Rétt sinn til launa byggi hann m. a. með tilvísun til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 67 frá 1963. Ítrekaðar tilraunir hafi verið gerðar til heimtu skuldarinnar, en án árangurs.

Stefndi telur stefnanda hafa veikst, þegar hann var afskráður í launalausu fríi, og eigi hann því eigi rétt á forfallakaupi samkvæmt þeim lögum, er þá giltu, en þetta var fyrir gildistöku laga nr. 49/1980.

Niðurstaða.

Eigi er deilt um málsatvik né kröfuupphæð í máli þessu. Málið snýst um það, hvort stefnandi hafi veikst í launalausu fríi eða hvort fríi hans hafi verið lokið, er hann veiktist. Dómurinn lítur svo á, að þegar stefnandi tilkynnti skipstjóranum á Birtingi, NK 119, í síma fimmtudaginn 31. maí 1979, að hann mundi fara í næstu veiðiferð, og skipstjóri hafði tilkynnt honum brottfarartíma, þá hafi fríi stefnanda lokið, enda var þá skipið komið í höfn úr veiðiferðinni á undan þeirri veiðiferð, er stefnandi var ráðinn til. Dómurinn telur, að hvenær sem var eftir þetta símtal hafi stefnandi verið skyldur að gegna kalli til starfa í sambandi við þá veiðiferð, er hann var ráðinn til.

Úrslit máls þessa verða því þau, að kröfur stefnanda verða teknar til greina með breytingu að því er varðar vexti. Stefnandi fær dómvexti greidda frá stefnubirtingardegi, en almenna innlánsvexti fram að þeim tíma.

Stefndi verður því dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 5.674.33 með 22% ársvöxtum frá 1. júlí 1979 til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 17. október 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.300.00.

Krafa um sjóveðrétt í Birtingi, NK 119, er tekin til greina.

Hinn 28. apríl sl. var aðiljum með úrskurði gefinn kostur á að gefa skýrslu fyrir dómi með vísan til 120. gr. laga nr. 85/1936, en eigi náðist í stefnanda til skýrslugjafar fyrr en 25. maí sl. vegna fjarveru, en þann dag var málið sótt og varið að nýju.

Dóm þennan kvað upp Þorsteinn Skúlason bæjarfógeti ásamt meðdómsmönnunum Ármanni Eiríkssyni skipstjóra og Sigurjóni Ingvarssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Stefánsson f. h. Síldarvinnslunnar h/f í Neskaupstað, greiði stefnanda, Jóni Einari Jóhannssyni, Mýrargötu 29, Neskaupstað, kr. 5.674.33 með eftirfarandi ársvöxtum:

22% frá 1. júlí 1979 til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% frá þeim degi til 17. október 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 4.300.00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í Birtingi, NK 119, til tryggingar dómkröfu þessari.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1982.

Nr. 74/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Böðvarssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu er skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 15. mars 1982. Af hálfu ákæruvalds er gerð krafa um þyngingu refsingar.

Ágrip barst Hæstarétti 15. f. m.

Rétt þykir að miða við, að hlutur ákærða af hassi því, sem Örn Sigfússon flutti til landsins (ákæruliður II), hafi verið 220 g að þyngd. Þá er þess að gæta, að héraðsdómur lætur þess ógetið, að ákærði sættist 4. júlí 1980 á greiðslu 200.000 króna (gkr.) sektar og missi ökuleyfis 12 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarstjórn. Refsingu ákærða að því er varðar

I. ákærulið ber því að ákveða með hliðsjón af 78. gr. laga nr. 19/1940. Breyting sú, sem gerð var með lögum nr. 60/1980 á 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, varðar eigi I. lið ákæru, en hins vegar voru brot þau, sem lýst er í ákæruliðum II—IV, framin eftir gildistöku laga þessara.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöður héraðsdóms um sakarmat og færslu til refsiákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi, eins og í héraðsdómi segir, og auk þess 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og skal greiðslufrestur sektar vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa, en vararefsing 60 daga fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar frá refsingu og um sakarkostnað.

Ákærði verður dæmdur til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Böðvarsson, sæti fangelsi 5 mánuði. Hann greiði einnig 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar frá refsingu og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 25. janúar 1982.

Ár 1982, mánudaginn 25. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfis-

götu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 830/1981: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Böðvarssyni.

Málið, sem munnlega var flutt og dómtekið 19. þ. m., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 17. sept. 1981, á hendur Guðmundi Böðvarssyni, þá til heimilis að Þingholtsstræti 23, Reykjavík, fæddum þar í borg 1. mars 1958, fyrir eftirtalin brot á fíkniefnalöggjöfinnni:

„I.

Í mars/apríl 1980 keypt 440 grömm af hassi í Kaupmannahöfn. Áttu Sumarliði Óskar Arnórsson og Helga Gísladóttir hlut í kaupunum. Ákærði fékk Höllu Sigrúnu Arnardóttur til að fara utan og flytja efnið heim gegn 10% efnisþóknun. Halla Sigrún afhenti síðan efnið á heimili bróður hennar við Grundarstíg í Reykjavík. Komu í hennar hlut allt að liðlega 40 grömmum, í hlut nefnds Sumarliða Óskars og Helgu allt að 60 grömmum, og átti ákærði afganginn. Hann seldi síðan nefndum Sumarliða Óskari strax 15—17 grömm fyrir kr. 200.000.- og lánaði honum jafnframt 60—70 grömm. Seldi síðan ýmsum í júní og júlí allt að 200 grömmum með drjúgum hagnaði.

II.

Lagt fram allt að kr. 900.000.- til kaupa Arnar Sigfússonar á hassi í Malaga í júlí 1980. Örn keypti þar 1000 grömm af hassdufti og flutti til landsins. Helminginn skildi hann eftir á Egilsstöðum, og voru þau 500 grömm alfarið í eigu Arnar. Fóru síðan skipti fram á heimili Arnar við Hverfisgötu í Reykjavík á hinum helmingnum. Komu í hlut ákærða allt að 235 grömmum. Hann seldi síðan ýmsum af efninu með drjúgum hagnaði á allt að kr. 15.000.- hvert gramm.

III.

Átt þátt í ferð Báru Grímsdóttur til Kaupmannahafnar í byrjun ágúst 1980, þar sem hún keypti allt að 400 grömmum af hassi, sem kostaði 29—30 danskar krónur hvert gramm. Flutti hún efnið til landsins í byrjun ágúst fyrir 10% efnisþóknun, og var því skipt á Urðarstíg 7 í Reykjavík. Komu í hlut ákærða allt að 120 grömmum. Seldi hann síðan ýmsum af efninu með drjúgum hagnaði á allt að kr. 15.000.- hvert gramm.

IV.

Lagt fram fé til hasskaupa nefndrar Báru og Kristjáns Einarssonar í Kaupmannahöfn um mánaðamótin ágúst september 1980. Auk þessara þriggja lögðu fram fé Helga Gísladóttir og Eggert Bjarni Arnórsson, en þau áttu einnig þátt í kaupum, sem lýst er í næsta lið hér á undan. Keyptu þau Bára og Kristján allt að 950 grömmum af ferns konar hassi, sem þau fluttu sinn helminginn hvort til landsins fyrir 10% efnisþóknun. Kostaði efnið d. kr. 27—34,5 hvert gramm. Við skiptingu efnisins að Urðarstíg 7 komu í hlut ákærða allt að 350 grömmum. Seldi hann síðan ýmsum af efninu með drjúgum hagnaði fyrir allt að kr. 15.000.- hvert gramm.

Af kaupendum efna samkvæmt hér að framan má nefna sem stærsta:

Páll Kolka Ísberg allt að 200 grömmum.
Sigurður Jóhannsson allt að 150 grömmum.
Ásbjörn Kr. Morthens rösklega 100 grömm.
Ágúst Skarphéðinsson allt að 80 grömmum.
Örn Sigfússon, óljóst hve mikið.
Sumarliði Óskar Arnórsson, óljóst um magn.
Einar Þór Agnarsson allt að 20 grömmum."

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 5. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, en hann er sem áður greinir fæddur 1. mars 1958 í Reykjavík. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1980 15/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 410.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga og að hluta 5. gr. sömu laga.

1980 28/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 300.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga og 79. gr. sömu laga.

1980 4/7 í Reykjavík: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot gegn

25., 26. og 37. gr. umferðarlaga. Ökuleyfissvipting í 12 mán. frá 15/3 1980.

MÁLSATVIK.

Haustið 1980 hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík umfangsmikil rannsókn á stórfelldum innflutningi fíkniefna hingað til lands, og voru margir aðiljar viðriðnir málið. Einn grunaðra var ákærði í máli þessu, en hann var af ýmsum aðiljum borinn sökum um innflutning og dreifingu kannabisefna.

Ákærði var handtekinn 2. október 1980 og bar hér í dómi af sér hvers konar sölu eða innflutning fíkniefna frá því í febrúar 1980, en viðurkenndi hins vegar, að svonefnd kannabisefni hefðu oft verið höfð um hönd á heimili sínu að Urðarstíg 7 undanfarna mánuði, en jafnan mjög lítið magn hverju sinni. Ákærði var hér í dómi daginn eftir úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum, en hann gekk laus þann 1. nóvember 1980. Hér á eftir verður vikið að málsatvikum varðandi hvern ákærulið fyrir sig, en síðan verður í einu lagi raktir framburðir ætlaðra kaupenda fíkniefna af ákærða, þar sem oft er erfitt að ákvarða nákvæmar tímasetningar á viðskiptum og þannig, hvaða ákærulið þau varði.

I. ákæruliður.

Ákærði lýsti atvikum þennan ákærulið varðandi hér í dómi 25. og 30. október 1980 og hjá lögreglu 15. sama mánaðar, þá í gæsluvarðhaldi sem áður greinir.

Ákærði skýrði svo frá, að í mars það ár, eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi, hafi hann haldið til Kaupmannahafnar til hasskaupa. Hafi hann til farar haft 10.000 norskar kr., er hafi verið vinnulaun frá Noregi. Þá hafi Sumarliði Óskar Arnórsson og Helga Gísladóttir lagt fram gkr. 300.000.

Ákærði kvaðst í Kaupmannahöfn af sér ókunnum aðilja hafa keypt 440 gr af grænu Marokkóhassi. Ákærði kvaðst hafa samið við unga stúlku, Höllu Arnardóttur, um að hún hitti sig í Kaupmannahöfn og tæki þar við ofangreindu efni og flytti flugleiðis hingað til lands gegn 10% þóknun í hassi, en ákærði greitt allan kostnað af ferðinni. Hafi nefnd Halla síðan skv. ráðagerð flutt nefnd 440 gr af hassi flugleiðis hingað til lands og ákærði komið hingað 2—3 dögum seinna. Ákærði kvaðst þegar eftir komu hingað til lands hafa haldið á heimili bróður Höllu og þar hjá

henni móttekið hassefnið að frádregnum líðlega 40 gr, sem hafi verið flutningsþóknun til nefndrar Höllu.

Varðandi ráðstöfun efnis kvaðst ákærði hafa afhent Sumarliða Óskari 60 gr vegna framlags hans og Helgu Gísladóttur, en Sumarliði jafnframt móttekið 60—80 gr til endursölu gegn umsömdu skilaverði, gkr. 12.000, en Sumarliði ekki gert skil.

Loks kvaðst ákærði hafa selt Sumarliða af nefndu efni fyrir allt að gkr. 200.000—300.000, eða 15—17 gr. Ákærði kvaðst hafa selt ýmsum aðiljum af eftirstöðvum efnis og nafngreindi sem kaupendur Örn Sigfússon og sambýliskonu hans, er keypt hafi samtals um 20 gr, Kristján Einarsson hafi keypt um 10 gr og Bubbi Morthens 20 gr.

Ákærði var yfirheyrður hér í dómi 3. nóvember síðastliðinn eftir þingfestingu máls þessa og kvað þá játningar sínar við rannsókn málsins réttar, en kvað þær þó fengnar fram með „þvingunum, hótunum og þrýstingi og leiðandi yfirheyrslum", en rökstuddi þó ekki frekar þær fullyrðingar sínar. Gerði ákærði þá athugasemd varðandi I. ákærulið, að hann vefengdi, að umrætt efni hafi verið fíkniefni, og kvað framburð sinn um efnismagn ágiskun, „enda ákærði við kaupin verið ódómbær sakir áfengisneyslu."

Sumarliði Óskar Arnórsson, fæddur 26. nóvember 1952, var yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 2. október 1980 og hjá lögreglu daginn áður. Framburður Sumarliða er efnislega samhljóða framburði ákærða, en þó rúmur og ónákvæmur. Kvað hann framlag sitt og Helgu Gísladóttur samtals gkr. 1.000.000 og Guðmund hafa keypt 200—300 gr af tyrknesku hassi, en þess utan eitthvað hassefni fyrir eigið fé. Sumarliði kvaðst síðar hafa móttekið mestallt efnið til söludreifingar, en síðan átt að skila ákærða söluandvirði til Ólafsvíkur, en af því hafi þó ekki orðið, þar sem hann hafi ávaxtað fé í frekari hasskaupum, en féð síðan glatast.

Helga Gísladóttir, fædd 4. janúar 1958, bar hér í dómi 30. október 1980 að hafa lagt fé í ofangreinda hasskaupaferð ákærða ásamt Sumarliða Óskari, en kvaðst ekki muna upphæðir í því sambandi, en þau í sinn hlut fengið 40 gr af ljósgrænu Marokkóhassi. Þá hafi hún ásamt Sumarliða annast efnissölu fyrir ákærða og þau vegna hennar skuldað ákærða sem svaraði gkr. 1.000.000.

Halla Sigrún Arnardóttir, fædd 10. júlí 1963, var yfirheyrð hjá fíkniefnadeild lögreglu 27. október 1980 og hér í dómi 22. október 1981. Kvaðst hún í apríl—maí 1980 hafa skv. beiðni

ákærða flutt frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur 440 gr af hassefnum og í þóknun fengið um 40 gr af efninu.

II. ákæruliður.

Ákærði var yfirheyrður um sakarefni, er í þessum ákærulið greinir, hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 15. október 1980 og hér í dómi 25. sama mánaðar.

Ákærði kvaðst hafa undirbúið og lagt fram mjög nærri gkr. 1.000.000 til utanfarar Arnar Sigfússonar í júlí 1980. Hafi nefndur Örn haldið til Spánar þann 20. júlí og þar keypt 450 gr af hassi og flutt hingað til lands 2—3 vikum seinna. Ákærði kvað Örn hafa komið flugleiðis til Kaupmannahafnar frá Spáni og flogið síðan til Færeyja, en þaðan með efni haldið sjóleiðis hingað til lands með m/s Smyrli og loks flugleiðis frá Egilsstöðum til Reykjavíkur. Ákærði kvað þá Örn hafa skipt ofangreindu efni til helminga og þannig í hlut ákærða komið 220 gr.

Ákærði kvaðst hafa selt sinn efnishlut ýmsum aðiljum á gkr. 14.000—15.000 hvert gramm. Ekki kvaðst ákærði geta sundurliðað dreifingu sína á þessu efni, en tilgreindi 9—10 aðilja sem kaupendur og mest fengið þeir Ágúst Skarphéðinsson, er fengið hafi 70 gr, Sigurður Jóhannsson 30 gr og Sumarliði Óskar áðurnefndur allt að 20 gr.

Ákærði kom hér fyrir dóm 3. nóvember síðastliðinn og gerði þá þær athugasemdir við ákæruskjal í heild, sem raktar voru undir ákærulið I, en varðandi þennan ákærulið þá tók ákærði fram eftirfarandi: „Vegna sameiginlegs fjárhags að vissu leyti við Örn Sigfússon telur ákærði sig hafa haldbærar upplýsingar um, að Örn hafi ekki komið með 1000 gr af hassdufti, heldur 500 gr. Í öðru lagi véfengir ákærði, að efni þetta hafi verið kannabis, en öllu heldur af sama toga og efni það, er gert var upptækt 1. september 1980 á Hótel Esju í Reykjavík."

Örn Sigfússon, fæddur 26. júní 1958, var yfirheyrður hér í dómi 30. október 1980 og skýrði þá svo frá, að hann og ákærði hefðu sammælst um sameiginleg kaup á fíkniefnum og Örn haldið til Spánar í júlí það ár og þar í Malaga keypt um 500 gr af hassi og flutt hingað til lands um Kaupmannahöfn og Færeyjar. Hafi ákærði lagt fram gkr. 900.000 til fararinnar, en sjálfur kvaðst Örn hafa lagt til gkr. 700—800.000, en átt að fá 15—20% áhættu- og flutningsþóknun. Eftir komu til Reykjavíkur hafi þeir skipt efninu á heimili Arnar við Hverfisgötu í Reykjavík og í hlut ákærða komið 265 gr.

Örn var aftur yfirheyrður hér í dómi 7. nóvember 1980, og breytti hann þá framburði sínum á þá leið, að hann hefði alls í ofangreindri ferð keypt 1 kg af hassi, en hlutur Guðmundar verið sem áður segir 265 gr.

Nefndur Örn og ákærði voru ekki samprófaðir með tilliti til misræmis í framburðum þeirra við rannsókn málsins, en samprófun eftir þingfestingu þótti tilgangslaus.

III. ákæruliður.

Við yfirheyrslu hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 21. október 1980 skýrði ákærði frá aðild sinni að hasskaupaferð Báru Grímsdóttur til Kaupmannahafnar í byrjun ágúst 1980. Ákærði staðfesti framburð sinn hér í dómi 28. október sama ár. Ákærði kvað hér um samskotaferð hafa verið að ræða og ýmsir aðiljar lagt fram fé til kaupanna, en nefnd Bára auk efnis fyrir framlag átt að fá 10% af efnum í þóknun fyrir kaup og flutning. Ekki kvaðst ákærði geta fullyrt um framlag frá hverjum og einum, en ásamt öðrum hluthöfum hafa verið viðstaddur, er efni voru vegin og þeim skipt að Urðarstíg 7 hér í borg eftir heimkomu Báru. Alls hafi Bára komið með 400 gr af hassi. Ákærði kvað skiptingu efna hafa orðið sem hér segir: 1) Hlutur ákærða 100—120 gr. 2) Helga Gísladóttir 100—120 gr. 3) Eggert Bjarni Arnórsson 60—70 gr. 4) Bára Grímsdóttir um 90 gr með flutningsþóknun, er verið hafi 40 gr.

Varðandi ráðstöfun síns efnishlutar þá kvaðst ákærði hafa selt hvert gramm á allt að gkr. 15.000 og sem hér segir: 1) Sigurður Jóhannsson allt að 20 gr. 2) Sumarliði Óskar Arnórsson allt að 20—30 gr. 3) Örn Sigfússon allt að 20—30 gr. 4) Ágúst Skarphéðinsson 20 gr. Auk þess hafi eflaust verið um ýmsa smákaupendur að ræða.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 3. nóvember síðastliðinn, gerði hann þær athugasemdir við ákæruskjal í heild, sem raktar voru varðandi I. ákærulið, en gerði enga sérstaka athugasemd við þennan ákærulið.

Bára Grímsdóttir, fædd 24. apríl 1960, var yfirheyrð hjá lögreglu í Reykjavík og hér í dómi 3. nóvember 1980. Kvaðst hún í byrjun ágúst 1980 hafa móttekið ótilgreinda fjárhæð úr höndum ákærða til hasskaupa í Kaupmannahöfn. Hún hafi síðan haldið til Kaupmannahafnar flugleiðis og þar keypt nærri 370 gr af Líbanonhassi á danskar kr. 29—30 hvert gramm og síðan flutt hingað til lands og afhent Helgu Gísladóttur. Ekki kvaðst

Bára vita um afdrif efna eða skiptingu, utan hvað hún hafi fengið umsamin 10%, eða tæp 40 gr, af hassinu sem flutningsþóknun.

Helga Gísladóttir, fædd 4. jan. 1958, var yfirheyrð hér í dómi 1. nóvember 1980 og bar að mestu á sama veg og ákærði um ofangreint, en kvað Báru hafa keypt um 370 gr. Kvað hún í sinn hlut hafa komið 60 gr, Eggert Bjarni áðurnefndur fengið sama magn, Bára Grímsdóttir 40 gr sem flutningsþóknun og eitthvað til viðbótar vegna framlags, en ákærði fengið eftirstöðvar efna. Þá hafi ákærði annast sölu á 20 gr af efnishlut sínum.

Eggert Bjarni Arnórsson, fæddur 13. september 1954, var yfirheyrður hér í dómi 4. nóvember síðastliðinn, en hann var erlendis, er rannsókn máls þessa fór fram. Neitaði hann þá alfarið að tjá sig um ofangreint.

IV. ákæruliður.

Ákærði lýsti hér í dómi 28. október 1980 utanför Báru Grímsdóttur og Kristjáns Einarssonar til Kaupmannahafnar um mánaðamót ágúst—september 1980. Ákærði kvað auk þeirra Báru og Kristjáns sömu aðilja hafa lagt fram fé til þessarar ferðar og þeirrar síðustu. Hafi þau keypt samtals 900 gr og flutt hvort um sig helming efna hingað til lands. Ákærði kvaðst hafa annast skiptingu efna og reiknað hlut hvers framlags aðilja út frá peningaframlagi, en skiptingin farið fram á heimili Helgu að Urðarstíg.

Ákærði kvað skiptingu efna hafa verið sem hér segir:

1) Eggert Bjarni Arnórsson um 100 gr.
2) Helga Gísladóttir 200—250 gr.
3) Bára Grímsdóttir 120—130 gr, flutningsþóknun meðtalin.
4) Kristján Einarsson um 60 gr, þar af 40 gr flutningsþóknun.
5) Ákærði 350 gr, sem hafi verið um 100 gr minna en hann hafi reiknað með og talið sig eiga að fá miðað við, að heildarmagn væri 900 gr.

Varðandi ráðstöfun ofangreindra 350 gr kvaðst ákærði lítið muna sundurgreint, en þó muna, að Páll Ísberg hafi keypt samtals 50—60 gr úr þessari ferð, en áður samtals keypt mjög nærri 100 gr. Þá hafi Örn Sigfússon, Sigurður Jóhannsson og Sumarliði Óskar Arnórsson í mörgum smáum afhendingum fengið af þessu efni óvisst magn, en þess utan ýmsir aðiljar keypt smáræði.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 3. nóvember síðastliðinn, gerði hann athugasemdir við þennan ákærulið, en hér þykir nægja að

geta þess, að hann mótmælti orðalaginu drjúgur hagnaður í ákæruskjali.

Eggert Bjarni Arnórsson var erlendis, er rannsókn máls þessa fór fram, en er hann kom hér fyrir dóm 4. nóvember síðastliðinn, neitaði hann að tjá sig um ofangreint.

Bára Grímsdóttir var yfirheyrð hér í dómi 3. nóvember 1980 og bar þá á sama veg og ákærði um ofangreint, en kvað keypt efnismagn 800—900 gr og kaupverð danskar kr. 27—34.50 pr. gr, en efni af fjórum mismunandi tegundum.

Kristján Einarsson, fæddur 23. mars 1959, bar við lögregluyfirheyrslu efnislega á sama veg og ákærði og nefnd Bára um ofangreint.

Helga Gísladóttir var yfirheyrð hér í dómi 1. nóvember 1980 og bar þá í grófum dráttum á sama veg og ákærði um ofangreint, en kvaðst ekkert vita um heildarefnismagn eða skiptingu efna.

Hér verður nú í örstuttu máli vikið að framburðum helstu ætlaðra kaupenda efna af ákærða:

Áðurnefndur Örn Sigfússon bar í nefndu þinghaldi 30. október 1980 að hafa öðru hverju þá um sumarið keypt lítilræði af ýmsum hasstegundum af ákærða, en ekki geta með neinu móti áætlað heildarmagn, en stærst einstök afhending verið 10 grömm.

Helga Gísladóttir bar hér í dómi 30. október 1980 að hafa í júlí 1980 keypt 100 grömm af hassi af ákærða.

Sigurður Jóhannsson, fæddur 2. október 1950, bar hér í dómi 26. september 1980 að hafa keypt allt að 150 grömmum af hassi af ákærða á 12.500—15.000 gkr. hvert gramm sumarið 1980.

Kristján Einarsson, fæddur 23. mars 1959, bar hjá lögreglu 3. október 1980 að hafa keypt 10—15 grömm af Marokkóhassi af ákærða í byrjun júní 1980.

Ágúst Skarphéðinsson var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 15 og 18. október 1980 og bar að hafa keypt samtals 78 grömm af hassi af ákærða sumarið 1980.

Ásbjörn Kristinn Morthens, fæddur 6. júní 1956, bar við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 27. október 1980 að hafa keypt 10—15 grömm af hassi af ákærða í mars—apríl það ár, í maí—júní sama ár 30—40 grömm til viðbótar, 10—11 grömm í júlí sama ár og loks í ágúst sama ár 70 grömm.

Páll Kolka Ísberg, Tómasarhaga 11 hér í borg, bar við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 29. október 1980 að hafa sumarið 1980 keypt samtals um 200 grömm af hassi af ákærða.

Einar Þór Agnarsson, fæddur 15. september 1960, var yfir-

heyrður hjá lögreglu í Reykjavík 3. nóvember 1980 og bar þá að hafa keypt samtals 20 grömm af ákærða á gkr. 15.000 hvert gramm tímabilið ágúst—sept. það ár.

NIÐURSTÖÐUR.

I. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem efnislega er studd framburðum þeirra Helgu Gísladóttur, Sumarliða Óskars Arnórssonar, Höllu Sigrúnar Arnardóttur og nafngreindra kaupenda, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið réttilega greinir, nánar í mars—apríl 1980 keypt 440 grömm af hassi í Kaupmannahöfn. Áttu Sumarliði Óskar Arnórsson og Helga Gísladóttir hlut í kaupunum. Ákærði fékk Höllu Sigrúnu Arnardóttur til að fara utan og flytja efnið heim gegn 10% efnisþóknun. Halla Sigrún afhenti síðan efnið á heimili bróður hennar við Grundarstíg í Reykjavík. Komu í hennar hlut allt að liðlega 40 grömmum, í hlut nefnds Sumarliða Óskars og Helgu allt að 60 grömmum, og átti ákærði afganginn. Hann seldi síðan nefndum Sumarliða Óskari strax 15—17 grömm. Seldi síðan ýmsum í júní og júlí allt að 200 grömmum með drjúgum hagnaði.

Ekki þykir hér skipta neinu máli sú yfirlýsing ákærða hér í dómi 3. nóvember síðastliðinn, að efni það, er hér um ræðir, hafi ekki verið hass, enda sú fullyrðing í algerri þversögn við fyrri játningar ákærða og framburði annarra viðkomandi aðilja.

II. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft í frammi þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir og nánar að hafa lagt fram 900.000 gkr. til hasskaupa Arnar Sigfússonar í Malaga í júlí 1980, en Örn flutt efni hingað til lands og í hlut ákærða komið 235 gr. Skipting efna hafi síðan farið fram á heimili Arnar við Hverfisgötu í Reykjavík og í hlut ákærða komið allt að 235 gr, en hann selt ýmsum af efninu með hagnaði á allt að kr. 15.000 hvert gramm.

Játning ákærða er studd framburði nefnds Arnar Sigfússonar og nafngreindra kaupenda. Hins vegar þykir ekki í máli þessu rétt að taka afstöðu til þess, hvert efnismagn nefndur Örn keypti í umrætt sinn. Varðandi fullyrðingu ákærða um, að efni það, sem hér um ræðir, hafi ekki verið hass, vísast til þess, er sagt var í niðurstöðum varðandi I. ákærulið.

III. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er játning ákærða studd framburðum annarra viðkomandi aðilja. Þó þykir hér rétt að leggja til grundvallar, að efnismagn hafi verið 370 gr. Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn, nánar átt þátt í ferð Báru Grímsdóttur til Kaupmannahafnar í byrjun ágúst 1980, þar sem hún keypti 370 gr af hassi, sem kostaði 29—30 danskar krónur hvert gramm. Flutti hún efnið til landsins í byrjun ágúst fyrir 10% efnisþóknun, og var því skipt á Urðarstíg 7 í Reykjavík. Komu í hlut ákærða allt að 120 grömmum. Seldi hann síðan ýmsum af efninu með drjúgum hagnaði á allt að kr. 15.000 hvert gramm.

Ekkert í framburði ákærða eða annarra viðkomandi aðilja styður efasemdir verjanda um, að efni það, sem hér um ræðir, hafi verið hass.

IV. ákæruliður.

Með hliðsjón af framburði ákærða og Báru Grímsdóttur þykir hér varlegast að miða við, að efnismagn hafi verið 850 grömm. Að öðru leyti þykir sannað með játningu ákærða, sem studd er framburðum þeirra Helgu Gísladóttur, Kristjáns Einarssonar, Báru Grímsdóttur og nafngreindra kaupenda, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar lagt fram fé til hasskaupa nefndrar Báru og Kristjáns Einarssonar í Kaupmannahöfn um mánaðamótin ágúst september 1980. Auk þessara þriggja lögðu fram fé Helga Gísladóttir og Eggert Bjarni Arnórsson, en þau áttu einnig þátt í kaupum, sem lýst er í næsta lið hér á undan. Keyptu þau Bára og Kristján allt að 850 grömmum af ferns konar hassi, sem þau fluttu sinn helminginn hvort til landsins fyrir 10% efnisþóknun. Kostaði efnið danskar kr. 27—34.50 hvert gramm. Við skiptingu efnisins að Urðarstíg 7 komu í hlut ákærða allt að 350 grömmum. Seldi hann síðan ýmsum af efninu með drjúgum hagnaði fyrir allt að kr. 15.000 hvert gramm.

Um fullyrðingu ákærða í þinghaldi 3. nóvember sl. vísast til þess, er segir í niðurstöðu við I. ákærulið.

Kaupendur þeir, sem tilgreindir eru í niðurlagi ákæruskjals, hafa gengist við þar greindum viðskiptum við ákærða og því

gengið út frá því, að viðskipti þeirra við ákærða hafi verið sem þar segir og þeir þannig keypt af ákærða:

Páll Kolka Ísberg allt að 200 grömmum.
Sigurður Jóhannsson allt að 150 grömmum.
Ásbjörn Kr. Morthens rösklega 100 grömm.
Ágúst Skarphéðinsson allt að 80 grömmum.
Örn Sigfússon, óljóst hve mikið.
Sumarliði Óskar Arnórsson, óljóst um magn.
Einar Þór Agnarsson allt að 20 grömmum.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, hins vegar þykir tilvísun til 2. tl. 5. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 ofaukið.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og nánar sem hér segir:

1980 15/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 410.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga og að hluta 5. gr. sömu laga.

1980 28/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 300.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga og 79. gr. sömu laga.

Ber því að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 5. tl. 1. mgr. 70. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði, en jafnframt með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 15.000.00, þar sem ákærði hafði hagnað af sölu fíkniefna.

Komi 60 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að ofangreindri refsivist til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða við rannsókn máls þessa, eða 30 dagar.

Samkvæmt ofangreindu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar

af kr. 2.500.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Böðvarsson, fæddur 1. mars 1958, sæti fangelsi í 5 mánuði og greiði kr. 15.000.00 í fésekt til ríkissjóðs.

Komi 60 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa, en refsivist til frádráttar komi 30 daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 2.500.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1982.

Nr. 25/1980. **Anton Erlendsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Sigfúsi J. Johnsen
og gagnsök
(sjálfur).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. febrúar 1980. Hann gerir þær dómkröfur **aðallega**, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda. **Til vara** krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnkröfu hans að fjárhæð 900.00 krónur verði skuldajafnað við kröfur gagn-

áfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1980. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 14.621.10 krónur með 13% ársvöxtum frá 12. júní 1976 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979. Síðan krefst hann dómvaxta skv. lögum nr. 56/1979 frá 1. júní 1979 til greiðsludags.

Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, m. a. dómsgerðir vitnamáls, sem háð var á bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómkröfur gagnáfrýjanda eru sundurliðaðar í héraðsdómi undir töluliðunum 1—8. Þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdómara varðandi alla þessa kröfuliði með skírskotun til forsendna nema kröfulið nr. 6 fyrir skolp- og regnvatnslögn. Kröfuliður þessi verður aðeins tekinn til greina með 45.00 krónum, enda er einungis krafist greiðslu á efniskostnaði undir þessum lið.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir eigi unnt að taka varakröfu aðaláfrýjanda um skuldajöfnuð á 900.00 krónum vegna sölulauna til greina.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um málskostnað.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 3.414.40 krónur ásamt vöxtum frá 3. desember 1976, svo sem í dómsorði greinir. Í áfrýjunarstefnu gerði gagnáfrýjandi sömu vaxtakröfu og fyrir héraðsdómi. Verða dómvextir því eigi dæmdir frá fyrri tíma en 24. febrúar 1981, en þá var krafa þessi gerð.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjandi gjaldi gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi flutti mál sitt sjálfur. Þykir málskostnaður þessi hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Anton Erlendsson, greiði gagnáfrýjanda, Sigfúsi J. Johnsen, 3.414.40 krónur með 13% ársvöxtum frá 3. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 24. febrúar 1981, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. febrúar 1980.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. janúar 1980, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 14. febrúar 1979, og var málið þingfest 22. sama mánaðar.

Stefnandi málsins er Sigfús J. Johnsen kennari, Fýlshólum 6, Reykjavík.

Stefndi er Anton Erlendsson, Stórageröi 15, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur og/eða afslátt að fjárhæð kr. 1.462.111 með 20% ársvöxtum frá 12. júní 1976 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. *Til vara* krefst stefndi þess, að fjárhæð kr. 90.000 verði að fullu skuldajöfnuð við hugsanlega kröfu stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Samkomulag er með aðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari og meðdómendurnir Gunnar Torfason verkfræðingur og Skúli Norðdahl arkitekt.

II.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að stefndi fékk Kjartan Sveinsson byggingatæknifræðing til þess að teikna einbýlishús fyrir sig á lóðinni nr. 6 við Fýlshóla í Reykjavík. Stefndi rekur Nýju ljósprentunarstofuna í sama húsi og Kjartan hefur sína teiknistofu. Hefur stefndi unnið mikið að ljósprentunum fyrir Kjartan, og þekkjast þeir vel. Þann 27. júní 1974 voru teikningar Kjartans af húsinu samþykktar af byggingarnefnd Reykjavíkur. Samkvæmt uppdrætti, sem samþykktur var, er þakið með bognum línum. Stefndi hófst handa um byggingu hússins samkvæmt samþykktri teikningu af grunnmynd hússins. Kjartan gerði hins vegar ýmsar breytingar á útliti hússins, og endanleg útlitsteikning af húsinu var samþykkt á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur þann 8. júlí 1976.

Þann 5. febrúar 1976 gerði stefnandi skriflegt kauptilboð í „Fasteignina nr. 6 við Fýlshóla í Reykjavík í fokheldu ástandi með plasti í gluggum og frágengnu þaki. Einnig verði uppsteyptur arinn í stofu og grófsléttuð lóð."

Þann 6. febrúar 1976 áritaði stefndi svofellt samþykki á kauptilboðið:

„Undirritaður samþykkur framkomnu tilboði Sigfúsar Johnsen með þeim breytingum, að liður varðandi arin í stofu falli út. Einnig skal tekið fram, að frágangur á þaki, sem talað er um, skal vera sem hér segir: Járn verður lagt á þakið með tilheyrandi opnum rennum og rennustútum svo og allar vindskeiðar, að framan (á sperrutær)".

Samkvæmt hinu samþykkta kauptilboði skyldi húsið afhendast í maí 1976.

Ósætti varð með aðiljum. Varð það til þess, að stefndi virðist hafa neitað að afhenda húsið.

Stefnandi leitaði til Fasteignasölunnar Hátúni 4 A, sem hafði komið viðskiptunum á. Eigi náðist samkomulag. Stefnandi leitaði þá til Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem með símskeyti til stefnda hinn 11. maí 1976 krafðist þess, að stefndi undirritaði kaupsamning, „enda fari þá fram greiðslur sam-

kvæmt tilboðinu." Leiddi þetta til þess, að fundur var haldinn í skrifstofu Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns 12. júní 1976. Auk lögmannsins mættu stefnandi, eiginkona hans, Kristín Þorsteinsdóttir, eiginkona stefnda, Þuríður Björnsdóttir, og með henni Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður, en stefndi mætti ekki.

Eftir allmiklar umræður var kaupsamningur undirritaður. Þuríður Björnsdóttir undirritaði kaupsamninginn f. h. stefnda. Stefnandi ritaði sjálfur undir samninginn, en áðurgreindir lögmenn voru vitundarvottar. Í kaupsamningnum segir m. a.:

„Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa fasteignina Fýlshóla 6 í Reykjavík með tilheyrandi leigulóðarréttindum. Húsið er 1090 rúmmetrar.

Eignin er seld í fokheldu ástandi með plasti í gluggum og venjulegum bráðabirgðahurðum í gáttum útihurðar og svalahurða. Þak skal afhent fullfrágengið með einangrun og járnklætt fram á sperrutær, eins og þær eru nú, með kili, en rennur og frekari frágangur vindskeiða fylgir ekki.

Lóð skal afhent fullfrágengin undir grófsléttun, þ. e. með regnvatnslögn, bikuðum sökkli með malaruppfyllingu, brunnum og skolp- og vatnslögn í tengslum í brunna og inn í hús.

Eignina skal afhenda kaupanda strax við undirritun kaupsamnings þessa, en seljandi skal afhenda allt það, sem ólokið er skv. framansögðu innan fjögurra vikna, nema plast í glugga og lokun hurðagátta innan viku. Kaupanda er heimilt að láta steypa upp reykháf, áður en frágangi er lokið.

Seljandi útvegar fokheldisvottorð og skal þá þegar afla sér lóðarsamnings. Afsal skal gefið út án tafar eftir þetta."

Jafnframt því að gera kaupsamning undirritaði stefnandi og Þuríður Björnsdóttir f. h. stefnda svofellda yfirlýsingu:

„Við undirritaðir, Anton Erlendsson og Sigfús J. Johnsen, lýsum því hér með yfir, að fyrri gerningar okkar í milli eru niður fallnir með kaupsamningi okkar í milli í dag. Eigum við ekki neinar kröfur hvor á annan vegna slíkra fyrri gerninga umfram efni téðs kaupsamnings."

Um tilgang þessarar yfirlýsingar hefur Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður skýrt svo frá hér fyrir dómi 28. nóvember 1979: „Þetta var gert til þess að fella niður þetta tilboð, sem hafði verið tekið úr umferð vegna þess einfaldlega, að Anton hafði með frekju sinni náð fram verulegum breytingum á þessu samþykkta tilboði."

Aðiljar málsins undirrituðu afsal til stefnanda. Í afsalinu, sem er dagsett 15. júlí 1976, segir m. a.:

„Ég undirritaður, Anton Erlendsson, Stórageröi 15, Reykjavík, sel hér með og afsala Sigfúsi J. Johnsen, Markarflöt 53, Garðabæ, fasteign minni Fýlshólar 6, Reykjavík, ásamt lóðarréttindum. Húsið telst vera 1090 rúmmetrar og er selt í fokheldu ástandi með plasti í gluggum og venjulegum bráðabirgðahurðum í gáttum útihurðar og svalahurða, þak skal vera fullfrágengið með einangrun og járnklætt fram á sperrutær, með kili, en rennur og frekari frágangur vindskeiða fylgir ekki. Lóð skal afhent fullfrágengin undir grófsléttun með regnvatnslögn og bikuðum sökkli með malaraðfyllingu, brunnum og skolp- og vatnslögn í tengslum í brunna og inn í hús. Eignin var afhent kaupanda hinn 12. júní 1976, en seljandi heldur áfram að efna kaupið af sinni hálfu. Eru lögskifti um eignina miðuð við 1. ágúst 1976 hvað varðar skatta og skyldur, en kaupandi telst lögmætur eigandi og umráðamaður frá 12. júní 1976, en seljandi hefur frjálsan aðgang að eigninni til efnda sinna eftir þann tíma."

Lögmaður stefnanda ritaði stefnda bréf, sem dagsett er 3. desember 1976. Þar segir m. a. svo:

„Viðsemjandi yðar, umbjóðandi minn, Sigfús J. Johnsen, Fýlshólum 6, hér í borg, hefur falið mér að koma á framfæri við yður eftirtöldum kvörtunum, athugasemdum og fjárkröfum á hendur yður vegna kaupsamnings ykkar um ofangreinda fasteign, dags. 12/6 s.l., sbr. afsal dags. 15/7 s.l., en heildarverð eignarinnar var kr. 12.000.000.- eins og yður er kunnugt. Hér er einkum um að ræða galla af yðar hálfu varðandi afhendingu eignarinnar, skort á afhendingu, drátt á afhendingu og gallað ástand við afhendingu, en þessi atriði eru ennþá óbreytt af þinni hálfu.

Þessir liðir eru einkum:

1. Ekki frágengin skolp né regnvatnslögn skv. samningi. Hluti verks þessa unninn af fúskara, án samráðs við iðnmeistara hússins, enda synjað úttekt á a. m. k. hluta verksins. Umbjóðandi minn fékk pípulagningarmeistara hússins til þess að ljúka verkinu og betrumbæta, m. a. með því að láta hann og leggja hitavatnslögn yfir allt regnvatnskerfið að götunni. Kostnaður við þetta er nú talinn vera kr. 130.000.-.
2. Frágangi fyrir grófstéttun (sic) lóðar er ennþá ólokið af þinni hálfu, auk steyptra veggstólpa og blómabeða skv. teikningu þeirri, sem var grundvöllur kaupanna. Malarfylling

að sökkli var til málamynda, ca. 10 cm., en umbj. minn varð að láta framkvæma þetta verk. Kostnaður nú talinn kr. 96.000.-.

3. Skv. teikningu og skilmálum um fokhelt hús og þá uppsteypt, þá vantar steypt svalahandrið, en járnið stendur upp og veldur óhagræði og hættu. Skv. tilboði frá Mosaik mun kosta kr. 360.000.- að ljúka þessu verki, sem átti að fylgja eigninni.
4. Ekki er lokið að slá utan af utanhúss og innan. Þessu verki varð umbjóðandi minn að láta ljúka. Kostnaður þegar kr. 56.000.-, áætlað ólokið kr. 10.000.- eða kr. 66.000.-.
5. Umtalsverðir frostgallar veggja í uppsteypu 2. hæðar, innan og utan, verst er þetta í nv. horni (útskoti) hússins. Þetta mun vegna steypuvinnu í óhæfu veðri og óvandaðra vinnubragða. Þennan lið er örðugt að meta til fjár. Þessi galli gæti stafað af öðrum ástæðum. Áætlaður kostnaður við nauðsynlega viðgerð kr. 300.000.-.
6. Lokun gluggakarma með plasti var einkar léleg og varð strax viðgerða þörf. Kostnaður kr. 16.000.- er eigin vinna ekki meðtalin.
7. Þak hússins skv. teikningu þeirri, sem lögð var til grundvallar við kaupin og var samþykkt af byggingaryfirvöldum þá, en síðar umsókn þín um breytingu, eftir kaupin, þar sem bogalínur eru látnar víkja fyrir hvössum hornum, sbr. umsóknir þínar í vondri trú og ótrúlega gróf framkoma. Þessi galli er áætlaður til verðrýrnunar eignarinnar kr. a. m. k. 2.000.000.-.

Þessar kröfur eru þannig samtals kr. 2.968.000.-.

Til frádráttar kemur e. t. v. 1/2 sölulaun, sem þú hefur greitt, kr. 90.000.-, en þá er ógetið lögmannskostnaður umbjóðanda míns vegna þessa máls í heild sinni, frá tilboði til afsals."

Lögmaður stefnda ritaði lögmanni stefnanda bréf, sem dagsett er 1. mars 1977, þar sem hann vísaði til viðræðna lögmannanna um málið og kvað stefnda hafna öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi fékk dómkvadda matsmenn til að meta ýmsa galla, sem hann taldi vera á húsinu. Matsmenn, dr. Ragnar Ingimarsson byggingaverkfræðingur og Ásmundur Ólason byggingafræðingur, skiluðu matsgerð, sem dagsett er 28. júní 1977. Verður fjallað um einstaka þætti matsgerðarinnar síðar.

Aðiljar málsins hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi svo og eiginkonur þeirra. Hæstaréttarlögmennirnir Jón E. Ragnarsson og

Jón Magnússon hafa einnig komið fyrir dóminn til skýrslugjafar svo og vitnin Hallgrímur Benediktsson húsasmíðameistari, Kjartan Sveinsson byggingatæknifræðingur, dr. Ragnar Ingimarsson byggingaverkfræðingur, Sigfús Jónsson múrarameistari, Gísli Friðjónsson tæknifræðingur, Agnar Ólafsson fasteignasali, Axel Henry Bender pípulagningameistari og Guðjón Jóhannsson pípulagningameistari.

Skýrslur aðilja og vitna voru að mestu hljóðritaðar. Þær eru langar, og eru ekki efni til að rekja þær í einstökum atriðum, en í næsta kafla hér á eftir verður gerð grein fyrir skýrslum einstakra manna eftir því sem málsefnið gefur tilefni til.

III.

Á dómskjali nr. 8 hefur stefnandi sundurliðað kröfur sínar á eftirfarandi hátt:

„A. Fjárkröfur byggðar á matsgjörð:

1.	Svalahandrið	kr.	160.000
2.	Frásláttur	—	8.000
3.	Skemmd steypa á 2. hæð	—	185.000
4.	Breyting á þaki	—	622.000
		kr.	975.000
5.	Matskostnaður	—	201.825
	B. Aðrar fjárkröfur:		
6.	Skólp- og regnvatnslögn	—	14.686
7.	Frágangur undir grófsléttun lóðar, veggstólpar og steypt blómabeð	—	216.660
8.	Staðsetningarleiðrétting brunna	—	53.940
		Samtals kr.	1.462.111“

Verður nú tekin afstaða til einstakra kröfuliða.

Um 1. Svalahandrið.

Stefnandi byggir kröfu sína samkvæmt þessum lið alfarið á álitsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Í matsgerð greinir svo frá varðandi þennan lið:

„Bent var á, að ekkert handrið er á svölum hússins (austan og vestan á húsinu).

Samkvæmt kaupsamningi átti að afhenda húsið fokhelt. Allar teikningar af húsinu, sem fram hafa komið, sýna svalahandrið.

Matsmenn telja, að steyptir handriðsstólpar og ofan á þeim steypt handrið hafi eðlilega átt að fylgja húseigninni við eigendaskipti. Á grundvelli þessa metum við þennan lið á krónur 160.000.“

Hér fyrir dómi hefur matsmaðurinn Ragnar Ingimarsson skýrt svo frá:

„Það kemur fram á teikningunum að því er okkur sýnist, að það sé steypt handrið á svölunum, og milli handriðsins sjálfs og stólpanna eru fyllingar. Þessar fyllingar höfum við ekki tekið með í kostnaðaráætlun okkar og lítum á það sem frágangsatriði, en handriðið sjálft, uppistaðan í handriðinu, lárétti bitinn og stólparnir, það var mat okkar og er mat okkar, að þetta sé hluti af uppsteypingu hússins.“

Stefndi hefur aflað vottorðs byggingarfulltrúans í Reykjavík. Í vottorðinu, sem er dagsett 27. nóvember 1979, segir m. a. svo:

„Fokhelt telst hús, þegar það er uppsteypt, pappi kominn á, þak og gluggum og útidyrum lokað með a. m. k. plastdúk. Svalahandrið þurfa ekki að vera komin á, nema þegar þau eru steypt með húsinu.“

Stefndi bendir á, að húseignin hafi verið seld í fokheldu ástandi. Svalahandrið séu alls ekki forsenda þess, að hús verði talið fokhelt, enda hafi fokheldisvottorð verið gefið út fyrir húsið, án þess að svalahandrið væru komin. Svalahandrið á húsi sem þessu séu þess eðlis, að rétt sé, að sá, sem gangi endanlega frá að fullu ytra útliti hússins, gangi einnig frá þeim vegna útlitssjónarmiða. Þá beri að hafa í huga, að húsið var selt ómúrhúðað að utan. Við afhendingu hafi verið gengið frá svölunum, þannig að ekki stafaði hætta af þeim, þar sem slegið hafi verið upp handriði úr timbri.

Hér fyrir dómi hefur eiginkona stefnda, Þuríður Björnsdóttir, eindregið haldið því fram, að á fundinum 12. júní 1976 hafi hún tekið skýrt fram, að svalahandriðin fylgdu ekki með í kaupunum. Af hálfu stefnda er einnig á því byggt, að við samningsgerðina hafi handriðin verið undanskilin.

Gegn mótmælum af hálfu stefnanda hefur stefndi ekki sannað, að við gerð kaupsamningsins hafi svalahandriðin verið undanskilin af hálfu seljanda. Kemur sú varnarástæða stefnda honum því ekki að haldi.

Dómendur hafa farið á vettvang og skoðað umrætt hús.

Ekkert verður ályktað um gerð svalahandriða af upphaflegum teikningum af húsinu, sem stefnandi byggir alfarið á kröfur

sínar um gerð þaksins. Hins vegar gefa vinnuteikningar (járnateikningar) Steingríms Th. Þorleifssonar tæknifræðings ótvírætt til kynna, að svalahandrið og stólpar skuli steypt, en fyllingar á milli stólpa eru ekki taldar þar með. Kemur þetta einnig heim við síðari útlitsteikningar af húsinu. Með hliðsjón af þessu og öðru því, sem hér skiptir máli, lítur dómurinn svo á, að skýra beri kaupsamning aðiljanna svo, að steyptir handriðastólpar og ofan á þeim steypt handrið hafi átt að fylgja með í kaupunum samkvæmt kaupsamningnum.

Með því að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna varðandi þennan lið hefur ekki verið hnekkt, verður þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu með kr. 160.000, enda verður ekki á það fallist með stefnda, að vottorð byggingarfulltrúa breyti þar um.

Um 2. Fráslátturr.

Stefnandi byggir þennan kröfulið alfarið á álitsgerð matsmanna, en þeir taka fram í matsgerð sinni:

„Bent var á, að ólokið er að fjarlægja mótatimbur í kverkum og við glugga á nokkrum stöðum.

Við metum kostnað við að ljúka fráslætti á kr. 8.000.“

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram í greinargerð, að hér sé um fráslátt að ræða milli glugga. Múrarameistari hússins, Sigfús Jónsson, hafi beðið um að láta fráslátt á þessum stöðum bíða, þar til húsið yrði múrhúðað að utan, því að þá væri hægara að ná þessum spýtum, en gera mætti ráð fyrir, að spýturnar hefðu þá innþornað, svo að ekki væri þá hætta á, að fráslátturinn skemmdi steypuna. Múrarameistarinn hafi síðan séð um fráslátt þennan og hafi hann ekki gert stefnanda reikning vegna hans.

Sigfús Jónsson múrarameistari var hér fyrir dómi að því spurður, hvort það hafi verið að hans beiðni, að látið var hjá líða að rífa frá uppslátt, sem hér um ræðir. Svaraði hann því neitandi.

Stefnda bar samkvæmt kaupsamningnum að láta rífa allt mótatimbur frá hinum steyptu veggjum. Það gerði hann ekki. Hann hefur hvorki sannað, að múrarameistarinn hafi beðið um það, að timbrið yrði ekki rifið frá fyrr en síðar né að múrarameistarinn hafi undirgengist að rífa timbrið frá síðar á eigin kostnað. Að svo vöxnu máli ber að taka kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið til greina að fullu með kr. 8.000.

Um 3. Skemmd steypa á annarri hæð.

Stefnandi skírskotar til matsgerðarinnar varðandi kröfu sína um steypuskemmdirnar.

Matsmenn taka fram í matsgerðinni:

„Utanhúss eru verulegar skemmdir á steypu 2. hæðar. Verst er þetta við stofuglugga á norðvestur horni hússins, en einnig eru skemmdir við aðra glugga á norðurhliðinni. Að því er best varð séð var hér um frostskemmdir að ræða (sbr. einnig skýrslu Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins (mskj. 6).

Samkvæmt úttektarskrá Byggingarfulltrúans í Reykjavík var úttekt vegna steypu á 2. hæð hússins gerð 8. desember 1975. Samkvæmt upplýsingum Steypustöðvar B. M. Vallá var seld steypa í umrætt hús 9. desember 1975. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var mjög verulegt frost 11. og 16. desember 1975, og aðrir dagar á þessu tímabili voru kaldir. Sýnist þetta eindregið benda til þess, að frostskemmdir hafi getað orðið á steypunni.

Matsmenn telja, að verulegar viðgerðir verði að gera á hinni skemmdu steypu, áður en húsið er múrhúðað að utan. Við ákvörðun kostnaðar vegna þessa höfum við gengið út frá því, að hin skemmda steypa verði höggvin burt og sérstaklega viðloðunargóð múrfylling sett í staðinn. Kostnað vegna skemmda utanhúss metum við á krónur 185.000.“

Áður en matsmenn voru dómkvaddir, hafði stefnandi beðið um álit Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem skilaði álitsgerð, dagsettri 23. febrúar 1977, en þar segir m. a. svo:

„Við skoðun kom í ljós, að skemmdir voru eingöngu á efri hæð hússins. Sérstaklega voru súlur milli glugga illa farnar. Samanburðarkönnun var gerð á styrkleika steypunnar með svokölluðum „Schmidts“ hamri. Niðurstöður mælinga sýndu nokkuð eðlilegan styrkleika, svo sem sjá má á fylgiblaði. Nokkuð lágt meðaltal fékkst þó á súlu milli glugga á suðurhlið hússins, en að sjá var súlan illa farin og því erfitt að finna nothæfan mælingarflöt. Einnig ber að hafa í huga, að ákvörðun styrkleika steypu með þessum hamri er ónákvæm. Líklegt er, að umræddar steypuskemmdir séu af völdum frostáhrifa á hörðnunartíma. Útlit skemmdanna og yfirleitt sterk steypa benda í þá átt. Mestar eru frostverkanir á mjóar súlur, svo sem milli glugga, vegna aukins snertiflatar miðað við steypurúmmál.“

Stefnandi hefur hér fyrir dómi 13. september 1979 skýrt svo frá:

„Starfsmaður Sigfúsar Jónssonar vinnur alla múrhúðun utanhúss að Fýlshólum 6, og þegar þetta er mælt upp, það kemur sérstakur aðili, sem hefur þá atvinnu að mæla verkið upp, þá fylgi ég honum eftir við uppmælingu, og ég minnist þess, að þegar við komum að þessum gluggapóstum, þá bað ég þennan mælingamann um að bæta inn á sína mælingu 70.000.- krónum, sem að yrði sem umbun til þessa manns, sem vann verkið, en hann þurfti að kasta miklu oftar í á þessum stöðum heldur en efni stóðu til. Ég sjálfur hafði orðið að höggva burtu þessar frostskemmdir, þannig að í uppmælingaskýrslum kemur fram, að ég lét bæta, hækka þetta til þess að múrarinn sjálfur og þá um leið meistarinn nyti góðs af því. Síðan lagði ég að sjálfsögðu til sement og steypu og annað það, sem til þurfti, og Sigfús Jónsson hefur ekki gefið neinn afslátt af reikningum fyrir þessu."

Sýknukröfu sína varðandi þennan lið rökstyður stefndi með því, að múrarameistari hússins hafi gert við steypuskemmdirnar á sinn kostnað, þegar múrarameistarinn annaðist múrhúðun að utan. Hafi verið fullt samkomulag um þetta milli múrarameistarans, stefnanda og stefnda strax við afhendingu hússins. Í þessu sambandi vitnar stefndi til vottorðs múrarameistarans Sigfúsar Jónssonar, dagsetts 25. mars 1978, en í því segir m. a.:

„Vinnuflokkur minn sá um steypuvinnu (lokasteypu) á húsinu í desember 1975, þegar frá húsinu var slegið, komu í ljós steypuskemmdir við glugga í norðvestur horni, þessar skemmdir tók ég að mér að lagfæra, seljanda og kaupanda að kostnaðarlausu, sem ég hef þegar gert, eða nánar tiltekið sumarið 1977. Þessar steypuskemmdir lofaði ég kaupanda, samkvæmt viðtali, að ganga frá að öllu leyti og tók fram sérstaklega, að ónáða ekki seljanda með frekari kröfum. Þessu lofaði kaupandi mér, en hefur ekki staðið við það."

Sigfús Jónsson hefur hér fyrir dómi 28. nóvember 1979 lýst vottorð þetta rétt. Jafnframt skýrði hann svo frá, að stefnandi hafi látið bæta kr. 70.000 við uppmælinguna, þegar hún var gerð, vegna steypugallanna. Það hafi síðan verið dregið frá í uppgjöri hans og stefnanda. Hann kvaðst hafa gert upp allt múrverk við stefnanda, en lokauppgjör hafi farið fram daginn áður, þ. e. 27. nóvember 1979. Sigfús kvaðst telja, að steypuskemmdirnar hafi orsakast af frosti. Hann kvaðst hafa gert við skemmdirnar, um leið og húsið var múrhúðað að utan. Hann kvaðst telja, að gert hafi verið fullkomlega við skemmdirnar,

enda kvaðst hann ekki hafa orðið var við, að það hafi komið gallar fram á viðgerðinni síðar.

Dómendur fóru á vettvang og skoðuðu húsið að viðstöddum stefnanda, sem gaf skýringar, dagana 12. desember 1979 og 29. janúar 1980. Húsið reyndist sléttmúrað að utan og málað. Eigi var að sjá annað en að viðgerð á hinum frostskemmdu vegghlutum hafi tekist.

Ætla verður, að sá liður matsgerðarinnar, sem um er fjallað varðandi þennan kröfulið, sé byggður á þeim forsendum, að viðgerð á hinum frostskemmdu húshlutum sé unnin sem sjálfstæður verkþáttur. Af því leiðir sérstakan kostnað vegna vinnupalla. Hlýtur sá kostnaður að vera verulegur hluti matsfjárhæðarinnar. Reyndin var sú, að viðgerðin var framkvæmd jafnhliða múrhúðun hússins að utan, svo að ekki varð aukakostnaður af sérstökum vinnupöllum vegna viðgerðarinnar. Ekki er hnekkt þeirri skýrslu stefnanda, að hann hafi sjálfur lagt fram vinnu við múrbrot á hinum skemmdu húshlutum svo og efni, en þar er um að ræða sand, sement og þéttiefni. Einnig verður að gera ráð fyrir, að stefnandi hafi kostað handlöngun við viðgerðarvinnuna. Að öllu þessu athuguðu telur dómurinn hæfilegt að meta bætur til stefnanda vegna viðgerðarinnar á kr. 55.000, og er þá gert ráð fyrir, að stefnandi hafi ekki haft kostnað af vinnu múrarans, sem viðgerðina framkvæmdi.

Um 4. Breyting á þaki.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi haft eins teikningu af húsinu til skoðunar, þegar hann undirritaði kauptilboð sitt 5. febrúar 1976. Sú teikning hafi sýnt húsið með bogalínum í þaki og hafi stefndi samkvæmt því verið skyldur til að afhenda húsið þannig, að bogalínur væru í þakinu. Þetta hafi stefndi ekki gert, heldur afhent þakið með brotlínum, sem spilli útliti hússins og rýri verðgildi þess. Þannig hafi matsbeiðnin verið lögð fyrir matsmenn varðandi þakið.

Í matsgerð sinni taka matsmenn fram:

„Þaklínur. Við athugun á teikningum virðist ljóst, að húsið að Fýlshólum 6 er steypt upp í samræmi við útlitsteikningar á mskj. 1 (og mskj. 8) (áritaðar 8. júlí, 1976) eða á mskj. 4 (óáritуð), en ekki í samræmi við útlitsteikningar á mskj. 7 (sbr. úrtök undir gluggum) eða mskj. 10 (sbr. boga við innganga norður-hliðar).

Núverandi þakgerð er í samræmi við teikningar á mskj. 1 (og mskj. 8) (áritaðar 8. júlí 1976) og mskj. 3 (árituð 8. júlí 1976). Þá virðist þakið vera gert í samræmi við burðarþolsteikningar (vinnuteikningar) á mskj. 16 (árituð 9. des. 1975) og mskj. 17 (árituð 24. maí 1976). Þakið er ekki í samræmi við teikningar á mskj. 4 (óárituð), mskj. 5 (óárituð), mskj. 7 (óárituð), mskj. 10 og 11 (áritaðar 27. júní 1974).

Samkvæmt ofanskráðu hafa matsmenn ekki getað fundið neinar vinnuteikningar, sem sýna bogadregnar línur í þaki, og úttekt Byggingarfulltrúans í Reykjavík á þaki hússins, dags. 24. maí 1976, virðist gerð á grundvelli teikninga á mskj. 16 og 17.

Ekki kemur vel skýrt fram í matsbeiðni, til hvers er ætlast af matsmönnum undir þessum lið, en þeir hafa túlkað matsbeiðnina á þann veg, að þeim beri að meta til verðs spillingu á útliti hússins og rýrnun verðgildis þess, með því að þakið hefur verið útfært með hvössum hornlínum, en ekki bognum.

Ljóst er, að mat á útliti hússins hlýtur að verða huglægt mat, og eru undirritaðir matsmenn ekki frekar á þeirri skoðun, að hvassar hornalínur í þaki spilli útliti hússins og rýri verðgildi þess.

Hins vegar er ljóst, að töluverður munur er á kostnaði við umræddar tvær þakgerðir, og er sú gerðin mun dýrari, sem er með bogalínum.

Á grundvelli þessa hafa matsmenn metið, hversu mikið muni kosta að breyta núverandi gerð þaksins þannig, að útlit verði í samræmi við teikningar á mskj. 4. Kostnað við þessa breytingu metum við á krónur 622.000.“

Stefnandi telur, að stefnda sé skylt að bæta það tjón, sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir vegna þess, að þak hússins sé ekki í samræmi við upphaflega teikningu, sem lá frammi, þegar hann gerði kauptilboð sitt. Leggur stefnandi matsfjárhæð matsmanna til grundvallar fjárhæð þessa kröfuliðs.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að kjarni málsins sé sá, að stefnanda hafi aldrei verið lofað neinu sérstöku þaki á húsið. Sú þakgerð, sem að lokum var valin og sýnd er á dómskjali 11p (matsskjal 16) og dómskjali 11r (matsskjal 17), hafi verið gerð í fullu samráði við stefnanda og með samþykki hans. Stefnandi hafi aldrei hreyft neinum mótmælum við þessari þakgerð og stefnda hafi fyrst verið tilkynnt um mótmæli með bréfi lögmanns stefnanda 3. desember 1976. Hafi stefnandi þó verið mik-

ið uppi á þaki hússins, þá er það var smíðað og járn sett á. Stefnandi hafi auk þess á sinn kostnað látið setja reykháf á húsið og glugga á þakið. Þakið hafi verið tekið út af byggingaryfirvöldum 24. maí 1976 og hafi þakgerðin þá verið að fullu ráðin, enda þótt formlegt samþykki lægi ekki fyrir fyrr en síðar. Þegar kaupsamningur var undirritaður 12. júní 1976, hafi stefnandi vitað um gerð þaksins. Hann hafi enga athugasemd gert út af þakinu þá og ekki heldur þegar afsal var undirritað 15. júlí 1976, og ekkert kvartað undan þakgerðinni fyrr en með áðurgreindu bréfi lögmanns stefnanda. Samkvæmt þessu beri alfarið að sýkna stefnda af kröfum stefnanda varðandi þakið.

Stefnandi hefur hér fyrir dómi 13. september 1979 m. a. skýrt svo frá, að úttekt á þakinu hafi verið gerð 24. maí 1976 af starfsmanni byggingarfulltrúans í Reykjavík. Hann var spurður, hvort hann hefði skoðað sperrur og þakið, áður en kaupsamningur var undirritaður. Svar hans var: „Ég átti mjög tíðar ferðir þarna. Ég var vinnandi þarna í húsinu allan þennan tíma og kvað til ráða byggingameistara hússins einmitt vegna þess, að framhald á þessum teikningum var ekki séð. Stefndi hafði upplýst við mig og konu mína, að hann væri þegar búinn að kaupa þetta bogadregna járn, sem þurfti í þessar kverkar þarna. En þegar að meistari hússins Hallgrímur Benediktsson var að vinna verkið, þá var honum tjáð það, að þakið hefði alls ekki verið samþykkt á húsið, eins og það lá fyrir á þeim teikningum, sem ég sýndi honum.“ Aðspurður, hvenær hann hafi fyrst gert athugasemdir út af þakinu við stefnda, svaraði stefnandi: „Um leið og ég sé, að það á að búa til hvassar kverkar, sem unnið var af einhverri blikksmiðju, þá gerði ég þegar athugasemdir við þetta við Hallgrím Benediktsson, meistara hússins. Stefndi talaði nú lítið við mig nema með hreytingum og hótunum, þannig að ég átti nú lítið við hann.“ Stefnandi kvaðst þó hafa kvartað við stefnda út af þakinu, löngu áður en úttekt fór fram á þakinu 24. maí 1976. Aðspurður hvers vegna hann hafi ekki gert fyrirvara varðandi þakið, þegar kaupsamningur var gerður og afsal undirritað, um, að þakið væri ekki eins og það ætti að vera, svaraði hann: „Þegar við ræðum þennan nauðungarsamning þarna síðast, þar sem Anton er fjarverandi eða gerir samninginn í gegnum síma eða lætur konu sína framkalla þennan nauðungarsamning, þá veit ég ekki, hversu miklu ég hefði getað komið þarna fram, svo að efndir yrðu á samningnum. Eins og ég hef komið að áður, þá minntist stefndi á það, að þegar við hjónin ræddum við hann um

gerð þessa þaks, hvort það yrði honum ekki dýrt, þá upplýsti hann, að hann væri þegar búinn að kaupa þetta bogadregna járn. Eins og vottorð ber með sér frá byggingarfulltrúa, þá er aldrei í gildi nein önnur teikning af þessu þaki heldur en bogadregnar þaklínur, þangað til mánuði eftir að þessi seinni kaupsamningur er gerður. Þá eru þessar bogalínur loksins felldar úr gildi eða þá er liðinn frá því að ég upphaflega geri tilboðið mitt í febrúar, þessir 6 mánuðir, þannig að þarna er verið að fara alfarið aftan að mér með breytingu. Ég er að kaupa allt annan hlut heldur en að ég hafði vitað, að ég væri að kaupa."

Kristín Þorsteinsdóttir, eiginkona stefnanda, var að því spurð hér fyrir dómi 28. nóvember 1979, hvenær upp hafi komið óánægja með þakgerðina sjálfa, bogalínurnar og hvössu hornin og hvenær þau hjón hafi fyrst kvartað yfir því, að þakið væri ekki eins og þau töldu, að það ætti að vera. Svaraði hún því til: „Um leið og við sáum það, eða bóndi minn sagðist sjá það á efninu, að það ætti ekki að vera bogið."

Stefnandi fylgdist með smíði þaksins. Þegar kaupsamningurinn var undirritaður 12. júní 1976, var stefnanda ljóst, að þakgerð hússins var ekki í samræmi við hina upphaflegu teikningu af húsinu. Við undirskrift kaupsamningsins hreyfði stefnandi engum andmælum við gerð þaksins, en undirritaði hins vegar yfirlýsinguna, sem um getur í kafla II hér að framan. Í yfirlýsingunni segir, „að fyrri gerningar okkar í milli eru niður fallnir með kaupsamningi okkar í milli í dag. Eigum við ekki neinar kröfur hvor á annan vegna slíkra fyrri gerninga umfram efni téðs kaupsamnings." Þá undirritaði stefnandi afsalið án nokkurs fyrirvara. Stefnandi hefur ekki sannað, að hann hafi borið fram við stefnda kvörtun þess efnis, að hann áskildi sér rétt til bóta vegna þakgerðarinnar, fyrr en með bréfi lögmanns stefnanda 3. desember 1976. Að svo vöxnu máli ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda að því er þennan kröfulið varðar.

Um 5. Matskostnaður.

Stefnandi sundurliðar þennan kröfulið svo:

1.	Reikningur matsmanna	kr. 143.900
2.	Dómkvaðning	— 4.500
3.	Vottorð Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins	— 7.425
4.	Lögmannsþóknun í matsmáli	— 46.000
		Kr. 201.825

Með vísan til 5. og 8. töluliðs 175. gr. laga nr. 85/1936 er ljóst, að ofangreindar kröfur teljast til málskostnaðar. Verður tekin afstaða til þeirra við ákvörðun á málskostnaði.

Um 6. Skolp- og regnvatnslögn.

Í matsgerð sinni taka matsmenn fram varðandi þessa kröfu:

„Bent var á, að matsbeiðandi hefði þurft að endurbæta regnvatnslögn meðfram götuhlið hússins (norður). Vegna takmarkaðrar dýptar þessarar lagnar hefði þurft að setja plastlögn (fyrir heitt vatn) ofan við rörin. Við skoðun mátti sjá hluta af plastlögninni, en mestur hluti þess verks er hulinn jarðvegi og steinsteypu. Með því að þessu verki var lokið, þegar skoðun matsmanna fór fram, og ekki liggur fyrir, hversu umfangsmikið verkið var, telja matsmenn sig ekki geta tekið þennan lið til mats."

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar samkvæmt þessum lið þannig:

1. Reikningur frá Vinnuheimilinu á Reykjalundi 19/10 1976: 150 metrar vatnsrör og 2 tengi ..... kr. 8.045
2. Reikningur frá Vinnuheimilinu á Reykjalundi 14/10 1976: 120 metrar vatnsrör og 2 tengi ..... — 6.641

Kr. 14.686

Stefnandi hefur á dómskjali nr. 5 skýrt svo frá, að fyrri reikningurinn sé „vatnsrör og tengi vegna tenginga á vatni til og frá húsi". Um síðari reikninginn tekur stefnandi fram á sama skjali: „Þar eð synjað var um úttekt á frárennslislögn norðan við húsið, vegna þess hve grunnt það lá, varð að leggja hitaveitulögn yfir allt frárennsliskerfið. Efni: kr. 6.641."

Stefnandi hefur hér fyrir dómi 13. september 1979 skýrt svo frá, að Þráinn Karlsson, verkfræðingur hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík, hafi verið kallaður á vettvang. Hann hafi neitað að taka út „drenlögn" norðan við húsið, þar sem hún væri svo ofarlega í jarðveginum. Hann hafi hins vegar sagst geta fallist á, að hitavatnsleiðsla yrði lögð meðfram „drenlögninni", og þyrfti þá ekki að sprengja fyrir drenlögninni.

Af hálfu stefnda er fyrri reikningnum mótmælt sem órökstuddum. Er því haldið fram, að stefnandi hafi breytt vatnsinntaki hússins til hagræðis fyrir sig, þ. e. hann hafi lengt vatnslögnina verulega.

Varðandi síðari reikninginn er af hálfu stefnda á það bent, að frárennslislögn hússins hafi verið unnin af Axel Bender pípu-

lagningameistara og hafi hún verið tekin út af byggingarfulltrúa. Hafi stefnandi lagt hitaveitulögn yfir allt frárennsliskerfið, þá sé það hans mál, en ekki stefnda.

Axel Bender pípulagningameistari, sem kvaðst hafa verið meistari á grunni hússins, hefur hér fyrir dómi 12. desember 1979 m. a. skýrt svo frá, að frágangur á „drenlögn" sé raunverulega samkvæmt allri reglugerð nema sú lögn, sem er í kringum húsið. Hún sé í það hæsta. Ráðlagt hafi verið af byggingarfulltrúa, að settur yrði hitageisli yfir lögnina til þess að halda þíðu ofan á lögninni og verja hana með því frosti. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með lokaúttekt á verkinu.

Stefndi hefur hér fyrir dómi 14. janúar 1980 skýrt svo frá: „Ég lagði drenlögn kringum allt húsið. Lagnir þessar voru tvær, önnur var fram með hálfri austurhlið og allri norðurhlið. Hin var með hinum helmingi austurhliðar, með allri suðurhlið og allri vesturhlið. Drenlögnin var ofanjarðar að norðanverðu. Ástæðan fyrir því, að hún var ofanjarðar á þessum parti, var sú, að húsið stendur í halla, og jarðhæð að norðanverðu er lægri en gólfhæð hússins, en jarðvegsdýpið var á kafla ekki nægilegt vegna þess, að klöpp er norðanvert við húsið. Ég setti á að giska 10 cm. lag af sjávarmöl ofan á alla drenlögnina, allt í kringum húsið. Ég tengdi ekki vatnslögnina úr götu og inn í hús. Ég lagði heldur ekki vatnspípulögn þessa. Guðjón Jóhannsson kom til mín á ljósprentunarstofuna og var að sækja þar teikningar, sem ekki voru viðkomandi þessu húsi, þá barst það í tal, að hann tæki að sér að tengja kalda vatnið úr götu og inn í húsið, en skv. þeirri teikningu, sem þar lá fyrir, og hann var ásáttur um það. Þessi pípulögn var á að giska 4—5 metrar á lengd. Guðjón lagði hins vegar kaldavatnsleiðsluna suður og austur með húsinu og inn í hornið á móts við miðjan bílskúr og þar inn í bílageymsluna. Þessi langa pípulögn var mér algerlega óviðkomandi. Ég var búinn að láta leggja í norðvesturgrunnvegg pípu í gegnum sökkulvegginn, þar sem gert var ráð fyrir, að kalda vatnið yrði tekið inn. Krani var á þessari pípulögn að utanverðu, en þessi pípulögn var ekki notuð af stefnanda. Þessi pípulögn í sökkulvegg var í grennd við rauf fyrir aðalskolplögn. Ég minnist þess ekki, að sérstök teikning hafi verið gerð af kaldavatnspípunni. Hins vegar tel ég mig hafa séð hjá byggingarfulltrúa neysluvatnslögn með inntaki suðaustan við húsið, svo sem hún mun hafa verið lögð."

Svo sem málflutningi aðilja er háttað, verður að ganga út frá því, að stefndi hafi átt að tengja kaldavatnsheimæð inn fyrir

húsvegg. Þeirri staðhæfingu stefnda, að inntaki kaldavatnsheimæðarinnar hafi verið ætlaður staður í sökkli á norðanverðri vesturhlið meðfram aðalfrárennslislögn hússins, hefur ekki verið hnekkt. Samkvæmt því hefði lengd heimæðarinnar orðið um 5—6 metrar.

Stefnanda var gert skylt samkvæmt ákvörðun byggingaryfirvalda að leggja heitavatnslögn yfir drenlögn meðfram norðurhlið hússins.

Með hliðsjón af framansögðu þykir rétt að taka þennan efnislið til greina með kr. 4.500, en þar sem ljóst er, að stefnandi hefur haft af þessu annan kostnað en þetta efni, þá þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina að fullu með kr. 14.686. Er þá haft í huga, að stefnandi hefur rökstutt kröfur sínar öðrum þræði með því, að hann eigi rétt á afslætti vegna ágalla á hinu selda.

Þess skal hér getið, að auk þess verður síðar einnig tekið tillit til þess, að við ofangreindar lagnir þurfti stefnandi að verða sér úti um sand og möl aukalega, sem stefndi hefði ella þurft að leggja til.

Um 7. Frágangur undir grófsléttun lóðar, veggstólar og steypt blómabeð.

Stefnandi sundurliðar þennan kröfulið svo:

1.	Reikningur Svans Lárussonar 10. október 1976: Hraunfylling að húsi	kr. 30.000
2.	Reikningur Vörubílastöðvarinnar Þróttar 6. júlí 1976: Ekið sandi	— 26.280
3.	Reikningur Vörubílastöðvarinnar Þróttar 5. október 1976: Hraun, 400 tunnur	— 33.600
4.	Reikningur Björgunar h/f 7. júlí 1976: 40 tunnur steypusandur	— 3.000
5.	„Sveinn Hannesson húsasmíðameistari, efni og vinna.“	— 123.780
		Kr. 216.660

Í matsgerð greina matsmenn svo frá:

„Frágangur undir grófsléttun, veggstólpar og steypt blómabeð lóðar. Við skoðun virtist lóð geta talist tilbúin undir grófsléttun, en matsbeiðandi benti á, að hann hefði þegar kostað mikið til lóðarinnar á þessu stigi (sbr. mskj. 6). Bent var á, að

steyptir veggir, stéttar og tröppur í lóðinni norðan við húsið hefðu verið gerðir af matsbeiðanda.“

Í niðurlagi matsgerðarinnar taka matsmenn fram:

„Við skoðun virtist lóð fyllilega tilbúin undir grófsléttun. Matsmenn treysta sér ekki til að meta, hversu mikið matsbeiðandi hefur þurft að kosta til lóðarinnar, frá því að hann tók við henni og þar til hún taldist tilbúin undir grófsléttun. Gerð blómabeða telja matsmenn, að falli undir lóðarfrágang, en þessar framkvæmdir voru einnig langt á veg komnar, þegar skoðun matsmanna fór fram.“

Í skýrslu, dagsettri 9. maí 1977, tekur stefnandi fram:

„Frágangi undir grófsléttun lóðar var ekki lokið. Eftir var að steypa veggstólpa og blómabeð skv. teikningu afhentri mér við upphaf samninga okkar og skv. þeirri einu teikningu, er ég hefi haft af húsinu allt til þess, er Anton afhendir teikningu, sem ekki er í samræmi við fyrirliggjandi samþykktar teikningar af húsinu hjá borgarverkfræðingi. Malarfylling að húsinu var engin, aðeins hjóm yfir regnvatnslögn ca. 10 cm þykk. Ég varð því að láta ljúka þessu sem og öðru með því að aka malarfyllingu að grunninum.“

Af hálfu stefnda er á það bent, að reikningur Sveins Hannessonar muni vera vegna uppsláttar á steyptum veggstólpum, stéttarbrúnum, stéttum og blómakössum. Framkvæmdir þessar muni falla undir lóðarfrágang og sé því alfarið mótmælt, að þetta hafi átt að fylgja með í kaupunum. Varðandi aðra reikninga, sem stefnandi byggi þennan kröfulið á, sé það að athuga, að samkvæmt kaupsamningnum hafi verið svo um samið, að lóð skyldi afhent fullfrágengin undir grófsléttun, með regnvatnslögn, bikuðum sökkli og með malaruppfyllingu. Stefndi hafi sett að minnsta kosti 50 tunnur af sjávarmöl yfir regnvatnslögnina meðfram húsinu, en samkvæmt kaupsamningnum hafi honum ekki borið að leggja til meira uppfyllingarefni. Þá sé þess enn að geta, að stefnandi hafi fyrst hreyft kröfum vegna hins selda með bréfinu 3. desember 1976, en þar til hafi hann lýst ánægju sinni með kaupin. Verði því að telja, að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til bóta vegna reikningsverka, ef stefndi væri talinn hafa átt að framkvæma einhvern lítinn hluta þeirra. Samkvæmt ofansögðu beri að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Stefnandi hefur ekki sannað, að stefnda hafi borið skylda til að annast byggingu veggstólpa, blómabeða eða stétta. Stefnandi hefur heldur ekki sannað, að malarfylling að húsinu hafi af

hálfu stefnda verið ónóg. Verða kröfur stefnanda samkvæmt þessum lið því ekki teknar til greina að öðru leyti en því, að rétt þykir að dæma stefnda til að greiða stefnanda nokkra fjárhæð fyrir sand og möl, sem ætla verður, að stefnandi hafi þurft til frágangs á brunnum, vatnsheimæð og hinni upphituðu regnvatnslögn. Þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda samtals kr. 60.000 af þessum sökum.

Um 8. Staðsetningarleiðrétting brunna.

Til stuðnings þessum kröfulið hefur stefnandi lagt fram reikning Guðjóns Jóhannssonar pípulagningameistara varðandi vinnu „við að færa brunna og leggja skolplögn utan húss" dagana 5., 11., 20. og 21. ágúst 1978, samtals 40 vinnustundir + akstur, samtals kr. 53.940.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki verði séð, hvaða tilfærslu nefndur Guðjón hafi gert á brunnum. Hið rétta sé, að verktaki stefnda, Ýtutækni h/f, hafi upphaflega sett ranglega niður brunna, þannig að þeir voru staðsettir í næstu lóð. Ýtutækni h/f hafi fært brunna þessa á eigin kostnað og gengið frá þeim. Hins vegar hafi stefnda ekki gefist tækifæri á að tengja brunnana vegna yfirgangs stefnanda, enda þótt menn væru sendir á staðinn til þess að tengja brunnana. Fjárhæð reiknings þessa sé auk þess óskiljanleg, ef miðað sé við tengingu brunnanna, því öll lögn hafi verið fyrir hendi á staðnum.

Guðjón Jóhannsson hefur hér fyrir dómi 12. desember 1979 skýrt svo frá, að hann hafi tekið við pípulögnum að húsinu, þegar það var fokhelt, og unnið alla pípulögn eftir það. „Þegar ég kom þarna að þessu, þá var búið að setja niður brunnana, en þeir voru vitlaust staðsettir. Þurfti því að færa þá. Það voru menn frá Ýtutækni, sem gerðu það." „Ég sá um að tengja brunnana upp á nýtt, þegar þeir voru endanlega tengdir. Þetta eru fallbrunnar, sem eru mjög djúpir, og það þarf að ganga þannig frá þeim, að það stíflist ekki í þeim, en eins og gengið var frá þessum brunnum, þá hefði örugglega stíflast í þeim." Kveðst Guðjón hafa framkvæmt verk þetta.

Því er ekki á móti mælt, að stefnandi hafi þurft að láta tengja frárennslisbrunna. Það verk annaðist ofangreindur pípulagningameistari. Reikningi hans fyrir verkið hefur ekki verið hnekkt. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að fullu með kr. 53.940.

Um afslátt af kaupverði.

Svo sem málavöxtum og málflutningi aðilja er háttað, þykir ekki unnt gegn mótmælum stefnda að taka afsláttarkröfu stefnanda til greina frekar en gert hefur verið hér að framan.

Um gagnkröfu stefnda.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að á fundinum 12. júní 1976 hafi stefnandi lofað að greiða stefnda helming af sölulaunum til Fasteignasölunnar Hátúni 4 A. Kveðst stefndi hafa greitt fasteignasölu þessari kr. 180.000 í sölulaun og hafi stefnandi lofað að greiða helming þeirrar fjárhæðar, kr. 90.000. Í þessu sambandi hefur stefndi einkum vitnað til símskeytis, er Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður sendi Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni þann 29. október 1976. Símskeytið er svohljóðandi:

„Fyrir hálfum mánuði síðan var að beiðni minni haldinn fundur okkar á skrifstofu þinni ásamt Sigfúsi Johnsen þar sem ég fór fram á greiðsluna kr. 90.000.00 frá Sigfúsi vegna skjólstæðings míns Antons Erlendssonar en upphæð þessi er helmingur af kostnaði Fasteignasölunnar Hátúni 4a. Í lok júlímánaðar var á skrifstofu þinni samið um að Sigfús greiddi helming af kostnaði sem nefnd fasteignasala kynni að krefjast vegna sölunnar á Fýlshólum 6. Þeir sem til staðar voru við gerð þessa samkomulags voru auk okkar Þuríður Björnsdóttir Sigfús og kona hans. Þar sem ég hef þegar greitt nefndri fasteignasölu meðal annars hluta þann er samið var um að Sigfús greiddi óska ég hér með vinsamlegast fyrir hönd skjólstæðings míns að Sigfús endurgreiði til mín kr. 90.000.00 fyrir 6. nóvember n.k. Við lögmennirnir erum í raun ábyrgir fyrir fullnustu þessa samkomulags."

Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður hefur hér fyrir dómi staðhæft, að stefnandi hafi á nefndum fundi 12. júní 1976 lofað að greiða helming sölulaunanna og hafi þeir lögmennirnir gert um þetta svokallað „gentlemen's agreement".

Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður hefur hér fyrir dóminum ekki kannast við, að endanlegt loforð af hálfu stefnanda hafi verið gefið varðandi sölulaun þessi.

Eiginkona stefnanda hefur hér fyrir dómi neitað því, að samkomulag hafi orðið um þetta atriði.

Eiginkona stefnda staðhæfir hins vegar, að stefnandi hafi á margnefndum fundi lofað að greiða helming sölulaunanna.

Á fundinum 12. júní 1976 var kaupsamningurinn undirritaður svo og yfirlýsingin, sem áður hefur verið rakin. Með hliðsjón af

yfirlýsingunni þykir ekki nægjanlega upplýst, að stefnandi hafi lofað greiðslu á helmingi áðurnefndra sölulauna. Verður gagnkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 351.626 (160.000 + 8.000 + 55.000 + 14.686 + 60.000 + 53.940) með vöxtum, sem rétt þykir að ákveða 13% ársvexti frá 12. júní 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 1. september 1979 og 20% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 500.000.

Dómsorð:

Stefndi, Anton Erlendsson, greiði stefnanda, Sigfúsi J. Johnsen, kr. 351.626 með 13% ársvöxtum frá 12. júní 1976 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og með 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 500.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1982.

Nr. 218/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur.

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir **Logi Einarsson** og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. nóvember 1982. Þann dag hafði Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður, skipaður réttargæslumaður varnaraðilja, kynnt honum úrskurðinn. Varnaraðili hafði þá verið úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 dögum frá 10. s. m., en fékkst hvorki til að tjá sig fyrir lögreglu né dómara.

Gögn málsins bárust Hæstarétti 12. nóvember 1982.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en ríkissaksóknari krefst þess, að hann verði staðfestur.

Með vísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

9. nóvember 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 9. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Tveir aðiljar hafa í dag verið yfirheyrðir hjá lögreglu í Reykjavík um ætlað fíkniefnamisferli. Báðir hafa viðurkennt umtalsverðar sakir og vísað á tiltekinn aðilja sem útveganda kannabisefna, nánar hassefna og hassolíu.

Rúnar Birgir Sigurðsson viðurkenndi að hafa um alllangt skeið eða líðlega það, sem af er ári, átt fíkniefnaviðskipti við *Ágústu Guðmundsdóttur* og ávallt að Laugavegi 43 hér í borg. Greindur Rúnar taldi sig ekki að svo komnu geta áætlað keypt heildarefnismagn á nefndu tímabili nánar en svo, að um hafi verið að ræða 200—300 gr af hassi og 30—40 gr af hassolíu. Rúnar þessi hefur þegar nafngreint 8 aðilja, er lagt hafi honum fé til nefndra kaupa, og móttekið efni í samræmi þar við. Sundurliðað hassmagn til þeirra aðilja, sem á þessu stigi hafa þó ekki verið yfirheyrðir, virðist samtals 270 gr, en hassolía 41 gr.

Jón Heiðar Reynisson, fæddur 18. júlí 1958, kveðst í fyrstu hafa orðið samferða kunningja sínum Rúnari Birgi ofangreindum til hasskaupa þess síðarnefnds af Ágústu Guðmundsdóttur að Laugavegi 43 hér í borg. Fyrir tæpum 4 mánuðum hafi nefndur Jón Heiðar tekið að versla beint við Ágústu þessa og frá þeim tíma samtals af henni keypt nálægt 200 gr af hassi og 10 gr af hassolíu. Jón Heiðar nefndi sem dæmi um slík viðskipti, að fyrir 2—3 vikum hefði hann af Ágústu þessari í einu keypt 40 gr af hassi fyrir samtals kr. 10.000.00 og sl. þriðjudag eða miðvikudag 10 gr af hassolíu fyrir samtals 8.000.00 kr. Hafi Ágústa afgreitt síðastnefnt úr sprautu, er gæti hafa innihaldið allt að 50 gr af nefndri olíu. Áðurgreindur Jón Heiðar kvað kaup hafa verið gerð fyrir framlagsfé ýmissa aðilja, er móttekið hefðu efni í samræmi við það. Ekki liggur á þessu stigi fyrir, hverjir þeir aðiljar eru, en Jón Heiðar Reynisson virðist í lögregluyfirheyrslu gefa til kynna, að hann sé nú að hugsa það mál og leggja niður fyrir sér nánar.

NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, en rannsókn þó enn á frumstigi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 48. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og heimila, að leit megi gera í vistarverum Ágústu Guðmundsdóttur, fæddrar 8. maí 1960, að Laugavegi 43 hér í borg að sakargögnum. Leitarheimild nær til læstra hirslna, ef þörf krefur.

Úrskurðarorð:

Leit skal gera að sakargögnum í vistarverum Ágústu Guðmundsdóttur, fæddrar 8. maí 1960, að Laugavegi 43 hér í borg, og nær nefnd heimild til leitar í læstum hirslum, ef þörf krefur.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1982.

Nr. 219/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. nóvember 1982. Þann dag hafði Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður, skipaður réttargæslumaður varnaraðilja, kynnt honum úrskurðinn, en varnaraðili fékkst hvorki til að tjá sig fyir lögreglu né dómara.

Gögn málsins bárust Hæstarétti 12. nóvember 1982.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum
10. nóvember 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 10. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við unrirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Skömmu eftir miðnætti sl. nótt hóf lögreglan í Reykjavík samkvæmt dómsúrskurði húsleit að Laugavegi 43 hér í borg vegna gruns um fíkniefnamisferli tengt þeim stað. Í framhaldi þar af voru m. a. handtekin Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir, fædd 8. maí 1960, og Rúnar Bergsson, fæddur 2. febrúar 1958, bæði talin dvalföst á fyrrgreindum stað. Við nefnda leit fannst eftirfarandi:

1) Ljósbrúnt hass, 56.2 grömm, sem áðurnefndur Rúnar Bergsson mun hafa lýst sig eiganda að.
2) Hassblandað tóbak, 0.8 grömm.
3) Hassolía, 4.2 grömm, tekin úr 2 sprautum.
4) Hassolía í 2 sprautum, ekki vigtanleg.
5) 4 stk. grænn pappír, ca 4x4 mm, talið LSD.
6) Hvítt duft, sagt þrúgusykur, 98.8 grömm.
7) Ljósbrúnt hass, 1.7 grömm.
8) Hvítar pillur, 11 stk.
9) Hassolía, vigtuð í verju og plasti, 7.5 grömm.
   Umbúðir áætlaðar 2.5 grömm.
10) Hvítt trefjakennt efni, 13.2 grömm.

Nr. 1, 2, 3, 4, 7 og 9 gáfu jákvæða svörun í litarprófi sem kannabis.

Nr. 5 gaf jákvæða svörun sem LSD.

Nr. 6 gaf jákvæða svörun sem heróín.

Áðurnefnd sýni 5 og 6 munu í nánari greiningu hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði.

Ekki mun á þessu stigi rannsóknar kunnugt um eignarhald ofangreindra sýna nr. 2—10.

Fyrrnefnd Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir hefur frá handtöku neitað að mæta til lögregluyfirheyrslu eða að tjá sig um ætlað sakarefni við lögreglu.

Krafa um gæsluvarðhald á hendur nefndri Ágústu var af hálfu lögreglu lögð fram hér fyrir dómi um kl. 1800 í dag. Klukkan liðlega 1900 í dag var eftir því leitað, að margnefnd Ágústa mætti hér fyrir dómi, en hún hafnaði því.

Klukkan 2050 var henni skipaður réttargæslumaður, sem ræddi einslega við hana, en lýsti í framhaldi þar af, að ekki væri á hans valdi að vinna Ágústu margnefnda á að mæta sjálfviljuga hér fyrir dómi.

Klukkan 2115 var þinghald flutt í fangageymslu og Ágústu Guðmundsdóttur þar kynnt sakarefni, en sýndi engin viðbrögð.

Klukkan 1350 var yfirheyrður hér fyrir dómi og síðar úrskurðaður í gæsluvarðhald Jón Heiðar Reynisson, fæddur 18. febrúar 1958.

Kvaðst hann undanfarna 4 mánuði margítrekað hafa keypt hassefni og hassolíu af stúlku, kallaðri Gústu, er búi að Laugavegi 43 hér í borg. (Hér á eftir talið eiga við Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, Laugavegi 43. — Innskot dómara).

Nefndur Jón Heiðar taldi sig áðurgreint tímabil hafa af Ágústu þessari keypt liðlega 100 grömm af hassefnum til eigin nota, en þess utan fyrir framlagsfé margra aðilja.

Greindi Jón Heiðar nokkra slíka með fornöfnum eða stuttnefnum og sundurliðaði til þeirra um 120 grömm af hassefnum. Samanlagt taldi margnefndur Jón Heiðar sig ofangreint tímabil af Ágústu Guðmundsdóttur hafa keypt um 300 grömm af hassefnum og 13—15 grömm af hassolíu og þar af 10 grömm í einu fyrir réttri viku fyrir kr. 8.000.00, er verið hafi framlagsfé margra aðilja.

Klukkan 1755 var yfirheyrður hér fyrir dómi og síðar úrskurðaður í gæsluvarðhald Rúnar Birgir Sigurðsson, fæddur 5. febrúar 1962.

Rúnar Birgir var í gærkveldi yfirheyrður hjá lögreglu og kvaðst þá undanfarna mánuði af stúlku, Gústa að nafni, búsettri við Laugaveg 43 hér í borg, hafa keypt samtals 200—300 grömm af hassefnum og 30—40 grömm af hassolíu að langmestu leyti fyrir framlagsfé margra aðilja, sem móttekið hefðu efnin í samræmi við það. Rúnar Birgir greindi með fornöfnum og stuttnefnum átta slíka aðilja, er móttekið hefðu samtals um 270 grömm af hassefnunum og samtals 41 gramm af hassolíunni.

Er nefndur Rúnar Birgir var kallaður hér fyrir dóm um kl. 1800 í dag, kvaðst hann hafa verið í miðjum klíðum að leiðrétta í lögregluyfirheyrslu áðurnefnt og á þann veg að hækka verulega meint hasskaup frá Ágústu Guðmundsdóttur og í allt að 500 grömmum samanlagt tímabilið júlí sl. til miðs okt. sl. Auk þess af margnefndri Ágústu nefnt tímabil keypt nokkuð af hassolíu. Rúnar Birgir taldi sig hins vegar þurfa að glöggva sig nánar á því magni, áður en hann staðfesti hér fyrir dómi.

NIÐURSTÖÐUR.

Tveir aðiljar hafa samkvæmt ofansögðu borið Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur verulegum sökum, en hún með óvenjulegum og eindregnum hætti neitað alfarið að tjá sig um ætlað

sakarefni bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 eigi til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr., 1. tölul., 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, fæddri 8. maí 1960, að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega telst ákvarðað í allt að 30 dögum frá kl. 2350 þann 10. nóvember 1982 að telja.

Úrskurðarorð:

Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir, fædd 8. maí 1960, til heimilis að Laugavegi 43, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum frá kl. 2350 þann 10. nóvember 1982 að telja.

Fimmtudaginn 18. nóvember 1982.

Nr. 121/1979. **Fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra vegna ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Hannesi Kr. Davíðssyni og gagnsök
(Benedikt Blöndal hrl.).

Þóknun fyrir nefndarstörf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1979 og gera þær kröfur, að þeir verði sýkn-

aðir af kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 300.00 krónum án vaxta og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1979 og gerir aðallega þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og aðaláfrýjendum dæmt að greiða honum 1.400.00 krónur með 14% ársvöxtum frá 28. júlí 1976 til 21. nóvember 1977, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og loks 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir gagnáfrýjandi kröfu um aðra lægri fjárhæð úr hendi aðaláfrýjenda eftir mati Hæstaréttar auk vaxta og málskostnaðar samkvæmt framansögðu.

Í skipunarbréfi félagsmálaráðuneytisins til gagnáfrýjanda í nefnd þá, sem hann var skipaður í 21. maí 1973, var þess ekki getið, að laun til nefndarmanna yrðu einhliða ákveðin af svonefndri þóknunarnefnd. Ekki voru heldur nein ákvæði um launafyrirkomulag í bréfi áfrýjanda félagsmálaráðuneytisins til Arkitektafélags Íslands, þar sem farið var fram á tilnefningu fulltrúa í nefndina. Í skjölum málsins kemur fram, að ekki hafi verið rætt um greiðslur, hvorki á fundum nefndarinnar né utan þeirra.

Leggja verður til grundvallar dómi í máli þessu, að gagnáfrýjanda hafi eigi mátt vera ljóst, svo sem mál horfði við honum, að laun fyrir nefndarstörf þau, sem hann leysti af hendi og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, yrðu ákveðin einhliða af stjórnvaldi, eins og raun varð á, enda var félagsmálaráðuneytinu í lófa lagið að greina í skipunarbréfi nefndarinnar, hvernig laun fyrir nefndarstörfin yrðu ákveðin. Þegar eðli og umfang starfa gagnáfrýjanda er virt, og tekið er tillit til, á hvaða tíma þau voru leyst af hendi, þykja laun

hans hæfilega ákveðin 70.000 gamlar krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði segir.

Rétt þykir að staðfesta málskostnað fyrir héraðsdómi og dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda 5.000.00 nýkrónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Hannesi Kr. Davíðssyni, 700.00 krónur (70.000 gamlar krónur) með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skal óraskað. Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. apríl sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 16. nóvember sl., af Hannesi Kr. Davíðssyni arkitekt, Þórukoti, Álftanesi, gegn félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 140.000 með 14% ársvöxtum frá 28. júlí til 21. nóvember 1977, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins. Til vara krefjast þeir

verulegrar lækkunar stefnukrafna og niðurfellingar málskostnaðar.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir.

Hinn 21. maí 1973 skipaði félagsmálaráðherra stefnanda í nefnd til að endurskoða lög nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir, lög nr. 108 31. desember 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, og lög nr. 61 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur og yrði endurskoðunin við það miðuð, að ein lög um byggingarmál og byggingarsamþykktir gildi fyrir allt landið. Aðdragandi skipunar stefnanda var sá, að hinn 25. september 1972 hafði félagsmálaráðherra farið þess á leit við Arkitektafélag Íslands, að félagið tilnefndi fulltrúa af sinni hálfu til að taka sæti í slíkri nefnd, sem þá átti að vera nefnd fimm manna. Arkitektafélagið ákvað að fara þess á leit við stefnanda, að hann tæki sætið, og féllst hann á það, og var félagsmálaráðherra tilkynnt það með bréfi 29. september 1972. Í bréfi félagsmálaráðuneytis til stefnanda 21. maí 1973 er tekið fram, að nefndarmenn séu nú orðnir níu frá eftirtöldum aðiljum: Arkitektafélagi Íslands, Byggingafræðingafélagi Íslands, landbúnaðarráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, skipulagsstjórn ríkisins, Tæknifræðingafélagi Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands og félagsmálaráðuneytinu. Hallgrímur Dalberg skrifstofustjóri var skipaður formaður nefndarinnar. Til þess að flýta fyrir störfum nefndarinnar skipaði félagsmálaráðherra þriggja manna undirnefnd innan þessarar níu manna nefndar til þess að afla gagna og gera tillögur til hinnar fullskipuðu nefndar. Í undirnefndina voru skipaðir auk formannsins, Hallgríms Dalberg, þeir Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri og Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri. Undirnefndin kom fyrst saman 10. júlí 1973 og hélt upp frá því 23 fundi, og var hinn síðasti haldinn 27. mars 1975. Aðalnefndin kom fyrst saman 8. ágúst 1973 og hélt alls 20 fundi, þann síðasta 21. maí 1975. Tveir menn til viðbótar tóku sæti í aðalnefndinni 5. desember 1973, frá Meistarasambandi byggingamanna og frá Sambandi byggingamanna. Nefndin skilaði frumvarpi til byggingarlaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975. Í skipunarbréfi stefnanda var ekki minnst á greiðslu fyrir nefndarstörfin, og kom slíkt aldrei til tals á nefndarfundunum og ekki heldur að þeim loknum. Um haustið 1975 var hringt til stefnanda úr ráðuneyt-

inu, og spurði stúlka stefnanda um nafnnúmer. Stefnandi spurði hana um tilefni, og kvaðst hún eiga að senda stefnanda kr. 30.000 fyrir vinnu hans í nefndinni. Stefnandi bað stúlkuna spara sér ómakið og bað stúlkuna skila því til Hallgríms Dalberg, formanns nefndarinnar, að hann frábiði sér þessa greiðslu. Það væri til í dæminu, ef það væri almenn regla, að slíkt væri þegnskylduvinna borgaranna, að gefa ríkinu þessa vinnu, og þá mundi að sjálfsögðu hið sama gilda um alla nefndarmenn, en vinnu sína heimtaði hann greidda að réttum launum. Þetta sagði stefnandi einnig við Hallgrím Dalberg, sem sagði stefnanda, að það hefði verið nefnd, sem hefði úrskurðað þóknunina. Stefnandi vænti þess, að ríkisvaldið sæi að sér og áttaði sig á staðreyndunum og breytti afstöðu sinni. Í júlí 1976 þóttist stefnandi orðinn þess fullviss, að ríkisvaldið mundi ekki ætla að breyta um skoðun í máli þessu, og sendi hann þá reikning til félagsmálaráðuneytisins, dags. 13. júlí 1976, fyrir 70 klst. á kr. 2.000, samtals kr. 140.000, vegna vinnu sinnar í nefndinni. Stefnandi fékk ekki senda greiðslu fyrir reikning þennan, og ítrekaði hann beiðni sína í bréfi, dags. 9. nóvember 1976, og kvaðst fela lögfræðingi sínum innheimtu reikningsins, ef greiðsla bærist ekki. Lögfræðingur stefnanda sendi fjármálaráðuneyti kröfubréf vegna reikningsins í bréfi, dags. 26. nóvember 1976.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að í skipunarbréfi ráðherra til hans sé þess ekki getið, að nefndinni sé ætlað að starfa launalaust, og reyndar sé ekkert kveðið á um laun nefndarmanna. Ráðherra áskilji sér ekki sjálfdæmi um þóknun nefndarinnar, eins og stundum sé gert, og hafi stefnandi því hlotið að ætla, að störf hans yrðu greidd eftir reikningi. Mikill tími hafi farið til nefndarstarfa. Stefnandi hafi setið 17 fundi af 20, sem haldnir voru, og hann hafi tekið sæti í nefndinni sem sérfræðingur um húsagerðarlist, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands. Hann hafi þannig látið í té þekkingu og vinnu sem sérfræðingur og til þess þurfi að líta, þegar þóknun fyrir starfið sé ákveðin. Mikill tími hafi farið til starfa milli nefndarfundanna til athugunar á gögnum, til lestrar og íhugunar. Eftir atvikum hafi stefnandi talið rétt að reikna sér laun fyrir nefndarstörf í 70 klukkustundir, þótt meiri tími hafi farið til starfsins. Tímakaupið hafi hann sett kr. 2.000, sem hafi verið heldur lægra en meðalverð útseldrar vinnu sérfræðings með þekkingu stefnanda og starfsreynslu á þeim tíma, sem verkið var unnið. Hann sé arkitekt að atvinnu og ekki í þjónustu annarra og verði hann

því að selja vinnu sína fyrir nefndarstörf sama verði og aðra vinnu. Stefnandi leggur áherslu á, að í dómi Hæstaréttar 25. maí 1976 í málinu nr. 108/1974, sem fjallað hafi um hliðstætt ágreiningsefni, hafi Hæstiréttur talið, að nefndarmenn í því máli ættu að sýna fram á, að þóknun sú, sem ákvörðuð hefði verið þeim til handa, væri ósanngjörn, vegna þess að það hafi verið rætt á fyrsta fundi nefndarinnar, að stjórnvöld mundu ákveða þóknunina. Þarna komi munurinn fram, þar sem ekkert hafi verið rætt um þóknun fyrir nefndarstörfin í nefnd þeirri, sem stefnandi átti sæti í, og aldrei hafi verið rætt, hver ætti að ákvarða hana. Sönnunarbyrðin í máli þessu fari eftir þessu og beri því stefnda að sanna, að reikningur stefnanda sé ósanngjarn, sem á engan hátt hafi verið gert af stefnda hálfu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að frá árinu 1969 hafi sá háttur verið á hafður, að trúnaðarmenn fjármálaráðuneytisins í svokallaðri þóknananefnd hafi kveðið á um greiðslur fyrir störf manna í nefndum á vegum ríkisins. Þetta taki jafnt til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem annarra og þetta sé hin almenna regla, nema sérstök undantekning sé þar frá gerð með ótvíræðum hætti í skipunarbréfi eða lögum. Þessi tilhögun sé alþekkt og hafi stefnandi enga ástæðu haft til þess að ætla, að honum yrðu greidd laun að eigin mati á grundvelli sérþekkingar og starfsreynslu sem arkitekt. Honum hafi sem öðrum mátt vera ljóst, að þóknun fyrir störfin yrði ákveðin af sérstakri nefnd stjórnvalda. Fram komi í framburði stefnanda hér fyrir dómi, að honum hafi verið kunnugt um tilvist svokallaðrar þóknananefndar og þar með hafi stefnanda verið kunnugt um, að nefnd þessi mundi ákveða honum laun. Þetta sé kjarni málsins, eins og fram komi í dómi þeim, sem málsaðiljar hafi til hliðsjónar og kveðinn hafi verið upp í Hæstarétti 25. maí 1976. Þess vegna sé það stefnanda sjálfs að sýna fram á, að þóknun sú, sem honum hafi verið ákveðin, kr. 30.000, sé ósanngjörn, en það hafi hann ekki sýnt fram á. Fjárhæð þessi hafi verið í fullu samræmi við verðlag og greiðslur fyrir svipuð störf í almannaþágu á þessum tíma. Engin rök mæli með því, að stefnandi megi miða störf sín í nefndinni við taxta arkitekta, þar sem þetta séu ekki arkitektastörf, heldur stjórnsýslustörf. Þóknananefndin hafi í ákvörðun sinni litið fram hjá menntun nefndarmanna og mismuni þeim ekki eftir slíkum forsendum. Fjárhæðir til nefndarmanna hafi verið þannig: kr. 30.000 til hvers hinna almennu nefndarmanna, en kr. 60.000 til Zóphóníasar Pálssonar,

kr. 75.000 til Magnúsar E. Guðjónssonar og kr. 90.000 til Hallgríms Dalberg. Þóknananefndin hafi byggt ákvörðun sína á fjölda fundanna og lengd þeirra og þar sé engin mismunun.

Verði ekki fallist á sýknukröfuna, sé varakrafa stefndu sú, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð, enda hafi fullyrðing stefnanda um a. m. k. 70 klst. nefndarstörf ekki við nein rök að styðjast. Hann hafi setið 15 fundi og engin heimaverkefni verið sett fyrir.

Niðurstaða.

Í skipunarbréfi til stefnanda í nefnd þá, sem hann átti sæti í frá 21. maí 1973 til 21. maí 1975, var ekki tekið fram, að þóknun fyrir störf í nefndinni yrðu ákveðin af stjórnvöldum. Fram er komið í máli þessu, að um slíkt hafi ekki verið rætt, hvorki á fundum nefndarinnar né utan þeirra. Þegar þetta er virt, er ekki unnt að telja gegn andmælum stefnanda, að sýnt sé fram á, að honum hafi verið ljóst eða átt að vera ljóst, að þóknun fyrir störfin yrði ákveðin af stjórnvöldum. Stefnandi mátti því sjálfur gera reikning fyrir störf sín, og bera stefndu sönnunarbyrði um, að reikningur hans sé ósanngjarn, samkvæmt meginreglu 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Stefndu hafa andmælt reikningi stefnanda bæði hvað varðar fjölda klukkustunda og fjárhæðar fyrir hverja klukkustund.

Fundargerðabók nefndarinnar sýnir, að stefnandi hafi setið 15 fundi nefndarinnar og einnig að nefndarmönnum hafi verið afhent gögn til þess að rannsaka og vinna úr milli funda. Þegar þetta er virt, þykir sanngjarnt að reikna með 45 klst. alls í fundarsetur stefnanda og einni klst. í viðbót fyrir hvern fund til ferða og athugunar gagna, og verða það samtals 60 klst. Stefndu mótmæla fjárhæð þeirri, sem stefnandi reiknar fyrir hverja klst., kr. 2.000, og benda á, að ekki eigi að miða við taxta arkitekta, þegar um nefndarstörf stefnanda sé að ræða. Á þessa skoðun verður fallist, þar sem nefndarstörf stefnanda verða að teljast stjórnsýslustörf, en ekki arkitektastörf, þótt stefnandi hafi starfað í nefndinni sem sérfróður um húsagerðarlist, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands. Með hliðsjón af verðlagi og greiðslum fyrir stjórnsýslustörf á þessum tíma má telja sanngjarnt að miða við kr. 1.500 fyrir klst. Reikningur stefnanda telst því sanngjarn kr. 90.000, og verður stefndu gert að greiða þá fjárhæð. Vaxtakrafa stefnanda verður tekin til greina, enda er hún lægri en dráttarvextir þeir, sem ákveðnir hafa verið af Seðlabanka Íslands skv. 1. gr. laga nr. 71/1965.

Eftir þessum málalokum verður stefndu einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 90.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hannesi Kr. Davíðssyni, kr. 90.000 með 14% ársvöxtum frá 28. júlí 1976 til 21. nóvember 1977, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 90.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. nóvember 1982.

Nr. 212/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Birgi Vilhjálmssyni og
Héðni Kjartanssyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Skurðgrafa. Ákæra fyrir brot gegn umferðarlögum. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Guðjón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ákærði Birgir Vilhjálmsson óskaði áfrýjunar héraðsdóms af sinni hálfu. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinir ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og dæmdir til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar. Héraðsdómi er áfrýjað til þyngingar refsingu að því er varð-

ar ákærða Birgi og þess krafist, að tími ökuleyfissviptingar verði lengdur.

Ágrip málsskjala barst Hæstarétti 7. apríl 1982.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ekki þykir sannað gegn eindreginni neitun ákærða Héðins, að hann hafi ekið skurðgröfunni í umrætt skipti. Verður héraðsdómur staðfestur að niðurstöðu til að því er hann varðar.

Eins og í héraðsdómi segir, hefur ákærði Birgir neitað því bæði fyrir lögreglu og dómi, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók skurðgröfunni. Vitnið Þórarinn Baldursson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki merkt það, að ákærði Birgir væri ölvaður. Vitnið Jóhann Hrólfur hefur borið fyrir dómi, að ákærði Birgir hafi verið greinilega undir áhrifum áfengis við aksturinn, en vitni þetta hafði skýrt svo frá fyrir lögreglu kvöldið, sem hinir ákærðu voru handteknir, að það hefði ekki veitt því athygli, hvort hann væri ölvaður. Ákærði var að vísu ölvaður, þegar hann var handtekinn, en hafa verður í huga, að þá var alllangur tími liðinn frá því að hann hafði ekið, og hann kvaðst hafa „drukkið nokkuð stíft“ eftir það. Samkvæmt því, sem nú er rakið, þykja ekki gegn neitun hans fram komnar fullnægjandi sönnur fyrir því, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur skurðgröfunnar í umrætt skipti. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Birgir Vilhjálmsson og Héðinn Kjartansson, skulu vera sýknir af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda ákærðu, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir báðum dómum, 7.000.00 krónur.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Í ákæruskjali svo og í lögregluskýrslum og dómskýrslum er ökutæki það, sem ákærðu er gefið að sök að hafa ekið, sagt vera skurðgrafa. Í ákæruskjali er ákærði Héðinn hins vegar talinn hafa gerst brotlegur við meðal annars 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga, en það ákvæði á við um akstur dráttarvéla. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt um framangreint tæki, þeirra á meðal bréf Guðjóns Magnússonar, fulltrúa sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, dags. 13. september 1982. Segir þar meðal annars svo:

„Undirritaður hefir aflað sér eftirfarandi upplýsinga um framangreint tæki, m. a. hjá umboðssölu tækisins Vélar og Þjónusta h.f., Reykjavík:

Tæki þetta er „dráttarvél“ með ámokstursskóflu á gálgum að framan og gröfukrabba að aftan. Tækið er samtals rúm 7 tonn að þyngd, og er vél þess 67 hestöfl. Það mun hafa svipaða aksturseiginleika og dráttarvél, en þeir takmarkast nokkuð af aukinni þyngd tækisins vegna mokstursskóflu og krabba. Nær tækið 25—30 km hraða í það mesta. Tæki þessi eru tollflokkuð sem vinnuvélar. Þó hefir eigendum þeirra verið heimilað að láta skrá þau sem dráttarvélar, og mun reyndar hafa verið gengið eftir því hjá nokkrum embættum, t. d. lögreglustjóranum í Reykjavík. Eftir því sem undirritaður kemst næst, mun ekki hafa verið leitað formlegs úrskurðar dómsmálaráðuneytisins um skráningarskyldu þessara tækja, sbr. 3. gr. umferðarlaga.“

Samkvæmt þessu, og þar sem umrætt tæki var ekki skrásett sem dráttarvél á ökutækjaskrá, þykir verða við það að miða í málinu, að það hafi verið vinnuvél í merkingu 2. gr. umferðarlaga.

II.

Með játningu ákærða Birgis og öðru því, sem fram er komið í málinu, er sannað, að hann ók vinnuvélinni í umrætt sinn.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra 13. október 1978, er ákærði Birgir hefur undirritað, skýrði hann sjálfur svo frá, að hann hefði drukkið 1½ vatnsglas af „Hunter" víni fyrir akstur-inn, nánar tiltekið á tímabilinu frá kl. 1530—1730. Í sakadómi 13. júní 1979 synjaði hann að vísu fyrir áfengisneyslu á undan akstri, en án allra skýringa á þeirri breytingu á fyrri skýrslu.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem vitnið Jóhann Hrólfur Guðmundsson hefur undirritað, fór hann á lögreglustöð til að kæra báða ákærðu fyrir akstur undir áhrifum áfengis. Í heitfestu vætti fyrir sakadómi hefur þetta vitni borið, að orðið hafi ljóst, áður en ákærðu óku brott að afloknu erindi sínu við hann, að ákærði Birgir væri greinilega undir áhrifum áfengis. Verður þessum heitfesta framburði ekki hafnað, þó að í lögregluskýrslu sé það haft eftir vitninu, að það hafi ekki veitt því athygli, hvort Birgir væri „ölvaður".

Í héraðsdómi greinir frá vætti Þórarins Baldurssonar um frásögn ákærðu þess efnis, að þei hafi báðir verið undir áhrifum áfengis í margnefnt sinn. Verður að telja, að sá vitnisburður sé til styrktar öðru því, sem fram er komið um, að svo hafi verið í raun réttri.

Þegar allt framangreint er virt, tel ég, að staðfesta beri þá úrlausn héraðsdóms, að nægilega sé sannað, að ákærði Birgir hafi ekið vinnuvélinni undir áhrifum áfengis.

III.

Með játningu ákærða Héðins, sem studd er öðrum gögnum máls, er sannað, að hann var undir áhrifum áfengis í umrætt sinn.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra, undirritaðri af ákærða Héðni, viðurkenndi hann að hafa ekið skurðgröfunni. Í hinu heitfesta vætti sínu hefur Jóhann Hrólfur Guðmundsson staðfest, að rétt sé greint frá um þetta atriði í skýrslu varð-

stjóra. Afturköllun ákærða Héðins á fyrri skýrslu sinni um þetta atriði, er hann kom fyrir sakadóm 8. febrúar 1979, er ekki studd haldbærum skýringum. Í áðurgreindu heitfestu vætti sínu bar Jóhann Hrólfur það, að hann hefði séð ákærða Héðin aka skurðgröfunni, þegar ákærðu héldu á brott frá honum. Þetta hefur vitnið ítrekað fyrir sakadómi Suður-Múlasýslu 19. mars 1982. Þegar allt þetta er virt, verður að telja nægilega sannað, að einnig ákærði Héðinn hafi ekið vinnuvélinni.

IV.

Ákærðu hafa báðir borið, að þeir hafi neytt áfengis eftir að ökuferð þeirra lauk. Þeir eru að vísu einir til frásagnar um þá áfengisneyslu, og skýrslur þeirra, er að henni lúta, fá alls eigi samrýmst í veigamiklum atriðum, eins og í héraðsdómi greinir. Allt um það þykir þó varhugavert með hliðsjón af framurðum þeirra um þetta atriði að leggja niðurstöður rannsóknar á áfengismagni í blóði þeirra óskorað til grundvallar dómi í málinu. Verða því brot þeirra beggja heimfærð undir 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði Héðinn var hinn 7. september 1978 sviptur ökuréttindum í 1 ár frá þeim degi að telja fyrir ölvun við akstur. Hefur hann því með háttsemi sinni einnig gerst brotlegur við 2. mgr. 28. gr. umferðarlaga, en samkvæmt heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 og með skírskotun til þess, er greinir í I að framan, þykir mega beita því ákvæði í stað 1. mgr. nefndrar 28. greinar, sem skírskotað er til í ákæruskjali.

Samkvæmt framansögðu og með skírskotun til 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, tel ég, að dæma beri ákærða Birgi Vilhjálmsson til að greiða 5.000 00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 10 daga í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms í málinu.

Samkvæmt sömu lagaákvæðum tel ég, að dæma beri ákærða Héðin til að sæta varðhaldi í 15 daga.

Með skírskotun til 81. gr. umferðarlaga ber enn fremur

að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærða Birgis, en svipta ber ákærða Héðin ökuréttindum ævilangt.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 5.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 20. mars 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 8. ágúst 1979, „á hendur Birgi Vilhjálmssyni verkamanni, Miðgarði 6, fæddum 1. marz 1960 á Egilsstöðum, og Héðni Kjartanssyni verkamanni, fæddum 10. október 1960 á Seyðisfirði, Laufási 3 á Egilsstöðum, fyrir að aka til skiptis undir áhrifum áfengis skurðgröfu af Last gerð um götur Egilsstaðakauptúns, ákærði Héðinn sviptur ökuréttindum, frá Reynivöllum 2 að viðgerðarstofu Benedikts Vilhjálmssonar, Selási 22, og ákærði Birgir þaðan að verkstæði Gunnars og Kjartans þar í þorpinu.

Telst athæfi ákærðu beggja varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, en athæfi ákærða Héðins við 1. mgr. 28. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Málavextir eru þessir:

13. október 1978, kl. 1920, kom Jóhann Guðmundsson, Reynivöllum 2, Egilsstöðum, til lögreglunnar þar og tilkynnti henni, að annar ákærðu í máli þessu, Héðinn Kjartansson, væri að aka skurðgröfu undir áhrifum áfengis. Er lögreglan kom á vettvang ásamt Jóhanni, var búið að leggja skurðgröfu þessari við verkstæði Gunnars og Kjartans þar í þorpinu. Sótti lögreglan ákærða Héðin heim til hans. Var einnig sóttur ákærði Birgir Vilhjálmsson, og voru báðir ákærðu færðir á lögreglustöðina á Egilsstöðum til yfirheyrslu. Voru ákærðu að skýrslutöku lokinni færðir

á heilsugæslustöðina á Egilsstöðum, þar sem tekið var úr þeim blóðsýni, kl. 1945, en þaðan voru þeir síðan færðir aftur á lögreglustöðina, þar sem Róbert Róbertsson lögreglumaður tók varðstjóraskýrslur af þeim.

Í varðstjóraskýrslu er haft eftir ákærða Birgi Vilhjálmssyni, að hann hafi ekið skurðgröfu í eign fyrirtækisins Gunnars og Kjartans s/f frá Árskógum áleiðis að verkstæði Gunnars og Kjartans. Hafi hann hafið aksturinn um kl. 1830. Kvaðst ákærði hafa drukkið eitt og hálft vatnsglas af Hunts léttvíni á vinnustað sínum, verkstæði Gunnars og Kjartans, á tímabilinu milli kl. 1530 og 1730 og hafi hann verið einn við drykkjuna. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, en hafa drukkið 2 til 3 glös af hvannarótarbrennivíni eftir akstur.

Haft er eftir ákærða Héðni í varðstjóraskýrslu, að hann hafi ekið skurðgröfu af Last gerð frá Árskógum áleiðis að verkstæði Gunnars og Kjartans og hafið aksturinn um kl. 1730. Hafi hann drukkið tvö óblönduð Coca-Cola glös af martini við Árskóga milli kl. 1600 og 1700 og verið einn við drykkjuna. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, en hafa drukkið eina flösku af martini, eftir að akstri hans lauk.

Ákærðu hafa undirritað skýrslur þessar.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem Róbert Róbertsson hefur gert og undirritað, viðurkenndu báðir ákærðu að hafa ekið skurðgröfunni undir áhrifum áfengis. Ákærðu hafa ekki undirritað skýrslu þessa, og er hún ekki vottuð.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða Héðni, reyndist reducerandi efni samsvara 2.08‰, en 1.90 í blóðsýni úr ákærða Birgi.

Ákærði Héðinn skýrði svo frá fyrir dómi 8. febrúar 1979, að hann hefði verið einn við vinnu á verkstæði Gunnars og Kjartans greindan dag, hafi talstöð í skurðgröfunni verið biluð og hafi hann viljað fá gert við hana. Hafi hann verið búinn að smakka eitthvað áfengi og því beðið vinnufélaga sinn, ákærða Birgi, að aka vélinni fyrir sig að verkstæði Jóhanns Guðmundssonar. Hafi Birgir verið fús til þess. Áður en lagt var af stað, hafi Þórarinn Baldursson frá Reyðarfirði komið til þeirra og hafi það orðið úr, að Þórarinn ók þeim til Jóhanns. Er þangað var komið, hafi Þórarinn ekki viljað aka þeim lengra og farið á brott. Kvaðst ákærði Héðinn hafa farið inn til Jóhanns að ræða við hann um talstöðina. Hafi verið ákveðið að fara þaðan að verkstæði Benedikts Vilhjálmssonar og hafi hann beðið Birgi að aka vélinni þangað.

Hafi Birgir síðan ekið vélinni að verkstæði þessu og litlu síðar þaðan og aftur að vélaverkstæði Gunnars og Kjartans.

Ákærði Héðinn kvaðst ekki hafa haft hugmynd um það, hvort ákærði Birgir hefði verið búinn að smakka áfengi, áður en þeir lögðu í þessa ferð. Hann kvað alllanga stund hafa liðið, frá því að ákærði kom aftur á verkstæðið úr ferðinni, þar til lögreglan hafði afskipti af þeim, og hefðu þeir ákærðu setið að drykkju þann tíma, sem hafi verið allt að tveim klukkustundum. Er borinn var undir ákærða Héðin framburður hans hjá lögreglu varðandi akstur hans á gröfunni í umrætt sinn, kvaðst hann ekki hafa gert sér grein fyrir efni lögregluskýrslunnar, þegar hann undirritaði hana, sökum þess hve ölvaður hann var. Mótmælti hann einnig framburði Jóhanns Guðmundssonar varðandi akstur sinn á gröfunni.

Vitnið Jóhann Hrólfur Guðmundsson húsasmiður, Reynivöllum 2 á Egilsstöðum, skýrði svo frá fyrir dómi 8. febrúar 1979, að hinn 13. október 1978 hefði skurðgröfu verið ekið í hlaðið heima hjá vitninu og hafi ákærði Héðinn bankað upp hjá því. Hafi vitnið séð strax, að hann var ölvaður. Hafi annar maður verið í gröfunni og hafi enn fremur einhver þriðji maður gengið frá gröfunni, en hafi ekki verið að sjá, að sá hafi verið ölvaður. Hafi Héðinn beðið vitnið að líta á talstöð gröfunnar. Vitnið kvaðst hafa farið út í gröfuna til að líta á talstöðina og hafi þá verið þar fyrir Birgir Vilhjálmsson. Er vitnið hafði litið á talstöðina, hafi þeir Héðinn og Birgir farið að deila um það, hvor þeirra ætti að aka gröfunni. Hafi vitninu þá verið það ljóst, að Birgir var greinilega undir áhrifum áfengis. Hafi þetta endað með því, að ákærði Héðinn ók af stað á gröfunni að viðgerðarverkstæði Benedikts Vilhjálmssonar. Hafi vitnið farið á eftir ákærðu þangað og síðan farið að svipast um eftir lögreglunni, en ekki fundið lögreglumann strax og því farið aftur að huga að gröfunni. Hafi þá verið liðin nokkur stund, frá því grafan kom á viðgerðarverkstæði Benedikts. Hafi vitnið nú séð þá ákærðu á gröfunni, og var það nú ákærði Birgir, sem ók. Hafi gröfunni verið ekið að vélaverkstæði Gunnars og Kjartans.

Vitnið kvaðst hafa náð tali af Róbert Róbertssyni lögreglumanni u. þ. b. 1½ klukkustund síðar og skýrt honum frá málavöxtum og m. a. hafa sýnt honum slóð eftir gröfuna, þar sem henni hafði verið ekið utan í kantsteina á mótum Fagradalsbrautar og Selásss.

Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt, er Róbert Róbertsson yfir-

heyrði Héðin Kjartansson um málið. Hafi Héðinn viðurkennt að hafa ekið gröfunni undir áhrifum áfengis. Vitnið heitfesti framangreindan framburð sinn.

Vitnið Þórarinn Baldursson verkamaður, Eyrarstíg 4, Reyðarfirði, skýrði svo frá fyrir dómi 1. mars 1979, að dag einn haustið 1978 hefðu ákærðu komið að máli við vitnið og beðið það um að aka fyrir þá skurðgröfu að húsi einu á Egilsstöðum, þar sem þeir ætluðu að láta athuga bilaða talstöð, sem var í skurðgröfunni. Kvaðst vitnið hafa talið, að Héðinn hefði greinilega verið undir áhrifum áfengis, en ekki hafa verið visst um, hvort Birgir væri það einnig. Vitnið kveðst hafa gert ákærðu það ljóst, er komið var að umræddu húsi, að það mundi ekki aka lengra og ef þeir ætluðu að hreyfa vélina, yrði það á þeirra eigin ábyrgð. Vitnið kvaðst síðan hafa haldið á brott.

Vitnið kvaðst hafa hitt báða ákærðu daginn eftir og hafi þeir þá báðir skýrt vitninu frá því, að þeir hefðu þarna báðir verið undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það hefði átt einhver orðaskipti við ákærða Birgi Vilhjálmsson, þegar það ók gröfunni í umrætt sinn.

Vitnið Benedikt Vilhjálmsson radíóvirki, Útgarði 7, Egilsstöðum, kom fyrir dóm 13. júní 1979. Kvaðst vitnið minnast þess, að ákærði Héðinn Kjartansson og einhver annar með honum hefðu komið á verkstæði þess haustið áður með bilaða talstöð. Hafi Héðinn greinilega verið undir áhrifum áfengis, en sá, sem með honum var, hafi ekki komið alveg inn. Kvaðst vitnið þá ekki geta sagt til um, hvort sá hefði verið ölvaður. Vitnið kvaðst ekki hafa séð til ferða þessara manna til og frá verkstæði þess.

Ákærði Birgir Vilhjálmsson kom fyrir dóm 13. júní 1979 og skýrði svo frá þá, að hann hefði greindan dag verið við vinnu á vélaverkstæði Gunnars og Kjartans ásamt meðákærða Héðni Kjartanssyni. Hafi þar einnig verið staddur maður nokkur, sem kallaður er Tóti. Hafi verið ákveðið að fara heim til Jóhanns Guðmundssonar að Reynivöllum 2 og hafi Tóti tekið að sér að aka þeim á skurðgröfu, þar sem Héðinn var ölvaður. Hann kvaðst hafa verið á förum heim til sín og því hafi hann fengið að fljóta með. Er komið var að Reynivöllum 2 hafi Tóti neitað að aka gröfunni lengra.

Hafi Héðinn ætlað að aka gröfunni til baka frá Reynivöllum og hafi hann því orðið að taka ráðin af Héðni og aka gröfunni sjálfur að verkstæðinu aftur með stuttri viðkomu á verkstæði Benedikts Vilhjálmssonar.

Hann kvaðst ekki hafa smakkað neitt áfengi, áður en hann ók gröfunni, og hafi hann því ekki fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Hann hafi átt brennivín á verkstæði Gunnars og Kjartans og hafi hann tekið það með sér heim til foreldra sinna eftir að hafa skilað gröfunni aftur að verkstæðinu. Hann kvaðst hafa byrjað að drekka áfengið þar og hafa drukkið nokkuð stíft, verið búinn að drekka a. m. k. 3—4 glös af brennivíni, er lögreglan hafði afskipti af honum. Hafi foreldrar hans ekki verið heima og hann verið einn við drykkjuna.

Er framburður vitnisins Jóhanns Hrólfs Guðmundssonar varðandi akstur meðákærða Héðins var borinn undir ákærða Birgi, kvað hann þann framburð rangan. Hann kvaðst hafa ekið gröfunni sjálfur alla leiðina.

Verjandi ákærðu hefur krafist þess, að báðir ákærðu verði alfarið sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins og sér tildæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

III.

Alllöng stund virðist hafa liðið, frá því ferð ákærðu á greindri skurðgröfu lauk, uns lögreglan hafði afskipti af þeim, eða að minnsta kosti ein og hálf klukkustund. Ákærði Birgir kvaðst hafa dvalið einn við drykkju á heimili foreldra sinna að Miðgarði 6 á þessu tímabili og hafa drukkið 3—4 glös af brennivíni. Ákærði Héðinn kveðst hafa verið við drykkju á sama tíma með ákærða Birgi. Stangast á framburðir ákærðu, hvað þetta varðar, en telja verður þó, að alkóhólákvörðun á blóðsýnum þeim, sem tekin voru úr ákærðu, verði ekki lögð til grundvallar varðandi ölvun þeirra í greindri ferð.

Fullsannað er með framburði vitna, að ákærði Héðinn Kjartansson hafi verið ölvaður í greindri för ákærðu í gröfunni.

Vitnið Jóhann Hrólfur Guðmundsson hefur borið í dómi, heitfest, að ákærði Héðinn hafi viðurkennt hjá lögreglu að hafa ekið í skurðgröfunni í greint sinn, eins og greinir í varðstjóraskýrslu, sem vitnið Jóhann Hrólfur hefur undirritað sem vottur. Vitni þetta kærði ölvunarakstur til lögreglu og tilgreindi í því sambandi ákærða Héðin. Hefur vitni þetta borið, að það hafi séð ákærða Héðin aka gröfunni heiman frá vitninu og hafi það veitt ákærðu eftirför að raftækjaverkstæði Benedikts Vilhjálmssonar. Báðir ákærðu hafa haldið því fram fyrir dómi, að ákærði Birgir hafi ekið alla leiðina, og mótmælt framburði Jóhanns, hvað þetta varðar. Ákærði Héðinn hefur fyrir dómi kannast við undirritun

sína á varðstjóraskýrslu, en borið, að hann hafi sökum ölvunar ekki gert sér grein fyrir efni skýrslunnar, er hann undirritaði hana.

Eftir gögnum málsins virðist hvorugur hinna ákærðu hafa verið inntur eftir akstri hins við rannsókn málsins hjá lögreglu.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið nægilega sannað gegn framburðum beggja ákærðu fyrir dómi, að ákærði Héðinn Kjartansson hafi gerst sekur um akstur skurðgröfunnar í greint sinn, enda þykir það atriði, að ákærði Héðinn var verulega undir áhrifum áfengis við skýrslugjöf hjá lögreglu, rýra sönnunargildi greindrar lögregluskýrslu. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Telja verður sannað með framburði vitnisins Jóhanns Hrólfs Guðmundssonar, hvað varðar sjáanleg áfengisáhrif á ákærða Birgi, og framburði vitnisins Þórarins Baldurssonar, hvað varðar viðurkenningu ákærðu um ölvun þeirra í greint sinn, að ákærði Birgir Vilhjálmsson hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur skurðgröfunnar 13. október 1978. Þykir það varða hann refsingu samkvæmt 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Í ákæruskjali er ekki krafist refsingar fyrir brot á áfengislögum, og verður ákærða Birgi því ekki dæmd refsing samkvæmt þeim lögum jafnframt.

Ákærði Birgir hefur samkvæmt sakavottorði sínu og öðrum upplýsingum sætt refsingum sem hér segir:

1977 12/6 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga.

1980 10/6 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 28.000 kr. sekt fyrir brot gegn 49. gr. umferðarlaga.

1980 26/9 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Refsing ákærða Birgis Vilhjálmssonar þykir hæfilega ákveðin 1.800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þá er ákærði með vísan til 81. gr. umferðarlaga sviptur ökuréttindum sínum í sex mánuði frá lögbirtingu dómsins.

Þá dæmist ákærði til að greiða helming málskostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Ber að leggja helming sakarkostnaðar málsins að því er þátt ákærða Héðins Kjartanssonar varðar á ríkissjóð, þar með talin

málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Héðinn Kjartansson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Helmingur sakarkostnaðar málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Ákærði, Birgir Vilhjálmsson, greiði 1.800.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti 6 daga varðhaldi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði helming kostnaðar málsins, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 700.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. nóvember 1982.

Nr. 232/1980. **Gylfi Guðmundsson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Farmflutningar. Brunatjón. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m.

Kröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 160.164.56 krónur (nýkr.) með 43.5% ársvöxtum frá 1. mars 1980 til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Varakrafa, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda jafngildi 69.283.78 sænskra króna, eins og það verður á greiðsludegi, með vöxtum, eins og segir í aðalkröfu.

Þrautavarakrafa, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 5.780.00 krónur (nýkr.) með 7% ársvöxtum frá 31. ágúst 1967 til 16. maí 1974, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Í öllum tilfellum er krafist málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur ekki fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti í þessu máli.

Af hálfu stefnda hefur verið lýst yfir því, að hann hafi, eftir að dómur gekk í Hæstarétti um greiðsluskylduna 11. desember 1975, verið reiðubúinn til að greiða áfrýjanda upphaflegu stefnukröfuna auk vaxta. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Samkvæmt þessu þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gylfi Guðmundsson, greiði stefnda, H/f Eimskipafélagi Íslands, 4.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., höfðaði Gylfi Guðmundsson, nú til heimilis að Bárugötu 11 hér í borg, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. júní 1968, á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands í Reykjavík til greiðslu tjónbóta að fjárhæð kr. 578.000 með 8% ársvöxtum frá 31. ágúst 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krafðist sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að stefnandi, sem búið hafði um nokkurt skeið í Svíþjóð og var að flytja aftur hingað til lands, fékk búslóð sína flutta með m/s Dettifossi frá Gautaborg til Reykjavíkur. Fór skipið frá Gautaborg 23. ágúst 1967 og kom til Reykjavíkur um óttuleytið 30. s. m. Var vörunum skipað upp hér í Reykjavík þann sama dag. Þá strax leitaði stefnandi eftir því að fá að taka við vörunum við skipshlið, en var synjað um það af tollyfirvöldum, þar sem tollskoðun þeirra hafði ekki farið fram. Flutti stefndi vörurnar því í vörugeymsluhús sitt Borgarskála, og þar eyðilögðust þær í bruna, sem braust út í vörugeymsluhúsinu þá um kvöldið.

Í upphafi málsins voru aðiljar sammála um það, að málinu yrði skipt, þannig að fyrst yrði dæmt um bótaskylduna sérstaklega, og samþykkti dómurinn þá málsmeðferð. Gekk dómur um það atriði hér fyrir dómi hinn 19. janúar 1973. Stefnandi áfrýjaði þeim dómi til Hæstaréttar, en hann kvað upp dóm hinn 11. desember 1975. Í dómsorði Hæstaréttar segir svo:

„Viðurkenndur er réttur áfrýjanda, Gylfa Guðmundssonar, til bóta úr hendi stefnda, H/f Eimskipafélags Íslands, vegna tjóns, er áfrýjandi varð fyrir í bruna í vörugeymsluhúsi stefnda 30.—31. ágúst 1967."

Hvorugur aðilja málsins óskaði eftir því eftir þessa niðurstöðu Hæstaréttar, að mál þetta yrði þá tekið til áframhaldandi meðferðar um fjárhæð bótanna, enda var við skiptingu málsins ætlun aðilja að leysa það atriði án atbeina dómsins. Hinn 30. janúar 1979 var þingfest hér á bæjarþinginu sérstakt mál milli sömu aðilja, þar sem stefnandi krafðist bótanna úr hendi stefnda með vísan til framangreinds dóms Hæstaréttar. Þegar í ljós kom hér við embætti borgardómara, að hið nýja mál væri sá hluti þessa máls, sem hvílt hafði, meðan dómur gengi um bótaskylduna, ákvað dómurinn með samþykki lögmanna aðilja, að hið nýja mál væri sameinað máli þessu sem framhaldssök í þessu máli. Er sú krafa nú varakrafa stefnanda, sem síðar verður rakin.

Hinn 12. maí 1980 þingfesti stefnandi aðra framhaldssök í málinu sem aðalkröfu. Kröfur stefnanda nú í málinu eru því þessar:

Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 16.016.456, aðallega með 4.5% dráttarvöxtum frá 1. mars 1980 til greiðsludags, en til vara með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda jafngildi sænskra króna 69.283.78, eins og það verður á greiðsludegi, með 7% ársvöxtum frá 31. ágúst 1967 til 16. maí 1974, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1975, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1975, en með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og byrjaðan vanskilamánuð frá 1. janúar 1976 til 20. nóvember 1976, með 2.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, með 3% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Til þrautavara er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 578.000 með vöxtum, svo sem greinir í varakröfu.

Þá er krafist endurgreiðslu á farmgjaldi, sem stefnda var greitt með fyrirvara hinn 31. október 1967, að fjárhæð kr. 17.571 með 7% ársvöxtum frá 31. október 1967 til 16. maí 1974, en með vöxtum að öðru leyti svo sem greinir í varakröfu.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi

dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. nóvember 1972, fékk stefnandi gjafsókn í málinu.

Stefndi hefur krafist sýknu af dómkröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 578.000 með vöxtum frá 31. ágúst 1967 til greiðsludags, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Þá krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Kröfur stefnanda í málinu eru studdar þeim rökum, að samkvæmt fyrrnefndum dómi Hæstaréttar eigi hann rétt á bótum úr hendi stefnda vegna þess tjóns, er hann varð fyrir í bruna í vörugeymsluhúsi stefnda hinn 30.—31. ágúst 1967. Stefnandi hafði um margra ára skeið starfað í Svíþjóð og stofnaði þar til búslóðareignar með fjölskyldu sinni. Þessa eign flutti hann síðan hingað til lands, eins og fyrr er greint. Verðmæti þeirrar eignar var talið 60.000.00 sænskra króna virði á þeim tíma. Við þá fjárhæð var miðað í íslenskum krónum, þá er hann setti fram stefnukröfur sínar fyrir dómi í upphafi. Dráttur varð á lokaniðurstöðu dóms um bótaskyldu stefnda, sem leiddi til þess, að hann hefur ekki enn fengið tjón sitt bætt. Á sama tíma hefur stefndi nýtt tjónbæturnar sér í hag. Verðbólga hér á landi hefur breytt öllum hlutföllum um verðgildi þess, er stefnandi glataði árið 1967 og stefnda bar að bæta honum. Af þeim sökum beri að miða við raungildi tjónsins nú, sem með engu móti verður annað fundið nema við viðmiðun við launataxta verkamanna innan Dagsbrúnar á tímabilinu. Hinn 1. ágúst 1967 var mánaðarkaup samkvæmt lægsta taxta þess félags kr. 9.367.45, en hinn 1. mars 1980 voru mánaðarlaunin samkvæmt sama taxta kr. 259.586. Sé mánaðarlaunum hinn 1. ágúst 1967 deilt í kr. 578.000 og sú tala síðan margfölduð með samsvarandi mánaðarlaunum hinn 1. mars 1980, þá kemur út aðalkrafan í síðustu framhaldssök.

Varakröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að í stefnukröfu málsins hafi verið miðað við verðmæti búslóðarinnar í sænskum krónum, en breytt í íslenskar krónur, eins og gengi þá var milli gjaldmiðlanna. Sænskar krónur hafa aukið verðgildi gagnvart íslenskri krónu og því sé eðlilegt að miða enn við þann gjaldmiðil, eins og hann er nú, þar sem öll búslóðin var keypt fyrir sænskar krónur.

Þrautavarakrafa stefnanda er byggð á hinni upphaflegu kröfu í málinu og þarfnast ekki frekari skýringa.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að í upphafi máls þessa hafi deilan verið um bótaskyldu stefnda, en ekki fjárhæð. Því hafi dómurinn samþykkt óskir aðilja um þá málsmeðferð að

dæma fyrst um skaðabótaskylduna, en láta fjárhæðarhlið bíða, þar til endanleg úrslit lægju fyrir um bótaskylduna. Þau úrslit fengust með dómi Hæstaréttar. Að þeim úrslitum fengnum var stefndi reiðubúinn til að greiða hinar umstefndu kröfur málsins, en stefnandi hafnaði því boði, þar eð hann vildi fá hærri fjárhæð en stefnt var til greiðslu á. Stefnandi tók því þann kost að höfða nýtt mál, sem að vísu síðar var sameinað þessu máli. Mótmælir stefndi því alfarið, að stefnandi eigi aðra eða meiri kröfu en hann krafði í upphafi máls þessa. Breytt verðlag eða gengi íslenskrar krónu frá þingfestingu máls þessa skipti engu máli, enda engin lagaheimild til til hækkunar kröfunnar af þeim sökum. Þá telur stefndi engan grundvöll til endurgreiðslu farmgjaldsins. Stefnanda bar að greiða farmgjaldið fyrir flutning varanna. Þótt svo slysalega hafi orðið, að stefndi gat ekki afhent stefnanda vörurnar, þá fær stefnandi jafnvirði þeirra með tjónbótunum, en það verður að leggja til jafns við afhendingu. Málskostnaðarkröfu stefnanda mótmælir stefndi með þeim rökum, að það sé eingöngu stefnanda sjálfum að kenna, að til frekari málsmeðferðar hefur komið. Honum hafi staðið hinar upphaflegu tjónbætur til boða, svo sem áður greinir.

Því hefur verið lýst hér að framan, hvernig meðferð máls þessa hefur farið fram. Þá er ákveðin var ósk aðilja, að í fyrstu skyldi dæma um skaðabótaskyldu, svo sem gert var, þá fólst í því réttur þeirra til þess síðar að ræða kröfufjárhæð og annað, er hana varðar. Er það því úrlausnarefni dómsins nú. Stefnandi hefur með tveim framhaldssökum hækkað fjárhæð kröfu sinnar, svo sem fyrr greinir.

Það er álit dómsins, að hvorki lög né aðrar réttarreglur skapi stefnanda rétt til verðtryggingar eða gengismunar íslenskrar krónu gagnvart erlendri mynt á fjárhæð þeirra tjónbóta, er hann setti fram í stefnukröfu. Verða tjónbætur stefnanda því ákveðnar kr. 578.000 úr hendi stefnda vegna tjóns hans, er hann varð fyrir í framangreindum bruna.

Vextir af tjónbótum þessum eru ákveðnir í samræmi við innlánsvexti, eins og þeir hafa verið ákveðnir af Seðlabanka Íslands, frá 31. ágúst 1967 til greiðsludags.

Með því að stefnandi fær með dómi þessum verðmæti þeirra vara, er stefndi flutti fyrir hann, þá ber honum að greiða stefnda flutning þeirra. Á stefnandi því ekki rétt til endurgreiðslu þess kostnaðar stefnda.

Stefndi hefur ekki lagt hina framboðnu fjárhæð bótanna til

ráðstöfunar stefnanda, og ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 210.000 og renni í ríkissjóð. Þá sömu fjárhæð hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Vilhjálmi Jónssyni forstjóra og Kristjáni Flygenring verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Gylfa Guðmundssyni, kr. 578.000 með 7% ársvöxtum frá 31. ágúst 1967 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 210.000 í málskostnað, og hljóti þá fjárhæð skipaður talsmaður hans, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. nóvember 1982.

Nr. 255/1981. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Eyvindssyni Bergmann
(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða, en einnig til þyngingar refsingu af hálfu ákæruvalds.

Ágrip málsskjala barst Hæstarétti 25. mars 1982.

Af hendi ákæruvalds var lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæru tilvitnun í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Fallast ber á úrlausn héraðsdómara um sakfellingu ákærða, og er brot hans í ákæru heimfært til réttra ákvæða umferðarlaga. Brot hans er ítrekað, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Eyvindsson Bergmann, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krón-

ur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. júní 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 18. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu númer 500/1981: Ákæruvaldið gegn Jóni Eyvindssyni Bergmann, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. október 1980, gegn ákærða, „Jóni Eyvindssyni Bergmann símaverkstjóra, Baldursgötu 20, Reykjavík, fæddum 28. apríl 1922 í Keflavík, fyrir að aka fimmtudaginn 2. ágúst 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 3109 um götur í grennd við Kirkjubæjarklaustur í Vestur-Skaftafellssýslu, þar sem lögreglumaður hafði afskipti af ákærða, er hann ók að Hótel Bæ þar á staðnum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

„1966 29/11 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 29/11 1966.

1970 4/2 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökuleyfi ævilangt frá 4. febrúar 1970, fyrir brot gegn 25., 26., 37. gr. umferðarlaga.

1975 20/2 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

1976 6/7 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1977 19/9 í Reykjavík: Sátt, 90.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 31/8 1977".

Í skýrslu Harðar Davíðssonar, lögreglumanns í Vestur-Skaftafellssýslu, er atvikum máls þessa meðal annars lýst á þessa leið: „Fimmtudaginn 2. ágúst 1979, klukkan 13:45, var undirritaður staddur við Hótel Bæ á Kirkjubæjarklaustri, óeinkennisklæddur. Kom þá græn Volkswagen bifreið, R-3109, akandi að austan og stöðvaðist skammt frá mér. Út úr bifreiðinni kom maður mjög valtur á fótum og skjögraði inn á símstöð, sem er gegnt hótelinu. Virtist mér maður þessi vera mjög drukkinn, og fór ég á eftir honum með þann ásetning í huga að hindra frekari akstur bifreiðarinnar. Bað ég manninn að koma og tala við mig, en sá neitaði því eindregið. Fór undirritaður því næst heim að Efri-Vík, klæddist lögreglubúningi, og kom aftur á staðinn um 15 mín. seinna ásamt lögreglumanni númer 4, sem var óeinkennisklæddur. Þá hafði símstöðvarstjórinn hjálpað umræddum manni inn á hótelherbergi á Hótel Bæ, þar sem hann hafði aðsetur um tíma ásamt konu sinni. Undirritaður hafði tal af manni þessum, sem samkvæmt ökuskírteini heitir Jón Eyvindsson Bergmann. Öndunarpróf var tekið af Jóni, sem mældist 3 stig. Jón var mjög óstyrkur á fótum sem fyrr, en neitaði því alfarið að hafa neytt áfengis þá um daginn. Föstudaginn 3. ágúst hafði ég tal af Jóni og innti hann eftir áfengisneyslu daginn áður. Segir hann svo frá, að þann dag eftir hádegið hafi hann ekið austur að Skaftárskála í þeim tilgangi að leita að seðlaveski, sem hann hafi týnt þá um morguninn. Við Skaftárskála kvað hann mann nokkurn, sem hann ekki bar kennsl á, hafa veitt sér vín."

Samkvæmt varðstjóraskýrslu sama lögreglumanns neitaði ákærði að hafa neytt áfengis, eftir að akstri hans lauk.

Lögreglan í Reykjavík tók skýrslu af ákærða hinn 18. september 1979. Neitaði ákærði þá, að hann hefði fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, en kvaðst hafa neytt áfengis, eftir að honum lauk.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði greindan dag ekið bifreiðinni R 3109 frá gistiheimilinu á Kirkjubæjarklaustri að söluskála í nokkur hundruð metra fjarlægð og keypt þar smávarning, sem hann fór með á gistiheimilið til sambýliskonu sinnar. Varð hann þá var við, að seðlaveski hans var glatað, og ók því aftur að söluskálanum. Ekki reyndist veskið vera þar. Hann ók til baka að gistiheimilinu og hóf að leita að því í og við bifreiðina. Við þá leit fann hann í bílnum hálfflösku af líkjör, sem hann fór með inn á salerni gistiheimilisins. Drakk hann þar allt innihald hennar. Að því loknu fór hann aftur út í bifreiðina og

leitaði betur að veskinu, en gekk síðan inn á símstöðina, sem var örskammt þar frá, en eftir það kvaðst hann lítið muna til atvika.

Ákærði taldi, að um 15 mínútur hefðu liðið, frá því að hann kom á bílnum og þar til hann fór inn á símstöðina.

Ákærði staðfesti, að daginn eftir fyrrnefndan atburð hefði hann játað fyrir lögreglunni á Kirkjubæjarklaustri akstur bifreiðarinnar R 3109 eftir áfengisneyslu í söluskálanum sem og að hafa þá fundið til áhrifa áfengis.

Ákærði gaf þá skýringu á þessari játningu sinni, að sambýliskona hans væri andvíg því, að hann neytti áfengis, hún verið sjúk um þetta leyti og hann því ekki viljað láta hana komast að því, að hann hefði sjálfur verið með áfengi í fórum sínum.

Vitnið Níelsína Ósk Wiium, unnusta og sambýliskona ákærða, til heimilis að Baldursgötu 20 hér í borg, kvað ákærða hafa ekið bifreiðinni frá hótelinu að söluskála þar skammt frá. Litlu síðar kom hann aftur inn á herbergi þeirra í hótelinu og tók þá eftir því, að peningaveski hans var horfið. Hann hefði þegar í stað ekið að nýju að söluskálanum í leit að veskinu og þá ekki verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið staðhæfði, að skömmu síðar hefði það séð ákærða koma aftur á bifreiðinni og leggja henni fyrir framan dyr hótelsins. Kvaðst vitnið þá hafa verið inni á herbergi þeirra. Ákærði fór inn á símstöðina, og einnig sá vitnið hann vera að leita í bifreiðinni, en ekki greindi það áfengi í fórum hans.

Örskömmu síðar kvað vitnið einhverja konu hafa komið með ákærða inn á hótelherbergi þeirra, og var hann þá sýnilega undir áhrifum áfengis.

Eftir að vitninu voru kynntir framburðir vitnanna Harðar Davíðssonar og Elínar Önnu Valdemarsdóttur þess efnis, að herbergi þeirra ákærða hefði snúið þannig, að vitnið hefði ekki getað séð til bifreiðar ákærða, breytti vitnið Níelsína Ósk framburði sínum í þá veru, að það hefði ekki beinlínis séð bifreið ákærða frá hótelherberginu, en hins vegar heyrt „drunurnar" í henni þangað inn.

Vitnið Hörður Davíðsson lögregluþjónn, Efri-Vík, Landbroti, kvað ákærða hafa komið mjög „reikulan" út úr bifreiðinni R 3109 fyrir vestan Hótel Bæ á Kirkjubæjarklaustri og farið rakleiðis inn á símstöð. Vitnið staðhæfði, að það hefði séð ákærða aka bifreiðinni í þessu ástandi. Vitnið fullyrti einnig, að Níelsína Ósk hefði ekki getað séð bfreiðina R 3109 umrætt sinn, þar sem

glugginn á herbergi hennar hefði vísað frá bifreiðinni. Vitnið staðfesti framburð sinn með eiði.

Vitninu Elínu Önnu Valdemarsdóttur símstöðvarstjóra, Kirkjubæjarklaustri, virtist ákærði vera undir áhrifum áfengis, þegar hann kom inn á símstöðina. Hann var óstyrkur á fótum og átti erfitt með að ganga beint, en var mjög rólegur og kurteis. Hörður Davíðsson lögregluþjónn kom inn og bað ákærða að tala við sig. Virtist vitninu hann æsast við það. Vitnið fylgdi ákærða til herbergis hans í gamla gistihúsinu, þar sem kona hans tók á móti honum. Herbergið var norðan megin í húsinu, og sneri glugginn í þá átt. Bifreið ákærða hefði hins vegar staðið sunnan við skúr, sem áfastur var gamla gistihúsinu. Taldi vitnið því, að ekki hefði verið unnt að sjá bifreiðina út um herbergisgluggann.

Í blóðsýni, sem ákærða var tekið, reyndist alkóhólmagnið vera 2.55‰.

Með hliðsjón af reikulum framburðum ákærða og vitnisins Níelsínu Óskar annars vegar og hins vegar framburðum vitnanna Harðar Davíðssonar og Elínar Önnu Valdemarsdóttur, mikils alkóhólmagns í blóði ákærða, tímamarka og annarra atriða, sem rakin hafa verið hér að framan, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er sakaður um í ákæru og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 4.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 15 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja, og frestar áfrýjun ekki virkni dóms að þessu leyti.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Eyvindsson Bergmann, greiði 4.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 15 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja, og frestar áfrýjun ekki virkni dómsákvæðis þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 26. nóvember 1982.

Nr. 31/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Braga Sigurði Guðmundssyni
(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Ágrip málsskjala barst Hæstarétti 26. apríl 1982.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, er fullt nafn hans Bragi Sigurður Guðmundsson.

Af hálfu ákæruvalds var lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvitnun í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Með því að aka bifreið undir áhrifum áfengis frá Atlavík til Egilsstaða, eins og lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði gerst brotlegur við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Ekki þykir í ljós leitt, að þessi akstur ákærða geti talist refsilaus samkvæmt 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Bragi Sigurður Guðmundsson, greiði allan

kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 2. desember 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 2. desember, er í sakadómi Neskaupstaðar, sem háður er í skrifstofu embættisins af Þorsteini Skúlasyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 6/1981: Ákæruvaldið gegn Sigurði Braga Guðmundssyni, sem tekið var til dóms mánudaginn 30. nóvember sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. júní 1979, á hendur ákærða, „Sigurði Braga Guðmundssyni verkstjóra, Melagötu 2 i Neskaupstað, fæddum 3. febrúar 1958, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 5. ágúst 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni N 87 frá Atlavík í Hallormsstaðaskógi til Egilsstaða, þar sem ákærði staðnæmdist við lögreglustöðina.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu Einars Rafns, lögregluvarðstjóra á Egilsstöðum, kom ákærði, Sigurður Bragi Guðmundsson, á lögregluvarðstofuna á Egilsstöðum um kl. 0400 aðfaranótt laugardagsins 5. ágúst 1978 þeirra erinda að kæra líkamsárás. Hafði ákærði komið akandi á bifreiðinni N 87 frá Atlavík. Hafi ákærði verið greinilega undir áhrifum áfengis og hafi hann verið færður á heilsugæslustöðina á Egilsstöðum til töku blóðsýnis.

Ákærði hefur fyrir rétti viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni N 87 frá Atlavík til Egilsstaða aðfaranótt laugardagsins 5. ágúst 1978 eftir að hafa neytt áfengis ca þrem tímum fyrir aksturinn, en kveðst eigi hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Ákærði kveðst eigi hafa neytt áfengis, frá því að akstri lauk og þar til honum var tekið blóðsýni.

Í blóðsýni því, er tekið var úr ákærða í umrætt sinn, mældist áfengismagn í blóði 1.44‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, eigin framburði ákærða og skýrslu lögreglu, sem allt er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði ók umrædda leið með það miklu vínandamagni í blóði, að hann telst hafa verið óhæfur til þess að stjórna vélknúnu ökutæki, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Er því aðeins eftir að huga að þeirri varnarástæðu ákærða, að árás sú, er hann kveðst hafa orðið fyrir í Atlavík fyrir aksturinn, geri honum ölvunarakstur þennan refsilausan eða horfi honum til refsilækkunar.

Skipaður verjandi ákærða, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, hefur gert þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og að honum verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins, hver svo sem úrslit málsins verði.

Sýknukröfuna byggir hann fyrst og fremst á ákvæðum í 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og telur verjandinn, að lagagreinin eigi beint við um tilvik þetta.

Ákærði hefur skýrt svo frá varðandi líkamsárás þá, sem hann kveðst hafa orðið fyrir og hann ber fyrir sig til sýknu af refsingu fyrir ölvunaraksturinn, að umrædda nótt, um kl. 0215, hafi hann verið á gangi í Atlavík með Sigríði Friðriksdóttur frá Seyðisfirði. Hafi þá Emil Tómasson frá Seyðisfirði veist að sér að óvörum og slegið sig. Hafi tekist nokkrar stimpingar með þeim og hafi Emil rifið báðar ermar af jakka ákærða. Þegar þeir Emil hafi stimpast í ca stundarfjórðung, hafi Stefán Scheving Árnason frá Seyðisfirði einnig veist að sér og hafi hann haldið sér, meðan Emil hafi barið sig. Hafi hann reynt að verja sig og komið að minnsta kosti einu höggi á Emil. Í þessum svifum hafi Emil bitið í þumalfingur vinstri handar sinnar og hafi hlotist af talsverður áverki. Skömmu síðar hafi Emil slegið sig niður einu sinni eða tvisvar í augsýn tjaldstæðisvarðar, er þarna var og hann hafi beðið um að kalla til lögreglu. Hafi hann síðan komist til bifreiðar sinnar og hugðist loka sig þar inni ásamt félaga sínum, Sigurði Steingrímssyni, en þegar hann hafi séð árásarmennina sækja að bifreiðinni, hafi hann ekki þorað annað en aka á brott og hafi hann ekið mjög rólega til lögreglu á Egilsstöðum. Þar sem hann hafi verið orðinn verulega vankaður af átökunum, hafi hann ekki séð annan kost en að forða sér á bifreiðinni og í þessu ástandi hafi hann ekki hugsað um það, hvort hann væri

með of mikið áfengismagn í blóði, til þess að hann mætti aka bifreið. Hafi hann ekið beint til lögreglu og engu leynt í sambandi við þennan akstur, sem hafi verið bein afleiðing af árásinni.

Ákærði hefur lagt fram áverkavottorð frá Jóni Karlssyni lækni, er tók úr honum blóðsýni í umrætt sinn. Vottorðið, sem er ódagsett, hljóðar svo: „Kveðst hafa verið bitinn á fingri. 3 sár á þumalfingri vinstri handar, öll fremur grunn en tætt, það lengsta um 2ja cm langt yfir fremsta lið, en hin ca. 1 cm löng. Auk þessa smá hrufl um fingurinn. Kveðst hafa verið barinn á kjaftinn og kvartar um eymsli við dir. palp. vinstra megin á neðri kjálka, og hreyfingar eru aumar. Tennur eru óbrotnar og bit rétt, og kliniskt virðast kjálkar óbrotnir. Finnur fyrir verk í baki neðarlega í mjóhrygg, einkum við hreyfingu."

Emil Tómasson hefur skýrt svo frá, að hann hafi hitt ákærða í Atlavík aðfaranótt laugardagsins 5. ágúst 1978 og hafi þeir þá farið að rífast um bróður sinn, sem ákærði hafi rekið úr frystihúsinu á Seyðisfirði, þegar hann var verkstjóri þar. Hafi þá Sigurður allt í einu slegið sig hnefahögg í andlitið. Hann hafi ekki slegið ákærða að óvörum og ekki bitið hann eða slegið hann niður. Hins vegar kunni að vera, að þeir hafi fallið niður, en ekki eftir högg. Verið geti, að jakki ákærða hafi rifnað í átökunum. Stefán Scheving Árnason hafi einnig tekist á við ákærða þarna, eftir að átökum vitnisins við ákærða lauk. Hann hafi ekki ásamt Stefáni Scheving Árnasyni og fleirum ráðist að bifreið ákærða þarna.

Samkvæmt skýrslu Róberts Róbertssonar lögregluvarðstjóra var Emil Tómasson með sprungna vör, þegar hann gaf skýrslu sína fyrir lögreglu á Egilsstöðum þann 5. ágúst 1978.

Stefán Scheving Árnason hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi lent í slagsmálum við Emil Tómasson, en kveðst ekki hafa séð upphaf átakanna. Hann kveðst ekki hafa veist að ákærða, eftir að slagsmálum hans við Emil lauk. Hann minnir, að eftir að ákærði og Emil hafi verið skildir sundur, hafi ákærði verið áfram á staðnum, en ekki flúið. Hann man ekki, hvernig eða hvenær ákærði fór í burtu af staðnum.

Vitnið Sigurður Steingrímsson kveður ákærða hafa verið sleginn niður oftar en einu sinni af manni, sem það þekkti ekki, og kveður mann þennan hafa bitið ákærða og rifið jakka hans. Vitnið kveður mann þennan ásamt fleirum hafa sótt að bifreið ákærða, eftir að vitnið og ákærði voru sestir inn í hana. Hafi

maður þessi sparkað í bifreiðina, og kveðst vitnið „vera næstum því pottþéttur á því".

Vitnið Sigríður Friðriksdóttir kveðst líklega hafa verið ölvuð þarna, en man eftir því, að ákærði lenti í átökum við Emil Tómasson, en þorir ekki að fullyrða um það, hvort Emil hafi stofnað til slagsmálanna. Vitnið sá ekki, þegar ákærði ók á brott.

Vitnið Jóhanna Gísladóttir kveðst hafa komið að, þar sem ákærði var að slást við Emil Tómasson, en sá ekki upphaf átakanna. Hún treystir sér ekki til þess að segja, hver sló hvern eða hvernig átökin gengu fyrir sig í einstökum atriðum. Hún kveður ákærða hafa misst bíllykla sína í átökunum, og einhver bað hana að geyma þá. Fór hún síðan í burtu, en nokkru síðar kom ákærði til hennar og virtist vera æstur og bað um að fá lyklana. Var átökunum þá lokið. Hún vildi ekki afhenda lyklana, en lét undan, þegar ákærði sagðist ætla að tilkynna lögreglu um árásina.

Hún kveður, að sér hafi fundist slagsmálin harkaleg og fleiri hafi verið með Emil, en ákærði hafi verið heldur í vörn. Hafi Emil haft sig meira í frammi, en ákærði hafi þó ekki fengist til að hætta að slást, en vitnið kveðst ásamt öðrum hafa reynt að koma í veg fyrir frekari slagsmál, en gefist upp á því. Vitnið kveður ákærða hafa verið meiddan á hendi eftir átökin. Vitni þetta kveðst sjálft hafa verið ölvað og ekki hafa gert sér fulla grein fyrir atvikum.

Vitnið Zophanías Einarsson, sem kveðst hafa unnið við eftirlit með tjaldstæðum þarna, kveðst hafa komið að tveim mönnum, sem það þekkti ekki, í átökum, en nokkrir menn hafi staðið álengdar og beðið mennina um að hætta, enn fremur hafi tvær konur verið að biðja mennina um að hætta, en hvorugur mannanna hafi viljað hætta þrátt fyrir bænastað karla og kvenna.

Vitnið segir, að þarna hafi ekki verið um nein meiri háttar átök að ræða, en átökin hafi lýst sér í því, að mennirnir þrifu hvor í annan og hrintu hvor öðrum. Báðir hafi mennirnir verið drukknir, og annar þeirra dauðadrukkinn, en hann hafi í átökunum rifið jakka andstæðings síns á vinstri öxl, og virtist vitninu, að átökin snerust mest um það, að sá í rifna jakkanum vildi fá hann bættan og að tjónvaldur bæði sig afsökunar. Vitninu virtist maðurinn í rifna jakkanum öllu æstari en mótaðili hans. Ekki kveðst vitnið hafa séð, að annar deiluaðilja hafi verið sleginn niður né að þriðji aðili hafi blandað sér í þessi átök.

Vitnið telur, að þegar átökin höfðu staðið í ca 20 mínútur, hafi

maðurinn í rifna jakkanum beðið sig um að kalla í lögreglu um talstöð, sem það hafði aðgang að í bifreið skammt frá átakastaðnum, og kveðst vitnið hafa orðið við þeirri beiðni, eftir að hún hafi ef til vill verið ítrekuð nokkrum sinnum. Þegar vitnið kom aftur á átakastaðinn, var sá í rifna jakkanum farinn, og getur vitnið ekkert sagt um aðdraganda ölvunaraksturs ákærða.

Með vísan til vitnisburða þeirra, sem raktir hafa verið, verður að telja sannað, að ákærði hafi lent í átökum við Emil Tómasson, skömmu áður en hann ók ölvaður frá Atlavík til Egilsstaða, en ekki er ljóst, hvernig átökin hófust. Samkvæmt læknisvottorði og öðru, sem fram hefur komið í málinu, virðast meiðsli ákærða ekki hafa verið mikil.

Ekkert hefur komið fram um, að sótt hafi verið svo að bifreið ákærða, þegar hann sat í henni fyrir aksturinn ásamt Sigurði Steingrímssyni, að honum hafi verið nauðugur einn sá kostur að aka bifreiðinni alla leið í Egilsstaði. Einungis ákærði og félagi hans, Sigurður Steingrímsson, hafa borið, að sótt hafi verið að bifreiðinni, og ekki hefur komið fram hjá ákærða, hvorki fyrir lögreglu né dómi, að sparkað hafi verið í bifreiðina. Eini vitnisburðurinn um það er frá félaga ákærða, Sigurði Steingrímssyni, og er með fyrirvara.

Það er og álit dómarans, að þótt sannað væri, að atvik lægju svo fyrir sem ákærði ber, þá nægði það ekki til þess að sýkna af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt þessu þykir eigi sannað, að ákærði hafi orðið fyrir þannig árás eða að sótt hafi verið þannig að bifreið hans í umrætt sinn, að ákvæði 13. gr. almennra hegningarlaga eigi þar við, né að sýkna beri af öðrum ástæðum af ákæru um ölvunarakstur alla leið frá Atlavík til Egilsstaða, um 30 km leið fram hjá Hallormsstað, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, að ákærða hafi verið veitt eftirför, eftir að hann hóf aksturinn.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann eigi áður sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar skv. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Svipta ber ákærða ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæruskjali

og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á máli þessu meðal annars vegna þess, að þurft hefur að rannsaka það í öðrum lögsagnarumdæmum.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Bragi Guðmundsson, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Mánudaginn 29. nóvember 1982.

Nr. 21/1980. **Jósafat Arngrímsson**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Vilmundi Gylfasyni
(Benedikt Blöndal hrl.)
Ríkisútvarpinu og
menntamálaráðherra og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af refsikröfu og kröfu um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 12. febrúar 1980.

Dómkröfur áfrýjanda eru þessar:

„1) Á hendur stefnda Vilmundi:

Aðallega, að stefndi Vilmundur verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir að hafa haft um hönd ummæli þau, sem í málinu greinir, **að** hin ærumeiðandi töluðu orð, sem í málinu greinir, verði dæmd dauð og ómerk **og** loks verði áfrýjanda dæmd tilhlýðileg fjárhæð til að standast kostnað af birtingu málsloka í sjónvarpinu eða öðrum fjölmiðli.

Til vara, að stefndi Vilmundur verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir að raska opinberlega friði einkalífs áfrýjanda.

2) Á hendur stefnda Vilmundi, Ríkisútvarpinu og fjármála- og menntamálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs:

Að stefndu verði dæmt óskipt að greiða áfrýjanda fégjald fyrir ófjárhagslegt tjón eða miska að fjárhæð kr. 10.000.00

með 9% ársvöxtum frá stefnudegi í héraði til greiðsludags. Að öllum stefndu verði dæmt óskipt að greiða áfrýjanda kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti hvoru tveggja að mati Hæstaréttar."

Dómkröfur stefnda Vilmundar Gylfasonar eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Ríkisútvarpið, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal staðfest endurrit af dómi sakadóms Gullbringusýslu, uppkveðnum 5. maí 1982, í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Jósafat Arngrímssyni. Með dómi þessum er áfrýjandi sakfelldur fyrir að hafa gefið út 21 tékka, samtals að fjárhæð 21.463.375.60 gamlar krónur, án þess að næg innstæða væri fyrir hendi, svo sem honum var gefið að sök í ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 13. janúar 1977, og vikið er að í hinum áfrýjaða dómi. Með nefndum dómi sakadóms var áfrýjandi dæmdur í fangelsi í sex mánuði, en fresta skyldi fullnustu þeirrar refsingar og hún falla niður að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, ef áfrýjandi héldi almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Við ákvörðun refsingar hefur sakadómarinn tekið tillit til þess, að ákærði játaði brot sitt greiðlega, langt var um liðið frá því að hann framdi það og enn fremur, að hann hafði fljótlega gert upp alla hina innstæðulausu tékka að fullu ásamt kostnaði.

Nokkurrar misritunar gætti í endurritum þeim, er lögð voru fram í héraði, af ummælum stefnda Vilmundar Gylfasonar, sem stefnt er út af í máli þessu.

Af þeirri ástæðu hafa lögmenn málsaðilja sameiginlega lagt fram í Hæstarétti nýtt endurrit af ummælum, svohljóðandi:

„1. Í mars síðastliðinn var sami maður enn á ferð í vafasömum viðskiptum. Alls reyndist vera um að ræða innistæðulausar ávísanir upp á tuttugu og eina milljón króna.

2. Maðurinn er sem sagt kærður fyrir tékkamisferli upp á rúmar tuttugu milljónir króna en reyndist fljótlega borgunarmaður fyrir nær helmingi upphæðarinnar.

3. Í skýrslunni kemur meðal annars fram, að helsti samstarfsmaður verslunarmannsins, sem lögin í landinu virðast alls ekki ná yfir, er maður sem nýlega hefur enn verið í fréttum vegna meintrar aðildar að miklu tollsvikamáli. Í fyrirtæki þess síðartalda voru engar bókhaldsbækur til, ekkert skattaframtal síðastliðin fjögur ár og ekki leyfi til smásölu eða heildsölu á sama tíma, svo nokkuð sé nefnt.

4. . . . en engu að síður, að er það ekki nokkuð skrítinn læknir, sem að dæmir menn frá því að mega alls ekki vera í tugthúsi, þrátt fyrir það að hann hafi margsinnis, eða að minnsta kosti í eingang alvarlega unnið til þess. . .

5. Þetta var sami maðurinn sem á í þessu trekk í trekk.

6. Og maðurinn segir við vini sína: Hafið engar áhyggjur, ég er dæmdur, ég er dæmdur trekk í trekk, ég fer aldrei í tugthús.

7. Sko, þarna er ákveðinn maður, búið er að dæma, það verður, það skilar sér eflaust einhvern tíma á næsta ári eða þar næsta dómur frá saksóknara um tollsvikamál. . .

8. Nú Jón, nú þekkir þú þetta mál út og inn. Heldur þú í hjarta þínu að þessi maður komi nokkurn tíma til með að taka út refsingu fyrir fjársvikamál upp á tuttugu og eina milljón króna?“

Samkvæmt 22. gr., 2. mgr., útvarpslaga nr. 19/1971 ber sá, sem flytur efni í eigin nafni, ábyrgð á því. Sama regla gildir einnig um samtal í útvarpi. Stefndi Vilmundur viðhafði hin umstefndu ummæli í sjónvarpsþættinum Kast-

ljósi, sem sjónvarpað var 20. desember 1974. Ber hann því ábyrgð á ummælunum.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, verða hvorki talin refsiverðar móðganir né aðdróttanir. Ekki verða þau heldur talin brjóta í bága við friðhelgi einkalífs í skilningi 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða óskráðar grundvallarreglur um persónuvernd.

Eigi þykja ummæli þau, sem greinir í 1. til 5. tl. og 7. og 8. tl. eiga að varða ómerkingu.

Í 6. tölulið er krafist ómerkingar á eftirfarandi ummælum: „Og maðurinn segir við vini sína: Hafið engar áhyggjur, ég er dæmdur, ég er dæmdur trekk í trekk, ég fer aldrei í tugthús."

Ummæli þessi eru óviðurkvæmileg. Ber með vísan til 241. gr. almennra hegningarlaga að ómerkja þau.

Þar sem ummæli stefnda Vilmundar hafa samkvæmt því, sem að framan er rakið, ekki verið talin refsiverð, ber samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að synja kröfu áfrýjanda um fégjald fyrir ófjárhagslegt tjón eða miska. Af sömu ástæðu ber að hafna kröfu um fjárgreiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Fébótakröfur áfrýjanda á hendur stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru engum haldbærum rökum studdar. Þá ber Ríkisútvarpið ekki heldur fébótaábyrgð á því útvarpsefni, sem um er að tefla í máli þessu, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 23. gr., sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 19/1971.

Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða þessum aðiljum málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 5.000.00 krónur.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður milli áfrýjanda og stefnda Vilmundar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að framangreind ummæli eru dæmd dauð og ómerk.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði stefndu Ríkisútvarpinu og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður fyrir Hæstarétti milli áfrýjanda og stefnda Vilmundar Gylfasonar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jósafat Arngrímsson framkvæmdastjóri, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík í Gullbringusýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu samkvæmt heimild í 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 með stefnu, útgefinni 17. febrúar 1975, á hendur Vilmundi Gylfasyni menntaskólakennara, Safamýri 56, Reykjavík, Ríkisútvarpinu og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Ríkisútvarpsins.

Tilefni málshöfðunarinnar er það, að að kvöldi 20. desember 1974 var sendur út í íslenska sjónvarpinu viðræðu- og umræðuþátturinn „Kastljós", en þáttur þessi er eins konar frétta- og skýringaþáttur. Stjórnandi þáttarins var stefndi Vilmundur, en aðrir þátttakendur voru Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, og Jón Thors, deildarstjóri í sama ráðuneyti. Stefnandi segir stefnda Vilmund í þættinum hafa viðhaft um sig ýmis ummæli, sem hann telur úr hófi fram meiðandi og móðgandi fyrir sig. Þau ummæli, sem stefnt er út af, eru þessi:

1. „Í mars s.l. var sami maður enn á ferð í vafasömum viðskiptum, alls reyndist um að vera innstæðulausar ávísanir upp á tuttugu og eina milljón króna."
2. „Maðurinn er sem sagt kærður fyrir tékkamisferli upp á rúmar tuttugu milljónir króna, en reynist fljótlega borgunarmaður fyrir helming upphæðarinnar."
3. „Í skýrslunni kemur m. a. fram, að helsti samstarfsmaður verslunarmannsins, sem lögin í landinu virðast alls ekki ná yfir, er maður, sem nýlega hefur enn verið á ferðinni í fréttum vegna meintrar aðildar að miklu tollsvikamáli. Í fyrirtæki þess síðartalda, voru engar bókhaldsbækur til, ekkert

skattaframtal s.l. fjögur ár og ekki leyfi til smásölu eða heildsölu á sama tíma, svo að nokkuð sé nefnt."

4. „. . . en engu að síður, að er það ekki nokkuð skrítinn læknir, sem að dæmir menn frá því, að hann megi alls ekki vera í tukthúsi, þrátt fyrir það, að hann hafi marg sinnis eða a. m. k. í eingang alvarlega unnið til þess. . ."
5. „Þetta er sami maðurinn, sem á í hlut trekk í trekk."
6. „Og að maðurinn segir við vini sína, hafið engar áhyggjur, ég er dæmdur trekk í trekk, og fer aldrei í tukthús."
7. „Sko þarna er ákveðinn maður, sem búið er að dæma, það skilar sér eflaust á næsta ári eða þar næsta, dómur frá saksóknara (sakadómara) um tollsvikamál."
8. „Nú Jón, nú þekkir þú þetta mál út og inn. Heldur þú í hjarta þínu, að þessi maður komi nokkurn tíma til með að taka út refsingu fyrir fjársvikamál upp á tuttugu og eina milljón króna."

Hefur stefnandi gert þessar dómkröfur:

1) Á hendur stefnda Vilmundi *aðallega, að* hann verði dæmdur til þyngstu refsingar, sem lög leyfa, fyrir tilgreind ummæli, *að* hin ærumeiðandi töluðu orð verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndi Vilmundur verði dæmdur til þess að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í íslenska sjónvarpinu eða öðrum opinberum fjölmiðlum, þ. e. atriðisorða dómsins eða forsendna hans, en *til vara, að* stefndi Vilmundur verði dæmdur í þyngstu refsingu, er lög leyfa, fyrir háttsemi, sem fór í umrætt sinn í bága við anda og efni 229. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 (brot gegn friðhelgi einkalífs).

2) Á hendur stefnda Vilmundi, Ríkisútvarpinu og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Ríkisútvarpsins, *að* stefndu verði gert óskipt að greiða stefnanda fégjald fyrir ófjárhagslegt tjón eða miska að fjárhæð kr. 1.000.000 með 9% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

3) Á hendur stefndu öllum til að greiða óskipt kostnað sakarinnar að mati dómarans.

Stefndi Vilmundur hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Stefndu Ríkisútvarpið, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra hafa *aðallega* krafist sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, en *til vara* lækkunar á fjárhæðum og málskostnaðar.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að öll hin tilvitnuðu ummæli eða orð séu refsiverðar ærumeiðingar. Meint brot stefnanda í marsmánuði 1974 sé engan veginn réttmæt ástæða til að viðhafa þau ummæli, sem tilgreind hafa verið, því síður refsidómur sá, er stefnandi hlaut 16. mars 1967 (í Hæstarétti). Reglan um frjálsa frásögn af dómsmálum getur engan veginn náð svo langt, að sakfellda beri eftir lyktir málsins að sætta sig við, að hans gömlu syndir séu dregnar fram í dagsbirtuna á opinberum vettvangi að ástæðulausu. Fréttnæmir eða frásagnarverðir hagsmunir eru fortakslaust ekki einhlítir til að viðhafa slík ummæli um stefnanda opinberlega. Hér ber annars vegar að meta hagsmuni þess, sem um er rætt (stefnanda), og á hinn bóginn, hvort frásögn stefnda Vilmundar, þegar alls er gætt, beri að meta ótilhlýðilega eða ekki.

En eitt er að vera gagnrýninn, annað hvernig það er gert. Fjölmiðlar eru gapastokkar nútímans. Gapastokkur sjónvarpsins bíður þess ekki, að dómar falli. Í umræddum þætti virti stefndi Vilmundur rétt stefnanda til að vera manneskja harla lítils. Stefndi Vilmundur lét þannig með öllu undir höfuð leggjast að huga að því, að fyrir stefnanda var það kannski meira kvalræði að verða fyrir slíku umtali og aðkasti — og kannski afdrifaríkara fyrir framtíð hans — en dómur sá, sem hann kann að hljóta. Þvílíkt kvalræði snertir ekki einvörðungu stefnanda, heldur einnig aldraða móður hans á Vestfjörðum, maka og börn. Maður getur gert sér í hugarlund tilfinningar óharðnaðra unglinga, sem eiga að fara í skólann daginn eftir, að faðir þeirra hefur verið lýstur varmenni og ódrengur í sjónvarpinu eða það, sem verra er.

Í umræddum þætti viðhafði stefndi Vilmundur ummæli af ýmsum toga um stefnanda, sem stefnandi telur úr hófi fram meiðandi og móðgandi fyrir sig, jafnvel þó að hann hafi aldrei verið nafngreindur berum orðum af stefnda Vilmundi í þættinum. Í stuttu máli sagt mun alveg óhætt að fullyrða, að stefndi Vilmundur hafi borið stefnanda harla ófagurlega söguna og því talað yfir sig. Hjá stefnda Vilmundi skorti a. m. k. ekki hrakleg orð, hvað sem öðru líður. Ofan á þetta bætist líka sú staðreynd, að stefndi Vilmundur gerði lítinn greinarmun smárra misherma og stórra. Þótt stefnandi sé, eins og áður segir, hvergi nefndur með nafni berum orðum í ummælum þeim, sem tilgreind hafa verið innan gæsalappa í stefnu, þá segir stefndi Vilmundur í tveim málsgreinum í viðtalinu þó berum orðum: „Þeir sögðu í

Vísi í gær til dæmis.“ Og síðar í viðtalinu viðhefur stefndi Vilmundur þessi orð: „ . . . hér er frétt í Vísi í gær.“ Í Vísi var einmitt þann 19. desember 1974 vikið beinum orðum að stefnanda í stórri fyrirsögn á 8. síðu, sem mikið bar á. Fyrirsögn dagblaðsins er svohljóðandi: „Er kyndillinn slökknaður?“ Það er því á engan hátt vafasamt, að stefndi Vilmundur sveigði þeim ummælum, sem tilgreind voru hér að framan innan gæsalappa, að stefnanda málsins og það með þeim hætti, að allir hlutu að vita, við hvern var átt.

Stefnandi staðhæfir, að ummæli stefnda Vilmundar hafi í umrætt sinn farið langt út fyrir hæfileg eða tilhlýðileg mörk, lagaleg og siðferðileg, og engar skynsamlegar ástæður réttlæti slíka hegðun af hálfu starfsmanns langstærsta fjölmiðils þjóðarinnar. Jafnframt fullyrðir stefnandi, að opinber fjölmiðill sé ekki vettvangur í þá veru, að menn þjóni þar lund sinni, sletti meinfýsi sinni framan í alþjóð né fari með hóflausar dylgjur og hrakyrði um borgara samfélagsins. Það stoði stefnda Vilmund engan veginn, þó að hann láti í veðri vaka, að markmiðið sé að bæta réttarganginn í landinu.

Þá er því og haldið fram, að samkvæmt íslenskum rétti gildi óskráðar grundvallarreglur um almenna réttarvernd persónuleika einstaklingsins og ekki fari hjá því, að slíkar reglur nái lengra en settar réttarreglur. Mörk þvílíkrar verndar verði að finna með hagsmunamati. Það er staðhæft af hálfu stefnanda, að í þessu tilviki hafi stefndi Vilmundur farið langt út fyrir mörk þess, sem tilhlýðilegt geti talist. Hér beri þess og að gæta, að sjónvarp nái til langtum fleiri einstaklinga en t. d. dagblað og áhrifasvæði sjónvarpsins sé til mikilla muna yfirgripsmeira en annarra almennra fjölmiðla. Sá, sem hrakyrtur er í sjónvarpi, er öldungis fyrirmunað fyrirfram að hamla gegn mishermi og gróusögum óhlutvandra manna, og hann á þess jafnan engan kost að bera hönd fyrir höfuð sér, meðan á útsendingu stendur, heldur hlýtur hann að standa undrandi og úrræðalaus gagnvart umheiminum.

Aðalkröfur sínar í málinu á hendur stefnda Vilmundi byggir stefnandi á því, að öll hin umstefndu ummæli séu að verulegu marki ósönn, séu yfrið meiðandi og móðgandi í sinn garð, sbr. í þessu efni 234., 235., 236. og 237. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 beint eða per analogiam, sbr. og 238. gr. og 241. gr. sömu laga. Um hverja tilvitnaða umsögn tekur stefnandi fram:

Um 1. Að frásögnin af fjárhæð ávísananna sé ýkt til muna

og því ósönn að verulegu marki og refsiverð, sbr. 25. kafla alm. hegningarlaga beint eða per analogiam.

Um 2. Sömuleiðis heldur stefnandi því fram, að þessi frásögn sé ýkt til muna og því ósönn og refsiverð, sbr. 234. gr. til 238. gr. alm. hegningarlaga.

Um 3. Hér sé því dróttað að stefnanda, að hann hafi ekkert bókhald, telji ekki fram til skatts og hafi ekki leyfi til verslunarrekstrar. Þessi ummæli eru ósönn með öllu og refsiverð, sbr. fyrrgreindar lagatilvitnanir.

Um 4. Hér sé því dróttað að stefnanda, að hann hafi margsinnis unnið til refsivistar. Aðdróttun af þessum toga er refsiverð ærumeiðing, sbr. tilvitnaða lagastafi.

Um 5. Hér sé því dróttað að stefnanda, að hann sé síbrotamaður. Slíkt er refsiverð ærumeiðing, sbr. tilvitnaðar lagagreinar.

Um 6. Gildir sama og undir 5. lið hér að framan.

Um 7. Hér sé stefnanda brigslað um það, að hann sé þátttakandi í tollsvikum eða jafnvel tollsvikamáli því, sem upp kom sl. sumar eða haust. Þessi aðdróttun sé með öllu ósönn, og vant er að sjá, að hún þjóni nokkrum öðrum tilgangi en kasta rýrð á stefnanda af einskærri meinfýsi, sbr. áðurgreinda lagastafi.

Um 8. Gildir sama og um 1. og 2. lið hér að ofan.

Varakröfuna á hendur stefnda Vilmundi grundvallar stefnandi á 229. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Ummæli eða orð stefnda Vilmundar telur stefnandi vera mjög svo ruddaleg eða gróf skerðing á friðhelgi einkalífs, enda verði að gefa gaum að því í þessu tilviki, að frásögnin eða ummælin voru viðhöfð á opinberum vettvangi.

Krafa stefnanda á hendur öllum stefndu um greiðslu fébóta (miska) er byggð á 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Heldur stefnandi því fram, að umrædd meingerð eða yfirsjón gagnvart sér sé framin af beinni illfýsi eða illgirni, svo og vísar hann um bótaréttinn á hendur öðrum stefndu en Vilmundi til niðurlagsákvæðis 22. gr. laga nr. 19/1971 (útvarpslög).

Stefndi Vilmundur styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi sem starfsmaður sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins stjórnað fréttaskýringarþættinum „Kastljós" hinn 20. desember 1974. Tilgangur þáttarins er að flytja þjóðinni sitthvað fréttnæmt, oft með viðtölum við þá, sem gerst þekkja til mála. Svo hafi verið í hér umræddum þætti, þar sem fyrir var tekið fulln-

usta refsidóma, en refsimál og meðferð þeirra hafi verið á baugi um þetta leyti. Fréttamanni sé rétt og skylt að fá fram sem gleggstar skýringar á hverju máli og komast að kjarna þess, þar á meðal að þegja ekki um eigin vitneskju, ef til skýringa kann að verða. Það sé skylda hans gagnvart þjóðinni, þótt honum að sjálfsögðu sé jafnframt skylt að gæta friðhelgi einkalífs einstaklingsins. Í umræddum þætti beindist gagnrýni fréttamannsins að viðmælendum, og henni til áréttingar nefndi hann dæmi máli sínu til stuðnings án þess þó að geta nafns viðkomandi. Það dæmi var raunhæft, og fór fréttamaðurinn hvergi út fyrir þá fyrirliggjandi staðreyndir. Vildi fréttamaðurinn með því vekja athygli til umræðna úrræðaleysi um framkvæmd refsivörslu. Hin tilvitnuðu ummæli, sem út af er stefnt í málinu, séu sönn. Það beri hin framlagða sakadómsrannsókn og síðari ákæra með sér. Af þeim sökum sé eigi grundvöllur til refsingar fyrir brot á friðhelgi einkalífs eða æru og enn síður til ómerkingar ummæla. Skilyrði bresti og samkvæmt refsilögum fyrir miskabótum til handa stefnanda.

Sýknukrafa stefnda Ríkisútvarpsins og þeirra aðilja, sem fyrir þess hönd er stefnt, er í fyrsta lagi reist á því, að samkvæmt 22. gr. útvarpslaga nr. 19/1971 ber sá, sem sjálfur flytur efni í útvarp, ábyrgð á efni þess. Sá, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi til samtalsins. Samkvæmt því sé það einungis stefndi Vilmundur, sem að lögum geti komið til greina varðandi ábyrgð á hinum umstefndu ummælum. Í öðru lagi er sýknukrafan studd þeim rökum, að stefndi Vilmundur hafi með tilvitnun í fréttaþættinum til ákveðins tilviks, sem beinlínis nauðsyn bar til að nefna til að fá fram frá viðmælendum svör við efni því, er fréttaþátturinn hafði til meðferðar, þ. e. fullnustu refsidóma af hálfu ríkisvaldsins, á engan hátt farið út fyrir leyfilega gagnrýni. Hvort tveggja hafi verið, að nafn stefnanda var aldrei nefnt í þættinum, og það, sem sagt var um hið tilvitnaða mál, var sannleikanum samkvæmt, í engu hallað réttu máli. Eru rök þessara stefndu efnislega að öðru leyti samhljóða rökum stefnda Vilmundar. Það sé því ekki grundvöllur að lögum til refsi- né bótaábyrgðar eða annarra viðurlaga gagnvart stefnda Vilmundi í málinu. 237. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi hér ekki við, og 238. gr. sömu laga taki að þessu leyti af öll tvímæli.

Í málinu liggur fyrir endurrit af hinu talaða orði í umræddum sjónvarpsþætti. Ekki þykir ástæða til að taka það allt upp

í dómi þessum, nema að því leyti sem máli þykir skipta. Í upphafsorðum sínum að þættinum sagði stefndi Vilmundur:

„Í fréttaskýringaþáttum sjónvarps hefur áður verið vikið að seinvirkni og stundum sofandahætti dómskerfisins hér á landi, einkum að því er varðar framkvæmdir refsidóma. Meðal annars var um það fjallað í fréttaþætti í fyrravetur, að verslunarmaður nokkur átti tveggja ára óskilorðsbundinn dóm fyrir fjársvikamál — ærið stórt í sniðum frá árinu 1966. Þessi dómur hafði aldrei komið til framkvæmda. Maðurinn sat raunar einu sinni inni í 16 daga eða svo, en með bréfi uppáskrifuðu af dómsmálaráðuneytinu var honum sleppt út og læknisvottorði borið við. Í mars s. l. var sami maður enn á ferð í vafasömum viðskiptum. Alls reyndist vera um að ræða innistæðulausar ávísanir upp á 21 milljón króna. Röskur sakadómari lét stinga verslunarmanninum í fangaklefa, en eftir tvær klukkustundir kom bréf frá dómsmálaráðuneyti um að láta manninn lausan þegar í stað.

Baldur Möller, ráðuneytisstjóri, greindi frá því í viðtali hér í sjónvarpinu þá, að fyrri afskipti dómsmálaráðuneytisins vegna þessa máls hefðu verið vegna útgefins læknisvottorðs, en seinni afskiptin vegna þess, að hér hefði verið um of hröð vinnubrögð að ræða — maðurinn hefði engan tíma haft til þess að ganga frá sínum málum, eins og venja væri, þegar svona stæði á.

En við skulum rekja gang þessara mála frá því í vor sem leið. Maðurinn er sem sagt kærður fyrir tékkamisferli upp á rúmar 20 milljónir króna, en reyndist fljótlega borgunarmaður fyrir nær helmingi upphæðarinnar. Sverrir Einarsson er settur yfir rannsókn þessa máls, sem reyndist ærið umfangsmikið, lýkur hann mjög ýtarlegri rannsókn 15. júlí. Í rannsókn Sverris er að finna útskýringu á viðskiptamáta þessa verslunarmanns og nokkurra samstarfsmanna hans. Meðal annars viðurkenningu á því, að þetta spil með bankana sé beinlínis gert í þeim tilgangi að nota sér fjármuni og það mikla fjármuni, sem menn ekki eigi og aðrir eiga þar af leiðandi, og stundum kostulegar skýringar bankamanna á því, hvernig á því standi, að sömu mennirnir eru komnir aftur og aftur, þrátt fyrir það að þeir eru fyrir löngu komnir á svokallaðan svartan lista hjá bönkunum. Staðreyndin er sú, að þessi skýrsla sakadómarans er í senn farsi og harmleikur. Hún ber ljósan vott um annars vegar stórkostlegt virðingarleysi þessara manna gagnvart eignarrétti og hinn vegar, og það er kannski alvarlegra, stórkostlegt virðingarleysi þeirra gagnvart réttarkerfinu í landinu."

Og síðar í upphafsorðunum:

„Nú, þetta er um þetta mál. Nú er það vitaskuld svo, að það er leitt að vera að ræða einstaka persónu, sem að einhverjir menn kannast við og ekki síst vegna ættingja hans og annað slíkt, en engu að síður er það svo, mér og væntanlega einhverjum fleirum þykir þetta vera tákn um veilu og nánast siðspillingu í kerfinu."

Staðreynd er, að með dómi Hæstaréttar hinn 16. mars 1967 var stefnandi dæmdur til 2ja ára fangelsis fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að frádreginni varðhaldsvist. Stefnandi hafði, þá er fréttaþátturinn fór fram, ekki afplánað refsingu þessa. Var heilsubrestur stefnanda talinn vera í vegi fyrir því, eins og fram kemur í framangreindum upphafsorðum stefnda Vilmundar að þættinum.

Af formálsorðunum má ljóst vera, að stefndi Vilmundur hafi haft með höndum og kynnt sér sakadómsrannsókn Sverris Einarssonar sakadómara, sem hafði lokið sakadómsrannsókn í júlímánuði 1974 vegna kæru um tékkamisferli stefnanda og fleiri aðilja, en ákæra hafði þá ekki verið gefin út, svo sem fram kemur í viðræðum í þættinum. Stefndi vitnar mjög til þessarar sakadómsrannsóknar allan þáttinn í gegn jafnframt því sem hann vísar til fyrrnefnds refsidóms um það, að stefnandi hafi ekki afplánað hann. Þátturinn beinist hins vegar að slælegri framkvæmd refsidóma af hálfu dómsmálayfirvalda og er nánast harðorð gagnrýni á þau í því efni.

Þrátt fyrir hinar tíðu tilvitnanir í refsidóminn yfir stefnanda og sakadómsrannsóknina er nafns hans aldrei getið í þættinum, hvorki af hálfu stefnda Vilmundar né viðmælenda hans, en jafnan nefndur verslunarmaður. Það má þó ljóst vera, að það hafi ekki farið fram hjá stefnanda, að við hann var átt, svo og þeim, er hagi hans þekkja.

Eins og áður segir, þykja ekki efni til þess að rekja í dómi þessum hin töluðu orð þáttarins í heild sinni. Ljóst er þó, að viðfangsefni hans var af hálfu stefnda Vilmundar gagnrýni á framkvæmd refsidóma á landi hér, og að hans mati brotalöm af hálfu framkvæmdaryfirvalda í því efni, jafnframt spurningar um úrbætur eða ráð. Verður það að teljast eðlilegt, að hann hafi við það efni máli sínu til áréttingar vitnað til raunhæfs atviks. Kemur því til álita hér fyrir dómi, hvort stefndi Vilmundur hafi í því efni farið út fyrir lagareglur um æru- og persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Stefnandi var dæmdur til refsivistar fyrri hluta árs 1967, en hafði ekki afplánað þann dóm, er þátturinn var út sendur, og beindist gagnrýni stefnda Vilmundar að því. Telur dómarinn, að stefnda Vilmundi hafi verið heimilt að vitna til slíks, enda gætti hann þess að nefna ekki nafn hins sakfellda.

Sakadómsrannsókn út af kæru um tékkamisferli stefnanda var stefnda Vilmundi kunn, eins og áður segir, er fréttaþátturinn fór fram. Kom og fram í þættinum, að sú rannsókn væri til meðferðar hjá saksóknaraembætti ríkisins til ákvörðunar um frekari meðferð. Í orðfari stefnda Vilmundar í þættinum var og aðeins notað orðið kæra.

Þegar borin er saman sjálf sakadómsrannsóknin og hin töluðu orð í fréttaþættinum annars vegar og hin tilvitnuðu orð í stefnu, sem stefnt er út af, kemur í ljós, að hin stefndu ummæli eru slitin úr samhengi þess, sem talað var, og gefa því ekki ein út af fyrir sig rétta mynd af því, sem um var rætt. Það er að vísu ekki úrlausnarefni þessa dóms að skera úr um efnisatriði sakadómskærunnar, en hún beinist þó að misferli stefnanda um notkun tékka, sem nemur samtals að fjárhæð yfir 21 milljón króna með 21 tékka. Þess má geta, að hinn 13. janúar 1977 var af saksóknara ríkisins gefin út ákæra um höfðun opinbers máls á hendur stefnanda fyrir „að hafa gerst sekur um fjársvik, sem framkvæmd voru með skipulagðri og samslunginni misnotkun tékka á árinu 1974“, og er í ákærunni hver tékki fyrir sig rakinn, en þeir nema að fjárhæð samtals kr. 21.463.374 samkvæmt ákæruskjalinu.

Nokkuð þykir á skorta í stefnu og greinargerð stefnanda, að hin tilteknu ummæli eru ekki hvert um sig nánar tilgreind til sérstaks refsiákvæðis.

Þegar það allt er virt, sem hér að framan er rakið, þá telur dómarinn, að í umræddum fréttaþætti sjónvarpsins, eins og hann var upp byggður og leiddur til svara viðmælenda, hafi stefndi Vilmundur, fréttamaður, ekki brotið lagareglur um æruvernd, friðhelgi einkalífs eða grundvallarreglur um persónuvernd gagnvart stefnanda, að næg rök séu til þess að taka kröfur hans til greina í máli þessu. Ber því að sýkna stefnda Vilmund af kröfum stefnanda.

Leiðir þessi niðurstaða til þess, að sýkna ber aðra stefndu í máli þessu.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Emi Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Vilmundur Gylfason, Ríkisútvarpið og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. Ríkisútvarpsins, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Jósafats Arngrímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 29. nóvember 1982.

Nr. 231/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Einari Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. nóvember 1982. sem barst Hæstarétti 24. s. m.

Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í bréfi héraðsdómara 26. nóvember 1982 segir, að meinleg prentvilla sé í hinum kærða úrskurði, „þar sem vitnað er í 1. mgr. 67. gr. opl. hrl. (sic), en tilvitnunin á að sjálfsögðu að vera í 1. mgr. 67. gr. oml.“

Með þessari athugasemd þykir eftir atvikum mega staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Árnessýslu 22. nóvember 1982.

Hinn 31. okt. sl., kl. um 2240, urðu menn varir við eld í versluninni Allabúð, Stokkseyri. Varð þarna mikið eignartjón.

Ítarleg rannsókn fór fram á vegum lögreglunnar í Árnessýslu, og var niðurstaða rannsóknarmanna, að mestar líkur væru til, að um hafi verið að ræða íkveikju af mannavöldum.

Hinn 16. nóv. sl. var farið þess á leit við brunamálastjóra ríkisins, að hann tilnefndi 2 menn til að framkvæma sérfræðilegt mat á því, hvað kynni að hafa valdið eldsíkveikju í ofangreindri verslun.

Brunamálastjóri tilnefndi þá Ástvald Eiríksson, forstöðumann eldvarnaeftirlits Keflavíkurflugvallar, sem er með sérþekkingu á brunarannsóknum, og Guðmund Gunnarsson, verkfræðing hjá Brunamálastofnun ríkisins, sem er sérlærður í brunamálum, til að framkvæma rannsókn þessa. Ofangreindir aðiljar rannsökuðu vettvang dagana 19., 20. og 21. nóv. sl. Niðurstaða þeirra var, að öll rök bentu til þess, að eldsupptök hafi átt sér stað í kaffistofu. Við mjög nána eftirgrennslan þeirra fannst ekkert, sem bent gæti til eðlilegrar íkveikju, þ. e. a. s. frá rafmagni, sjálfsíkveikju eða þess háttar, heldur þvert á móti, að kveikt hefði verið í. Í fyrsta lagi hröð hitauppbygging og bruni niður í gólf á afmörkuðum stöðum inni í og við kaffistofu eingöngu, en slíkt gerist ekki, nema þar sem brennanlegir vökvar séu á gólfinu, þegar bruni á sér stað. Brunaferlar á gólfdúk í kaffistofu bera með sér, að brennanlegur vökvi hafi brunnið þar á glögglega afmörkuðu svæði. Þá eru tveir áberandi brunablettir á plankaklæðningu neðst á vegg við enda frystiborðs, búðarmegin, en steinveggur aðskilur frystiborð og kaffistofu. Svo virðist sem eldfimur vökvi hafi komist inn á milli klæðningar búðarmegin og umræddsteinveggjar. Sá vökvi hefur ekki komið búðarmegin frá, því að gólfið er þar heilt, en veggklæðning brunnin niður fyrir búðargólf innan frá. Möguleiki er, að vökvinn hafi komist þangað undir vegginn frá kaffistofu, en ólíklegt, frekast virðist sem honum hafi verið hellt inn á milli veggjar og klæðningar ofan frá lofti eða klæðning rifin frá fyrir ofan frystiborð og þaðan hellt niður. Að áliti ofangreindra sérfræðinga er mjög líklegt, að inni í þessum veggkafla hafi verið brennanlegur vökvi, öðruvísi hefði ekki getað brunnið svo djúpt niður við þennan vegg.

Eigandi verslunarinnar Allabúðar, Einar Guðmundsson, kveðst hafa verið í versluninni um kl. 22 ásamt öðrum manni og hafi

þeir ekki orðið þar varir við neitt óvenjulegt. Er eigi vitað, að neinn annar hafi farið inn í verslunina eftir það. Kveðst Einar hafa síðan gengið í söluskála, sem hann rekur og er rétt við hliðina á Allabúð. Hafi hann verið í söluskála þessum til kl. um 2230—2240, en söluskála þessum er lokað kl. 2200. Með honum í söluskála þessum við afgreiðslu var stúlka nokkur, en hún mun hafa yfirgefið söluskálann um kl. 2215. Er nefndur Einar kom út úr söluskálanum, kvaðst hann ekkert hafa tekið eftir neinu óvenjulegu. Gekk hann meðfram söluskálanum og að bifreið sinni, sem stóð vestan við söluskálann, á milli hans og Allabúðar, en þarna blasir verslunin við. Ók framangreindur Einar Guðmundsson síðan heim til sín, en þangað er um 1 km frá söluskálanum.

Á leiðinni heim til sín kveðst Einar hafa mætt bifreið Elvars Þórðarsonar. Framangreindur Einar segist hafa verið rétt nýkominn inn úr dyrunum heima hjá sér, þegar síminn hringdi og honum tilkynnt, að kviknað væri í versluninni.

Fyrir liggur framburður Valgerðar Þóru Elvarsdóttur, að hún hafi mætt margnefndum Einari á móts við Móhús þarna í þorpinu. Kveðst nefnd Þóra hafa ekið síðan áfram, og þegar hún kom að Allabúð, sá hún, að reyk lagði þaðan. Segist Þóra hafa ekið fram hjá versluninni og séð þá eld í gegnum plastglugga á þakinu.

Við rannsókn málsins hafa verið gerðir ítarlegir vettvangsuppdrættir og vegalengdir mældar. Samkvæmt því hefur í hæsta lagi liðið 20 sekúndur, þegar Einar mætti framangreindri Þóru Elvarsdóttur og frá því hann ók af stað frá söluskálanum. Þóra þessi hefur síðan ekið í hæsta lagi 20 sekúndur, þegar hún sá reyk norðan við húsið, og augnabliki síðar sá hún eld sunnan á húsinu. Frá söluskálanum og heim til sín hefur Einar í mesta lagi verið 2 mínútur.

Við vettvangsrannsókn hefur eigi komið neitt fram, sem bent gæti til innbrots í verslunina eða hurð hafi verið opin. Eigi er vitað, að annar hafi haft lykil að versluninni aðrir en Einar, eiginkona hans og kona nokkur, sem þarna var verslunarstjóri.

Brunabótamat hússins, sem Allabúð var í, er kr. 1.400.000. Vörulager og innréttingar munu vera tryggðar fyrir 1.200.000.

Samkvæmt talningu á vörulager mun söluverðmæti vara, sem skemmdust, metið á kr. 2.602.507. Auk þess voru vörubirgðir í skúr við verslunina, sem ekki brunnu. Samkvæmt mati um vélar og tæki, sem skemmdust, kr. 155.000.

Velta verslunarinnar á mánuði mun hins vegar vera um kr. 400.000 á mán.

Einar Guðmundsson hefur ásamt konu sinni rekið verslunina Allabúð bæði í Hveragerði og á Stokkseyri. Þá hefur hann rekið söluskála í Hveragerði og nú nýlega einnig söluskála ásamt bensínsölu á Stokkseyri og mun vera í eigu Olíufélagsins Skeljungs h/f.

Hinn 1. sept. sl. yfirtók Olíuverslun Íslands verslunina í Hveragerði ásamt fasteign og vörulager. Urðu eignaskipti þessi vegna skulda Einars Guðmundssonar við Olíuverslunina vegna sölu olíuvara þar st. að upphæð kr. 2.052.000 og vanskila í þeim efnum (sic).

Við yfirheyrslur hefur Einar Guðmundsson neitað með öllu að hafa valdið íkveikju þessari.

NIÐURSTÖÐUR.

Mál þetta er enn á frumstigi, en ljóst er, að allar líkur eru á, að bruni þessi stafi af mannavöldum, og beinist einkum grunur að Einari Guðmundssyni, en hann m. a. yfirgaf vettvang um líkt leyti og elds varð vart. Eftir er m. a. að rannsaka náið, hverjir hafi haft aðgang að versluninni Allabúð auk Einars Guðmundssonar og þeir frekar yfirheyrðir. Enn fremur á eftir að kanna nánar fjárreiður og fjárhagsstöðu Einars Guðmundssonar, en vörubirgðir Allabúðar miðað við veltu virðast ávenjumiklar o. s. frv. Þá á eftir að rannsaka og yfirheyra frekar Einar Guðmundsson um gerðir hans og athafnir það kvöld, sem bruninn átti sér stað.

Samkvæmt ofansögðu þykir ekki hjá því komist, að Einar Guðmundsson sæti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar þessa máls með vísan til 1. mgr. 67. gr. opl. hgl. Verið er að rannsaka brot á 164. gr. alm. hegningarlaga, en við því broti liggur fangelsisrefsing, og er því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu.

Gæsluvarðhaldstími telst hæfilega ákveðinn allt til fimmtudagsins 2. des. nk., kl. 1700.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumanns í Árnessýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Einar Guðmundsson, 16. október 1946 (sic), sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 2. des. nk., kl. 1700.

Mánudaginn 29. nóvember 1982.

Nr. 133/1980. **Valdimar Jóhannesson og**
Fanný Jónmundsdóttir
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni
f. h. Kig-Ind A/S
(Hákon Árnason hrl.).

Lausafjárkaup. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 23. júlí 1980. Gera þau þær dómkröfur **aðallega**, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnda í málinu og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. **Til vara** krefjast þau þess, að þeim verði einungis gert að greiða stefnda 14.828.00 danskar krónur með 9% ársvöxtum frá 26. september 1978 til greiðsludags, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekki sést, að áfrýjendur hafi kvartað um galla á hinum seldu vörum fyrr en með bréfi 9. desember 1977, er sent var Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni. Geta þeir því eigi borið fyrir sig, að vörunum hafi verið ábótavant, sbr. 52. gr. laga nr. 39/1922.

Í málflutningi hafa aðiljar ekki miðað við annað en að um sakarefnið skuli að öllu leyti dæmt að íslenskum lögum, þar á meðal um dráttarvexti.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til for-

sendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frá 1. júní 1980 verða vextir af dæmdri fjárhæð ekki ákveðnir hærri en vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum í dönskum krónum samkvæmt reglugerð nr. 519/1979, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, að viðbættum 6% ársvöxtum til 21. apríl 1982, en að viðbættum 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 2. mgr. c liðar III. kafla í auglýsingum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o. fl., sem út gefnar eru 29. maí 1980, 9. febrúar 1981 og 9. maí 1981, svo og 2. mgr. c liðar 2. tl. IV. kafla auglýsinga um sama efni frá 5. apríl 1982 og 29. október 1982, sem allar eru gefnar út samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1965, sbr. og 13. gr. laga nr. 10/1961.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá 1. júní 1980 til 21. apríl 1982 eiga vextir af dæmdri fjárhæð að vera 6% hærri ársvextir og frá 21. apríl 1982 til greiðsludags 5% hærri ársvextir en vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum í dönskum krónum, svo sem þeir hafa verið á hverjum tíma.

Áfrýjendur, Valdimar Jóhannesson og Fanný Jónmundsdóttir, greiði Ágúst Fjeldsted f. h. Kig-Ind A/S, 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Loga Einarssonar og Björns Sveinbjörnssonar.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara Hæstaréttar um annað en vexti, en þá teljum við, að ætti að ákveða

þannig, sbr. Hrd. 1981, bls. 785: 13% ársvextir frá 1. júní 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 7% ársvextir frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 9% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s. á., 10% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 8% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 5. desember 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 22. nóv. sl., höfðaði Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður f. h. Kig-Ind A/S, Vimmelskaftet 43, Kaupmannahöfn, Danmörku, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 28. sept. 1978, gegn Valdimar Jóhannessyni, Vogalandi 8, Reykjavík, og Fannýju Jónmundsdóttur, sama stað, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð danskar kr. 38.428.26 með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 20. maí 1976 til 20. nóvember sama ár, með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning voru dómkröfur stefnanda lækkaðar þannig, að stefndu verði in solidum dæmd til þess að greiða stefnanda danskar kr. 38.178.70 með 13% ársvöxtum frá 20. maí 1976 til 21. nóv. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu 5 vörureikninga, tveggja dags. 24. mars 1976, annars, dskj. 4, að fjárhæð danskar

kr. 9.660.00 yfir 46 pör af stígvélum á danskar kr. 210.00 parið, hins, dskj. 5, og að fjárhæð danskar kr. 9.383.70 yfir metravöru, tveggja dags. 29. apríl 1976, annars, dskj. 6, að fjárhæð kr. 8.526.00 yfir 40 pör af stígvélum, og hins, dskj. 7, að fjárhæð danskar kr. 5.668.00 yfir fatnað, og reiknings, dags. 20. maí 1976, dskj. 8, að fjárhæð danskar kr. 4.941.00 yfir 23 pör af stígvélum. Reikningar þessir eru allir stílaðir á Fa. Fanny, Kirkjuhvoli, Reykjavík.

Stefndu greiddu ekki reikninga þessa, og í desember 1977 munu vörurnar hafa verið seldar á nauðungaruppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum.

Í skjölum málsins kemur fram, að átt hafa sér stað töluverð bréfaviðskipti á milli málsaðilja og á milli stefnda Valdimars og lögmanns stefnanda svo og á milli lögmanna stefnanda.

Rétt þykir að rekja nokkuð það, sem fram kemur í skjölum þessum, þar sem ágreiningur er með málsaðiljum um málavexti, m. a. hvort stefndu hafi pantað vörurnar eða ekki og svo hvort komist hafi á samkomulag með málsaðiljum um endursendingu varanna.

Á dskj. 25 er pöntun firmans Fannýjar á ýmiss konar vörum hjá stefnanda. Pöntunin er óljós, útstrikuð og yfirlímd, en þar eru m. a. pöntuð 20 pör af rauðum stígvélum, 33 pör af jeans stígvélum, 13 pör af hvítum og 16 pör af beige. Stígvélin kostuðu danskar kr. 210.00 parið. Neðst á pöntuninni stendur cachi og svo yfirlímt, sem gæti verið 30 pör. Á yfirlímda miðanum stendur „mangler 3/6 jeans". Það má skilja eftir því sem pöntunin er sett upp, að við afgreiðslu pöntunarinnar hafi vantað 3 pör af jeans stígvélum nr. 6, þannig að stefndu gætu skv. dskj. 25 hafa pantað 112 pör af stígvélum á danskar kr. 210.00 parið. Á reikningum á dskj. 4, 6 og 8 eru tilgreind samtals 109 pör af stígvélum á kr. 210.00 parið.

Þegar reikningurinn á dskj. 7 er borinn við pöntunina á dskj. 25, kemur í ljós, að allar vörurnar, sem tilgreindar eru á reikningnum, eru skráðar á pöntunina og meira til.

Á reikningi á dskj. 5 er, eins og áður segir, metravara fyrir danskar kr. 9.383.70, ekki hefur verið lögð fram pöntun á þessum efnum.

Á dskj. 10 er bréf frá versluninni Fannýju, dags. 21. júní 1976, undirritað af stefnda Valdimar Jóhannessyni. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Kære Inge Cederholm. Vi har raget os ind i ret svære

ökonomiske vanskeligheder, som har været mere vanskelige at löse end vi regnede först med. Vi ville derfor være taknemmelig, hvis vi kan udan besvær sende varerne, som du har sent os, tilbage. De bedste hilsener fra mig og min kone."

Á dskj. 11 er ljósrit af ábyrgðarbréfi frá stefnanda, dags. 1. júlí 1976. Í bréfi þessu neitar stefnandi því, að vörurnar verði endursendar, og tekur fram, að þrír mánuðir séu síðan fyrsta sending var send. Jafnframt er þess krafist, að varan verði innleyst innan 8 daga.

Á dskj. 39 er afrit af bréfi frá stefndu Fannýju Jónmundsdóttur til stefnanda, dags. 29. júlí 1976. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Dersom vi ikke har hört fra Deres firma vedrörende vores brev fra den 21 Juni 1976 anser vi at De samtykker at modtage varerne igen. Vi kan oplyse at sendingerne var grovt forsinkede som gjörde det umuligt at indlöse dem. Det stor ikke i vores magt at returnere sendingerne så De må sende instruktion til banken eller Eimskipafélag Islands om at varerne skal sendes tilbage til Dem."

Á dskj. 13, 15 og 16 koma fram sáttaboð, sem gengið hafa á milli aðilja.

Á dskj. 18 er bréf frá lögmanni stefnanda til stefnda Valdimars, dags. 5. okt. 1977. Í bréfi þessu kemur m. a. fram, að til stóð, að vörur þær, sem málið er af risið, yrðu seldar á opinberu uppboði 1. okt. 1977 vegna ógreiddra aðflutningsgjalda o. fl. Jafnframt að stefndi hafði 28. sept. 1977 beðið lögmanninn að senda skeyti til lögmanns stefnanda í Danmörku og tjá honum, að stefndi væri reiðubúinn að leggja út eða deponera fyrir aðflutningsgjöldum og greiða allan kostnað, er leiddi af endursendingu varanna til Danmerkur, ef stefnandi féllist á, að varan væri send aftur til Danmerkur til endursölu þar. Síðar segir svo í bréfi þessu:

„Ég tók það strax fram, að ef fallist yrði á, að varan yrði endursend, væri það á yðar ábyrgð og að þetta raskaði á engan hátt stöðu umbj. m. í innheimtumálinu á hendur yður. Tjáði ég yður, að þetta þýddi, að reynt yrði að selja vöruna í Danmörku á því verði, sem unnt væri að fá fyrir hana, og mundi krafa umbj. m. á hendur yður lækka að sama skapi.

Nú sendi ég svohljóðandi telex-skeyti til hins danska lögmanns:

„sag: king-ind mod fanny. meddeler herved for god ordens skyld at varen bliver solgt paa toldauktion næste lördag. fanny

foreslaar ad varen bliver tilbagesendt uden præjudice for kig-ind i forbindelse med inkassosagen idet eller bliver varen solgt paa auktionen til priser der næppe dækker toldudgifter og andre omkostninger. fanny tilbyder at deponere forelöbig for tolden som derefter bort-falder naar varen er genindfört til danmark. venligst giv mig strax telexbesked om de önsker noget gjort i dette henseene."

Svar við þessu skeyti barst föstudaginn þann 30. september og var svohljóðandi:

„anerkender telex 29/9 1977 og bekræfter at kig-ind. tiltræder forslag om returnering af varen udan præjudice for parternes stilling. det bedes oplyst om varen herefter kan afhændes ved selvhjælpssalg her i landet."

Skeyti þetta las ég fyrir yður í síma samdægurs.

Tími var orðinn naumur vegna uppboðsins á laugardag, en þér tjáðuð mér síðdegis á föstudag, að þér hefðuð náð sambandi við starfsmenn tollstjóra og þeir fallist á, að vörurnar færu ekki á uppb. gegn tryggingu yðar fyrir áföllnum aðflutningsgjöldum o. fl.

Í mínum vörzlum eru öll innflutningsskjöl varðandi sendinguna til yðar, þ. e. 3 farmskírteini og vörureikningar.

Áður en ég afhendi yður skjöl þessi til notkunar við endursendingu varanna, vil ég taka fram, að ljóst verður að vera, á hvern hátt ráðstafa á vörunum, er þær koma til Danmerkur, eða verðmæti þeirra ákveðið. Svo sem fram kemur í skeytinu 29. sept. frá Carli Nielsen, lögm. Kig-Ind í Kaupmannahöfn, er spurst fyrir um það, hvort selja eigi vöruna „ved selvhjælpssalg" þ. e. a. s. hvort seljandi eigi eða megi selja vöruna á því verði, sem unnt sé að fá fyrir hana í frjálsri sölu. Skoða ég þetta sem skilyrði fyrir samþ. á endursendingu vörunnar. Ef þér ekki viljið fallast á þetta skilyrði legg ég til, að verðmæti hinnar endursendu vöru verði ákveðið af matsmanni eða matsmönnum, dómkvöddum af sjó- og verzlunardómi Kaupmannahafnar. Mér finnst, að báðir aðilar hljóti að sætta sig við þessa lausn, enda báðum til hagræðis að sannreyna verðmæti vörunnar, er hún er aftur komin í hendur seljanda, því krafa Kig-Ind mundi þá lækka um fjárhæð þá, sem þannig yrði ákveðin.

Ef þér fallist á þessa lausn, mun ég afhenda yður skjölin til frekari fyrirgreiðslu vegna endursendingar varanna."

Á dskj. 33 er endurrit af dómkvaðningu matsmannanna Péturs Sigurðssonar kaupmanns og Guðlaugs Bergmann, kaupmanns,

þar sem þeir eru dómkvaddir til þess að skoða og meta vörusendingar til verslunarinnar Fannýjar frá Kig-Ind, eins og nánar er getið í matsbeiðni. Dómkvaðningin fór fram 14. nóvember 1977. Á dskj. 24 er ljósrit af skoðunargerð hinna dómkvöddu matsmanna, viðfest við skoðunargerðina er beiðni um dómkvaðningu matsmanna, dags. 11. nóv. 1977. Í beiðni þessari er óskað, að matsmenn kanni sérstaklega eftirfarandi:

a) Hvort skófatnaðurinn sé í eðlilegu ástandi frá hendi sendanda vörunnar, þ. e. eins og reikna má með, að vara sé, sem seld er á fullu verði.

b) Hvort stærðardreifing stígvélanna sé eðlileg.

c) Hvort líklegt megi telja, að efnisbútar í vörusendingunni væru keyptir án einhverra afsláttarkjara.

d) Hvort líklegt megi telja, að fatnaður í vörusendingunni hafi verið pantaður fyrir fullt verð, þ. e. hvort varan líkist „restlager".

Í skoðunargerð hinna dómkvöddu matsmanna á dskj. 24, dags. 5. des. 1977, er svohljóðandi:

„Svör samkvæmt liðum a. til d.

a) Skófatnaðurinn virðist koma úr verslun. Það sína (sic) umbúðir. Í 12 kössum voru skórnir (stígvél) ekki með pappa innan í og voru því í mjög leiðinlegu ástandi. Í einum kassa voru 3 skór (stígvél). Verðmiðar voru á sumum skónum, og gaf það til kynna, að þeir voru úr verzlun og höfðu líklega verið á útsölu þar (strikað yfir rúmar 500.- og í staðin (sic. 298-).

b) Stærðarhlutföll á tveim tegundum óeðlileg.

c) Treistum (sic) okkur ekki til að svara þessari spurningu.

d) 11 kjólar voru mjög ósölulegir, annar fatnaður gaf til kynna, að hann komi úr verzlunarlager."

Matsmaðurinn Pétur Sigurðsson kaupmaður staðfesti hér fyrir dómi undirskrift sína á dskj. 24 og sagði efni plaggsins rétt. Hann sagðist ekki muna, hvernig stærðarhlutföll á stígvélunum voru, en taldi þau ekki rétt.

Skoðun á vörunum hafi farið fram í Tollhúsinu hjá tollstjóra. Ekki mundi matsmaðurinn, hvort lögmanni stefnanda hefði verið tilkynnt áður en skoðun fór fram, en stefndi Valdimar hafi verið viðstaddur. Matsmaðurinn mundi ekki, hvernig stærðarhlutföll á stígvélunum voru, en taldi þau ekki rétt. Fyrir utan kjólana 11 hélt matsmaðurinn, að varan hefði verið svona sæmileg söluvara, en kvaðst ekki vera sérfræðingur í því. En sagði, að sér hefði fundist svona með leikmannsaugum eins og það

væri „rest". Hann kvaðst ekki vita, hvernig þessar poppbúðir kaupa inn, en hann kvaðst halda, að þetta hefði verið keypt með afslætti, en tók fram, að hann væri alls ekki dómbær á það.

Matsmaðurinn Guðlaugur Bergmann staðfesti fyrir dómi undirskrift sína og efni dskj. nr. 24. Hann sagði, að skópakkarnir hefðu verið þvældir og búið að opna þá og verðmerkja kassana og strika yfir og hafi verið auðséð, að þetta hafi verið úr verslun. Matsmaðurinn tók fram, að hann hafi sjálfur verslað með skófatnað og hafa fengið skófatnað úr verslun og því hafi hann strax séð, að þarna var ekki um skó að ræða, sem komu beint af skóverksmiðjulager. Það sé sjaldgæft, að vörur, sem keyptar séu af verksmiðjum, séu verðmerktar. Matsmaðurinn sagði, að sér hefði fundist vörurnar allar mjög óásjálegar, en þessir 11 kjólar hafi verið í sérstaklega slæmu ástandi. Vörunum hafi verið illa pakkað niður. Matsmaðurinn kvaðst ekki hafa haft það sérstaklega í huga, að vörur þessar komu til landsins vorið 1976, en skoðunin í desember 1977. En hann kvaðst hafa haft í huga, að tískan breytist, og hafi hann bara verið að meta ástand varanna.

Jón Ármannsson kaupmaður var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Hann kvaðst hafa skoðað vörur þær, sem málið er af risið, í desember 1977. Skókassarnir hafi verið eins og þeir hefðu staðið í hillum áður. Sólarnir á skónum hafi verið þannig, að þetta hafi verið eins og sýnishorn, sem hefðu verið notuð, annað hvort í verslun eða þá í einhverri heildverslun, þeir hafi ekki verið alveg nýir. Ekki hafi allir skórnir verið þannig, en sumir hafi verið þannig, að það hafi t. d. verið lausir í þeim lepparnir. Almennt hafi vitninu sýnst þetta vera þannig, að það hefði verið sópað saman einhverju drasli og sett ofan í kassana. Vitnið taldi danskar kr. 210.00 fyrir parið af stígvélunum allt of hátt miðað við ástand þeirra. Pökkun fatnaðarins hafi verið eins og þarna hafi verið um að ræða 2. flokks vöru. Þessu hafi verið svona vöðlað niður. Við fyrstu sýn hafi vitninu fundist kjólarnir hörmung, en treysti sér ekki til að dæma um verð þeirra, danskar kr. 160.00 stk. Ekki mundi vitnið eftir ástandi annarrar vöru.

Stefndi Valdimar Jóhannesson var yfirheyrður vegna máls þessa. Hann sagðist vera eigandi verslunarinnar Fannýjar með konu sinni og væri fyrirtækið sameign þeirra hjóna. Stefndi Valdimar var spurður að því, hvers vegna hvorki sé minnst á riftun né of hátt verð í bréfinu á dskj. 10. Valdimar sagði, að

bréfið væri mjög klaufalegt bréf, sem kæmi sér illa fyrir stefndu. Hann hafi gert sér grein fyrir því, að þetta væri eitthvað svona málum blandið, og hafi í þessu bréfi góðfúslega beðið um það, að það yrði ekki neitt röfl yfir því. Hann hafi beðið um, að varan væri tekin aftur, án þess að það þyrfti að koma til erfiðleika, og kvaðst hann ekkert frekar geta sagt um það.

Það hafi upp úr þessu farið að koma í ljós, að Kig-Ind var að senda stefndu vörur, sem ekki höfðu verið pantaðar. Stefndi benti á, að það kæmi mikið af pappírum og tískuvörukaupmenn séu víst skussar með að líta ekki nógu vel á alla reikninga. Það vefjist stundum fyrir manni, að maður geri sér reglulega grein fyrir því, hvað er hvað. Stefndu hafi áður átt viðskipti við þetta fyrirtæki.

Pöntunin hafi verið gerð á vörulager stefnanda, og hélt stefndi Valdimar, að hún hefði verið skrifuð niður á einhvern miða, en kvaðst ekki muna nú, hvernig það var nákvæmlega. Hann hafi ekki fengið afrit af pöntuninni. Um hafi verið talað, að honum yrði sent afrit, en það hafi ekki verið gert. Stefndi kvaðst ekki halda, að hann hafi skrifað undir pöntunina.

Stefndi kvaðst sjálfur hafa tilkynnt lögmanni stefnanda um skoðun matsmanna á skrifstofu lögmanns stefnanda, en verið tilkynnt, að þeir hefðu ekki áhuga, vegna þess að þeim þætti þetta ekki koma málinu við.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndu hafi pantað vörur þær, sem málið er af risið, hjá stefnanda í febrúar 1976 í nafni verslunarinnar Fannýjar, sem stefndu reki með ótakmarkaðri ábyrgð. Vörurnar hafi verið sendar til Íslands í apríl og maí 1976, en stefndu hafi ekki fengist til þess að greiða andvirði þeirra.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að sannað væri, að stefndu hefðu pantað vörurnar. Stefndi Valdimar hafi viðurkennt að hafa fengið reikninga yfir vörurnar. Stefndu hafi ekki sannað neinar kvartanir eða tilkynningar vegna vörusendinganna og hafi þeir fyrirgert öllum rétti, sem þeir kynnu að hafa haft, vegna tilkynningarskorts. Jafnframt var af hálfu stefnanda vísað um rökstuðning fyrir kröfum til 52. gr. laga nr. 39/1922.

Af hálfu stefndu er á það bent, að málið sé ekki réttilega höfð-

að, þar sem Fanný Jónmundsdóttir sé einkaeigandi firmans Fannýjar.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þau hafi í marsmánuði 1976 pantað 45 pör af stígvélum hjá stefnanda f. h. verslunarinnar Fannýjar. Hafi verið umsamið, að sendingin yrði send þegar í stað með vöruflutningaflugvél frá Iscargo h/f í gegnum Álaborg þegar í stað (sic). Aðrar vörur hafi ekki verið pantaðar. Síðar um vorið barst vörusending fá stefnanda til verslunarinnar með skipi. Í maí og júní hafi haldið áfram að berast vörur frá stefnanda og hafi verslunin Fanný þá óskað eftir því, að stefnandi tæki vörur þessar til baka, þar sem þær hefðu ekki verið pantaðar. Ekkert svar hafi borist frá stefnanda og hafi honum því verið tilkynnt með bréfi hinn 29. júlí 1976, að ákvöð, sem lýst hafi verið í fyrra bréfinu, hefði verið samþykkt af hálfu stefnanda. Stefnandi hafi þó neitað að taka aftur við vörunum fyrr en í sept. 1977. Hafi þá fallið frá samþykki við endursendingu varanna. Síðan hafi vörur þessar verið seldar á nauðungaruppboði að kröfu tollyfirvalda og hafi það verið samdóma álit þeirra, sem skoðuðu vöruna, að hún væri í því ástandi, að hér væri ekki um söluvöru að ræða.

Að öðru leyti eru dómkröfur stefndu rökstuddar með því, að vörur þær, er krafið er um greiðslu á í málinu, hafi ekki verið pantaðar, nema að því er varði 45 pör af stígvélum. Þá hafi vörusendingin komið of seint til landsins og samkomulag hafi verið um það, að vörurnar ætti að endursenda, en stefnandi hafi síðan rofið það samkomulag. Þá hafi stefndu enn fremur verið heimilt að rifta kaupunum vegna þess ástands, er vörusendingin var í við komuna til landsins. Þá hafi verð það, er stefnandi krefji fyrir vörurnar, verið ósanngjarnt og beri dóminum að færa það niður, ef dómur falli gegn stefndu, svo og að taka fullt tillit til þess, að stefnandi hafi rofið samkomulag um endursendingu vörunnar, sem hafi getað haft í för með sér fjárhagstjón fyrir stefndu, þar sem varan hafi verið seld fyrir lítinn pening á nauðungaruppboði.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt.

IV.

Álit dómsins.

Stefndi Valdimar hefur hér fyrir dómi viðurkennt að vera eigandi verslunarinnar Fannýjar með konu sinni og sé fyrirtækið

sameign þeirra hjóna. Telst málið því réttilega höfðað gegn báðum stefndu.

Viðskipti þau, sem málið er af risið, eru verslunarkaup, sbr. 4. gr. laga nr. 39/1922.

Við niðurstöðu máls þessa þykir verða að leggja til grundvallar, að stefndu hafi pantað vörur þær, sem taldar eru á dskj. 25, enda hefur stefndi Valdimar ekki neitað því að hafa undirritað pöntun þessa og viðurkennt, að nafnritunin sé lík því sem hann riti nafn sitt stundum.

Á pöntun þessari eru greindar allar þær vörur, sem stefnandi krefur stefndu um greiðslu á, nema metravörur skv. reikningi á dskj. 5. En þegar til þess er litið, að reikningur sá er dags. 24. mars 1976 og stefndu minnast ekkert á, að sendar hafi verið vörur, sem þau hafi ekki pantað, í bréfinu á dskj. 10, sem, eins og áður greinir, er dags. 21. júní 1976, þá þykir verða að leggja til grundvallar, að allar vörurnar hafi verið pantaðar.

Í bréfi, dags. 29. júlí 1976, dskj. 39, var því fyrst hreyft af hálfu stefndu, að varan hefði verið afgreidd of seint. Þá tilkynningu verður að telja of seint fram komna, sbr. 27. gr. laga nr. 39/1922.

Það, sem að framan hefur verið rakið úr dskj. 18, þykir sýna, að samkomulag það, sem varð með málsaðiljum um endursendingu varanna, var háð því skilyrði af hálfu stefnanda, að endursendingin hefði ekki áhrif á réttarstöðu málsaðilja. Á þetta féllust stefndu ekki, og féll samkomulagið niður.

Í bréfum stefndu á dskj. 10 og 39 er ekkert minnst á of hátt verð á vörunum, enda verður ekki séð af skjölum málsins, að þessari mótbáru hafi verið hreyft af hálfu stefndu fyrr en í greinargerð lögmanns stefndu, sem lögð var fram 13. okt. 1978. Þessi mótbára er of seint fram komin skv. 6. gr. laga nr. 39/1922. Hér er og á það að líta, að stefndu hafa ekki sannað, að verð það, sem stefnandi krefur um, sé bersýnilega ósanngjarnt, enda er fullt samræmi á milli þess verðs, sem skráð er á pöntunina á dskj. 25, og á framlögðum reikningum.

Tilkynning stefnda Valdimars í bréfi, dags. 9. des. 1977, dskj. 29, um riftun, er alltof seint fram komin, sbr. 54. gr. laga nr. 39/1922.

Með vísan til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 144/1977, uppkveðins 13. nóv. sl., þykir verða að taka til greina vaxtakröfu stefnanda, þó þannig, að vextir reiknast frá 1. júní 1976.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda eru teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 572.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Rúna Guðmundsdóttir kaupmaður og Jóhann J. Ólafsson kaupmaður.

Dómsorð:

Stefndu, Valdimar Jóhannesson og Fanný Jónmundsdóttir, greiði stefnanda, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Kig-Ind A/S danskar kr. 38.178.70 með 13% ársvöxtum frá 1. júní 1976 til 21. nóv. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 572.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. nóvember 1982.

Nr. 66/1979. **Hreppsnefnd Hraunhrepps f. h. hreppsins**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps f. h. hreppsins
(Sigurður Ólason hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. mars 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. mars s. á. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þessar dómkröfur:

„Að staðfest verði með dómi Hæstaréttar, að hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps séu þannig: Frá suðurhorni Hvolafjalls (þar fyrir norðan og austur um liggja afréttarlönd Dalamanna) um Geirhnúk, suðvestur eins og vötnum hallar að Snjódölum og Vatnshlíð, austan við Rögnamúla, og eins og vötnum hallar að Klifsdal og þaðan um norðurbrúnir Klifsands í Hítará. Þaðan ræður áin merkjum til sjávar.“

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 14. október 1980.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara að „staðfest verði, að hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps séu úr ósi Hítarár úr Hítarvatni, langs upp úr í punkt í fjöruborði, fast norðanvert við bæjarhól Tjaldbrekku, og þaðan skemmstu leið í Þröskuldardalsá. Þaðan svo sem á þessi rennur, þar til í hana fellur gil úr Svínbjúg, sem gömul umferðarleið liggur meðfram, fylgi þá merkin gili þessu upp til vatnaskila.“

Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefndi fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 14. október 1980.

Í máli þessu er ekki deilt um landamerki, heldur stjórnsýsluleg umdæmismörk milli hreppa þeirra, sem eru aðiljar máls þessa. Þann ágreining bar ekki undir landamerkjadóm samkvæmt lögum nr. 41/1919. Ber þegar af þessari ástæðu að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Það athugast, að gagnaöflun í máli þessu er ekki svo rækileg sem skyldi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, samtals 12.000.00

krónur, og málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda, samtals 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 12.000.00 krónur, og málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 12.000.00 krónur.

Landamerkjadómur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 26. júní 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 19. maí 1978, er höfðað með skjali til sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 20. maí 1975, þar sem hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps, Hnappadalssýslu, fer þess á leit með vísan til 8. gr. landamerkjalaga nr. 41/1919, að sýslumaðurinn kveðji hreppsnefnd eða hreppsnefndaroddvita Hraunhrepps á dómþing, er haldið sé á þingstað réttum í Kolbeinsstaðahreppi, til þess að skera úr um hreppamörk milli Kolbeinsstaða- og Hraunhrepps.

Mál þetta var þingfest að Lindartungu, Kolbeinsstaðahreppi, hinn 27. maí 1975.

Dómkröfur Kolbeinsstaðahrepps eru þær, að staðfest verði með dómi réttarins, að hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps verði sem hér segir:

„Frá ósi (upptökum) Hítarár úr Hítarvatni eftir miðlínu vatnsins („miðjum ál" milli bakka), í ós ár þeirrar, („Þröskuldardalsár"), sem fellur í vatnið sunnan eða austan við Tjaldbrekku, og því næst eftir dalbotninum, svo sem á þessi rennur, þar til í hana fellur gil úr vestanverðum Svínbjúg, sem gömul umferðaleið vestur í Hörðudal liggur meðfram, (Hítardalsheiði til forna), fylgja þá merkin gili þessu upp á vatnaskil á Bjúgnum, þar til þau koma að löndum eða afréttum Hörðdæla."

Þá krefst Kolbeinsstaðahreppur þess, að Hraunhreppur verði

dæmdur til þess að greiða sér hæfilegan málskostnað að mati dómsins, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagðan kostnað að fjárhæð kr. 247.840.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 3. maí 1978, þar sem því er lýst yfir, að kröfur Kolbeinsstaðahrepps gegn Hraunhreppi séu samþykktar. Hreppsnefnd Hörðudalshrepps, Dalasýslu, hefur verið tilkynnt um mál þetta, og hefur hún lýst því yfir, að hún vilji ekki taka þátt í landamerkjadeilu þessari, sbr. skeytið á rskj. nr. 46.

Kröfur varnaraðilja, Hraunhrepps í Mýrasýslu, eru þessar:

„Að staðfest verði með dómi réttarins, að hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps verði sem hér segir: Frá suðurhorni Hvolafjalls (þar fyrir norðan og austur um liggja afréttarlönd Dalamanna) um Geirhnúk suðvestur eins og vötnum hallar að Snjódölum og Vatnshlíð, austan við Rögnamúla og eins og vötnum hallar að Klifsdal og þaðan um norðausturbrúnir Klifsands í Hítará. Þaðan ræður áin merkjum til sjávar."

Þá hefur Hraunhreppur krafist málskostnaðar úr hendi málshefjanda, Kolbeinsstaðahrepps, samtals að fjárhæð kr. 1.385.620, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en dómsmálaráðherra hefur með bréfum, útgefnum 25. apríl 1978, veitt báðum málsaðiljum gjafsókn og gjafvörn.

Lögmaður varnaraðilja, Hraunhrepps, hefur einnig gætt réttar Mýrasýslu í máli þessu.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Árið 1972 lagði Kolbeinsstaðahreppur fasteignaskatt á svonefnda Vatnshlíð í Hítardal, að upphæð 480 kr., en Vatnshlíð er eign Hraunhrepps. Næsta ár var lagður jafnhár fasteignaskattur á eign þessa og að auki 45.000 kr. á hálft Hítarvatn, sem einnig er eign Hraunhrepps (dskj. 27). Hraunhreppur galt ekki fasteignaskatt þenna, og leitaði Kolbeinsstaðahreppur þá til fógetaréttar Mýrasýslu með bréfi, dagsettu í nóvember 1973. Hraunhreppur hafði uppi þá vörn í málinu, að landsvæði það, sem Kolbeinsstaðahreppur lagði fasteignaskattinn á, væri innan takmarka Hraunhrepps, en ekki Kolbeinsstaðahrepps. Kolbeinsstaðahreppur höfðaði þá mál til ákvörðunar hreppamarka, og er málshöfðuarbeiðnin dagsett 20. maí 1975 (dskj. 1). Hér er um að ræða landsvæði, sem liggur sunnan og vestan línu, sem liggur um gil, er fellur í Þröskuldardalsá úr vestanverðum Svínbjúg

Þröskuldardalsá til ósa og miðál Hítarvatns að upptökum Hítarár og vestur að austurlandamerkjum jarða í Hnappadal. Svæði þetta var eign Hítardalsstaðar á fyrri öldum, en komst síðar undir forræði ríkisins eins og aðrar kirkjueignir af þessu tagi í landinu. Ríkið seldi Hraunhreppi landsvæði þetta án þess að tiltaka takmörk þess árið 1919, og er afsalið dagsett hinn 27. júní það ár (dskj. 25). Alllöngu síðar leysti Hraunhreppur til sín varp í hólmum í Hítarvatni og veiðiréttindi í vatninu og ám þeim, sem renna úr vatninu og í það, og er afsal þetta dagsett 23. júlí 1953 (dskj. 38). Fyrrgreint landsvæði hagnýtti Hraunhreppur sem afréttarland. Um 1967 var girt á mörkum afréttarlands þessa og landamerkjum jarða í Hnappadal eða því sem næst. Á fundi, sem matsnefnd um skiptingu girðingarkostnaðar, skipuð skv. 6. gr. laga nr. 10 frá 1965, hélt með hreppsnefndum beggja fyrrnefndra hreppa að Lindartungu hinn 5. október 1967, vakti formaður nefndarinnar athygli fundarmanna á því, að óvíst væri, hvort girðingin lægi á skráðum sýslumörkum. Mál þetta var rætt á fundinum, en fundarmenn virðast hafa ákveðið að láta það ekki hindra framkvæmdir, enda undirrituðu þeir samkomulag um skiptingu kostnaðar (dskj. 19).

Af framanskráðu er ljóst, að málið varðar bæði sýslu- og hreppamörk, enda er Hraunhreppur hluti Mýrasýslu og Kolbeinsstaðahreppur hluti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Með Jónsbók var landinu skipt í 12 þing (Þingfararbálkur, 2. kap.), og samsvara þau a. m. k. í megindráttum vorþinghám þjóðveldisaldar. Síðar var sumum þessara þinga skipt niður í smærri umdæmi — sýslur — og mörk þeirra miðuð við ákveðin landfræðileg kennileiti. Hinn 26. júní 1459 var svæðið milli Hítarár og Skraumu með vissu orðið sérstök sýsla (D. I., V., bls. 182) og svæðið milli Hvítár og Hítarár með vissu hinn 20. janúar 1496 (D. I., VII., bls. 289). Svæði þessi samsvara núverandi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Mýrasýslu. Sú breyting var gerð á sýsluskipun á þessu svæði, að Hnappadalssýsla, sem þá var sérstök sýsla, var sameinuð Mýrasýslu með konungsúrskurði, dagsettum 9. ágúst 1786 (Lovsamling, V., bls. 299—300). Þessari skipan var síðan breytt með bréfi dómsmálastjórnar, dagsettu 4. mars 1871, og Hnappadalssýsla tekin undan Mýrasýslu og lögð til Snæfellsnessýslu (Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., bls. 153—154).

Mörk sýslumannsumdæma (sýslna), sem mynduðust við skiptingu þinga, voru ekki bundin hreppamörkum að lögum. Þetta

gat valdið misræmi. Sem dæmi um slíkt misræmi má benda á, að Botnsbæirnir í Hvalfirði gerðu a. m. k. á árunum 1706—1811 hreppaskil í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu, en gegndu lögskilum öðrum með íbúum Hvalfjarðarstrandarhrepps í Borgarfjarðarsýslu. Þessu var breytt með rentukammersbréfi, dagsettu 1. júní 1811 (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, IV., bls. 3 og 8; Lovsamling, VII., bls. 395). Þetta sýnir, að bæir þessir töldust til Borgarfjarðarsýslu á framangreindu tímabili, þótt hreppur sá, sem þeir töldust til, væri að meginhluta í annarri sýslu. Tekið skal fram, að Jarðabók Á. M. og P. V. er elsta heimild, sem unnt er að draga af ályktanir um hreppamörk um meginhluta landsins.

Hreppar eru eldri stofnanir en sýslur. Í þjóðveldislögum (Grg., I. b., bls. 171) er kveðið á um, að „sva scolo hreppar séttir at hverr bóanda scal sitia et næsta avðrom scolo sva hreppar allir settir sem nu ero.“ Með ákvæði þessu eru hreppamörk lögbundin, og hafa þau vafalaust ákvarðast af landamerkjum þeirra jarða í hreppnum, sem lágu að öðrum hreppum. Jónsbók geymir og eftirfarandi ákvæði: „Löghreppar skulu vera sem at fornu hafa verit“ (Kvennagiftingar, 31. kap. (Framfærslubálkur, 9. kap.)). Samkvæmt þessu ákvæði Jónsbókar var óheimilt að breyta hreppamörkum nema með lagasetningu, en Grágás heimilaði slíkt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum með ákvæði, sem ekki verður rakið hér, enda snertir það ekki viðfangsefni dómsins. Tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 (Tíðindi um stjórnarmálefni, III., bls. 402) heimilar landshöfðingja að breyta hreppaskipan, að fengnu samþykki viðkomandi hreppsnefnda og álitsgerð sýslunefndar, en hún geymir ekki önnur ákvæði um hreppa- eða sýslumörk. Með sveitarstjórnarlögum frá 10. nóvember 1905 virðist aftur á móti sú hreppa- og sýslnaskipun ásamt mörkum þessara umdæma, sem talin var rétt við gildistöku laganna, hafa verið lögleidd, og það burtséð frá því, hvort skipan þessi hefði áður verið staðfest með lagasetningu eða stjórnvaldsákvörðun eða ekki, en þar stendur orðrétt (1. gr.): „Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.“

Samkvæmt framanskráðu takmarkaðist Mýrasýsla þegar á 15. öld að vestan af Hítará, en engar heimildir frá þeirri öld eða þeim næstu greina frá sýslumörkum ofan upptaka hennar. Árið 1709 gerðu þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók fyrir Kolbeinsstaðahrepp í Hnappadalssýslu (dskj. 2), og er sá hluti

hennar, sem varðar þetta mál, dagsettur 21.—22. júní. Þar eru eyðibólin Bjúgskot og Gínandi í innanverðum Hítardal talin til Hnappadalssýslu, en í jarðabók sömu höfunda fyrir Hraunhrepp (dskj. 20), sem dagsett er að því er Hítardal varðar hinn 27. júní s. á., er Hítardalsstaður ásamt eyðibólunum Hraunkoti og Hólmi talinn til Mýrasýslu. Bjúgskot og Gínandi eru einnig talin til Hnappadalssýsu í Jarðabók Skúa Magnússonar frá árunum 1760—1769 (dskj. 10) og Jarðabók þeirri frá árunum 1800—1806, sem ýmist er kennd við Jarðamatsnefndina eða L. Erichsen (dskj. 9, 12—13), en hin fyrrnefnda a. m. k. kann að byggja á Jarðabók Árna og Páls um þetta atriði sem fleiri (varðandi tengsl Jarðabókar Árna og Páls og Jarðabókar Skúla má vísa á ritgerð Magnúsar H. Lárussonar, á Höfuðbólum landsins, Saga 1971, bls. 40—90 (einkum bls. 83—84)). Mörk Hnappadals- og Mýrasýslu eru enn fremur dregin um Hítarvatn og að því er virðist Þröskuldardalsá á korti Björns Gunnlaugssonar (dskj. 17), og þau eru með vissu dregin um mitt Hítarvatn og Þröskuldardalsá á korti Herforingjaráðsins frá 1910 (dskj. 24). Á uppdrætti Herforingjaráðsins frá 1910 (dskj. 24) eru umdæmamörk — hreppamörk eða sýslumörk eða hvort tveggja — dregin um mitt Hítarvatn og Þröskuldardalsá, og þar eru sýslumörk dregin á uppdrætti frá 1957 (dskj. 11). Hreppamörk eru ekki dregin á þessu svæði. Annars hafa umdæmamörk verið á reiki á kortum af þessu svæði á 20. öld.

Ágúst Böðvarsson, fyrrverandi starfsmaður Geodætisk Institut og forstöðumaður Landmælinga ríkisins, gaf þá skýringu fyrir dóminum hinn 17. mars 1978, að hann hefði, er endurskoðunarstarf hófst, fært athugasemdalaust inn eignamörk í stað hreppamarka. Þetta hafi verið leiðrétt síðar og að því er mörk í Hítardal varði af sýslunefnd Borgarfjarðar (svo) að sig minni. Ágúst bar og, að dönsku landmælingamennirnir hefðu dregið hreppamörk skv. upplýsingum frá bændum, eftir að hann kom til starfa, og sami háttur hafi verið á hafður, er Vegamálaskrifstofan tók kortin til endurskoðunar.

Á 18. öld féllu hreppamörk og sýslumörk ekki saman í Hítardal. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín fyrir Hraunhrepp (dskj. 20) er tekið fram, að hreppamannaflutningur frá Helgastöðum sé langur og torsóttur yfir hraun, Kjarná og Hítará að Moldbrekku, sem er í Kolbeinsstaðahreppi (bls. 456—457). Síðar í sömu heimild (bls. 461) kemur fram, að Staðarhraun og Múlasel voru efstu býlin, sem töldust til Hraunhrepps, enda

lágu Helgastaðir og Hítardalur til Kaldárbakkaþings (Kolbeinsstaðahrepps) varðandi tíund og hreppstjórn, þótt íbúar þessara býla svöruðu konungsþegnskyldu og sæktu dómþing að Lækjarbugi í Hraunhreppi.

Nokkrar heimildir snerta þetta viðfangsefni. Í sóknarlýsingu Hítarnesprestakalls, sem sr. Vernharður Þorkelsson samdi fyrir Hið íslenska bókmenntafélag og dagsett er í febrúar 1841, eru austurmörk sóknarinnar sögð vera þessi: „Úr Svörtubrún í Geirshnjúk að Þröskuldardal. Úr honum eftir Vatnshlíð (og skilur hún að austanverðu millum Hnappdæla og Hítdæla) suður til Hrútaborgar. Þaðan ræður Kaldá frá upptökum til Dammagötu" (Sýslu- og sóknarlýsingar, bls. 27. Snæfellsnes III.). Hér er greint frá sóknamörkum.

Árið 1840 hóf Sigurður Jónsson búskap í innanverðum Hítardal, innan Hítarvatns og nefndi býli sitt Tjaldbrekku. Tjaldbrekka er á svipuðum slóðum og Bjúgskot, sem nefnt er í Jarðabók Árna og Páls. Tjaldbrekka hélst í byggð til ársins 1891 að einu ári undanskildu (1889—1890), og tvíbýli var þar á árunum 1869—1872 (dskj. 35, sbr. og Guðlaugur Jónsson: Bóndinn í heiðinni, bls. 66—91). Hinn 3. maí 1872 gerði hreppstjóri Hraunhrepps úttekt á búi í Tjaldabrekku (dskj. 29), og síðar sama ár, eða hinn 23. október, var samin skrá yfir tíundargreiðslur í Hraunhreppi (dskj. 37). Þar kemur í ljós, að ábúandi Tjaldbrekku hefur greitt 8 fiska í tíund og 2 fiska í aukaútsvar til Hraunhrepps. Bæði eru skjöl þessi því dagsett eftir aðskilnað Hnappadals- og Mýrasýslu, 1871. Tíund greiddi Tjaldbrekkubóndi aðeins af lausafé, og bendir það til, að Tjaldbrekka hafi verið talin vera hjáleiga frá Hítardal, enda var leiguliða heimilað að draga tíund frá landskuld með tilskipun frá 10. apríl 1619 (Lovsamling, I., bls. 183—184), og í reglugerð fyrir jarðamatsmenn, dagsettri 1. september 1848, er þeim boðið að meta þær byggðar hjáleigur með heimajörð, sem ekki hafi sérstök landamerki (Lovsamling, XIV., bls. 175—176). Hjáleigum fylgdi afmarkað tún og stundum engjar, en beitiland var sameiginlegt með viðkomandi lögbýli. Tvíbýli var a. m. k. sjaldgæft á hjáleigum. Tvíbýli var að Tjaldbrekku 1869—1872, en þá var hið forna skipulag mjög tekið að riðlast. Sigurður Jónsson, bóndi á Tjaldbrekku, var sáttanefndarmaður í Hraunhreppi (Guðlaugur Jónsson op. cit, bls. 71, eftirmæli um Sigurð eftir Th. E. Hjálmarsen). Heimildir þessar sýna, að Tjaldbrekka hefur verið talin til Hraunhrepps, meðan jörðin var í byggð, en bærinn stóð vestan Þrösk-

uldardalsár. Hreppamörk hafa því verið talin önnur á svæðinu á 19. öld en á öndverðri 18. öld, en ekki verður séð, að hin nýju mörk hafi verið lögleidd, sem þó var skylt. Tjaldbrekka var í byggð, er sr. Vernharður samdi sóknarlýsingu sína, og kann vitneskja um það að vera orsök þess, að hann telur sóknamörkin liggja um Vatnshlíð. Heimildir greina frá því, að íbúar Kolbeinsstaðahrepps hafi gengið Vatnshlíð „líklega allt fram undir 1870" (dskj. 18, bls. 37). Þetta kynni þó fremur að vera bending um göngu fjár en hreppamörk.

Hreppamörk voru bundin með lögum ásamt sýslumörkum árið 1905, en hvorki var mörkum umdæma af þessu tagi lýst né þau rakin. Vitnisburður landabréfa frá 20. öld um umdæmamörk — hreppa — og sýslumörk — í innanverðum Hítardal hefur þegar verið rakinn. Til viðbótar skal þess getið, að Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður segir sýslumörk Hnappadals- og Mýrasýslu liggja „frá Tröllakirkju til Hítarvatns" í lýsingu sinni á Mýrasýslu (Árbók Ferðafélags Íslands 1953, bls. 9), en ekki er ljóst, hvort sú heimild er sjálfstæð eða höfundur hennar hafi stuðst við landabréf varðandi þetta atriði.

Málsástæður Kolbeinsstaðahrepps.

Sóknaraðili bendir á, að ákvæði fornlaga um hreppa og hreppaskipan sé í fábreytilegasta lagi. Í Landnámu, fornsögum eða Sturlungusafni séu þeir varla nefndir, enda þótt öruggt sé, að hreppaskipan hafi þá verið á komin um allt land, jafnvel áður en allsherjarríki var stofnað. Um hreppaskipanina sjálfa segi svo í Grágás, að hreppar skuli „svo allir settir, sem nú eru". Samkvæmt Kvennagiptingarkafla Jónsbókar skuli „Löghreppar vera sem at fornu hafi verit". Með ákvæðum þessum ásamt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunar 1872 sé sönnunarskyldan fyrir hugsanlegum síðari breytingum hreppamarka að öllu leyti lögð á þá, sem haldi slíku fram.

Um niðurskipun býla í hreppa og um hreppamörk sé líklegast, að hin náttúrulega (eðlilega) aðstaða hafi þar mestu um ráðið, og sé Hítardalurinn (Hítardalsbotn) hér gott dæmi. Grágás hafi og þá mikilsverðu reglu að geyma, að „hverr bóndi skuli sitja it næsta öðrum", þ. e. býli skuli teljast þar í hrepp, sem skemmst sé til næsta bæjar. Samkvæmt því hafi býlin í Hítardalsbotnum átt eðlilegri samleið með Kolbeinsstaðahreppi, þar sem þangað hafi verið skemmra að sækja og stórum torfæruminna og greiðfærara heldur en suður yfir til Hraunhreppinga.

Er gera eigi sér grein fyrir hreppa- og sýslumörkum til forna á þeim svæðum, sem hér skipta máli, sé á tveim höfuðheimildum að byggja, fyrst Sturlungu (ásamt Landnámu, Biskupasögum og Hungurvöku) og síðan Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1709. Fyrri heimildin sýni, hvernig hin fornu sýslumörk hafi orðið til, en hin síðari, hvernig þau mörk hafi verið virt og haldin gegnum aldirnar.

Lögmaður sóknaraðilja rekur það síðar í löngu og ítarlegu máli, hvernig háttað hafi verið landnámi Hítdæla, og vitnar þar til Landnámu. Hér hafi verið um snæfellskt landnám að ræða án nokkurra teljandi tengsla suður fyrir Hítará. Síðan fjallar lögmaðurinn ítarlega um tengsl Hítardals og Kolbeinsstaða í gegnum aldirnar, sögu staðanna og um ættir og mágsemdir þeirra manna, er þar bjuggu. Of langt er að rekja þá frásögn í þessum dómi.

Þá vitnar lögmaður sóknaraðilja næst til höfuðheimildarrita í þessu máli, þ. e. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709. Jarðabókin fyrir Kolbeinsstaðahrepp er gerð og saman tekin af lögmanninum Páli Vídalín ásamt með Þorsteini Sigurðssyni, síðar sýslumanni. Hún er dagsett á Staðarhrauni og Hítardal 21.—26. júní 1709, meðundirrituð af tveim Kolhreppingum, að „almúganum samankölluðum" um „sérhvörja jörð". Jarðabókin fyrir Hraunhrepp sé gerð í sama mánuði og undirrituð í mörgu lagi.

Samkvæmt jarðabókinni tilheyrðu eyðibýlin í Hítardalsbotnum, Bjúgskot og Gíanandi, bæði Kolbeinsstaðahreppi, en í jarðabókinni segir enn fremur um býli þessi, að „landið eigi og brúki beneficium Hítardalur".

Þá taki jarðabókin (Tertium Nota) endanlega af skarið um það, að allt hið forna landnám Hítdæla hafi verið talið til Kolbeinsstaðahrepps. Þar segi, að Hítardalsjörð og staður teljist til Hnappadalssýslu (þ. e. Kolbeinsstaðahrepps) að því er snerti sveitarskil, tíundargerð og hreppstjórn. Hins vegar segi, að í réttargangsmálum (þ. e. varnarþing, stefnufarir, þinghá etc.) skuli Hítardalsmenn eiga þingsóknir til Lækjarbugsþings í Hraunhreppi. Þetta breyti auðvitað engu um sjálft „hreppsfang" jarðarinnar, enda algengt, að þinghár og varnarþing fari ekki eftir hreppamörkum, t.d. hafi Hraunhreppur og Álftanehreppur verið gerð ein þingsókn snemma á sl. öld, rentuk.br. 26. apríl 1833.

Enn fremur vitnar sóknaraðili til tveggja jarðabóka, Skúla

Magnússonar fógeta frá árinu 1760—1769 og Ludv. Erichsen frá 1804—1806. Í báðum þessum heimildum, sbr. dskj. 9, 12 og 13, sé getið eyðibýlanna, Gínanda og Bjúgskots, og að þau tilheyri Kolbeinsstaðahreppi, Hnappadalssýslu. Allar séu þessar þrjár jarðabækur opinber gögn og hafi upplýsinga- og sönnunargildi sem slík.

Þetta, sem nú hefur verið rakið, telur sóknaraðili sanna, að hreppamörkin hafi frá upphafi og allt fram á síðustu öld legið eftir miðju Hítarvatni og dalbotni Hítarvatnsdals. Liggi þá næst fyrir að athuga, hvort breyting eða tilfærsla hreppamarka geti hafa átt sér stað eftir 1806 og þá hvenær, hvernig og loks, hvar sú hreppalína ætti þá að liggja. Sóknaraðili heldur því fram, að öll sönnunarbyrði fyrir slíkum breytingum hvíli óskorað á varnaraðilja, Hraunhreppi. Í Jónsbók segi m. a.: „Löghreppar skulu vera sem at fornu hafa verit." Engin frávik eða breytingar komi til greina, nema hlotið hafi staðfestingu réttra yfirvalda, Cansellís, landshöfðingja eða félagsmálaráðuneytisins. Engar slíkar breytingar hafi komið til af hálfu stjórnvalda. Vitnar sóknaraðili í bréf félagsmálaráðuneytisins á dskj. nr. 40 frá 7. apríl 1978 þessu til stuðnings. Þar segir, að félagsmálaráðuneytið hafi ekki breytt hreppamörkum milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps, enda yrði það ekki gert nema með lögum, sbr. 3. gr. laga nr. 58/1961 og 2. gr. laga nr. 12/1927.

Þá heldur sóknaraðili því fram, að hið sama verði einnig uppi á teningnum, ef athuguð sé kortagerð af landinu, meira og minna af opinberri hálfu, og sem því verði að skoða sem opinber sönnunargögn.

Fyrstu landmælingar hérlendis, þeirra Magnúsar Arasonar og kapt. Knoph, séu reyndar frá fyrri tíð (1734) heldur en hér skipti máli og muni áreiðanlega ekki ná til þeirra landsvæða, sem hér sé um að tefla. Hins vegar séu mælingar og uppdrættir Björns Gunnlaugssonar, er hann hafi gert um eða fyrir miðja síðustu öld, afar mikilvægir. Þessir uppdrættir sýni hreppa- og sýslumörkin um Hítarvatn og upp úr dalbotninum. Samviskusemi og vandvirkni Björns Gunnlaugssonar hafi verið alþekkt. Hann hafi þar á meðal gert sér sérstakt far um, að hreppamörk væru rétt tilfærð. Í Landfræðisögu Þorvalds Thoroddsen (III. bindi, bls. 316) segi, að Björn Gunnlaugsson hafi sérstaklega „rannsakað sókna- og hreppamót". Í III. bindi Landfræðisögunnar, bls. 319, segi Thoroddsen, að Björn Gunnlaugsson hafi mælt og rannsakað suð-vestur landið „lang nákvæmast". „Til þess að

fá yfirlit um . . . hreppaskil . . . lét Bj. G. hreppstjóra og aðra kunnuga menn gjöra uppdrætti af sveitum þeirra, og lagfærði svo uppdrætti þessa . . .", og hafði til hliðsjónar við gerð aðaluppdráttarins.

Um uppdráttargerð Björns Gunnlaugssonar segi Þorvaldur Thoroddsen síðan, að þeir séu „furðulega góðir, gerðir af hinni mestu vandvirkni, og svo nákvæmlega, sem framast var unnt". Vekur sóknaraðili sérstaklega athygli á því, að sýslumörkin hafi verið yfirfarin og uppdrátturinn gefinn út alllöngu eftir að nýbýli var byggt við Tjaldbrekku í Hítardalsbotnum.

Árin fyrir 1875 hafi Kr. Kaalund verið hér á ferð, og þ. á m. á Mýrum. Hafi Kaalund gist í Hítardal og skoðað dalinn, sbr. Landfræðisögu Þorvalds Thoroddsen, IV. bindi, bls. 92. Kaalund taki hreppamerki Björns Gunnlaugssonar upp í bók sína: „Historisk topisk beskrivelse af Island, 1875", og telur lögmaður sóknaraðilja, að hann hafi vafalaust borið sig saman við kunnuga menn í hreppnum. Hið sama geri Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrverandi sýslumaður í Dalasýslu, í Árbók Ferðafélags Íslands 1953, er hann taki upp kort Björns Gunnlaugssonar og láti þess getið sérstaklega, að vesturmörk Mýrasýslu séu um Hítarvatn.

Þá vitnar sóknaraðili til þess, að á uppdrætti þeim, sem fylgt hafi Ferðabók Eggerts Ólafssonar 1772, hafi framangreindri hreppalínu verið fylgt upp úr Hítardalsbotninum.

Næst víkur sóknaraðili að uppdrætti Herforingjaráðsins, sbr. dskj. nr. 11. Uppdrættir þessir hafi upphaflega verið gerðir 1911 og hreppamörkin þá verið dregin eftir miðju Hítarvatni og um dalbotninn upp á Bjúg. Um merkjasetningu þessa hafi að sjálfsögðu verið farið eftir tilsögn kunnugustu manna, svo sem hreppstjóra, sem venjulegast hafi verið. Hraunhreppingar virðist aldrei hafa haft neitt við þessi hreppamörk að athuga. Ef svo hefði verið, hefðu þeir getað komið „leiðréttingum" á framfæri, þegar kortin voru endurskoðuð 1953. Víkur lögmaður stefnanda í þessu sambandi að framburði Ágústs Böðvarssonar hér fyrir dóminum, en hann var forstöðumaður Landmælinga Íslands á þessum tíma. Það komi fram á hinum endurskoðaða uppdrætti 1953, að sums staðar hafi hreppamörkum verið breytt frá því, sem var á kortinu frá 1911. Sérstaklega sé það eftirtektarvert, að hreppalínurnar austur frá Bjúgnum séu auðkenndar á kortinu: „Óviss mörk". Þetta sýni, að endurskoðunin hafi sérstaklega beinst að slíkum merkjasetningum milli byggðarlaga. Enn fremur vitnar sóknaraðili til korts, sem „War Office" gaf út árið 1940 eftir

dönsku korti frá 1933. Samkvæmt þessu korti eru hreppamótin sömu og á kortinu frá 1911.

Hreppsnefnd Hraunhrepps hafi aldrei hreyft athugasemdum né reynt að koma fram „leiðréttingum" á hreppamarkalínunni eins og hún sé dregin á þessum uppdráttum, enda hefði þá Landmælingastofnun Íslands látið þess getið, að mörkin væru umdeild eða óviss. Þetta verði ekki skilið á annan veg en að hreppsnefnd Hraunhrepps viðurkenni í raun og veru, að hreppslínan milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps sé rétt mörkuð á uppdrættinum. Og þar sem kort Landmælingastofnunarinnar séu (autoriseruð) opinber gögn, hljóti þau að hafa sönnunargildi sem slík, nema annað sé beinlínis sannað í einhverju einstöku tilfelli. Athugasemdir og rengingar hreppsnefndar Hraunhrepps nú, eftir 20—60 ár, séu auk þess allt of seint fram komnar, til þess að mark sé á þeim takandi.

Enn fremur vitnar sóknaraðili til uppdráttar, sem félagsmálaráðuneytið hafi látið gera, sbr. dskj. nr. 16, er sýni hreppa- og sýslumörk á öllu landinu 1967. Þar sé merkjalína Kolbeinsstaða- og Hraunhrepps mörkuð eftir Hítarvatni og upp úr. Uppdráttur þessi sé þó fremur ónákvæmur sakir mælikvarðans (1:1.000.000).

Lögmaður sóknaraðilja bendir á það, að árið 1787 hafi Kolbeinsstaðahreppur verið sameinaður Mýrasýslu, en skilinn frá henni aftur árið 1871. Kvaðst lögmaðurinn hafa gert víðtæka skjalaleit og gagnasöfnun í Þjóðskjalasafni, Handritasafni Landsbókasafns, Lovsamling for Island og forordningum og bréfasöfnum fyrri tíma, hvort orðið hafi einhver breyting á mörkum hreppanna við þetta, en sú leit hafi engan árangur borið.

Lögmaður sóknaraðilja vitnar til sýslu- og sóknarlýsinga Snæfellsness (Snæf. III), útg. 1970. Þar skrifi sr. Vernharður Þorkelsson, prestur til Hítarnesþings 1837—1852, ítarlega lýsingu Kolbeinsstaðasóknar. Í lýsingu hans segi m. a.: „ . . . Vatnshlíð, (og skilur hún að austanverðu milli Hnappdæla og Hítdæla)". Þar segi enn fremur, „ . . . Þröskuldardal, þar eru sókna- og sýsluskil milli Dala og Kolbeinsstaða." Þessar upplýsingar komi algerlega heim við það, sem haldið er fram af hálfu sóknaraðilja, og veiti einnig mikilsverða sönnun í þessu máli ásamt framangreindum gögnum.

Varðandi byggingu nýbýlisins Tjaldbrekku í Hítardalsbotnum, árin 1840—1891, bendir sóknaraðili á, að fyrsti ábúandi jarðarinnar hafi verið Sigurður Jónsson, maður úr Hörðudal, tengda-

faðir prófastsins sr. Þorsteins Hjálmarsens í Hítardal. Býli þetta hafi nú verið í eyði í 86—87 ár og engar líkur séu til, að það byggist á nýjan leik. Nýbýlingurinn hafi að öllum líkindum byggt þarna í skjóli tengdasonar síns, sr. Hjálmarsens. Landsskuldir hafi þeir Tjaldbrekkubændur engar greitt, enda megi ætla, að um fjallabýli þetta hafi yfirleitt verið farið eftir tilskipun 15. apríl 1776, nýbýlatilskipuninni. En vegna þess, að býlið hafi verið byggt í Hítardalskirkjulandi (en þó ekki Hítardalsjarðar) svo og vegna nafntengsla og loks persónulegra tengsla, eins og fyrr getur, virðist Hítardalsprestur og ef til vill fleiri Hraunhreppingar hafa farið að líta svo á, að býlið væri þar með í sama hreppi og Hítardalur, enda þótt ekki reyndi neitt á það né heldur væri gerð gangskör að því að fá það staðfest með cansellíbréfi eða síðar landshöfðingjabréfi. Ekkert muni hafa verið lagt af hreppsfé til Tjaldbrekkubænda, þannig að ekki liggi fyrir eða hafi á það reynt, hvort þeir teldust sveitlægir í Hraunhreppi. Á hinn bóginn muni heldur ekki hafa verið um opinberar álögur að ræða (nema ef til vill kirkjutíund). Sáttastarf Sigurðar Jónssonar, frumbyggja Tjaldbrekku, hafi heldur ekki verið búsetubundið og geri hér hvorki til né frá (prófasturinn hafi sett tengdaföður sinn í þetta) (tilskipun 10/7 1795, 54. gr.). Annars hafi Tjaldbrekkubændur vafalaust haft miklu meiri samskipti við Kolhreppinga heldur en Hraunhreppinga, enda skemmst til bæja þangað og greiðfærast.

Varðandi afsalið frá 27. júní 1919, er landsjóður afsalar hreppsnefnd Hraunhrepps afréttarlandinu, fjalllendi Hítardals, sem hreppurinn hafði haft á leigu, „til afnota sem afréttarland með öllum gögnum og gæðum", þá heldur sóknaraðili því fram, að þetta afsal muni engin áhrif hafa á hreppamörk á þessu svæði og ekki sé tekin nein afstaða eða ábyrgð á landamerkjum þessa afréttarlands í afsalinu.

Að endingu er til þess vitnað af hálfu sóknaraðilja, að hinn 5. október 1967 hafi komið saman til fundar að Lindartungu í Kolbeinsstaðahreppi matsnefnd um skiptingu kostnaðar af girðingu „á mörkum landeigenda í Kolbeinsstaðahreppi og afréttarlands Hraunhrepps". Nefndin hafi verið tilnefnd af Búnaðarfélagi Ísland og sýslumönnum Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Fundinn hafi enn fremur setið oddvitar beggja hreppanna, Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps. Á fundinum hafi formaður matsnefndarinnar vakið athygli á því, að umrædd girðing (vestan Vatnshlíðar milli hennar

og Hróbjargarstaða), „mundi ekki liggja á skráðum sýslumörkum.“ Við þessu hafi engum andmælum verið hreyft af hálfu Hraunhreppinga, sem þvert á móti samþykktu, að um „fjallskilamörk“ væri að ræða. Í þessu hafi falist mikilsverð viðurkenning af hendi Hraunhreppinga, sú að Vatnshlíðin væri þannig vestan hreppamarka Hraunhrepps og þess vegna innan vébanda Kolbeinsstaðahrepps. En hreppamörk og fjallskilamörk þurfi að sjálfsögðu ekki að fara saman og geri það reyndar sjaldnast.

Málsástæður og lagarök Hraunhrepps.

Lögmaður varnaraðilja bendir á, að í afsali til Hraunhrepps fyrir afréttarlandinu frá 27. júní 1919 segi, að sýslunefnd hafi ekkert haft við söluna að athuga. Undanskilin hafi þó verið námuréttindi, fossafl og varp og veiði í Hítarvatni, en veiðirétt fyrir afréttarlandinu hafi Hraunhreppur leyst til sín nokkru eftir 1950. Ekki sé þess getið í afsalinu, hverja sýslunefnd sé átt við, en væntanlega muni átt við sýslunefnd Mýrasýslu. Samkvæmt þessu sé ljóst, að Kolhreppingar hafi hvorki sóst eftir landsvæði þessu né talið sig eiga neinn rétt til þess, svo sem upprekstrarrétt, þar sem salan hafi ekki sætt neinum mótmælum af þeirra hálfu og forkaupsréttar eigi verið krafist. Jafnvel þótt sannað væri, að einhver mótmæli hafi komið fram á árinu 1919, hafi þeim á engan hátt verið fylgt eftir, en Hraunhreppur hafi frá þeim tíma skilyrðislaust verið eigandi landsvæðisins. Hafi hreppurinn nytjað landið eftir geðþótta og farið með það að öllu leyti sem sína eign, þar á meðal þinglýst landamerkjum á árinu 1924. Verði þess vegna að telja, að hreppamörk séu nú eftir 50 ár með þeim hætti sem Hraunhreppur geri kröfu til, þótt ekkert annað kæmi til en unnin hefð og það jafnt þótt hreppamörk hafi til forna verið á þá leið, sem sóknaraðili haldi fram, en því sé eindregið mótmælt. Landsvæðið hafi alla tíð, síðan hreppurinn keypti það, verið metið með ábýlisjörðum í Hraunhreppi til fasteignamats, en ekki í Kolbeinsstaðahreppi. Kolbeinsstaðahreppur hafi aldrei lagt nein opinber gjöld á þessa landareign fyrr en á árinu 1972. Í fasteignamati 1942 séu Hróbjargarstaðir og Hítardalsvellir metnir sem afréttarland í Kolbeinsstaðahreppi, en ekki Vatnshlíð eða Hítarvatn. Sé greinilegt, að á þeim tíma hafi Kolhreppingar litið svo á, að umrætt afréttarland væri ekki innan Kolbeinsstaðahrepps.

Þá telur lögmaður varnaraðilja, að eldri heimildir en Jarða-

bók Árna Magnússonar og Páls Vídalín hafi lítið gildi sem sönnunargögn í máli þessu, og mótmælir þeim ályktunum, sem sóknaraðili dregur af þeim. Hann telur sóknaraðilja fara villan vegar, þegar hann telji býlin fyrir botni Hítardals, Gínanda og Bjúgskot, hafa átt eðlilegri samleið með Kolbeinsstaðahreppi en Hraunhreppi. Býlið Hólmur, sem minnst sé á í Jarðabók Arna og Páls, hafi verið í byggð á svipuðum tíma og nefnd býli. Enginn vafi sé á því, að Hólmur hafi tilheyrt Hraunhreppi eins og Hítardalsstaður sjálfur, enda fornt eyðibýli úr staðarins landi. Hafi því Gínandi og Bjúgskot frekar átt samleið með Hraunhreppi en Kolbeinsstaðahreppi. Engar heimildir hafi sóknaraðili fært fram fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að Hólmsland hafi fljótlega gengið undan Hítardalsjörð, enda gangi sú fullyrðing í berhögg við jarðabókina. Enn fremur komi það skýrt fram í riti Guðlaugs Jónssonar, að Tjaldbrekka sé byggð úr Hítardalslandi. Hafi jörð þessi verið í byggð í full 50 ár og ávallt verið talin til Hraunhrepps, á meðan hún var í byggð. Hnekki það verulega forsendum þeim, sem sóknaraðili byggi á, og megi einnig benda á, að í Jarðabók Erichsen sé Bjúgskot sagt vera „i Dalen som gaar frem fra staden Hitterdal". Einnig sé rétt að benda á, að samkvæmt Jarðabók Árna og Páls eigi Kolbeinsstaðahreppur engan afrétt, svo menn viti, en brúki upprekstur fyrir lömb og geldfé í fjöllin milli Hítardals og Hnappadals í lönd þeirra jarða, er þar liggi, „bæði sunnan, neðan og utan", og því fé safnað til Kaldárbakkaréttar í Hraunsmúlalandi.

Varnaraðili mótmælir því, að í fyrrgreindri matsgerð varðandi girðingu á afréttarmörkum sé viðurkenning af hálfu Hraunhrepps á þá leið, að Vatnshlíðin sé vestan hreppamarka Hraunhrepps. Með tilvitnun til 6. gr. laga nr. 10/1965 beri matsgerð þessi þvert á móti með sér, að bæði hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps og sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu viðurkenni hreinlega, að hreppamörk séu þau hin sömu og varnaraðili geri kröfu til. Sýslumennirnir hafi tilnefnt hvor sinn mann og stjórn Búnaðarfélags Íslands oddamann, en það eigi þeir aðeins að gera, ef væntanleg girðing liggi á mörkum lögsagnarumdæma. Sé viðurkennt, að sýslumörkin liggi á þessum stað, hljóti hreppamörkin að vera þar einnig. Báðir aðiljar hafi samþykkt nefndarskipunina og það þótt formaður nefndarinnar hafi bent á hugsanlega vankanta.

Varnaraðili telur, að út af fyrir sig verði ekkert ráðið af landabréfum. Þau séu jafnmikils virði og þeir heimildarmenn, sem

kortagerðarmenn hafi fengið upplýsingar frá. Ekkert liggi fyrir um áreiðanleika framlagðra korta að þessu leyti.

Loks telur varnaraðili, að sýkna beri vegna aðildarskorts sóknaraðilja. Bæði verði sýslan sem slík að gera sjálfstæðar kröfur og auk þess heyri undir félagsmálaráðuneyti að taka ákvörðun um hreppamörk.

Niðurstaða dómsins.

Dómurinn lítur svo á, að hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps sé réttur sóknaraðili þessa máls. Bæði sýslunefnd Mýrasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafa látið gæta réttar síns í málinu.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín um Hnappadalssýslu, sem gerð var 21. og 22. júní að Staðarhrauni í Hraunhreppi árið 1709 og 25. og 26. s. m. að Hítardal að samankölluðum almúganum „um sérhverja jörð", eru eyðibýlin, Bjúgskot og Gínandi, lengst fram í Hítardal, bæði talin til Kolbeinsstaðahrepps. Sama máli gegnir um Jarðabók Skúla fógeta Magnússonar 1760—1769 svo og Jarðabók Ludvig Erichsen 1804—1806.

Á uppdrætti þeim, er fylgdi Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá 1772, eru hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps dregin um Hítarvatn. Á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar, sem mældur var um eða fyrir miðja 19. öld og gefinn út 1875, er hreppamarkalínan enn fremur dregin um Hítarvatn og upp úr dalbotninum. Sama máli gegnir og um uppdrætti Herforingjaráðsins, er upphaflega voru gefnir út 1911 og endurskoðaðir 1953. Svo og á uppdrætti þeim, er „War Office" gaf út 1940 eftir dönskum uppdrætti frá 1933.

Samkvæmt öllum þessum gögnum, sem eru opinber skjöl, verður að telja nægilega sannað, að hreppamarkalínan milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps hafi legið um Hítarvatn og upp dalbotninn.

Tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 (Tíðindi um stjórnarmálefni, III., bls. 402) heimilar landshöfðingja að breyta hreppaskipan að fengnu samþykki viðkomandi hreppsnefnda og álitsgerð sýslunefndar, en hún geymir ekki önnur ákvæði um hreppa- eða sýslumörk. Með sveitarstjórnarlögum frá 10. nóvember 1905 verður að telja, að lögleidd hafi verið sú hreppa- og sýslnaskipan ásamt mörkum þessara umdæma, er talin var rétt við gildistöku laganna, án tillits til þess, hvort sú skipan hefði áður verið staðfest með lagasetningu eða stjórn-

valdsákvörðun eða ekki, því að í 1. gr. þeirra laga segir svo: „Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.“

Engar heimildir liggja fyrir um það, að hreppamörkum Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps hafi verið breytt síðar, sbr. bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 7. apríl 1978, enda hefði til þess þurft lagasetningu að því er sýslumörkin varðar, sbr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóvember 1905 og síðar 2. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1927 og nú 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961.

Þá ber einnig að hafa í huga, að merki þessi falla vel að náttúrulegum aðstæðum á þessum slóðum og eru því í samræmi við hugmyndir manna, bæði fyrr og síðar, um það, hvernig náttúrulegar aðstæður greini á milli sveita og héraða.

Stofnun býlisins Tjaldbrekku við innanvert Hítarvatn megnar ekki að breyta framangreindum hreppamörkum, enda ekki einu sinni vitað um merki býlisins. Sama máli gegnir um afsal landsjóðs frá 27. júní 1919 til Hraunhrepps á afréttarlandinu, fjalllendi Hítardals, þar sem engra landamerkja er getið. Síðari afréttarnot Hraunhrepps af fjalllendi þessu eða innlausn hreppsins á veiðiréttindunum leiða heldur ekki til þess, að hreppamörk hafi breyst fyrir hefð, eins og haldið er fram af hálfu Hraunhrepps, enda er hér um stjórnarfarsleg mörk að ræða, sem falla utan sviðs hefðarlaga nr. 46 frá 10. nóvember 1905.

Ekki verður heldur fallist á, að orð og athafnir í sambandi við störf fyrrgreindrar matsnefndar samkvæmt 6. gr. girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965 breyti framangreindum mörkum milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir mega taka kröfur sóknaraðiljans um hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps til greina.

Eins og mál þetta er vaxið og samkvæmt heimild í 178. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málskostnaður sóknaraðilja, Kolbeinsstaðahrepps, ákveðst kr. 847.840 og greiðist úr ríkissjóði.

Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni sóknaraðilja, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 600.000 í talsmannslaun.

Málsvarnarlaun Hraunhrepps ákveðast kr. 685.620 og greiðast úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni Hraun-

hrepps, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 600.000 í talsmannslaun.

Með úrskurði, uppkveðnum 27. júní 1975, vék Friðjón Þórðarson, þáverandi sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sæti í máli þessu.

Hinn 17. október 1975 var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til þess að fara með mál þetta. Hefur hann dæmt þetta mál ásamt meðdómsmönnunum dr. Gauki Jörundssyni prófessor og Lýði Björnssyni sagnfræðingi.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu. Stafar hann af önnum dómenda svo og því, að mál þetta er viðamikið og vandasamt.

Dómsorð:

Staðfest er með dómi réttarins, að hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps séu sem hér segir: Frá ósi (upptökum) Hítarár úr Hítarvatni eftir miðlínu vatnsins — (miðjum ál milli bakka), — í ós ár þeirrar, er kallast Þröskuldardalsá og fellur í vatnið sunnan eða austan við Tjaldbrekku, og því næst eftir dalbotninum svo sem á þessi rennur, þar til í hana fellur gil úr vestanverðum Svínbjúg, sem gömul umferðarleið vestur í Hörðudal liggur meðfram, fylgi þá merkin gili þessu upp á vatnaskil á Bjúgnum, þar til þau koma að löndum eða afréttum Hörðdæla.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðilja, Kolbeinsstaðahrepps, kr. 847.840, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni sóknaraðilja, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 600.000 í talsmannslaun.

Gjafvarnarkostnaður varnaraðilja, Hraunhrepps, kr. 685.620, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni varnaraðilja, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 600.000 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. nóvember 1982.

Nr. 154/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórur Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Eiríki Stefánssyni
(Haraldur Blöndal hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Guðjón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu er áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 28. maí 1982. Af hálfu ákæruvalds er krafist þyngingar refsingar. Fallið hefur verið frá tilvitnun til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, í ákæru 5. október 1981.

Ágrip málsskjala barst Hæstarétti 23. september sl.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsiákvæða umferðarlaga svo og niðurstöður dómsins að öðru leyti en því, að refsing þykir hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Stefánsson, sæti varðhaldi 3 mánuði.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 5. apríl 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er höfðað af ríkissaksóknara með tveimur ákæruskjölum, dagsettum 5. október 1981 og 3. febrúar 1982, á hendur Eiríki Stefánssyni, Skólavegi 62, Búðum í Fáskrúðsfirði, fæddum 27. mars 1950 í Fákrúðsfirði. Ákærur þessar hafa verið sameinaðar.

Ákæra, dagsett 5. október 1981.

Ákærði er saksóttur „fyrir að aka aðfaranótt miðvikudagsins 17. júní 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni G 10176 heiman frá sér að verbúð H.F.F.B við Hafnargötu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr.umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Í ákæru, dagsettri 3. febrúar 1982, er ákærði saksóttur „fyrir að aka laugardaginn 12. desember 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni U 1174 frá Skólavegi 44 í Búðakaupstað, um götur þorpsins, þar til bifreiðin festist í skafli á Búðavegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

II.

Ákæra, dagsett 5. okóber 1981.

Miðvikudaginn 17. júní 1981, kl. 0500, hringdi Sveinn Sigmundsson til lögreglunnar á Fáskrúðsfirði og tilkynnti henni, að ákærði væri ölvaður við akstur bifreiðarinnar G 10176. Benedikt Helgi Benediktsson, lögreglumaður þar, hóf þegar leit að bifreiðinni og fann hana mannlausa við verbúð Hraðfrystihúss Fáskrúðsfirðinga. Handtók Benedikt ákærða skömmu síðar á heimili Arnar Aðalsteinssonar, Hamarsgötu 12, og færði hann til heilsugæslulæknisins á Fáskrúðsfirði. Var blóðsýni tekið úr

ákærða kl. 0525. Ekki var unnt að taka skýrslu af ákærða sökum ölvunar hans, og var hann vistaður í fangageymslum lögreglunnar á staðnum.

Vitnið Sveinn Sigmundsson, Gestsstöðum, Fáskrúðsfjarðarhreppi, 21 árs, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi verið í bifreið ákærða, G 10176, ásamt þeim ákærða og Sveini Orra Harðarsyni greinda nótt og hafi Sveinn Orri ekið um þorpið. Hafi verið ekið um þorpið í á að giska þrjá stundarfjórðunga. Hafi Sveinn Orri þá viljað hætta akstri og hafi hann lagt bifreið ákærða í bifreiðastæði við hemili ákærða, Skólavegi 62. Hafi ákærði gripið í stýri bifreiðarinnar, er Sveinn Orri ætlaði að beyja bifreiðinni inn í bifreiðastæðið, og hafi ákærði viljað beina bifreiðinni áfram eftir Skólavegi og ekki viljað, að Sveinn Orri hætti akstri. Hafi Sveini Orra tekist að taka á móti ákærða og sveigja bifreiðinni inn í stæðið. Hafi Sveinn Orri tekið lyklana úr kveikjulási bifreiðarinnar, en ákærði hafi þá ráðist á Svein Orra, vöðlað honum undir sig í framsætinu og náð af honum billyklunum.

Hafi Sveinn Orri náð að komast út úr bifreiðinni og hafi hann þá tekið svo til orða, að honum væri svo sem sama, þó ákærði dræpi sig á bifreiðinni. Hafi vitnið reynt að fá ákærða ofan af því að aka bifreiðinni, en það hafi ekki tekist. Hafi ákærði ekið bifreiðinni aftur á bak út úr stæðinu, spólað bifreiðinni af stað og ekið henni hratt út Skólaveginn.

Vitnið kvaðst hafa verið lítillega undir áhrifum áfengis. Vitnið sagði, að sér hefði virst ákærði vera nokkuð drukkinn þarna, en þó ekki ofurölvi.

Vitnið Sveinn Orri Harðarson, 19 ára, Hlíðargötu 32, Búðahreppi, hefur skýrt svo frá, að það hafi ekið ákærða ásamt fleira fólki á dansleik á Stöðvarfirði greinda nótt á bifreið ákærða. Hafi ákærði þá verið nær ofurölvi. Hafi fólkið farið út úr bifreiðinni á Fáskrúðsfirði, en vitnið hafi síðan farið að aka ákærða um götur Búðakauptúns. Hafi Sveinn Sigmundsson komið í bifreiðina til þeirra.

Er vitnið hafi lokið akstri á bifreiðastæði við heimili ákærða, ætlaði það út úr bifreiðinni. Hafi ákærði þá ýtt við vitninu og hrifsað til sín lykla bifreiðarinnar. Hafi Sveinn Sigmundsson reynt að fá ákærða ofan af því að aka bifreið sinni, en þegar það tókst ekki, sagðist Sveinn ætla heim til sín að kalla til lögreglu. Hafi vitnið hlaupið á eftir Sveini, en séð þá, hvar ákærði ók bifreið sinni aftur á bak út úr bifreiðastæðinu og ók henni út

Skólaveginn, en bifreiðin hvarf sjónum vitnisins við pósthúsið á Skólavegi.

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði mældist 2.65‰ alkóhól í blóðsýni því, er tekið var úr ákærða.

Er ákærði kom fyrir dóm 7. september sl., kvaðst hann hafa verið mjög drukkinn greinda nótt og myndi hann ekkert eftir sér umrædda nótt frá því á dansleik á Stöðvarfirði þar til hann var heima hjá Erni Aðalsteinssyni. Er ákærða var birt ákæran 2. mars sl., kvaðst hann lítið muna eftir atvikalýsingu í ákæruskjali, en kvaðst þó muna til þess að hafa verið við akstur bifreiðar sinnar þessa nótt.

Með framburðum vitna, framburði ákærða sjálfs og niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýni úr ákærða er sannað, að ákærði hafi greinda nótt ekið bifreið sinni, G 10176, undir áhrifum áfengis frá heimili sínu Skólavegi 62, Búðahreppi, og um götur Búðakauptúns, en ákærði var þá sviptur ökuréttindum ævilangt.

Varðar þessi háttsemi ákærða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, eins og í ákæruskjali greinir.

Ákæra, dagsett 3. febrúar 1982.

Í skýrslu, dagsettri 12. desember 1981, skýrir Benedikt Helgi Benediktsson lögreglumaður svo frá, að hann hafi komið að bifreiðinni U 1174 fastri í snjóskafli á Búðavegi í Búðakauptúni um kl. 1050 þann dag. Svaf ákærði undir stýri bifreiðarinnar. Var ákærði færður á lögreglustöð staðarins, þar sem Benedikt tók skýrslu af honum á varðstjóraskýrluform. Tók heilsugæslulæknirinn á Fáskrúðsfirði blóðsýni úr ákærða á lögreglustöðinni, en ákærði var að því loknu vistaður í fangageymslu lögreglunnar, en var látinn laus kl. 1430 sama dag.

Í varðstjóraskýrslu lýsir Benedikt lögreglumaður ástandi og útliti ákærða þannig: Áfengisþefur af andardrætti: Sterkur. Andlit: Þrútið (Rjóður). Framkoma: Æstur, þrætugjarn. Augu: Rauð, blóðhlaupin. Jafnvægi: Mjög óstöðugt. Málfar: Þvöglulegt. Framburður: Ruglingslegur. Í skýrslu þessari neitar ákærði að hafa verið við akstur bifreiðarinnar, en kveðst hafa drukkið mjög mikið af íslensku brennivíni í bifreiðinni með kunningjum sínum frá kl. 1800 til kl. 1130 (sic.). Ákærði kveðst hafa sofið í mesta lagi 10 mínútur um nóttina.

Vitnið Pétur Einar Pétursson, 19 ára, Skólavegi 44, Búðum, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið við víndrykkju heima hjá sér þá um nóttina ásamt ákærða og fleira fólki. Vitnið kvaðst hafa verið mjög ölvað. Hafi fólkið farið að sofa um kl. 0700, en ákærði hafi þá gengið út úr húsinu og út í bifreið sína, er stóð við húsið. Hafi vitnið farið á eftir ákærða út í bifreiðina og hafi ákærði ekið af stað. Hafi ákærði ekið um kauptúnið, en vitnið mundi ekki, hversu lengi ökuferðin stóð yfir. Vitnið kvaðst hafa vaknað í bifreiðinni, er bjart var orðið af degi, og var bifreiðin þá kyrrstæð í kanti Búðavegar við brúna.

Vitnið kvað þá ákærða hafa neytt áfengis, á meðan ökuferðin stóð yfir. Það kvaðst vita, að ákærði var ölvaður við aksturinn, en kvaðst ekki geta tjáð sig nánar um ölvunarástand ákærða, því það hefði sjálft verið ölvað.

Vitnið Kristmann Dan Jensson, 39 ára, Hamarsgötu 3, Búðum, skýrði svo frá fyrir dómi 2. mars sl., að einhvern tíma í desember sl. hefði það ekið í bifreið sinni ofan við bræðsluna á Búðum og hafi sonur vitnisins, Jens Dan, verið í bifreiðinni með vitninu. Hafi vitnið séð ákærða aka bifreið sinni á móti bifreið vitnisins. Vitnið kvaðst hafa farið heim til sín og reynt að ná til lögreglu, þar eð það vissi, að ákærði hafði ekki ökuréttindi.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð, hvort ákærði var ölvaður við aksturinn.

Vitnið fór heiman að frá sér að svipast um eftir lögreglu. Hafi það þá séð bifreið ákærða fasta í snjóskafli við brúna á Búðavegi, og var ákærði sofandi undir stýri bifreiðarinnar.

Vitnið Jens Dan Kristmannsson, 16 ára, Hamarsgötu 3, Búðum, hefur borið, að laugardagsmorgun einn í desember sl. hafi það verið með föður sínum í bifreið hans á Skólavegi. Hafi þeir þá séð ákærða aka bifreið sinni á móti þeim. Hafi faðir vitnisins ekið heim til þeirra og reynt að ná til lögreglu. Hafi faðir vitnisins síðan ekið vitninu á vinnustað þess.

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði mældist yfir 3‰ alkóhól í blóðsýni því, er tekið var úr ákærða.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann myndi ekki til þess að hafa ekið bifreið sinni í greint sinn.

Sannað er með framburðum vitna og niðurstöðum alkóhólrannsóknar á blóðsýni úr ákærða, sem eru studdar öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er saksóttur fyrir í ákæruskjali. Ákærði er ekki í ákæru saksóttur

fyrir brot gegn áfengislögum. Varðar háttsemi ákærða við þau ákvæði umferðarlaga, er vísað er til í ákæru.

III.

Samkvæmt sakavottorði sínu hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1975 14/3 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum og lögreglusamþykkt.

1975 13/11 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga og 106 gr., 2. mgr., hegningarlaga.

1976 12/8 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 55.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 159. gr. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 9. mars 1976.

1977 15/2 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1977 9/6 í Suður-Múlasýslu: Dómur: 60 daga varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 22. apríl 1977.

1977 25/10 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1977 12/7 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga.

1978 22/8 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga.

1980 24/9 í Suður-Múlasýslu: Dómur: 30 daga varðhald fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 8. desember 1980.

1980 13/11 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Í framangreindum dómi sakadóms Suður-Múlasýslu frá 24. september 1980 var ákærði sakfelldur fyrir 2 brot gegn áfengislögum og umferðarlögum. Ákveða ber refsingu ákærða með hliðsjón af 71. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir hún hæfilega ákveðin varðhald 60 daga.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:
Ákærði, Eiríkur Stefánsson, sæti varðhaldi í 60 daga.
Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Miðvikudaginn 1. desember 1982.

Nr. 170/1982. **Pétur Einarsson**
gegn
Póstgíróstofunni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 2. desember 1982.

Nr. 12/1981. **Pétur Friðrik Sigurðsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Guðmundi Axelssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Synjað um innsetningargerð. Málverk.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1981. Krefst áfrýjandi þess, að hin umbeðna fógetagerð nái fram að ganga og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um lögreglurannsókn og vitnamál á bæjarþingi Reykjavíkur, sem fram fóru, eftir að hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp.

Þó að þess sé ekki sérstaklega getið í gerðarbeiðni áfrýjanda eða greinargerð fyrir Hæstarétti, hlýtur beiðni hans um beina fógetagerð að styðjast við almenna réttarfarsreglu, sem m. a. hefur stoð í N. L. VI-14-6, að maður megi beita fógetaaðgerð, er hann þarf nauðsynlega að ná umráðum eða handhöfn með skjótum hætti, ef það liggur fyrir, að hann eigi augljósan rétt og aðför mætti gera samkvæmt 12. gr. og aðalefni 13. gr. laga nr. 19/1887 um aðför, hefði hann farið þá leið að afla sér dóms um skyldu gagnaðilja.

Í máli þessu deila eigandi listaverks og höfundur þess um það, hvort listaverkinu hafi verið breytt þannig, að með því hafi verið gengið á rétt höfundar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Skilyrðum framangreindrar réttarfarsreglu um ótvíræðan rétt gerðarbeiðanda er ekki fullnægt í máli þessu, enda önnur réttafarsúrræði tiltæk.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 1. desember 1980.

Gerðarbeiðandi hefur gert þær kröfur skv. rskj. nr. 1, að framkvæmd verði innsetning í málverk eftir gerðarbeiðanda, nefnt „Landslag", olíumálverk, ca 100x130 cm, málað af honum í Grafningi 1944 eða 1945. Við munnlegan málflutning gerði lögmaður gerðarbeiðanda orðalagsbreytingu á þessari kröfugerð.

Krefst hann þess, að gerðarbeiðanda verði afhent málverkið til þess að eyðileggja það undir eftirliti fógeta, en til vara, að fógeti framkvæmi innsetningu í téð málverk og eyðileggi það. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati dómsins.

Gerðarþoli, Guðmundur Axelsson, gerir þær dómkröfur, að synjað verði um innsetningu, auk þess krefst hann málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 25. nóvember sl.

Málavextir.

Á rskj. nr. 1 skýrir gerðarbeiðandi svo frá málavöxtum:

„Einhver aðili mun hafa átt málverk þetta og síðan í haust falið málverkið Guðmundi Axelssyni, listaverkasala, í Klausturhólum, Laugavegi, Reykjavík. Málverk þetta mun hafa verið í bruna, og höfðu komið á málverkið litlar bólur af hita, sem sprungu við snertingu. Málverkinu var ráðstafað til „viðgerðar" hjá Benedikt Gunnarssyni, listmálara. Benedikt „gerði við" málverkið þannig, að málað hefur verið í málverkið, í sumum tilvikum með öðrum litum, og hefur Benedikt þannig málað málverkið upp og afskræmt listaverk umbj. míns með þeim hætti, að ekki er um sama verk að ræða. Þetta er allt gert án leyfis. Málverkið, svo breytt, var síðan á söluskrá uppboðs Klausturhóla 25. sept. sl., og sá umbj. minn málverkið þar. Hann mótmælti því, að verk þetta yrði selt svo breytt, og var verkið tekið af uppboðsskrá.

Lögmaður Péturs hafði símasamband við Guðmund í Klausturhólum, sem kvaðst sjálfur eiga verkið og myndi eyðileggja það. Hann neitaði því, að lögmaður fengi að sjá verkið eða að hann fengi einhverja sönnun fyrir eyðileggingu þess. Í framhaldi af því ritaði lögmaðurinn Guðmundi bréf, dags. 9. 10. 1980, þar sem sömu kröfur voru gerðar og í símtalinu. Því bréfi var eigi svarað."

Í greinargerð sinni á rskj. nr. 6 skýrir lögmaður gerðarþola svo frá málavöxtum:

„Málavextir eru í stuttu máli þeir, að umbjóðandi minn tók á s.l. sumri í umboðssölu olíumálverkið „Landslag" eftir gerðarbeiðanda. Málverkið var illa farið, bæði flagnað og bólótt, þar sem það hafði lent í hita. Umbjóðandi minn tók að sér að hafa milligöngu um að fá gert við málverkið. Hann talaði við gerðar-

beiðanda, sem skoðaði málverkið og lofaði að gera við það og kvað það ekki myndu kosta mikið. Síðan liðu nokkrir mánuðir, og talaði umbj. minn hvað eftir annað við gerðarbeiðanda, sem jafnoft lofaði að gera við, en stóð aldrei við það. Þáverandi eigandi málverksins talaði að lokum sjálfur við gerðarbeiðanda, en hann hafði þá skyndilega snúið við blaðinu og kvaðst ekkert vilja nærri viðgerðinni koma.

Þann 25. september 1980 átti að fara fram málverkauppboð á vegum Klausturhóla, einkafyrirtækis umbjóðanda míns. Vegna dráttar og síðan neitunar gerðarbeiðanda á að gera við málverkið og vegna óska eiganda um, að gert yrði við það og það selt á þessu uppboði, var brugðið á það ráð að leita til Benedikts Gunnarssonar, listmálara og teiknikennara, um viðgerð á málverkinu. Hann gerði við málverkið og notaði við það sömu liti og það hafði upphaflega verið málað með. Hann gerði engar breytingar hvorki á myndbyggingu né litum frá því sem upphaflega var. Málverkið var síðan sett á uppboðsskrá nefnds uppboðs. Þegar gerðarbeiðandi sá málverkið eftir viðgerð, mótmælti hann og kvað verkinu hafa verið breytt. Ákvað umbjóðandi minn þá til þess að afstýra leiðindum að fjarlægja verkið af uppboðinu. Til þess að frýja eiganda tjóni keypti hann málverkið síðan af honum og er nú lögmætur eigandi þess. Hann hefur neitað að afhenda málverkið eða eyðileggja það."

Málsástæður og lagarök.

Lögmaður gerðarbeiðanda hefur bæði á rskj. nr. 1 svo og við munnlegan málflutning bent á 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1972 (höfundalög), en þar sé sagt óheimilt að breyta verki höfundar o. s. frv. Samkvæmt 54. gr. laganna, 2. tl., varði brot á 2. mgr. 4. gr. sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

Í greinargerð með lögunum segi um 2. mgr. 4. gr., að breyting á listaverki megi ekki vera til þess fallin að skerða höfundareinkenni um form og efni og gildi einu, hvort breytingin sé almennt talin vansæmandi (brot á „droit moral") fyrir listamanninn og höfundarréttarhafa. Þá hefur hann haldið því fram, að hér sé ekki um lagfæringu eða viðgerð á nefndu málverki að ræða, heldur breytingu, sem heyri undir 4. gr. nefndra laga.

Samkvæmt þessu og synjun eiganda og/eða vörslumanns málverksins sé talin nauðsyn á því að fá innsetningu í verkið til þess að afstýra ráðstöfun þess eða sýningu og til þess í framhaldi af því að fá verkið afhent til eyðileggingar.

Lögmaður gerðarþola segir í greinargerð sinni, að ekkert banni eigendum listaverka að láta gera við þau, ef þörf krefji. Sé mikið um viðgerðir málverka bæði á yngri og eldri málverkum hérlendis sem erlendis. Ekki verði séð, að neitt leyfi viðkomandi listamanna þurfi til viðgerða. Það sé allt önnur saga, að óheimilt sé að breyta verki höfundar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga 73/1972. Í þessu máli hafi engar sönnur verið færðar á því, að nefndu málverki hafi verið breytt, og sé því harðlega mótmælt, að svo hafi verið. Eigi úrlausn þessa atriðis ekki undir fógetarétt og sé því mótmælt kröfu gerðarbeiðanda um vettvangsgöngu, vitnayfirheyrslur, matsgerðir og sérfróða meðdómsmenn, þar sem það heyri til efnisúrlausnar, sem fógetarétti séu óviðkomandi. Og jafnvel þótt málverkinu hafi verið breytt, sem alls ekki sé, þá skorti með öllu lagaheimild til þess, að gerðarbeiðandi geti fengið sig settan inn í lögmæta eign gerðarþola með beinni fógetagerð.

Beinar fógetagerðir séu heimilaðar taldar innan þröngra marka og að uppfylltum tilteknum skilyrðum, en um slíkt sé ekki að ræða í þessu tilviki. Höfundalögin nr. 73/1972 geymi engin ákvæði um heimild höfundar, sem telur verki sínu hafa verið breytt, til að fá sig settan inn í það til að afstýra ráðstöfun þess eða sýningu eða til að fá það afhent til eyðileggingar. Verði hann að leita hugsanlegra leiða eftir öðrum leiðum. Sýnist því augljóst, að skilyrði skorti fyrir innsetningu gerðarbeiðanda í nefnt málverk í eigu gerðarþola.

Krafa um málskostnað sé byggð á því, að gerðarþoli eigi ekki að bera kostnað af svo þarflausri málssókn, sbr. meginreglu 177. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Niðurstaða.

Ekki hefur annað komið fram í máli þessu en að umrætt málverk sé nú eign gerðarþola. Ekki verður talið, að lög nr. 73/1972, einkum 2. mgr. 4. gr., sbr. 54. gr., 2. tl., eða aðrar ástæður leiði til þess, að gerðarbeiðandi geti með beinni fógetagerð fengið afhent þessa eign gerðarþola.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

Þorkell Gíslason borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin gerð fer ekki fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 100.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. desember 1982.

Nr. 86/1980. **Þórhallur Þorsteinsson og Broddi Bjarnason** (Páll S. Pálsson hrl.) gegn **Þór Kröyer** (Gestur Jónsson hrl.).

Verksamningur. Vextir. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 9. júní 1980 og gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnda. Einnig krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að vextir verði dæmdir 35% ársvextir frá 1. júní 1980 til 1. júní 1981, 34% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 42% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjendur fallið frá frávísunarkröfu og bera ekki fyrir sig, að málið heyri undir gerðardóm.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að krafa stefnda sé ekki fyrnd. Málið var þingfest á bæjarþingi 13. mars

1979, en ekki sést af héraðsdómsstefnu, hvenær hún var birt. Síðustu greiðslur upp í kaupverð bátsins voru samkvæmt gögnum máls inntar af hendi í apríl, maí og ágúst 1975.

Kostnaðaráætlun um vélbátinn, dagsett 23. febrúar 1974, sem í héraðsdómi greinir, var að fjárhæð 4.527.114 gamlar krónur. Þessi fjárhæð var lögð til grundvallar lánveitingum úr Fiskveiðasjóði Íslands og Byggðasjóði. Aðiljar eru sammála um, að þessa kostnaðaráætlun beri að leggja til grundvallar sem kaupverð bátsins um annað en vexti, með þeirri breytingu, að vegna samlagningarskekkju eigi fjárhæðin að vera 4.553.604, en ekki 4.527.114 gamlar krónur. Í áætlun þessari eru „vextir á byggingartímanum" tilgreindir 160.000 gamlar krónur. Áfrýjendur halda því fram, að þessi vaxtaáætlun hafi verið endanlega um samin vaxtafjárhæð vegna smíði bátsins. Stefndi heldur því aftur á móti fram, að hér hafi ekki verið um endanlega upphæð að ræða, heldur hafi áfrýjendur átt að greiða alla vexti, sem hann greiddi af skuld á hlaupareikningi sínum vegna bátasmíðinnar í Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði, alls 793.280 gamlar krónur.

Eins og að framan segir, var kostnaðaráætlunin lögð til grundvallar við lántöku úr Fiskveiðasjóði Íslands og Byggðasjóði og einnig sem endanlegt söluverð bátsins. Telja verður, að stefndi hefði átt að tilkynna áfrýjendum án ástæðulausrar tafar, eftir að síðustu greiðslur úr framangreindum sjóðum voru greiddar honum í maí 1975, ef hann hugðist krefjast hærri vaxtagreiðslu af áfrýjendum en í áætluninni greinir. Það gerði hann ekki, að því er séð verður af málsskjölum, fyrr en sumarið 1978, og eigi höfðaði hann mál til heimtu vaxtanna fyrr en í mars 1979. Verður að telja, að með þessum langa drætti hafi áfrýjendur mátt halda, að hann mundi ekki krefjast vaxtahækkunar, og þykir stefndi með þessu tómlæti sínu hafa fyrirgert rétti til slíkrar kröfu.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjendur hafi greitt all 4.413.419 krónur upp í kaupverðið, eins og það var samkvæmt framangreindri kostnaðaráætlun. Þeir höfðu ekki ástæðu til að ætla annað en að stefndi mundi krefjast fullrar greiðslu á því. Ber því að dæma þá til að greiða mismuninn,

1.401.25 nýkrónur með vöxtum frá 20. ágúst 1975, eins og í dómsorði segir, en ekki er krafist vaxta frá fyrri tíma.

Rétt er, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að töluleg reifun máls þessa af hálfu stefnda er ekki svo skýr sem skyldi.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Þórhallur Þorsteinsson og Broddi Bjarnason, greiði stefnda, Þór Kröyer, 1.401.25 krónur með 13% ársvöxtum frá 20. ágúst 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið 21. mars 1980, hefur Þór Kröyer, Selási 16, Egilsstöðum, Suður-Múlasýslu, höfðað á bæjarþinginu gegn Þórhalli Þorsteinssyni, Útgerði 7, Egilsstöðum, Suður-Múlasýslu, og Brodda Bjarnasyni, Þórsgerði, Eiðahreppi, Suður-Múlasýslu, til greiðslu eftirstöðva kaupverðs báts, sem stefnandi smíðaði á árinu 1974 og stefndu urðu kaupendur að, auk vaxta og kostnaðar.

1.0

TILDRÖG MÁLSINS.

Þann 30. janúar 1972 gerðu stefnandi og tengdafaðir hans, Vigfús Helgason, samning um, að stefnandi smíðaði fyrir Vigfús ca 8 rúmlesta fiskibát úr stáli. Kostnaðarverð bátsins var áætlað 2.636.000 kr. og áætlaður afhendingartími í mars 1973. Í skriflegum samningi, er ekki tiltekið ákveðið kaupverð, og gjalddagi

kaupverðs er ekki nákvæmlega ákveðinn. Í samningnum segir, að verkkaupi leggi fram vél af Ford-Parson gerð, 85 hestafla. Þá er í samningnum svohljóðandi ákvæði: „Jafnframt greiðir verkkaupi vexti af lánum, sem tekin verða til smíðanna á byggingartímabilinu". Um gildistöku segir, að samningurinn öðlist gildi, þegar hann hafi verið staðfestur af Fiskveiðasjóði Íslands. Jafnframt þessu sótti stefnandi f. h. verkkaupa um lán úr Fiskveiðasjóði Íslands. Með bréfi, dags. 3. maí 1972, tilkynnti Fiskveiðasjóður Vigfúsi Helgasyni, að stjórn sjóðsins hefði ákveðið þann 2. maí 1972 að veita honum lán vegna bátasmíðinnar að fjárhæð 70% af tilgreindu verðmæti, 2.636.000 kr. Fram kemur í bréfinu, að lánið muni verða greitt, þegar smíði bátsins sé lokið og þegar tiltekin gögn liggi fyrir hjá sjóðnum, þ. á m. matsgerð matsnefndar Fiskveiðasjóðs, veðbókarvottorð, mælibréf, skoðunar- og virðingargerð og skýrsla um heildarkostnað við byggingu bátsins með vél og öllum búnaði, undirrituð af eiganda hans og forstöðumanni skipasmíðastöðvarinnar eða umboðsmanni hennar. Með bréfi, dags. 14. júlí 1972, tiklynnti Byggðasjóður Vigfúsi Helgasyni, að hann hefði samþykkt að veita honum lán, sem næmi 5% af kostnaðarmati Fiskveiðasjóðs, auk erlends láns, sem næmi 10% af sömu fjárhæð, með veði í skipinu og með veði í öðrum eignum að ¼ hluta.

Í byrjun árs 1974 fóru fram viðræður milli aðilja málsins um, að stefndu gengju inn í samninginn í stað Vigfúsar. Þann 23. febrúar 1974 undirrituðu aðiljar skjal, sem ber yfirskriftina „Heildarkostnaður vegna smíði 8,54 rúmlesta fiskibáts úr stáli, sem er nýsmíði nr. 1 hjá Þór Kröyer." Á skjali þessu er sundurliðaður smíðakostnaður, þ. á m. vextir á byggingartímanum, 160.000 kr. Heildarkostnaður 4.527.114 kr., en tala þessi virðist of lág vegna samlagningarskekkju. Rétt samanlögð tala hinna einstöku liða er 4.553.604 kr. Þetta skjal var síðan notað sem skýrsla um heildarkostnað við byggingu bátsins gagnvart Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði. Þann 1. mars 1974 gaf matsmaður Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum út virðingar- og skoðunarvottorð fyrir bátinn að fjárhæð 4.828.000 kr., og segir í virðingargerðinni, að á árinu 1974 hafi verið sett í skipið aðalvél, smíðaár 1965, nýuppgerð og endurnýjuð með nýjum gír og skrúfubúnaði.

Lagður hefur verið fram í málinu samningur aðilja, dags. 7. mars 1974, auk þeirra undirritaður af Vigfúsi Helgasyni. Samkvæmt samningnum afsalar Vigfús sér öllum réttindum og skyld-

um í hendur stefndu, „sem verða skv. þessu nýir verkkaupar skv. hinum upphaflega verksamningi.“ Afhendingartími er ákveðinn 1. apríl 1974. „Einnig breytist það atriði samningsins, að verksali ábyrgist að fullu alla galla á bátnum í 100 (eitt hundrað) klukkustundir talið frá afhendingu skv. vinnustundamæli bátsins.“ Þá hefur verið lagt fram skjal, undirritað sama dag svohljóðandi:

„Þór Kröyer skipasmiður, Bakkagerði, lánar Þórhalli Þorsteinssyni og Brodda Bjarnasyni, kaupendum að nýsmíðinni Rökkva SU 45, sem nefndur Þór smíðaði.

Lánið er 10% af verði nefnd (sic) skips.

Lánið greiðist þannig.

1. september 1974 ¼ hluti lánsins og 1. september 1975 eftirstöðvar lánsins.

Kaupendur hafa greitt 5% af verði bátsins. Samningur þessi öðlast gildi við undirskrift.“

Þann 23. apríl 1974 gaf stefnandi út skipasmíðaskírteini fyrir bátinn, og er þar tekið fram, að smíðaár aðalvélar sé 1965. Þann 2. maí 1974 gaf Siglingamálastofnunin út alþjóðamælibréf fyrir bátinn, og þann 21. s. m. var gefið út veðbókarvottorð. Þann 11. júní 1974 samþykkti stjórn Fiskveiðasjóðs að veita stefndu lán að fjárhæð 70% af 4.527.114 kr., enda yrði sett aukatrygging fyrir greiðslu lánsins.

Með bréfi, dags. 19. júní 1974, tilkynnti Fiskveiðasjóður stefndu þessa ákvörðun, og er þar tekið fram, að þeir þurfi að gefa sjóðnum upplýsingar um aukatryggingu og leggja fram veðbókarvottorð og brunabótamat, ef því er að skipta, svo og afrit af haffærisskírteini bátsins.

Í septembermánuði 1974 ræddu þeir saman stefnandi og stefndi Broddi, og kom þá fram af hálfu stefnanda, að hann gerði kröfu til, að stefndu greiddu honum vexti umfram þá vaxtafjárhæð, sem greind er í skýrslu um heildarkostnað við byggingu bátsins, en Broddi hafnaði greiðsluskyldu.

Stefndu töldu sig ekki geta útvegað neina aukatryggingu og vildu, að kaupin gengju til baka, þar sem sýnt væri, að hvorki Fiskveiðasjóður né Byggðasjóður mundi afgreiða lánin án slíkrar tryggingar. Loks tókst þeim að finna kaupanda að bátnum, Jón nokkurn Sigurðsson í Nesktupsstað, og gerðu þeir við hann kaupsamning um bátinn þann 9. október 1974. Kaupverðið var ákveðið 5.000.000 kr., og skyldi það greiðast m. a. þannig:

„Kaupandi tekur að sér skuld við Útvegsbanka Íslands, Seyðis-

firði, sem greidd verður með lánum úr Fiskveiðasjóði, Byggðasjóði og Iðnlánasjóði. Kaupandi greiðir vexti af skuldinni frá og með undirskriftardegi kr. 3.800.000.

Kaupanda er kunnugt um kvöð hjá Fiskveiðasjóði um fasteignaveð eða bakveð fyrir hluta væntanlegs láns frá þeim."

Stefnandi hefur lagt fram reikningsútdrátt hlaupareiknings síns nr. 629 við Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði fyrir tímabilið 29. maí 1972 til 5. desember 1975, og kveður hann allar færslur reikningsins varða bátssmíðina og annað ekki. Skuldfærðir vextir á reikningnum eru 793.280 kr.

Viðvíkjandi greiðslum inn á reikninginn hafa verið lögð fram ýmis gögn, og virðast greiðslur þessar vera eins og hér segir:

29. 8. 1974 innlagt af Brodda Bjarnasyni	100.000 kr.
10. 10. 1974 innlagt af Brodda Bjarnasyni o. fl. vegna Rökkva	200.000 —
27. 12. 1974 innlagt af Fiskveiðasjóði Íslands og verði lánað til Jóns Sigurðssonar, Neskaupstað ..	903.791 —
27. 12. 1974 innlagt af sama	2.162.109 —
9. 4. 1975 innlagt af Byggðasjóði vegna Jóns Sigurðssonar	600.000 —
14. 5. 1975 innlagt af Jóni Sigurðssyni	72.155 —
28. 8. 1975 innlagt af Brodda Bjarnasyni og Þórhalli Þorsteinssyni, eftirstöðvar af láni frá 7. 3. 1974, ¾ hlutar	349.068 —
Samtals	4.387.123 kr.

Stefnandi telur, að hér séu tæmandi taldar greiðslur, sem inntar hafa verið af hendi til fullnustu greiðsluskyldu stefndu í málinu.

Í skriflegri aðiljaskýrslu stefnda Þórhalls segir svo:

„Greiðslur okkar fóru fram sem hér segir:

Við undirskrift samnings 5% af bátsverði (dskj. nr. 6)	kr. 226.355
og með skuldaviðurkenningu sama dag (dskj. nr. 20)	— 452.712
Peningar úr Fiskveiðasjóði skv. loforði Fiskveiðasjóðs, sem Þór Kröyer tók sem greiðslu 70% af byggingarverði	— 3.168.980
Frá Byggðarsjóði 15% af kostnaðarverði báts ..	— 679.067
Samtals	kr. 4.527.114

Þannig tel ég, að greiðslur hafi átt að vera."

2.0

KRÖFUR OG MÁLSÁSTÆÐUR.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum að óskiptu 799.761 kr. með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 20. ágúst 1975 til 20. nóvember 1976, 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1978, 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en 4.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað skv. lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Að stefndu hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar.

Stefnukrafan er fengin þannig:

Smíðakostnaður	4.393.604 kr.
+ vaxtakostnaður	793.280 —
alls	5.186.884 kr.
÷ greitt	4.387.123 —
	799.761 kr.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að skv. hinum upphaflega smíðasamningi hafi verkkaupa borið að greiða vexti af lánum, sem tekin yrðu til smíðanna á byggingartímabilinu, en smíðin hafi einmitt verið fjármögnuð með yfirdráttarheimild á hlaupareikningi stefnanda í Útvegsbankanum á Seyðisfirði. Á því er byggt af hálfu stefnanda, að stefndu hafi undirgengist þessa skuldbindingu með samningi aðiljanna 7. mars 1974.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að skýrslan um heildarkostnað, sem undirrituð var af aðiljunum þann 23. febrúar 1974, sé áætlun, samin eingöngu til að fullnægja kröfum Fiskveiðasjóðs og Byggðasjóðs. Aðiljar eru sammála um, að allir liðir skýrslunnar, sem lúta að smíðakostnaði, séu endanlegir, enda var smíðinni, að því er virðist, lokið á þessum tíma eða um það bil. Stefnandi heldur því fram, að vaxtatalan í skýrslunni sé áætlunarfjárhæð og að niðurstöðutala skýrslunnar sé ekki endanlegt kaupverð. Á því er byggt af hálfu stefnanda, að af skuld stefndu hafi einungis verið greiddar 4.387.123 kr., og staðhæft, að allar greiðslur, sem komið hafi inn á skuldina, hafi farið inn á hlaupareikninginn í Útvegsbankanum.

Af hálfu stefnanda er staðhæft, að smíðin hafi verið veðhæf við samningsgerð og að enginn dráttur hafi orðið á smíðinni, sem valdið hafi fyrirstöðu á útborgun lána. Því er haldið fram, að stefndu hafi viðurkennt greiðsluskyldu sína í verki.

Meginmálsástæða stefndu er, að krafa stefnanda sé fyrnd. Í annan stað er því haldið fram, að gert hafi verið bindandi samkomulag um, að verð bátsins væri 4.527.114 kr., þ. á m. 160.000 kr. í vaxtakostnað, en verðið telja stefndu sig hafa greitt að fullu. Stefndu telja hlaupareikning stefnanda í Útvegsbankanum á Seyðisfirði sér og viðskiptum aðilja með öllu óviðkomandi, þ. á m. yfirdráttarvexti af honum. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að þeir hafi einungis átt að greiða þá vexti, sem á féllu á byggingartíma bátsins. Því er haldið fram, að greiðslur frá Byggðasjóði og Fiskveiðasjóði hafi dregist vegna atvika, sem stefnanda hafi verið kunnugt um við samningsgerð, en leynt stefndu, þ. e. a. s. að sjóðirnir mundu krefjast sérstakra trygginga vegna þess, að gömul vél hafi verið sett í bátinn. Loks er því haldið fram, að stefndu hafi leyst undan skyldu sinni við stefnda (sic) við yfirtöku Jóns Sigurðssonar á réttindum þeirra og skyldum skv. samningi aðiljanna. Þá hefur því verið hreyft af hálfu stefndu, að afhendngardráttur hafi orðið á bánum í um einn og hálfan mánuð, að hann hafi ekki staðist ganghraða, að stefndu hafi orðið að kosta vöktun á bátnum þann tíma, sem hann var bundinn við bryggju eftir afhendingu, og að lagningarkarl fyrir línu og rekakkeri að verðmæti ca 450.000 kr. hafi ekki fylgt bátnum.

3.0
SÖNNUNARATRIÐI.

3.1

Í skriflegri aðiljaskýrslu Þórhalls Þorsteinssonar segir, að fjárhæðin 160.000 kr. hafi eingöngu verið áætlunarfjárhæð, er hún var fundin, en þegar gengið var frá samningnum og þegar þeir fengu skipið í hendur, hafi hún verið talin fullnægjandi. Í munnlegri aðiljaskýrslu segir hann, að verðið hafi verið fastákveðið við samningsgerð og að það muni hafa verið fjárhæð, sem sé mjög lík þeirri, sem kemur fram á skýrslu um heildarkostnað, ef til vill sama fjárhæð. Stefnandi segir hins vegar í sinni aðiljaskýrslu, að endanlegt verð hafi ekki verið fyrir hendi, fyrr en allt var komð frá sjóðnum.

3.2

Í greinargerð stefndu segir, að þeir hafi greitt 5% af heildarverðinu við undirskrift samningsins og að þau 10%, sem eftir stóðu, hafi verið lánuð til 5 mánaða. Í munnlegri aðiljaskýrslu segist stefndi Þórhallur ekki muna nákvæmlega, hvernig 5% voru greidd, en segir það geta verið, að það hafi verið greitt í peningum allt, en þó segir hann sig muna, að hluti af 5% hafi verið í víxilformi. Hann kveðst telja, að þessar greiðslur muni koma fram á hlaupareikningnum í Útvegsbankanum. Hann segir þó ekki við því að búast, að allar greiðslur frá þeim hafi komið fram í innleggsnótum á þennan hlaupareikning. Stefnandi segir í aðiljaskýrslu sinni, að sig minni, að þessi 5% hafi verið greidd og hafi verið miðuð við ca 4.500.000 kr. Hann segir, að 10% hafi líka verið greidd, og telur þetta allt hafa farið inn á hlaupareikning. Stefndi Þórhallur kveðst telja líklegt, að víxilgreiðsla 29. ágúst 1974 sé hluti af nefndum 5%.

3.3

Stefnandi skýrir svo frá í aðiljaskýrslu sinni, að hann hafi talað við Sverri Júlíusson, þáverandi forstöðumann Fiskveiðasjóðs, áður en hann byrjaði að smíða bátinn, og segist hafa sagt honum, að hann væri að hugsa um að smíða bát og jafnframt að þeir ætluðu að nota gamla vél í bátinn og að vélin kæmi sem framlag til smíðinnar. Hann segir, að Sverrir hafi ekki nefnt neitt um það, að þá þyrfti aukatryggingu, og hann segir, að sér hafi ekki verið kunnugt um það þá, að aukatryggingu þyrfti. Í vottorði Fiskveiðasjóðs, dags. 25. febrúar 1980, segir, að Sverri Júlíussyni hafi fyrst verið ljóst, að gömul aðalvél hefði verið sett í bátinn, við lestur virðingar- og skoðunarvottorðs Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, dags. 1. mars 1974. Fullyrðingum stefnanda um þetta efni er vísað á bug, en fram er tekið, að tæpast verði til þess ætlast, að Sverrir muni sérstaklega eftir tilteknu átta ára gömu símtali, og ef að honum hefði verið kunnugt um þetta á þeim tíma, þá hefði hann, eins og venja var til, bent á, að nauðsynlegt væri að leggja fram aukatryggingu.

Engin tilraun hefur verið gerð af hálfu stefndu til að færa fram gögn fyrir staðhæfingum um vanefndir af hálfu stefnanda umfram það, sem að ofan greinir.

4.0
RÉTTARFAR.

Í samningi stefnanda og Vigfúsar Helgasonar er kveðið svo á, að rísi ágreiningur út af samningnum, skuli honum skotið til gerðardóms. Stefndu hafa gengið inn í þennan samning og virðast bundnir af þessu samningsákvæði.

Í greinargerð stefndu er ekki krafist frávísunar, en þar segir svo orðrétt: „... ef kröfur eru ekki þegar niðurfallnar vegna fyrningar á báða bóga, þá áskil ég umbj. mínum rétt til þess að gagnstefna í málinu".

Á dómþingi fimmtudaginn 24. janúar 1980 lýstu báðir aðiljar því yfir, að þeir væru sammála um að ganga fram hjá gerðardómi varðandi dómkröfur málsins. Eftir lögmanni stefndu var bókað þannig: „Lögmaður stefndu kveðst áskilja umbj. sínum allan rétt til að leggja uppgjör aðila fyrir gerðardóm, ef fyrningarástæða reynist haldlaus". Við munnlegan málflutning var bókað eftir umboðsmanni stefndu þannig: „Hann skýrir fyrri bókun sína þannig: Verði niðurstaða dómsins á þá leið, að fyrningarástæða er ekki tekin til greina og sýknað af þeim sökum, þá tel ég, að málið eigi að fara fyrir gerðardóm skv. samningi aðila á dskj. nr. 3".

4.1
ÁLIT DÓMSINS.

Þegar þess er gætt, að stefndi hefur ekki krafist frávísunar, heldur sýknu, og stutt þá kröfu mörgum rökum og gert samkomulag við stefnanda um að ganga fram hjá gerðardómi, verður að líta svo á, að þessi dómur hafi fulla lögsögu um allar kröfur og málsástæður í málinu, og þykir fyrirvari lögmanns stefndu um takmörkun á lögsögu dómstólsins einungis við eina af málsástæðum þeirra engu geta breytt um þessa niðurstöðu, en að sjálfsögðu verður ekki dæmt um gagnkröfur stefndu í þessu máli að öðru leyti en því, hvort og að hvað miklu leyti þær geta komið til skuldajafnaðar.

Þegar litið er til ákvæðis smíðasamningsins og þeirra upplýsinga, sem liggja fyrir í málinu um fjármögnun bátasmíðinnar, verður að telja óyggjandi, að stefndu, sem höfðu gengið inn í samninginn, hafi borið að greiða vexti af yfirdrætti á hlaupareikningi stefnanda. Telja verður, að skýra beri nefnt ákvæði samkvæmt beinum orðum þess svo, að stefndu hafi borið að greiða vexti af þeim lánum, sem stofnað var til á byggingartím-

anum, til þess tíma þegar þau lán voru greidd, án tillits til þess, hvort það varð fyrir eða eftir afhendingu bátsins.

Kemur þá til álita, hvort komist hafi á bindandi samkomulag um, að vextir þessir skyldu einungis reiknast 160.000 kr. og endanlegt verð 4.527.114 kr.

Aðiljar virðast sammála um, að skýrsla um heildarkostnað hafi einungis verið áætlun, gerð til að fullnægja kröfum Fiskveiðasjóðs og til viðmiðunar við ákvörðun fjárhæða lána frá Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði. Þeir virðast raunar vera sammála um, að einungis vaxtatalan hafi verið áætluð.

Hvorki í samningi aðiljanna, dags. 7. mars 1974, né í skuldaviðurkenningu, dags. sama dag, eru greindar ákveðnar fjárhæðir kaupverðs. Ákvörðun vaxtafjárhæðarinnar virðist vera byggð á fjárhæð áfallinna vaxta á hlaupareikningi stefnanda með nokkurri viðbót vegna þess tíma, sem ætla mátti, að afgreiðla lánanna tæki.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að endanlegt uppgjör hafi farið fram við samningsgerð eða afhendingu.

Í lánsloforði Byggðasjóðs kemur skýrt fram, að sjóðurinn muni krefjast frekari trygginga en bátsins eins. Stefndu var ljóst, að gömul vél hafði verið sett í bátinn, og ósannað er, að stefnandi hafi leynt stefndu nokkru varðandi kröfu Fiskveiðasjóðs um auknar tryggingar við samningsgerð. Ekki hefur komið fram, að afgreiðsla lánanna hafi tafist vegna atvika, sem stefnandi bæri ábyrgð á. Ekkert hefur komið fram, sem bendir til, að stefnandi hafi samþykkt, að Jón Sigurðsson tæki við réttindum og skyldum stefndu, þannig að þeir leystust undan skuldbindingum sínum gagnvart stefnanda.

Samkvæmt þessu virðist ekki hafa verið sýnt fram á, að skylda stefndu til að greiða vexti af lánum, sem tekin voru til bátasmíðinnar, hafi orðið bundin við 160.000 kr. og skylda þeirra til greiðslu fyrir bátinn þar með bundin við tiltekna endanlega upphæð.

Það virðist vera ofangreindum niðurstöðum mjög til styrktar, að í samningi stefndu við Jón Sigurðsson er kveðið á um, að hann yfirtaki skuld stendu í Útvegsbankanum á Seyðisfirði og að fjárhæð sú, sem greind er í samningnum, er mjög svipuð fjárhæð skuldarinnar á hlaupareikningnum með áföllnum vöxtum á þeim tíma, þegar samningurinn var gerður.

Þegar skýrslur aðilja eru virtar og bornar saman við önnur gögn málsins um greiðslur bátsverðsins, þykir mega leggja til

grundvallar, að stefndu haf greitt 26.356 kr. við samningsgerð, en að allar aðrar greiðslur komi fram á hlaupareikningnum.

Krafa stefnanda er um greiðslu eftirstöðva bátsverðsins. Stefndu greiddu síðast inn á skuldina 28. ágúst 1975, og verður krafan því ekki talin fyrnd, sbr. 3. og 6. gr. laga nr. 14/1905.

Reglur um réttindamissi vegna tómlætis þykja ekki geta leitt til, að krafa stefnanda verði talin fallin niður, og stefndu þykja ekki hafa sýnt fram á, að krafa stefnanda eigi að falla niður fyrir skuldajöfnuð við skaðabótakröfur.

Ekki verður talið, að leggja megi þann skilning í samninga aðiljanna, að stefnandi hafi tekið að sér að bera kostnað af lántökum kaupanda. Þannig þykir stefndu bera að greiða stefnanda endanlegt samningsverð, 5.186.884 kr. að frádregnu því, sem sannanlega hefur verið greitt inn á skuldina, og samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir mega leggja til grundvallar, að skuld stefndu við stefnanda sé nú sem hé segir:

1. Smíðakostnaður		4.393.604 kr.
2. Vextir af lánum, sem tekin voru á byggingartíma		793.280 —
	Endanlegt verð	5.186.884 kr.
Þar af greitt:		
1. Við samningsgerð	26.356 kr.	
2. Inn á hlaupareikning	4.387.123 —	4.413.429 kr.
	Skuld	773.405 kr.

Vextir þykja hæfilega ákveðnir samkvæmt dómvenju 13% ársvextir frá 20. ágúst 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, en 31% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Ekki hefur verið krafist dómvaxta.

Málskostnaður ákveðst 250.000 kr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Þórhallur Þorsteinsson og Broddi Bjarnason, greiði stefnanda, Þór Kröyer, 773.405 kr. með 13% ársvöxt-

um frá 20. ágúst 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 250.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 62/1982. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn
Franklín Kristni Steiner.
(Gylfi Thorlacius hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða með stefnu 25. janúar 1982, en af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 27. september 1982.

Ákæruvald krefst staðfestingar á héraðsdómi, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði dæmd jafnvæg refsing og lög leyfa og að ákærði verði sýknaður af kröfu ákæruvalds um eignarupptöku.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara um hvern einstakan ákærulið. Enn fremur ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara

um heimfærslu brota til refsiákvæða, enda þykir ákæruskjal ekki geta bundið hendur dómstóla að því er varðar færslu brots til 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974, sem er ekki refsiákvæði með sérstakri brotalýsingu, heldur geymir hún þyngd refsiviðurlög við brotum á lögum nr. 65/1974. Dómur borgardóms Kaupmannahafnar 17. desember 1979 hefur hegningaraukaáhrif í máli þessu, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þótt eigi víki það ákvæði að erlendum dómum, sbr. hins vegar 2. málsgrein 71. gr. almennra hegningarlaga, en 78. gr. greindra laga er sakborningi til hagsbóta andstætt því, sem er um 71. gr.

Brot ákærða eru stórfelld og lýsa einbeittum brotavilja. Er hér bæði um innflutning mikils magns af hassi og marihuana að ræða og í mörg skipti og umfangsmikla dreifingu gegn háu fégjaldi. Sammæltist ákærði við ýmsa menn um framningu brotanna, svo sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 2. málsgrein 70. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu ákærða ber að ákveða með vísun til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsivist þykir hæfilega dæmd í héraðsdómi, en ákærði sæti að auki 9.000.00 króna fésekt í ríkissjóð með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga og 5. gr. laga nr. 65/1974. Ef sekt verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi 40 daga fangelsi í stað hennar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gæsluvarðhaldsvist ákærða. Ljóst þykir, að fé það, sem lögreglan tók í vörslur sínar við húsleit hjá ákærða, stafar af sölu hans á fíkniefnum. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um eignaruptöku, og sama gegnir um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, sæti 2 ára fangelsi, og komi 47 daga gæsluvarðhaldsvist hans refsingu til frádráttar. Enn fremur sæti hann 9.000.00 króna sekt

í ríkissjóð er afplánist 40 daga fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin sáksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómara í máli þessu að öðru leyti en því, sem varðar beitingu ákvæða 78. gr. almennra hegningarlaga og um refsingu ákærða.

Með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum frá 22. júní 1977 er ákærða dæmdur hegningarauki, 2 mánaða fangelsi, við dóm sama dómstóls frá 5. apríl 1977. Þessum dómi vildi dómþoli una, og var honum ekki áfrýjað. Þar sem hegningaraukadómurinn frá 22. júní 1977 er ekki til endurskoðunar og við hann er unað, verður refsiákvörðun þessara dóma ekki tekin til mats að nýju í þessu máli.

Ber því að dæma ákærða nú eftir reglum 78. gr. almennra hegningarlaga hegningarauka við dóminn frá 22. júní 1977 svo og við dóm borgarréttar Kaupmannahafnar frá 17. desember 1979 og sáttina frá 11. ágúst 1978, svo sem greinir í héraðsdómi. Með hliðsjón af ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 70. gr. sömu laga tel ég refsivist ákærða hæfilega ákveðna fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Vegna þröngra refsimarka í 50. gr. almennra hegningarlaga á þeim tíma, sem brot voru framin, tel ég sektarefsingu í dómi þessum eigi mega fara út fyrir hámark sektarákvæða í lögum nr. 65/1974, gkr. 1.000.000, eða ef beitt er hækkunarákvæði 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga, gkr. 1.500.000. Vegna sektar þeirrar, sem ákærða var gert að greiða með dómi 5.

apríl 1977, gkr. 250.000, og sektar, sem ákærði gekkst undir að greiða með dómssáttinni frá 11. ágúst 1981, kr. 3.500.00, verður ákærða eigi dæmd hærri sekt í þessu máli en 9.000.00 krónur, samsvarandi gkr. 900.000. Ég tel, að ákvarða beri sektina þá fjárhæð og að til vara komi 30 daga fangelsi.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð ætti að vera svohljóðandi:

Dómsorð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði og greiði 9.000.00 krónur í fésekt til ríkissjóðs. Komi 30 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Gæsluvarðhaldsvist ákærða í 47 daga komi til frádráttar refsivist.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. desember 1981.

Ár 1981, mánudaginn 21. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 819/1981: Ákæruvaldið gegn Franklín Kristni Steiner.

Málið, sem munnlega var flutt og dómtekið 10. des. sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 14. júlí 1981, á hendur Franklín Kristni Steiner, áður til heimilis að Suðurgötu 8, Reykjavík, fæddum 14. febrúar 1947 í Reykjavík, fyrir að hafa á árinu 1976 gerst sekur um brot á fíkniefnalöggjöfinni með eftirgreindum hætti:

„1.

Frá áramótum og fram í apríl 1976 keypt margsinnis af Sigríði

Gísladóttur, þá dveljandi að Laufásvegi 10 og Laugarnesvegi 64, Reykjavík, samtals allt að 500 grömmum af hassi og af Gunnari Gíslasyni, Möðrufelli 1, Reykjavík, á sama tíma allt að 100 grömmum af hassi, sem ákærði neytti að hluta sjálfur, en seldi mestmegnis mörgum mönnum í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

2.
Vorið og sumarið 1976 keypt af Holberg Mássyni, Strandaseli 9, Reykjavík, í fjögur skipti samtals 6 kílógrömm af marihuana, í fyrsta skiptið eitt kílógramm, sem afhent var á lóð Landspítalans, í annað skiptið tvö kílógrömm, sem afhent voru á lóð Blóðbankans við Barónsstíg, í þriðja skiptið eitt kílógramm, sem afhent var á horni Leifsgötu og Barónsstígs, og í fjórða skiptið tvö kílógrömm, sem afhent voru í íbúð, sem Holberg hafði þá í Ljósheimum í Reykjavík. Ákærði seldi allt þetta efnismagn, að undanskildri eigin neyslu, í samvinnu við fyrrnefndan Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson, Kleppsvegi 72, Reykjavík, mörgum mönnum í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu galdi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

3.
Í lok maímánaðar 1976 flutt inn frá Hollandi í félagi við Einar Sigurhansson, Selvogsgrunni 11, Reykjavík, og nefndan Gunnar Gíslason um 700—800 grömm af hassi og af því selt hérlendis í samvinnu við Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um 400 grömm til margra manna í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.

4.
Í júnímánuði 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við sömu menn og greinir í 3. lið hér að framan um 1300 grömm af hassi og síðan selt þetta efnismagn, að undanskildri eigin neyslu, í samvinnu við þá Gunnar og Guðmund til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.

5.
Seinni hluta júnímánaðar 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um

1700 grömm af hassi og um 100 grömm af hassolíu, sem þeir seldu svo hér á landi, að undanskildri eigin neyslu, mörgum mönnum gegn verulegu gjaldi og höfðu af því fjárhagslegan ávinning.

6.
Um mánaðamótin júlí/ágúst 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um 6 kílógrömm af hassi og notið til þess aðstoðar Holbergs Mássonar og skipverja á m.s. Tungufossi. Efnismagn þetta, að undanskildri eigin neyslu, seldi ákærði í samvinnu við þá Gunnar og Guðmund til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

7.
Um mánaðamótin ágúst/september 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um 9 kílógrömm af hassi og notið til þess aðstoðar Holbergs Mássonar, sem átti eitt kílógramm af þessu efnismagni sjálfur, og síðan selt um 8 kílógrömm af efninu, fyrst í samvinnu við þá Gunnar og Guðmund, eða þar til þeir voru hnepptir í gæsluvarðhald, og síðan með aðstoð Einars Sigurhanssonar, til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning."

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974 og liðir 2, 4, 5, 6 og 7 enn fremur við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974 um breytingar á þeim lögum.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á kr. 383.100, 400.00 dönskum krónum og 5.770.00 bandarískum dölum, sem hald var lagt á þann 1. nóvember 1976 í fórum Jóns Þórs Gunnlaugssonar, Laufásvegi 10, Reykjavík, og ákærði vísaði á sem andvirði seldra fíkninefna, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. fyrrnefndra laga nr. 65/1974 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 14. febrúar 1947 í Reykjavík. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1963 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 26/6 1963.

1963 1/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 í Reykjavík: Uppvís að brotum á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/8 1964.

1964 12/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1965 6/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1966 6/5 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi, skilorðsbundið í ár, fyrir brot á 254. gr. hegningarlaga (261).

1972 29/12 Þingrétturinn, Málmey, Svíþjóð: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 1. gr. laga um fíknilyf og 1. gr., sbr. 1. mgr. tolllaga (frá 29/12 1972 til 28/2 1973).

1973 5/11 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 25., 38. og 50. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 18. mán. frá 22/4 1973.

1975 11/3 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 27. og 38. gr. umferðarlaga.

1977 5/4 í Reykjavík: Dómur: 250.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.

1977 22/6 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1979 17/12 borgarréttur Kaupmannahafnar: Dómur: Fangelsi 1 ár og 6 mán. fyrir brot gegn danskri fíkniefnalöggjöf og vopnalögum.

1981 11/8 sakad. í ávana- og fíkn.: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

MÁLSATVIK.

Í síðari hluta júlí 1976 hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík umfangsmikil rannsókn á stórfelldu fíkniefnamisferli fjölmargra aðilja. Varð upplýst um innflutning og dreifingu á tugum kílóa svonefndra kannabisefna. Sættu margir aðiljar gæsluvarðhaldi í lengri eða skemmri tíma vegna rannsóknar málsins, sem varð langvinn vegna umfangs og fjölda þeirra aðilja, er við málið voru riðnir. Einn grunaðra var ákærði í máli þessu.

Við yfirheyrslur vegna ofangreindrar rannsóknar kom fram, að umfangsmikil dreifing hassefna færi fram á heimili ákærða að Suðurgötu 8 hér í borg.

Umfangsmikil leit að ákærða hófst 16. september 1976, en bar lengi vel engan árangur. Lýsti lögregla ítrekað eftir honum í útvarpi, en ákærði gaf sig loks fram við lögreglu síðdegis 26. sama mánaðar. Kvaðst hann hafa vitað, að sín væri leitað, en kvaðst hafa farið huldu höfði af fjölskylduástæðum. Var hann yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík sama dag og hér í dómi daginn eftir. Viðurkenndi ákærði ítrekaða meðhöndlun kannabisefna undanfarna mánuði. Kvað hann sig í öllum tilvikum hafa fengið slík efni frá öðrum ónafngreindum aðiljum og oftast án endurgjalds. Ákærði var hér í dómi 27. s. m. úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum. Vegna umfangs rannsóknar var gæsluvarðhald ákærða framlengt um allt að 30 dögum 27. október s. á., en ákærði gekk laus 12. nóvember s. á. Við ofangreinda rannsókn viðurkenndi ákærði stórfelldan innflutning kannabisefna og dreifingu þeirra hérlendis gegn verulegum hagnaði. Verður hér á eftir vikið að málsatvikum varðandi hvern ákærulið fyrir sig.

Samkvæmt gögnum málsins hefur ákærði viðurkennt tiltekin fíkniefnaviðskipti í janúar 1977. Um þau verður ekki fjallað, þar sem ekki er að þeim vikið í ákæruskjali.

1. ákæruliður.

Ákærði skýrði svo frá hér í dómi 26. október 1976, að hann hefði frá jólum og fram í apríl það ár ítrekað keypt ýmiss konar hass af Sigríði Gísladóttur. Kvað hann afhendingar hafa verið margar og oftast farið fram á heimili Sigríðar við Laufásveg hér í borg. Ekki kvaðst ákærði geta tilgreint efnismagn nákvæmlega, en mesta magn, er hann hefði móttekið í einu, hafi verið 200 gr. Kaupverð hafi jafnan verið gkr. 1.200—1.400 og heildarmagn um 400 gr, er hann hafi sjálfur selt ýmsum aðiljum með um gkr. 150—200 hagnaði á hvert gramm. Ágóða kvaðst ákærði hafa notað til fíkniefnakaupa fyrir sjálfan sig. Framfæri hafi hann haft af tekjum sambýliskonu sinnar.

Í nefndu þinghaldi lýsti ákærði hasskaupum af Gunnari Gíslasyni, bróður ofangreindrar Sigríðar. Hafi þau átt sér stað um sama leyti og hann tvívegis móttekið 70—80 gr af hassi og afhendingarnar farið fram hér í borg. Ákærði kvaðst hafa greitt

gkr. 1.300—1.400 fyrir hvert gramm og að mestu endurselt með hagnaði, enda áður verið búinn að móttaka fé frá kaupendum.

Ákærði nafngreindi nokkra pilta úr Reykjavík og nágrenni sem kaupendur ofangreindra efna. Ekki þykir hér ástæða til að tilgreina þá, en játningar ákærða eru efnislega studdar framburðum kaupenda.

Er ákærði var yfirheyrður hér í dómi þann 16. nóvember 1976, nokkru eftir að gæsluvarðhaldi hans lauk, þá kvaðst hann í byrjun árs 1976 hafa móttekið samtals 400—500 gr af hassi frá Sigríði Gísladóttur og 30—50 gr og 60 gr af Gunnari Gíslasyni, en efni þetta hafi hann að hluta selt með hagnaði.

Við yfirheyrslu hér í dómi 11. ágúst sl. lét ákærði bóka eftir sér þá athugasemd varðandi þennan ákærulið, „að hann hafi ekki móttekið meira en 300 gr frá nefndri Sigríði Gísladóttur." Ekki gerði ákærði neina grein fyrir ástæðu breytts framburðar.

Ofangreind Sigríður Gísladóttir, fædd 2. október 1953 í Reykjavík, var yfirheyrð hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 23. sept. 1976 og neitaði þá að hafa haft afskipti af fíkniefnum þá að undanförnu. Hún var síðan yfirheyrð aftur 27. apríl 1978. Bar hún þá að hafa ítrekað selt ákærða hassefni tímabilið frá áramótum 1975—1976 til apríl 1976 og heildarefnismagn verið allt að 500 gr. Hafi ákærði í fyrstu móttekið efni á heimili hennar að Laufásvegi 10 hér í borg, en síðar að Laugarnesvegi 64, en þangað hafi hún flutt í mars 1976. Sigríður kvað ákærða hafa greitt gkr. 800—1.200 fyrir hvert gramm.

Nefnd Sigríður var yfirheyrð hér í dómi 21. mars 1980 og bar þá að hafa í febr.—mars 1976 átt milligöngu að afhendingu allt að 400 gr af hassi frá Gunnari Gíslasyni til ákærða.

Ofangreindur Gunnar Gíslason, fæddur 8. ágúst 1952, til heimilis að Möðrufelli 1, Reykjavík, var yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 11. nóvember 1976. Kvaðst hann á nefndu tímabili hafa haft mjög mikið magn hassefna undir höndum. Kvað hann Sigríði, systur sína, hafa selt eitthvað af þessu fyrir sig, m. a. ákærða. Þá kvað Gunnar sig ráma í að hafa sjálfur á þessum tíma selt ákærða efni í eitt skipti, en ekki muna það fyrir víst.

2. ákæruliður.

Hér í dómi 28. október 1976 rakti ákærði aðdraganda marihuanaviðskipta við Holberg Másson og fundar við hann við Hallgrímskirkju. Þar kvað ákærði nefndan Holberg hafa spurt sig,

hvernig koma mætti marihuana á markað hérlendis, og við það tækifæri gefið sér að prófa efni og það virst nokkuð gott.

Ákærði kvaðst hafa samið við Holberg um að safna fé og kaupa af honum efni. Ákærði kvaðst síðan hafa safnað fé frá nokkrum nafngreindum aðiljum og upphæðin verið gkr. 40.000, er hann hafi á sama stað og fyrr afhent Holberg og fengið 100 gr af marihuana fyrir. Ákærði kvaðst enn hafa hitt Holberg á sama stað og Holberg þá verið með 200 gr af marihuana, en ákærði félaus og hann þá lánað ákærða efnið. Hafi verið ákveðið, að ákærði móttæki 1 kg við næsta stefnumót.

Ákærði kvaðst síðan hafa haft samband við Gunnar Gíslason og kunningja hans, Guðmund Kristjánsson, og þeir þrír rætt um samvinnu við dreifingu fíkniefna. Ákærði kvaðst hafa lagt til, að þeir þrír sæu allir saman um dreifingu í félagi, en það hafi þeir Gunnar og Guðmundur ekki viljað vegna þeirrar áhættu, sem því fylgdi, hve ákærði væri þekktur.

Hafi þeir Gunnar og Guðmundur fallist á, að þeir fengju kílóið á gkr. 600 hvert gramm og ákærði samkvæmt því átt að hagnast um gkr. 100 á hverju grammi.

Ákærði kvaðst síðan skv. umtali við Holberg hafa haldið til fundar við hann á lóð Landspítalans og þar frá honum móttekið tæplega eitt kíló af marihuana og hafi þyngd efnis verið stimpluð á umbúðir. Ákærði kvaðst hafa fengið efnið lánað hjá Holberg, en sá gefið upp símanúmer vegna greiðslna síðar. Gunnar og Guðmundur hafi síðan beðið sín í bifreið á Skólavörðuholti að móti við Holberg loknu.

Ákærði kvaðst hafa afhent þeim Gunnari og Guðmundi ofangreint kíló og ekki muna betur en ekið hafi verið með það heim til Sigríðar, systur Gunnars. Ákærði kvað þá Gunnar og Guðmund hafa annast sölu á nefndu kílói og skilað sér gkr. 600 fyrir hvert gramm, en hann hins vegar skilað Holberg gkr. 500 fyrir hvert gramm. Ákærði kvað hagnað af sölu marihuanaefna hafa farið til að fjármagna utanferðir til fíkniefnakaupa, er hafist hafi í lok maí 1976, en sala marihuanaefna haldið áfram samhliða fram eftir sumri.

Ákærði var enn yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 3. nóvember s. á. Ákærði kvaðst næst hafa móttekið 2 kg af marihuana í einu lagi frá Holberg við Blóðbankann svonefndan við Barónsstíg, en Gunnar og Guðmundur á meðan beðið við Hallgrímskirkju. Síðan kvaðst mætti (sic) hafa móttekið eitt kíló í viðbót af marihuana frá Holberg á horni Leifsgötu og Barónsstígs. Ákærði

kvaðst síðan hafa móttekið 2 kg af marihuana til viðbótar frá Holberg, en víkja nánar þar að, er að því kæmi í tímaröð.

Ákærði var spurður um dreifingu á ofangreindum 4 kg af marihuana, og ítrekaði hann þá að hafa ekki komið nálægt dreifingu á fyrsta kílóinu, en einhverju hafa dreift af hinum þremur, en það hafi ekki verið nema nokkur hundruð grömm.

Ákærði nafngreindi síðan 6 aðilja, er hann kvaðst geta fullyrt að hafa selt 10—12 grömm hverjum, en ekki þykir hér þörf á að telja þá upp, en þeir hafa að langmestu leyti borið á sama veg og ákærði um viðskipti þeirra.

Hér í dómi þann 9. nóvember s. á. lýsti ákærði sjálfstætt frekari móttöku á marihuana frá Holberg og miðaði þá við komu Holbergs að utan, en hann hafi þá flutt að Ljósheimum 2 hér í borg. Ákærði kvaðst hafa flutt tvö kíló af marihuana í tvennu lagi frá Holberg, annað heim til Gunnars í Möðrufell, en hitt heim til Guðmundar á Kleppsveg. Ákærði kvaðst hafa annast sölu ásamt þeim Gunnari og Guðmundi, Holberg hafi fengið 400 gkr. fyrir hvert gramm, en söluverð þeirra verið 500—600 gkr. Ákærði gerði lítillega grein fyrir ráðstöfun efna, en rétt þykir þó að geta um afhendingu á 300 gr, er farið hafi til Jónasar Ómars Snorrasonar, er mikið hafi annast sölu efna fyrir þá Gunnar og Guðmund. Hafi sú afhending farið fram í viðurvist Guðmundar og ákærði þar raunar verið að afhenda efni fyrir hönd Guðmundar.

Ákærði staðfesti hér fyrir dómi 16. nóvember 1976 stutta heildarsamantekt á fíkniefnamisferli sínu, en þetta var nokkru eftir að lokið var gæsluvarðhaldi hans vegna rannsóknar máls þessa. Kvaðst hann hafa móttekið samtals 6 kg af marihuana frá Holberg Mássyni og selt með hagnaði ásamt þeim Gunnari Gíslasyni og Guðmundi Kristjánssyni.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl. eftir þingfestingu máls þessa, breytti ákærði framburði sínum varðandi þennan ákærulið á þá leið, að hann kvaðst aðeins hafa móttekið samtals 4 kg af marihuana frá Holberg Mássyni og það verið í umboðssölu.

Guðmundur Kristjánsson, fæddur 15. júní 1955 í Reykjavík, þá til heimilis að Kleppsvegi 72, Reykjavík, skýrði svo frá við yfirheyrslu hér í dómi 12. október 1976, þá í gæsluvarðhaldi, að hann og Gunnar Gíslason hefðu í maí 1976 móttekið ½ kg af marihuana frá ákærða og á næstu vikum 3 kg til viðbótar. Kvað Guðmundur þá hafa selt ofangreint efni ýmsum aðiljum í félagi

við ákærða. Hafi Gunnar annast vörslur fjár og efna og jafnframt annast bókhald, en ákærði sem áður segir annast útvegun efnis. Hafi þeir þrír selt hver eins og hann gat og Gunnar skuldfært þá, er þeir tóku efni, en fært til tekna, er viðkomandi skilaði inn fé fyrir sölu. Hafi þeir þannig aldrei skipt efni.

Guðmundur bar á sama veg hér í dómi 16. nóvember s. á., en kvað þá efnismagn um 4 kg. Guðmundur kvaðst hafa selt Jónasi Ómari Sonrrasyni 1 kg af ofangreindu efni.

Gunnar Gíslason, fæddur 8. ágúst 1952, skýrði í yfirheyrslum hjá lögreglu í Reykjavík þann 2. október 1976 og hér í dómi daginn eftir frá sölu á 3 kg af marihuana vor og sumar það ár, en kvað að sölunni hafa staðið auk sín ákærða og Guðmund Kristjánsson.

Gunnar kvað upphafið að þessum viðskiptum hafa verið það, að í maí þ. á. hafi ákærði boðið sér marihuana til kaups á gkr. 500 hvert gramm. Hafi fyrirkomulag viðskipta verið það, að þeir hafi móttekið efnið hjá ákærða og síðan fengið greiðslufrest, þangað til þeir hefðu lokið sölu hvers efnisskammts. Hafi þeir þannig móttekið samtals a. m. k. 2 kg af marihuana hjá ákærða og afhendingar farið fram við Laugarnesveg í Reykjavík. Kvað Gunnar ákærða þar fyrir utan hafa haft meira efni til ráðstöfunar. Gunnar kvað þá síðan hafa selt ofangreint efni fjölmörgum aðiljum, ýmist í stærri eða smærri skömmtum, og m. a. á tilgreindum veitingastöðum í Reykjavík. Hafi þeir selt hvert gramm á gkr. 700—800 og hagnaður af sölu nefndra tveggja kílóa numið sem svaraði gkr. 200.000, sem varið hafi verið til frekari fíkniefnakaupa, eins og síðar verður vikið að nánar. Þá kvað Gunnar ákærða nokkru síðar hafa getað útvegað 1 kg af marihuana til viðbótar. Hafi þeir þrír síðan sameiginlega staðið að sölu efnisins til margra aðilja. Þá nafngreindi Gunnar Jónas Ómar Snorrason sem kaupanda að allnokkru magni af ofangreindu efni af þeim félögum. Hagnaður af sölu nefnds efnis hafi einnig runnið til frekari fíkniefnakaupa.

Holberg Másson, fæddur 21. september 1954, til heimilis að Strandaseli 9, Reykjavík, skýrði efnislega á sama veg og ákærði frá sölu ofangreinds marihuanaefnis til ákærða, er hann var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 4. febr. 1977, þá í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins. Holberg var síðan yfirheyrður hér í dómi 11. mars og 23. mars 1977.

Holberg kvaðst hafa flutt hingað til lands 3 pund af marihuana í mars og apríl 1976 og selt ákærða meiri hluta þess á gkr.

400—500 hvert gramm. Um mánaðamótin maí/júní 1976 kvaðst Holberg í félagi við erlendan kunningja sinn, John Bourdeu, hafa flutt hingað til lands 10 pund af marihuana og þar af selt ákærða um 4½ kg að meðaltali á um gkr. 400 hvert gramm. Þá kvaðst Holberg í júlí s. á. hafa flutt hingað til lands 100 gr af svonefndu Columbia grasi, sem er gott marihuana, og ákærði hafi einnig fengið eitthvað af því.

Í framburði Holbergs hjá lögreglu 4. febrúar 1977 kemur fram, að hann hafi 5 sinnum afhent ákærða efni á Skólavörðuholti og nágrenni, en eftir að Holberg flutti í Ljósheima, hafi afhendingar líklega farið þar fram.

Jónas Ómar Snorrason, fæddur 22. apríl 1957, sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa. Við yfirheyrslur hér í dómi um miðjan ágúst 1976 bar nefndur Jónas að hafa þá um sumarið dreift tæpu kílói af marihuana fyrir Guðmund Kristjánsson.

3. ákæruliður.

Ákærði lýsti atvikum varðandi þennan ákærulið hér í dómi 3. nóvember 1976. Ákærði kvað þá félaga Gunnar og Guðmund hafa stungið upp á að fá Einar Sigurhansson til þess að annast flutning hassefna frá Rotterdam, en þangað hafi verið fyrirhuguð hasskaupaferð í lok maí 1976. Ákærði kaðst hafa lagt gkr. 250.000 til þessarar farar, eða líðlega helming á móti þeim Gunnari og Gugmundi, er sameiginlega hafi lagt fram gkr. 240.000. Tók ákærði sérstaklega fram, að þessar 250.000 kr. hafi verið hagnaður af sölu marihuanaefnisins og því örugglega verið búið að selja 2½ kg, er ferðin var farin.

Ákærði kvað Gunnar hafa haldið utan ásamt Einari áðurnefndum og þeir í Hollandi keypt 700—800 gr af hassi og flutt hingað til lands. Hafi það verið um 400 gr af Libanonhassi og 300 gr af svörtu Pakistanhassi. Eftir komu þeirra með efni hingað til lands hafi þeir Guðmundur og ákærði hitt þá Gunnar og Einar heima hjá Sigríði, systur Gunnars. Þar hafi þegar verið ákveðið, að Gunnar sæi um vörslu efna og bókhald.

Ákærði kvað þá Guðmund og Gunnar að mestu hafa annast sölu efnisins, en sjálfur kvaðst hann þó hafa selt fimm nafngreindum aðiljum nokkra tugi gramma hverjum, en það væru þeir Jón Rúnar Einarsson, Kristján Jón Jóhannsson, Karl Anton Carlsen, Gylfi Harðarson og Ólafur Bragi Bragason. Nefndir

aðiljar hafa allir staðfest við yfirheyrslur kaup á hassefnum af ákærða sem að ofan greinir.

Ákærði kvað Libanonhassið hafa verið selt á gkr. 1.300 hvert gramm, en Pakistanhassið á gkr. 1.400. Hafi efnið verið selt á nokkrum dögum og söluandvirðið verið lagt í sameiginlegan sjóð og þegar verið byrjað að skipuleggja næstu ferð.

Að lokinni gæsluvarðhaldsvist ákærða mætti hann hér í dómi 16. nóvember og staðfesti þá stutta samantekt yfir fíkniefnamisferli sitt, og var þá eftirfarandi um ofangreint bókað:

„Lagði fram kr. 250.000 í hasskaupaferð Gunnars og Einars Sigurhanssonar í maí. Tók ásamt Guðmundi Kr. og Gunnari þátt í að selja 350—400 gr af Libanon og 250—300 gr af Pakistan."

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl. breytti hann framburði sínum varðandi þennan ákærulið og kvaðst ekki hafa staðið að innflutningi að þar greindum fíkniefnum, en fengið af þeim lítilræði. Ekki tilgreindi ákærði neinar ástæður fyrir þessum breytta framburði.

Hér í dómi 12. október og 16. nóvember 1976 lýsti Guðmundur Kristjánsson ítarlega aðdraganda að hasskaupaferð þeirri, er í þessum ákærulið greinir. Kvað hann þá þremenninga hafa skipulagt utanferð til fíkninefnakaupa fyrir söluandvirði efna hér að ofan. Guðmundur kvaðst um þetta leyti hafa verið í vinnu hjá Heklu h/f og ekki átt þess kost að fara utan. Ákærði hafi komið sér undan því að fara, sem og reyndar ætíð síðar, og Gunnar ákveðið að fara, en ekki viljað flytja efni heim og átt hugmyndina að því að fá Einar Sigurhansson til þess að flytja efni heim gegn greiðslu gkr. 200.000.

Guðmundur kvaðst hafa lagt fram gkr. 100.000 og Gunnar sömu upphæð, en ákærði 250.000 gkr. Hafi Gunnar síðan annast kaup á 100 gr af hassolíu og 500—600 gr af hassi í Rotterdam í Hollandi og Einar Sigurhansson flutt efni hingað til lands. Eftir komu efna hingað til lands hafi þeir þremenningar annast sölu efnanna með sama fyrirkomulagi og áður og söluverð hassefnis verið gkr. 1.300—1.400 hvert gramm.

Gunnar Gíslason var margítrekað yfirheyrður um sakarefni í þessum ákærulið, en framburðir hans voru mjög breytilegir, en í endanlegum framburði hans kemur fram, að í lok maí 1976 hafi hann ásamt Einari Sigurhanssyni haldið til Kaupmannahafnar og þaðan með lest til Rotterdam. Gunnar kvaðst ásamt Guðmundi hafa lagt til fararinnar hagnað af sölu efna úr 2. ákærulið,

eða líðlega gkr. 200.000, en ákærði jafnframt til farar lagt gkr. 250.000. Hafi nefndur Einar Sigurhansson verið fenginn til þess að flytja efni hingað til lands og hann átt að fá sem svaraði gkr. 100.000 fyrir vikið, eftir að greiddur hafði verið ferðakostnaður. Í Rotterdam hafi þeir fest kaup á um 600 gr af hassi og 130 gr af hassolíu. Þeir hafi síðan flutt efnið með sér í lest til Kaupmannahafnar og þaðan flugleiðis hingað til lands. Hafi nefndur Einar borið efni á sér hingað til lands. Gunnar kvaðst ásamt þeim ákærða og Guðmundi hafa annast sölu efnisins og sjálfur mest hafa stundað söluna á tveimur veitingastöðum í Reykjavík, nánar Tjarnarbúð og Óðali.

Ofangreindur Einar Sigurhansson, fæddur 10. mars 1955, til heimilis að Selvogsgrunni 11, Reykjavík, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 4. október 1976 og hér í dómi sama dag. Var framburður hans samhljóða framburði ákærða og Gunnars um ofangreint, utan hvað Einar kvaðst ekki vita um efnismagn, er keypt hefði verið. Þá gat hann ekki um, að hassolía hefði verið keypt í ferðinni. Er nefndur Einar var yfirheyrður hér í dómi 10. nóv. 1976 staðfesti hann yfirlit yfir fíkniefnamisferli sitt, en það var í lok gæsluvarðhalds vegna rannsóknar máls þessa. Þá kvað hann efnismagn u. þ. b. ½ kg af Pakistan- og Libanonhassi.

Ekki þykir hér frekar en að framan ástæða til að rekja framburði ætlaðra kaupenda á efnismagni því, er hér um ræðir, en framburðir ákærða og samstarfsmanna hans eru efnislega studdir framburðum fjölmargra nafngreindra kaupenda.

4. ákæruliður.

Hér í dómi 4. nóvember 1976 lýsti ákærði atvikum varðandi þennan ákærulið. Kvað hann þá félaga hafa ákveðið að nota söluandvirði efna úr síðustu ferð til frekari fíkniefnakaupa erlendis, er síðar yrðu seld hér heima. Kvaðst hann telja, að þeir hefðu þá átt í sjóði nálægt 1.000.000 gkr. Hafi Gunnar marg-nefndur átt uppástungu um, að Halla, þáverandi eiginkona Gunnars, og vinkona hennar yrðu fengnar til að flytja efni hingað til lands, en Einar Sigurhansson færi utan með Guðmundi Kristjánssyni sem leiðsögumaður við kaupin. Hafi Einar átt að fá gkr. 200.000—300.000 fyrir ferðina sem og hina fyrri. Þá hafi stúlkurnar átt að fá sama. Ákærði kvað farseðla og gjaldeyri hafa verið greitt úr sameiginlega sjóðnum og gjaldeyri hafi stúlkurnar átt fyrir sig, en síðan átti að draga hann frá greiðslu

til þeirra. Ekki kveðst ákærði geta tímasett þessa ferð nákvæmlega, en hún hafi verið skömmu eftir hina fyrri.

Ákærði kvað efnismagn úr þessari ferð hafa verið 1000 gr af tyrknesku hassi í 200 gr plötum og eitthvað minna af svörtu Pakistanhassi, en ekki kvaðst ákærði geta fullyrt um magn þess.

Ákærði kvað Gunnar sem fyrr hafa séð um vörslu efna og fjár og hann jafnframt séð um að gera upp við Einar og stúlkurnar, er flutninginn höfðu annast.

Varðandi dreifingu þá kvaðst ákærði hafa selt Ólafi Braga Bragasyni 300 gr fyrir 1.800 bandaríkjadali. Varðandi dreifingu að öðru leyti þá kvað ákærði Pakistanhassið hafa verið selt á gkr. 1.200 hvert gramm og Tyrkjahassið á gkr. 1.300.

Ekki kvaðst ákærði treysta sér til að fullyrða nákvæmlega um fleiri sölur sínar, en öruggt væri, að þeir sömu og áður hefðu verslað við sig, þ. e. Karl Anton Carlsen, Kristján Jón Jóhannsson, Gylfi Harðarson, Jón Rúnar Einarsson og Hermann Ólafsson. Ekki kvaðst ákærði treysta sér til að fullyrða um efnismagn til þessara pilta, en nefndur Gylfi fengið mest. Er framburður ákærða efnislega studdur framburðum nefndra kaupenda.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl. breytti hann framburði sínum á þá leið, að hann hefði ekki komið nálægt innflutningi þeirra fíkniefna, er í þessum ákærulið greinir, en fengið lítilræði af þeim. Ekki færði ákærði fram nein rök eða ástæður fyrir hinum breytta framburði.

Ólafur Bragi Bragason, fæddur 4. september 1957, var yfirheyrður hér í dómi 5. nóvember 1976, þá í gæsluvarðhaldi. Bar hann þá að hafa snemma sumars 1976 fyrir tvo varnarliðsmenn og í Reykjavík af ákærða keypt 160—170 gr af tyrknesku hassi. Eru framburðir ákærða og nefnds Ólafs Braga samhljóða í öðrum atriðum en hvað snertir efnismagn. Ekki verður séð af gögnum málsins, að þeir ákærði og nefndur Ólafur Bragi hafi verið samprófaðir, er rannsókn málsins fór fram, enda sættu margir aðiljar gæsluvarðhaldi á þessum tíma og umfang rannsóknar með ólíkindum.

Guðmundur Kristjánsson lýsti atvikum þennan ákærulið varðandi hér í dómi 12. október og 16. nóvember 1976. Kvaðst hann í fyrri hluta júní 1976 hafa haldið til Rotterdam ásamt Einari Sigurhanssyni með sameiginlegt fé sitt og þeirra Gunnars Gíslasonar og ákærða, en það verið söluandvirði efna úr síðustu ferð. Hafi Einar Sigurhansson farið með í för þessa sem leiðsögumaður, en án endurgjalds og ekkert átt í efnum.

Samkvæmt ráðagerð kvaðst Guðmundur í Rotterdam hafa keypt samtals 1300 gr af hassi og þar afhent Elvi Baldursdóttur og Svanhvíti Höllu Pálsdóttur, fyrrverandi eiginkonu Gunnars, er flutt hafi efnið hingað til lands gegn greiðslu.

Guðmundur kvaðst hafa selt ofangreint efni í félagi við þá ákærða og Gunnar á gkr. 1.300—1.400 hvert gramm, en hann sjálfur mest selt Jónasi Ómari Snorrasyni.

Hér í dómi 3. október 1976 lýsti Gunnar Gíslason ofangreindri hasskaupaferð í júní þ. á., en hún verið kostuð af söluandvirði efna úr síðustu ferð. Gunnar kvaðst hafa staðið að þessari hasskaupaferð ásamt þeim ákærða og Guðmundi Kristjánssyni. Hafi áðurnefndur Einar Sigurhansson verið fenginn til fararinnar sem leiðsögumaður án endurgjalds, en Guðmundur farið með honum. Þá hafi verið ákveðið að fá kvenfólk til þess að annast flutning efnis hingað til lands. Gunnar kvaðst hafa samið við fyrrverandi eiginkonu sína Höllu og vinkonu hennar Elvi. Gunnar kvað Guðmund í Hollandi hafa keypt 1000 gr af tyrknesku hassi á 4 hollensk gyllini pr. gr og 300 gr af svörtu hassi. Hafi sennilega um 400.000 gkr. farið til efniskaupanna. Gunnar kvaðst hafa greitt Elvi og Höllu gkr. 200.000 hvorri fyrir flutning efnisins hingað til lands. Gunnar kvaðst ásamt þeim Guðmundi og ákærða hafa annast sölu efnisins sem fyrr til margra aðilja og þeir selt tyrkneska hassið á gkr. 1.400 hvert gramm, en það svarta á gkr. 1.300.

Einar Sigurhansson ofangreindur bar á sama veg um ofangreint hér í dómi 4. október 1976 og í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík sama dag.

Elvi Baldursdóttir, fædd 1. sept. 1954, var yfirheyrð hér í dómi 4. október 1976 og bar þá að hafa ásamt Höllu, þáverandi eiginkonu Gunnars, flutt hingað til lands frá Rotterdam samtals 1300 gr af hassi, er skipt hefði verið á þær. Hafi þær plástrað efni á maga, fætur og bak. Fyrir flutninginn hafi Gunnar greitt þeim sem svaraði gkr. 200.000, en auk þess verið greiddur ferðakostnaður.

Svanhvít Halla Pálsdóttir, fædd 8. ágúst 1953, bar á sama veg og ofangreind Elvi um flutning nefndra hassefna hingað til lands, er hún var yfirheyrð hjá lögreglu í Reykjavík 2. október 1976.

5. ákæruliður.

Hér í dómi 9. og 10. nóvember 1976 lýsti ákærði þriðju hasskaupaferð þeirra þremenninga til Hollands. Hafi þá verið til fé í sameiginlegum sjóði vegna ofangreindrar fíkniefnasölu, er nægja

átti til kaupa á 3 kg af hassi í Rotterdam í Hollandi. Hafi í fyrstu verið ráðgert, að áðurnefndur Holberg Másson flytti keypt efni hingað til lands, en hann ekki mætt til stefnumóts í Rotterdam, er á reyndi.

Ákærði kvað Gunnar hafa haldið til Rotterdam með um gkr. 1.000.000 og þar keypt 1500—1700 gr af Libanonhassi og 100 gr af hassolíu. Efnið hafi skipverji á millilandaskipi flutt sjóleiðis hingað til lands gegn greiðslu gkr. 600.000. Ákærði kvað þá hafa selt hvert gramm af hassolíunni á gkr. 6.000, en þess utan verið ótæpileg neysla á olíunni af hálfu þeirra þremenninga. Lýsti ákærði sölu sinni á 35—37 gr af nefndri hassolíu til 7 nafngreindra aðilja, er í meginatriðum hafa borið efnislega á sama veg og ákærði um viðskipti þeirra.

Ákærði kvaðst hafa selt varnarliðsmanninum Christopher Barber Smith liðlega 800 gr af hassinu á 600.000 gkr. og 2.000 bandaríkjadali. Hafi þá verið miðað við, að hann fengi 6 dali fyrir hvert gramm svo langt sem dalirnir dygðu, en efni að öðru leyti á gkr. 1.300 hvert gramm.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl. breytti hann framburði sínum varðandi þennan ákærulið og kvaðst engin afskipti hafa haft af innflutningi þar greindra fíkniefna, en af þeim fengið lítilræði. Ekki færði ákærði nein rök fyrir hinum breytta framburði.

Christopher Barber Smith, fæddur 29. september 1953, varnarliðsmaður á Keflavíkurflugvelli, var þann 8. nóvember 1976 og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um ýmiss konar fíkniefnamisferli, en viðurkenndi engin afskipti af fíkniefnum.

Guðmundur Kristjánsson var yfirheyrður hér í dómi 13. október og 16. nóvember 1976. Hann kvað Gunnar Gíslason hafa haldið í júlí 1976 til Rotterdam með sameiginlegt fé þeirra þremenninga, er verið hafi söluandvirði fíkniefna, og Gunnar keypt 1.5 kg af hassi. Hafi upphaflega verið ráðgert, að Holberg Másson flytti efnið heim, en hann ekki mætt til stefnumóts við Gunnar og Gunnar síðar sagt sér, að hann hefði sjálfur flutt efnið heim.

Guðmundur kvað þá félaga hafa selt 1 kg af efninu tveimur varnarliðsmönnum, sem ákærði hafi komist í kynni við, og afhending farið fram við Rauðhóla. Hafi söluverð verið 5½$ og gkr. 12—1.300 og þannig komið inn um 2.000 $ og 5—600.000 gkr.

Þá kvaðst Guðmundur hafa tekið þátt í að dreifa eftirstöðvunum, eða 500 gr.

Gunnar Gíslason var ítrekað yfirheyrður um utanferð þá, er í þessum ákærulið greinir, en framburðir hans voru framan af breytilegir, og kom endanlegur framburður hans ekki fram fyrr en í síðara gæsluvarðhaldinu, er hann sætti vegna rannsóknar máls þessa. Hér í dómi þann 11. nóvember 1976 lýsti Gunnar greindri utanferð og kvað aðdraganda hennar þann, að fyrirhugað hefði verið, að hann héldi einn til Rotterdam í júlí og keypti hassefni fyrir hagnað af sölu efna, er að framan greinir. Hafi ákærði samið við Holberg Másson, að sá færi til Rotterdam og setti sig í samband við sig á einhverju hóteli. Gunnar kvaðst hafa haldið utan með um 400.000 gkr. og eitthvað í gjaldeyri. Gunnar kvaðst fyrst hafa flogið til Kaupmannahafnar og verið þar í tvo til þrjá daga og skipt fé í hollensk gyllini og síðan haldið með bílaleigubifreið til Rotterdam og kynnt sér viðskiptahorfur. Er sig hafi verið farið að lengja eftir Holberg Mássyni, hafi hann hringt í Guðmund og hann þá bent sér á, að Tungufoss og Hvassafell væru í Rotterdam, en þeir þekkt Stefán Hall, er væri skipverji á Tungufossi, og á Hvassafelli þá Boga Halldórsson og Frímann nokkurn. Gunnar kvaðst hafa sett sig í samband við nefndan Boga og hann lýst sig reiðubúinn til að flytja efni heim gegn greiðslu gkr. 250.000 síðar. Reyndar hafi nefndur Bogi og félagi hans Frímann báðir verið ákveðnir í að kaupa sér hass og þeir því farið með sér til efniskaupa. Kvaðst Gunnar hafa keypt rösk 2 kg af Líbanonhassi og þar af átt 1700—1800 gr ásamt þeim Guðmundi og ákærða, en Bogi og Frímann eftirstöðvar. Bogi hafi síðan tekið við efninu til flutnings hingað til lands, en sjálfur kvaðst Gunnar hafa haldið til Kaupmannahafnar og skilað bílaleigubifreiðinni og haldið hingað til lands flugleiðis daginn eftir. Gunnar kvaðst hafa móttekið 1700—1800 gr af ofangreindum efnum heima hjá Boga á Óðinsgötu.

Gunnar kvað ákærða hafa verið búinn að ráðstafa 1 kg til varnarliða á Keflavíkurflugvelli, en þeir þó ekki fengið nema 800 gr og efni verið afhent þeim við Rauðhóla. Kvaðst Gunnar ásamt ákærða og Guðmundi hafa séð um afhendinguna og varnarliðarnir greitt sem svaraði gkr. 1.300 fyrir hvert gramm. Það, sem eftir var af hassinu, kvaðst Gunnar hafa selt ásamt ákærða og Guðmundi nafngreindum aðiljum í Reykjavík og nágrenni.

Varðandi uppgjör til Boga Halldórssonar þá kvaðst Gunnar hafa greitt honum gkr. 250.000 fyrir flutninginn og þá jafnframt

tekið við hlut Boga af þeim efnum, er hann og Frímann keyptu saman, og hafa selt með efnum þeirra hinna á gkr. 1.300 pr. gramm, en skilað Boga kr. 1.200 fyrir hvert gramm.

Bogi Guðbrandur Karl Halldórsson, fæddur 24. júlí 1951, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 13. janúar 1977 og bar þá í meginatriðum á sama veg og Gunnar um ofangreindan flutning hassefna og hlutdeild í efniskaupum.

Frímann Ólafsson, fæddur 10. maí 1953, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 15. nóvember 1976, og var framburður hans efnislega í samræmi við framburði Gunnars og nefnds Boga.

Ekki þykir hér ástæða til að víkja að framburðum ætlaðra kaupenda að ofangreindum efnum, enda liggja fyrir staðfestingar flestra meintra kaupenda á viðskiptum við ákærða og þá félaga hans, Gunnar og Guðmund. Þó liggja ekki fyrir játningar þeirra varnarliðsmanna, er ákærða, Gunnari og Guðmundi ber saman um, að þeir hafi átt viðskipti við.

6. ákæruliður.

Ákærði lýsti atvikum varðandi þennan ákærulið hér í dómi 10. nóvember 1976. Hafi Holberg Másson tekið að sér að flytja efni heim frá Rotterdam gegn því, að keypt yrði eitt kíló fyrir hann, sem þeir þremenningar síðar önnuðust sölu á, en hann greiddi þó gkr. 100.000 í kostnað. Hafi þeir Gunnar og Guðmundur haldið utan til kaupanna, en Holberg farið utan um London. Hafi Holberg farið með hluta þess fjár, er ætlað var til kaupanna, til Rotterdam, en ráðgert hafi verið að kaupa allt að 7 kg, en til kaupanna verið 2.000 bandaríkjadalir og a. m. k. 3.000 sænskar krónur. Ákærði kvað Holberg síðan hafa komið hingað til lands með um 2 kg af hassi og afhent sér í tvennu lagi. Ákærði kvað þá Gunnar og Guðmund hafa komið hingað til lands 3—4 dögum á eftir Holberg, en þá hafi ákærði verið búinn að selja fyrir rúmar gkr. 500.000. Hafi þrír aðiljar annast sölu efna fyrir sig, en það verið Jón Rúnar Einarsson, Kristján Jón Jóhannsson og Gylfi Harðarson, en hann selt efnið á 1.100—1.200 gkr. hvert gramm. Þá kvað ákærði Holberg hafa fengið 100 gr af ofangreindu efni. Ákærði kvað nafngreindan skipverja á Tungufossi hafa flutt afgang efna hingað til lands, eða 3.8 kg, gegn greiðslu gkr. 300.000, en Tungufoss komið í höfn á Húsavík. Þangað kvaðst ákærði hafa haldið að sækja efnið ásamt Gunnari á bifreið í eigu kunningja síns, en jafnframt í för slegist sambýliskona ákærða

og eiginkona Gunnars, en Guðmundur Kristjánsson hafi, þegar hér var komið sögu, verið kominn í gæsluvarðhald.

Ákærði kvaðst fyrir milligöngu Ólafs Braga Bragasonar hafa selt áðurnefndum Christopher Smith 1 kg af ofangreindu hassi á 6.000 bandaríkjadali, en nefndur Ólafur Bragi sjálfur keypt 35 gr á 250 bandaríkjadali.

Ákærði kvaðst hafa látið sömu aðilja og áður annast dreifingu fyrir sig, en Gunnar verið afkastamikill við sölu. Hafi 1 kg af ofangreindu efni verið óselt, er ákærði fór utan í lok ágúst.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl., breytti hann framburði sínum varðandi þennan ákærulið á þá leið, að hann kvaðst engan þátt hafa átt í innflutningi þeirra fíkniefna, er þar greinir, en af þeim fengið lítilræði.

Framburðir Gunnars Gíslasonar um sakarefni í þessum ákærulið voru breytilegir, en endanlegur framburður hans kom fram hér í dómi 11. nóvember 1976 og 16. s. m.

Gunnar kvað eina ferð hafa enn verið ákveðna að lokinni sölu efna úr síðustu ferð. Hafi ákærði samið við Holberg Másson um, að hann flytti efni hingað til lands frá Hollandi. Hafi Holberg ætlað að greiða ferðir sínar sjálfur, en þess utan að leggja fram gkr. 300.000 til kaupa á 1 kg af hassi, er ákærði, Gunnar og Guðmundur ætluðu að selja fyrir hann á gkr. 1.200, en hann þess utan átt að fá einhverja aukagreiðslu.

Gunnar kvaðst hafa haldið til Rotterdam ásamt Guðmundi í síðari hluta júlí og þeir til kaupanna haft liðlega 2.000 bandaríkjadali og um 800.000 gkr. ísl. Hafi Guðmundur annast efniskaupin og keypt 4.6 kg af Kasmírhassi og 1 kg af Marokkóhassi. Hafi nefndur Holberg séð um flutning 2 kg af hassinu hingað til lands, en Stefán Hallur Ellertsson séð um flutning þess, er þá var eftir, sjóleiðis með m/s Tungufossi.

Í nefndu þinghaldi 11. nóvember 1976 gerði Gunnar eftirfarandi grein fyrir ráðstöfun ofangreindra efna, en þá var eftir honum bókað svohljóðandi:

„Mætti segir, að eftir heimkomu hafi mætti og Guðmundur hitt Franklín á heimili Kristínar og Ívars í Mosgerði. Mætti segir Franklín þá hafa verið búinn að taka við efninu frá Holberg, þ. e. 1 kg af Kasmír og 1 kg af Marokkó. Mætti segir Franklín hafa á Háaleitisbraut daginn eftir gert grein fyrir stöðunni. Þá hafði Franklín verið búinn að selja allt að helming efnis af báðum tegundum. Mætti segir þá alla þrjá hafa selt est. efna. Mætti kveðst sem áður hafa selt Jóni Matthíassyni

og Jóni Sturlu bæði af Kamír og Marokkó. Kveðst mætti ekki þora að áætla heildarmagn til þeirra af þessu.
Eftir að þetta efni var búið, en það var fimm eða sex dögum eftir heimkomu, og um það leyti er Guðmundur gaf sig fram (6/8), segir mætti, að sjóðurinn hafi verið gerður upp. Franklín greiddi Holberg 1.200 þús. og auk þess um 200 þús. vegna flutnings. Est. segir mætti hafa verið skipt í þrennt og hafi komið kr. 200 þús. á hvern, mætta, Franklín og Guðmund.
Er Guðmundur var kominn í hendur lögreglu, segist mætti hafa komist að raun um, að Tungufoss væri væntanlegur til Húsavíkur. Ferð þangað með Franklín o .fl. kveðst mætti hafa réttilega lýst svo og móttöku efnis frá Stefáni. Þar sé þó við að bæta, að efnið, sem Stefán kom með, hafi verið 3.2 kg. Þetta efni var allt Kasmír. Mætti segir Franklín hafa þegar selt af þessu 1 kg til kana fyrir milligöngu íslendinga. Mætti kveðst ekki vita, hverjir þeir voru. Heldur mætti, að um 5.200 US$ hafi komið inn fyrir þetta.
Mætti rifjar upp að hafa móttekið efnið 9. ágúst á Húsavík. Auk kílósins, sem Franklín seldi, sem áður er getið, segir mætti hann hafa ætlað að selja annað kíló þeim sömu könum, sem fengu fyrra kílóið. Mætti segir þetta hafa klikkað tvo föstudaga í röð.
Est. um 1200 grömm segir mætti hafa verið skipt í þrennt, þ. e. 400 gr. á mætta, Franklín og geymt fyrir Guðmund. Mætti kveðst hafa ráðstafað sínum hlut og u. þ. b. helming af Guðmundar og því hafi þeir hvor um sig selt af þessu um 600 grömm. Megnið af sínum hluta kveðst mætti hafa ráðstafað til Jóns Matthíassonar, en minnihluta til Jóns Sturlu.
Um miðjan ágúst segir mætti, að Franklín hafi tjáð sér, að hann væri reiðubúinn að fara ferð til Rotterdam, og sagði jafnframt, að Holberg hafi boðið aðstoð sína einu sinni enn. Mætti kveðst hafa farið með Franklín heim til Holbergs að semja við hann. Um þetta leyti hafi að vísu komið í ljós, að seinni kanadíll Franklíns klikkaði. Vegna þess hafi ekki verið ljóst, hve mikið efni Franklín gæti keypt, en samið hafi verið endanlega um það við Holberg, að hann legði til kr. 300 þús. til kaupa á einu kílói, sem þeir svo seldu fyrir hann fyrir 1200 þús. Síðan fengi Holberg 500 þús. fyrir flutning efna, sem á þessu stigi var talið, að gæti orðið allt að 5 kg. Auk þess fengi Holberg greiddar kr. 50 þús. upp í kostnað.
Er ljóst varð, að Franklín gat ekki selt kílóið til kana, segist

mætti hafa tekið til við að selja af því. Segir mætti, að þeir Franklín hafi verið búnir að selja af því um 400 grömm, áður en Franklín fór út í lok ágúst.

Mætti kveðst hafa selt est., þá búandi hjá Einari Sigurhanssyni á Sporðagrunni, enda foreldrar hans erlendis.

Mætti kveðst hafa selt Stjána „gramm" um 350 grömm fyrir 1.880 US$ og einnig fyrir 70—80 þús. í ísl. Þá kveðst mætti hafa selt Jóni Rúnari fyrir 100 þús., en est. hafi fengið þeir Jón Matthíasson og Jón Sturla Axelsson sem áður."

Ofangreindur Stefán Hallur Ellertsson, fæddur 1. maí 1955, var yfirheyrður hér í dómi 30. september 1976 og lýsti þá ítarlega aðdraganda og flutningi 3.5 kg af hassi hingað til lands frá Rotterdam fyrir Guðmund, Gunnar og Franklín og bar á sama veg og Gunnar. Hafi Gunnar greitt sér gkr. 300.000 fyrir flutninginn.

Holberg Másson ofangreindur, fæddur 21. sept. 1954, bar hér í dómi 11. mars 1977 á sama veg og ákærði um flutnning nefndra 2 kg af hassi hingað til lands, annað kg hafi hann átt sjálfur, en fengið gkr. 200.000 fyrir flutning á hinu.

Guðmundur Kristjánsson bar á sama veg og þeir ákærði og Gunnar um ofangreint hér í dómi. Kvaðst hann hafa haldið þann 24. júlí 1976 til Rotterdam ásamt Gunnari Gíslasyni og keypt þar um 5.8 kg af hassi fyrir sameiginlegt fé þeirra félaga og Holbergs Mássonar. Kvað hann Holberg hafa flutt 2 kg hingað til lands, en Stefán Hall Ellertsson allt að 3.8 kg. Guðmundur kvaðst hafa selt lítils háttar af efninu einum aðilja, en ákærði og Gunnar annast söluna að öðru leyti á gkr. 1.300 hvert gramm, en Guðmundur var hnepptur í gæsluvarðhald 6. ágúst s. á., en þá hafði efni það, sem Stefán Hallur flutti, ekki enn borist til landsins.

Varðandi framburði þeirra aðilja, er ákærði tilgreindi sem fasta dreifiaðilja fyrir sig, þá þykir hentara að víkja að framburði þeirra í heild undir næsta ákærulið hér á eftir.

Varðandi framburð varnarliðsmannsins Christopher B. Smith vísast til þess, er rakið var varðandi næsta ákærulið hér á undan.

7. ákæruliður.

Í áðurnefndu þinghaldi 10. nóvember 1976 lýsti ákærði hasskaupaferð til Rotterdam um mánaðamótin ágúst-september það ár. Ákærði kvaðst ásamt Gunnari Gíslasyni hafa átt viðræður við Holberg Másson um frekari samvinnu um innflutning hassefna. Hafi Holberg átt að sjá um flutning efna, en skv. samkomulagi átt að kaupa fyrir hann eitt kíló, er hann sjálfur legði út fyrir,

en síðan átt að selja fyrir Holberg kílóið og afhenda honum andvirðið, gkr. 1.200.000. Loks hafi átt að greiða Holberg gkr. 500.000 fyrir flutninginn.

Til utanfararinnar kvaðst ákærði hafa haft úr sameiginlega sjóðnum þeirra þremenninga 6.200 bandaríkjadali, 300 danskar kr., 100 DM auk ferðamannagjaldeyris fyrir sig og Margréti Ágústsdóttur, sambýliskonu sína, er slegist hafi með í förina. Þá hafi Holberg, er farið hafi utan á eftir ákærða, átt að færa sér söluandvirði hasskílósins, er óselt var, er ákærði hélt utan. Holberg hafi þó aðeins komið með sem svaraði gkr. 500.000, er hann hafi skipt í hollensk gyllini.

Í Rotterdam kvaðst ákærði hafa keypt 5.8 kg af Marokkóhassi og 3 kg af Tyrkjahassi. Ákærði kvaðst ásamt nefndri sambýliskonu hafa haldið með ofangreint efnismagn í bílaleigubifreið til Amsterdam og þar afhent það Holberg Mássyni til flutnings. Ákærði kvaðst síðan hafa ferðast um Evrópu á bílaleigubifreiðinni, en haldið hingað flugleiðis mánudaginn 6. september.

Ákærði kvað Gunnar hafa verið kominn í gæsluvarðhald, er ákærði kom heim. Hafi hann því sett sig í samband við Einar Sigurhansson, er hafi verið með hluta efnisins, er Holberg flutti hingað til lands. Hafi Einar sagt sér, að Holberg hafi afhent 4 kg og sagst afhenda afgang síðar. Ákærði kvað þá Einar og Gunnar hafa verið búna að selja eitthvað af efninu, en ákærði kvaðst ekki hafa þorað að koma sjálfur nálægt dreifingunni, utan hvað hann hafi selt Gylfa Harðarsyni 400 gr á gkr. 1.100 hvert gramm.

Ákærði kvað Gunnar hafa að mestu gert upp við Holberg, en ákærði kvaðst hafa mælt sér mót við Holberg á Brauðbæ og greitt honum eftirstöðvar, kr. 300.000. Holberg hafi síðan þar fyrir utan í bifreið Einars Sigurhanssonar afhent sér eftirstöðvar af hassinu, en síðar komið í ljós, að á vantaði 1200 gr. Ákærði kvað ekki hafa tekist að fá það, sem á vantaði af hassinu, hjá Holberg.

Ákærði kvaðst ásamt Einari Sigurhanssyni hafa pressað tyrkneska hassið í 100 gr plötur á heimili Sigríðar, systur Gunnars. Þá kvaðst ákærði hafa verið viðstaddur, er Einar seldi Karvel Gränz 1100 gr af tyrkneska hassinu á 5.500 bandaríkjadali, en afhending farið fram á heimili nefndrar Sigríðar.

Í nefndu þinghaldi gerði ákærði grein fyrir helstu kaupendum hassefna af sér í heild yfir allt tímabilið án tillits til einstakra ferða, en þeir væru:

1. Ólafur Bragi: 1.035 gr á 6.000 bandaríkjadali og 300 gr á 1.800 bandaríkjadali og loks 250 gr í smáum skömmtum.

2. Kristján Jón Jóhannsson: 300—350 gr í mörgum afhendingum.
3. Jón Rúnar Einarsson: 300—400 gr.
4. Karvel Gränz: 250—300 gr.
5. Gylfi Harðarson: liðlega 1 kg.
6. Hermann Ólason: 200—250 gr.

Í lögregluyfirheyrslu 23. október 1976 lýsti ákærði sig reiðubúinn til að vísa á peninga, er hann ætti geymda hjá nafngreindum kunningja sínum hér í borg. Lýsti hann því yfir, að þeir væru söluandvirði fíkniefna, og rökstuddi sundurliðað. Vísaði ákærði á Jón Þóri Gunnlaugsson, fæddan 28. ágúst 1942, til heimilis að Laufásvegi 10 hér í borg, sem vörslumann nefnds fjár. Ekki tókst að ná til nefnds Jóns Þóris fyrr en 1. nóvember sama ár, en hann viðurkenndi að hafa fyrir allnokkru móttekið pakka frá ákærða og kvað pakkann geymdan í bankahólfi í Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands.

Lögreglumenn fóru ásamt nefndum Jóni Þóri og sóttu pakkann í bankahólfið og fóru með hann á skrifstofu fíkniefnadeildar á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Í viðurvist nefnds Jóns Þóris töldu lögreglumenn fé það, sem í pakkanum var, en skipting þess var sem hér segir:

1. Ísl. krónur í 5.000 kr. seðlum, samtals 66 stk.
2. Ísl. krónur í 1.000 kr. seðlum, samtals 47 stk.
3. Ísl. krónur í 500 kr. seðlum, samtals 11 stk.
4. Ísl. krónur í 100 kr. seðlum, samtals 6 stk.
5. Danskar krónur í 1.000 kr. seðlum, samtals 4 stk.
6. Bandaríkjadalir í 20$ seðlum, samtals 228 stk.
7. Bandaríkjadalir í 10$ seðlum, samtals 1 stk.

Peningarnir voru merktir og eru varðveittir á skrifstofu fíkniefnadeildar.

Ákærði var yfirheyrður hér í dómi 16. nóvember 1976 og staðfesti þá að hafa í ágúst það ár keypt samtals 8.8 kg af hassi í Rotterdam og tekið þátt í dreifingu þess hérlendis. Staðfesti hann jafnframt að hafa komið undan söluágóða um gkr. 1.600.000 í geymslu, en síðar vísað lögreglu á fé.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl., breytti hann framburði sínum án nokkurra skýringa varðandi þennan ákærulið og kvaðst einungis hafa annast kaup þar greindra hassefna í Hollandi, en ekkert haft með innflutninginn að gera, en aðeins tekið

lítillega þátt í sölu efnis. Jafnframt kvað hann Holberg Másson eiganda 1 kg, en hann þess utan slegið eign sinni á 1200 gr.

Í nefndu þinghaldi 11. nóvember 1976 lýsti Gunnar Gíslason hasskaupaferð þeirra félaga í lok ágúst þ. á. Hafi ákærði samið við áðurnefndan Holberg Másson um flutning efna hingað til lands. Hafi svo um samist, að Holberg legði fram gkr. 300.000 til kaupa á einu kílói, sem þeir seldu fyrir hann, en síðar fengi hann gkr. 500.000 fyrir flutning efna, sem á þessu stigi var talið, að gætu orðið allt að 5 kg. Auk þess hafi Holberg átt að fá greiddar gkr. 50.000 upp í kostnað.

Í nefndu þinghaldi lýsti Gunnar utanferð þeirra ákærða og Holbergs og ráðstöfun efna. Þykir hér hentara að taka beint upp framburð Gunnars þar um, en hann var svohljóðandi:

„Aðspurður um ferð Franklíns og Holbergs segir mætti, að Holberg hafi verið að fara á loftbelgjamót í Englandi og fengið e-ð af peningum til að skipta. Mætti segir um það hafa verið samið, að Holberg kæmi heim á undan Franklín, og átti hann að setja sig í samband við mætta í Möðrufelli. Mætti segir Holberg hafa komið til landsins í lok ágúst, en miðvikudaginn 1. sept. kveðst mætti hafa náð sambandi við Holberg og boðað hann til sín á Kleppsveg 142 á heimili Jóns Sturlu Axelssonar, en þar kveðst mætti hafa verið einn.

Mætti segir Holberg hafa komið fljótlega og með 2 kg af Marokkóhassi í 200 gr plötum. Sagðist Holberg vera með meira í geymslu, og mæltu þeir sér mót á sama stað kl. 19.30 þetta sama kvöld, enda vissi mæti þá, að Jón Sturla yrði að heimsækja eiginkonu sína á fæðingardeild þá.

Mætti segir Holberg hafa komið á tilsettum tíma og með tvö kíló í 250 gramma pokum, efni duft, að því er mætti telur einnig Marokkó. Þetta kvöld kveðst mætti hafa boðið Einari Sigurhanssyni og Höllu, eiginkonu mætta, á hljómleika í Laugardalshöll, en þangað kveðst mætti sjálfur ekki hafa þorað. Kveðst mætti hafa samið við Einar um, að þau kæmu síðan í Torfufell 46 til Aðalsteins Ásgeirssonar, þangað sem mætti ætlaði og hélt. Þá segist mætti og hafa greitt Holberg 1.880$ og 300 þús., er hann kom með efnið, og þannig verið búinn að eyða því, sem inn kom vegna sölu efna, sem Stefán kom með.

Aðspurður um meira efni segir mætti, að Holberg hafi sagt, er hann hafði afhent þessi liðlega 4 kg, að annað eins eða svipað væri eftir, það kæmi til landsins í frakt með loftbelgnum.

Heima hjá Aðalsteini kveðst mætti hafa talið efni saman og

vigtað og sett á blað, hve mikið kæmi inn fyrir sölu á þessu og hvað væri eftir að borga Holberg. Þá skipt niðurstöðutölu í þrennt og út úr því hafi komið 3 sinnum liðlega 1.500 þús. Kveðst mætti hafa sagt við Einar þarna um kvöldið, er mætti afhenti honum efnið, að hann ætti að afhenda þetta Franklín, er hann kæmi heim. Þó kveðst mætti hafa sagt við Einar, að hann gæti selt af þessu, ef hann vildi, og þá 1.200 kr. grammið. Í því sambandi kveðst mætti fyrst og fremst hafa bent Einari á Jón Matthíasson og Jón Sturlu og þá, að Einar mætti lána þeim.

Mætti segist hafa sagt við Holberg, að mætti ætlaði að gefa sig fram, og bað Holberg að afhenda Franklín efnið, sem ætti eftir að koma. Þó kveðst mætti og hafa gefið Holberg upp símanúmer Einars í sama skyni.

Tveim dögum síðar, eða 3. sept., kveðst mætti hafa gefið sig fram. Mætti losnaði úr gæslu 3/10. Þá segir mætti, að Einar hafi verið í sólarhringsgæslu. Kveðst mætti hafa farið til Aðalsteins í Torfufell og sótt þangað hass og peninga, sem Einar hafi þangað komið. Mætti kveðst hafa náð sambandi við Jón Sturlu, Jón Matthíasson og Kára Sigurðsson, sem var farinn að starfa með Jóni Matthíassyni. Mætti segir þá alla hafa bergmálað það sama, að Einar hafi verið búinn að lofa þeim efni og allt væri að verða vitlaust af efnisþurrð. Kveðst mætti hafa látið Jón Sturlu hafa 100 grömm og móttekið kr. 200.000 þús., sem hann skuldaði Einari vegna fyrri viðskipta.

Mætti kveðst hafa náð sambandi við Einar á mánudagskvöldinu og hann þá án árangurs reynt að skýra bókhaldið. Mætti segir sér hafa verið útilokað að skilja bókhald Einars, en beðið hann að skrá sérstaklega niður skuldara og byrja að innheimta hjá þeim.

Efni það, sem eftir var, segir mætti hafa verið tæp 800 grömm. Næsta dag kveðst mætti hafa skipt fé því, sem inn var komið, í tvennt, eins og mætti hefur áður greint frá. Segir mætti það hafa verið 720 þús. í ísl. og 2.760$ í hvorum pakka. Kveðst mætti hafa afhent móður Guðmundar annan pakkann, en falið Höllu, konu sinni, að koma hinum í geymslu hjá systur sinni. Eftir þetta segir mætti, að inn hafi komið 8—900 þús., en af því kveðst mætti hafa borgað Einari 100 þús. til að greiða bílaleigubíl og af sófasetti, sem hann á, auk þess sem Einar fékk 5—10 þús. á dag þessa daga „til að lifa". Mætti kveðst og hafa tekið af þessu í sukk. Mætti segir Einar hafa tekið tvisvar kr. 20 þús. til að greiða Möggu, vinkonu Franklíns. Þá kveðst og mætti hafa

greitt happadrættismiða. Kveðst mætti ætla, að um 600 þús. hafi verið eftir, og það kveðst mætti hafa falið Höllu að koma í geymslu til móður sinnar.

Mætti kveðst, eins og fram er komið, ekkert hafa skilið í því, hvað lítið fé var inn komið. Mætti segir Einar hafa sagt sér, að Franklín hafi verið búinn að taka rúmlega 1.600 þúsund, og hluti af því að sögn Einars í gjaldeyri. Efir þetta kveðst mætti hafa sagt orðrétt við Einar: „Ég geri ekki ráð fyrir, að þú getir ekki skýrt þetta, Einar minn, en ég get ekki betur séð en á vanti um þrjár milljónir.“ Þá segir mætti, að Einar hafi sagt sér, að Holberg hafi haldið eftir 1200 grömmum efnis.

Aðspurður um uppgjör til Holbergs segir mætti, að Einar hafi ekki verið með það á hreinu, hvort Franklín væri búinn að gera upp við Holberg, en þeir vissu ekki, hvar efni það væri, sem Holberg héldi.

Aðspurður um útistandandi skuldir segir mætt Einar hafa gert grein fyrir eftirfarandi:

1) Stjáni „gramm“ 400 þús.
2) Jón Rúnar 150 þús.
3) Jón Matth. 300 þús.

850 þús.

Auk þessara hafi verið þrír aðrir, sem skulduðu minna. Mætti segir skuldir Jóns Rúnars og Stjána hafa verið afskrifaðar, þar sem ekki var talið, að þeir gætu staðið í skilum.

Mætti segir Einar hafa séð um dreifingu est. efna og hafi hann selt Jóni Matthíassyni, Kára Sigurðssyni og Jóni Sturlu.“

Einar Sigurhansson bar á sama veg og Gunnar Gíslason um ofangreint hér í dómi 4. nóvember 1976 og gerði grein fyrir dreifingu sinni á efnum fyrir ákærða og félaga hans og skilum á söluandvirði.

Áður en nefndum Einari var sleppt úr gæsluvarðhaldi 10. nóv. 1976, var bókað eftir honum yfirlit um fíkniefnamisferli hans og þá bókað svohljóðandi um ofangreint:

„Móttók 4.6 kg af hassi 1. sept. hjá Gunnari Gíslasyni og síðar um 2.8 kg hjá Franklín Steiner. Sá um sölu þessa, ásamt Franklín að hluta, en afhenti Gunnari Gíslasyni síðar um 750 grömm sem eftirstöðvar og allan söluágóða. Hvert gramm selt á kr. 1.200. Þáði kr. 35.000.“

Holberg Másson var yfirheyrður hér í dómi 11. mars 1977 og

var framburður hans efnislega samhljóða framburði Gunnars og ákærða.

Kristján Jón Jóhannsson, fæddur 2. desember 1956, var yfirheyrður hér í dómi 19. október 1976 og bar þá að hafa snemma sumars 1976 margítrekað keypt hass af ákærða til eigin neyslu, en síðar skv. beiðni ákærða farið að annast fyrir hann sölu hassefna. Hafi verið um margar efnisafhendingar frá ákærða að ræða, en ekki mikið magn hverju sinni. Kvaðst hann telja heildarefnismagn 137 gr eða hugsanlega eitthvað meira. Þá kvaðst hann skömmu áður hafa keypt 80 gr af hassi af ákærða eða Einari Sigurhanssyni, er verið hafi sölumaður fyrir ákærða.

Ólafur Bragi Bragason, fæddur 4. september 1957, viðurkenndi, sem áður er rakið, kaup á 165 gr af hassi af ákærða í maí-júní 1976. Nokkru seinna kvaðst nefndur Ólafur af ákærða hafa keypt 1 kg af Kasmírhassi á 6.000 bandaríkjadali fyrir ónefnda varnarliðsmenn, en jafnframt 25 gr af hassi fyrir sjálfan sig.

Karvel Gränz, fæddur 5. mars 1954, bar í yfirheyrslu hér í dómi 3. nóvember 1976 að hafa ítrekað sumarið 1976 keypt hass og marihuana af ákærða, nánar 100 gr af marihuana, 5 gr hassolíu og 150—225 gr af hassi. Þá kvaðst Karvel hafa haft milligöngu um kaup á 1100 gr af hassi fyrir varnarliða af ákærða og Einari Sigurhanssyni.

Gylfi Harðarson, fæddur 13. janúar 1958, var yfirheyrður hér í dómi 28. nóvember 1976 og bar þá að hafa sumar 1976 keypt samtals 530 gr af hassi.

Jón Rúnar Einarsson, fæddur 3. nóvember 1955, var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 6. júní 1977 og bar þá að hafa í ágúst 1976 selt samtals um 300 gr af hassi fyrir og skv. beiðni ákærða og skilað ákærða 1.100—1.300 gkr. fyrir hvert gramm að sölu lokinni.

NIÐURSTÖÐUR..

1. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, en kveður heildarefnismagn móttekið frá nefndri Sigríði Gísladóttur 400 gr.

Ákærði breytti að vísu fyrri framburðum sínum, er hann kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl., án þess að gefa nokkrar skýringar. Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, enda fyrri játningar efnislega studdar framburðum þeirra Sig-

ríðar Gísladóttur, Gunnars Gíslasonar og nafngreindra kaupenda. Þykir hér skv. ofansögðu rétt að leggja til grundvallar, að ákærði hafi alls móttekið 400 gr af hassi frá nefndri Sigríði.

Þykir þannig sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd, nánar frá áramótum og fram í apríl 1976 keypt margsinnis af Sigríði Gísladóttur, þá dveljandi að Laufásvegi 10 og Laugarnesvegi 64, Reykjavík, samtals 400 grömm af hassi og af Gunnari Gíslasyni, Möðrufelli 1, Reykjavík, á sama tíma allt að 100 grömmum af hassi, sem ákærði neytti að hluta sjálfur, en seldi mestmegnis mörgum mönnum í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

2. ákæruliður.

Við rannsókn máls þessa viðurkenndi ákærði sundurliðað alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er framburður hans efnislega samhljóða framburði Holbergs Mássonar og að mestu þeirra Gunnars Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar, en þeir bera þó um minna magn, eða allt að 4 kg, er þeir hafi átt þátt í að dreifa ásamt ákærða, en þeir kveða ákærða alfarið hafa átt viðskiptin við Holberg Másson og ákærði því haft undir höndum meira magn af nefndu efni en þeir hafi tekið þátt í að dreifa.

Ákærði breytti framburði sínum þennan ákærulið varðandi, er hann kom hér fyrir dóm 11. ágúst sl., án þess að færa fram nokkur rök máli sínu til stuðnings. Þykir ekki fært að taka mark á hinum breytta framburði ákærða skv. ofansögðu. Þá eru upphaflegar játningar ákærða studdar framburðum nafngreindra kaupenda.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, nánar vorið og sumarið 1976 keypt af Holberg Mássyni, Strandaseli 9, Reykjavík, í fjögur skipti samtals 6 kílógrömm af marihuana, í fyrsta skipti eitt kílógramm, sem var afhent á lóð Landspítalans, í annað skiptið tvö kílógrömm, sem voru afhent á lóð Blóðbankans við Barónsstíg, í þriðja skiptið eitt kílógramm, sem afhent var á horni Leifsgötu og Barónsstígs, og í fjórða skiptið tvö kílógrömm, sem afhent voru í íbúð, sem Holberg hafði þá í Ljósheimum í Reykjavík. Ákærði seldi allt þetta efnismagn, að undaskildri eigin neyslu, í samvinnu við fyrrnefnda Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson, Kleppsvegi 72, Reykjavík,

mörgum mönnum í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

3. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, en ekki verður tekið markt á breyttum framburði ákærða frá 11. ágúst sl., enda hann órökstuddur og í ósamræmi við öll gögn málsins. Játningar ákærða eru efnislega samhljóða framburðum þeirra Einars Sigurhanssonar, Gunnars Gíslasonar, Guðmundar Kristjánssonar og nafngreindra kaupenda efna. Með vísan til framburða þeirra Gunnars Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar þykir varlegra að miða við, að heildarefnismagn hafi verið 600 gr, þó ákærði hafi borið um meira magn.

Samkvæmt ofansögðu þykir rækilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn, nánar í lok maímánaðar flutt inn frá Holllandi í félagi við Einar Sigurhansson, Selvogsgrunni 11, Reykjavík, og nefndan Gunnar Gíslason 600 grömm af hassi og af því selt hérlendis í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um 400 grömm til margra manna í Reykjavík og nágrenni gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.

4. ákæruliður.

Varðandi breyttan framburð ákærða, er fram kom hér í dómi 11. ágúst sl., þá athugast, að ekki þykir mark á honum takandi, enda er hann órökstuddur og í algeru ósamræmi við öll gögn málsins. Þykir þannig sannað með játningu ákærða, sem rækilega er studd framburðum allra viðkomandi aðilja, m. a. framburðum þeirra Guðmundar Kristjánssonar og Gunnars Gíslasonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í júnímánuði 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við sömu menn og greinir í 3. lið hér að framan um 1300 grömm af hassi og síðan selt þetta efnismagn, að undanskildri eigin neyslu, í samvinnu við þá Gunnar og Guðmund til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.

5. ákæruliður.

Ekki verður tekið mark á breyttum framburði ákærða frá 11.

ágúst sl., enda er hann órökstuddur og í algeru ósamræmi við önnur gögn málsins.

Þykir þannig sannað með játningu ákærða, sem efnislega er studd framburðum þeirra Gunnars Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar auk nafngreindra kaupenda, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar seinni hluta júnímánaðar 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson um 1700 grömm af hassi og um 100 grömm af hassolíu, sem þeir seldu svo hér á landi, að undanskildri eigin neyslu, mörgum mönnum gegn verulegu gjaldi og höfðu af því fjárhagslegan ávinning.

6. ákæruliður.

Ekki verður tekið mark á breyttum framburði ákærða, er fram kom hér í dómi 11. ágúst sl., enda er hann órökstuddur og í algeru ósamræmi við önnur gögn málsins. Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning rækilega studd framburðum þeirra Gunnars Gíslasonar, Guðmundar Kristjánssonar, Holbergs Mássonar og nafngreindra kaupenda. Með hliðsjón af framburðum ofangreindra þykir rétt að leggja til grundvallar, að efnismagn hafi verið 5.8 kg.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn, nánar um mánaðamótin júlí-ágúst 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við þá Gunnar Gíslason og Guðmund Kristjánsson 5.8 kílógrömm af hassi og notið til þess aðstoðar Holbergs Mássonar og skipverja á m/s Tungufossi. Efnismagn þetta, að undanskildri eigin neyslu, seldi ákærði í samvinnu við þá Gunnar og Guðmund til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og hafði af því fjárhagslegan ávinning.

7. ákæruliður.

Ekki verður tekið mark á breyttum framburði ákærða, er fram kom hér í dómi 11. ágúst sl., en hann er órökstuddur og í algeru ósamræmi við fyrri játningar ákærða hér í dómi og önnur gögn málsins. Játningar ákærða eru studdar framburðum þeirra Gunnars Gíslasonar, Einars Sigurhanssonar, Holbergs Mássonar og margra nafngreindra kaupenda. Hins vegar verður ekki talið, að

nefndur Guðmundur Kristjánsson hafi átt aðild að brotum í þessum ákærulið, en hann sætti gæsluvarðhaldi allan tímann.

Með vísan til framburða ofangreindra þykir rétt að leggja til grundvallar, að heildarefnismagn hafi verið 8.8 kg.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd um efnismagn og aðild nefnds Guðmundar, nánar um mánaðamótin ágúst-september 1976 flutt inn frá Hollandi í samvinnu við Gunnar Gíslason 8.8 kg af hassi og notið til þess aðstoðar Holbergs Mássonar, sem átti eitt kílógramm af þessu efnismagni sjálfur, og síðan selt um 8 kílógrömm af efninu, fyrst í samvinnu við Gunnar, eða þar til hann var hnepptur í gæsluvarðhald, og síðan með aðstoð Einars Sigurhanssonar, til margra manna hér á landi gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning.

Framangreind brot ákærða í 1.—7. ákærulið ber að virða sem áframhaldandi brotastarfsemi, er svarar til verknaðarlýsingar 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974,, sbr. enn fremur 2. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf og nánar sem hér segir:

1972 29/12 þingrétturinn, Málmey, Svíþjóð: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 1. gr. laga um fíknilyf og 1. gr., sbr. 1. mgr. tolllaga (frá 29/12 1972 til 28/2 1973).

1977 5/4 í Reykjavík: Dómur: 250.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1977 22/6 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1979 17/12 borgarréttur Kaupmannahafnar: Dómur: Fangelsi í 1 ár og 6 mán. fyrir brot gegn danskri fíkniefnalöggjöf og vopnalögum.

1981 11/8 sakadómur í ávana- og fíkn.: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Ekki hefur tekist að afla endurrits ofangreinds dóms þingréttar Málmeyjar í Svíþjóð frá 29. desember 1972, og verður hann ekki látinn hafa réttaráhrif í máli þessu.

Í 2. mgr. 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 er kveðið svo á, að dómstólum sé heimilt að láta refsidóma, er kveðnir eru upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hérlendis. Ekkert samsvarandi ákvæði er í hegningalögum um, að erlendir refsidómar geti haft réttaráhrif skv. 78. gr. nefndra laga, en eðli máls samkvæmt þykir rétt, að ofangreindur refsidómur borgarréttar Kaupmannahafnar frá 17. desember 1979 leiði til sakaukaáhrifa samkvæmt 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 ásamt nefndum dómsafgreiðslum hérlendis frá 5. apríl 1977, 22. júní 1977 og 11. ágúst 1981.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði stundaði samkvæmt ofansögðu stórfelldan og margítrekaðan innflutning fíkniefna og var frumkvöðull brota. Kemur fram í játningum ákærða og framburðum aðilja, að ákærði leitaði til margra aðilja og hvatti þá til að dreifa fyrir sig fíkniefnum í verulegum mæli. Þá sammæltist ákærði við marga aðilja um hlutdeild og samvinnu í ofangreindum tilgangi, og bar ofangreindur innflutningur og víðtæk dreifing gegn verulegu fégjaldi allt yfirbragð skipulagðrar brotastarfsemi í ávinningsskyni.

Teljast ofangreind atriði með vísan til 70. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, tölulíða 1, 6 og 7, auk loka málsgreinar, ákærða til refsiþyngingar.

Að öllu ofangreindu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár, en að auki og með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 14/1948, kr. 30.000.00 í fésekt til ríkissjóðs, þar sem ákærði hafði verulegan hagnað af brotum sínum. Komi 4 mánaða fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að til frádráttar ofangreindri refsivist komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 47 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, og sömu upphæð í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Loks ber með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 að gera

upptækt til ríkissjóðs eftirfarandi söluandvirði fíkniefna: 1) gkr. 383.100. 2) 400 dankar kr. 3) 5.770 bandaríkjadali.

Óæskilegur dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa í heild vegna umfangs og langdvalar ákærða erlendis.

Dómsorð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947 í Reykjavík, sæti fangelsi í 2 ár og greiði kr. 30.000.00 í fésekt til ríkissjóðs. Komi 4 mánaða fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ofangreindri refsivist til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, eða 47 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, og kr. 5.000.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Upptækt til ríkissjóðs skal eftirfarandi andvirði seldra fíkniefna: 1) gkr. 383.100. 2) 400 danskar krónur. 3) 5.770 bandaríkjadali.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 47/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Róbert Emanúel Glad
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 19. janúar 1982, en af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 6. október s. á.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærða verði ekki dæmd refsing í máli þessu, en til vara, að ákærði hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn ákærða og öðrum manni, en málinu er aðeins áfrýjað að því er varðar ákærða Róbert Emanúel.

Dómur borgardóms Kaupmannahafnar 6. apríl 1979 á hendur ákærða hefur verið lagður fyrir Hæstarétt.

I.

Fallist er á sakarmat héraðsdómara um öll ákæruefni. Brot ákærða eru réttilega færð til refsiákvæða, en athuga ber, að í niðurstöðum héraðsdómara um II. ákærulið samkv. fyrra ákæruskjali, 30. desember 1980, hefur fallið niður ártalið 1978 á eftir töluorðinu 293. Við I. ákærulið í sama ákæruskjali athugast, að um meðferð amfetamínefna er fjallað í reglugerðum nr. 230/1976 og nr. 293/1978, sem vísa ætti til, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Viðurlögum samkvæmt lögum nr. 60/1980 verður ekki beitt í máli þessu, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði gekkst undir dómssátt í sakadómi Reykjavíkur 8. febrúar 1977 vegna ölvunar við akstur og ólöglegs ökuhraða. Þótti háttsemi hans varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og sætti hann 60.000 króna sekt til ríkissjóðs og ökuleyfissviptingu í 12 mánuði frá 9. desember 1976.

II.

Við ákvörðun refsingar ber að beita 70. gr., 2. mgr., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsivist ákærða svo og um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, en með tilliti til dóms sakadóms Reykjavíkur 1. júlí 1980 þykir eigi rétt að beita fésekt að auki. Eigi hafa komið fram sérgreind rök gegn því, að eignarupptöku verði beitt, svo sem gert er í héraðs-

dómi, og ber að staðfesta ákvæði hans bæði um eignarupptöku og sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Róbert Emanúel Glad, sæti 6 mánaða fangelsi, en til frádráttar komi 39 daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómara í máli þessu að öðru leyti en því, sem varðar beitingu 78. gr. almennra hegningarlaga, og um refsingu ákærða.

Með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum frá 1. júlí 1980 er ákærða dæmdur hegningarauki, 6 mánaða fangelsi og 1.000.000 gkr. sekt, við refsingar samkvæmt dómum þeim frá Frakklandi og Sambandslýðveldinu Þýskalandi, sem í héraðsdómi greinir, en jafnframt ákveðið, að dómur borgarréttar Kaupmannahafnar frá 6. apríl 1979 skyldi ekki hafa réttaráhrif í þessu máli. Þessum dómi vildi dómþoli una, og var honum ekki áfrýjað.

Þar sem hegningaraukadómurinn frá 1. júlí 1980 er ekki til endurskoðunar og við hann er unað, verður refsiákvörðun hans ekki tekin til mats að nýju í þessu máli. Ber því að dæma ákærða nú hegningarauka við dóminn frá 1. júlí 1980 eftir reglum 78. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 70.

gr. sömu laga tel ég refsingu ákærða hæfilega ákveðna fangelesi 8 mánuði. Ég er sammála meiri hluta dómara um það, að fésekt verði eigi beitt í þessum dómi.

Er þá haft í huga, að sektarákvörðun í dóminum frá 1. júlí 1980 er hegningarauki við hinn franska dóm 13. júlí 1977, þar sem ákærða var gerð 68.000 franskra franka sekt ásamt með refsivist. Er því ekki svigrúm innan sektarmarka laga nr. 65/1974 til að beita sektarrefsingu í þessu máli, þó að hliðsjón sé höfð af hækkunarheimild refsimarka í 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð ætti að vera svohljóðandi:

Dómsorð:

Ákærði, Róbert Emanúel Glad, sæti 8 mánaða fangelsi.

Refsivist til frádráttar komi 39 daga gæsluvarðhaldsvist. Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 2. nóvember 1981.

Ár 1981, mánudaginn 2. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 807/1981 og 814/1981: Ákæruvaldið gegn Róbert Emanúel Glad.

Málið, sem dómtekið var 30. október sl., er af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæru, útg. 30. desember 1980, á hendur Róbert Emanúel Glad, þá til heimilis að Miðtúni 32, Reykjavík, en nú til heimilis að Bárugötu 4, Reykjavík, fæddum 29. október 1954 á Sauðárkróki, „fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

I.

Í apríl 1976 keypt allt að 45 gr af amfetamíndufti (speed) í Amsterdam, flutt efnið til London og þar selt Guðeifi Sveini Kristjánssyni allt að 25 gr af efninu, sem ákærða var ljóst, að Guðleifur Sveinn hugðist flytja til Íslands, og eftir það flutt eftirstöðvar efnisins með sér hingað til lands og selt hluta þeirra hérlendis ónefndum aðilum.

Telst þetta varða við 3. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 3., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

II.

Í maí/júní 1976 í félagi við nefndan Guðleif Svein keypt allt að 1½ kg af marihuana og 100 gr af amfetamíndufti í Amsterdam og varið til kaupanna fé, er fengist hafði með sölu efnisins, sem um ræðir í I. lið, og nokkru síðar flutt efni þessi til Svíþjóðar (Gautaborg), þar sem þeir félagar seldu allt marihuanaefnið og hluta amfetamínsins. Í júlí s. á. flutti ákærði með sér hingað til lands 35—40 gr af amfetamíninu, sem hann seldi að verulegum hluta hérlendis, ýmist sjálfur eða í samvinnu við Odd Guðjón Pétursson.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. nefndar reglugerðar nr. 390/1974, sbr. að nokkru auglýsingu nr. 293/1978, áður nr. 230/1976, svo og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaganr. 19/1940.

III.

Um jólaleytið 1976 í félagi við nefndan Guðleif Svein keypt um 1 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Reykjavíkur, þar sem þeir drýgðu efnið með hveiti og afhentu svo Sighvati Borgari Hafsteinssyni og Jakob Benediktssyni hluta efnisins, allt að 200 gr hvorum, en hjá þeim höfðu ákærði og Guðleifur Sveinn móttekið fé til hasskaupanna, og loks fengu þeir Odd Guðjón Pétursson til að selja fyrir sig meginhluta eftirstöðvanna, allt að 1 kg, fyrir samtals um kr. 1.100.000.

IV.

Í apríl 1977 keypt um 1½ kg af hassi í Amsterdam fyrir sameiginlegt fé þeirra Guðleifs Sveins Kristjánssonar, fengið Andreu Jónsdóttur til að flytja 1100 gr efnisins hingað til lands, þar sem

Guðleifur Sveinn annaðist sölu þess, og fékk ákærði síðan sendan hluta söluandvirðisins til Luxemburg.

Framangreind brot ákærða í liðum III og IV teljast varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. nefndar reglugerðar nr. 390/1974."

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þegar ákærða Róbert Emanúel var birt ofangreind ákæra, óskaði hann eftir því, að meðferð máls þessa yrði frestað, þar til ríkissaksóknari hefði afgreitt mál ákærða Róberts Glad varðandi og þau yrðu síðan afgreidd í einu lagi. Féllst dómari á það eftir að hafa fengið þær upplýsingar hjá embætti ríkissaksóknara, að ákæru væri að vænta fljótlega í nefndu máli.

Með ákæru, dags. 10. mars 1981, höfðaði ríkissaksóknari enn mál á hendur ákærða Róbert Emanúel Glad, Miðtúni 32, Reykjavík, fæddum 29. október 1954 á Sauðárkróki, og Engilbert Jensen, Sjafnargötu 14, Reykjavík, fæddum 24. febrúar 1941 á Akureyri, „fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

1.

Um mánaðamótin mars/apríl 1980 keypt ½ kg af hassi í Amsterdam á 3.5 hollensk gyllini hvert gramm og um 50 gr af amfetamíndufti (speed) á 35 gyllini hvert gramm, og flutti ákærði Engilbert efnin hingað til lands. Ákærðu drýgðu amfetamínið um helming með þrúgusykri og skiptu efnunum í smápakkningar til söludreifingar á heimili ákærða Róberts Emanúels, og hinn 6. apríl afhentu þeir Ólafi Sigurðssyn, sem lagt hafði fé til kaupanna, 150 gr af hassinu og 25 eða 50 gr af amfetamínefninu. Ákærði Engilbert fékk í sinn hluta allt að 100 gr af hassinu og 40 gr af amfetamínefninu. Ákærði Róbert Emanúel seldi Gunnari Ómari Gunnarssyni 15 gr af amfetamíninu í Reykjavík á 25—35.000 gkr. hvert gramm, og með aðstoð nafngreinds manns, KH, seldi hann 100 gr af hassinu á 7—8.000 hvert gramm, og ennfremur seldi Róbert Emanúel megnið af því hassi og amfetamíndufti, sem þá var eftir, ótilgreindum aðilum, hvert gramm af hassi á 7—8.000 gkr. og hvert gramm af amfetamínduftinu á 25—30.000 gkr.

2.

Samkvæmt ráðagerðum ákærðu hélt ákærði Engilbert á ný til Amsterdam um mánaðamót apríl/maí s. á. með hluta söluandvirð-

is efnanna í 1. lið og keypti þar um ½ kg af hassi á um 5 gyllini hvert gramm og flutti efnið með sér hingað til lands, og komu allt að 100 gr efnisins í hlut Engilberts. Ákærði Róbert Emanúel seldi megnið af eftirstöðvunum áðurnefndum Gunnari Ómari, samtals allt að 150 gr, í Reykjavík á 9—10.000 gkr. hvert gramm, og með aðstoð fyrrgreinds KH seldi Róbert Emanúel um 200 gr efnisins ótilgreindu fólki."

Í ákæruskjali þessu eru framangreind ætluð brot ákærðu talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 293/1978 að því er varðar meðferð ákærðu á amfetamíndufti.

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar og ákærði Róbert Emanúel ennfremur til að sæta upptöku samkvæmt 5. gr. nefndra laga og 10. gr. reglugerðarinnar á þeim ávana- og fíkniefnum, sem lögreglan lagði hald á heima hjá ákærða Róbert 7. maí 1980, m. a. um 40 gr af hassi og smáræði af amfepramonum."

Ákærði Róbert Emanúel Glad er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 29. október 1954 á Sauðárkróki. Hann hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

1977 8/2 í Reykjavík: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 9/12 1976.

1977 13/7 Montpellier, Frakklandi: Dómur: 2 ára fangelsi, þar af 18 mán. skilorðsbundið, fyrir brot gegn þarlendri fíkniefnalöggjöf.

1978 18/9 í Osnabrück, Þýskalandi: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir fíkniefnamisferli.

1979 6/4 borgarréttur Kaupmannahafnar: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn danskri fíkniefnalöggjöf.

1980 1/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi og 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 173. gr. a alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. 2. gr. og 6. gr. laga 65/19974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/ 1974.

Ákærði Engilbert Jensen er á sakhæfisaldri, nánar, eins og að ofangreinir, fæddur 24. febrúar 1941 á Akureyri. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1960 18/7 á Siglufirði: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun.

1961 21/3 í Keflavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 37. gr. laga nr. 25/1958.

1963 23/10 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100 kr .sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

1969 9/1 í Keflavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 9/1 1969.

1977 2/8 í Reykjavík: Sátt, 75.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 8/6 1977.

1978 13/3 í Reykjavík: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

1981 28/9 í Reykjavík: Sátt, sekt að upphæð kr. 13.000 fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. 77. gr. alm. hegningarlaga 19/1940.

MÁLSATVIK.

I. Ákæruskjal, útgefið 30. desember 1980.

Rannsókn á þeim atriðum, er í þessu ákæruskjali greinir, hófst fyrri hluta sumars 1977, og voru fjölmargir aðiljar yfirheyrðir, og sættu þá gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar nokkrir aðiljar, en þeir, er einkum koma við sögu í ætluðum brotum ákærða Róberts Glad, voru þeir Oddur Guðjón Pétursson og Guðleifur Sveinn Kristjánsson. Ekki tókst hins vegar að ná til ákærða Róberts Glad fyrr en í mars 1979, en hann dvaldi þá í fangelsi í Kaupmannahöfn vegna brota gegn fíkniefnalöggjöf. Hann var síðan yfirheyrður hér í dómi 6. júní 1979 eftir komu hingað til lands frá Kaupmannahöfn. Hér á eftir verður vikið að sakarefni í þeirri röð, er í nefndu ákæruskjali greinir.

I. ákæruliður.

Guðleifur Sveinn Kristjánsson, fæddur 20. ágúst 1955 í Keflavík, var yfirheyrður hér í dómi 28. júlí 1977, þá í gæsluvarðhaldi, og skýrði þá sjálfstætt svo frá að hafa vorið 1976 haldið til London til þess að hitta þar ákærða Róbert Glad, en þeir voru málkunnugir og hann frétt, að Róbert Glad væri þar staddur. Í London kvaðst Guðleifur Sveinn hafa keypt 25 gr af amfetamíndufti af Róbert Glad, en ekki muna kaupverð. Hafi þeir haldið

saman hingað til lands 27. apríl það ár. Kvaðst Guðleifur Sveinn hafa flutt ofangreind 25 gr innanklæða hingað til lands og selt hérlendis nafngreindum varnarliðsmanni. Þá hafi Róbert Glad einnig komið með ótilgreint efnismagn, er Guðleifur Sveinn kvaðst vita til, að Róbert Glad hefði selt hér, en ekki hverjum.

Eins og vikið var að hér að ofan, var ákærði Róbert Glad ekki yfirheyrður um sakarefni í ákæru þessari fyrr en þann 19. mars 1979, en þá var hann í haldi í fangelsi í Kaupmannahöfn vegna fíkniefnamisferlis. Fór yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglu í Reykjavík utan til að yfirheyra ákærða Róbert Glad. Er ofangreind rannsókn stóð yfir sumarið 1977, var ákærði í fangelsi í Montpellier í Frakklandi að afplána 2 ára fangelsisdóm, en þar af voru 18 mán. skilorðsbundnir, fyrir brot gegn þarlendri fíkniefnalöggjöf. Þá var ákærði þann 18. sept. 1978 í Osnabrück í Þýskalandi dæmdur í 1 árs fangelsi fyrir fíkniefnamisferli og hafði nýlega lokið afplánun þess dóms, er hann var handtekinn í Kaupmannahöfn vorið 1979, sbr. ofangreint.

Í nefndri yfirheyrslu þann 19. mars 1979 skýrði ákærði Róbert Glad svo frá aðspurður um tímabilið apríl 1976, að hann hefði að vísu gleymt miklu frá þessum tíma, en muna eftir að hafa verið í London og hafa farið heim til Íslands í þessum mánuði með 10—20 gr af speedi eða nánar dexadrini eða amfetamíni. Efni hafi hann haft innanklæða og það ekki fundist við tollleit. Eftir komu hingað til lands hafi hann selt efnið ýmsum vinum og kunningjum, er hann vildi ekki nafngreina.

Er ákærði Róbert Glad kom hingað til lands að lokinni afplánun fangelsisdóms í Danmörku fyrir fíkniefnamisferli, var hann yfirheyrður hér í dómi um ofangreint.

Við nefnda yfirheyrslu, er fram fór þann 6. júní 1979, bar ákærði Róbert Glad að hafa í apríl 1976 hitt Guðleif Svein Kristjánsson í London. Hafi hann af sér keypt amfetamínduft, svipað magn og ákærði flutti sjálfur hingað til lands, er var 10—20 gr, eða jafnvel meira. Kvaðst hann ekki vefengja framburð Guðleifs Sveins, er borið hafi um kaup á 25 gr af amfetamíni af sér. Ofagreint amfetamín kvaðst ákærði Róbert Glad hafa keypt í Amsterdam og flutt það þaðan til London. Efni það, er hann hafi flutt hingað til lands, kvaðst ákærði Róbert Glad hafa notað að nokkru til eigin neyslu, en Guðleifur Sveinn eitthvað selt af því.

II. ákæruliður.

Í áðurnefndu þinghaldi hér í dómi 28. júlí 1977 skýrði Guðleifur

Sveinn Kristjánsson svo frá, að um miðjan maí 1976 hefði hann ásamt ákærða Róbert Glad haldið utan og þeir átt samtals um 5.000 bandaríkjadali, er hafi verið hluti söluandvirðis fyrrgreindra efna. Hafi þeir haldið flugleiðis til Luxemborgar og þar tekið bílaleigubifreið og haldið til Amsterdam. Þar hafi ákærði Róbert Glad fyrir þá félaga og á nafngreindum veitingastað keypt 1500 gr af marihuana og 100 gr af svonefndu speedefni. Hafi ákærði Róbert Glad annast öll fjármál og einn vitað kaupverð efna. Frá Amsterdam hafi þeir haldið til Luxemborgar og þaðan til París og loks til Gautaborgar. Hafi þeir í Gautaborg selt ofangreind 1500 gr af marihuana og 30 gr af speedinu. Afganginum af speedinu, nánar amfetamínduftinu, hafi þeir skipt í Gautaborg og haldið hingað til lands með ca 35 gr hvor.

Nánar aðspurður kvað Guðleifur Sveinn ákærða Róbert Glad hafa haldið heim frá Svíþjóð í byrjun júlí 1976, en sjálfur kvaðst hann hafa komið hingað til lands um mánaðamótin ágúst-september s. á. Guðleifur Sveinn kvað ákærða Róbert Glad hafa selt sín 35 gr af amfetamíni, en kvaðst ekki vita hverjum.

Við áðurnefnda yfirheyrslu hjá lögreglu 19. mars 1979 bar ákærði Róbert Glad á sama veg og Guðleifur Sveinn um ofangreind efniskaup í Amsterdam, en kvað marihuanaefnið ca 1 kg og amfetamínið 100 gr. Nánar aðspurður kvað hann ósennilegt, að marihuanaefnið hafi verið 1.5 kg. Kvaðst hann hafa flutt 35—40 gr af amfetamíninu hingað til lands og komið því fyrir í til þess gerðu leðurarmbandi fyrir flutninginn. Kvaðst hann hafa notað af efninu sjálfur, en annars selt ónefndum aðiljum, m. a. á Keflavíkurflugvöll. Þá kunni Guðleifur Sveinn að hafa selt eitthvað af efninu fyrir sig, en hann hafi komið eitthvað seinna frá Svíþjóð.

Í nefndu þinghaldi hér í dómi 6. júní 1979 skýrði ákærði Róbert Glad efnislega á sama veg frá. Kvað hann þá í Amsterdam hafa keypt sameiginlega 100 gr af amfetamíni og 1—1½ kg af marihuana og kaupin verið gerð fyrir söluhagnað úr síðustu ferð. Hafi Guðleifur Sveinn í Svíþjóð annast sölu marihuana efnisins og hluta af amfetamíninu, en 35—40 gr af því kvaðst hann hafa flutt hingað til lands og ráðstafað sem áður segir.

Oddur Guðjón Pétursson, fæddur 7. apríl 1956, er sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa, skýrði svo frá hér í dómi 20. ágúst 1977 að hafa í nokkrum afhendingum frá ákærða Róbert Glad tekið við til endursölu samtals 15—20 gr af amfetamíndufti og mest á tímabilinu júlí—ágúst 1976, eða nánar frá

komu Róberts Glad að utan og til þess er Guðleifur Sveinn Kristjánsson einnig kom að utan.

III. ákæruliður.

Í áðurnefndu þinghaldi þann 28. júlí 1977 lýsti Guðleifur Sveinn Kristjánsson atvikum þennan ákærulið varðandi. Hann skýrði svo frá, að í desember 1976 hafi hann og ákærði Róbert Glad verið orðnir peningalitlir, þótt þeir væru báðir við vinnu, og þeir því ákveðið fíkniefnainnflutning til að bæta úr því. Guðleifur Sveinn kvaðst í samkvæmi að Barmahlíð 50 hér í borg hafa gert húsráðanda, Sighvati Hafsteinssyni, og kunningja hans, Jakob Benediktssyni, tilboð, er fólst í því, að þeir legðu fram fé til utanferðar þeirra Glad til fíkniefnakaupa gegn fullri endurgreiðslu, er heim kæmi, en auk þess 1 gr af hassi fyrir hvert lánað þúsund. Hafi þeir lagt til 350.000 gkr., er ákærði Róbert Glad skipti í bandaríkjadali.

Guðleifur Sveinn kvað þá hafa haldið flugleiðis til Luxemborgar 23. desember 1976 og þaðan með lest til Amsterdam. Þar hafi þeir keypt 1 kg af tvenns konar hassefnum. Efni hafi þeir síðan flutt í handfarangri sömu leið til baka og komið hingað til lands þann 27. desember s. á. Eftir komu hingað til lands hafi þeir blandað saman báðum efnistegundum og drýgt síðan með ½ kg af hveiti. Hafi ákærði Róbert Glad annast sölu efnisins í félagi við Odd Guðjón Pétursson. Að lokinn sölu hafi Sighvatur og Jakob fengið endurgreitt vegna framlaga þeirra auk umsamins efnismagns. Kvað Guðleifur Sveinn þá félaga samtals fyrir sölu ofangreindra efna hafa fengið gkr. 1.000.000.

Ákærði Róbert Glad bar um ofangreint í margnefndri lögregluyfirheyrslu þann 19. mars og hér í dómi 6. júní s. á. Bar hann í grófum dráttum á sama veg og Guðleifur Sveinn, kvað þá í Amsterdam hafa keypt 1 kg af hassi og flutt hingað til lands og hér blandað hveiti. Hafi tveir piltar, Sighvatur og Jósep, lagt fram fé til fararinnar og fengið greitt í efni eða peningum. Hafi Oddur Pétursson séð um sölu efna að einhverju leyti, en Guðleifur að öðru leyti séð um söluna.

Ofangreindur Oddur Guðjón Pétursson bar í áðurnefndu þinghaldi 20. ágúst 1977 að hafa tímabilið lok desember 1976 og fram í febrúar 1977 móttekið samtals 800—900 gr af duftkenndu, hveitiblönduðu hassi frá ákærða Róbert Glad, en efnið verið afhent í framhaldi af komu ákærða og Guðleifs Sveins

frá Luxemborg í lok desember 1976. Hafi skilaverð verið ýmist gkr. 1.000 eða 1.100, en söluverð gkr. 1.300—1.400.

Herbert Þorvarður Guðmundsson, fæddur 15. desember 1953, bar hér í dómi 14. júlí 1977 að hafa tvívegis keypt hassefni af ákærða Róbert Glad í febrúar það ár. Fyrst hafi hann keypt fyrir gkr. 30.000 og síðar fyrir gkr. 10—15.000 og hvert gramm á gkr. 1.400.

Bjarni Harðarson, fæddur 17. febrúar 1957 í Vestmannaeyjum, var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 10. ágúst 1977 og bar þá að hafa í febrúar-mars það ár keypt í þremur afhendingum samtals 110—120 gr af Libanonhassi af ákærða Róbert Glad á gkr. 1.300 hvert gramm.

Sighvatur Borgar Hafsteinsson, fæddur 8. júlí 1953, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 31. júlí 1977 og bar þá að hafa lagt fram gkr. 200.000 í ofangreinda hasskaupaferð og að henni lokinni fengið fé endurgreitt auk 100 gr af hassi og 10 gr af amfetamíni. Nefndur Sighvatur staðfesti ofangreint hér í dómi 6. júlí 1979.

Jakob Benediktsson, fæddur 5. janúar 1951, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 23. ágúst 1977 og viðurkenndi þá að hafa lagt fram gkr. 150.000 í ofangreinda innkaupaferð og að henni lokinni hafi ákærði Róbert Glad endurgreitt sér um gkr. 100.000, en þess utan afhent sér 200 gr af hassi, er verið hafi fremur lélegt. Nefndur Jakob staðfesti ofangreint hér í dómi 6. júlí 1979.

IV. ákæruliður.

Guðleifur Sveinn Kristjánsson skýrði svo frá í ofangreindu þinghaldi þann 28. júlí 1977, að ákærði Róbert Glad hefði um mánaðamótin mars-apríl 1977 haldið til Luxemborgar og þá fengið hjá sér 3.750 bandaríkjadali, en þá hafi enn verið eftir að selja hluta þess hassefnis, er í hlut hans kom af ofangreindu. Um miðjan apríl s. á. hafi Róbert Glad hringt í sig að utan og sagt sér, að Andrea Jónsdóttir væri á leið til Íslands með 1100 gr af hassi og Róbert Glad ókað eftir því, að Guðleifur Sveinn annaðist hér sölu efnisins. Guðleifur kvaðst hafa selt nafngreindum varnarliðsmanni 500 gr, en Oddur Pétursson fengið 600 gr. Að lokinni sölu kvaðst Guðleifur Sveinn hafa haldið eftir 440.000 gkr. ísl., en sent Róbert Glad 3.000 bandaríkjadali til Luxemborgar, en Andrea Jónsdóttir fengið gkr. 100.000 í sinn hlut.

Í nefndri lögregluyfirheyrslu í Kaupmannahöfn 19. mars 1979

bar ákærði Róbert Glad um ofangreint á þá leið, að hann hefði í aprílbyrjun 1977 haldið til Luxemborgar og þaðan til Amsterdam. Þar hafi hann keypt 1—1.5 kg af hassi og Andrea Jónsdóttir flutt ca 1 kg hingað til lands og Guðleifur Sveinn séð um ráðstöfun þess. Hafi hann síðan fengið nokkur þúsund bandaríkjadali senda með Guðrúnu Ragnarsdóttur og Andreu Jónsdóttur til Luxemborgar, en aldrei fengið að fullu uppgert fyrir efnið.

Hér í dómi 6. júní 1979 bar ákærði Róbert Glad mjög á sama veg um ofangreint. Kvað hann kaupin fjármögnuð með 3—4.000 bandaríkjadölum frá Guðleifi Sveini og þar verið um að ræða hagnað af sölu efna úr síðustu ferð. Hafi hann keypt samtals 1½ kg af hassi, Andrea Jónsdóttir flutt 1100 gr hingað til lands, en þar tekið við efninu Guðleifur Sveinn Kristjánsson og annast sölu þess. Hluta söluandvirðis hafi hann fengið sendan frá Íslandi með Guðrúnu Ragnarsdóttur og Andreu Jónsdóttur.

Eftirstöðvar efnis kvaðst ákærði Róbert Glad hafa selt þarlendum aðiljum í Luxemborg.

Andrea Jónsdóttir, fædd 28. nóvember 1956, viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík þann 7. janúar 1978 að hafa flutt hassefni hingað til lands frá Amsterdam í apríl 1977. Ekki kemur fram hjá henni, hvort hún hafi vitað um efnisþyngd, en hún lýsti ítarlega útliti og umbúnaði efnis. Nefnd Andrea hefur ekki verið yfirheyrð um ofangreint í dómi, en hún er búsett í Svíþjóð og því ekki tök á því í þessu máli að bæta þar úr.

Guðrún Ragnarsdóttir, fædd 6. febrúar 1953, staðfesti við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík þann 27. febrúar 1978 að hafa á nefndum tíma flutt peningasendingu frá Guðleifi Sveini Kristjánssyni til ákærða Róberts Glad í Luxemborg, en ekki kvaðst hún vita upphæðir í því sambandi, en vita, að um gjaldeyri var að ræða.

II. Ákæruskjal, útgefið 10. mars 1981.

Rannsókn á sakaratriðum þeim, er í þessu ákæruskjali greinir, fór fram vorið 1980, og komu margir aðiljar þar við sögu sem grunaðir. Tveir slíkra voru ákærðu í máli þessu.

Ákærði Róbert E. Glad var handtekinn 7. maí 1980 og að heimili sínu að Miðtúni 32 hér í borg. Við húsleit, er fram fór á heimili hans sama dag, fundust ýmis ætluð fíkniefni, og voru þau tekin í vörslu fíkniefnadeildar, merkt nr. 493 á efnaskrá og nánar sem hér segir:

A: Ljósgrænt ætlað hassefni, sem vó án umbúða 32.9 gr.

B: Ljósbrúnt ætlað hassefni, sem vó án umbúða 2.8 gr.
D: Óþekkt hvítt duft, sem var í umbúðum merktum ACIDUM ASCORBICUM, vegið án umbúða 54.5 gr.
E: Gulleitt duft, sem fannst í hvítri rúskinnsbuddu, gaf jákvæða svörun í tilliti til kókaíns. Vó án umbúða 0.8 gr.
F: Ætluð kannabisfræ, ótalin.

Þá fundust og við nefnda leit ýmis glös með lyfjum, er merkt vöru sem sýnishorn framleiðanda ekki ætluð til sölu. Voru þau merkt sem nr. 506 á efnaskrá fíkniefnadeildar og tekin í vörslu lögreglu. Eftirtalin lyf fundust:

15 st. ómerktar pillur af nokkrum teg.
2 glös af ómerktum pillum, 2 teg.
4 glös af Enavid pillum, ekki ætlað til sölu.
18 st. Librax, ekki ætlað til sölu.
1 glas Torecan, ekki ætlað til sölu.
1 glas Irsidon.
1 glas Stelazine.
3 hylki Ornande, ekki ætlað til sölu.

Sýni nr. 493 e var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands til efnagreiningar með bréfi, dags. 8. maí 1980. Niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar voru svohljóðandi með bréfi, dags. 12. júní 1980:

„Ávana- og fíknilyf og efni — Matsgerð nr. 377:
Sýni 493 e, sbr. hjálagt ljósrit af beiðni, sem dags. er 8. 5. 1980. Sýnið var gult duft, 0,3 g að þyngd. Með gasgreiningu á súlu, blettagreiningu á þynnu, ljósfallsmælingu í útfjólublá og innrauðu ljósi og ýmsum efnaprófum mátti staðfesta, að sýnið væri blanda af amfepramónklóríði og glúkósa auk óhreininda, er gæfu gulan lit. Magn amfepramónklóríðs í sýninu var 26%. Amfepramónum er ávana- og fíknilyf, skylt amfetamíni. Það er ekki skráð hér á landi, en var áður (Dobesin (R)).“

Sýni nr. 493 d var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands til efnagreiningar með bréfi, dags. 8. maí 1980. Niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar voru svohljóðandi með bréfi, dags. 12. júní 1980:

„Ávana- og fíknilyf og efni — Matsgerð nr. 376:
Sýni 493 d, sbr. hjálagt ljósrit af beiðni, sem dagsett er 8. 5. 1980.

Sýnið var hvítt duft, 2,26 g að þyngd. Með ljófallsmælingu í útfjólublárri og innrauðu ljósi og títrun mátti staðfesta, að sýnið væri sem næst hrein askorbínsýra. Askorbínsýra telst til vítamína (C vítamín).“

Ákærði Róbert Glad var yfirheyrður hér í dómi 8. maí 1980 og neitaði þá allri meðhöndlun fíkniefna að undanförnu. Þar sem hann var borinn sökum um dreifingu fíkniefna, og ætluð fíkniefni fundust á heimili hans, sem að framan er rakið, var ákærði Róbert Glad sama dag og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 20 dögum í þágu rannsóknar málsins. Þann 28. s. m. var gæsluvarðhald ákærða Róberts Glad framlengt um allt að 20 dögum. Neitaði ákærði Róbert Glad stöðugt sökum, þar til við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 16. júní. Að lokinni yfirheyrslu hér í dómi sama dag gekk ákærði laus og hafði þá játað ýmsar sakir, er nánar verður vikið að hér síðar við atvikalýsingu og varðandi hvorn ákærulið sérstaklega.

Ákærði Engilbert Jensen var handtekinn 20. maí 1980 vegna ætlaðrar aðildar að innflutningi fíkniefna í félagi við meðákærða Róbert Glad. Við yfirheyrslur hér í dómi sama dag viðurkenndi ákærði Engilbert aðild að innflutningi slíkra í félagi við meðákærða Róbert Glad, en framburðir hans voru breytilegir og óljósir. Var ákærði Engilbert hér í dómi daginn eftir úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 20 dögum, en hann gekk laus 10. júní s. á.

Hér verður nú vikið að málsatvikum í þeirri röð, er í ákæruskjali greinir.

1. ákæruliður.

Eins og fram kom hér að ofan, neitaði ákærði Róbert Glad lengi vel sakargiftum, en tók að skýra frá málavöxtum eftir samprófun við meðákærða Engilbert Jensen, er lýst hafði innflutningi þeirra á hassefnum og amfetamíni. Játning ákærða Róberts Glad kemur fram við yfirheyrslu hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 16. júní 1980 og síðan við yfirheyrslu hér í dómi sama dag.

Í síðastnefndu dómþingi skýrði ákærði Róbert Glad svo frá, að fíkniefnaviðskipti þau, er hér um ræðir, hafi byrjað með fjárframlagi tveggja aðilja. Nafngreindi hann aðeins annan þeirra, en kvaðst vilja leyna nafni hins. Hafi hér verið um að ræða tvær innkaupaferðir. Endanlegur framburður ákærða Róberts Glad

kemur loks fram hér í dómi 11. nóvember 1980, og verður hann nú rakinn:

Ákærði Róbert Glad skýrði svo frá, að í síðari hluta mars 1980 hefði hann ásamt Engilbert Jensen haldið til Amsterdam til fíkniefnakaupa. Þar hafi þeir keypt ½ kg af Marokkóhassi á 3.5 holl. gyllini hvert gramm og þess utan um 50 gr af svonefndu amfetamíndufti. Hafi þeir keypt ofangreind efni fyrir fjárframlög Ólafs Sigurðssonar, er lagt hafi fram gkr. 1.400.000, og Kristins Haraldssonar frá Keflavík, er lagt hafi fram gkr. 1.000.000. Engilbert Jensen hafi síðan flutt framangreind fíkniefni hingað til lands. Eftir komu þeirra hingað til lands hafi þeir á hemili ákærða Róberts Glad vegið efnið niður í skammta og blandað ofangreint amfetamínduft með þrúgusykri, en efnið verið ætlað til sölu.

Varðandi ráðstöfun ofangreindra efna kvað ákærði Róbert Glad nefndan Ólaf Sigurðsson hafa fengið 150 gr af hassi og 50 gr af amfetamínduftinu blönduðu. Engilbert Jensen hafi haft til ráðstöfunar 100 gr af hassi og 20—40 gr af amfetamínduftinu.

Síðar í þessu sama þinghaldi kvað ákærði Róbert Glad Kristin þann, er að ofan greinir, hafa lagt fram 800.000 kr., en fjárframlag hans verið við það miðað, að hann fengi endurgreitt að sölu lokinni og þá gkr. 2.000.000. Sjálfur kvaðst ákærði Róbert Glad hafa fengið til ráðstöfunar 200 gr af hassi og 5 gr af amfetamíndufti. Hafi nefndur Kristinn selt fyrir sig um 100 gr af ofangreindum 200 gr og á Keflavíkurflugvöll. Hafi Kristinn skilað sér gkr. 7.000—8.000 fyrir hvert gramm.

Ákærði Róbert Glad kvaðst hafa selt Gunnari Ómari Gunnarssyni 15 gr af amfetamíndufti á gkr. 25.000—35.000 hvert gramm, en neitaði að tilgreina aðra kaupendur efna af sér, en kvaðst hafa selt hvert gramm af hassi á gkr. 7.000—8.000 og hvert gramm af amfetamíndufti á gkr. 25.000—30.000.

Eins og vikið var að hér að framan, þá voru framburðir ákærða Engilberts Jensen breytilegir framan af. Hér í dómi 29. maí 1980 skýrði ákærði Engilbert Jensen svo frá, að um mánaðamót mars-apríl 1980 hafi hann haft viðkomu í Amsterdam, þar hitt meðákærða Róbert Glad á hóteli og hann þar afhent sér ½ kg af hassi af Marokkótegund, innpakkað, en þess utan „speed"-pakka, er innihaldið hafi á að giska 20 gr af nefndu efni. Kvaðst ákærði Engilbert hafa tekið að sér flutning efnisins hingað til lands og hér afhent meðákærða, en fyrir flutning þegið 40—50 gr af hassi og 3—4 gr af svonefndu speedefni. Neitaði ákærði Engilbert að hafa átt annan þátt í ofangreindu en flytja nefnd efni hingað til

lands. Hann kvað þó aðspurður meðákærða Róbert Glad hafa greitt ferðir fyrir sig, en sjálfur utan með sér hafa haft 1.000 þýsk mörk.

Við yfirheyrslu hér í dómi 10. júní s. á. viðurkenndi ákærði Engilbert að hafa tekið þátt í vangaveltum meðákærða varðandi fjármögnun fíkniefnakaupa. Kvað hann upphaf samskipta þeirra það, að í byrjun janúar sl. hefði meðákærði Róbert Glad unnið gkr. 1.000.000 í happdrætti og haft samband við sig með fíkniefnakaup í huga. Þá kvaðst ákærði Engilbert skv. tilmælum meðákærða Róberts Glad hafa haft samband við Ólaf nokkurn Sigurðsson sem hugsanlegan fjármögnunaraðilja og sá haft fé handbært. Hafi þeir þrír hist á heimili meðákærða Róberts Glad og niðurstaðan orðið sú, að Ólafur þessi hafi lagt til gkr. 1.400.000, en Ólafur og Róbert Glad gert einhverja samninga sín á milli, er hann ekki vissi, hvernig hefðu verið. Kvaðst Engilbert í umrætt sinn í Amsterdam hafa móttekið hjá meðákærða Róbert Glad 500 gr af hassi og 40 gr af amfetamíndufti og flutt hingað til lands, en í þóknun fengið 50 gr af hassi og 4 gr af amfetamíndufti.

Er ákærði Engilbert var yfirheyrður hjá lögreglu 2. júní 1980, kemur fram, að hann kveður efni úr þessari ferð hafa verið vegið á heimili meðákærða Róberts Glad og til þess verið notuð skálvog í eigu Róberts. Þarna hafi þeir blandað amfetamínduftið til helminga með þrúgusykri og vegið í 1 gr skammta, en hassið verið vegið í 5 gr einingar. Ekki kvaðst ákærði Engilbert vita um kaupendur að ofangreindum efnum, þar sem meðákærði Róbert Glad hefði annast þá hlið máls.

Við samprófun með ákæru hér í dómi 20. júní 1980 hélt ákærði Róbert Glad því fram, að fíkniefnaviðskipti þeirra hefðu verið á jafnréttisgrundvelli og hagnaður síðar átt að skiptast skv. helmingasjónarmiðum, en því mótmælti ákærði Engilbert og hélt fast við fyrri framburð.

Ofangreindur Gunnar Ómar Gunnarsson, fæddur 14. september 1957, var yfirheyrður hér í dómi 7. maí 1980 og skýrði þá svo frá að hafa á undanförnum hálfum mánuði keypt af ákærða Róbert Glad samtals 15 gr af amfetamíni, en jafnframt í hans fórum að Miðtúni 32 séð á að giska 100 skammta, hvern 1 gr að þyngd, af amfetamíndufti. Þá kvaðst nefndur Gunnar af ákærða Róbert Glad hafa keypt samtals 108 gr af hassi á sama tímabili.

Ofangreindur Ólafur Sigurðsson, fæddur 18. maí 1957, bar við yfirheyrslu hér í dómi 5. júní 1980, að tveimur vikum fyrir sl. páska hefði ákærði Engilbert Jensen haft samband við sig og

boðið sér þátttöku í fyrirhuguðum kaupum ákærða Róberts Glad á fíkniefnum erlendis. Kvaðst Ólafur hafa slegið til og reitt fram gkr. 1.300.000 í þessu skyni og afhent ákærða Róbert Glad við veitingastaðinn Ask í Reykjavík.

Ólafur kvað ákærðu hafa haft samband við sig á páskadag, eða 6. apríl, og í framhaldi þar af skv. umtali haldið á heimili ákærða Engilberts Jensen og þar fengið afhent 150 gr af hassi og 25 gr af svokölluðu „speed", eða nánar amfetamíndufti. Aðspurður um hlut ákærðu í máli þessu, þá kvað Ólafur fyrirhugað, að hann legði sjálfur fram gkr. 2.000.000, og ákærðu þá sagst leggja fram annað eins. Raunin hafi hins vegar orðið sú, að hann hafi lagt fram gkr. 1.300.000, en kvaðst ekki vita, hver hlutur ákærðu var.

Ekki tókst að ná til og yfrirheyra nefndan Kristin Haraldsson, fæddan 11. júní 1954, þar sem hann fór af landi brott til náms og langdvalar í Bandaríkjunum þann 3. október 1980, en nafn hans kom fyrst fram við rannsóknina, eftir að hann var farinn.

Varðandi ætluð fíkniefni, er hald var lagt á við húsleit á heimili ákærða Róberts Glad, þá neitaði hann að gera grein fyrir því, hvaðan þau væru komin.

2. ákæruliður.

Ákærði Róbert Glad skýrði svo frá í áðurnefndu þinghaldi hér í dómi þann 11. nóvember 1980, að um mánaðamótin apríl-maí það ár hefði meðákærði Engilbert farið aðra ferð til Amsterdam til fíkniefnakaupa og með gkr. 1.000.000 frá sér, er verið hafi eftirstöðvar af sölu fíkniefna þeirra, sem að ofan greinir, en einnig hafi meðákærði Engilbert lagt fram nokkur hundruð þúsund gamlar krónur í þessu skyni.

Hafi hann í Amsterdam keypt ½ kg af hassi og flutt hingað til lands. Ákærði Róbert Glad kvaðst sjálfur af efni þessu hafa fengið 300—400 gr, en í hlut Engilberts komið 100 gr. Róbert Glad kvaðst hafa selt áðurnefndum Gunnari Ómari Gunnarssyni 120—140 gr á gkr. 9.000—10.000 hvert gramm, en hann ekki gert full skil. Þá hafi áðurnefndur Kristinn Haraldsson tekið við 200 gr til að selja, en hann ekki staðið skil á söluandvirði. Tók Róbert Glad fram, að nefndur Kristinn væri erlendis og yrði það næstu ár.

Ofangreindu lýsti ákærði Engilbert Jensen á þá leið hér í dómi 29. maí 1980, að hann hefði þann 30. apríl 1980 haldið til Luxemborgar og þaðan flugleiðis til Amsterdam. Þar hafi hann hringt í mann að nafni Kaspar og mælt sér mót við hann á hóteli. Þar

hafi hann greitt nefndum Kaspar sem svaraði 2.600 hollenskum gyllinum, er hann hafi haft meðferðis frá meðákærða Róbert Glad, en fyrir móttekið 480 gr af hassi, er verið hafi grænt að lit og fremur lélegt.

Ákærði Engilbert kvaðst síðan hafa haldið til Luxemborgar 2. maí og daginn eftir hingað til lands með ofangreint hassefni í farangri og afhent meðákærða Róbert Glad á heimili hans. Aðspurður kvaðst ákærði Engilbert hafa móttekið 30—35 gr af hassinu.

Ákærði Engilbert hélt fast við þann framburð við rannsókn málsins, að hann hefði einungis verið flutningsaðili fyrir meðákærða Róbert Glad og því ekki verið um helmingafélag þeirra við ofangreind fíkniefnaviðskipti (sic), eins og ákærði Róbert Glad hélt fram.

Varðandi framburð nefnds Gunnars Ómars Gunnarssonar vísast til þess, er rakið var varðandi 1. ákærulið.

Þá liggur ekki fyrir framburður Kristins Haraldssonar um ofangreint af ástæðum, er raktar voru undir 1. ákærulið.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruskjal, útgefið 30. desember 1980.

I. ákæruliður.

Ákærði Róbert Glad hefur viðurkennt að hafa haft í frammi alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning studd framburði Guðleifs Sveins Kristjánssonar. Ekki verður fallist á þá órökstuddu fullyrðingu verjanda, að skýrslutaka af ákærða hafi farið fram með vafasömum hætti, enda dráttur á yfirheyrslum yfir ákærða Róbert Glad vegna máls þessa tilkominn vegna langdvalar hans erlendis, en hann sat á greindu tímabili í fangelsi í Frakklandi og Þýskalandi auk Danmerkur vegna fíkniefnabrota, eins og áður er rakið. Telst því sannað samkvæmt ofansögðu með játningu ákærða Róberts Glad, sem studd er öðrum gögnum, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í apríl 1976 keypt allt að 45 gr af amfetamíndufti (speed) í Amsterdam, flutt efnið til London og þar selt Guðleifi Sveini Kristjánssyni allt að 25 gr af efninu, sem ákærða var ljóst, að Guðleifur Sveinn hugðist flytja til Íslands, og eftir það flutt eftirstöðvar efnisins með sér hingað til lands og selt hluta þeirra hérlendis ónefndum aðiljum.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 3. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 3.,

sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði Róbert Glad samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

II. ákæruliður.

Ákærði Róbert Glad hefur viðurkennt að hafa haft í frammi háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning efnislega studd framburðum þeirra Guðleifs Sveins Kristjánssonar og nefnds Odds Guðjóns Péturssonar. Varðandi athugasemdir verjanda um yfirheyrslur yfir ákærða Róbert Glad á það sama við og rakið er varðandi I. ákærulið.

Með vísan til alls ofanritaðs telst nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í maí-júní 1976 í félagi við nefndan Guðleif Svein keypt allt að 1½ kg af marihuana og 100 gr af amfetamíndufti í Amsterdam og varið til kaupanna fé, er fengist hafði með sölu efnisins, sem um ræðir í I. lið, og nokkru síðar flutt efni þessi til Svíþjóðar (Gautaborgar), þar sem þeir félagar seldu allt marihuanaefnið og hluta amfetamínsins. Í júlí s. á flutti ákærði með sér hingað til lands 35—40 gr af afmetamíninu, sem hann seldi að verulegum hluta hérlendis, ýmist sjálfur eða í samvinnu við Odd Guðjón Pétursson.

Varðandi hugleiðingar verjanda um hugsanlega fyrningu á sakarefni í þessum ákærulið þá vísast til 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940, en þar segir, að fyrningarfrestur stöðvist, ef réttarrannsókn út af broti stöðvist af því, að sökunautur hafi komið sér undan rannsókninni.

Ofangreind háttsemi ákærða Róberts Glad er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. nefndrar reglugerðar nr. 390/1974, sbr. að nokkru auglýsingu nr. 293, áður nr. 230/1976, svo og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar. Ekki verður því fallist á þá túlkun verjanda á orðalaginu á íslensku yfirráðasvæði í 2. gr. laga nr. 65/1974, að það takmarki heimild skv. 5. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 til að refsa fyrir fíkniefnabrot erlendis, en verjandi telur réttilega óumdeilt, að refsivald Svíaríkis nái til brotastaðar og hið ætlaða brot refsivert skv. lögum þess ríkis.

III. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Róberts Glad, sem rækilega er studd framburðum þeirra Guðleifs Sveins Kristjánssonar, Sighvats Borgars Hafsteinssonar, Jakobs Benediktssonar og Odds Guðjóns Péturssonar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar um jólaleytið 1976 í félagi við nefndan Guðleif Svein keypt um 1 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Reykjavíkur, þar sem þeir drýgðu efnið með hveiti og afhentu svo Sighvati Borgari Hafsteinssyni og Jakob Benediktssyni hluta efnisins, allt að 200 gr hvorum, en hjá þeim höfðu ákærði og Guðleifur Sveinn móttekið fé til hasskaupanna, og loks fengu þeir Odd Guðjón Pétursson til að selja fyrir sig meginhluta eftirstöðvanna, allt að 1 kg, fyrir samtals um kr. 1.100.000.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. nefndrar reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði Róbert Glad samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

IV. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Róberts Glad, sem rækilega er studd framburði þeirra Guðleifs Sveins Kristjánssonar og Andreu Jónsdóttur, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í apríl 1977 keypt um 1½ kg af hassi í Amsterdam fyrir sameiginlegt fé þeirra Guðleifs Sveins Kristjánssonar, fengið Andreu Jónsdóttur til að flytja 1100 gr efnisins hingað til lands, þar sem Guðleifur Sveinn annaðist sölu þess, og fékk ákærði síðan sendan hluta söluandvirðisins til Luxemborgar.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. nefndrar reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði Róbrt Glad samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Ákæruskjal, útgefið 10. mars 1981.

1. ákæruliður.

Ákærði Róbert Glad hefur viðurkennt að hafa haft í frammi alla þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, og er ákæruliður reistur á játningum hans, en þar segir: „Um mánaðamótin mars/apríl

1980 keypt ½ kg af hassi í Amsterdam á 3.5 hollensk gyllini hvert gramm og um 50 gr af amfetamíni (speed) á 35 gyllini hvert gramm, og flutti ákærði Engilbert efnin hingað til lands. Ákærðu drýgðu amfetamínið um helming með þrúgusykri og skiptu efnunum í smápakkningar til söludreifingar á heimili ákærða Róberts Emanúels, og hinn 6. apríl afhentu þeir Ólafi Sigurðssyni, sem lagt hafði fé til kaupanna, 150 gr af hassinu og 25 eða 50 gr af amfetamínefninu. Ákærði Engilbert fékk í sinn hlut allt að 100 gr af hassinu og 40 gr af amfetamíninu. Ákærði Róbert Emanúel seldi Gunnari Ómari Gunnarssyni 15 gr af amfetamíninu í Reykjavík á 25—35.000 gkr. hvert gramm, og með aðstoð nafngreinds manns, KH, seldi hann 100 gr af hassinu á 7—8.000 hvert gramm, og ennfremur seldi Róbert Emanúel megnið af því hassi og amfetamíndufti, sem þá var eftir, ótilgreindum aðilum, hvert gramm af hassi á 7—8.000 gkr. og hvert gramm af amfetamínduftinu á 25—30.000 gkr."

Ákærði Engilbert hefur að mestu borið á sama veg og meðákærði Róbert Glad, en kvaðst ekki hafa átt beina aðild að kaupum efna, en hins vegar annast flutning þeirra hingað til lands. Gegn neitun ákærða Engilberts verður ekki talið nægilega sannað, að hann hafi tekið þátt í sjálfum kaupunum, þótt fyrir liggi hins vegar, að hann hafi tekið fullan þátt í udirbúningi nefndrar fíkniefnakaupferðar. Þá þykir gegn neitun ákærða Engilberts ekki nægilega sannað, að hann hafi móttekið til eigin þarfa meira af ofangreindum efnum en hann hefur gengist við, eða 90 gr af hassi og 4 gr af amfetamíndufti.

Þá er framburður ákærða Róberts Glad að öðru leyti studdur framburðum þeirra Gunnars Ómars Gunnarssonar og Ólafs Sigurðssonar.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindum frávikum.

Með vísan til játninga beggja ákærðu þykir ekki grundvöllur til þess að efast um, að hér hafi verið um raunveruleg fíkniefni að ræða, og því ekki fallist á skoðun verjanda þess efnis, að vafi leiki á þar um.

2. ákæruliður.

Ákærðu hafa báðir viðurkennt að hafa viðhaft alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, utan hvað Engilbert Jensen kveður

heildarmagn 480 gr og hann þar af aðeins fengið í sinn hlut 30—35 gr.

Þykir hér verða að leggja til grundvallar framburð ákærða Engilberts um keypt efnismagn. Þá þykir ekki gegn neitun ákærða Engilberts verða gengið út frá því, að hann hafi í sinn hlut fengið meira en 35 gr.

Þá er framburður ákærða Róberts Glad um sölu á 140 gr til Gunnars Ómars Gunarssonar studdur framburði nefnds Gunnars Ómars. Hins vegar liggur ekki fyrir framburður nefnds Kristins Haraldssonar af fyrrgreindum ástæðum, og verður því ekki í þessu máli tekin afstaða til þess, hvort hann hafi móttekið nefnt efnismagn, þótt gengið sé út frá játningu ákærða Róberts Glad um sölu á efninu.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindum athugasemdum, nánar samkvæmt ráðagerðum ákærða hélt ákærði Engilbert Jensen á ný til Amsterdam um mánaðamót apríl-maí 1980 með hluta söluandvirðis efnanna í 1. lið og keypti þar 480 gr af hassi á um 5 gyllini hvert gramm og flutti efnið með sér hingað til lands, og komu a. m. k. 35 gr af efninu í hlut Engilberts. Ákærði Róbert Glad seldi megnið af eftirstöðvum áðurnefndum Gunnari Ómari, samtals 140 gr, í Reykjavík á 9—10.000 gkr. hvert gramm, og með aðstoð margnefnds aðilja seldi Róbert Glad um 200 gr efnisins ótilgreindu fólki.

Framangreind brot ákærðu eru í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 293/1978 að því er varðar meðferð ákærðu á amfetamíndufti.

Hafa ákærðu samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Refsingu beggja ákærðu ber að tiltaka samkvæmt ofansögðu með hliósjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Róbert Glad hefur áður hlotið refsingar fyrir fíkniefnabrot og nánar sem hér segir:

1977 13/7 í Montpellier, Frakklandi: Dómur: 2 ára fangelsi, þar af 18 mán. skilorðsbundnir, fyrir brot gegn þarlendri fíkniefnalöggjöf.

1978 18/9 í Osnabrück, Þýskalandi: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir fíkniefnamisferli.

1979 6/4 borgarréttur Kaupmannahafnar: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn danskri fíkniefnalöggjöf.

1980 1/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi og 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 173. gr a alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. 2. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Nefndur dómur borgarréttar Kaupmannahafnar frá 6. apríl 1979 verður ekki látinn hafa réttaráhrif í máli þessu, þar sem hann liggur ekki fyrir í skjölum þess, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið reynt að útvega hann.

Í 2. mgr. 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 er kveðið svo á, að dómstólum sé heimilt að láta refsidóma, er kveðnir eru upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hérlendis. Ekkert samsvarandi ákvæði er í hegningarlögum um, að erlendir dómar geti haft réttaráhrif skv. 78. gr. nefndra laga, en eðli máls samkvæmt þykir rétt, að ofangreindir refsidómar erlendis, sem til staðar eru í gögnum málsins, leiði til sakauka samkvæmt 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 ásamt ofangreindum dómi frá 1. júlí 1980.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða Róberts Glad hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 10.000.00, þar sem ákærði Róbert Glad hafði hagnað af sölu fíkniefna. Komi 50 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að til frádráttar refsivis komi sá tími, er ákærði Róbert Glad sætti gæsluvarðhaldi, eða 39 dagar.

Þá ber með vísan til 5. gr. laga nr. 65/1974 og 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sem og í ákæru er krafist, að gera ákærða Róbert Glad að sæta upptöku á þeim ávana- og fíkniefnum, er lögregla lagði hald á að heimili hans 7. maí 1980, nánar: 1) hassefni 35.7 gr. 2) reyktóbak, blandað hassolíu, 6.7 gr. 3) 0.8 gr amfepramónum. 4) lyfjasýnishorn, ekki ætluð til sölu: 1 glas Torecan, 18 stk. Librax, 3 hylki Ornade, 4 glös Enavid. 5) 1 glas Insidon. 6) 1 glas Stelazine. 7) 2 glös af ómerktum pillum, 2 teg. 8) 15 stk. ómerktar pillur af nokkrum tegundum.

Ákærði Engilbert Jensen hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf, en skv. gögnum þessa embættis féllst hann hér í dómi og þann 28. sept. sl. á greiðslu sektar að upphæð kr. 13.000 fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærða Engilberts með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við refsimat verður lagt til grundvallar, að ákærði Engilbert verður ekki talinn aðalmaður í brotum og er ekki uppvís að sölu þeirra efna, er í hans hlut komu. Hins vegar er hér um að ræða ítrekaða aðild að innflutningi fíkniefna, er honum mátti vera ljóst, að ætluð voru að nokkru leyti til endursölu.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða Engilberts Jensen hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Þykir þannig ekki unnt að verða við kröfu verjanda um skilorðsbindingu refsingar.

Þá þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði Engilbert sætti gæsluvarðhaldi, eða 20 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar af ákærði Róbert Glad kr. 3.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, og ákærði Engilbert Jensen málsvarnarlaun, kr. 2.500.00 til skipaðs verjanda, Róberts Árna Hreiðarsson héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði Róbert Emanúel Glad, fæddur 29. okeóber 1954 á Sauðárkróki, sæti fangelsi í 6 mánuði og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 10.000.00. Refsivist til frádráttar komi 39 daga gæsluvarðhaldsvist, en í sektar stað 50 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Engilbert Jensen, fæddur 24. febrúar 1941 á Akureyri, sæti fangelsi í 3 mánuði. Refsivist til frádráttar komi 20 daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum, ákærði Róbert Emanúel kr. 3.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, og ákærði Engilbert Jensen kr. 2.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðdómslögmanns.

Upptæk til eyðingar skulu eftirtalin ávana- og fíkniefni: 1) 35.7 gr hass, 2) reyktóbak, blandað hassolíu, 6.7 gr, 3) 0.8 gr amfepramónum, 4) lyfjasýnishorn: 1 glas Torecan, 18 stk. Librax, 3 hylki Ornade, 4 glös Enavid, 5) 1 glas Insidon, 6) 1 glas Stelazine, 7) 2 glös af ómerktum pillum, 2 tegundir, 8) 15 stk. ómerktar pillur af nokkrum tegundum.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 65/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hallsteini Sigurjóni Gestssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómarans í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 13. janúar sl. Af hálfu ákæruvalds er krafist þyngingar refsingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 25. júní sl.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt sakavottorð ákærða frá 1. desember sl., þar sem það kemur fram, að með sátt í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 10. desember 1981 gekkst hann undir að greiða 13.000.00 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974.

Staðfesta ber niðurstöður héraðsdómara um sakarmat og færslu brota ákærða til ákvæða í lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Refsingu ber að ákveða með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði. Til frádráttar þeim tíma komi gæsluvarðhaldstími. Var hann 14 dagar, svo sem ráða má af málsgögnum.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hallsteinn Sigurjón Gestsson, sæti fangelsi í 2

mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans í 14 daga komi refsingunni til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. nóvember 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 10. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, við undirritaða votta og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 823/1980 (sic): Ákæruvaldið gegn Hallsteini Sigurjóni Gestssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæru, dags. 14. sept. 1981, á hendur Hallsteini Sigurjóni Gestssyni nema, til heimiis að Greniteigi 22, Kefavík, fæddum 1. desember 1958 í Reykjavík, „fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni með því að kaupa í október 1980 tvívegis marihuana af varnarliðsmanninum Nicanor C. Soniega á heimili ákærða, og fékk hann afhent samtals allt að 660 grömmum af efninu og greiddi fyrir allt að $2.325.00. Síðan dreift efninu til annarra með sölu. Einnig á sama tíma fengið gefin 15 grömm af hassi af ókunnum aðila og selt nefndum varnarliðsmanni 5 grömm á $20 hvert gramm."

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1982 (sic), 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 1. desember 1958 í Reykjavík. Hann hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

1974 7/10 í Keflavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 157. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

1975 2/5 í Keflavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot gegn 4., 5. og 3. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

1976 23/4 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 9.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1976 14/9 í Keflavík: Ávana- og fíkn. 7.000 kr. sekt fyrir brot gegn 66. gr. tolllaga.

1977 í Keflavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 31/1 1977.

1977 6/5 í Keflavík: Dómur: 2 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1977 4/4 í Keflavík: Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá 4/4 1977.

1978 22/6 í Keflavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 66. gr. tolllaga.

1979 15/11 í Keflavík: Sátt, 100.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 66. gr. tolllaga.

1980 14/5 í Keflavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 450.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga og 71. gr. sömu laga.

1981 13/1 í Keflavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

MÁLSATVIK.

Ákærði var handtekinn í Keflavík 23. febrúar sl., en hann var grunaður um dreifingu fíkniefna og viðskipti við varnarliða á Keflavíkurflugvelli í því sambandi. Þann 21. febrúar sl. var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík Nicanor Soniega, fæddur 18. janúar 1953 á Filipseyjum, varnarliðsmaður á Keflavíkurflugvelli, og skýrði hann þá svo frá, að í byrjun októbermánaðar sl. hefði hann selt íslenskum aðilja 30 poka af marihuana og hver poki verið 22 grömm og söluverð verið 2.250 bandaríkjadalir. Við myndbendingu hjá rannsóknarlögreglu í

Keflavík sama dag benti hann á mynd af ákærða sem ofangreindum kaupanda.

Nefndur varnarliði kvað umrædd fíkniefnaviðskipti hafa farið fram á heimili ákærða og afhendingar verið tvær. Ofangreint marihuanaefni kvaðst nefndur varnarliði hafa keypt í tveimur leyfisferðum sínum til Bandaríkjanna í september og október sl. Þá kvað hann varnarliða, Bart Garner að nafni, hafa verið með sér við flutninga marihuanaefna af Keflavíkurflugvelli á heimili ákærða í Keflavík.

Ofangreindur Bart A. Garner, fæddur 21. júní 1954, starfsmaður í flugher varnarliðs á Keflavíkurflugvelli, var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 22. febrúar 1981 og skýrði þá svo frá, að í nóvember sl. hefði hann farið til Keflavíkur ásamt varnarliðsmanni að nafni Soniega og þar á heimili pilts, er kallaður sé Steini. Við myndbendingu hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík sama dag benti nefndur Garner á mynd af ákærða sem ofangreindum Steina. Kvað hann Soniega hafa selt ákærða 18—20 poka af marihuana á 75 dollara hvern poka. Kvaðst Garner hafa flutt sjálfur innanklæða 9—10 af ofangreindum marihuanapokum til ákærða út af flugvellinum. Þá kvaðst Garner síðar hafa haldið öðru sinni með Soniega á fund ákærða á heimili hans í Keflavík, en ekki kvaðst hann geta fullyrt um, hvort Soniega seldi ákærða meira marihuana við þetta tækifæri.

Ofangreindir varnarliðar fóru af landi brott sl. vor, og hafa þeir ekki verið yfirheyrðir fyrir íslenskum dómstóli um ofangreint.

Ákærði neitaði við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík og fyrir sakadómi Keflavíkur þann 24. febrúar sl. að hafa átt í nokkurs konar fíkniefnaviðskiptum þá að undanförnu og var þann sama dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins allt til 10. mars 1981.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 3. mars sl. játaði ákærði nánar tilgreind fíkniefnaviðskipti og gekk laus úr gæsluvarðhaldi sama dag.

Við yfirheyrslu hér í dómi 28. september sl. við þingfestingu máls þessa bar hann efnislega á sama veg. Skal nú vikið að framburði hans:

Skýrði ákærði þá svo frá, að í október 1980 hefði hann í eitt sinn keypt marihuana af varnarliðsmanninum Nicanor C. Soniega á heimili ákærða, og fékk ákærði samtals 500 gr af

efninu og greiddi fyrir allt að 2.325 bandaríkjadölum, síðan endurselt ónefndri stúlku allt efnið á sama verði. Þá hafi ákærði einnig um sama leyti fengið 15 gr af hassi, og reyndar sem þóknun fyrir að hafa útvegað ofangreint marihuanaefni, og selt 5 gr þess nefndum varnarliðsmanni á 20 bandaríkjadali hvert gramm.

Ekki hefur tekist að hafa upp á nefndri stúlku erlendri, er ákærði lýsir sem móttakanda ofangreindra 500 gramma.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft í frammi háttsemi þá, er í ákæru greinir, utan hvað hann telur efnismagn minna, eða 500 gr, og afhendingu aðeins eina. Þykir hér rétt að leggja til grundvallar játningu ákærða, en hún er efnislega studd framburðum tveggja ofangreindra varnarliðsmanna. Telst því sannað með vísan til alls ofanritaðs, að ákærði hafi í október 1980 keypt marihuana af varnarliðsmanninum Nicanor C. Soniega á heimili ákærða, og fékk hann afhent samtals 500 gr af efninu og greiddi fyrir allt að 2.325 bandaríkjadölum, en seldi efnið allt ókunnum aðilja. Einnig á sama tíma þegið af ókunnum aðilja 15 gr af hassi og selt varnarliðsmanni ofangreindum 5 gr á 20 bandaríkjadali hvert gramm.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Þá ber samkvæmt ofansögðu að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftirtalin atriði úr sakaferli ákærða þykja hér skipta máli:

1976 23/4 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 9.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1980 14/5 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 450.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga og 71. gr. sömu laga.

1981 13/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærða með

hliðsjón af 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að hluta til, sbr. sáttarafgreiðslur frá 23. apríl 1976 og 14. maí 1980, en jafnframt að hluta til með hliðsjón af 78. gr. nefndra laga vegna sáttarafgreiðslu frá 13. janúar 1981.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 90 daga.

Þá þykir með vísan til 76. gr alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 8 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 2.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Hallsteinn Sigurjón Gestsson, fæddur 1. desember 1958 í Reykjavík, sæti varðhaldi í 90 daga.

Refsivist til frádráttar komi 8 daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 2.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 83/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Óla Jóni Ólasyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi sakadómarans í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 10. mars 1982. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 15. október sl. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða, en refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 70. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði og 8.000.00 króna sekt. Til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldstími. Var hann 5 dagar, svo sem ráða má af málsgögnum. Frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsing 40 daga fangelsi, svo sem segir í héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Óli Jón Ólason, sæti fangelsi í 2 mánuði, og komi gæsluvarðhaldsvist hans í 5 daga refsingunni til frádráttar. Hann greiði 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga fangelsi í sektarinnar stað, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 4. desember 1981.

Ár 1981, föstudaginn 4. desember, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 832/1981: Ákæruvaldið gegn Óla Jóni Ólasyni.

Málið var höfðað með ákæru, dags. 14. sept. 1981, á hendur Óla Jóni Ólasyni, fæddum 4. mars 1956 á Akranesi, fyrir eftirtalin brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„... að kaupa í október 1980 1 kg af hassi í Kaupmannahöfn á danskar krónur 20.00 hvert gramm og flytja síðan þar af til landsins allt að 970 grömmum, en mismun notaði ákærði ytra. Síðan að koma efninu til geymslu og sölu hjá Martin Tausen Götuskeggja að Baldursgötu 3 í Reykjavík, en sá fékk síðan til liðs við sig við söluna þá Tryggva Bjarna Kristjánsson og Gunnar Lunddal Friðriksson. Ákærði tók síðan smám saman af efninu allt að helmingi, og verður að ætla, að hann hafi selt það með hagnaði, nefndur Martin Tausen hefur viðurkennt sölu á allt að 40 grömmum, Tryggvi Bjarni á allt að 150 grömmum og Gunnar Lunddal á svipuðu magni. Átti skilaverð til ákærða að vera kr. 10.000 fyrir hvert gramm, en einhver áhöld munu hafa orðið á skilum til hans."

Framangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri, er fæddur á Akranesi 4. mars 1956, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1972 5/6 á Akranesi: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1973 á Akranesi: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga og 155. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 19. febrúar 1973.

1973 21/6 á Akranesi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1973 30/10 á Akranesi: Dómur: 12 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá 21/8 1973.

1975 21/11 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 4., 5., 27., 50. gr. laga nr. 40/1968.

1977 3/6 í Reykjavík: Dómur: 125.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. og 50. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Ævilöng svipting frá 18/11 1975.

1977 5/12 í Reykjavík: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

1978 5/10 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 244. gr., 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25., 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

1976 23/12 í Skaftafellssýslu: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 2/11 1976.

1980 13/8 í Kaupmannahöfn: Dómur: 50 daga fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 58. gr. og 16. gr. danskra umferðarlaga og áfengislögum.

1980 27/10 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 1.300 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga 19/1940.

MÁLSATVIK.

Ákærði í máli þessu var fyrst yfirheyrður hjá lögreglu vegna máls þessa 14. nóv. 1980. Aftur var ákærði yfirheyrður hjá lögreglu 19. s. m. Við greindar lögregluyfirheyrslur kom ekkert fram, er bent gat til innflutnings ákærða á hassi umfram 140 grömm af hassi, sem ákærði hafði áður játað og lokið því máli með dómssátt 27. okt. 1980.

Var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald þann 21. nóvember 1980. Sat ákærði í gæsluvarðhaldinu til 25. s. m.

Þann 21. október var ákærði enn yfirheyrður af lögreglu, og gerði ákærði þá grein fyrir kaupum sínum á 1 kg af hassi í Christianiu í Kaupmannahöfn þremur vikum fyrr. Kvaðst ákærði hafa notað hluta efnisins í Kaupmannahöfn, en hingað til lands hafi ákærði flutt innan klæða 950—970 grömm af hassi.

Við komuna til Íslands hafði ákærði fljótlega samband við Martin Tausen Götuskeggja, til heimilis að Baldursgötu 3 í Reykjavík. Nefndur Martin ætlaði að annast sölu efnisins fyrir ákærða. Ákærði kvaðst hafa tekið aftur af efninu, eftir að efnið hafi verið afhent nefndum Martin, um 140 grömm. Ákærði kvað Martin hafa afhent sér gkr. 300.000 sem andvirði seldra efna. Auk þess hafi Martin afhent móður ákærða gkr. 500.000, meðan ákærði sat inni og tók út refsingu. Móðir ákærða staðfesti þann 20. nóvember 1980 að hafa móttekið umrætt fé.

Ákærði var aftur yfirheyrður af lögreglu 24. s. m. og bar þá efnislega á sama veg og rakið hefur verið hér að framan. Kvað ákærði hafa verið um það samið milli sín og Martin Tausen, að sá síðarnefndi skilaði ákærða gkr. 10.000 fyrir hvert selt gramm efnis og hafi Martin því átt að skila ákærða um 8 millj. gkr.

Áðurnefndur Martin Tausen Götuskeggi var yfirheyrður af lögreglu 13. nóvember 1980. Kvað Martin sig hafa fallist á að geyma efnið, meðan verið væri að selja það. Kvaðst Martin hafa aðstoðað ákærða við sölu efnisins ásamt þeim Tryggva Bjarna Kristjánssyni og Gunnari Lunddal Friðrikssyni. Við lögregluyfirheyrslu 18. s. m. kvað nefndur Martin sig hafa móttekið efnið frá ákærða og hafi ákærði haft á orði, að efnið væri um 1 kíló. Martin kom fyrir dóm 20. s. m. og kvaðst hafa notað ótæpilega af efninu ásamt þeim Tryggva Bjarna og Gunnari Lunddal. Kvaðst Martin hafa afhent ákærða gkr. 300.000 sem söluandvirði og þá hafi móður ákærða verið afhentar gkr. 500.000.

Martin kom fyrir dóm 24. s. m. og bar þá, að Tryggvi Bjarni hefði fengið um 120 gr af efninu og Gunnar Lunddal um 200 gr. Samtals hafi andvirði seldra efna verið um 1.5 millj. gkr. og hafi ákærði af þeirri upphæð fengið gkr. 800.000.

Nokkuð ósamræmi var varðandi efnismagn, er ákærði mun hafa sótt aftur heim til nefnds Martin. Við samprófun ákærða og Martin 24. nóv. kvaðst ákærði hafa sótt í mesta lagi 120 gr af hassi á Baldursgötu 3 af þeim 900 gr er ákærði hafi komið með þangað. Kvað Martin þá fyrri framburð sinn um, að ákærði hefði sótt aftur allt að 500 gr vera rangan, og mótmælti Martin ekki framburði ákærða varðandi efnismagn.

Tryggvi Bjarni Kristjánsson kom fyrir dóm 20. nóvember 1980 og kvaðst hafa stundað dreifingu hassefna ásamt Martin Tausen og Gunnari Lunddal á tímabilinu okt.—nóv. 1980.

Gunnar Lunddal Friðriksson kom fyrir dóm 16. desember 1980 og staðfesti ofangreindan hlut sinn í dreifingunni.

Verjandi, Páll A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, skilaði skriflegri vörn í málinu 23. nóvember 1981 og gerði þær dómkröfur, að ákærði hlyti þá vægustu refsingu, er lög leyfa, og að gæsluvarðhaldsvist ákærða kæmi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu. Þá krefst verjandi réttargæslu- og málsvarnarlauna sér til handa.

Dómurinn telur sannað, að ákærði hafi í október 1980 keypt 1 kíló af hassi í Kaupmannahöfn og flutt þar af 950 gr hingað

til lands. Fékk ákærði Martin Tausen Götuskeggja til að annast sölu efnisins. Fékk Martin síðan til liðs við sig þá Gunnar Lunddal Friðriksson og Tryggva Bjarna Kristjánsson. Töuverðs magns af ofangreindum 950 grömmum virðist hafa verið neytt af ofangreindum aðiljum, án þess að unnt sé að gera sér grein fyrir magni í því sambandi.

Dómurinn telur sannað, að ákærði hafi frá Martin Tausen fengið a. m. k. gkr. 300.000 og þá hafi móðir ákærða sótt gkr. 500.000 heim til nefnds Martin fyrir ákærða.

Verjandi telur, að óvíst og ósannað sé, að ákærði hafi haft nokkurn hagnað af sölu fíkniefna.

Dómurinn lítur svo á, að ekki verði tekið tillit til kostnaðar við útvegun efna í þessu sambandi, er því litið á andvirði hverrar ólögmætrar sölu sem ólögmætan hagnað.

Samkvæmt því, er að framan er rakið, hefur ákærði unnið til refsingar. Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 5. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði gekkst undir dómssátt hér fyrir dómi 27. okt. 1980. Ljóst er af gögnum málsins, að brot það, er nú er ákært fyrir, var framið, áður en ákærði gekkst undir framangreinda dómssátt. Verður því refsing ákærða ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Áður var að því vikið, að dóminum þætti sannað, að ákærði hefði í okt. 1980 flutt hingað til lands allt að 950 grömmum af hassi. Af greindum 950 grömmum hefur ákærði með dómssátt, dags. 27. október 1980, lokið afgreiðslu 140 gramma af ofangreindum 950 grömmum. Samkvæmt því er sakarefni hér miðað við 810 grömm.

Að öllu ofanrituðu virtu þykkir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga komi 4 dagar, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Með vísan til 49. gr. alm. hegningarlaga er ákærða gert að greiða kr. 8.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Í sektar stað komi fangelsi í 40 daga, verði sektin eigi greidd inn 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá er ákærða með vísan til 141. gr. laga 74/1974 gert að greiða allan sakarkostnað, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Óli Jón Ólason, fæddur 4. mars 1956, skal sæta fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 4 dagar, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi.

Ákærði greiði kr. 8.000.00 í sektt il ríkissjóðs. Í sektar stað komi fangelsi í 40 daga, verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 117/1980. **Páll Helgason**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Vestmannaeyjakaupstað
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Fasteignagjöld. Dráttarvextir. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi hefir skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1980. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi, Vestmannaeyjakaupstaður, verði dæmdur til að leiðrétta fasteignagjaldareikninga hans, þannig að niður verði felldar af reikningum vegna fasteignanna Heiðarvegar 1, Heiðarvegar 3 og Hólagötu 16, Vestmannaeyjum, skuldfærslur á þá vegna dráttarvaxta, sem miðað við áramótin 1976/1977 hafi numið 149.743 gömlum krónum auk dráttarvaxta, er síðan hafi verið reiknaðir á þessa áramótaskuld. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, er hin umdeilda fjárhæð, 149.743 gamlar krónur, dráttarvextir vegna vanskila á fasteignagjöldum áfrýjanda á árunum 1974, 1975 og 1976 miðað við áramótin 1976/1977. Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu. Sömuleiðis er það án ágreinings, að sjálf fasteignagjöldin (höfuðstóll skuldarinnar) hafi verið að fullu greidd 23. nóvember 1976. Dráttarvextirnir voru reiknaðir samkvæmt ákvæðum 43. gr. laga nr. 8/1972, sbr. 18. gr. og ákvæði til bráðabirgða, a lið, í lögum nr. 11/1975.

Áfrýjandi byggði kröfur sínar í héraði og síðar fyrir Hæstarétti á þeirri aðalmálsástæðu, að gegn greiðslunni 23. nóvember 1976 hefði stefndi látið „fyrirvaralausar fullnaðargreiðslukvittanir fyrir eftirstöðvum fasteignagjalda 1976 og eldri...“ Eftir það hafi ekki getað „kviknað skuld á fasteignagjaldareikningunum fyrr en nýr höfuðstóll myndaðist, þ. e. með álagningu fasteignagjalda ársins 1977“. Fallast má á úrlausn héraðsdómara á þessari málsástæðu með þeirri athugasemd þó, að dráttarvextir þeir, er málið snýst um, eru lögskipaðir samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum. Í málinu er ekki fram komið, að áfrýjandi hafi mátt vænta þess, að fallið yrði frá innhemtu vaxtanna vegna persónubundinna aðstæðna hans.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi borið fram þá málsástæðu, að dráttarvextirnir væru fyrndir eftir 2. og 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Af hálfu stefnda er þessu mótmælt með þeim rökum, að þessa málsástæðu hefði mátt hafa uppi í héraði að svo miklu leyti sem dráttarvextir kynnu að hafa verið fyrndir, er sáttakæra var birt, og sé hún því of seint fram komin. Auk þess var því haldið fram, að fyrningu hefði verið slitið með málshöfðun áfrýjanda.

Er áfrýjandi greiddi fasteignagjöldin 23. nóvember 1976, viðurkenndi hann greiðsluskyldu sína á dráttarvöxtum. Við það tímamark þykir eiga að miða upphaf fyrningarfrests vaxtanna. Þegar sáttakæran í málinu var birt 23. janúar

1979 var ekki tilefni fyrir hann að hafa fyrningu þeirra uppi sem málsástæðu. Að þessu athuguðu þykja skilyrði 45. gr. laga nr. 75/1973 uppfyllt, svo að taka megi þetta atriði til úrlausnar fyrir Hæstarétti.

Vextir þeir, er málið snýst um, fyrnast á fjórum árum, svo sem haldið er fram af áfrýjanda. Málshöfðun hans með kröfugerð um lausn undan greiðsluskyldu vaxtanna sleit ekki fyrningu þeirra eftir lögum nr. 14/1905. Eigi er neitt komið fram í málinu, er sýni, að fyrningu hafi verið slitið með öðrum hætti. Samkvæmt framanrituðu ber að fallast á það með áfrýjanda, að hinir umdeildu dráttarvextir séu fyrndir.

Kröfugerð áfrýjanda verður að skilja sem kröfu um viðurkenningardóm þess efnis, að honum sé óskylt að greiða stefnda hina umdeildu vexti. Ber að taka kröfuna til greina, enda varðar hún ágreiningsmál aðilja, sem áfrýjandi hefur lögvarða hagsmuni af að fá úr skorið.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Páli Helgasyni, er óskylt að greiða stefnda, Vestmannaeyjakaupstað, hina umdeildu dráttarvexti, 1.497.43 krónur (149.743 gamlar krónur), miðað við áramótin 1976/1977 auk þeirra dráttarvaxta, er af þessari fjárhæð hafa síðan verið reiknaðir.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað, 12.000.00 krónur, í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 14. maí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. apríl sl., hefur Páll Helgason, Hólagötu 16, Vestmannaeyjum, höfðað með stefnu, útgefinni 17. mars 1979, að undangenginni sáttakæru, útgefinni 14. janúar 1979, birtri 23. janúar sama ár, á hendur Vestmannaeyjakaup-

stað, Vestmannaeyjum. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að leiðrétta fasteignagjaldareikning stefnanda hjá kaupstaðnum og verði felldar niður af reikningnum skuldfærslur vegna meintra dráttarvaxta miðað við áramót 1976/1977, kr. 149.743 auk dráttarvaxta, sem síðar hafa verið reiknaðir á téða „áramótaskuld", enn fremur verði stefnda dæmt að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sættir voru reyndar hjá sáttanefnd, en reyndust árangurslausar, og einnig hafa allar síðari sáttatilraunir reynst árangurslausar.

Málavextir.

Stefnandi, sem var eigandi fasteignanna Heiðarvegar 1, Heiðarvegar 3 og Hólagötu 16, fékk þann 9. ágúst 1977 sent frá innheimtu Vestmannaeyjakaupstaðar fasteignagjaldayfirlit vegna þessara fasteigna tímabilið 1. janúar 1977 til 31. júlí 1977. Varðandi Heiðarveg 3 var skuld miðuð við 1. janúar 1977 talin vera á yfirlitinu kr. 16.032. Yfirlit varðandi Heiðarveg 1 tilgreindi skuld 1. janúar 1977 kr. 80.499. Yfirlitið varðandi Hólagötu 16 tilgreindi skuld 1. janúar 1977 kr. 53.212. Þá var stefnanda þann 9. ágúst 1977 einnig send tilkynning um dráttarvexti af fasteignagjöldum varðandi Heiðarveg 1 og Hólagötu 16, þar sem fram kemur, að útreiknaðir hafi verið dráttarvextir í júlí 1977 og væru þeir kr. 2.012 varðandi Heiðarveg 1 og kr. 1.330 varðandi Hólagötu 16. Þá segir í sömu tilkynningu, að gjaldfallin skuld að meðtöldum dráttarvöxtum sé kr. 89.586 vegna Heiðarvegar 1 og kr. 57.760 vegna Hólagötu 16.

Er stefnandi fékk framangreindar tilkynningar og yfirlit, hafði hann þegar leitað til lögfræðings vegna fasteignagjaldareiknings síns hjá Vestmannaeyjakaupstað, og þann 10. júní 1977 ritar lögmaður stefnanda kaupstaðnum svofellt bréf:

„Mér hefur falið Páll Helgason, Hólagötu 16, Vestmannaeyjum, að fara þess á leit við yður, að þér leiðréttið fasteignagjaldareikning hans hjá kaupstaðnum.

Páll greiddi öll fasteignagjöld sín á árinu 1976, þau sem þá og áður voru gjaldfallin, og fékk kvittun fyrir eftirstöðvum fasteignagjalds 1976, kr. 190.008.- og fyrir eftirstöðvum fasteignagjalds 1976, kr. 190.008.- og fyrir eftirstöðvum fasteignagjalds 1975, kr.

62.110.- og lóðarleigu 1976, kr. 5.820.-, dags 23. 11. 1976. Var hann þá skuldlaus og kvitt við kaupstaðinn með fasteignagjöld sín. Nú í dag var hann samt að fá tilkynniingu um dráttarvexti af fasteignagjöldum, dags. 06. 06. 1977, kr. 55.100.- og þar af reiknaðir dráttarvextir í júní 1977, kr. 1.330.-. Þessi skuld fær ekki staðist, þar sem Páll hafði fengið athugasemdalausa fullnaðargreiðslukvittun fyrir árin 1975 og 1976, eins og að framan greinir, og greiddi upp fasteignagjöldin 1977 í byrjun mars 1977.

Samkvæmt þessu er ekki um neinn gjaldstofn að ræða til að reikna dráttarvexi af né heldur heimilt að reikna dráttarvexti af dráttarvöxum, sem gert er með áminnztu bréfi kaupstaðarins.

Er hér með óskað eftir því, að framangreindur reikningur verði leiðréttur og færður í skuldlaust horf, eins og hann var við greiðsluna 23. 11. 1976, enda enginn gjaldstofn myndast síðan, er réttlætti dráttarvaxtarreikning."

Ekki er áminnsta tilkynningu, dags. 6. júní, að finna meðal málsskjala, en þótt svarbréf bærist ekki frá kaupstaðnum, fær stefnandi sendar áðurgreindar tilkynningar og yfirlit þann 9. ágúst 1977. Þann 29. nóvember 1977 sendir lögmaður stefnanda kaupstaðnum ítrekunarbréf, þar sem krafist er, að fasteignagjaldareikningur stefnanda hjá kupstaðnum verði færður í rétt horf, þannig að felldir séu úr þeir ranglega skulduðu dráttarvextir, sem þangað voru færðir eftir áramót 1976/1977, er reikningurinn var sléttur, eins og segir í bréfinu. Í lok bréfsins segir, að vænst sé leiðréttingar í síðasta lagi fyrir 4. des. 1977, svo komst verði hjá málssókn.

Þann 30. nóvember 1977 ritar þáverandi bæjarlögmaður Vestmannaeyja lögmanni stefnanda loks svarbréf, þar sem segir m. a.: „Sem svar við bréfum yðar, dags. 10. 06. 1977 og 29. 11. 1977, skal yður tjáð eftirfarandi:

Það fyrirkomulag, sem notað var hjá bæjarsjóði Vestmannaeyja við útreikning dráttarvaxta til loka árs 1976, gerði það ekki mögulegt að reikna út áfallna dráttarvexti á staðnum og samtímis því, að gjaldandi lauk við greiðslu á höfuðstóli skuldarinnar. Venjulega eru þessir útreikningar flóknari en svo, að varlegt geti talist að fela þá afgreiðslufólki í innheimtudeild, þar sem oftast er erill og ónæði.

Af þeim sökum tíðkaðist sú tilhögun að reikna áfallna vexti ekki út fyrr en í árslok og innheimta þá eftirá." Og síðar í bréfinu segir enn fremur „Um áframhaldandi álagningu dráttarvaxta á þessu ári er það að segja, að þeir reiknast á vaxtaskuld frá fyrra

ári, eins og hún var um s.l. áramót. Þetta þýðir það, að á 12 mánaða fresti eða um hver áramót leggjast áfallnir dráttarvextir við höfuðstól skuldarinnar eða mynda nýjan höfuðstól, sé skuldin að öðru leyti greidd." Í lok bréfsins segir síðan: „Samkvæmt framansögðu eru ekki efni til leiðréttngar á fasteignagjaldareikningi umbj. yðar."

Enn ritar þann 6. desember 1977 lögmaður stefnanda Vestmannaeyjakaupstað bréf, þar sem hann áréttar tilmæli stefnanda um, að fasteignagjaldreikningar stefnanda verði leiðréttir og færðir í skuldlaust horf, og síðan eru tilgreindar þær skuldfærslur, sem óskað var eftir, að felldar yrðu af reikningunum, með samsvarandi höfuðstól og sundurliðun og síðar greindi í sáttakæru, en síðan segir í bréfi þessu: „Ég leyfi mér að vænta þess, að verði haldið við synjun kaupstaðarins á þessari sjálfsögðu leiðréttingu, verði erindi þetta sent bæjarráði Vestmannaeyja til umfjöllunar, og fáist ekki leiðrétting með öðrum hætti, verður ekki unnt að komast hjá málssókn til að fá leiðréttingu þessa." Erindi tefnanda var síðan tekið fyrir hjá bæjarráði, sem synjaði erindinu.

Vitnið Áki Heinz Haraldsson, 32 ára innheimtufulltrúi Vestmannaeyjakaupstaðar, sagði, að er stefnandi hefði greitt fasteignagjöld sín, hafi hann fengið viðurkenningu um fullnaðargreiðslu á höfuðstól fasteignagjalda, en ekki hafi verið tekið tillit til dráttarvaxta. Á þessum tíma hafi það verið þannig, að í upphafi hvers árs hafi höfuðstóll fasteignagjalda fyrir viðkomandi fasteign verið færður inn á sérstök kort fyrir viðkomandi fasteign og þá jafnframt verið færðir inn dráttarvextir framreiknaðir frá eindaga til ársloka. Við hverja innborgun fasteignagjalda hafi verið fært sérstakt tákn (tölvustafir) og með því að greitt væri á tilskildum tíma, hafi bókaðir dráttarvextir fallið niður ella lækkuðu, ef greitt var utan þess tíma, í samræmi við innborgunarmánuði. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort Páll hefði, er hann greiddi 23. nóvember 1976, verið látinn vita um, að hann skuldaði dráttarvexti. Vitnið kvaðst hins vegar ekki rengja stefnanda að þessu leyti, en hafi hann sagt það, sem eftir sér sé haft á dskj. 7, þá hafi sér ekki farist nógu vel orð eða það verið nógu greinargott. Vitnið sagði hins vegar, að ekki hefði verið byrjað að senda út sérstakar dráttarvaxtatilkynningar fyrr en á árinu 1977, er nýtt kerfi hafi verið tekið í notkun.

Fyrir 1977 hafi tilkynning til gjaldanda einungis verið þannig gerð, að hægt var að sjá álögð gjöld fyrir tiltekið ár og gjalddaga

í því sambandi, en ekki tíðkast að senda tilkynningar fyrir eldri gjöldum eða dráttarvöxtum, en tölvuspjöld fyrir viðkomandi hafi þó sýnt dráttarvexti fyrir hvert ár. Er stefnandi hafi komið og greitt fasteignagjöldin 23. nóvember 1976, þá hafi þannig af hálfu kaupstaðarins ekki verið búið að senda honum skriflega tilkynningu um, að hann skuldaði dráttarvexti frá fyrri árum. Sér hefði hins vegar átt að vera mögulegt að sjá, hverjir dráttarvextir voru fyrir árin 1974 og 1975, og varðandi útreikning á dráttarvöxtum fyrir árið 1976 hefði hann getað haft samband við viðkomandi innheimtustjóra.

Þá sagði vitnið, að er það tók við greiðslu frá stefnanda 23. nóvember 1976, hefði sér átt að vera fyllilega ljóst, að stefnandi skuldaði dráttarvexti frá fyrri árum. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa gefið stefnanda né öðrum gjaldendum til kynna, að ekki þyrfti að greiða dráttarvexti af gjaldföllnum fasteignagjöldum. Varðandi dráttarvexti á útsvörum sagði vitnið, að öll vinnsla hefði verið sett í tölvu, en í stöku tilfelli sagðist vitnið hafa reiknað út dráttarvexti eða borið þá undir innheimtustjórann.

Varðandi greitt útsvar stefnanda fyrir árið 1976 (dskj. 14) sagðist vitnið ekki vera visst um, hvort það hefði leitað til viðkomandi tölvuspjalds og dráttarvextirnir fengnir þaðan, en þó geti það eins verið, að það hefði sjálft reiknað út þessa dráttarvexti, vegna þess að það hafði formúluna, þó slíkt hefði heyrt til undantekninga, en loks gæti það hafa verið, að það hefði fengið útreikninginn hjá innheimtustjóranum.

Vitnið taldi sig minna, að dráttarvextir hefðu ekki verið reiknaðir jafnsnemma á gjaldfallin fasteignagjöld og verið hafi á útsvör, en hins vegar hafi dráttarvextir í báðum tilvikum verið reiknaðir sem viss prósenta fyrir hvern mánuð. Vitnið staðfesti að hafa haft aðgang að viðkomandi tölvuspjaldi, er stefnandi greiddi fasteignagjöldin, en eins og fram hafi komið, hafi ekkert verið aðhafst varðandi dráttarvextina, aðeins fasteignagjaldastofninn innheimtur. Vitnið sagði, að almennt hafi skammstöfunin est. verið notuð fyrir orðið eftirstöðvar, þótt nokkuð handahófskennt hafi verið, hvort það hafi verið fært á kvittanir við greiðslu, þ. e. á þessum tíma, og í því sambandi segir vitnið, að stundum hafi það einungis verið gert að beiðni viðkomandi greiðanda. Skammstöfunin est. á dskj. nr. 11 þýddi þannig, sagði vitnið, að greiðandinn Páll Helgason hefði verið að greiða með kr. 190.008 greiðslu eftirstöðva fasteignagjaldsstofn fyrir árið 1976

og með kr. 62.110 hafi hann verið að greiða eftirstöðvar fasteignagjaldsstofns fyrir árið 1975. Eins og það var tilviljunarkennt, hvort skammstöfunin est. kom fram á kvittunum gjaldenda, hafi það verið jafntilviljunarkennt, að menn væru látnir vita, að þeir skulduðu dráttarvexti, er þeir fengu kvittanir um greiðslu eftirstöðva. Vitnið, sem hóf störf hjá stefnda í desember 1973 og tók ekki við stöðu innheimtufulltrúa fyrr en í ársbyrjun 1976, sagði, að það hefði verið hluti af starfi sínu að veita móttöku fasteigna- og útsvarsgjöldum. Vitnið sagðist hins vegar ekki hafa haft heimild til að gefa eftir dráttarvaxtakröfur vegna fasteignagjalda, en einungis heimilt að leiðrétta sýnilegar rangfærslur. Þá hafi það ekki falist í starfi sínu að senda tilkynningar varðandi fasteignagjöldin, heldur verið í verkahring innheimtustjóra á hverjum tíma. Vitnið staðfesti loks, að það hefði tekið á móti greiðslum á dskj. nr. 11—14, og kannaðist við nafnritun sína um greiðsluviðurkenningu á þeim dómskjölum.

Stefnandi, Páll Helgason, 46 ára bfreiðarstjóri, Hólagötu 16, Vestmannaeyjum, sem kom fyrir réttinn til aðiljayfirheyrslu, sagðist hafa gert sér ljóst, að dráttarvexir mundu falla á fasteignagjöldin fyrir árin 1974, 1975 og 1976, og því hafi hann beðið sérstaklega um það 23. nóvember 1976, að reiknaðir yrðu á hann dráttarvextir. Staðfesti stefnandi síðan, að tilvitnanir á dskj. nr. 7 í þessu sambandi væru allar rétt tilgreindar. Kvaðst stefnandi hafa litið svo á, að eftir gos hafi verið farið mildum höndum um fasteignagjaldendur, og það hafi því komið sér í opna skjöldu, er krafið hafi verið um dráttarvexti af þessum gjöldum á árinu 1977. Þannig hefði það verið á árunum 1974—1976 og hefði hann eins og allir aðrir einungis fengið seðil með álögðum gjöldum og gjalddögum, en ekki verið krafinn um dráttarvexti fyrr en á árinu 1977. Tók stefnandi fram, að hann hefði sett auglýsingu í eitt af bæjarblöðunum, þar sem óskað hafi verið eftir, að þeir, sem krafðir hefðu verið um dráttarvexti af þessum gjöldum fyrir 1974—1976, hefðu samband við sig. Hefði fjöldi manns haft samband við sig í þessu sambandi og komið hafi í ljós, að enginn hefði verið krafinn um dráttarvexti fyrr en á árinu 1977.

Málsástæður og lagarök aðilja.

Af hálfu stefnanda er byggt á því, að stefnandi hafi fengið fyrirvaralausa kvittun um fullnaðargreiðslu á fasteignagjöldum 1976 og eldri þann 23. nóvember 1976. Skammstöfunin est. hafi verið rituð á kvittanirnar og hafi sá starfsmaður stefnda, sem

það hafi ritað, vitnið Áki Heinz Haraldsson, innheimtufulltrúi stefnda, staðfest það hér fyrir réttinum, að skammstöfunin stæði fyrir eftirstöðvar. Í þessu sambandi beri að hafa í huga, að fyrst eigi að greiða kostnað af kröfu, síðan vexti og loks höfuðstól. Ljóst sé, að innheimuaðili, sem búinn sé að gefa fullnaðarkvittun fyrir greiðslu höfuðstóls, geti ekki síðar meir krafist vaxta af þeim höfuðstól, sem hafi verið kvittaður út. Í þessu tilviki sé ekki til neinn höfuðstóll af fasteignagjöldum til að reikna vexti af. Stefnda beri þannig tvímælalaust skylda til að leiðrétta fasteignagjaldareikninga stefnanda hjá stefnda, eins og farið sé fram á í máli þessu, en hins vegar snúist málið ekki um það, hvort vextir séu rétt reiknaðir.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að kaupstaðnum sé skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga heimilt að reikna fasteignagjaldendum í Vestmannaeyjum dráttarvexti, ef fasteignagjöldin eru ekki greidd á réttum gjalddögum, sem kaupstaðurinn ákveður skv. áðurnefndum lögum. Þá byggist fasteignagjaldið einnig á heimild kaupstaðarins til að leggja á og innheimta fasteignaskatt á eigendur fasteigna í Vestmannaeyjum, sbr. 3. og 4. gr. áðurnefndra laga. Seðlabanki Íslands ákveði hins vegar hámark og lágmark vaxta, séu vaxtaákvarðanirnar birtar í Lögbirtingablaði. Í máli þessu sé um að ræða höfuðstól skulda á þremur árum, en útreikningur komi fram á dskj. nr. 15, sem sé tölvuútskrift á fasteignagjaldakortum stefnanda hjá stefnda. Fasteignagjaldið sé árlega fært á viðkomandi fasteignagjaldakort og komi dráttarvextirnir þegar fram á fasteignagjaldakortinu, framreiknaðir til ársloka, en falli hins vegar niður, ef greitt er á tilskildum tíma, ella lækki, ef greitt er utan þess tíma, í samræmi við innborgunarmánuði, eins og komi fram í framburði Áka Heinz Haraldssonnar innheimtufulltrúa. Eins og fram komi í sama framburði, hafi fasteignagjaldaseðlar verið sendir út árlega. Með því að gjaldandinn Páll Helgason, stefnandi máls þessa, greiddi ekki fasteignagjöld sín á réttum tíma, var kaupstaðnum heimilt að reikna honum dráttarvexti. Það sé hins vegar alrangt, sem stefnandi hafi látið að liggja, að ekki hafi tíðkast að reikna dráttarvexti á fasteignagjöld frá umræddu tímabili. Á dskj. nr. 19, sem séu gögn úr bókhaldi bæjarins varðandi innheimtu fasteignagjalda og dráttarvaxta af þeim, komi fram, að gjaldendum hafi ekki verið gefnir eftir dráttarvextir af fasteignagjöldum umræddra ára. Hins vegar sé það rétt, að innheimtan hafi á þessum tíma verið slæleg. Stefnandi, sem hafi vitað, er hann greiddi fasteignagjöld

á árinu 1976, að hann skuldaði dráttarvexti af þeim gjöldum, hafi á engan hátt getað vænst að fá aðra afgreiðslu en þeir aðrir fasteignagjaldendur, sem ekki höfðu staðið í skilum með greiðslur sínar, með því að niðurfelldir yrðu dráttarvextirnir. Stefnandi hafi á engan hátt sýnt fram á, að álagningin hafi verið ólögmæt og að ekki sé heimilt að reikna af henni dráttrvexti. Ósannað sé einnig, að dráttarvaxtaskuldin hafi verið gefin eftir. Þá sé loks á það að líta, að rangt sé hjá stefnanda, að fyrst eigi að greiða kostnað af kröfu, síðan vexti og loks höfuðstól, því skuldarinn hafi ávallt val um það, hvort hann greiði höfuðstól, vexti, kostnað o. s. frv.

Niðurstaða.

Ekki er um það deilt í máli þessu, að stefnandi greiddi fasteignagjöld af fasteignum sínum vegna álagðra gjalda 1975 og 1976 þann 19. ágúst 1976 og 23. nóvember 1976. Þá er einnig ljóst, að þann 23. nóvember 1976 fékk stefnandi greiðsluviðurkenningu hjá þeim starfsmanni stefnda, er tók við fasteignagjaldagreiðslum, er sýndi, að stefnandi hafði þá greitt eftirstöðvar fasteignagjalda af Heiðarvegi 1 vegna álagðra gjalda 1975 og 1976. Þá kemur fram í framburði stefnanda, að hann gerði sér ljóst, er hann greiddi fasteignagjöldin 23. nóvember 1976, að reiknaðir yrðu á hann dráttarvextir fyrir árin 1974, 1975 og 1976, en hins vegar verður að telja, að ekki liggi ljóst fyrir eða hafi verið staðfest, að stefnandi hafi beðið sérstaklega um það, er hann greiddi 23. nóvember 1976, að reiknaðir yrðu á hann dráttarvextir, þar sem telja verður, að fyrirvarar vitnisins Áka Heinz á því að staðfesta tilgreinda fullyrðingu stefnanda leiði til slíkrar niðurstöðu.

Ómótmælt er af stefnanda, að stefndi sendi árlega út tilkynningar til gjaldenda fasteignagjalda, þar sem álögð gjöld ársins voru tilgreind og gjalddagar í því sambandi, og var gjalddagi tilgreindur 15. janúar álagningarárið.

Stefnda var því heimilt eftir 15. janúar 1974 að færa til skuldar á fasteignareikning stefnanda hjá stefnda dráttarvexti (vanskilavexti) vegna ógreidds fasteignagjalds, væri ekki greitt á réttum gjalddaga.

Af gögnum málsins sést (dskj. 15), að stefnandi greiddi ekki álagt fasteignagjald 1974 fyrir Heiðarveg 3 fyrr en 3. júlí 1975, og eins og á dskj. 15 sést, voru þá þegar fallnir á stefnanda dráttarvextir vegna þeirra gjalda. Álagt fasteignagjald 1974 fyrir

Heiðarveg 1 greiddi stefnandi 3. júlí 1975. Álagt fasteignagjald 1974 fyrir Hólagötu 16 greiddi stefnandi 3. júlí 1975, og höfðu þá myndast dráttarvextir á hvor tveggja gjöldin.

Álagt fasteignagjald 1975 fyrir Heiðarveg 3 greiddi stefnandi 19. ágúst 1976. Upp í fasteignagjald 1975 fyrir Heiðarveg 1 greiddi stefnandi kr. 80.000 þann 19. ágúst og að fullu 23. nóvember 1976. Álagt fasteignagjald 1975 fyrir Hólagötu 16 greiddi stefnandi 10. nóv. 1975. Dráttarvextir höfðu myndast, er gjöld þessi voru greidd.

Álagt fasteignagjald 1976 fyrir Heiðarveg 3 greiddi stefnandi 19. ágúst 1976. Álagt fasteignagjald 1976 fyrir Heiðarveg 1 greiddi stefnandi 23. nóvember 1976 og fyrir Hólagötu 16 19. ágúst 1976. Dráttavextir höfðu myndast, er gjöld þessi voru greidd.

Stefnandi hefur ekki hreyft þeirri málsástæðu, að dráttarvextir þeir, sem um ræðir í máli þessu, séu fyrndir, og verður því ekki byggt á því atriði í niðurstöðu eða um það atriði sérstaklega fjallað.

Ljóst er, að innheimta fasteignagjaldanna var of losaraleg, og starfsmaður sá, er tók á móti greiðslum í þessu sambandi, hafði ekki fengið nægilega starfsleiðbeiningu hjá yfirmanni sínum. Hvort tveggja var til þess fallið að rýra það traust, sem hinn almenni greiðandi mátt bera til innheimtunnar. Þá var sú tilhögun að reikna áfallna vexti ekki út fyrr en í árslok og innheimta þá eftir á, ekki til þess fallin að vekja gagnkvæmt traust milli hins almenna greiðanda og kaupstaðarins.

En með því að stefnandi greiddi ekki fasteignagjöld sín á réttum gjalddögum, var kaupstaðnum heimilt að reikna á gjöldin dráttarvexti. Stefnandi hefur hins vegar ekki reynt að sýna fram á, að útreikningur dráttarvaxtanna sé rangur. Þannig þykir ekki verða hjá því komist að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, enda þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að óheimilt væri að leggja dráttarvexti á hin álögðu fasteignagjöld né að dráttarvaxtaskuld stefnanda hafi verið gefin honum eftir, þótt starfsmanni stefnda hafi augljóslega borið að vekja athygli stefnanda á því, að hann ætti ógreidda dráttarvexti, er hann gaf honum kvittun fyrir eftirstöðvum hinna álögðu fasteignagjalda.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að sýkna stefnda, Vestmannaeyjakaupstað, af kröfum stefnanda, Páls Helgasonar, í máli þessu, en málskostnaður skal niður falla.

Jón Ragnar Þorsteinsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan og tók við málinu 6. eptember 1979.

Dómsorð:

Stefndi, Vestmannaeyjakaupstaður, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Páls Helgasonar, í máli þessu.
Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudagur 7. desember 1982.

Nr. 236/1982. **Árfell h/f**
gegn
Ásgeiri Þormóðssyni.

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili, Árfell h/f, Súðarvog 28, Reykjavík, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. mars 1982, á hendur varnaraðilja, Ásgeiri Þormóðssyni, Flúðaseli 64, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð 14.000.00 krónur ásamt 39% ársvöxtum frá 6. janúar 1982 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sóknaraðili kveður málavexti þá, að með verksamningi, dagsettum 27. júlí 1981, hafi hann tekið að sér að smíða handrið og skilrúm fyrir stefnda í húsi hans að Flúðaseli 64, Reykjavík, samkvæmt verklýsingu. Verkið hafi kostað 25.000.00 krónur með uppsetningu og verið afhent 29. október 1981. Stefndi hafi greitt 11.000.00 krónur, þannig að eftirstöðvarnar nemi stefnufjárhæðinni.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 9. mars 1982. Varnar-

aðili lagði fram greinargerð sína 30. apríl 1982. Krafðist hann sýknu og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja. Jafnframt áskildi varnaraðili sér rétt til að fá dómkvadda matsmenn til þess að hafa niðurstöður matsgerðar uppi til varnar í málinu. Með bréfi, dagsettu 10. september 1982, óskaði varnaraðili eftir dómkvaðningu matsmanna. Hinn 14. s. m. voru matsmenn dómkvaddir, og daginn eftir var matsbeiðnin og dómkvaðningin lögð fram í málinu. Krafðist lögmaður varnaraðilja þá jafnframt frests til gagnaöflunar til 20. október 1982. Lögmaður sóknaraðilja mótmælti frestbeiðninni, og var málið tekið til úrskurðar um það atriði.

Með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 17. september 1982, var frestbeiðni varnaraðilja synjað og málinu frestað til aðalflutnings til 27. október 1982. Er málið kom fyrir þann dag, ákvað héraðsdómari að fresta því enn til aðalflutnings til 16. nóvember 1982, þar eð honum hafði eigi tekist að ná í sérfróða menn til setu í dóminum.

Hinn 16. nóvember 1982 hafði varnaraðili fengið matsgerðina í hendur og krafðist þess að fá að leggja hana fram í málinu. Lögmaður sóknaraðilja mótmælti framlagningu matsgerðarinnar. Var málið því tekið til úrskurðar um það atriði. Með úrskurði, uppkveðnum sama dag, heimilaði héraðsdómur varnaraðilja að leggja fram matsgerðina.

Með kæru, dagsettri 19. nóvember 1982, skaut sóknaraðili úrskurði þessum til Hæstaréttar. Gögn kærumálsins bárust Hæstarétti 2. desember 1982.

Dómkröfur sóknaraðilja fyrir Hæstarétti eru þær, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilja synjað um að leggja fram umrædda matsgerð. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur fyrir Hæstarétti, aðallega að málinu verði vísað frá Hæstarétti, þar eð kæruheimild bresti til að bera ágreiningsefni þetta undir Hæstarétt, en til vara krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sérstakar athugasemdir héraðsdómara samkvæmt 27. gr

laga nr. 75/1973 hafa ekki borist. Hinum kærða úrskurði fylgja ekki forsendur, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Í 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands er ekki að finna heimild til að kæra framangreindan úrskurð til Hæstaréttar. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja 2.500.00 krónur í kærumálskostnað.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp hinn kærða úrskurð ásamt meðdómsmönnunum Indriða Níelssyni og Kristni Sigurjónssyni húsasmíðameisturum.

Dómsorð:

Málinu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Árfell h/f, greiði varnaraðilja, Ásgeiri Þormóðssyni, 2.500.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. desember 1982.

Nr. 142/1980. **Einar S. Svavarsson**
(Þórður S. Gunnarsson hdl.)
gegn
Vörubílstjórafélagi Suðurnesja
(Garðar Garðarsson hdl.).

Félagsréttindi. Lögbannsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1.

september 1980. Hann gerir þær dómkröfur, „að lögbanni því, sem lagt var á leiguakstur áfrýjanda í fógetarétti Keflavíkur hinn 8. nóvember 1979, verði hrundið, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði, að brottvikning áfrýjanda úr Vörubílstjórafélagi Suðurnesja hinn 13. september 1979 verði dæmd ógild og ólögmæt og að viðurkenndur verði með dómi réttur áfrýjanda til að stunda leiguakstur vörubifreiða í Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Vatnsleysustrandarhreppi, Gerðahreppi, Miðneshreppi og Hafnahreppi.“ Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Enn fremur krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar fyrir Hæstarétti, eins og í héraði, annars vegar á formlegum annmörkum varðandi brottvikningu hans úr Vörubílstjórafélagi Suðurnesja og hins vegar á efnislegum ástæðum.

Svo sem í héraðsdómi greinir, tók trúnaðarmannaráð Vörubílstjórafélags Suðurnesja þá ákvörðun á fundi 13. september 1979 að víkja hluthöfum í Kambi h/f úr félaginu „vegna brota á lögum, starfsreglum og töxtum félagsins“. Enginn félagsmaður er greindur með nafni í samþykkt trúnaðarmannaráðsins og ekki heldur fjöldi þeirra, sem vísað var úr félaginu. Ekki er ágreiningur um, að áfrýjandi hafi bæði verið félagsmaður í vörubílstjórafélaginu og hluthafi í Kambi h/f 13. september 1979 og að ályktunin um brottvikningu hafi tekið til hans auk annarra manna, enda var honum tilkynnt brottvísunin 17. september. Almennur félagsfundur var haldinn síðar sama dag og trúnaðarmannaráðið kom saman. Á þessum fundi var ákvörðun ráðsins staðfest. Áfrýjandi hefur vefengt, að félagsfundurinn hafi verið boðaður með nægum fresti. Óumdeilt er, að í fundarboði hafi það eitt sagt um fundarefni, að það væri „innanfélagsmál“.

Málflutningur stefnda byggist á þeirri lagaskoðun, að brottviknum félagsmanni sé fyrirmunað að stunda akstur leigubifreiða til vöruflutninga, sbr. 3. gr. reglugerðar nr.

15/1975 um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja. Verður að fallast á hana með tilvísun til ákvæða laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar og reglugerðar nr. 15/1975, en í þessu felst, að Vörubílstjórafélagi Suðurnesja er fengið vald til að taka ákvörðun um atvinnuréttindi manna. Því fylgdi skylda til að tryggja, að áfrýjandi ætti þess kost að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum, áður en trúnaðarmannaráð og félagið tóku ákvarðanir sínar.

Áfrýjandi var ekki boðaður á fund trúnaðarmannaráðs, áður en það samþykkti að vísa honum úr félaginu. Áfrýjandi var ekki heldur boðaður sérstaklega á félagsfundinn 13. september 1979, þar sem samþykkt trúnaðarmannaráðsins var staðfest. Þess var ekki getið í fundarboði, að brottvísun manna úr félaginu yrði á dagskrá, svo sem vera bar.

Þessir gallar á málsmeðferð eru með þeim hætti, að þeirra vegna verður að dæma ógildar hinar umdeildu ákvaðanir trúnaðarmannaráðs og félagsfundar um brottvísun áfrýjanda, án þess að þörf þyki að fjalla um aðrar málsástæður hans.

Í héraði gerði stefnandi (Vörubílstjórafélag Suðurnesja) þá kröfu, að ákveðið yrði með dómi, að stefnda (Einari S. Svavarssyni) væri óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreið á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja. Um þessa kröfu er ekki skýrlega fjallað í héraðsdómi, þó að leiða megi það af staðfestingu lögbanns og niðurstöðu um gagnkröfu, að héraðsdómari hafi fallist á kröfuna. Er þessi galli á héraðsdóminum þó ekki slíkur, að næg ástæða sé til að ómerkja meðferð málsins í héraði hans vegna.

Niðurlag kröfugerðar áfrýjanda fyrir Hæstarétti er samhljóða síðari hluta gagnkröfu í héraði, þ. e. að viðurkenndur verði réttur hans til þess að stunda leiguakstur vörubifreiðar í Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Vatnsleysustrandarhreppi, Gerðahreppi, Miðneshreppi og Hafnahreppi, en stefndi var í héraði sýknaður af kröfu þessari, svo sem að framan greinir. Samkvæmt því, sem að framan er rakið um ólögmæti brottvikningar áfrýjanda úr Vörubílstjóra-

félagi Suðurnesja, er áfrýjandi enn fullgildur félagsmaður í því. Ber því að taka til greina síðasta lið krafna hans, sbr. meginreglu 8. gr. laga nr. 36/1970.

Af því, sem nú var rakið, leiðir, að fella ber úr gildi lögbann það, sem úrskurður gekk um í fógetarétti Keflavíkur 8. nóvember 1979 og lagt var á hinn 15. sama mánaðar.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann eftir öllum atvikum hæfilega ákveðinn samtals 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Framangreint lögbann er fellt úr gildi.

Brottvikning áfrýjanda, Einars S. Svavarssonar, úr Vörubílstjórafélagi Suðurnesja hinn 13. september 1979 er ógild.

Viðurkenndur er réttur áfrýjanda til að stunda leiguakstur vörubifreiðar í Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Vatnsleysustrandarhreppi, Gerðahreppi, Miðneshreppi og Hafnahreppi.

Stefndi, Vörubílstjórafélag Suðurnesja, greiði áfrýjanda samtals 15.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 25. júní 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 6. þ. m., hefur Vörubílstjórafélag Suðurnesja, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. nóvember 1979 og birtri 20. nóvember s. á., gegn Einari S. Svavarssyni, Hraunsvegi 10, Ytri-Njarðvík, og gerir þær dómkröfur, að ákveðið verði með dómi, að stefnda sé óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja, sem nær yfir Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Vatnsleysustrandarhrepp, Gerðahrepp, Miðneshrepp og Hafnahrepp. Þá er þess krafist, að lögbann, sem lagt var á stefnanda við að stunda leiguakstur til vöruflutninga, sem fógetaréttur Keflavíkur úrskurðaði 8. nóvember 1979, verði staðfest. Þá er þess krafist, að stefndi verið dæmdur til að

greiða málskostnað til stefnanda samkvæmt mati réttarins, sbr. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Úrskurður fógetaréttar Keflavíkur, uppkveðinn 8. nóvember 1979, er svohljóðandi:

„Lögbann fer á ábyrgð gerðarbeiðanda fram á leiguakstri til vöruflutninga af hendi Einars S. Svavarssonar á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja gegn því, að gerðarbeiðandi setji tryggingu að upphæð kr. 500.000.

Málskostnaður fellur niður."

Stefndi hafði um langt árabil stundað vörubifreiðaakstur, verið félagi stefnanda, þ. e. í Vörubílstjórafélagi Suðurnesja, en jafnfram ásamt nokkrum öðrum félagsmönnum stefnanda verið síðustu árin hluthafi í verktakafyrirtækinu Kambi h/f, þegar gerð var hinn 13. september 1979 samþykkt í trúnaðarmannaráði stefnanda, sem bókuð var þannig: „Borin var fram tillaga um, að hluthöfum Kambs h.f. verði vikið úr félaginu vegna brota á lögum, starfsreglum og töxtum fél. Kosning var leynileg og fór þannig: Já = 7 atkv., nei = 1 atkv., auður = 1 atkv." Sama dag var haldinn félagsfundur stefnanda, þar sem framangreind samþykkt var samkvæmt bókun lesin upp, rædd og borin undir atkvæði leynilega, en úrslit urðu þau, að já sögðu 12, nei sögðu 2, auðir seðlar voru 5 og vafaatkvæði var 1.

Í málinu er upplýst, að af félagsmönnum stefnanda voru á þessum tíma jafnframt hluthafar í Kambi h/f auk stefnanda þeir Auðunn Guðmundsson og Sverrir Elentínusson, en mál gegn þessum þremur mönnum til lögbanns og síðan staðfestingar lögbanns hafa verið rekin samhliða. Að auki má nefna Sigurð Guðmundsson, en atvik að því, er hann varðar, koma fram af því, sem síðar verður rakið.

Með bréfi, dags. 17. september 1979, tilkynnti Guðlaugur Tómasson, formaður aðalstefnanda, stefnda eftirfarandi:

„Á fundum trúnaðarmannaráðs og félagsfundar, dags. 13. þ. m., voru samþykktir gerðar um að víkja yður úr Vörubílstjórafélagi Suðurnesja, sbr. 18. gr. félagslaga. Ofanritað tilkynnist yður hér með. Eftirskráðar skuldir óskast greiddar hið fyrsta:

Stöðvargjöld	kr.	77.730,00
Lífeyrissj.	—	56.760,00
Samtals	kr.	134.490,00
Inneign á bók yðar er	kr.	18.092,00"

Til skýringar á aðdraganda málsins verður nú í aðalatriðum greint frá bréfaskiptum eftir því sem greinir í framlögðum afritum/myndritum bréfa:

a) Með bréfi, dags. 6. apríl 1979, til aðalstefnda f. h. Kambs h/f bauð Guðlaugur Tómasson f. h. stjórnar stefnanda (með skírskotan til starfstöðvar einnig nefnt Vörubílastöð Keflavíkur, VBK) til viðræðufundar um hugsanlega samvinnu og/eða sameiningu VBK og Kambs h/f.

b) Í svarbréfi stefnda f. h. Kambs h/f, dags. 9. apríl 1979, segir, að Kambur h/f sé ávallt til viðræðna um alla hluti, er betur megi fara, en þess óskað, að tiltekinn stjórnarmaður stefnanda víki af fundi, meðan viðræður fari fram.

c) Stefnandi svaraði með bréfi, dags. 18. apríl 1979, að ekki væri unnt að verða við beiðni um að víkja löglega kosnum stjórnarmanni af fundi.

d) Hinn 21. júní 1979 ritaði formaður stefnanda samgönguráðuneytinu svohljóðandi bréf:

„Árið 1972 stofnuðu sex félagar innan Vörubílstjórafélags Suðurnesja með sér hlutafélag undir nafninu Kambur h/f, sem er sérstakur skattgreiðandi. Tilgangur félagsins er að annast sölu á fyllingarefnum. Fyrstu árin starfaði félagið þannig, að félagarnir fluttu efnið utan afgreiðslutíma Vörubílastöðvarinnar, þ. e. á kvöldin og um helgar. Þegar verkefni jukust, fóru þeir einnig að aka á afgreiðslutíma og sinna því ekki þjónustuþörfum stöðvarinnar.

Nú síðustu vikurnar þykir stórn V.B.K. hafa keyrt um þverbak, hvað snertir meint brot á lögum og reglum stöðvarinnar. Skulu hér tilfærð nokkur dæmi:

1. Kambur h/f gerði tilboð í sölu og flutning á fyllingarefni fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og fékk hluta af því verki.

2. Kambur h/f gerði tilboð í sölu og flutning á fyllingarefni, undirlagsefni, malbiki og olíumöl fyrir Keflavíkurbæ. Það tilboð var nokkru lægra en tilboð Vörubílastöðvarinnar og þar af leiðandi gerði Keflavíkurbær verksamning við Kamb h/f.

3. Nú fyrir skömmu seldi Kambur h/f Vegagerð ríkisins ofaníburð á Hafnaveg, og óku félagar Kambs h/f efninu.

4. Ennfremur óku félagar Kambs h/f malbiki fyrir Miðfell h/f frá Reykjavík suður á Keflavíkurflugvöll. Þarna var ekki um að ræða efnissölu, heldur aðeins akstur. Þá hefur Kambur h/f stundað ýmiss konar flutninga bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Stjórn Vörubílstjórafélags Suðurnesja lítur svo á, að Kambur h/f, sem er lögskráð fyrirtæki, eigi engar vörubifreiðir til efnisflutnings.

Hins vegar eiga hluthafar Kambs h/f vörubifreiðir, þær sem notaðar eru til flutnings á efni því, sem fyrirtækið annast um sölu á.

Í þessu sambandi skal bent á reglugerð nr. 15/1975 um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubíltjórafélags Suðurnesja, sbr. 2. mgr. 3. grein reglugerðarinnar, þar er skýr greinarmunur á því, hvort ökumaður er eigandi vörunnar, sem flutt er, eða ekki.

Rétt þykir að taka það fram, að 1975 var stofnað annað hliðstætt fyrirtæki innan félaga V.B.K. undir nafninu Bursti h/f. Það fyrirtæki hefur enn sem komið er reynst jákvætt í viðræðum um samvinnu við Vörubílastöðina. Á sama tíma hefur Kambur h/f neitað viðræðum og ekki gefið tæmandi skýringu á þeirri neitun.

Þar sem nú þegar eru hafnar framkvæmdir skv. töluliðum 1 og 2 hér að framan, er það ósk stjórnar V.B.K., að þér takið erindi þetta til umfjöllunar og úskurðar hið allra fyrsta....“

e) Samgönguráðuneytið sendi framangreint bréf til umsagnar Kambs h/f, og er svarbréf Auðuns Guðmundssonar, þáverandi formanns Kambs h/f, svohljóðandi:

„Um 1970 hóf tiltekinn verktaki á Suðurnesjum umfangsmikla jarðefnissölu og vörubifreiðaakstur í því sambandi. Hann náði fljótlega sterkum ítökum á markaðnum, þannig að verkefni Vörubílstjórafélags Suðurnesja minnkuðu mjög. Þá ákváðu nokkrir félagsmanna að stofna fyrirtæki, sem gæti keppt við þennan aðila og útvegað þannig félagsmönnum vinnu fyrir bifreiðar sínar. Það fyrirtæki var stofnað árið 1973 og hlaut nafnið Kambur h/f. Að því stóðu 6 vörubílstjórar úr félaginu. Í upphafi gat fyrirtækið ekki greitt sama verð fyrir akstur og aðrir aðilar. Stofnendur þess önnuðust þá aksturinn að mestu leyti á eigin bifreiðum. Þetta hefur nú breyst. Nú aka yfirleitt 7 bílstjórar fyrir félagið. Fjórir þeirra eru úr hópi upphaflegra stofnenda, en þrír ekki. Þeir eru allir félagar í Vörubílstjórafélagi Suðurnesja.

Í bréfi formanns Vörubílstjórafélagsins, dags. 21. júní s.l., eru nokkur atriði, sem vert er að segja álit sitt á:

1) Í bréfinu segir, að félagar í Kambi h/f sinni ekki þjónustustörfum vörubílastöðvar Keflavíkur. Þetta er rangt. Allir þeir,

sem vinna við akstur fyrir Kamb h/f, starfa á vörubílastöð Keflavíkur. Þeir eru ávallt reiðubúnir til þjónustu. Þetta á að sjálfsögðu jafnt við um þá bílstjóra, sem eru hluthafar í Kamb h/f, og hina. Til skýringar má benda á dæmi: Fiskvinnslufyirtæki á Suðurnesjum hafa iðulega gert samninga við ákveðna vörubílstjóra um, að þeir annist eingöngu akstur hjá þeim í ákveðinn tíma, t. d. 2—3 mánuði. Samt er talið, að slíkir bifreiðastjórar sinni þjónustustörfum vörubílastöðvarinnar. Sama á við um allan akstur með vörur til Kaupfélags Suðurnesja. Við hann starfa aðeins tveir bílstjórar, sem eru engu að síður taldir sinna þjónustustörfum vörubílastöðvarinnar. Svipað á við um akstur fyrir einstök sveitarfélög.

2) Í bréfinu telur stjórn vörubílstjórafélags Suðurnesja það brot á lögum og reglum vörubílastöðvarinnar, að Kambur h/f skuli gera tilboð í ýmis verk og fá þau. Þessi verk eru talin upp í bréfinu í tl. 1—4. Augljóst er, að vörubílstjórafélagið varðar ekkert um, hvort hlutafélagið Kambur gerir tilboð í einhver verk eða ekki. Félagið gæti aðeins gert athugasemd við það, að Kambur h/f tæki að sér leiguakstur með vörubifreiðum á félagssvæðinu .... Kambur h/f hefur að mestu notið starfa 7 bílstjóra á stöðinni. Fyrirtækið telur heimilt að óska eftir tilteknum bílstjórum til starfa. Eins og framangreind dæmi sýna, hefur fyrir löngu komist hefð á, að slíkt sé heimilt.

3) Í bréfinu er gerð athugasemd við, að hluthafar Kambs h/f eigi vörubifreiðar þær, sem notaðar eru til flutningsins á efni því, sem félagið selur. Til skýringar er bent á 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 15/1975. Það er erfitt að sjá, hvað átt er við með þessari athugasemd. Þó telst rétt að benda aftur á það, sem áður er nefnt: Kambur h/f er sjálfstætt hlutafélag, sem annast sölu alls konar jarðefnis. Fyrir Kamb h/f vinna eingöngu bílstjórar af vörubílastöð Keflavíkur. Af þeim 7 bílstjórum, sem annast aksturinn, eru 4 hluthafar í Kambi h/f, en 3 ekki. Með tilvísun til dæma nefndra í tl. 1) telur félagið heimilt að hafa að mestu sömu bílstjórana í vinnu, hvort sem þeir eru hluthafar eða ekki.

4) Í niðurlagi umræddS bréfs segir, að árið 1975 hafi verið stofnað annað hliðstætt fyrirtæki innan V.B.K., Bursti h/f. Í bréfinu segir orðrétt: „Það fyrirtæki hefur enn sem komið er reynst jákvætt í viðræðum um samvinnu við Vörubílastöðina. Á sama tíma hefur Kambur h/f neitað viðræðum og ekki gefið tæmandi skýringu á þeirri neitun.“ Þarna kemur kjarni málsins í ljós. Eins og segir í bréfinu, eru Kambur h/f og Bursti h/f hlið-

stæð fyrirtæki, þ. e. hafa svipað markmið og starfshætti. En samt er engin athugasemd gerð við starfsemi Bursta h/f. Það er augljóst vegna þess, að fyrirtækið hefur „reynst jákvætt í viðræðum um samvinnu við vörubílastöðina." Það er aðeins farið fram á umfjöllun og úrskurð um starfsemi hins sjálfstæða hlutafélags Kambs, þar sem það hefur (eins og segir í bréfinu) „neitað viðræðum og *ekki gefið tæmandi skýringar á þeirri neitun.*"

Stjórn Kambs h/f mun að sjálfsögðu hlíta úrskurði ráðuneytisins um, hvort félagið á að vera jákvætt eða neikvætt í viðræðum um samvinnu við vörubílastöðina. Þess er aðeins farið á leit, að ráðuneytið vísi til laga- og reglugerðar- ákvæða þeirra, sem væntanlegur úrskurður styðst við."

f) Með bréfi, dags. 14. ágúst 1979, óskar stefnandi eftir túlkun samgönguráðuneytisins á reglugerð nr. 15/1975, einkum 2. mgr. 3. gr. Ekki verður séð, að orðið hafi verið við beiðninni, en á vegum Landssambands vörubifreiðastjóra var fengin álitsgerð Jóns Þorsteinssonar lögfræðings og send stefnanda hinn 5. september 1979, án þess að ástæða þyki til að rekja efni skjalsins hér.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefnda hafi verið vikið úr félaginu (stefnanda) með stoð í 18. gr. samþykkta þess, enda hafi hann gerst verulega brotlegur við samþykktirnar og taxta félagsins. Eftir það hafi honum verið óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreið samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 15/1975, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1970.

Samkvæmt nefndum lögum og reglugerð sé félögum í Vörubílstjórafélagi Suðurnesja veittur einkaréttur til að stunda leiguakstur til vöruflutninga og samkvæmt 45. gr. laga nr. 85/1936 eigi stefnandi lögvarða aðild að máli þessu.

Af hálfu stefnanda eru þær dómkröfur gerðar, að lögbanni því, sem á lagt var gegn leiguakstri hans, verði hrundið og að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu. Í þinghaldi hinn 12. desember 1979 var enn fremur af hans hálfu lögð fram gagnstefna, þar sem þess var krafist, að brottvikning hans úr Vörubílstjórafélagi Suðurnesja hinn 13. september 1979 verði dæmd ógild og ólögmæt og að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til setu í félaginu ásamt öllum réttindum og skyldum. Einnig að viðurkenndur verði réttur hans til að stunda leiguakstur vörubifreiða í Keflavíkurkaupstaði, Njarðvíkurkaupstaði, Vatnsleysustrandarhreppi, Gerðahreppi, Miðneshreppi og Hafnahreppi. Þá krefst

hann málskostnaðar að skauðlausu. Kröfur hans, þ. e. sem aðalstefnda og gagnstefnanda, eru reistar á því, að brottvikning hans úr Vörubílstjórafélagi Suðurnesja (aðalstefnanda) hafi verið ólögmæt, með eftirtöldum rökum:

1. Brottvikningin sé algerlega órökstudd í samþykkt félagsfundar, en í samþykkt trúnaðarmannaráðs sé einungis almenn tilvitnun án raka: „Brot á lögum, starfsreglum og töxtum félagsins."
2. Honum hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um málið, áður en það var borið undir félagsfund, eða á nokkurn hátt kynnt, að til stæði að vísa honum úr félaginu. Hafi honum þó verið það mikilvægt vegna þess, að starfsréttindi hans voru í húfi.
3. Fundarsamþykktin hafi verið ólögmæt vegna þess, að ólöglega hafi verið að henni og fundinum í heild staðið. Samþykkt um brottvikningu hafi fyrst verið gerð á trúnaðarmannaráðsfundi, en samkvæmt 5. gr. laga félagsins sé hlutverk þess að taka ákvarðanir um, hvenær hefja skuli vinnustöðvanir og hvenær þeim skuli aflétt. Heimilt sé þó að fjalla um önnur félagsleg vandamál, þegar ekki séu tök á að ná saman félagsfundi. Félagsfundur hafi samt verið haldinn sama dag og trúnaðarmannafundurinn og því hrein lögleysa og að auki ekki rétt skipaður. Þá séu líkur á því, að boðun félagsfundar hafi ekki verið með sólarhrings fyrirvara, sbr. 26. gr. félagslaga, og síst getið fundarefnis með þeim fyrirvara.
4. Aðalstefnandi hafi ekki heimild til að svipta hann atvinnuréttindum, sbr. 8. gr. laga nr. 36/1970, þar sem hann hafi haft leyfi, þegar nefnd lög tóku gildi og reglugerð nr. 15/1975 var gefin út, og eigi því að halda réttindum sínum óskertum.

Til frekari stuðnings kröfum sínum í aðalsök nefnir aðalstefndi eftirfarandi:

1) Sá möguleiki sé fyrir hendi, að réttindi til atvinnu og réttindi til félagssetu séu aðskilin. Hvergi standi í reglugerð nr. 15/1975, að öðrum en félagsmönnum sé óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum. Takmörkunin sé bundin við stöð félagsins, VBK, og fái hún löggildingu vegna viðurkenningar viðkomandi sveitarstjórna.

2) Réttara sé, að samgönguráðuneytið fjalli um mál varðandi atvinnuréttindi á sviði samgöngumála en að stéttarfélag hafi úr-

slitavald, sbr. um ætluð brot á lögum nr. 36/1970 og reglugerð nr. 15/1975.

Gagnstefndi krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda. Til rökstuðnings kröfunum er tilgreint, að samþykktin um brottvikningu hafi verið gerð á löglegan hátt af löglegum aðiljum, það er að segja af trúnaðarmannaráðsfundi, og síðan staðfest af löglega auglýstum félagsfundi, þar sem gagnstefnandi hefði getað komið að sjónarmiðum sínum. Að öðru leyti er vísað til rökstuðnings í aðalsök.

Af hálfu aðalstefnanda gaf Guðlaugur Tómasson stjórnarformaður aðiljaskýrslu fyrir dóminum. Lögmaður aðalstefnda afhenti dóminum spurningalista. Spurningarnar, sem lagðar voru fyrir Guðlaug, verða tilgreindar hér á eftiri og síðan orðrétt það, sem bókað var um svör hans:

Spurningar:

„1. a) Hvaða ástæður voru fyrir brottvikningu stefnda úr Vörubílstjórafélagi Suðurnesja?
   b) Getið þér skilgreint nánar, hvers konar brot var um að ræða?
   c) Getið þér fært rök fyrir meintum taxtabrotum stefnda?
2. Hvaða reglur gilda í félaginu um akstur af stöðinni?
3. Hvað veit formaðurinn um samning Landsambands vörubifreiðastjóra við VSÍ að því er varðar frjálsan akstur o. fl?
4. Hvenær barst formanninum vitneskja um þennan samning?
5. Hefur fyrrnefndur samningur verið kynntur sérstaklega innan félagsins og hvernig?
6. Hversvegna var ástæða til þess innan félagsins að bera upp slíka tillögu sem Þórir Sigurjónsson gerði á félagsfundi 13. sept. 1979 (fógetaréttarskjal nr. 16)?
7. Hversvegna var þessi tillaga felld?
8. Voru þetta þær reglur, sem stefndi er talinn hafa brotið?
9. Nú hafa einstakir menn innan félagsins ráðið sig í vinnu hjá atvinnurekendum, svo sem Heimi h.f., KSK, Garðskaga h.f. og Sjöstjörnunni h.f., án þess að fara í gegnum stöðina, eru þetta brot á reglum stöðvarinnar? og ef svo er: Hversvegna eru viðkomandi félagsmenn ekki reknir úr félaginu?
10. Hversvegna lætur stjórnin það viðgangast, að nokkrir félagsmenn eigi hlutafélagið Bursta h.f. og starfi fyrir það á af-

greiðslutíma stöðvarinnar, ef samskonar athæfi er ólöglegt hjá stefnda?

11. Hafa einhverjir nýir aðilar verið teknir inn á VBK eftir brottrekstur stefnda o. fl. s.l. haust? Hverjir eru það? Eru þeir eitthvað skyldir eða tengdir stjórnarmönnum?
12. Stjórnin leitaði álits samgönguráðuneytis á túlkun reglugerðar nr. 15/1975 og hvort stefndi hefði gerst brotlegur. Hversvegna var ekki beðið svars ráðuneytisins, áður en stefnda var vikið úr félaginu?
13. Hvenær barst svar frá samgönguráðuneytinu við fyrrgreindu erindi og hvernig?
14. Hversvegna sá formaðurinn ekki ástæðu til að gera athugasemdir við bréf Kambs h.f. til samgönguráðuneytisins, dags. 9. júlí 1979?
15. Í blaðaviðtali í Suðurnesjatíðindum þann 28. sept. 1979 telur formaðurinn höfuðástæðu fyrir brottvikningu vera, að stefndi hafði ekið með Sigurði Gunnarssyni. Var þetta byggt á áliti þeirra, sem voru á fundinum 13. sept. 1979? Hvenær var Sigurður Gunnarsson rekinn úr félaginu og fyrir hvað?
16. Er VBK að bjóða í verk? Hvernig getur það samrýmt hlutverki félagsins og reglum stöðvarinnar?
17. Stóð til, að VBK keypti Sandnám Suðurnesja s.l. vor?
18. Keypti VBK vinnslu á efni, sem selt var til Varnarliðsins?
19. Hvernig er akstri háttað af stöðinni, þegar VBK er að láta keyra skv. verksamningum, sem það hefur gert?
20. Er félagið eignaraðili að Suðurleiðum s.f?
21. Hafa farið fram umræður innan félagsins um kaup á Bursta h.f?
22. Hefur formaður einhverra hagsmuna að gæta sem landeigandi og efnissali til Bursta h.f. eða annarra?
23. Hefur VBK fengið efni í landi Hóps og Járngerðarstaða til endursölu til Varnarliðsins?“

Svör:

„1. a) Að aðalstefndi hafi ásamt félögum sínum í Kambi h.f. ekið utan stöðvarinnar. Einnig að hann ásamt félögum sínum hafi ekið með Sigurði Gunnarssyni, sem sett hafði verið á afgreiðslubann hjá aðalstefnanda, svo og að hann hafi ásamt greindum félögum sínum undirboðið félagsmenn með því að taka að sér verk fyrir Keflavíkurbæ, malbiks-

flutninga frá Reykjavík til Keflavíkur fyrir 25% lægra verð en gjaldskrá félagsins sagði fyrir um.

b og c) Hann segir, að gjaldið fyrir „tonnkílómetra" hafi verið slíkt á þeim tíma sem umrætt verk, malbiksflutningar var umsamið, að aðalstefndi og félagar hans hafi verið 25% undir taxta. Í útboðslýsingu hafi reyndar verið rætt um flutninga frá Garðabæ, en í raun hafi þeir orðið frá Reykjavík. Til viðbótar megi nefna, að við samningsgerð hafi verið skammt til næstu gjaldskrárhækkunar og hin nýja gjaldskrá hafi gilt meginhluta þess tíma, sem verkið stóð yfir, en það hafi verið s.l. sumar.

2. Mætti svarar með því að vísa til starfsreglna, dskj. nr. 9. Til viðbótar spyr lögmaður aðalstefnda, hvort eftir þeim reglum hafi verið farið í einu og öllu síðastliðiði ár, og svarar mætti, að hann hafi aðeins ekið frá stöðinni í um eitt og hálft ár, en þegar hann hafi hafið störfin, hafi hann tekið eftir, að reglur og lög félagsins voru ekki virt sem skyldi og þá fyrst og fremst af hálfu þeirra, sem voru jafnframt félagsmenn í verktakafyrirtækjunum Kambi h/f og Bursta h/f. Kveðst hann hafa einsett sér að reyna að stuðla að því, að félagslög og vinnureglur væru virtar. Kveðst hann hafa látið þetta skýrt í ljós, er hann var kosinn formaður í mars 1979. Áður hafi hann verið í sérstakri nefnd innan félagsins til að reyna að stuðla að auknu réttlæti innan félagsins og þá fyrst og fremst að reyna að ná samkomulagi við þessa aðila um, að þeir hættu akstri utan stöðvar.

3-4. Hann kveðst hafa haft hugmynd um þennan samning (dskj. nr. 10) haustið 1978, en hinsvegar hafi ekki tekist að fá hann hjá fyrrverandi stjórn, en um síðir hafi hann fundist neðst í skrifborðsskúffu. Varðandi 2. mgr. 5. gr. samningsins tekur hann fram, að sú regla hafi ekki gildi á vinnusvæði aðalstefnanda vegna þess, að þar hafi ekki verið frjáls akstur, áður en samningurinn var gerður og raunar ekki heldur síðar.

5. „Samningurinn hefur á minni tíð a. m. k. aðeins verið kynntur innan stjórnar og trúnaðarmannaráðs, en ekki á almennum félagsfundi."

6. „Ég ímynda mér, að hann hafi eins og ég viljað stoppa þessa vitleysu."

7. „Ég vísa til fundarmannanna".

8. „Varðandi þetta vil ég segja, að bæði Kambsmenn og Burstamenn ástunduðu það að koma á stöðina öðru hvoru, t. d. í

kringum kaffi og kvöldmat, skrá sig á lista og taka tiltæk verkefni, er þar var eitthvað bitastætt, en ekki annars". Hann bætir við, að á umræddum félagsfundi hafi atkvæðagreiðslur verið leynilegar.

9. „Vissulega eru þetta brot á reglum stöðvarinnar". Hann kveður þetta hafa minnkað verulega á tíma núverandi stjórnar, en nokkuð muni hafa verið um það, að menn stunduðu slíkan akstur sem mótvægi við Kambs- og Bursta- „grúppurnar". Auk Kambsmanna sjálfra hafi tiltekinn félagsmaður ekið beint fyrir KSK (Kaupfélag Suðurnesja, Keflavík), en ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir framhald á því.
10. „Eigendur Bursta h/f eru reiðubúnir að leggja sitt félag niður, og er einmitt verið að vinna að því þessa dagana. Einnig hafa þeir tekið bíla af akturslista á stöðinni til að aka með sér, Þeir mættu strax til viðræðna við stjórnina um þessi mál, og er það meira en sagt verður um Kambsmenn". Hann segir, að þegar áður en hann fór í stjórn hafi verið nokkuð um það, að Burstamenn hafi tekið bifreiðar til aksturs með sér af akturslista stöðvarinnar.
11. „Já, þeir Gumundur Guðmundsson, Ólafur Haraldsson og Anton Pálsson. Anton er bróðir Guðmundar, stjórnarmanns aðalstefnanda. Mér er ekki kunnugt um skyldleika eða tengdir að öðru leyti".

12-13. Mætti svarar, að honum hafi eftir nokkra mánuði verið farið að lengja eftir svari ráðuneytisins. Þá hafi honum borist bréf frá Landssambandi Vörubifreiðastjóra og þar með afrit af bréfi Jóns Þorsteinssonar hrl., sem liggur frammi í málinu. Auk þess hafi hann haft tal af Kristni Gunnarssyni hjá Samgönguráðuneytinu, sem hafi vísað mætta á það, sem segir í umræddu bréfi J. Þ., þ. e. að aðalstefnandi þyrfti að eiga frumkvæði. Hins vegar hafi aldrei komið neitt bréf frá ráðuneytinu.

14. „Ég sá ekki ástæðu til þess. Það hefði ekki orðið til annars en að draga þetta ennþá meira á langinn".
15. Mætti kveðst ekki geta fullyrt, að Sigurði Gunnarssyni hafi verið vikið úr félaginu, en fyrrverandi stjórn hafi sett á hann afgreiðslubann vegna ógreiddra félags- og afgreiðslugjalda og hafi hann ekki enn greitt skuldina, kr. 266.858.-. Hann kveðst halda, að Sigurður hafi í staðinn gert kröfu um greiðslu úr sjúkrasjóði og muni fyrrverandi stjórn hafa boðið mála-

miðlun, sem Sigurður þáði ekki. Núverandi stjórn hafi einnig reynt að afgreiða þetta mál, en Sigurður hafi sagt, að hann vildi helst ekki greiða neitt.

16. „VBK er ekki að slíku. Hins vegar hefur nokkuð verið um slíkt. Ég hef hvergi séð, að það sé bannað."
17. „Það gat komið til greina, en þó frekar einhverjir innan Vörubílastöðvarinnar heldur en Vörubílastöðin sjálf".
18. „Já".
19. „Beint samkvæmt aksturslista".
20. „Já".
21. „Nei, ekki innan vörubílastöðvarinnar sem slíkrar".
22. „Ég á nálægt 1/100 hluta í landi Járngerðarstaða og Hóps, ef átt er við það".
23. „Þetta efni, sem við létum vinna fyrir vörubílastöðina, var tekið úr námuréttindum, sem Bursti h/f hefur í landi Járngerðarstaða og Hóps"."

Guðlaugur Tómasson skýrði enn fremur svo frá, að hann hefði setið trúnaðarráðsfundinn 13. september 1979 ásamt öðrum stjórnarmönnum. Ráðið hafi verið fullskipað með níu mönnum, enda hafi varamaður verið boðaður í staðinn, hafi ekki náðst til aðalmanns. Til félagsfundarins sama dag hafi verið boðað á venjulegan hátt, með því að rúmum sólarhring áður hafi verið hengt upp fundarboð í afgreiðslu vörubifreiðastöðvarinnar og fundarefni tilgreint þannig, að á dagskrá væru innanfélagsmál.

Aðalstefndi staðfesti undirskrift sína undir lög félagsins og kvaðst kannast við starfsreglurnar, sem væru frá árinu 1972, og væri honum ekki kunnugt um, að þær reglur hefðu verið felldar formlega úr gildi. Hins vegar hefði ekki nema að litlu leyti verið farið eftir þeim frá árinu 1974, því að þá hafi komið til samningur Landssambands vörubifreiðastjóra við Vinnuveitendasamband Íslands, sem hafi kveðið á um frjálsan akstur, sbr. 2. mgr. 5. gr., og samningurinn verið endurnýjaður 1975 og 1977. Mál þetta sé einmitt sprottið af ágreiningi um það, hvort fara eigi eftir samningsákvæði um frjálsan akstur. Aðspurður, hvort frjáls akstur hafi verið á félagssvæði aðalstefnanda fyrir tilkomu samningsins 1974, sagði hann, að ýmsar undantekningar hefðu verið að koma fram frá því, að farið væri eftir meginreglu starfsreglna varðandi akstur frá stöð. Hann kvað sér ekki vera kunnugt um, að lögum aðalstefnanda hefði verið breytt eða nokkurt ákvæði þeirra fellt niður nema þá fyrir hefð. Aðalstefndi

skýrði svo frá, að hann hefði byrjað að aka vörubifreið frá VBK vorið 1955. Hann kvaðst ekki hafa fengið aðvörun um, að brottvikning væri í aðsigi, og ekki verið boðaður til félagsfundarins, sem fjallaði um málið. Hann kvað Kamb h/f hafa verið stofnað 1973 til verktakastarfsemi til að auka atvinnu vörubifreiðastjóra og allir upphaflegir hluthafar verið vörubifreiðastjórar hjá Vörubifreiðastöð Keflavíkur. Árið 1973 hafi Kambur h/f eingöngu notað vörubifreiðar eftir aksturslista frá vörubifreiðastöðinni, en síðan hafi þeim verið neitað um bifreiðar og við það orðið breyting á starfsháttum Kambs h/f. Hann kvaðst frá 1972 hafa meira og minna ásamt fleiri félagsmönnum aðalstefnanda stundað frjálsan akstur, enda talið hann heimilan. Hann kvaðst hafa á undanförnum árum verið við akstur í sömu verkum og Sigurður Gunnarsson, sem um ræðir í málinu og er hluthafi í Kambi h/f, enda hafi Sigurður aðeins verið settur í afgreiðslubann hjá aðalstefnanda um áramót 1977—1978 að hann taldi, en hann liti svo á, að Sigurður væri enn félagsmaður aðalstefnanda. Hann kvaðst ekki telja, að hann hefði staðið að undirboðum gagnvart aðalstefnanda. T. d. hafi nefnt tilboð Kambs h/f um malbiksflutning ekki falið í sér slíkt undirboð, þar sem um hafi verið að ræða marga tugi ferða, en gjaldskráin, sem aðalstefnandi miði við, kveði á um gjald fyrir einstakar ferðir. Umrætt tilboð hafi verið samþykkt af hálfu Keflavíkurbæjar, en bifreiðastjórarnir, sem verkið unnu, þ. á m. hann sjálfur, hafi fengið óskerta fjárhæð þá, sem greidd var Kambi h/f. Hann kvaðst í akstri fyrir Kamb h/f eða á hans vegum, t. d. á sl. sumri, hafa tekið ákveðið verð fyrir hverja ferð, meðalverð, án þess að farið væri bókstaflega eftir gjaldskrá aðalstefnanda. Ekki væri þó um undirboð að ræða, heldur viðmiðun til að ná sem líkastri niðurstöðu og gjaldskráin hefði boðið upp á. Aðalstefndi kvaðst hafa ekið árlega frá stöðinni (VBK) fyrir milljónir. Hins vegar væri rétt, að stundum hefði hann ekki komið þangað vikum saman, og sé ýmist, að hann hafi látið stöðina vita eða ekki, þegar hann var að aka utan milligöngu hennar eða þá að hann var í fríum. Hann kvaðst ekki vefengja, að hann skuldi stöðvargjald. Hins vegar geti verið, að hann eigi í staðinn inni fé vegna innheimtu stöðvarinnar. Hann skýrði svo frá, að í þeim tilvikum, þegar Kambur h/f gerði tilboð í verk, fái bifreiðastjórarnir, sem séu á hans vegum, greitt fyrir aksturinn frá fyrirtækinu. Í öðrum tilvikum, svo sem greinir í dskj. nr. 11, fái bifreiðastjórarnir greitt beint frá viðkomandi viðskiptamanni án milligöngu Kambs h/f, sem fái hins vegar

greitt fyrir efni og hafi milligöngu um að útvega bifreiðar. Nefnt dómskjal, nr. 11, hefur að geyma myndrit tveggja reikninga til Halldórs nokkurs Ragnarssonar. Annars vegar er reikningur, kvittaður af aðalstefnda, fyrir akstur sex bifreiða, þ. á m. aðalstefnda, á efni í grunn á kr. 1.460 fyrir hvern rúmmetra. Hins vegar er reikningur Kambs h/f fyrir vélavinnu og endurgjald sama efnismagns og akstursreikningurinn hljóðaði um.

Fyrir dóminum hafa borið vætti Erlendur Helgi Jónsson, fyrrverandi vörubifreiðarstjóri, og vörubifreiðastjórarnir Walter Leslei, Ingimar Guðnason og Sigurður Gunnarsson. Verður greint frá þeim í aðalatriðum.

Erlendur Helgi Jónsson kvaðst hafa stundað vörubifreiðaakstur frá Vörubílastöð Keflavíkur frá árinu 1954 til síðustu áramóta og verið í stjórn aðalstefnanda um árabil, þar á meðal formaður frá 1972 til 1978. Hann kvaðst hafa verið á félagsfundinum 13. september 1979. Félagsfundir hafi verið boðaðir með sólarhrings fyrirvara og með því að auglýsing var fest upp á stöðinni. Hann kvaðst ekki hafa séð auglýsinguna varðandi nefndan fund, enda ekki verið á stöðinni um þær mundir og ekki frétt neitt fyrirfram, um hvað ætti að fjalla á fundinum. Hann greindi frá því, að fram á árið 1973 hefði allur akstur verið eftir aksturslista frá stöðinni að undanskildum akstri fyrir báta. Farið hafi að losna um þetta seinni hluta árs 1973 og á árinu 1974 upp úr stofnun Kambs h/f. Bursti h/f hafi riðið á vaðið í þessu efni, en margir aðrir hafi átt hlut að máli varðandi akstur utan aksturslista stöðvarinnar, þar á meðal níu af tuttugu bifreiðastjórum á síðasta ári. Allan tímann hafi verið í gildi félagslög, sem bönnuðu frjálsan akstur, en hins vegar hafi skort viðhlítandi refsiákvæði. Í formannstíð hans hafi aldrei borið á góma að reka menn úr félaginu fyrir nefndar sakir. Varðandi eigin akstur hafi hann tekið reglurnar mjög hátíðlega. Þar sem frjáls akstur hafi í raun gilt hjá sumum bifreiðastjórunum, án þess að þeir vildu, að frjáls akstur yrði lögfestur fyrir alla, þ. e. að félagslögunum yrði breytt á þá lund, hafi hann hótað því að taka sjálfur upp frjálsan akstur, er hann lét af formennsku. Hann skýrði svo frá, að á árinu 1974 hefði Einar Ögmundsson, formaður Landssambands vörubifreiðastjóra, haft milligöngu um það að ráða fjóra vörubifreiðastjóra úr Keflavík, félagsmenn aðalstefnanda, til vinnu við lagningu Gjábakkavegar án þess að hafa samband við vörubílastöðina. Kvaðst hann að sjálfsögðu hafa mótmælt þessari aðferð.

Walter Leslei kvaðst hafa stundað vörubifreiðaakstur frá Vöru-

bílastöð Keflavíkur frá árinu 1973. Hann kvað akstri hafa verið háttað þannig, að verið hafi sitt á hvað frjáls akstur eða bundinn frá stöð. Þegar nóg hafi verið að gera, hafi aksturinn virst vera algerlega frjáls. Hann kvaðst hafa séð starfsreglur og samþykktir félagsins, en það skipti ekki máli, enda hafi hann ekki merkt undanfarin ár, að eftir þeim væri farið.

Ingimar Guðnason kvaðst hafa verið stjórnarmaður í Vörubílstjórafélagi Suðurnesja frá mars 1979 til apríl 1980, en minntist ekki, að á stjórnarfundum hefði verið rætt um að reka aðalstefnda eða félaga hans í Kambi h/f, þá Auðun Guðmundsson og Sverri Elentínusson. Hins vegar hafi verið rætt um akstur þeirra svo og „Burstamanna" í þeim dúr, að efniskeyrsla þessara manna utan stöðvar eða utan aksturslista væri vandamál. Hann kvaðst hafa veikst kl. um 10 hinn 12. september 1979 og verið ekið þegar á sjúkrahús. Hann kvaðst ekki hafa vitað, að daginn eftir ætti að halda fund stjórnar og trúnaðarmannaráðs og síðan félagsfund. Hann nefndi dæmi um sjálfan sig og ýmsa aðra félagsmenn aðalstefnanda varðandi akstur án milligöngu vörubílastöðvarinnar. Enda þótt ekki færi á milli mála, að lög og starfsreglur félagsins mæltu fyrir um bundinn akstur, en ekki frjálsan, kvaðst hann telja reglurnar hálfmarklausar, þegar meiri hluti félagsmanna færi ekki eftir þeim.

Sigurður Gunnarsson kvaðst hafa hafið akstur frá VBK vorið 1965 og taldi sig vera ennþá félagsmann, þótt hann æki ekki frá stöðinni, enda hafi verið sett á hann afgreiðslubann í febrúar 1978. Honum hefði ekki verið vísað skriflega úr félaginu. Hann kvaðst telja tvímælalaust, að frjáls akstur hefði viðgengist undanfarin ár meðal vörubifreiðastjóra VBK. Bifreiðastjórarnir hafi með fáum undantekningum tekið þeirri vinnu, sem þeim hefði boðist, og ekið fyrir hin ýmsu fyrirtæki án milligöngu stöðvarinnar. Hann kvaðst hafa verið formaður aðalstefnanda 1968—1970. Í þeirri stjórnartíð hafi verið farið að losna nokkuð um akstur, þó að hann hafi að miklu leyti verið bundinn. Sjálfur hafi hann alltaf verið hlynntur frjálsum akstri. Hann greindi frá því, að hann væri hluthafi í Kambi h/f, og kvaðst hafa á tímabilinu frá 1. janúar 1978 til miðs september 1979 ekið með aðalstefnda, Auðuni Guðmundssyni og Sverri Elentínussyni á vegum Kambs h/f og í verkum fyrir milligöngu þess fyrirtækis.

Í máli þessu hafa verið lögð fram endurrit aðiljaskýrslna Auðuns Guðmundssonar og Sverris Elentínussonar í málum þeirra, sem fyrr getur, enda dómkröfur, málavextir og málsástæður sem

næst samhljóða í öllum málunum. Í framburðum þeirra kemur fram, að þeir töldu, að á félagssvæði aðalstefnanda hefði verið frjáls akstur meira og minna, allavega frá 1974, enda í samræmi við samning milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands. Fram kom, að andstæð ákvæði starfsreglna félagsins skiptu ekki máli, enda ekki virtar, og hefði á það skort, að þær væru samræmdar nefndum samningi. Þeir báru báðir, að þeir hefðu ekki verið boðaðir á þann fund, sem samþykkti að vísa þeim úr Vörubílstjórafélagi Suðurnesja, og ekki vitað, að á döfinni væri að grípa til slíkra aðgerða.

Í 5. gr. laga aðalstefnanda segir, að kjósa skuli trúnaðarmannaráð, um leið og stjórnarkosning fari fram. Í því eigi sæti stjórn félagsins og fjórir fullgildir félagsmenn. Þá skuli einnig kjósa fjóra varamenn í trúnaðarmannaráð. Formaður kveðji til funda með þeim hætti, sem hann telji heppilegastan, og sé trúnaðarmannaráðsfundur lögmætur, er meiri hluti trúnaðarráðsmanna sé mættur. Á trúnaðarmannaráðsfundi þeim, sem samþykkti, að hluthöfum Kambs h/f yrði vikið úr félaginu, voru níu fundarmenn, og hafa ekki verið færðar sönnur á, að það hafi verið ranglega skipað.

Í 18. gr. laga aðalstefnanda segir:

„Hverjum þeim félagsmanni, sem gerist brotlegur við lög, samþykktir eða taxta félagsins, eða neitar að uppfylla samninga, sem það hefur gert, getur trúnaðarmannaráð vikið úr félaginu og er félagsmönnum eftir það óheimilt að vinna með honum.

. . . . . .

Skjóta má slíkum úrskurði til næsta félagsfundar en úrskurður trúnaðarráðs gildir þar til félagsfundur hefur ákveðið annað."

Samkvæmt þessu virðist samþykkt trúnaðarráðs eins um brottvikninguna hafa getað nægt, en að auki var hún staðfest á félagsfundi, sem ekki hefur verið sýnt fram á, að hafi verið ólögmætur, en samkvæmt 26. gr. félagslaganna er almennur fundur lögmætur, sé hann boðaður með eins sólarhrings fyrirvara með uppfestum auglýsingum á stöð félagsins.

Ekki verður talið vafa undirorpið, að fundarmönnum á greindum fundum var ljóst, að brottvikningin tók m. a. til aðalstefnda, og sjálfum var honum tilkynnt um hana með bréfi stjórnarformanns aðalstefnanda, dags. 17. september 1979.

Í málinu þykja ekki hafa verið leiddar nægilegar sönnur að brotum aðalstefnda á töxtum aðalstefnanda.

Fram hefur komið, að aðalstefndi skuldaði stöðvargjöld, er

brottvikningin var samþykkt, en samkvæmt bréfi VBK, dskj. nr. 14, nam skuldin kr. 33.728 fyrir tímabilið 1. júlí til 1. september 1979. Samkvæmt 22. gr. félagslaganna varðar það félagsmann missi vinnuréttinda fyrir bifreið sína, skuldi hann afgreiðslugjald til stöðvarinnar tvo mánuði eða meira, þar til skuldin er greidd, en gjaldið skal greiða mánaðarlega.

Lagabrot þetta hefði eitt sér ekki verið næg ástæða til sviptingar félagsréttinda.

Af því, sem rakið hefur verið hér að framan, og af aðdraganda málsins, sbr. tilgreind bréfaskipti, verður ljóst, að ágreiningsefnið hefur verið — frjáls akstur eða bundinn samkvæmt akstursslista frá vörubílastöðinni — og ásökunarefnið fyrst og fremst það, að aðalstefndi stundi án milligöngu aðalstefnanda leiguakstur, einkum á vegum Kambs h/f, sem átti ekki vörubifreiðar, en kom fram sem samkeppnisaðili aðalstefnanda og félagsmanna hans.

Í 2. gr. starfsreglna aðalstefnanda segir: „Engum bifreiðastjóra er heimilt að hefja vinnu að morgni eða um matartíma fyrr en stöðin er opnuð, nema honum hafi verið úthlutað vinnu af stöðvarstjóra kvöldið áður, nema um fiskibáta sé að ræða, þó að matartíma undanskildum.“ Í 3. gr. er ákvæði þess efnis, að stöðvarstjóri úthluti öllum vinnubeiðnum í þeirri röð, er bifreiðastjórarnir hafa látið skrá sig til vinnu. Í 4. gr. starfsreglnanna segir: „Engum bifreiðastjóra er heimilt að taka sér vinnu nema sem úthlutað er frá stöðinni á þeim tíma sem hún er opin.“

Gegn þessum ákvæðum hafði aðalstefndi ítrekað brotið. Gildi þeirra haggast ekki af ákvæði 5. gr. samnings frá 28. febrúar 1974 milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands — þess efnis, að vinnuveitendur hafi frjálst val um það, hvaða félagsmenn viðkomandi vörubílstjórafélags þeir taki til vinnu, þar sem sú regla hafi gilt — þegar af þeirri ástæðu, að ekki hefur verið sannað, að sú regla hafi gilt á félagssvæði aðalstefnanda. Það hefur ekki heldur áhrif að þessu leyti, að hluti félagsmanna fór ekki eftir reglunum um nokkurt árabil.

Með vísan til aðdragandans og hvernig brotunum var háttað verður ekki fallist á, að brottvikningin hafi verið ólögmæt vegna þess, að hún sé órökstudd í samþykkt félagsfundar, og aðalstefnda hafi ekki verið gefinn kostur að tjá sig um málið.

Samkvæmt framanrituðu þykir brottvikning aðalstefnda úr Vörubílstjórafélagi Suðurnesja, aðalstefnanda, hafa verið lögmæt.

Með reglugerð nr. 15/1975 ákvað samgönguráðherra með heimild í 6. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar takmörkun á fjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja, sem samkvæmt 1. gr. reglug. nær yfir Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Gerðahrepp, Miðneshrepp og Hafnahrepp. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglug. telst það leiguakstur, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Í 8. gr. laga nr. 36/1970 er sá fyrirvari gerður, að þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða verði veitt, sé óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þá er takmörkunin hefst. Óumdeilt er, að aðstæður þær, sem nú var lýst, áttu við um aðalstefnda, er takmörkunin hófst, og girti ákvæðið fyrir, að hann eða aðrir, sem eins var ástatt um, yrðu sviptir atvinnuréttindum vegna setningar reglugerðarinnar. Ákvæðið verður hins vegar ekki skilið þannig, að það girði fyrir, að atvinnuréttindin verði skert af öðrum ástæðum, heldur verður þvert á móti ályktað af orðum þess, að forsenda óskertra atvinnuréttinda leigubifreiðastjóranna sé almennt sú, að þeir stundi á lögmætan hátt leigubifreiðaakstur og séu fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi.

Í 5. gr. laga nr. 36/1970 er ákvæði þess efnis, að bæjarstjórn/sýslunefnd sé heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í kaupstaðnum/sýslunni skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar/sýslunefndar. Í 3. gr. reglugerðar nr. 15/1975 segir svo: „Vörubifreiðastöð sú, sem Vörubílstjórafélag Suðurnesja rekur í Keflavík, hefur hlotið viðurkenningu bæjarstjórnar Keflavíkur og sýslunefndar Gullbringusýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja utan þeirrar stöðvar.“ Samkvæmt þessum ákvæðum eru aðalstefnanda fengin veigamikil réttindi jafnframt skyldum, og verður ekki, sbr. 45. gr. laga nr. 85/1936, fallist á, að hann sé ekki réttur aðili málsins.

Niðurstaða máls þessa verður sú samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 15/1975, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1970, svo og því, er áður greinir um lögmæti brottvikningar aðalstefnda úr Vörubílstjórafélagi Suðurnesja, að staðfesta ber lögbann það, sem hinn 8.

nóvember 1979 var lagt gegn leiguakstri aðalstefnda til vöruflutninga á félagssvæði Vörubíltjórafélags Suðurnesja, þ. e. í Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Vatnsleysustrandarhreppi, Gerðahreppi, Miðneshreppi og Hafnahreppi. Ber því einnig að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda.

Rétt þykir, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint lögbann er staðfest.

Gagnstefndi, Vörubílstjórafélag Suðurnesja, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Einars S. Svavarssonar.

Málskostnaður felur niður í aðalsök og gagnsök.

Mánudaginn 13. desember 1982.

Nr. 158/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Einarssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstarétardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. júlí sl. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 12. október. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms að því er stakfellingu varðar, en þyngingar refsingar. Verjandi krefst þess aðallega, að ákærða verið ekki gerð refsing í máli þessu, svo og þess, að 3. ákærulið verði vísað frá dómi.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara, en ekki eru fram komin rök, sem leiða til þess, að 3. lið ákæru verði vísað

frá dómi. Staðfesta ber færslu til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Við refsiákvörðun ber að hafa hliðsjón af 70. gr., 2. mgr., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er rétt að staðfesta héraðsdóm að því er refsivist varðar. Sektarviðurlögum samkvæmt lögum nr. 60/1980 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 49. gr., 2. mgr., og 77. gr. laganna svo og 5. gr. laga nr. 65/1974 verður ákærði dæmdur til að sæta 8.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga fangelsi í sektarinnar stað, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Einarsson, sæti 6 mánaða fangelsi og 8.500.00 króna sekt í ríkissjóð, sem afplánist 40 daga fangelsi, ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 24. maí 1982.

Ár 1982, mánudaginn 24. maí, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 912/1981: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Einarssyni.

Málið var höfðað með ákæru, dags. 28. desember 1981, á hendur Guðmundi Einarssyni, fæddum 19. nóvember 1952, nú til heimilis að Álfheimum 64 hér í borg, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„I.

Í júní 1977 í félagi við Magnús Árnason sent með flugi um 3,5—4 kg af hassi, falið í sjónvarpstæki, hingað til lands frá Hollandi, en efnið var eign nefnds Magnúsar og fleiri. Í júlí þegið um 300 gr af efninu hjá nefndum Magnúsi í Reykjavík og afhent 100 gr af því Jóni Ómari Sigfússyni, sem seldi þann efnisskammt fyrir ákærða, og fékk ákærði um 130.000 gkr. í sinn hlut af söluandvirðinu.

II.

Í júlí 1978 keypt 1 kg af hassi í Kaupmannahöfn, afhent Hermanni Ólasyni efnið til söludreifingar og síðan móttekið fé, sem fékkst fyrir sölu á efninu.

III.

Í fyrri hluta ágúst 1978 keypt 500 gr af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Gautaborgar og selt það þar ótilgreindu fólki.

IV.

Um miðjan ágúst 1978 í félagi við Halldór Lárus Pétursson og nafngreinda konu, GG, keypt í Amsterdam alls um 4,4 kg af hassi, sem ákærði og nefndur Halldór Lárus töldust eiga að jöfnu, flutt efnið til Kaupmannahafnar og selt þar sinn hluta þess með aðstoð nefnds Halldórs Lárusar og Karls Antons Carlsen."

Framangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er tekur til brotanna í liðum II—IV.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, er fæddur 19. nóvember 1952 í Reykjavík, og hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1971 31/8 í Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 5. gr. laga nr. 77/1970 og reglugerð nr. 257/1969.

1978 5/7 borgarréttur Kaupmannahafnar: Dómur: 20 daga varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 117. gr., 1. mgr. 53. gr., 1. mgr. 118. gr., 1 mgr. 3. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 2 ár frá 16/3 1978.

1978 5/9 í Reykjavík: Dómur: 500.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974 og 2. tl. 5. gr. hegningarlaga.

1970 29/5 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 og 78. gr. hegningarlaga.

Ákærða var birt ákæra í málinu 10. febrúar 1982. Málið var þingfest 2. mars sl. Verjandi skilaði vörn í málinu 3. maí sl., og var málið dómtekið sama dag.

Ákæruliður I.

„Í júní 1977 í félagi við Magnús Árnason sent með flugi um 3,5—4 kg af hassi, falið í sjónvarpstæki, hingað til lands frá Hollandi, en efnið var eign Magnúsar og fleiri. Í júlí þegið um 300 gr af efninu hjá nefndum Magnúsi í Reykjavík og afhent 100 gr af því Jóni Ómari Sigfússyni, sem seldi þann efnisskammt fyrir ákærða, og fékk ákærði um 130.000 gkr. í sinn hlut af söluandvirðinu."

Ákærði var fyrst yfirheyrður vegna ofangreindrar meintrar háttsemi hjá danskri lögreglu 31. mars 1978. Var ákærði síðan yfirheyrður í Kaupmannahöfn 12. apríl 1978 af íslenskri lögreglu og loks hjá lögreglu í Reykjavík 15. maí 1980.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 21. maí 1980. Lýsti ákærði þá för sinni til Amsterdam í júní 1977 ásamt Magnúsi Árnasyni. Ákærði lýsti þætti sínum í að koma allt að 4 kg af hassi fyrir í sjónvarpstæki og senda hingað til lands. Ákærði átti ekki í efnunum. Ákærði kvaðst hafa móttekið 300 gr af hassi frá Magnúsi Árnasyni í júlí 1977 fyrir aðstoðina og af því efni hafi Jón Ómar Sigfússon selt talsvert fyrir ákærða.

Magnús Árnason var yfirheyrður hjá lögreglu 22. mars 1978 og lýsti þá ferð sinni til Amsterdam í júní 1977. Kvaðst Magnús hafa haldið til Kaupmannahafnar í júní 1977. Í Kaupmannahöfn kom Magnús Árnason að máli við ákærða og fékk hann til að halda með sér til Amsterdam.

Þar kvaðst Magnús Árnason hafa keypt 4.5 kg af hassi og hafi ákærði aðstoðað sig við að koma 3.5 kg af efninu fyrir í sjónvarpstæki og síðan að senda það hingað til lands. Kvað Magnús ákærða hafa fengið 500 grömm af hassi fyrir aðstoðina. Magnús Árnason var yfirheyrður fyrir dómi 5. apríl 1978. Kvað Magnús sig hafa keypt 4.5 kg af hassi í Amsterdam í júní 1977 ásamt ákærða.

Jón Ómar Sigfússon var yfirheyrður hjá lögreglu 17. október

1978 og staðfesti að hafa móttekið alls 100 grömm af hassi frá ákærða í tveimur afhendingum í júní 1977 og greitt ákærða 130.000 gkr. fyrir.

Ákæruliður II.

„Í júlí 1978 keypt 1 kg af hassi í Kaupmannahöfn, afhent Hermanni Ólasyni efnið til söludreifingar og síðan móttekið fé, sem fékkst fyrir sölu á efninu."

Hermann Ólason var yfirheyrður hjá lögreglu 5. nóvember 1978. Kvaðst Hermann hafa fallist á bón ákærða um að aðstoða hann við að selja 1 kg af Libanonhassi. Hermann fór að sögn til Gautaborgar með efnið, og var Sigurður Jóhannsson í för með honum. Eftir að hafa selt af efninu fyrir u. þ. b. 3.500 danskar kr. kvað Hermann sig hafa haldið aftur til Kaupmannahafnar með féð, en ekki skilað ákærða fénu. Kvað Hermann Sigurð Jóhannsson hafa dvalið áfram í Gautaborg og selt af efninu fyrir 3.500 danskar kr. til viðbótar og haldið síðan til Kaupmannahafnar og skilað ákærða því fé ásamt efni því, er eftir var, eða um 600 grömmum.

Hermann Ólason var yfirheyrður fyrir dómi 11. nóvember 1978 og bar efnislega á sama veg og að ofan hefur verið rakið.

Sigurður Rafn Jóhannsson var yfirheyrður hjá lögreglu 1. nóvember 1978 og lýsti þá ferð sinni og Hermanns Ólasonar til Gautaborgar til að selja þar hass fyrir ákærða. Kvað Sigurður Rafn Hermann Ólason hafa haldið til Kaupmannahafnar á undan sér með allt féð, eða um 5.000 kr. sænskar. Sigurður Rafn kvað sig ekki hafa selt eftirstöðvar efnisins, heldur haldið til Kaupmannahafnar með efnið.

Ákærði hefur borið við lögregluyfirheyrslu 15. maí 1980 að hafa afhent Hermanni Ólasyni 1 kg af hassi um mitt sumar 1978. Átti Hermann Ólason að selja efnið fyrir ákærða, sem hafði fengið efnið gegn gjaldfresti. Kvað ákærði skil af hálfu Hermanns hafa gengið illa og ákærði því að lokum þurft að fá lán til að greiða fyrir efnið. Kvað ákærði Hermann hafa skuldað sér um 500 grömm af greindu kílói af hassi.

Ákærði staðfesti ofangreindan framburð fyrir dómi 21. maí 1980 og bar efnislega á sama veg.

Ákæruliður III.

„Í fyrri hluta ágúst 1978 keypt 500 gr af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Gautaborgar og selt það þar ótilgreindu fólki."

Hermann Ólason var yfirheyrður hjá lögreglu 5. nóvember 1978 og lýsti þá för sinni til Amsterdam í ágúst 1978. Kvað Hermann ákærða hafa komið með sér í greinda för, og kvað Hermann sig hafa keypt 1.5 kg af hassi í Amsterdam og haldið með efnið til Svíþjóðar, þar sem ákærða voru afhent 500 grömm af efninu. Kvað Hermann vera um að ræða uppgjör skuldar við ákærða varðandi efni úr ákærulið II.

Hermann Ólason greindi síðar frá för þessari fyrir dómi 11. nóvember 1978. Þá kvað Hermann ákærða hafa keypt 500 grömm af hassi í Amsterdam fyrir fé, er hann (ákærði) átti vegna áðurgreindrar skuldar.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 15. maí 1980 og lýsti þá för sinni til Amsterdam ásamt Hermanni Ólasyni. Kvað ákærði svo hafa um samist þeirra í millum, að ákærði fengi hassefni upp í skuld þá, er Hermann stóð í við ákærða vegna uppgjörs efnis, er um getur í ákærulið II.

Ákærði bar efnislega á sama veg fyrir dómi 21. maí 1980 og kvað Hermann hafa afhent sér 500 grömm af hassi í umræddri Amsterdamför. Kvaðst ákærði hafa selt efnið á götum Gautaborgar.

Ákæruliður IV.

„Um miðjan ágúst 1978 í félagi við Halldór Lárus Pétursson og nafngreinda konu, GG, keypt í Amsterdam alls um 4,4 kg af hassi, sem ákærði og nefndur Halldór Lárus töldust eiga að jöfnu, flutt efnið til Kaupmannahafnar og selt þar sinn hlut þess með aðstoð nefnds Halldórs Lárusar og Karls Antons Carlsen."

Ákærði lýsti för sinni, er í þessum ákærulið greinir, við lögregluyfirheyrslu 15. maí 1980. Ákærði bar efnislega á sama veg fyrir dómi 21. sama mánaðar og kvað sig hafa haldið til Amsterdam í ágúst 1978. Með í förinni var eiginkona ákærða, Gígja Geirsdóttir, og Halldór Lárus Pétursson. Ákærði kvaðst hafa keypt um 4 kg af hassi í félagi við Halldór Lárus Pétursson og átt hvor sinn helming efnisins. Var síðan haldið með efnið til Kaupmannahafnar, þar sem Halldór Lárus Pétursson og Karl Anton Carlsen seldu efnið fyrir ákærða og stóðu skil á söluandvirðinu til hans.

Skömmu síðar var ákærði handtekinn í Þýskalandi með hassefni, er hann hafði keypt fyrir ágóðann af sölunni. Var ákærði dæmdur til 2½ árs fangelsisrefsingar þar í landi.

Halldór Lárus Pétursson greindi frá ferð þeirri, er í þessum

ákærulið greinir, við lögregluyfirheyrslu 21. október 1978 og síðar 23. sama mánaðar og loks 6. nóvember 1978. Lokaframburður Halldórs Lárusar var svo fyrir dómi 6. nóvember 1978. Lýsti hann þá kaupum sínum, ákærða og eiginkonu ákærða á 4.4 kg af hassi í Amsterdam. Kvað Halldór Lárus hlut sinn hafa verið 2.2 kg.

Karl Anton Carlsen var yfirheyrðu hjá lögreglu 7. nóvember 1978. Kvað hann sig hafa selt um 700—800 grömm af hassi fyrir ákærða um miðjan ágúst sama ár.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður I.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í júní 1977 ásamt Magnúsi Árnasyni sent hingað til lands með flugi frá Hollandi 3.5 kg af hassi, er falið var í sjónvarpstæki. Efnið var ekki eign ákærða. Í júlí 1977 þáði ákærði 300 grömm af hassi frá Magnúsi Árnasyni, og afhenti ákærði 100 grömm þar af til Jóns Ómars Sigfússonar, sem seldi efnið fyrir ákærða og skilaði ákærða 130.000 gkr. sem söluandvirði.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður II.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa keypt 1 kg af hassi í Kaupmannahöfn í júlí 1978 og afhent Hermanni Ólasyni efnið til söludreifingar. Ekki er sannað, að ákærði hafi móttekið fé, sem fékkst fyrir sölu efnisins.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður III.

Ákærði hélt til Amsterdam í ágúst 1978 ásamt Hermanni Ólasyni. Svo samdist milli ákærða og Hermanns Ólasonar, að sá síðarnefndi afhenti ákærða 500 grömm af hassi sem greiðslu skuldar, er Hermann stóð í við ákærða vegna vanskila á söluandvirði efna, er um getur í ákærulið II hér að framan.

Þykir þessi ónákvæmni í ákæru ekki eiga að valda frávísun þessa ákæruliðar, sbr. 115. gr. laga 74/1974, sbr. 19. gr. laga 107/1976, enda hefur ákærða ekki dulist, við hvaða brot er átt í þessum ákærulið, og gerði ákærði ekki athugasemdir við þennan lið

ákæru, er skjalið var borið undir hann í þinghaldi 2. mars 1982.

Dóminum þykir sannað, að ákærði hafi móttekið 500 grömm af hassi í Gautaborg í ágúst 1978. Efnið móttók ákærði frá Hermanni Ólasyni, og seldi ákærði efnið á götum Gautaborgar ótilgreindu fólki.

Hefur ákærði því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður IV.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi í félagi við Halldór Lárus Pétursson keypt a. m. k. 4 kg af hassi í Amsterdam um miðjan ágúst 1978. Efnið átti ákærði að jöfnu við Halldór Lárus. Var efnið flutt til Kaupmannahafnar, þar sem ákærði seldi sinn hluta efnisins með aðstoð Karls Antons Carlsen.

Hefur ákærði samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða í ákærulið I varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Verjandi telur, að lögum 65/1974 séu sniðin ákveðinn stakkur varðandi íslenskt yfirráðasvæði og ekki sé heimild til að refsa fyrir brot gegn nefndum lögum með vísan til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómurinn telur hina almennu heimild í 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til að saksækja og refsa hér á landi fyrir brot framin erlendis eiga við um nefnd lög nr. 65/1974, og varða því brot ákærða í II.—IV. ákærulið við áðurnefnd ákvæði laga nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974 með vísan til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur hlotið einn dóm vegna fíkniefnabrota og gengist undir eina dómssátt vegna sams konar brota. Dómurinn var upp kveðinn 5. september 1978 og sáttin gerð 29. maí 1980.

Þá var ákærði dæmdur til refsingar í Þýskalandi fyrir brot á fíkniefnalöggjöf þar í landi. Dómurinn er frá 24. nóvember 1978 og fylgir gögnum málsins.

Þykir verða að skýra 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þannig, að hér á landi verðii dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr., við erlenda dóma að uppfylltum öðrum skilyrðum nefndrar greinar. Verður því ákærða hér ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki, svo vitað sé, gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina í um tvö ár. Verður ofangreint virt ákærða til hagsbóta við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70 gr. almennra hegningarlaga.

Brot ákærða eru alvarlegs eðlis og stunduð með hagnaðarvon í huga, og um er að ræða mikið magn fíkniefna, er ákærði ýmist seldi sjálfur eða fékk aðra aðilja til að selja fyrir sig.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í sex mánuði. Þá er ákærða gert með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 101/1976, að greiða kr. 10.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dómsins, komi fangelsi í 50 daga í hennar stað. Loks er ákærða með vísan til 141. gr. laga 74/1974 gert að greiða allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Einarsson, fæddur 19. nóvember 1952, skal sæta fangelsi í sex mánuði.

Ákærði greiði kr. 10.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 50 daga í hennar stað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 14. desember 1982.

Nr. 69/1981. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
vegna borgarsjóðs Reykjavíkur
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Árbæjarkjöri h/f
(Ólafur Axelsson hdl.).

Aðstöðugjald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1981. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndi verði dæmdur til greiðslu aðstöðugjalds að fjárhæð gkr. 137.400 auk 3% dráttarvaxta á mánuði frá 1. ágúst 1978 til 31. maí 1979, 4% dráttarvaxta á mánuði frá 1. júní 1979 til 31. ágúst s. á., 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. september 1979 til 30. apríl 1982, 4% dráttarvaxta á mánuði frá 1. maí 1982 til 31. október s. á. og 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. nóvember s. á. til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda er það vefengt í máli þessu, að lagaheimildar njóti við, er þiggi stefnda undan skyldu til greiðslu aðstöðugjalds, enda geti þessi söluumsvif hans ekki talist til starfsemi mjólkurbúa samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 8/1972. Þá ber áfrýjandi brigður á það, að stefndi selji mjólkurvörur í umsýslusölu vegna Mjólkursamsölunnar í Reykjavík.

I.

Mjólkursamsalan í Reykjavík hafði einkarétt til heildsölu og smásölu á mjólk og mjólkurafurðum, m. a. í Reykjavík, samkvæmt V. kafla laga nr. 101/1966 og eldri lögum um það

efni, uns lög nr. 68/1976 voru sett. Eigi var Mjólkursamsalan talin aðstöðugjaldsskyld vegna sölu mjólkurafurða í mjólkbúðum sínum, sbr. lög nr. 69/1962, 8. gr., 2. mgr., og lög nr. 51/1964, 8. gr., 2. mgr., og síðar lög nr. 8/1972, 36. gr., 2. mgr., sbr. dóm Hæstaréttar í XXXVI. bindi (1965), bls. 552. Frá því er skýrt hér fyrir dómi, að allt frá árinu 1973 hafi það tíðkast, að Mjólkursamsalan hafi afhent matvöruverslunum mjólk og mjólkurafurðir til sölu. Af bréfi Mjólkursamsölunnar til ríkisskattstjóra 2. janúar 1980 verður ráðið, að meira en helmingur allra útsölustaða mjólkur í Reykjavík hafi verið rekinn af öðrum en Mjólkursamsölunni, áður en lög nr. 68/1976 tóku gildi. Í bréfi skattstjórans í Reykjavík til ríkisskattstjóra 11. mars 1980 segir, að eigi muni hafa verið lagt aðstöðugjald á verslunareigendur vegna þessarar sölustarfsemi, og var talið, „að um umboðsviðskipti væri að ræða".

Með lögum nr. 68/1976 er sölumálum þessum skipað að nýju. Einkarétti Mjólkursamsölunnar til heildsölu mjólkur og mjólkurafurða er haldið, en einkaréttur til smásölu felldur niður. Samkvæmt lögunum má smásala á mjólk fara fram hjá þeim verslunum, sem fengið hafa samþykki heilbrigðisyfirvalda í viðkomandi sveitarfélagi til sölunnar. Í lögunum eru engin ákvæði um greiðslu aðstöðugjalds vegna þessarar sölustarfsemi, og er hvorki sýnilegt af greinargerð fyrir frumvarpi til laganna né umræðum á Alþingi um það, að þessum sérstaka þætti málsins hafi verið gaumur gefinn.

II.

Af forsögu laga nr. 68/1976 verður ráðið, að á því hafi gagngert verið byggt við setningu laganna, að breyttir hættir um sölu mjólkur og mjólkurafurða hefðu ekki í för með sér aukinn dreifingarkostnað, er bitnaði á neytendum. Sýnt er, að löggjafanum er um það hugað, að verði þessara nauðsynja sé haldið í skefjum, svo sem m. a. sést af því, að sala þeirra var undanþegin söluskatti, sbr. lög nr. 10/1960, 6. gr., 2. tölulið. Ef verslunareigendur væru aðstöðugjaldsskyldir vegna sölu mjólkur og mjókurafurða, er ekki annað sýnt en

að það hlyti að leiða til verðhækkunar á þessum vörum í smásölu, en því var lýst hér fyrir dómi og sætti ekki andmælum, að gjöld þessi mundu hafa numið röskum 100 milljónum gkr. skattárið 1978. Sexmannanefnd, sem gegnir því hlutverki m. a. að verðleggja vörur þessar í smásölu, sbr. 5. gr. laga nr. 68/1976, sbr. nú lög nr. 95/1981, lýsti því í bréfi 29. febrúar 1980, að verðlagningin á þeim tíma, sem um ræðir í málinu, hefði verið við það miðuð, að aðstöðugjald yrði ekki lagt á sölustarfsemina.

Svo sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að þegar lög nr. 68/1976 voru sett, hafi löggjafinn miðað við það, að óbreytt yrði sú tilhögun, að eigi yrði greitt aðstöðugjald vegna sölu mjólkur og mjólkurafurða, er verslunareigendur fengju í þessu skyni frá Mjólkursamsölunni. Ákvæði 2. mgr. 36. gr. laga nr. 8/1972 þiggur stefnda að vísu ekki undan greiðslu aðstöðugjalds, enda verður að fallast á það með héraðsdómara, að þessi sölustarfsemi teljist ekki til starfssviðs mjólkurbúa samkvæmt því ákvæði. Samning þann milli Mjólkursamsölunnar og Kaupmannasamtaka Íslands frá 25. janúar 1974, sem er grundvöllur viðskipta hins fyrrgreinda við stefnda um mjólk og mjólkurafurðir, verður að túlka svo sem héraðsdómari gerir, að þar sé um umsýsluviðskipti að ræða. Styrkir bókfærsla Mjólkursamsölunnar á viðskiptum þessum þá niðurstöðu. Orðalag laga nr. 68/1976 skýtur ekki loku fyrir, að viðskiptum þessum sé skipað með þeim hætti.

Þegar virt eru löggjafarviðhorf þau, er búa að baki lögum nr. 68/1976 og framangreindir samningshættir milli stefnda og Mjólkursamsölunnar, ber að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til.

Áfrýjandi þykir eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem er hæfilega ákveðinn 7.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gjaldheimtan í Reykjavík vegna borgarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefnda, Árbæjarkjöri h/f,

7.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. janúar 1981.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 16. apríl 1980.

Stefnandi málsins er Gjaldheimtan í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur.

Stefndi er Árbæjarkjör h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda aðstöðugjald að fjárhæð gkr. 137.400 vegna ársins 1978 „auk 3% dráttarvaxta á mánuði af þeirri fjárhæð frá 01.08.1978—31.05.1979, 4% dráttarvaxta á mánuði frá 01.06.1979—31.08.1979 og 4½% dráttarvaxta á mánuði frá þeim tíma til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins."

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Samkomulag er um að ganga fram hjá sáttanefnd.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

II.

Í stefnu er gerð svofelld grein fyrir málsefninu:

„Stefnandi kveður skattstjórann í Reykjavík hafa gert stefndum að greiða aðstöðugjald í Reykjavík gjaldárið 1978, að fjárhæð kr. 794.900. Stefndur hafi ekki viljað fallast á réttmæti álagningar gjaldsins að því leyti sem það var lagt á innkaupsverð mjólkurvara, er stefndur selur í smásöluverslun sinni. Hafi ríkisskattanefnd með úrskurði, dags. 10.09.1979 fallist á kröfu stefnds og lækkað aðstöðugjald gjaldárið 1978 í kr. 657.500, eða um kr. 137.400.

Þar sem stefnandi hafi ekki viljað sætta sig við úrskurð þennan, sé honum nauðsyn á að höfða mál til greiðslu þeirrar gjaldfjárhæðar, er hann telur ríkisskattanefnd hafa ranglega fellt niður."

Í greinargerð hefur lögmaður stefnanda tekið fram:

„Mál þetta er höfðað til þess að fá hnekkt þeim úrkurði ríkisskattanefndar, að stefndur skuli vera undanþeginn greiðslu aðstöðugjalds að því er varðar sölu mjólkur. Í úrskurði ríkisskattanefndar nr. 603, 1979, dskj. nr. 12, kemur fram, að nefndin

telur ákvæði 2. mgr. 36. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga ekki taka til stefnds, „að því er snertir verslun hans með vörur þær, er hér um ræðir.“ Nefndin virðist hins vegar byggja úrskurð sinn á því, að stefndur reki þessi viðskipti sem umsýsluaðili, en ekki sjálfstæður kaupmaður. Á þetta sjónarmið vill stefnandi ekki fallast, og er í því sambandi m. a. vitnað til kröfugerðar ríkisskattstjóra fyrir ríkisskattanefnd, en hún kemur fram í úrksurði á dskj. nr. 12.“

III.

Stefndi rekur í Reykjavík matvöruverslun í smásölu. Í skýringum með ársreikningi fyrir árið 1977 var af hálfu stefnda gerð krafa um, að innkaupsverð mjókurvara að fjárhæð gkr. 27.484.939 yrði dregið frá heildarútgjöldum ársins við ákvörðun álagningargrundvallar aðstöðugjalds.

Skattstjórinn í Reykjavík vildi ekki á þetta fallast og gerði stefnda að greiða aðstöðugjald að fjárhæð gkr. 794.900 gjaldárið 1978. Ákvað skattstjóri stofn til álagningar gjaldsins gkr. 158.988.025, en gjaldstigi var 0.5%.

Stefndi vildi ekki una þessari ákvörðun skattstjóra. Með aðstöðugjaldskæru til skattstjóra, dagsettri 2. ágúst 1978, gerði stefndi þá kröfu, að innkaupsverð mjólkurafurða, gkr. 27.484.939, sem stefndi seldi í verslun sinni á árinu 1977, yrði dregið frá aðstöðugjaldsstofni.

Skatttjórinn í Reykjavík kvað upp úrskurð um kæruefni þetta 1. nóvember 1978. Er úrskurðurinn svohljóðandi:

„Í 3. tölulið 5. gr. reglugerðar um aðstöðugjald nr. 81/1962 eru mjólkurbú undanþegin aðstöðugjaldi. Þar eð undanþága þessi gildir einungis um mjólkurbú, er kærunni synjað. Aðstöðugjald stendur óbreytt.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar er 21 dagur frá dags. þessa úrskurðar.“

Stefndi vildi ekki una þessum úrkskurði skattstjóra og skaut málinu til ríkisskattanefndar með kæru, dagsettri 21. nóvember 1978. Í kærunni gerði stefndi kröfu um, að innkaupsverð mjólkurvara yrði dregið frá aðstöðugjaldsstofni. Endurskoðandinn, sem ritaði kæruna, setti fram svofelldan rökstuðning:

„Mjólk er seld af Mjólkursamsölunni til umbjóðanda míns á grundvelli umboðssölu, og fær hann reiknuð sölulaun. Sjá meðfylgjandi ljósrit af einni skilagrein — sem dæmi. Skattstofa Reykjavíkur hefur með úrskurði, dags. 28. nóv. 1977, til Gunnars

Snorrasonar, Suðurhólum 8, Rvík, fallist á, að mjólk sé seld matvörukaupmönnum í umboðssölu."

Í sambandi við kæru málsins til ríkisskattanefndar ritaði ríkisskattstjóri Mjólkursamsölunni í Reykjavík bréf 30. mars 1979 og óskaði eftir upplýsingum. Í bréfinu segir svo:

„Með vísan til ákvæða 36. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt er þess hér með óskað, að þér gefið upplýsingar um það, hverjar hafi verið söluvörur samsölunnar og hvernig háttað hefur verið sölu á þeim vörum á árunum 1975—1978 að báðum árum meðtöldum. Einnig er óskað eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

1. Hafi orðið breyting á tilhögun sölunnar, er þess óskað, að tilgreint sé, hvenær sú breyting hafi átt sér stað og í hverju hún hafi verið fólgin.
2. Hvernig hefur verið háttað uppgjöri á milli samsölunnar og smásöluverslunarinnar á vörukaupum eða vöruúttekt?
3. Hvernig hefur verið háttað meðferð á þeim vörum, sem kaupmanni hafa verið afhentar, en seljast ekki innan leyfilegs síðasta söludags?
4. Er um mismunandi tilhögun að ræða á söluvörum samsölunnar eftir vörutegundum, og ef svo er, tilgreinið vöruheiti í hverjum einstökum vöruflokki.
5. Er um mismunandi tilhögun að ræða, eftir því hvaða aðili á í hlut, og ef svo er, tilgreinið þá aðila, er sértilhögunar njóta."

Í svarbréfi Mjólkursamsölunnar frá 6. júní 1979 segir svo:

„Sömu vöruflokkar seldir '75 og '78, að viðbættum appelsínusafa frá júní '78.

1. Öllum mjólkurbúðum M.S. var lokað 1978, nema á Laugavegi 162. Áður var meira en helmingur útsölustaða matvörubúðir og bakarí, svo að engin önnur breyting varð á sölufyrirkomulagi við lokun M.S. búða, því að lítið eitt fleiri matvörubúðir komu í stað þeirra.
2. Með mjólkurvörur er aðalreglan sú að greiða daglega fasta upphæð, og endanlegt uppgjör fer fram 4 sinnum í mánuði. Ís-vörur eru að mestu staðgreiddar. Lánsviðskipti eru á mánaðarreikningi.
   Brauðvörur og ávaxtasafi eru á mánaðarreikningum.

3-4. Síðasti söludagur er 3-11 dögum eftir gerilsneyðingardag. Verzlanir geta pantað og breytt pöntunum daglega og fá vörur sendar daglega. Því er ætlast til, að allar vörur séu

seldar innan leyfðra tímamarka og ekki þurfi að endursenda þær. Þau frávik eru þó, að ef Mjólkursamsalan áætlar sendingar á mjólk og rjóma fyrir stórhátíðar, en tekur ekki pantanir frá hverri verzlun, þá er viðkomandi vezlun heimilt að endursenda afgang á fyrsta virkum degi eftir hátíð. G-vörur eru dagsettar með síðasta neysludegi, 1—3 mánuðir fram í tímann og því ekki afgreiddar daglega í hverja verzlun. Sama er um ís.

5. Nei."

Ríkisskattstjóri ritaði ríkisskattanefnd bréf 25. júlí 1979, þar sem gerð var sú krafa, að úrskurður skattstjóra yrði staðfestur. Í bréfinu var vitnað til svarbréfs Mjólkursamsölunnar. Til rökstuðnings kröfunni var tekið fram:

„1. Af svarbréfinu verður ráðið, að kærandi hefur mjólkurvörur ekki í umboðssölu.

2. Mjólkursala í smásöluverslun er ekki þáttur í rekstri mjólkurbús og nýtur því eigi við undanþágunnar í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 8/1972, en þá mgr. ber að skýra þröngt, þar eð um undantekingu frá aðalreglu 1. mgr. er að ræða."

Ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð í málinu 10. september 1979. Í niðurlagi úrskurðarins segir svo:

„Nánar innt eftir um fyrirkomulag viðskipta með mjólkurvörur, hefur af hálfu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík verið staðfest, að af hennar hendi sé svo litið á, að sala þessara vara til smásöluaðila fari fram á umboðssölugrundvelli.

Á það sjónarmið skattstjóra er fallist, að undanþáguákvæði 2. mgr. 36. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga taki ekki til kæranda að því er snertir verslun hans með vörur þær, er hér um ræðir. Á það ber einkum að líta í máli þessu, að Mjólkursamsalan skuldar kæranda fyrir smásöluverði mjólkurvaranna, en reiknar honum síðan til tekna umsamda söluþóknun. Einnig fylgir skilaheimild að því er tekur til umræddra vara eftir vissum reglum, á viðskiptin er litið sem umboðsviðskipti af hálfu Samsölunnar, og er það staðfest af hennar hálfu. Þegar þetta er virt, þykir fremur eiga að líta á kæranda sem umsýsluaðila í þessu sambandi en sjálfstæðan kaupmann. Af því leiðir, að taka ber kröfu hans til greina."

Samkvæmt þessu lækkaði ríkisskattanefnd aðstöðugjaldsstofn stefnanda gjaldárið 1978 um gkr. 27.484.939, þ. e. úr gkr.

158.988.025 í gkr. 131.503.086. Var aðstöðugjald stefnda þannig lækkað um gkr. 137.400, úr gkr. 794.900 í gkr. 657.500.

Borgarráð Reykjavíkur ákvað að leggja ágreiningsefnið fyrir dóm og fól gjaldheimtustjóra f. h. Gjaldheimtunnar að fara með málið. Höfðaði stefnandi því næst mál þetta.

Borgarráð Reykjavíkur óskaði eftir umsögn Kaupmannasamtaka Íslands á ágreiningsefninu. Skiluðu samtökin álitsgerð, sem er dagsett 5. desember 1979. Þar er því haldið fram, að sala kaupmanna á mjólk og mjólkurvörum frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík sé umboðssala, en það byggist á því, að kaupmaður verði að sækja um leyfi hjá Samsölunni til þess að fá að selja mjólkurafurðir, en slíkt leyfi sé háð sérstökum skilyrðum, sem Samsalan setji, auk strangra skilyrða heilbrigðisyfirvalda. Mjólkursamsalan skuldfæri kaupmenn fyrir úttekt, en reikni þeim síðan ákveðna þóknun, þ. e. umboðslaun. Þá hafi kaupmenn heimild til að skila vörum Samsölunnar aftur eftir ákveðnum reglum. Mjólkursamsalan sjálf líti svo á, að kaupmaður, sem selur mjólkurafurðir Samsölunnar, sé umboðsmaður hennar, enda séu allir viðskiptahættir þeirra við það miðaðir. Í álitsgerðinni er vitnað til bréfs Sexmannanefndar frá 29. febrúar 1980, en þar segir m. a. svo:

„Það lá fyrir, þegar Mjólkursamsalan hafði einkarétt á dreifingu mjólkur og mjólkurvara í smásölu, að aðstöðugjald var ekki innheimt af þessum vörum. Þegar ákveðið var með lögum, að þessum einkarétti yrði breytt og dreifing mjólkurinnar afhent smásöluaðilum, var ekki ráð fyrir því gert, að því fylgdi aukin skattheimta, sem myndi leiða af sér sömu krónutöluhækkun smásöluálagningar og hún næmi. Því er það, að Sexmannanefndin hefur ekki gert ráð fyrir, að álagning í smásölu fæli í sér greiðslu á aðstöðugjaldi af umræddum vörum."

Vegna ágreiningsefnis þessa leitaði ríkisskattstjóri álits Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Í svarbréfi lögmanns Mjólkursamsölunnar frá 2. janúar 1980 segir m. a. svo:

„Svo sem kunnugt er, var mjólk dreift í smásölu hér áður fyrr aðallega um mjólkurbúðir, sem Mjólkursamsalan átti og rak, en þó þekktist það einnig, að ýmsir kaupmenn fengu mjólk til dreifingar í smásölu. Sú breyting varð á dreifingu mjólkur í smásölu öndvert ár 1978, að öllum mjólkurbúðum Mjólkursamsölunnar í Reykjavík var lokað, nema mjólkurbúðinni á Laugavegi 162. Áður var meira en helmingur útsölustaða mjólkur í borginni bæði matvörubúðir og bakarí, þannig að breytingin á sölufyrir-

komulaginu varð ekki önnur en sú, að búðum Mjólkursamsölunnar var lokað og í staðinn komu lítið eitt fleiri matvörubúðir, sem seldu mjólk. Engin breyting varð á lögunum, sem varða dreifingu mjólkur í smásölu, eins og lögin hafa verið túlkuð og framkvæmd. Það gildir því einu, hvort að Mjólkursamsalan selur mjólk í smásölu eða einhver annar. Mjólkursala í smásölu hefur alla tíð verið undanþegin greiðslu aðstöðugjalds, og á svo enn að vera að óbreyttum lögum. Spyrja má, hver sé tilgangurinn með því að undanþiggja mjólkurbú aðstöðugjaldsskyldu. Tilgangurinn hlýtur að vera sá að halda verðinu á þessari lífsnauðsynlegu vöru sem lægstu, en ef aðstöðugjald yrði lagt á dreifingu mjólkur, yrði því að sjálfsögðu strax velt út í verðlagið og hefði því í för með sér, að mjólkin yrði dýrari í innkaupi fyrir almenning. Minna má á í þessu sambandi, að sala mjólkur er ekki söluskattsskyld, sbr. 2. tl. 6. gr. l. nr. 10/1960 um söluskatt. Undanþága söluskattsskyldu á sölu mjólkur er af sama toga, þ. e. að halda niðri verðinu á mjólk.

Í sambandi við þá skoðun Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, sem kemur fram í fyrrnefndum úrskurði Ríkisskattanefndar nr. 603/1979, að sala mjólkur til smásöluaðila fari fram á umboðssölugrundvelli, má benda á, að takmarkað geymsluþol mjólkur og annarra mjólkurafurða gæti skýrt það, að slík vara er seld í umboðssölu."

Stefnandi leitaði eftir upplýsingum hjá skattayfirvöldum um eftirtalin atriði:

„1. Hvernig háttað hafi verið framkvæmd skattyfirvalda í Reykjavík og annars staðar á landinu, að því er varðar álagningu aðstöðugjalds smásöluverslunar með mjólk og mjólkurafurðir.
2. Úrskurði skattyfirvalda, æðri sem lægri, er kunna að vera til skýringa um þetta efni.
3. Önnur gögn, er máli kunna að skipta í þessu sambandi."

Í bréfi skattstofu Reykjavíkur frá 11. mars 1980 segir:

„Meðan Mjólkursamsalan annaðist dreifingu og sölu mjólkur og mjólkurafurða, var ekki lagt aðstöðugjald á innkaupsverð þeirra. Var það óumdeilt, hvað snerti sölubúðir Mjólkursamsölunnar. Í örfáum tilfellum höfðu aðrir aðilar vörur þessar á boðstólum, og samkvæmt þeim upplýsingum, sem lágu fyrir, hlutu þeir sömu meðferð í viðskiptaháttum og um eigin sölubúðir gilti, og var því talið, að um umboðsviðskipti væri að ræða. Samkvæmt því var ekki lagt aðstöðugjald á innkaupsverðið.

Þegar Mjólkursamsalan lagði niður sölubúðir sínar, breyttust viðskiptahættir og meðferð á þann veg, að um viðskipti milli heildsala og smásala þótti vera að ræða, og þar sem undanþáguákvæði 2. mgr. 36. gr. l. nr. 8/1972 tóku ekki til verslunar, var lagt aðstöðugjald á innkaupsverðið."

Í bréfi skattstofu Reykjanesumdæmis frá 9. janúar 1980 segir:

„1. Við athugun á skattframtölum 35 skattgreiðenda gjaldárið 1979, sem versla með mjólkurvörur, kemur í ljós, að aðstöðugjald er lagt á innkaupsverð mjólkurvara hjá 28 þeirra, en ekki hjá 7.
2. Það misræmi stafar af mismunandi framtalsgerð þeirra aðila. Ef þeir telja innkaup mjólkurvara með öðrum vöruinnkaupum, leggst aðstöðugjaldið á mjólkurvöruinnkaupin.
3. Hjálagt fylgir ljósrit af úrskurði skattstjóra Reykjanesumdæmis, þar sem á því er byggt, að mjólkurvörur frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík séu umboðssöluvörur."

Í málinu liggur fammi „samkomulag", dagsett 25. janúar 1974. Þar segir m. a.

„Vegna fyrirhugaðra breytinga á núgildandi lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. hafa Kaupmannasamtök Íslands og Mjólkursamsalan, er nefnd lagabreyting kann að varða, komið sér saman um eftirfarandi atriði, sem til framkvæmda skulu koma, ef lögin taka gildi:

1. Kaupmenn, sem leyfi hljóta til sölu á mjólk, rjóma og skyri, skuldbinda sig til að hafa einatt á boðstólum allar aðrar vörutegundir, sem Mjólkursamsalan og mjólkursamlögin hafa til sölu á hverjum tíma.

   .....

3. Kaupmennirnir, sem fá mjólkursöluleyfi, skuldbinda sig til að taka til sölu framleiðsluvörur brauðgerðar Mjólkursamsölunnar, þar sem því verður við komið, en nokkrir kaupmenn eru þó bundnir af samningi, er bannar viðkomandi að versla með brauðgerðarvörur, og því undanþegnir þessu samkomulagsatriði, en það skal allt að einu ekki standa í vegi fyrir því, að þeir fái mjólkursöluleyfi.
4. Greiðsla fyrir vörur Mjólkursamsölunnar verður staðgreiðsla.
5. Sölumenn Mjólkursamsölunnar hafa rétt til eftirlits með vöum hennar í verslunum kaupmanna, fyrst og fremst til að

veita leiðbeiningar og til að halda góðu sambandi við kaupmennina."

IV.

Við hinn munnlega flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að það væru fyrst og fremst tvær spurningar, sem rétturinn þurfi að svara: Í fyrsta lagi, hvort undantekningarákvæði 2. mgr. 38. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga „taki til stefnda að því er snertir verslun hans með vörur þær, er hér um ræðir." Og í öðru lagi, hvort viðskipti stefnda við Mjólkursamsöluna séu umboðssala eða umsýsluviðskipti. Ef rétturinn líti svo á, að 2. mgr. 36. gr. nefndra laga eigi við eða að um sé að ræða annað hvort umboðssölu eða umsýsluviðskipti, þá eigi að taka kröfu stefnda til greina um sýknu, annars ekki.

Af hálfu stefnanda er því alfarið mótmælt, að undantekningarákvæði 2. mgr. 36. gr. nefndra laga geti átt við nefnd viðskipti stefnda við Mjólkursamsöluna, enda verði ekki litið á stefnda sem mjólkurbú í þessum viðskiptum, hvorki beint né óbeint. Verði varla um þetta deilt. Í úrskurði sínum hafi ríkisskattanefnd einnig á þetta fallist.

Í málflutningnum var af hálfu stefnanda gerður greinarmunur á umboðssölu og svonefndum umsýsluviðskiptum (kommission). Um umboðssölu geti ekki verið að ræða, þar sem stefndi selji mjólkurvörurnar í eigin nafni. Þá sé það eitt eftir að kanna, hvort um sé að ræða umsýsluviðskipti.

Af hálfu stefnanda er því andmælt, að um umsýsluviðskipti á milli stefnda og Mjólkursamsölunnar hafi verið að ræða í þeim viðskiptum, sem málið fjallar um. Í því sambandi skipti ekki máli, þó að báðir aðiljar viðskiptanna haldi því fram, að þarna sé um einhvers konar umboðssölu að ræða. Það, sem hér skipti fyrst og fremst máli, sé, að ekki liggi fyrir samningur milli stefnda og Mjólkursamsölunnar um umsýsluviðskipti, enda geti samkomulagið frá 25. janúar 1974 ekki skoðast umsýslusamningur. Þá gefi bókhald stefnda til kynna, að ekki sé um að ræða umsýsluviðskipti. Sama sé að segja um skattframtal stefnda og skýringar, sem því fylgdu. Þá sé skilaréttur stefnda á vörum Mjólkursamsölunnar takmarkaður. Jafnvel þótt talið væri, að um umsýsluviðskipti hafi áður verið að ræða, þá hafi þáttaskil orðið með lögum nr. 68/1976 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um framleiðsluráð ladbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á ladbúnaðarvörum o. fl. Er af hálfu stefnanda vísað til 4., 5. og 7. gr. laganna og því haldið fram, að hin nýju lagaákvæði taki nú

af allan vafa um það, að kröfur stefnanda eigi að ná fram að ganga.

V.

Af hálfu stefnda, sem annast dreifingu mjólkurafurða Mjólkursamsölunnar til neytenda, er bent á, að á árinu 1977 hafi umsýsluþóknun stefnda verið 10.53% af lögbundnu útsöluverði afurðanna og hafi þóknunin lækkað úr 17.5% í 10.53%. Hafi Mjólkursamsalan sjálf reiknað þetta út og greitt stefnda í samræmi við sölu hans vikulega. Á sama hátt hafi Mjólkursamsalan fært stefnda til tekna mjólkurvörur, sem stefndi skilaði aftur. Skilaréttur stefnda sé ótvíræður og komi það greinilega fram á reikningum Mjólkursamsölunnar á dómskjölum nr. 42—45.

Mjólkursamsalan geri áætlanir um sölu mjólkurafurða á hverjum afgreiðslustað og sendi daglega til verslana mjólkurafurðir í samræmi við þær áætlanir. Stefndi sem umsýsluaðili geti þó pantað sjálfstætt og sérstaklega eftir þörfum markaðar, þótt frávik frá áætlunum Mjólkursamsölunnar séu fremur fátíð. Verðlagning mjólkurafurða sé lögbundin, þar á meðal umsýsluþóknun kaupmanna, er dreifa vörunni til neytenda á grundvelli heildarsamnings, sem Kaupmannasamtök Íslands gerðu með samkomulaginu 25. janúar 1974. Þarna sé um að ræða rammasamning, sem enn sé í gildi.

Við verðákvörðun Sexmannanefndar á umsýsluþóknun sé reiknað með því, að aðstöðugjald sé ekki greitt vegna vörudreifingar þessarar, og gildi þá einu, hvort Mjólkursamsalan selji afurðir sínar úr eigin verslunum eða fyrir meðalgöngu kaupmanna.

Framangreind umsýsla sé undanþegin aðstöðugjöldum samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Nokkur sveitarfélög hafi auk þess gert sérstakar samþykktir um undanþágu að þessu leyti, þar sem mjólkurbú séu ekki starfandi. Úrskurður ríkisskattanefndar sé réttur. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Því er haldið fram, að ekki skipti máli, hvort um umboðsverslun eða umsýsluviðskipti sé að ræða, en undir annað hvort hugtakið falli dreifing varanna, þar sem stefndi hafi þegar greitt aðstöðugjald af kostnaði við umboðs- eða umsýsluviðskiptin.

Ekki hafi orðið eðlisbreyting á dreifingu varanna með gildistöku laga nr. 68/1976. Þar hafi aðeins verið um tæknibreytingu að ræða, þ. e. að nýta dreifingarkerfi kaupmanna, að auka hagræði mjólkurbúa og neytenda, að fá söluverð til neytenda lækkað, en verð til framleiðenda hækkað. Það hafi hins vegar ekki

verið ætlan löggjafans með hinum nýju reglum, að þeim fylgdi aukin skattgreiðsla til sveitarfélaga.

Beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Við hinn munnleg flutning gerði stefndi þó þá kröfu til vara, að vextir verði aðeins reiknaðir frá stefnubirtingardegi og málskostnaður verði látinn falla niður.

VI.

Niðurstaða réttarins.

Fallast ber á með stefnanda, að undantekningarákvæði 2. mgr. 36. gr. laga nr. 8/1972 taki hvorki beint né óbeint til stefnda að því er varðar verslun hans með mjólkurvörur þær, sem um ræðir í málinu. Kemur sú sýknuástæða stefnda því ekki að haldi.

Áður en lög nr. 68/1976 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. komu til framkvæmda, voru mjólkurvörur frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík ýmis seldar í mjólkurbúðum, sem Mjólkursamsalan rak sjálf, eða í verslunum einstakra kaupmanna.

Virðist skattstjórinn í Reykjavík hafa litið svo á, að kaupmenn hefðu þá heimild til að draga andvirði keyptra mjólkurvara frá Mjólkursamsölunni frá aðstöðugjaldsstofni við álagningu aðstöðugjalds, sbr. úrskurð skatttjóra frá 28. nóvember 1977 í máli Gunnars Snorrasonar, dómskjal nr. 51, en úrskurður þessi mun ekki hafa verið kærður til breytingar.

Eigi verður á það fallist með stefnanda, að lög nr. 68/1976 hafi að geyma ákvæði, sem breyti álagningarreglum um greiðslu aðstöðugjalds af mjólkurvörum þeim, sem málið fjallar um.

Samkomulagið frá 25. janúar 1974 milli Mjólkursamsölunnar og Kaupmannasamtaka Íslands, sem fjallað er um í kafla III hér að framan, hefur að geyma nokkur samningsatriði varðandi sölu á mjólkurvörum frá Mjólkursamsölunni. Reikningar Mjólkursamsölunnar til stefnda á dómskjölum nr. 42—45, fjórir að tölu, sýna uppgjör á mjólkurvörum, sem stefndi seldi í nóvembermánuði 1977. Á reikningunum er tilgreint söluverð þess vörumagns, sem afgreit var til stefnda á tilteknum degi, svo og andvirði vara, sem stefndi hefur skilað þann dag. Þá er greint frá þeim greiðslum, sem stefndi hefur innt af hendi í þeirri viku, sem hver reikningur nær yfir. Þá kemur til frádráttar sölulaun, 10.53% af seldum vörum. Auk þessa eru tilgreind skil á umbúðum.

Af hálfu Mjólkursamsölunnar og stefnda er litið á viðskipti aðiljanna sem eins konar umboðsviðskipti, en ekki beina sölu.

Fræðimenn gera greinarmun á umboðsverslun og umsýsluviðskiptum.

Það telst umboðsverslun, þegar B, umboðsmaður, hefur heimild til að selja hlut, sem A á, þriðja manni, C, þannig að bindandi sölusamningur verður milli A og C, en B stendur þá utan þess réttarsambands.

Talað er hins vegar um umsýsluviðskipti, þegar umsýslumaður (kommissionær) gerir viðskiptagerninga í eigin nafni við þriðja mann, en fyrir reikning eiganda varanna samkvæmt heimild þess síðastnefnda.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, verður að telja, svo sem hér stendur sérstaklega á, að söluviðskipti stefnda og Mjólkursamsölunnar á umræddum mjólkurvörum falli undir hugtakið umsýsluviðskipti, enda verður ekki á það fallist með stefnanda, að þau skjöl um bókhald stefnda og reikningsskil við framtal, sem frammi liggja í málinu, standi í vegi fyrir þessari niðurstöðu.

Ekki hefur verið lagt aðstöðugjald á stefnda á grundvelli þess, að um umsýsluviðskipti sé að ræða, og ber því að taka kröfu stefnda um sýknu til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Árbæjarkjör h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 14. desember 1982.

Nr. 169/1980. **Jónína Eyvindsdóttir og**
Valgerður Jónsdóttir
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs,
samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins,
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
Egilsstaðahreppi og
(Jón Finnsson hrl.)
Vilhjálmi Jónssyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Bifreiðar. Vegir. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1980. Þeir gera þá dómkröfu sameiginlega, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim óskipt 11.071.15 krónur (nýkr.) með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 26. júní 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 10. desember 1982, en með áframhaldandi dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt þessu gerir áfrýjandinn Valgerður Jónsdóttir ein þá dómkröfu, að stefndu verði dæmdir til að greiða henni óskipt 39.521.00

krónu (nýkr.) með sömu vöxtum og greinir í hinni sameiginlegu dómkröfu. Loks krefjast báðir áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Allir hinir stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að kröfur áfrýjenda verði lækkaðar. Þeir krefjast og allir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda að öðru leyti en því, að stefndu Egilsstaðahreppur og Vilhjálmur Jónsson gera ekki kröfu um málskostnað sér til handa, ef einungis varakröfur þeirra verða teknar til greina.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Guðjóns Hansen tryggingastærðfræðings um tjón áfrýjandans Valgerðar Jónsdóttur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku, sem hún er talin hafa hlotið.

Fyrir Hæstarétti er því ekki haldið fram af hendi áfrýjenda, að slys það, er í málinu greinir, hafi orðið á opinberum vegi í skilningi vegalaga nr. 6/1977.

Er áfrýjandinn Jónína ók af þjóðveginum beint inn á hinn aflagða þjóðvegarkafla í stað þess að fylgja beygju þjóðvegarins til hægri, blasti við henni akstursstefnumerki, sem vísaði vegfarendum rétta akstursleið. Verður að telja, að verulega hafi skort á, að athygli hennar væri nægilega vakandi, er hún ók út af þjóðveginum og fram hjá akstursstefnumerkinu án þess að veita því eftirtekt. Er vangá hennar því meiri sem ætla verður, að ummerki á yfirborði vegarins í beygjunni og óbyrgð sýn til vegamóta Seyðisfjarðarvegar og hins nýja kafla Borgarfjarðarvegar hafi einnig mátt vekja grun um, að hinn aflagði vegarkafli væri ekki venjuleg akstursleið. Þegar af þessum ástæðum eru ekki skilyrði til þess samkvæmt 2. mgr. 65. gr. vegalaga að taka til greina kröfur áfrýjenda að því leyti sem þær eru reistar á því, að skort hafi á tálmanir við því, að vegfarendur villtust inn á hinn aflagða þjóðvegarkafla.

Vegagerð ríkisins var ekki skylt að halda við hinum gamla vegarkafla, eftir að hann var lagður niður sem opinber vegur vegna breytingar á vegarstæði. Eiga áfrýjendur því ekki fé-

bótakröfu á hendur Vegagerð ríkisins og ríkissjóði vegna ófullnægjandi viðhalds hins aflagða vegar. Breyta ákvæði 43. vegalaga engu um þá niðurstöðu, eins og hér hagar til.

Enda þótt fram sé komið, að stefndi Egilsstaðahreppur hafi um skeið notað hluta hins aflagða vegarkafla til sorpflutninga, er ósannað, að hreppurinn eða stefndi Vilhjálmur hafi notað sem einkaveg sinn þann hluta vegarkaflans, þar sem áfrýjendur urðu fyrir ökuóhappi sínu. Þegar þessa er gætt svo og þess, hvernig stóð á ferðum áfrýjenda inn á hinn aflagða þjóðvegarkafla, verða kröfur þeirra á hendur þessum stefndu ekki teknar til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þeim úrslitum verður að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 5.000.00 krónur til hvers þeirra. Í því sambandi athugast, að ekki verður litið svo á, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sé stefnt til sjálfstæðrar málsaðildar, þótt áfrýjendur hafi beint málssókn sinni að honum við hlið samgönguráðherra f. h. Vegargerðar ríkisins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jónína Eyvindsdóttir og Valgerður Jónsdóttir, greiði stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins, Egilsstaðahreppi og Vilhjálmi Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur til hvers þeirra að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði:

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara og Guðmundar Jónssonar, setts hæstaréttardómara.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, að við teljum eftir atvikum rétt, að málskostnaður milli áfrýjenda annars vegar og stefndu fjármálaráð-

herra f. h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og Egilsstaðahrepps hins vegar eigi að falla niður fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 2. júní sl., hafa Jónína Eyvindsdóttir, Austurbrún 2, Reykjavík, og Valgerður Jónsdóttir, Háaleitisbraut 37, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. febrúar 1979 og 3. mars 1979, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, samgönguráðherra vegna Vegagerðar ríkisins, Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu, og Vilhjálmi Jónssyni bónda, Eyvindará, Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu.

Stefnendur krefjast, sbr. dómskj. 32, greiðslu in solidum á kr. 1.107.115 með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 26. júní 1977 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 21. nóvember 1978, en með 19% ársvöxtum frá 21. nóvember 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, en með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi til greðsludags. Valgerður Jónsdóttir ein krefst greiðslu in solidum á kr. 5.799.366 með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 26. júní 1977 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 21. nóvember 1978, en með 19% ársvöxtum frá 21. nóvember 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá 1. júní til 15. júní 1979, en með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefjast stefnendur fulls málskostnaðar úr hendi stefndu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sótt er þing af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og krafist sýknu af kröfum stefnenda og greiðslu málskostnaðar að mati réttarins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfum og niðurfellingar málskostnaðar.

Sótt er þing af hálfu stefnda Egilsstaðahrepps og þær dómkröfur gerðar, að sveitarfélagið verði sýknað af öllum kröfum sóknaraðilja og því dæmdur málskostnaður úr hendi þeirra að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar, bæði sameiginleg krafa þeirra og sérkrafa Valgerðar Jónsdóttur.

Sótt er þing afhálfu stefnda Vilhjálms Jónssonar og aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og greiðslu ríflegs málskostnaðar úr hendi þeirra. Til vara er krafist lækkunar stefnu-

fjárhæðar og að dómurinn ákvarði hlutdeild stefnda Vilhjálms í bótagreiðslum, fari svo ólíklega, að Vilhjálmur verði talinn bótaskyldur að einhverju leyti.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum án árangurs.

Málavextir eru þeir, að þann 26. júní 1977 varð umferðarslys á vegarkafla í landi Eyvindarár, Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu. Slysið bar að með þeim hætti, að bifreiðin R 47297, af gerðinni Fiat 125 P, sem ekið var um veginn, fór ofan í hvarf, sem lá þvert yfir veginn. Í bifreiðinni voru stefnendur máls þessa, Jónína Eyvindsdóttir ók bifreiðinni, en Valgerður Jónsdóttir var farþegi. Bifreiðina áttu þær saman. Bifreiðin skemmdist allverulega við slysið, og Valgerður slasaðist, hryggbrotnaði m. a. Stefnendur voru þarna á ferð í sumarleyfi sínu. Þær voru ókunnugar á þessum slóðum. Slysið bar að síðari hluta dags í björtu og góðu veðri.

Í málinu er stefnt til greiðslu á bótum vegna tjóns stefnenda, annars vegar sameiginlegs tjóns þeirra vegna skemmda á bifreiðinni og hins vegar tjóns Valgerðar vegna meiðsla, sem bæði ollu tímabundinni og varanlegri örorku. Stefndu eru krafðir um greiðslu bóta in solidum, enda byggja stefnendur á því, að stefndu beri óskipta ábyrgð á tjóninu.

Vegarkaflinn, þar sem slysið varð, var áður hluti þjóðavegarins frá Egilsstöðum um Eiða og til Borgarfjarðar eystri. Stefnendur voru á þeirri leið. Vegarkaflinn liggur fyrst um land jarðarinnar Miðhúsa, en síðan inn á land jarðarinnar Eyvindarár. Árið 1972 var þjóðveginu, sem kallaður er Borgarfjarðarvegur, breytt og hann færður ofar. Við það fluttust vegamót Borgarfjarðarvegar og Seyðisfjarðarvegar, sem þarna höfðu verið. Ætlunin var, að vegarkaflinn legðist niður sem þjóðvegur, og telur Vegagerð ríkisins, að hann hafi fallið til landeiganda. Vegagerð ríkisins kveðst hafa lokað eldri veginum með búkkum og þverslá á árinu 1972 og stefnt umferð inn á nýja veginn. Í bréfi Gunnars Gunnarssonar, deildarstjóra Vegagerðarinnar, frá 16. apríl 1980, sem liggur frammi í málinu, kemur fram viðhorf Vegagerðarinnar. Segir þar, að þegar nýr vegur er lagður í stað gamals vegar, til þess gerður að þjóna sama hlutverki, sé það nánast undantekningarlaus regla, að gamla veginum með tilheyrandi vegsvæði sé skilað til viðkomandi jarðar og áætlað verðmæti dregið frá bótum fyrir land undir nýja veginn.

Þá segir Gunnar, að svo sem fram komi í málinu, hafi Borgarfjarðarvegur í landi Miðhúsa verið færður af svonefndum Rana

ofar í landi Miðhúsa árið 1972. Gamli vegurinn um Ranann hafi verið lagður niður og því vegarsvæði hans og þar með vegurinn sjálfur fallið aftur til landeiganda. Gamli vegurinn hafi þó ekki verið dreginn frá bótum í þessu tilfelli, sbr. framlagða kvittun til Halldórs Sigurðssonar, bónda í Miðhúsum, dags. 7. júlí 1974. Ástæðan hafi verið sú, að við vegaframkvæmdirnar hafi orðið rask á landamerkjasteinum, sem hafi bakað landeiganda óþægindi og fyrirhöfn. Þess vegna hafi þótt rétt að láta gamla veginn af hendi endurgjaldslaust.

Jónína og Valgerður, stefnendur máls þessa, villtust inn á þennan aflagða vegarkafla. Þá sáust engin merki lengur um þá búkka og þverslá, sem starfsmenn Vegagerðarinnar höfðu sett upp til að loka veginum. Óupplýst er, hvenær, hvernig og hver fjarlægði búkkana. Til hliðar við vegarkafla þennan hafði kauptúnið Egilsstaðir sorphauga, og liggur ljóst fyrir, að íbúar og starfsmenn þorpsins óku að staðaldri um hluta vegarkaflans til að komast að sorphaugunum. Slysið varð þó ekki á þeim hluta vegarkaflans. Í bréfi Guðmundar Magnússonar, sveitarstjóra Egilsstaðahrepps, frá 8. mars 1979 segir m. a.: „Þessi vegur, sem konurnar aka út á, var aflagður fyrir 5 árum, þegar óhappið varð, og nánast ófær, svo furðu gegnir það aðgæsluleysi að álpast út á hann, svo ekki sé meira sagt. Aðalvegurinn er vel úr garði gerður og sýndi það, að þar hlaut umferð til úthéraðs að liggja, en ekki þennan gamla troðning, sem verið hefur algjörlega viðhaldslaus frá 1972, enda ekki notaður.

Þegar ekið er þennan gamla veg, er fyrst að nefna, að aka þarf yfir blindhæð, og þegar kemur upp á hana, er brekka niður og beygja til vinstri, þar sem farið er niður að ruslahaugum Egilsstaðahrepps, sem staðsettir voru þarna í nokkur ár, en voru aflagðir, þegar við settum upp brennsluofn vorið 1976 á allt öðrum stað, eða hér nyrst í landi þorpsins sunnan Eyvindarár.

Þegar Vegagerðin breytti veginum, setti hún upp gulmálaða þverslá á búkkum sem lokunarmerki, en ruslabíllinn komst meðfram enda hennar og út á klöppina við blindhæðina, sem ég greindi frá áður. Skal það sérstaklega tekið fram, að engar hömlur né skilyrði voru sett um aðkeyrslu að haugunum, hvorki frá Vegagerð né landeiganda.

Eftir vorið 1976 er ekki farið á vegum hreppsins að þessum haugum með sorp, en fyrirtæki og einstaklingar fluttu þangað brotajárn og annað rusl, sem ekki fór í brennarann, og var aðstaðan ekki með öllu aflögð fyrr en á s.l. vori."

Þegar slysið varð, voru engar tálmanir eða hættumerki við vegamótin, sem vöruðu vegfarendur við að nota vegarkaflann. Stefnumerki, blátt skilti með hvítri ör, hafði verið sett upp hægra megin við veginn, þar sem haldið var inn á hann. Bauð örin vegfarendum að beygja til hægri. Vegarkaflinn liggur hins vegar í beina stefnu. Nokkuð frá veginum hægra megin var vegvísir, þar sem upp voru taldar þær leiðir, sem skerast við vegamótin nýju þarna nokkru ofar. Ökumaður tók ekkert eftir stefnumerkinu eða vegvísinum. Þar sem slysið varð, er hvarf allt að 50 cm djúpt í veginum. Þarna hafði áður orðið slys af nákvæmlega sömu ástæðum. Bifreiðinni R 47297 var ekið á um 40 km hraða miðað við klukkustund, þegar slysið varð. Samkvæmt frásögn í lögregluskýrslu háttar þannig til þarna, að hvarfið í veginum sést ekki, fyrr en komið er fast að því.

Jónína Eyvindsdóttir hefur komið fyrir dóminn. Hún kvaðst ekkert hafa tekið eftir stefnumerkinu eða vegvísinum, þegar hún ók inn á vegarkaflann. Eftir slysið hafi hún séð stefnumerkið, en það hafi allt verið bögglað. Hún sagði, að sér hefði fundist vegurinn allur mikið ekinn, en hún hefði ekkert tekið eftir sorphaugaafleggjaranum, sem þarna er á vinstri hönd. Hún kvaðst ekkert hafa tekið eftir hvarfinu, fyrr en þær lentu í því. Hvarfið hafi verið í sléttum vegi. Hún kvað enga farartálma hafa verið á þessum vegarkafla og ekkert, sem benti til þess, að ekki ætti að fara hann. Jónína kvaðst hafa tekið ökupróf 52 ára gömul 1973 og hafa ekið töluvert síðan, aðallega út um land.

Valgerður Jónsdóttir hefur komið fyrir dóminn. Hún kvaðst hafa tekið eftir skilti á hárri stöng, þegar þær óku inn á vegarkaflann. Skilti þetta hafi vísað þeim inn á vegarkaflann. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir öðrum vegvísum. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir hvarfinu, fyrr en þær lentu í því.

Þann 2. júní 1980 fóru dómari og lögmenn ásamt Vilhjálmi Jónssyni bónda, Eyvindará, og Einari Rafni Haraldssyni lögreglumanni á vettvang og skoðuðu vegarkaflann allan, þar með talinn slysastaðinn. Vilhjálmur Jónsson benti viðstöddum á mörk jarðar sinnar og Miðhúsa. Í ljós kom, að fyrst þegar ekið er inn á vegarkaflann, er hann í landi Miðhúsa, en liggur inn í land Eyvindarár, rétt áður en komið er að afleggjaranum að sorphaugum Egilsstaðahrepps. Lögreglumaðurinn og Vilhjálmur Jónsson voru sammála um, að hvarfið væri með sömu ummerkjum og þegar slysið varð, nema hvað það væri meira aflíðandi nær Egilsstöðum. Við afleggjarann að sorphaugunum fundust leyfar af gul- og

svartmálaðri slá, sem lögreglumaðurinn og Vilhjálmur sögðu einu sinni hafa legið þarna þvert yfir vegarkaflann.

Yfirheyrslur fóru síðan fram. Einar Rafn Haraldsson lögreglumaður, sé sem gerði uppdráttinn og tók ljósmyndirnar, sem fylgja lögregluskýrslu, kom fyrir dóminn. Staðfesti hann lögregluskýrsluna og meðfylgjandi gögn. Uppdrátturinn er gerður nokkru eftir slysið, og myndirnar munu þá teknar. Hann kvaðst ekki geta fullyrt, að vegvísirinn, sem sést á myndunum, hafi verið kominn upp fyrir slysið. Hann sagði augljóst af myndunum, að aksturs-stefnumerkið sé beyglað, þegar myndirnar eru teknar, en gat ekki fullyrt, hvort svo hefði verið, þegar slysið varð. Hann vísaði til ljósmyndanna um, að aðalvegurinn hefði verið mun meira ekinn og lítil umferð hefði verið um þennan sorphaugaveg, eins og hann komst að orði. Ljóst hefði þó verið, að um gatnamót hans og aðalvegarins var einhver umferð, en eftir að komið var fram hjá sorphaugaafleggjaranum, hefði vegarkaflinn verið greinilega aflagður og ekki ekinn. Förin eftir bifreið stefnenda hefðu verið greinileg, en einnig hefði annarri bifreið, líklega þeirri, sem náði í þær á slysstað, verið ekið um vegarkaflann þarna. Hann mundi eftir svartgulri slá liggjandi á veginum, þegar slysið varð, líklega brotinni. Sláin hafi verið við afleggjarann að sorphaugunum. Áður hefði hún verið uppi, fest við tvo staura, sinn hvorum megin við vegarkaflann. Hann vissi ekki, hver hefði komið þessari slá þarna fyrir, en vitnaði til dómskj. 29, lögregluskýrslu, um, að sláin hefði verið uppi, þegar sú skýrsla er gerð 12. ágúst 1976. Hann mundi eftir slánni brotinni í miðju, en lafandi uppi. Hann sagði, að sér hefði verið sagt, að Dagur Kristmundsson, ökumaður sorpbíls Egilsstaðahrepps, hefði tekið búkkana við vegamót Seyðisfjarðarvegar og vegarkaflans niður, þegar hann hóf sorpflutninga fyrir hreppinn.

Vitnin Björn Benedikt Oddsson og Stefán Vilhjálmsson, sem voru þarna nærri, er slysið varð, hafa komið fyrir dóminn og staðfest frásögn lögreglumannsins um, að augljóst hefði verið, að vegarkaflinn var ekki ekinn, eftir að komið var fram hjá afleggjaranum að sorphaugunum. Björn Benedikt kvaðst hafa séð, þegar slysið varð. Bifreið stefnenda hefði verið ekið óhikað og á nokkurri ferð. Hún hefði kastast alveg yfir hvarfið. Stefán er sonur Vilhjálms bónda á Eyvindará.

Vilhjálmur Jónsson, bóndi Eyvindarstöðum og einn stefndu, hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst aldrei hafa fengið tilkynningu um það frá Vegagerð ríkisins, að vegarkaflinn væri af-

lagður og fallinn til hans. Hann sagðist hafa girt neðan gamla vegarins og ofan þess nýja, eftir að sá nýi var lagður, eða 1973. Hann kvaðst ekki hafa þorað að girða á vegarkaflanum. Hann sagðist ekki hafa fengið bætur vegna lagningar nýja vegarins, en hann hefði fengið greitt fyrir efni, sem hann lagði til hans, en tekið var langt frá veginum. Hann kvaðst ekki hafa notað gamla vegarkaflann, nema þegar hann girti. Þá hefði hann lagað ræsið, þar sem hvarfið er, svo hann kæmist þar sæmilega yfir á traktor. Hann sagði hestamenn nota vegarkaflann, einnig jarðýtur og ferðafólk, sem tjalda þarna nálægt og aka þá inn á hann. Annars væri vegarkaflinn ekki notaður. Hann kvaðst álíta, að starfsmenn Egilsstaðahrepps hefðu komið fyrir slá yfir vegarkaflann við sorphaugaafleggjarann. Eftir slysið sagði hann, að malarhlass hefði verið sett þar á vegarkaflann til þess að loka honum, en ekki vissi hann, hver það gerði.

Halldór Sigurðsson, eigandi Miðhúsa að hluta, hefur komið fyrir dóminn. Hann kvað vegamót Seyðisfjarðarvegar og gamla vegarkaflans vera í landi Miðhúsa. Hann sagðist óljóst muna þar eftir slá, sem hindraði umferð út gamla veginn. Hann vissi ekki, hver fjarlægði slána. Honum var sýnt uppgjör Vegagerðar ríkisins á bótum til hans, dómskj. 28. Hann sagði það vera vegna nýja vegarins. Deila hans og Vegagerðarinar hefði verið hans vegna. Hann sagði það aldrei hafa komið fram, að gamli vegurinn hefði fallið til landeigenda.

Helgi Gíslason, héraðsstjóri Vegagerðar ríkisins, og Ingólfur Steindórsson, verktjóri Vegagerðarinnar, hafa komið fyrir dóm. Þeir voru um það sammála, að vegarkaflanum hefði við vegamót Seyðisfjarðarvegar verið lokað með svartgulri slá, strax og hann var aflagður. Eftir það hefðu þeir Vegagerðarmenn aldrei um vegarkaflann farið eða verið kallaðir til hans vegna. Helgi hélt helst, að starfsmenn Egilsstaðahrepps hefðu flutt slána út fyrir afleggjarann að sorphaugunum. Starfsmenn Vegagerðarinnar hefðu aldrei snert þetta, eftir að þeir höfðu komið slánni upp. Hann sagði það frekar hafa verið Egilsstaðahrepps að halda við merkingum kaflans, eftir að þeir fluttu slána. Hann kvaðst aldrei tilkynna bændum um aflagningu vega. Hann sagði það vera Vegagerðarinnar að sjá um, að lokunarvirkjum vega væri haldið við. Hann taldi ónauðsynlegt að halda við lokunarvirkjum, eftir að varanlegar merkingar hefðu verið settar upp, eins og nú hefði verið gert á mótum kaflans og aðalvegarins.

Guðmundur Magnússon, sveitarstjóri Egilsstaðahrepps, hefur

komið fyrir dóminn og staðfest bréf sitt á dómskj. 22, það sem áður hefur verið rakið. Hann kvaðst ekki vita, hvað varð af lokunarvirkjum Vegagerðarinnar. Síðast kvaðst hann muna eftir því, að sláin var fokin niður og lá niðri. Hann sagði Egilsstaðahrepp hafa séð um snjómokstur á vegarkaflanum frá vegamótum og út á sorphauga. Þeir hafi einnig séð um viðhald afleggjarans að sorphaugunum, en ekkert viðhald hafi þurft frá vegamótunum yfir hæðina að afleggjaranum. Hann taldi, að hefði þurft að fylla upp í pytti eða gera annað við vegarkaflann að afleggjaranum, hefði Egilsstaðahreppur átt að gera það, svo sorpbíllinn kæmist leiðar sinnar.

Dagur Kristmundsson vörubílstjóri hefur komið fyrir dóminn, en hann hefur ekið sorpi fyrir Egilsstaðahrepp. Hann kvaðst hafa hafið þann starfa 1971 eða 1972. Hann mundi ekki, hvort veginum hafði þá verið breytt. Hann kannaðist við, að Vegagerðin hefði lokað vegarkaflanum með gulri og svartri þverslá og hefði blátt akstursstefnumerki verið fest við slána. Hann kvaðst hafa ekið fram hjá þverslánni vinstra megin. Hann kannaðist ekki við að hafa fjarlægt þessa hindrun, en hún hefði oft sligast niður. Þessi hindrun Vegagerðarinnar hafi fyrst verið við vegamótin, en verið flutt út á hæðina, þegar akstursstefnumerkið var sett upp. Hann sagðist ekki vita, hver það gerði. Hann kvaðst muna eftir að hafa fjarlægt bíl stefnenda af slysstað. Til þess að koma bíl sínum út vegarkaflann utan afleggjarans að sorphaugunum hefði hann þurft að fjarlægja hæl í miðjum veginum. Bíll stefnenda hefði þó auðveldlega mátt komast fram hjá hælnum. Þrír hælar hefðu verið þarna í veginum. Hann taldi sig muna eftir slá á þessum hælum, en þorði þó ekki að fullyrða það.

Stefnendur halda því fram, að ófullnægjandi vegmerkingar hafi valdið því, að þær fóru villar vegar og urðu síðan fyrir umferðarslysi vegna hættulegs hvarfs í veginum. Stefnendur álíta, að allir stefndu, þ. e. Vegagerð ríkisins, Egilsstaðahreppur og Vilhjálmur Jónsson, eigandi landsins, hafi vanrækt skyldur sínar að því er varðar merkingar og viðhald vegarins og beri þeir því óskipta bótaábyrgð á tjóni þeirra.

Kröfuna á hendur Vegagerð ríkisins byggja þeir á því, að stofnunin hafi aldrei skilað veginum til landeigenda og hafi því áfram haft yfirráð hans og borið ábyrgð á merkingu hans. Einnig að jafnvel þótt umræddur vegarkafli yrði ekki lengur talinn þjóðvegur, hafi Vegagerðinni borið að sjá svo um, ekki aðeins í upphafi, heldur til frambúðar, að vegvísar og merkingar væru með þeim

hætti, að ekki yrði jafnauðveldlega villst á gamla og nýja þjóðveginum. Benda stefnendur hér sérstaklega á, að fyrirliggjandi gögn sýni, að fleiri en þeir hafi villst inn á vegarkaflann. Þá sé fram komið, að aksturssstefnumerkið hafi verið bögglað og vegvísirinn sé villandi. Vegamótin hafi sýnt merki umferðar inn á vegarkaflann. Því er haldið fram, að stefnendum verði þannig ekki virt það til gáleysis að villast inn á vegarkaflann.

Þá halda þeir því fram, að Vegagerðinni hafi borið að gera við eða merkja hvarfið, sem legið hafi þvert yfir veginn, eða láta loka veginum fyrir almennri umferð að öðrum kosti. Byggja stefnendur þetta á 1. mgr. 65. gr. vegalaga nr. 6/1977, en þar séu skyldur af þessu tagi lagðar á Vegagerð ríkisins að því er varðar opinbera vegi. Verði svo talið, að hér hafi ekki lengur verið um að ræða opinberan veg, benda stefnendur á, að vegurinn hafi verið opinn fyrir almennri umferð og einkavegir, sem opnir séu fyrir almennri umferð, séu háðir eftirliti Vegagerðar ríkisins, bæði að því er varðar gerð og viðhald, sbr. 43. gr. vegalaga. Starfsmenn Vegagerðarinnar hafi hér sýnt af sér stórkostlega vanrækslu, sbr. 65. gr., 2. mgr., vegalaga. Stefnendur vitna til lögregluskýrslu og ljósmynda af staðnum um, að engin leið hafi verið fyrir akandi vegfarendur að koma auga á hvarfið, fyrr en komið var fast að því. Ökumaður hafi sýnt ýtrustu varkárni og því standi ákvæði 65. gr., 2. mgr., vegalaga ekki því í vegi, að Vegagerð ríkisins verði dæmd skaðabótaskyld. Þá benda stefnendur á, að telji dómurinn vegarkaflann ekki vera opinberan veg, sbr. 65. gr., 1. mgr., vegalaga, þar sem honum hafi verið skilað til landeiganda, eigi slíkt að leiða til þess, að undanþáguregla 2. mgr. þeirrar sömu greinar eigi ekki við. Einfalt gáleysi starfsmanna Vegagerðarinnar nægi þá til bótaábyrgðar.

Kröfuna á hendur Egilsstaðahreppi reisa stefnendur á því, að starfsmenn hreppsins hafi haldið umræddum vegarkafla opnum, þeir hafi notað hann til þess að komast að afleggjara til sorphauga hreppsins án þess að setja upp viðhlítandi merkingar, sem vöruðu vegfarendur við að nota veginn, enda þótt full ástæða væri til að óttast, að vegfarendur villtust á honum og þjóðveginum. Ábyrgð Egilsstaðahrepps sé þeim mun ríkari, þar sem að sitt hvað bendi til þess, að starfsmenn hreppsins hafi tekið upphaflegar umferðartálmanir Vegagerðar ríkisins niður til að komast að sorphaugunum.

Kröfu sína á hendur Vilhjálmi Jónssyni byggja stefnendur á því, að mjög hafi á skort, að hann sem landeigandi hagaði um-

búnaði fasteignar sinnar þannig, að ekki stafaði hætta fyrir vegfarendur. Slysið hafi orðið á vegarkafla í landi Vilhjálms, en veg þennan telji Vegagerðin sig hafa lagt niður sem þjóðveg árið 1972 og hann þá fallið til landeiganda. Vanræksla Vilhjálms felist bæði í því að láta ekki merkja eða loka veginum, þannig að ekki væri hætta á, að vegfarendur villtust á honum og þjóðveginum, og í því að hafa hvorki gert við né merkt umrætt hvarf í veginum.

Af hálfu ríkissjóðs og Vegagerðar ríkisins er því mótmælt, að nokkur bótaskylda hafi skapast hér á hendur ríkissjóði. Byggir lögmaður þessara aðilja á því, að gamli vegarkaflinn í landi Eyvindarár sé ekki lengur þjóðvegur í skilningi vegalaga. Hann sé því hvorki í umsjá né á ábyrgð Vegagerðar ríkisins að því marki, að varðað geti bótaábyrgð í tilvikum sem þessum. Þar að auki hafi Vegagerð rkisins gert þær ráðstafanir, sem af henni verði krafist, til glöggvunar akstursleiða á þessum slóðum. Kaflinn í landi Eyvindarár, þar sem slysið varð þann 26. júní 1977, hafi ekki verið opinber vegur í skilningi vegalaga frá því á árinu 1972, er nýi þjóðvegurinn var opnaður. Honum hafi þá að fullu verið skilað til landeiganda, eins og venja sé, og teljist hann einkavegur upp frá því. Ákvæði 11. kafla vegalaga nr. 6/1977 um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum geti því ekki átt við um hann. Samkvæmt gagnályktun frá 2. mgr. 65. gr. laganna sé ljóst, að Vegagerð ríkisins beri ekki bótaábyrgð á tjónum, er hljótast kunna af slysum á öðrum vegum en opinberum. Að vísu sé svo fyrir mælt í 3. gr. vegalaga, að þeir einkavegir, sem opnir séu fyrir almennri umferð, séu háðir eftirliti Vegagerðar ríkisins, bæði að því er varði gerð og viðhald. Af orðalagi greinarinnar og með hlðsjón af 11. kafla laganna sé þó ljóst, að hér sé Vegagerðinni einungis ætlað að fylgjast með gerð og ástandi einkavega, sem opnir eru fyrir almennri umferð, og gera tillögur til úrbóta, er eigendur síðan eigi að framkvæma. Vanræksla á viðhaldi þessara vega geti því ekki skapað Vegagerðinni sjálfstæða bótaábyrgð, nema hún láti sig opna einkavegi alls engu skipta. Þetta álitaefni eigi ekki við í máli því, sem hér sé til úrlausnar. Vegagerðin hafi látið loka þessum vegarkafla með búkkum og þverslám þegar á árinu 1972 og hafi ekki verið til þess ætlast, að einkavegur þessi yrði opnaður að nýju fyrir almennri umferð. Allri umferð hafi verið stefnt á nýja þjóðveginn með greinilegu aksturssstefnumerki og síðar hafi nánari vegvísi verið bætt við. Þá er því haldið fram af hálfu ríkissjóðs og Vegagerð-

arinnar, að bótaskilyrði 2. mgr. 65. gr. vegalaga nr. 6/1977 séu tvenns konar. Annars vegar þurfi til að koma stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna Vegagerðar ríkisins. Hins vegar verði að liggja fyrir sönnun þess, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýtrustu varkárni. Af öllum málavöxtum sé sýnt, að um stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna Vegagerðar ríkisins sé ekki um að ræða í meðferð gamla þjóðvegarins í landi Eyvindarár í Egilsstaðahreppi. Þvert á móti hafi Vegagerðin séð til þess á árinu 1972, um leið og nýi þjóðvegurinn til Eiða var tekinn í notkun, að gamla veginum var rammlega lokað og vegfarendum beint um nýja veginn með leiðbeiningarmerkjum, sem ekki hafi verið mögulegt með góðri gætni að komast hjá að veita athygli og fara eftir. Tjón stefnenda verði fyrst og fremst rakið til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Hann taki ekki eftir merkingum við vegamótin, ekki eftir afleggjaranum að sorphaugunum og ekki eftir hvarfinu. Þótt Vegagerðinni hafi verið kunnugt um opnun vegarins að nýju og not hans af hálfu sveitarstjórnarinnar, felli það með engu móti ábyrgð á hana skv. 2. mgr. 65. gr. vegalaganna. Vegagerðin hafi staðið í þeirri góðu trú, að vegurinn væri ekki lengur opinber í skilningi vegalaga og notkun hans á ábyrgð landeiganda og Egilsstaðahrepps.

Af hálfu Egilsstaðahrepps er á það bent, að slysið hafi orðið á aflögðum þjóðvegi, en viðhald og eftirlit með þjóðvegum heyri ekki undir hreppinn. Merking og frágangur þjóðvega eða þjóðvega, sem teknir hafi verið úr notkun, séu ekki í hans höndum. Þegar af þessari ástæðu beri að sýkna hreppinn af kröfum stefnenda í máli þessu. Ef um bótaábyrgð sé að ræða vegna slyssins, hljóti hún að falla á Vegagerð ríkisins eða landeiganda, sbr. 4. málslið 1. mgr. 61. gr. vegalaga nr. 6/1977, að svo miklu leyti sem stefnendur verði ekki að bera tjón sitt sjálfir sökum stórfellds gáleysis ökumanns R 47297. Af hálfu hreppsins er því alfarið mótmælt, að hreppurinn eða starfsmenn hans hafi fjarlægt vegartálmann, sem Vegagerðin hafði komið upp við vegarkaflann. Þá er því haldið fram af hálfu hreppsins, að á mótum aflagða vegarins og afleggjarans að sorphaugunum hafi verið settur upp annar vegartálmi, gul slá með svörtum þverröndum, en hann hafi verið brotinn niður af ökumanni þeim, sem áður hefði lent í slysi á þessum aflagða vegarspotta. Þá er á það bent, að þegar slys þetta varð, hafi verið bjart af degi, þannig að mismunur á ástandi þjóðvegarins og aflagða vegarins hefði mátt vera hverjum ökumanni augljós, annars vegar hafi verið upphleyptur vegur,

sem vel var við haldið, en hins vegar alger óvegur sökum viðhaldsleysis um árabil. Auk þessa hafi svo akstursleiðin verið merkt, eins og áður getur. Hafi ökumaður ekki áttað sig á þessu strax, hefði hann átt að átta sig á því á leiðinni frá vegamótunum að slysstaðnum, að hann fór villur vegar, og því hafi verið rík ástæða fyrir hann að fara að öllu með fyllstu aðgát, en það hafi mjög skort.

Af hálfu stefnda Vilhjálms Jónssonar er á því byggt: 1. Að Vegagerð ríkisins hafi aldrei tilsagt honum vegarkafla þann, er slysið varð á. Í því sambandi er bent á, að hefði stefnda verið ljóst, að hann ætti ráðstöfunarrétt á vegarkaflanum, hefði hann notað hann sem girðingarstæði, er hann girti neðan hans, eftir að nýi vegurinn var gerður. 2. Gatnamótin á nýja og gamla Borgarfjarðarvegi séu ekki í landi hans og því honum þegar af þeirri ástæðu óskilt að halda þar uppi aðvörunarmerkjum. 3. Stjórnandi bifreiðarinnar R 47297 hafi alfarið ekið eftir reglunni „mér finnst bara best að fara beint af augum“ og sé því vart um aðra að sakast um óhapp þetta.

Varakröfur stefndu eru byggðar á því, að ökumaður R 47297 eigi alla vega hluta sakar á því, hvernig til tókst.

Einnig er kröfuupphæðum mótmælt sem of háum.

Álit dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins, sem að framan eru rakin, var Borgarfjarðarvegur færður af svonefndum Rana og ofar í lönd jarðanna Miðhúsa og Eyvindarár árið 1972. Samkvæmt bréfi Vegagerðar ríkisins til lögmanns stofnunarinnar, dags. 16. apríl 1980, en það er rakið hér að framan, telur Vegagerðin, að þá hafi vegurinn verið lagður niður og vegarstæði hans og þar með vegurinn sjálfur fallið aftur til landeigenda. Fram er komið af framburðum aðilja og vitna, að Vegagerðin lét loka veginum við þetta tækifæri. Að þessu athuguðu þykir verða við það að miða, að eftir færslu vegarins hafi vegarkaflinn um Ranann, þar sem slysið varð, ekki verið opinber vegur í skilningi vegalaga nr. 6/1977, sbr. 2. gr. þeirra. Ákvæði XI. kafla laganna um viðhald og reglur um umferð á opinberum vegum eiga því ekki hér við.

Samkvæmt lögregluskýrslu og öðrum gögnum málsins hafði Vegagerðin, þá er slysið varð, sett upp akstursstefnumerki á vegamótunum, Seyðifjarðavegar og vegarkaflans. Akstursstefnumerki þetta bauð vegfarendum að aka áfram eftir Seyðisfjarðarvegi, sbr. 7. gr. reglug. nr. 61/1959, sem í gildi var, þegar slys þetta gerðist.

Vegarkaflinn var þannig ekki opinn fyrir almennri umferð. Stefnumerkið sést langt að og er greinilega staðsett. Ósannað er, að það hafi verið, þá er slysið gerðist, bögglað eða beygt, þannig að ekki hafi mátt greinilega skilja, hvað við var átt. Ljósmynd, sem tekin er af vegamótum þessum 2. ágúst 1977, rúmum mánuði eftir slysið, virðist bera með sér, að merkið sé lítillega beygt, en það breytir þó ekki þessari niðurstöðu. Vegagerð ríkisins hafði þannig uppfyllt skyldur sínar skv. 3. mgr. 66. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 um merkingar vega.

Jónína Eyvindsdóttir, sem ók bifreið þeirra stefnenda, hefur fyrir dómi borið, að hún hafi ekkert tekið eftir þessu aksturs-stefnumerki, þá er hún ók inn á vegarkaflann. Verður við það að miða samkvæmt framanrituðu, að stefnendur geti ekki gert aðra ábyrgða fyrir þeirri villu hennar.

Samanber 1. mgr. 37. gr. vegalaga nr. 6/1977 þykir verða við það að miða, að þegar hér var komið sögu, hafi vegarkaflinn talist einkavegur, og fer því um hann að ákvæðum VI. kafla laganna.

Þar sem hann var samkvæmt áðurgreindum merkingum ekki opinn fyrir almennri umferð, bar Vegagerðinni ekki að hafa eftirlit með honum sem slíkum, sbr. gagnályktun af 43. gr. vegalaga nr. 6/1977. Eftir því sem hér hefur verið skráð, þykir Vegagerð ríkisins ekki verða gerð ábyrg fyrir tjóni stefnenda.

Af hálfu Egilsstaðahrepps er það viðurkennt, að þeim hafi borið að halda við vegarkaflanum út að afleggjaranum að sorphaugunum, enda var vegarkaflinn þangað notaður í þágu hreppsins. Slysið verður ekki á þeim hluta vegarkaflans. Vitni eru sammála um, að eftir að komið var fram hjá afleggjaranum, hafi vegarkaflinn nær ekkert verið notaður af venjulegum ökutækjum. Þannig er fram komið, að vegarkaflinn var ekki opinn fyrir almennri umferð, og sá hluti hans, þar sem slysið varð, var ónotaður af venjulegum ökutækjum. Samkvæmt 40 gr. vegalaga nr. 6/1977 er viðhald einkavega miðað við not þeirra. Þykir því verða við það að miða, að hvorki Egilsstaðahreppi né landeiganda hafi borið að halda við vegarkaflanum, eftir að komið var fram hjá afleggjaranum.

Vitni eru sammála um, að eftir að komið er fram hjá afleggjaranum að sorphaugunum, hafi vegurinn greinilega borið þess vitni, að hann var nær ekkert ekinn af venjulegum ökutækjum. Ljósmyndir teknar rúmum mánuði eftir slysið styðja þann framburð. Skoðun á vettvangi 2. júní sl. staðfestir, að svo er ekki í dag. Nýi vegurinn sést greinilegaa af vegarkaflanum. Jónína Eyvindsdótt-

ir, ökumaður R 47297, hefði því mátt gera sér grein fyrir, að ekki var hér allt sem skyldi, og hefði átt að sýna ýtrustu varkárni. Vitnið Björn Benedikt, sem sá til ferða stefnenda, segir þó, að hún hafi ekið óhikað. Hún hefur sjálf borið, að hún hafi ekki tekið eftir afleggjaranum að sorphaugunum og ekkert eftir hvarfinu, fyrr en bifreið stefnenda lenti í því. Verður ekki annað sagt en að athygli ökumanns hafi verið með ólíkindum lítil.

Af því, sem hér hefur verið rakið, þykja stefnendur ekki geta gert aðra ábyrga fyrir óhappi sínu, og ber því að sýkna alla stefndu af öllum kröfum stefnenda.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta, að hver aðilji beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins, Egilsstaðahreppur og Vilhjálmur Jónsson, bóndi Eyvindará, skulu sýknir af öllum kröfum stefenda, Jónínu Eyvindsdóttur og Valgerðar Jónsdóttur, í máli þessu.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað í málinu.

Miðvikudaginn 15. desember 1982.

Nr. 248/1980. **Slippfélagið í Reykjavík h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Útgerðarfélagi Vesturlands h/f
(Valgarð Briem hrl.).

Árekstur skips á bryggju. Skaðabótamál. Frávísun frá héraðsdómi að hluta. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðmund-

ur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1980. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 162.114.54 krónur (nýkr.) með 22% ársvöxtum frá 10. apríl 1979 til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda svo og að viðurkennt verði, að hann eigi sjóveðrétt í v/s Óskari Magnússyni, AK 177, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sér verði „einungis gert að greiða helming stefnufjárhæðarinnar eða aðra fjárhæð að mati réttarins", en málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Áfrýjandi hefur stefnt Tryggingamiðstöðinni h/f, vátryggjanda v/s Óskars Magnússonar, fyrir Hæstarétt til að gæta réttar síns.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fyrir Hæstarétti andmælir stefndi því ekki, að ásigling v/s Óskars Magnússonar á bryggju áfrýjanda hafi orðið með þeim atvikum, að fébótaregla 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963 eigi hér við, en heldur því fram, að áfrýjandi verði að bera tjón sitt að mestu sjálfur vegna ástands bryggjunnar. Hann ber eigi heldur fyrir sig fyrir Hæstarétti takmörkun skaðabótaábyrgðar samkvæmt IX. kafla siglingalaga.

Sannað er með matsgerðum hinna dómkvöddu manna, að bryggja áfrýjanda var úr sér gengin og margir bryggjustaurar brotnir. Bryggjunni var af þessu ástæðum mun hættara en ella, ef hún varð fyrir hnjaski af völdum skipa, sem vísað var að henni, áður en þau voru tekin í dráttarbraut. Þetta veitti starfsmönnum áfrýjanda ástæðu til að vekja athygli skipstjórnarmanna á því, að brýnt væri, að þeir færu með sérstakri gát, er þeir legðu skipum sínum að

bryggjunni. Samkvæmt þessu og þar sem ætla verður, að tjón á bryggjunni hefði orðið mun minna við ásiglingu v/s Óskars Magnússonar, ef bryggjan hefði ekki verið svo löskuð og úr sér gengin sem raun var á, þykir rétt, að áfrýjandi beri sjálfur að nokkru tjón sitt af því, að bryggjan eyðilagðist við ásiglinguna.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Verðmæti bryggjunnar, svo sem það var metið af yfirmatsmönnum	97.500.00 kr.
2. Kostnaður áfrýjanda við að ná braki úr bryggjunni á land svo og kostnaður hans vegna viðgerða á spjöllum, er brakið olli á öðrum mannvirkjum hans	56.414.54 —
3. Þóknun yfirmatsmanna	8.200.00 —
Samtals	162.114.54 kr.

Um 1. kröfulið: Enginn ágreiningur er um það, að verðmæti bryggjunnar hafi numið þessari fjárhæð. Með vísan til þess, er áður var sagt um skiptingu tjóns milli málsaðilja vegna ásiglingarinnar, þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina með 65.000.00 krónum.

UM 2. kröfulið: Ekki nýtur við neinna viðhlítandi sönnunargagna um tjón á mannvirkjum áfrýjanda af völdum braks úr bryggjunni. Reikningur áfrýjanda um kostnað af því að ná brakinu á land og af viðgerð á spjöllum á mannvirkjum af þess völdum er ekki studdur fylgigögnum, sem hald sé í. Þykir kröfuliður þessi svo vanreifaður, að vísa beri honum frá héraðsdómi.

Um 3. kröfulið: Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, hefur sjó- og verslunardómurinn dæmt áfrýjanda matskostnað þennan sem hluta af málskostnaði. Þykir rétt að láta við þá ákvörðun sitja.

Áfrýjandi hefur fyrir Hæstarétti hagað vaxtakröfu sinni á þann veg, að frá 2. júní 1981 til greiðsludags krefst hann dómvaxta samkvæmt lögum nr. 56/1979 af dæmdri fjárhæð.

Þar sem málið var höfðað löngu eftir að þau lög tóku gildi, án þess að krafa um dómvexti væri gerð fyrir héraðsdómi, þykir ekki eiga að taka til greina þessa breytingu á kröfugerðinni, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Ákvæði héraðsdóms um upphafstíma vaxta sætir engur andmælum. Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 65.000.00 krónur með 22% ársvöxtum frá 10. apríl 1979 til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní 1981, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn verður 16.000.00 krónur.

Samkvæmt 4. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 verður viðurkennt, að áfrýjandi eigi sjóveðrétt í v/s Óskari Magnússyni, AK 177, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Framangreindum kröfulið er vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Útgerðarfélag Vesturlands h/f greiði áfrýjanda, Slippfélaginu í Reykjavík h/f, 65.000.00 krónur með 22% ársvöxtum frá 10. apríl 1979 til 1. september s. á, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní 1981, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað á að vera óraskað, en stefndi greiði áfrýjanda 16.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Óskari Magnússyni, AK 117, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. október sl., hefur Slippfélagið í Reykjavík h/f höfðað með stefnu, birtri 1. apríl sl., fyrir dóminum á hendur eiganda vélskipsins Óskars Magnússonar, AK 177, Útgerðarfélagi Vesturlands h/f, Akranesi, svo og á hendur vátryggjanda skipsins, Tryggingamiðstöðinni h/f, Reykjavík, til réttargæslu.

Fyrir réttinum gerir stefnandi þær dómkröfur, að eigandi m/s Óskars Magnússonar, AK 177, Útgerðarfélag Vesturlands h/f, Akranesi, verði dæmt til að greiða honum kr. 16.211.454 með 22% ársvöxtum frá 10. apríl 1979 til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til greðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Þá gerir hann kröfu til, að viðurkennt verði með dómi sjóveð í vélskipinu Óskari Magnússyni, AK 177, eign stefnda.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Af hálfu stefndu er sótt þing. Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar. Stefndi gerir hins vegar þær kröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara gerir hann þá kröfu, að sök verði skipt í málinu, og verði ekki um sýknu að ræða, krefst hann verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda þ. á m., að beitt verði ákvæðum IX. kafla siglingalaga nr. 63/1966 um takmörkun ábyrgðar útgerðarmanna, ef þörf krefur. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu, þar með talinn kostnaður við matsgerð.

Sáttaumleitanir fóru fram fyrir dóminum án árangurs.

Málavextir eru þeir, að þann 10. apríl 1979, þegar taka átti m/s Óskar Magnússon, AK 177, upp í slipp Slippfélags Reykjavíkur h/f, vildi það óhapp til, að skipið rakst framan á austurhorn setningarbryggju Slippfélagsins. Við höggið lagðist niður um það bil helmingur bryggjunnar. Næstu nótt, aðfaranótt 11. apríl 1979, féll hinn helmingurinn og lagðist þvert yfir brautir slippsins. Þegar svo var komið, var gripið til þess ráðs að hluta bryggjuna í sundur og hífa á land.

Vegna þessa atburðar var haldið sjópróf fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur þann 17. apríl 1979.

Þar var lögð fram skýrsla Guðmundar H. Sigurðssonar, yfirverktjóra Slippfélagsins. Þar er svo skýrt nánar frá atburði þessum:

„Þriðjudaginn 10. apríl 1979 átti m/s „ÓSKAR MAGNÚSSON", AK-177, pantað slippláss hjá Slippfélaginu í Reykjavík. Um kl. 1600 lagði skipið af stað frá austurkanti Ægisgarðs áleiðis að setningsbryggju Slippfélagsins, undirritaður hafði gefið skipsstjórnarmönnum fyrirmæli um að leggja skipinu austan á setningsbryggjuna, með stjórnborðshlið að bryggju. Ég fylgdist með komu skipsins úr skrifstofuglugga mínum á 2. hæð í austurenda Slipphússins. Ekki sá ég neitt athugavert við siglingu skipsins, fyrr en það átti eftir ca. tvær til þrjár skipslengdir að bryggjuendanum, en þá stefndi skipið á vesturhorn bryggjuendans og hægði lítið sem ekkert á ferð. Setningsstjóri, Jóhannes Eggertsson, var á bryggjuendanum ásamt sínum setningsmönnum, og sá ég þá taka til fótanna í átt til lands, þegar skipið átti eftir um eina til tvær skipslengdir að bryggjuendanum, því þeim var þá orðið ljóst af ferð skipsins og stefnu, að árekstri varð ekki forðað (sic). Hliðarskrúfa skipsins fór í gang, þegar skipið átti ófarna nokkra metra að bryggjuendanum, og breyttist þá stefna skipsins þannig, að stefnið rakst í austurhorn bryggjunnar og hafði þá talsverða ferð áfram og á bakborða.

Bryggjan skekktist að landi og síðan með stefnu skipsins í austur, og brotnaði þannig niður strax um helmingur hennar, eða um 30 m. (Bryggjan er öll 60,2 m á lengd). Þegar árekstrinn varð, voru setningsmenn allir komnir yfir á þann enda bryggjunnar, sem uppi stóð, og engan sakaði. Bryggjuendinn, sem uppi stóð, var talsvert skakkur eftir árekstrinn, og féll hann að mestu á næstu fjöru. Þrátt fyrir óhappið tókst að ná skipinu í slipp án teljandi tafa, og má þakka það að hluta góðum stjórntækjum skipsins, því skipstjórnarmenn gátu þá haldið skipinu svo til kyrru, á meðan gengið var frá landfestum. Að lokum skal þess getið, að ekki sá ég neinn skipsmann í stafni, meðan á siglingu stóð."

Guðmundur staðfesti þessa skýrslu við sjóprófin.

Guðmundur Einar Sveinsson, skipstjóri á m/s Óskari Magnússyni, skýrði svo frá fyrir réttinum, að hann hefði verið að koma frá Ægisgarði og hafi verið á mjög lítilli ferð. Hann hafi verið að fara í dráttarbrautina, sem liggi milli setningarbryggjunnar og Ægisgarðs. Hann hafi verið að bíða eftir því, að stefnið kæmi rétt að bryggjunni, svo hann kæmist réttu megin við hana. Ferð

skipsins hafi verið lítil og það því verið dálítið lengi á leiðinni. Hann hafi ekki séð vel til og því verið kominn lengra en hann hélt. Hann hafi haldið, að skipið væri ekki komið svona nálægt bryggjunni. Skipið hafi verð alveg ferðlaust, aðallega fokið undan vindinum. Vindurinn hafi verið aftan til á stjórnborða 4—6 vindstig. Þeir hafi alveg verið búnir að stöðva skrúfuna. Áframferðin hafi örugglega verið ákaflega lítil, en þar sem hann hélt sig sleppa við bryggjuna, hafi verið vont að giska á hliðarferð. Það hafi verið í snúningu sem skipið rakst á bryggjuna.

Hann sagði ákomuna á skipið hafa verið mjög framarlega, alveg framundir dekki. Höggið hafi ekki verið meira en það, að enginn um borð hafi fundið það og ekkert hafi séð á skipinu.

Hann taldi skipið hafa rekist á norðvesturhlið bryggjunnar, en gagnstæð hlið hafi lagst niður.

Hann sagði einn mann hafa verið á þilfari. Hann hafi verið á leið fram á.

Jóhannes Eggertsson, setningarstjóri hjá Slippfélaginu, kvaðst hafa verið á bryggjunni, þegar óhappið varð. Hann hafi reynt að gera skipstjóranum aðvart, þegar hann sá, að hverju stefndi, síðan hafi hann forðað sér. Hann sagði skipið hafa rekist á bryggjuna að austanverðu. Það hafi verið stefnið sjálft, sem rakst á bryggjuna. Ákomurnar á skipinu hafi verið á stefninu rétt ofan við sjólínu eða í sjólínuhæð.

Hann sagði skipið ekki hafa verið á mikilli ferð, en þetta sé þungt skip og þungur skriður á því. Skipið hafi verið í snúningi, þegar áreksturinn varð, og skriðurinn í snúninginn.

Hann sagði bryggjuna hafa lagst í austur undan skipinu. Bryggjan væri orðin gömul og ekki hægt að segja, að hún væri í fyrsta flokks ástandi. Hann sagðist ekki hafa gert sér mikla grein fyrir högginu, sem á bryggjuna kom, þar sem hann hafi verið á hlaupum eftir henni, en aðrir, sem á bryggjunni voru, hafi sagt þetta gott högg.

Þann 27. apríl 1979 skoðaði lögreglan á Akranesi stefni skipsins, þar sem það lá í Akraneshöfn. Í skýrslu lögreglunnar segir, að þetta hafi verið gert að beiðni Sigurðar Halldórssonar, framkvæmdastjóra Útvegsþjónustunnar h/f, Akranesi. Segir lögreglan, að engar skemmdir hafi verið sýnilegar á stefninu utan rispur og skrap á málingu. Þann 29. apríl 1979 gefur nefndur Sigurður Halldórsson skýrslu um sína skoðun á skipinu. Segir þar, að ekki megi merkja dæld á stefnisplötu, en máling hafi skrapast þar af.

Þann 10. apríl 1979 athugaði Kristján Sveinsson kafari skemmd-

irnar, sem orðið höfðu á bryggjunni. Segir hann í skýrslu, dags. 4. maí 1979, að hann hafi verið kominn á staðinn kl. 1900 og hafi hafið köfun við bryggjuna. Í ljós hafi komið, að fimmtán staurar í útenda hennar hafi verið brotnir niður við botn, sjö öðrum megin, en átta hinum megin. Þá hafi þverbitar og stög einnig verið brotin. Hann skoðaði ekki þann enda bryggjunnar, sem honum virtist standa uppi.

Þann 20. apríl 1979 voru að ósk vátryggjanda skipsins, Tryggingamiðstöðvarinnar h/f, þeir Hannes Jón Valdimarsson verkfræðingur og Andrés Árnason verkstjóri dómkvaddir til að skoða og meta bryggjuna. Matsmennirnir framkvæmdu skoðun sína þann 27. apríl 1979 að viðstöddum fulltrúum Slippfélagsins og Tryggingamiðstöðvarinnar. Þegar skoðunin fór fram, lágu efniviðir bryggjunnar í tveimur ólögulegum hrúgum á landi Slippfélagsins, og sáu matsmenn aldrei bryggjuna, eins og hún var eftir áreksturinn.

Matsmenn lýsa aðferð sinni við matið svo:

„Í framhaldi af skoðun ákváðu matsmenn að raða upp og flokka bryggjustaura, en þeir eru helstu burðarvirki bryggjunnar. Við þessa flokkun tókst að finna alla staura bryggjunnar, alls 40 að tölu. Að vísu er nokkur óvissa um, hvernig raða ber saman nokkrum staurum, sem voru tvíbrotnir eða höfðu verið sagaðir í sundur, þegar bryggjan var tekin í land, en sú óvissa ætti ekki að skipta máli í heildarmati.

Helsta einkenni stauranna er, að þeir virðast allir brotnir við botn, þ. e. 7 til 10 metrum neðan við bryggjudekk eða 2 til 5 metrum neðan við meðalstórstraumsfjöru.

Að mati matsmanna er meira en helmingur brotflata staura við botn gamlir brotfletir. Þetta má ráða af, að í sárinu er harðnaður leir, gróður og fastgrónar skeljar. Svo virðist sem þessi hluti stauranna hafi ýmist hvílt án samloðunar við samsvarandi stubb í botni eða jafnvel að staurar hafi færst af enda í botni og hafi einfaldlega staðið á botni. Hluti þeirra staura, sem ekki voru augsýnilega brotnir áður, sýndu merki um rýrðan styrk, þ. e. sýndu merki um eldri áverka, höfðu klofnað áður eða voru feysknir. Aðeins fáir staurar virtust nýbrotnir, og virtust þeir staurar vera nýlegir, sem sjá má af því, að þeir báru enn merki um fúavörn og óskemmdan við.

Auk ofangreindra áverka voru margir staurar maðkétnir og jafnvel sundurétnir um sjólínu.

Við flokkunina fundust 3 óyggjandi skástaurar, sem hafa það

hlutverk að styrkja bryggju gegn hliðarátaki. Einn þessara staura var sundurétinn af maðki.

Ómögulegt reyndist að fá nokkura heildarmynd af öðrum bryggjuhlutum aðallega vegna þess, hvernig staðið var að rifi bryggjunnar, og auk þess hafði hluti af þessum bryggjuhlutum verið sagaður niður til annarra nota.

Það, sem sjá mátti af stífum, töngum og bitum, sýndi, að þessir bryggjuhlutar hafa verið endurnýjaðir á mismunandi tímum. Þetta sést bæði af því, að mismunandi efni er í þessum bryggjuhlutum og eins að hluti bolta og festinga er nýlegur. Bryggjudekk virðist heillegt."

Matsmenn svara síðan fjórum spurningum, sem fyrir þá eru lagðar í matsbeiðni.

Spurningarnar og svörin eru þessi:

Spurning 1:

„Hvort þeir telji, að efniviður, undirstöður og frágangur bryggjunnar hafi verið fullnægjandi miðað við það hlutverk, sem bryggjunni var ætlað, bæði þegar skip voru tekin í slipp og eins við sjósetningu."

Svar 1:

„Samkvæmt upplýsingum fulltrúa Slippfélagsins er aðalhlutverk bryggjunnar það, að skip geti lagst að henni og bundið sig við hana, á meðan skipið er stillt af til slipptöku.

Þannig verður bryggjan að geta tekið á sig skipsstuð og einnig vindálag frá skipi, sem við hana liggur.

Í upphaflegu ástandi hefur bryggjan í aðalatriðum haft styrk til að gegna þessu hlutverki. Skástaurar voru í endalokum til að veita mótstöðu gegn hliðarátaki, en engir skástaurar í millilokum. Þá voru engar stífur í lengdarátt bryggjunnar.

Telja verður, að ástand staura við botn hafi verið orðið þannig, að bryggjan hafi misst svo mikinn styrk, að hún hafi ekki getað uppfyllt upprunalegt hlutverk."

Spurning 2:

„Hvort sjáanlegar séu á bryggjunni eldri skemmdir, óviðgerðar, og ef svo er, að hve miklu leyti þær kunni að hafa átt þátt í því, hvernig fór í umrætt sinn."

Svar 2:

„Eins og fram kemur hér að framan, má sjá merki um eldri skemmdir á staurum við botn. Ekki hefur verið gert við þessar skemmdir, og það er mat matsmanna, að þeir hafi átt mestan þátt í því, að svo fór sem fór í umrætt sinn."

Spurning 3:

„Að þeir meti til fjár kostnað við viðgerð á bryggjunni og aðgreint verði, ef hægt er, hve mikinn hluta kostnaðarins megi rekja beint til þess, að Ókar Magnússon AK 177 rakst í bryggjuna 10. 4. s. l. og hvað til annars, þ. e. eldri skemmda og slits o. þ. h."

Svar 3:

„Eins og mál þróuðust, er tilgangslaust að tala um viðgerð á bryggjunni.

Eftir að Slippfélagið dró bryggjuna á land, er hún ónýt og einskis virði, nema hvað eitthvað er hægt að nýta í önnur mannvirki.

Á sama hátt má áætla, að bryggjan hafi verið ónýt eftir árekturinn, þ. e. eftir að hún lagðist öll á hliðina.

Kostnaðurinn af að fjarlægja hana er líklega meiri en verðmæti þess efnis, sem nýtist í annað."

Spurning 4:

„Að ef bryggjan verði metin ónýt eftir óhapp þetta, að matsmenn lýsi skoðun sinni á verðmæti bryggjunnar fyrir umrætt óhapp."

Svar 4:

„Eins og fram hefur komið, er það mat matsmanna, að staurar bryggjunnar hafi verið orðnir svo veikir, að bryggjan gat ekki lengur rækt hlutverk sitt sem stýring fyrir slipptöku skipa. Að okkar mati var fyrir árekturinn orðið nauðsynlegt að endendurnýja staura og þar með að endurnýja hiðarstífingu bryggjunnar.

Að okkar mati er kostnaður við nýja bryggju um 26 milljónir króna.

Áætla má, að gamla bryggjan hefði getað nýst sem vinnuaðstaða við endursmíð, og er sú vinnuaðstaða metin á 10% af nýbyggingu, eða 2,6 milljónir króna. Þá hefði mátt nota hluta

af bitum og bryggjudekki í endurnýjun bryggju, og eru þau verðmæti metin á 1,0 milljón króna.
Alls er því verðmæti bryggjunnar fyrir árekstur metin sem 3,6 milljónir króna sem vinnuaðstaða og hluti nýrrar bryggju."

Slippfélagið í Reykjavík h/f undi ekki mati þessu, og þann 6. júlí 1979 fór fyrirtækið fram á dómkvaðningu yfirmatmanna. Var þess óskað, að þeir mætu yfirmati verðgildi setningarbryggju Slippfélagsins, eins og hún var, áður en m/s Óskar Magnússon, AK 177, sigldi á hana þann 10. apríl 1979.
Til þess að framkvæma umbeðið mat voru þann 9. júlí 1979 dómkvaddir þeir Skúli Guðmundsson verkfræðingur, Jón Guðmundsson verkfræðingur og Sverrir Björnsson yfirverkstjóri. Þeir skiluðu matsgerð sinni þann 21. desember 1979. Í matsgerðinni er skoðun matsmanna fyrst lýst, síðan segir:

„1.2 Lýsing á aðstæðum:
Eins og fram kemur í lýsingu matsmanna, Andrésar Árnasonar og Hannesar Valdimarssonar, var bryggjan tekin á land eftir áreksturinn og fór við það úr skorðum.
Sú heildarmynd, sem yfirmatsmenn fengu af ástandi bryggjunnar við skoðun rústanna og viðræðum við yfirverkstjóra Slippfélagsins ásamt skoðun uppdrátta af bryggjunni, dags. 15. apríl og síðar dags. 15. ágúst 1979, var í aðalatriðum sú sama og fram kemur í 2. kafla matsgerðar Andrésar og Hannesar, þ. e. að mikill hluti stauranna hafi verið brotinn, áður en áreksturinn varð.
Við þetta má þó bæta, að fram kom við skoðunargerð yfirmatsmanna og í sjópróf um, að kafaraskoðun hefði farið fram ca. 1959, en þá skoðaði Guðmundur H. Sigurðsson bryggjuna, og önnur skoðun var gerð af Köfunarstöðinni h.f. 1969. Síðan hafa skip oft rekist á bryggjuna, sbr. sjópróf, en engin skoðun kafara verið gerð fyrr en eftir árekstur Óskars Magnússonar, AK 177.
Þetta styður það álit mats- og yfirmatsmanna, að meiri hluti staura bryggjunnar geti hafa verið brotnir fyrir áreksturinn. Hins vegar var ekki annað að sjá en að bryggjuþekja, burðarbitar og stífur bryggjunnar hafi verið óskemmd, þegar áreksturinn varð.

1.3 Hugsanleg viðgerð bryggjunnar.

Af framanskráðu er ljóst, að mikillar viðgerðar var orðið þörf á setningarbryggjunni, ef nota hefði átt hana áfram í svipuðu formi.

Kemur þá að okkar mati til álita, að enurnýja hefði mátt staura bryggjunnar og koma henni þannig í upprunalegt horf í aðalatriðum.

Við þá vinnu gerum við ráð fyrir, að notaður yrði fleki með rammbúkka. Gömlu staurana yrði að fjarlægja og reka síðan nýja á sama stað og tengja þá við yfirbygginguna með nýjum boltum. Vafalaust þyrfti að endurnýja einhverja skemmda hluta yfirbyggingarinnar, en annars myndi hún nýtast lítið sem ekkert breytt.

2. Kostnaðarmat.

2.1 Hugsanleg viðgerð bryggjunnar.

Við kostnaðarmat á endurnýjun staura bryggjunnar, eins og lýst er í kafla 1.3, styðjumst við við heildarkostnaðaráætlun nýrrar bryggju eins og þeirrar, sem eyðilagðist, sbr. kafla 3.2—3.3.

Kostnað við rekstur nýrra staura í gömlu bryggjuna metum við á 13 Mkr., en hagræði við rekstur nýrra staura við uppistandandi bryggju fram yfir rekstur á fríu vatni metum við ⅓ af staurareksturskostnaði, þ. e. 1,25 Mkr., sbr. kafla 3.4.

2.2 Verðgildi setningarbryggju.

Eins og lýst er í kafla 1.3, teljum við, að hægt hefði verið að endursmíða bryggjuna og nota yfirbygginguna lítið sem ekkert breytta.

Við teljum eðlilegt með tilliti til þeirrar endurnýjunar á yfirbyggingunni, sem vafalaust mundi koma til, og vinnu við að fjarlægja gamla staura, áður en nýir staurar yrðu reknir, hæfilegt að meta verðgildi yfirbyggingarinnar ⅓ hluta nývirðis hennar, þ. e. 25,5 : 3 = 8,5 Mkr., sbr. kafla 3.3. Til verðgildis bryggjunnar verður að okkar áliti einnig að meta hagræði af staurarekstri við uppistandandi bryggju, 1,25 Mkr., sbr. kafla 2.1. Niðurstaða okkar verður því sú, að verðgildi setningarbryggjunnar hafi verið 8,5 + 1,25 = 9,75 Mkr., þegar árekstur-inn varð 10. apríl 1979.

2.3 Viðauki.

Okkur þykir rétt að geta þess, að vafasamt er að okkar mati, að endursmíðuð bryggja, sbr. kafla 1.3 og 2.1, mundi vera nægilega sterkbyggð til að þola það álag, sem hún yrði fyrir við setningu skipa af þeirri stærð, sem Slippfélagið getur nú tekið upp.

Hinsvegar erum við sammála þeirri skoðun verkfræðinga Hafnarmálastofnunar ríkisins, Daníels Gestssonar og Helga Jónssonar, í greinargerð þeirra, dags. 8. maí 1979, að auðveldlega hefði mátt „styrkja og stækka þáverandi setningarbryggju" og fá þannig fullnægjandi mannvirki.

Ekki teljum við, að þessar hugleiðingar breyti í neinu fyrra verðgildismati okkar í kafla 2.2.

3. Kostnaðaráætlanir.

3.1 Inngangur.

Við gerð þessarar kostnaðaráætlunar um smíði nýrrar setningarbryggju er gert ráð fyrir því, að hún sé eins og sú gamla, sem skemmdist, og er byggt á rissmynd Guðmundar H. Sigurðssonar, dags. 15. ág. 1979.

Stauralengd hefur verið talin 15 m að meðaltali og fjöldi staura 40, 34 lóðréttir og 6 skástaurar. Laun eru reiknuð samkv. útseldri vinnu Sambands málm- og skipasmiða á verðlagstímabilinu mars—maí 1979, meðalgjald fyrir 10 h vinnu á dag. Taxtar fyrir tæki eru einnig frá sama tíma. Verð á timbri er sama og í tilboðum, sem Hafnarmálastofnun ríkisins bárust í samskonar efni í maí 1979. Verð á stauraefni er fyrir ógagndreypta furu, þar sem langmestur hluti staura var úr slíku efni. Hinsvegar er verð á timbri í yfirbyggingu fyrir gagndreypta furu, þar sem hluti af timbri í yfirbyggingu gömlu bryggjunnar var eik."

Í 3.2 er síðan metinn kostnaður við staurarekstur, samtals kr. 13.000.000.

Í 3.3 er metinn kostnaður við yfirbyggingu, samtals kr. 25.500.000.

Heildarkostnað við smíði nýrrar bryggju meta yfirmatsmenn þannig kr. 38.500.000.

Loks í 3.4 meta þeir hagræði við rekstur staura meðfram gömlu bryggjunni uppistandandi. Það er metið sem þriðjungur af staurarekstursvinnunni, sbr. 3.2., eða alls kr. 1.250.000.

Bæði undir- og yfirmatsmenn hafa komið fyrir dóm og stað-

fest matsgerðir sínar. Þá kom fram, að matsgerðirnar eru ekki alfarið byggðar á sömu upplýsingum. Undirmatsgerðin er miðuð við teikningu Guðmundar H. Sigurðssonar, yfirverkstjóra Slippfélagsins, frá 25. apríl 1979, en yfirmatsgerðin bæði á þeirri teikningu og teikningu Guðmundar frá 15. ágúst 1979. Hannes Jón Valdimarsson verkfræðingur sagði, að mat þeirra undirmatsmanna hefði hækkað, hefðu þeir haft sömu upplýsingar og yfirmatsmenn. Þessi atriði skýra þó ekki muninn á matsgerðunum að fullu.

Yfirmatsmenn sögðu, að sitt mat væri sjálfstætt mat á kostnaðarþáttum, en ekki endurskoðun undirmatsins, enda hefðu þeir ekki haft sundurliðun undirmatsins.

Skúli Guðmundsson verkfræðingur sagði þá yfirmatsmennina sammála þeirri skoðun undirmatsmannanna, að skemmdir staura bryggjunnar við botn hefðu átt mestan þátt í því, að bryggjan eyðilagðist við áreksturinn. Skoðun undirmatsmanna kemur fram í svari þeirra við annarri spurningu í matsbeiðni Tryggingamiðstöðvarinnar h/f.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því, að skipinu Óskari Magnússyni, AK 177, hafi verið siglt á setningarbryggjuna. Sökin á því hvíli einhliða á skipstjórnarmönnum. Samkvæmt 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963 beri útgerðarmaður ábyrgð á tjóni, sem skipstjóri, skipshöfn, hafnsögumaður eða aðrir, sem vinna í þágu skips, hafa valdið í starfi sínu með yfirsjónum eða vanrækslu.

Samkv. 216. gr. sömu laga, 4. tl., séu bótakröfur vegna tjóns, sem skip hefur valdið á mannvirkjum í höfnum, tryggðar með sjóveðrétti í skipi og farmgjaldi.

Fjárhæð bótakröfunnar byggir stefnandi á því, að yfirmatsmenn hafi metið verðgildi bryggjunnar á árekstursdegi kr. 9.750.000. Þá hafi stefnandi greitt yfirmatsmönnum kr. 820.000 fyrir störf þeirra. Loks hafi hann orðið að koma í veg fyrir, að bryggjuflakið færi á rek í höfninni. Kostnaður við það hafi numið samkvæmt framlögðum reikningi, dómskj. 6, kr. 5.641.454. Heildarstefnukröfurnar nemi þannig kr. 16.211.454.

Málsástæður stefnda koma fram í greinargerð málfutningsmanns hans. Þar segir:

„Ég mun nú færa fram helstu rök fyrir sýknukröfu minni, og er hún fyrst og fremst byggð á þeirri staðreynd, að umrædd bryggja var orðin algerlega úr sér gengin og nánast ónýt, enda orðin a. m. k. 30 ára gömul og hefur á þessum tíma margsinnis verið siglt á hana og staurar þeir, er hún stóð á, flestir brotnir

fyrir óhapp þetta, auk þess sem margir staurar voru maðkétnir og sumir jafnvel sundurétnir um sjólínu, sbr. m. a. matsgjörðina á dómsskjali nr. 11, en henni hefur ekki verið hnekkt nema ef til vill í sambandi við verðmæti bryggjunnar fyrir umrætt óhapp.

Ég vil auk þess benda á, að fyrirtæki eins og Slippfélagið í Reykjavík, sem býður uppá þá þjónustu gegn gjaldi að taka skip uppí slipp hlýtur samkvæmt almennum reglum að bera ábyrgð á því, að mannvirki á þess vegum, sem notuð eru við slipptöku, séu í því ásigkomulagi, að þau geti uppfyllt það hlutverk, sem þeim sé ætlað. Til að geta gegnt hlutverki sínu við slipptökur þarf bryggjan að geta tekið á sig skipsstuð og einnig vindálag frá skipi, sem við hana liggur. Þetta gat setningsbryggjan ekki, sbr. matsgjörðina á dómsskjali nr. 11.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að það er skoðun mín, að högg það, er bryggjan varð fyrir í umrætt sinn, var ekki meira en alltaf mátti búast við í starfsemi sem þessari og ljóst, að ferð skipsins var lítil og skipið tómt og eins og fram kemur í gögnum málsins, t. d. dómsskjölum 13 og 14, var ekki einu sinni um að ræða beyglu á skipinu eftir höggið, aðeins smárispur, og málning mun hafa flagnað af.

Nægi framanritað ekki til að sýkna umbjóðanda minn af kröfum stefnanda þykir mér ljóst, að þarna hljóti a. m. k. að koma til sakarskiptingar, en það á m. a. stoð í 195. gr. sigl.l. nr. 63/1966, og þá þannig að stefnandi verði að bera meginsök á því, hvernig þarna fór, og í því sambandi leyfi ég mér að vísa til dómsskjals nr. 11, en þar komast matsmenn að þeirri niðurstöðu, að ásigkomulag og ástand bryggjunnar fyrir óhappið hafi átt mestan þátt í því, hvernig þarna fór, og í þessu sambandi bendi ég á Hrd. 9:144, en þar var sök skipt í tjóni, sem valdið var á hafnarmannvirkjum á Siglufirði.

Nú munu gerðar athugasemdir við kröfugerð stefnanda í sambandi við lækkunarkröfu mína. Í fyrsta lagi er niðurstöðu yfirmatsmanna varðandi verðmæti bryggjunnar fyrir óhappið mótmælt sem of háu og óstaðfestu.

Reikningi fyrir störf yfirmatsmanna er mótmælt og athygli vakin á því, að stefndi greiddi kostnað við matsgjörðina á dómsskjali nr. 11, kr. 1.100.000.- sbr. dómsskjal nr. 12, en jafnframt skal á það bent, að eðlilegast væri, að framangreindir reikningar kæmu til álita í málskostnaði.

Þá er reikningi á dómsskjali nr. 6 mótmælt sem órökstuddum og óviðkomandi máli þessu og á það bent, að í fylgiskjölum með

dómsskjali nr. 4 kemur fram, að til stóð að endurnýja setningsbryggjuna og þá hefði að sjálfsögðu orðið að fjarlægja þá hluta bryggjunnar, sem ónýtir voru, og því ljóst, að þarna er um að ræða kostnað, sem Slippfélagið hefði orðið að leggja út fyrr en síðar, einnig er bent á, að stefndu var ekki gefinn neinn kostur á að fylgjast með þeirri vinnu, sem þarna á að hafa farið fram, og því getur Slippfélagið h.f. sett á reikninginn nánast það, sem því dettur í hug. Fullyrðingum um, að bryggjuleifarnar hafi skemmt steypt plan við brautarsporðinn og vírahlífar, er mótmælt, og áskilur stefndi sér rétt til frekari athugasemda við reikning þennan síðar, ef þörf krefur.

Að lokum er þess krafist, að ákvæðum IX. kafla siglingalaga nr. 66/1963 um takmörkun ábyrgðar útgerðarmanns verði beitt í máli þessu, ef þörf krefur, og bent á, að samkvæmt 205. gr., 1. mgr., l. 66/1963 fellur tjón, eins og þarna varð, undir ákvæði kaflans. Nettó rúmlestastærð m/s Óskars Magnússonar að viðbættu vélarrúmi er 382,17 lestir, sbr. dómsskjal nr. 15, en samkvæmt 206. gr., 4. mgr., l. 63/1966 er það nú stærð, sem miða skal við, komi ákvæði IX. kafla siglingalaganna um takmörkun ábyrgðar útgerðarmanna til álita. Í 1. mgr. sömu greinar er síðan ákvæði um, að ábyrgð takmarkist við 1.000 „franka" fyrir hverja rúmlest, þannig að ef svo skyldi fara, að dómurinn féllist ekki á fyrri röksemdafærslu mína og tæki kröfur stefnanda til greina, er ljóst, að bætur hlytu að takmarkast af fjárhæðum þeim, sem um getur í fyrrnefndri grein."

Álit dómsins.

Stefndi hefur ekki mótmælt því, að m/s Óskari Magnússyni, AK 177, hafi verið siglt á setningarbryggju stefnanda. Framburðir þeirra, sem gáfu skýrslur við sjóprófin, sem fram fóru 17. apríl 1979 vegna þessa atburðar, sýna ljóslega, að ásiglingin var algerlega sök skipstjórnarmanna m/s Óskars Magnússonar, AK 177. Samkvæmt 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963 ber stefndi ábyrgð á slíku tjóni sem skipstjórnarmenn skips hans valda.

Samkvæmt almennum reglum ber stefnda þannig að bæta stefnanda það tjón, sem er sennileg afleiðing ásiglingarinnar.

Ákoman á skipinu var mjög smávægileg.

Óhaggað er það álit undir- og yfirmatsmanna, að eldri skemmdir staura við botn hafi átt mestan þátt í, hverjar urðu afleiðingar ásiglingarinnar. Tjón stefnanda er þannig ekki sennileg afleiðing ásiglingarinnar nema að takmörkuðu leyti. Yfirmatsmenn meta

kostnað við gerð nýrrar bryggju kr. 38.500.000. Það mat þeirra hefur ekki verið hrakið, enda segja undirmatsmenn, að mat þeirra hefði hækkað, hefðu þeir haft sömu upplýsingar og yfirmatsmenn. Af þessu leiðir, að rétt þykir að leggja þessa upphæð til grundvallar og meta stefnanda hæfilegan hluta hennar sem bætur fyrir sennilegt tjón af völdum ásiglingarinnar. Bætur þessar þykja hæfilega metnar á kr. 3.000.000.

Kostnaður stefnanda við að koma flaki bryggjunnar á land á dómskj. 6 þykir samkvæmt framansögðu ekki sennileg afleiðing ásiglingarinnar og verður þannig ekki bætt.

Kostnaður við matsgerð verður metinn með öðrum málskostnaði.

Takmörkun ábyrgðar kemur ekki til greina, eins og hér hagar til.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að stefndi greiði stefnanda kr. 3.000.000.

Vaxtakrafa stefnanda er sem næst í samræmi við innlánsvexti, og þykir rétt að taka hana til greina af dæmdri fjárhæð frá tjónsdegi. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961, sbr. vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands, eins og þær hafa verið á hverjum tíma, verða vextir þannig: 19% ársvextir frá 10. apríl 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, en 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir í samræmi við þessa niðurstöðu, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þar með talinn matskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 1.420.000.

Samkv. 4. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 þykir rétt að viðurkenna kröfu stefnanda um sjóveð í vélskipinu Óskari Magnússyni, AK 177, eign stefnda, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jónasi Elíassyni prófessor og Þorvaldi Ingibergssyni, kennara í Stýrimannaskólanum.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélag Vesturlands h/f, Akranesi, greiði stefnanda, Slippfélaginu í Reykjavík h/f, kr. 3.000.000 með 19% ársvöxtum frá 10. apríl 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 1.420.000 í máls-

kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi, Slippfélagið í Reykjavík (sic), á sjóveð í vélskipinu Óskari Magnússyni, AK 177, eign stefnda, Útgerðarfélags Vesturlands h/f, Akranesi, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Fimmtudaginn 16. desember 1982.

Nr. 164/1981. **Þröstur Ingvarsson**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Flugleiðum h/f vegna Bílaleigu Loftleiða
(Páll S. Pálsson hrl.)
og Tryggingu h/f
og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1981. Dómkröfur hans eru þær, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum óskipt skaðabætur að fjárhæð 8.500.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 22. janúar 1980 til 1. júní s. á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu sama dag.

Dómkröfur gagnáfrýjenda eru aðallega þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum aðaláfrýjanda og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt 1. gr. samþykktar nr. 444 frá 30. desember 1976 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 80 17. desember 1928 var hámarkshraði bifreiða og annarra ökutækja 45 km á klst. á þeim stað, þar sem árekstururinn varð.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta sakarskiptingu héraðsdómara. Þá þykir áfrýjandi og eiga rétt til bóta vegna afnotamissis af bifreiðinni. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu lögmanns gagnáfrýjenda, að fjárhæð sú, er aðaláfrýjandi krefst í bætur fyrir afnotamissi, sætti ekki tölulegum andmælum. Verður fjárhæð þessi því lögð til grundvallar dómi í málinu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða gagnáfrýjendur dæmdir til að greiða aðaláfrýjanda óskipt 2.125.00 krónur (þ. e. ¼ hluti af 8.500.00 krónum) auk vaxta, svo sem í dómsorði greinir.

Þá verður gagnáfrýjendum einnig gert að greiða aðaláfrýjanda óskipt málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Flugleiðir h/f vegna Bílaleigu Loftleiða og Trygging h/f, greiði aðaláfrýjanda, Þresti Ingvarssyni, óskipt 2.125.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 22 janúar 1980 til 1. júní s. á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til upp-

sögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Guðmundar Jónssonar, setts hæstaréttardómara.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir lengd hemlafara eftir bifreiðina R 28788. Við höggið frá henni kastaðist bifreiðin R 43288 til um allt að 6 metrum og valt á hliðina. Ég tel því ástæðu til að ætla, að hraði bifreiðarinnar R 28788 hafi verið töluvert mikið meiri en leyfður hámarkshraði var þarna. Tel ég hæfilegt, að ökumaður þeirrar bifreiðar beri helming sakar og að stefndu bæti tjón stefnanda í samræmi við það.

Ég er samþykkur ákvörðun meiri hluta dómenda um ákvörðun vaxta og málskostnaðar.

Dómsorð mitt verður því svohljóðandi:

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Flugleiðir h/f vegna Bílaleigu Loftleiða og Trygging h/f, greiði aðaláfrýjanda, Þresti Ingvarssyni, in solidum 4.250.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 22. janúar 1980 til 1. júní s. á, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. maí 1981.

Mál þetta, sem var dómtekið 12. þ. m., hefur verið höfðað fyrir dóminum af hálfu Þrastar Ingvarssonar sjómanns, Skólabraut 9,

Hafnarfirði, fædds 15. janúar 1963, á hendur Bílaleigu Loftleiða, Reykjavíkurflugvelli, og Tryggingu h/f, Laugavegi 178, Reykjavík, til heimtu skaðabóta, vaxta og málskostnaðar vegna bifreiðaáreksturs. Þegar málið var höfðað, var stefnandi ólögráða fyrir ræsku sakir, og höfðaði því faðir hans málið fyrir hann, en eftir að hann varð lögráða, hefur hann tekið við forræði málsins.

Tildrög málsins eru þau, að þriðjudaginn 22. janúar 1980, kl. 2354, var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um bifreiðaárekstur á gatnamótum Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar, sem orðið hafði þá skömmu áður. Þarna höfðu rekist á bifreið stefnanda, R 43288, Skoda Amigo 1977, og R 28788, Volkswagen, eign stefnda Bílaleigu Loftleiða og tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Tryggingu h/f. Atvik að áresktrinum voru þau, að stefnandinn Þröstur ók bifreið sinni norður Reykjavíkurveg og beygði til vinstri áleiðis vestur Hjallabraut. Í sama mund bar R 43288 að gatnamótum þessum á leið suður Reykjavíkurveg. Skall framendi R 28788 á hægri hlið R 43288 með þeim afleiðingum, að sú bifreið valt á hliðina. Báðar bifreiðarnar stórskemmdust, svo flytja varð þær með kranabifreið af árekstursstað. Tvær stúlkur, sem voru í bifreið stefnanda, hlutu áverka svo og ökumaður R 28788, Þorsteinn Pálsson. Þau voru öll flutt á sjúkrahús. Umferðarljós eru á gatnamótum þessum, og logaði grænt ljós fyrir báðar bifreiðarnar. Umferð suður Reykjavíkurveg á forgang fyrir umferð, sem kemur að sunnan með fyrirhugaðri beygju vestur Hjallabraut. Götur eru malbikaðar á þessum slóðum, færi var þurrt. Lélegir sumarhjólbarðar voru undir bifreiðinni R 43288, en góðir hjólbarðar með sumarmynstri undir bifreiðinni R 28788, hemlar reyndust í lagi og rúður hreinar. Hemlaför eftir R 28788 mældust um 20 m löng eftir vinstri hjól og 35 m löng eftir hægri hjól. Lögreglan telur, að áreksturinn hafi verið mjög harður. Báðar bifreiðarnar voru mikið skemmdar eftir áreksturinn, R 43283 aðallega á hægri hlið. Báðar hægri hurðir og framrúða voru brotnar. R 28788 var mikið skemmd að framan. Stefnandi hafði tekið ökupróf daginn áður en áreksturinn varð. Þorsteinn Pálsson hafði haft bílaleigubílinn undir höndum í mánaðartíma. Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og gefið skýrslu svo og vitnin Þorsteinn Pálsson, farþegarnir Björk Hreinsdóttir og Aðalbjörg Þorvarðardóttir og loks Margrét Valdimarsdóttir, ökumaður bifreiðar, sem kom austur Hjallabraut í átt að gatnamótunum, um það leyti sem áreksturinn varð. Vitnunum og stefnanda ber í öllum aðalatriðum saman um atvik málsins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum að óskiptu kr. 8.500.00 með almennum innlánsvöxtum frá 22. janúar 1980 til 18. september s. á., en hæstu innlánsvöxtum, þ. e. dómvöxtum, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar. Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

An: Verðmæti bifreiðarinnar R 43288 fyrir tjón	1.000.000 kr.
Pro: Verðmæti eftir tjón	300.000 —
Jöfnuður	700.000 —

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ökumaður R 28788 hafi valdið árekstrinum með óhæfilega hröðum akstri, gálausum og vítaverðum. Af stefndu hálfu er því haldið fram, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á árekstrinum, þar sem honum hafi skv. 46. gr. umferðarlaga verið óheimilt að beygja í veg fyrir bifreið stefnda Bílaleigu Loftleiða, heldur hafi honum borið að bíða, þar til nálæg ökutæki væru farin fram hjá. Því er haldið fram, að stefnandi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi, hann hafi ekki séð til ferða bifreiðar stefnda, þótt hann hefði átt að sjá til hennar með hæfilegri aðgæslu. Því er algerlega mótmælt af hálfu hinna stefndu, að ökumaður bifreiðarinnar R 28788 hafi ekið of hratt. Því er haldið fram, að stefnandi hafi hikað við gatnamótin, en síðan ekið inn á vestari vegarhelming. Af hálfu hinna stefndu er dregið í efa, að upplýsingar lögreglunnar um hemlaför séu réttar. Lögmaður þeirra telur, að samfelld hemlaför beggja hjóla séu 19 m. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að það atvik, að bremsuför eru misjöfn, bendi til, að hemlarnir hafi verið í ólagi, en lögmaður stefndu bendir á, að ef svo hefði verið, þá hefði bifreiðin átt að dragast til hægri.

Stefnandi segist ekki hafa séð til ferða R 28788 og ekið hiklaust inn á gatnamótin. Hann segir, að annar farþeginn hafi hrópað og í þeim svifum hafi áreksturinn orðið. Hann skýrði lögreglunni svo frá á vettvangi, að mjög stutt hefði verið í bifreiðina R 28788, þegar hann varð hennar var, en að hann hafi þá gefið aflvélinni aukið eldsneyti til þess að komast hjá árekstri. Hann segist hafa fengið taugaáfall.

Þorsteinn Pálsson segist ekki hafa séð neitt athugavert framundan, þegar hann nálgaðist gatnamótin. Hann kveðst hins vegar hafa veitt athygli bifreið, sem kom á móti og hægði á sér við gatnamótin. Hann á þar við bifreið stefnanda. Hann segir, að þeirri bifreið hafi verið ekið inn á þá akrein, sem ætluð var

fyrir umferð inn á Hjallabraut. Skyndilega segist hann hafa séð, að bifreiðinni var ekið mjög hægt og rólega inn á gatnamótin, síðan kveðst hann ekki muna meira. Aðspurður hér fyrir dómi sagði hann ökuhraða bifreiðar sinnar hafa verið 50 km miðað við klukkustund. Hann skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði litið á hraðamæli bifreiðarinnar, er hann átti skammt eftir að gatnamótunum, nánar tiltekið við gangbraut, sem er þar fyrir norðan. Þá segir hann, að ökuhraðinn hafi mælst milli 45 og 50 km miðað við klukkustund.

Hér fyrir dómi skýrði Aðalbjörg svo frá, að hún hefði ekkert orðið vör við þifreiðina R 28788, áður en árekstur inn varð, hún segist hafa verið að tala við vinkonu sína, sem sat frammi í bifreiðinni. Hún segist halda, að stefnandi hafi hægt á bifreið sinni við gatnamótin. Lögreglunni sagði hún, að hún hefði fylgst töluvert vel með akstrinum, að stefnandi hefði stöðvað við gatnamótin og gefið stefnuljós til vinstri og að hún hafi séð bifreiðina á móts við strætisvagnaskýlið norðar á Hafnarfjarðarveginum, en ekki gert athugasemd við, að stefnandi beygði inn á gatnamótin, þar sem henni hafi fundist það langt í bifreiðina, sem hún sá fyrir norðan. Henni var bent á misræmi milli skýrslnanna, þegar henni hafði verið kynnt lögregluskýrslan. Hún sagði, að úr því þetta stæði í lögregluskýrslunni, þá hlyti hún að hafa sagt það og þá hlyti hún að hafa séð það, sem hún skýrði lögreglunni frá. Hún tók fram, að hún hefði ekkert þurft að rifja þetta upp í millitíðinni.

Björk segist hafa litið út um bílgluggann og séð þá bifreiðina R 28788 nálgast og lenda á hlið R 43288. Í lögregluskýrslu sagðist hún hafa séð til bifreiðar koma akandi suður Reykjavíkurveginn og hafi sú bifreið verið langt norðan við gatnamótin og hafi ekki hvarflað að sér, að þeim stafaði nein hætta frá þeirri bifreið. Hún kveðst samt hafa fylgst með bfreiðinni og þá séð, að hana bar mjög brátt að, og gert sér grein fyrir, að hún var á allmikilli ferð. Hún kveðst þá fljótlega hafa gert sér grein fyrir því, að árekstur mundi verða vegna þessa mikla hraða á bifreiðinni, og því hrópað til ökumanns um að reyna að flýta sér áfram til þess að forðast árekstur, en um sama leyti hafi áreksturinn orðið.

Margrét segir, að R 43288 hafi verið ekið frekar hægt að gatnamótunum. Ökumaðurinn hafi virst hika við gatnamótin, en ekið svo inn á vestari vegarhelming. Hún segir, að hinn bílinn hafi verið á eðlilegum hraða miðað við aðstæður.

Álit dómsins.

Telja verður, að meginorsök árekstursins verði rakin til stórkostlegs gáleysis stefnanda, sem ekki veitti bifreiðinni R 28788 athygli, þar sem hún nálgaðist gatnamótin, en ók inn á þann vegarhelming, sem þeirri bifreið var ætluð, í veg fyrir hana. Þykir stefnandi með þessu hafa brotið gegn 1. mgr. 37. gr. laga nr. 40/1968, 4. mgr. 45. gr., 2. mgr. 46. gr., 4. málslið, 3. mgr. 46. gr. og 1. mgr. 48. gr. sömu laga. Þegar litið er til upplýsinga lögreglunnar um hemlaför og skýrslu ökumannsins Þorsteins Pálssonar, þykir verða að miða við, að hann hafi ekið með a. m. k. 50 km hraða miðað við klukkustund, sem var almennur hámarkshraði í þéttbýli á þessum tíma skv. lögum nr. 16/1977 um breytingu á umferðarlögunum. Ágreiningslaust er hins vegar, að hámarksökuhraði hafi verið þarna 45 km miðað við klukkustund. Þegar þess er gætt, að stefnandinn nálgaðist gatnamót í myrkri, þykir verða að telja, að hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Þykir hann með þessu hafa brotið gegn 49. gr. laga nr. 40/1968, 1. og 2. mgr., svo og 3. mgr. (c lið), sbr. 1. og 4. mgr. 5. gr. og lög nr. 16/1977. Eftir atvikum þykir rétt, að tjón það, sem krafið er um bætur fyrir í máli þessu, skiptist skv. 68. gr. umferðarlaganna á ökutækin að tiltölu við sök, þannig að stefnandi beri sjálfur ¾ hluta tjóns síns, en stefndu ábyrgist ¼ hluta.

Af hálfu hinna stefndu hefur verið vefengt, að stefnandi hafi beðið nokkurt tjón vegna afnotamissis. Þegar þess er gætt, að stefnandi hafði fengið ökuleyfið daginn fyrir árekstur inn og að ekki hefur komið fram, að hann hafi haft þörf fyrir bifreið vegna atvinnu sinnar, þykir ekki verða fallist á kröfu hans um bætur fyrir afnotamissi. Að öðru leyti hefur fjárhæð bótakröfu ekki sætt ágreiningi. Samkvæmt þessu þykja stefndu eiga að greiða stefnanda að óskiptu kr. 1.750.00 með 31% ársvöxtum frá 22. janúar 1980 til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hætu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands, til greiðsludags. Miðað við málsúrslit þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bílaleiga Loftleiða og Trygging h/f, greiði stefn-

anda, Þresti Ingvarssyni, kr. 1.750.00 með 31% ársvöxtum frá 22. janúar 1980 til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981 og 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. desember 1982.

Nr. 239/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmndur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. desember 1982, sem barst Hæstarétti 13. s. m. Krefst hún þess, að úrskuðurinn verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 11. desember 1982.

Ár 1982, laugardaginn 11. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af

Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Skömmu eftir miðnætti miðvikudaginn 10. nóvember sl. og að fengnum úrskurði gerði lögreglan í Reykjavík leit að sakargögnum varðandi ætlað fíkniefnamisferli Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur, fæddrar 8. maí 1960, á efstu hæð að Laugavegi 43 hér í borg.

Fundust við leit þessa margvísleg merki um meðhöndlun fíkniefna af ýmsum tegundum.

Auk Ágústu Guðlaugar voru nafngreindir 5 aðiljar, sem á ofangreindum tíma bjuggu eða dvöldu að Laugavegi 43.

Ágústa Guðlaug var kl. 2350 þann 10. nóvember sl. hér við embætti úrskurðuð í allt að 30 daga gæsluvarðhald. Þeirri ákvörðun var með kæru skotið til Hæstaréttar Íslands næsta dag, en þar staðfest 17. nóvember sl. með dómi í máli nr. 218/1982.

Úrskurður þessi var að öðru fremur byggður á framburðum tveggja aðilja:

I. Rúnar Birgir Sigurðsson, fæddur 5. febrúar 1962: Lýsti í lögregluyfirheyrslu 10. nóvember sl. og síðar sama dag hér fyrir dómi meintum margítrekuðum kaupum kannabisefna af Ágústu Guðlaugu tímabilið júní—okt. sl. og samtals þannig um 350 gr hassefna, en þess utan um 50 gr af hassolíu og endursölu þeirra efna til margra nafngreindra aðilja.

II. Jón Heiðar Reynisson, fæddur 18. febrúar 1958: Kvaðst í lögregluyfirheyrslu 9. og 10. nóvember sl. og hér fyrir dómi síðarnefndan dag hafa nærri mánaðamótum sept.—okt. sl. tekið að útvega ýmsum nafngreindum aðiljum kannabisefni frá Ágústu Guðlaugu áðurnefndri og heildarmagn slíkra viðskipta fram til handtöku Jóns Heiðars orðið 200—300 gr af hassefnum, en þess utan um 10 gr af hassolíu.

Þann 16. nóvember sl. var yfirheyrður hjá lögreglu Gunnar Guðmundsson, fæddur 15. desember 1965. Kvaðst Gunnar þessi þá tímabilið júlí—nóv. sl. í mörgum smáum skömmtum og fyrir framlagsfé margra ónafngreindra aðilja hafa sótt til Ágústu Guðlaugar og að Laugavegi 43 samtals um 300 gr af hassolíu að verðmæti 700 kr. hvert gramm og 300—400 grömm af hassefnum, að mestum hluta verðlögðum á kr. 250 pr. gramm. Nefndur Gunnar nafngreindi Rúnar Bergsson, sambýlismann Ágústu Guðlaugar,

sem vitneskjuaðilja um ofangreind viðskipti síðustu vikur fyrir handtöku Gunnars Guðmundssonar.

Næsta dag, eða 17. sl., var nefndur Gunnar yfirheyrður hér fyrir dómi, en breytti þá verulega áðurnefndum framburði. Taldi hann sig þá ofangreint tímabil og af Ágústu Guðmundsdóttur að mestu fyrir framlagsfé ónafngreindra aðilja hafa samtals keypt 600—700 grömm af hassi og nálægt 50 grömmum af hassólíu.

Rúnar Bergsson, fæddur 2. febrúar 1958, áðurnefndur sambýlismaður Ágústu Guðlaugar, var yfirheyrður hjá lögreglu og hér fyrir dómi þann 10. nóvember sl., en þess utan hjá lögreglu þann 17. og 18. nóvember sl. Rúnar þessi bar í lögregluyfirheyrslu 17. nóvember sl. um vitneskju sína varðandi ítrekuð hass- og hasolíukaup áðurnefnds Gunnars Guðmundssonar af Ágústu G. Guðmundsdóttur, en taldi sig ekki vita um efnismagn eða fjárhæðir í því sambandi.

Að ofangreindu er efnislega vikið í kröfu- og greinargerð Arngríms Ísberg, fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík, sem fram var lögð hér fyrir dómi kl. 1630 í gær. Með þeim hætti og sem nánar verður rakið hér á eftir er rökstudd krafa lögreglu um, að framlengd verði í allt að 30 dögum ofangreind gæsluvarðhaldsvist Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur.

Þar er og vikið að þeirri afstöðu Ágústu Guðlaugar, sem ráðin verður af framlögðum gögnum varðandi lögregluyfirheyrslur 10., 12., 16. og 24. fyrri mánaðar, að nýta með eindregnum hætti þann rétt að tjá sig í engu um ætlað sakarefni.

Sérstaklega aðspurð í lögregluyfirheyrslu 29. nóvember sl. um meinta meðhöndlun fíkniefna að Laugavegi 43 og hver hafi verið uppruni hinna ýmsu ætluðu fíkniefna, er þar fundust við ofangreinda húsleit, viðurkenndi Ágústa Guðlaug að hafa um mánaðamótin maí—júní sl. í Kaupmannahöfn keypt um 10 gr af hassolíu og skömmu síðar með sér flutt hingað til lands. Af þessu efnismagni kvaðst Ágústa Guðlaug þann 9. nóvember sl. og að Laugavegi 43 hafa átt eftir 3—5 gr, er ofangreind húsleit varð.

Samkvæmt margnefndri kröfugerð og framlögðum gögnum var Ágústa Guðmundsdóttir enn yfirheyrð af lögreglu 3., 7., 8. og 9. þessa mánaðar og hélt þá fast við ofangreint, en neitaði að kannast við nöfn nokkurs þeirra, er hér að ofan eru taldir og báru Ágústu Guðlaugu verulegum sökum.

Þá var Ágústa Guðlaug yfirheyrð hér fyrir dómi í gær, en bar þar af sér allar sakir utan daglega meðhöndlun kannabisefna til eigin nota.

Þann 13. nóvember sl. handtók dönsk lögregla á Kastrupflugvelli James Leonard Davies, fæddan 1. ágúst 1950, er reyndist hafa í sínum fórum 348 gr af hassolíu og á leið hingað til lands að sögn í því skyni að afhenda greind efni.

Samkvæmt áritunum í vegabréf Davies þessa hefur hann áður haft stutta viðdvöl ítrekað hérlendis, nánar svo:

KOMA:	BROTTFÖR:
1) 15. apríl 1982	18. apríl 1982
2) 27. apríl 1982	1. maí 1982
3) 22. maí 1982	25. maí 1982
4) 16. júní 1982	17. júní 1982
5) 7. september 1982	14. september 1982

Lögreglurannsókn hérlendis og í Kaupmannahöfn hefur að undanförnu beinst að hugsanlegum tengslum Ágústu Guðlaugar og James Leonard Davies, að því er virðist m. a. vegna þess, að þann 14. september sl. var notaður á leiðinni Reykjavík-Kaupmannahöfn flugfarmiði, sem hljóðan samkvæmt var keyptur og greiddur á nafn Ágústu Guðlaugar, en Davies áðurnefndur mun hafa upplýst, að hann hafi þann dag haldið utan með íslenskri vinstúlku. Þá er talið væntanleg hingað til lands í dag nafngreind íslensk stúlka, sem lýsingu samkvæmt er grunuð um að hafa í farmiðasölu í Kaupmannahöfn fengið breytt áðurgreindum flugfarmiða James Leonard Davies skömmu fyrir ráðgerða hingaðkomu hans þann 13. nóvember sl.

NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað hana fangelsisrefsingu. Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 eigi til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Ágústa Guðlaug er samkvæmt ofanskráðu af mörgum aðiljum borin verulegum sökum og hefur þegar í þágu rannsóknar vegna þess sætt langvarandi frelsisskerðingu og einangrun.

Ágústa Guðlaug hefur mikinn hluta þess tíma notað skýlausan rétt sinn til að neita alfarið að tjá sig um ætlað sakarefni, en eftir það viðurkennt og haldið fast við lítinn hluta misferlis.

Svo sem gögn á þessu stigi liggja fyrir, þykir lögreglurannsókn eftir atvikum hafa verið rekin eðlilega og hnökralaust, enda hefur

dómari kynnt sér, að lögregluskýrslur varðandi rannsókn þessa eru frá 10. nóvember sl. orðnar fast að 250 bls.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og framlengja áður ákvarðaða gæsluvarðhaldsvist Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur um allt að 20 dögum frá 10. desember 1982, kl. 2350, að telja.

Úrskurðarorð:

Framlengt er um allt að 20 dögum frá kl. 2350 þann 10. desember 1982 að telja gæsluvarðhald Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur, fæddrar 8. maí 1960, til heimilis að Laugavegi 43, Reykjavík.

Mánudaginn 20. desember 1982.

Nr. 50/1982. **Guðbjörn Guðjónsson, heildverslun,**
gegn
Herði Ólafssyni.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Með stefnu 23. febrúar 1982 skaut Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður til Hæstaréttar máli, sem dæmt hafði verið á bæjarþingi Reykjavíkur 25. nóvember 1981 og Guðbjörn Guðjónsson, heildverslun, hafði höfðað gegn honum. Mál Harðar fékk í Hæstarétti auðkennistöluna 43/1942. Gagnáfrýjað var 2. mars og gagnsökin auðkennd 50/1982. Var hún sameinuð aðalsök. Á dómþingi Hæstaréttar 1. nóvember sl. var sótt þing af hálfu beggja aðilja og því yfir, að Hörður Ólafsson félli frá áfrýjun. Af hálfu heildverslunarinnar var krafist ómaksbóta í aðalsök, en staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í gagnsök. Aðalsök var felld niður með bókun

á dómþingi Hæstaréttar 8. nóvember, gagnsökinni frestað og ákveðið, að krafa um ómaksbætur biði dóms í gagnsökinni. Á dómþingi 3. þ. m. var málið enn tekið fyrir, þá sem mál heildverslunarinnar gegn Herði Ólafssyni nr. 50/1982. Lögmaður heildverslunarinnar óskaði þess, að málið yrði hafið, en krafðist ómaksbóta. Af hálfu Harðar Ólafssonar var samþykkt, að málið yrði fellt niður, en jafnframt krafist ómaksbóta.

Mál þetta ber að hefja eftir 119. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, var gefið tilefni til áfrýjunar með áfrýjun Harðar Ólafssonar. Hefur heildverslunin látið sækja þing 4 sinnum. Ber að dæma henni málskostnað, og skiptir þá ekki máli, að krafan er orðuð sem krafa um ómaksbætur. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 1.500.00 krónur.

Ekki eru efni til að taka til greina kröfu Harðar Ólafssonar um ómaksbætur.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Stefndi, Hörður Ólafsson, greiði áfrýjanda, Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, 1.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 26/1980. **Kristinn Einarsson hrl.**
f. h. Silvano Burgassi
(Ólafur Þorláksson hdl.)
gegn
G. Albertsson, útflutningsverslun og vörumiðlun
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Riftun. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. febrúar sama ár.

Kröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa, að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda 33.792.315.00 ítalskar lírur með 13% ársvöxtum af 39.202.400.00 ítölskum lírum frá 7. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977 og 16% ársvöxtum af 40.541.200.00 ítölskum lírum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi og til 3. apríl 1979, en af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að staðfest verði sératkvæði í hinum áfrýjaða dómi með þeim breytingum, að stefndu verði gert að greiða áfrýjanda jafnvirði 6.672.00 sterlingspunda í ítölskum lírum, eða 11.902.114.00 ítalskar lírur, og að vextir reiknist 13% frá 7. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, en 16% frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný skjöl.

Málsaðiljar eru á einu máli um, að beita beri íslenskum réttarreglum um sakarefni það, sem hér er til úrlausnar. Er á það fallist, eins og mál þetta horfir við.

Fram er komið og viðurkennt af stefnda, að fyrri skreiðarsendingin, sem um er fjallað í málinu, var haldin nokkrum göllum. Eigi er þó sannað, að þeir hafi verið slíkir, að varði riftun samningsins um þessa skreiðarsendingu. Eins og málflutningi og gögnum málsins er farið, verða áfrýjanda eigi dæmdar fébætur úr hendi stefnda vegna hennar.

Leggja verður til grundvallar, að bindandi samningur um síðari skreiðarsendinguna hafi verið kominn á með aðiljum, er áfrýjandi opnaði óafturkallanlega bankaábyrgð til greiðslu á henni. Með afskipun hennar var stefndi aðeins að efna sinn þátt samningsins. Í gögnum málsins kemur ekki fram, að áfrýjandi hafi með mats- eða skoðunargerð eða á annan hátt tryggt sér sönnun fyrir göllum á þessari skreiðarsendingu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 35.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Einarsson f. h. Silvano Burgassi, greiði stefnda, G. Albertsson, útflutningsverslun og vörumiðlun, 35.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 18. júní 1979.

Mál þetta var dómtekið 15. f. m. Er það höfðað með stefnu, útgefinni 21. apríl 1975. Stefnandi er Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður f. h. Silvano Burgassi í Florens á Ítalíu. Stefndi er G. Albertsson, útflutningsverslun og vörumiðlun. Í upphafi voru kröfur stefnanda þær, að stefndi greiddi £ 60.955.47 með 13% ársvöxtum af £ 29.814.64 frá 19. september 1974 til 7. nóvember s. á. og af £ 60.955.47 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Undir rekstri málsins hefur orðið

breyting á kröfugerð stefnanda, og eru endanlegar dómkröfur hans þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 41.424.053.00 ítalskar lírur með 13% ársvöxtum af ítölskum lírum 46.857.078.00 frá 7. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977 og með 16% ársvöxtum af ítölskum lírum 48.195.878.00 frá þeim degi til 3. apríl 1979, en af ítölskum lírum 41.424.053.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi hans að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo í stefnu og greinargerð, að hann hafi keypt af stefnda einn vagn, 300 pakka, af íslenskri skreið. Vörusending þessi hafi komið til stefnanda 3. október 1974. Við fyrstu athugun hafi varan virst í sama ástandi og í undanförnum viðskiptum aðiljanna, en þá hafi hún verið góð og óaðfinnanleg. Stefnandi hafi því verið í góðri trú og grandalaus um gæði frá stefnda. Af þessum sökum hafi stefnandi pantað annan vagn af skreið og útvegað bankaábyrgð fyrir kaupverðinu. Stefnandi hafi nú tekið að afhenda viðskiptamönnum sínum af fyrri vörusendingunni, en eftir nokkra daga hafi þeir tekið að bera fram kvartanir, mótmæli og riftanir, þ. e. þeir hafi endursent skreiðina. Ástæðan hafi verið sú, að enda þótt varan væri góð að ytra útliti, þá hafi komið í ljós við nauðsynlega undirbúningsmeðferð fyrir sölu, þ. e. er fiskurinn var valsaður og bleyttur upp, að flestir fiskarnir voru úldnir. Í fyrstu hafi stefnandi haldið, að þetta væri ekki mikilvægt, heldur mundi þetta vera alger undantekning. En þegar kvartanir komu frá öllum viðskiptavinum hans, þá hafi stefnandi sent stefnda telexskeyti hinn 5. nóvember 1974, þar sem kvartað var út af göllunum og kaupum rift. Hafi stefnandi farið fram á, að stefndi sendi þegar í stað umboðsmann til Flórens til að fylgjast með vörunum, sem hann hafi algerlega eftirlátið stefnda til ráðstöfunar. Enn fremur hafi hann í skeytinu farið fram á, að stefndi frestaði afskipun síðari sendingarinnar, enda yrðu gerðar ráðstafanir til að fresta gildi bankaábyrgðarinnar. Þrátt fyrir þetta hafi stefndi sent síðari sendinguna 7. nóvember 1974 og ekki skeytt beiðni stefnanda um frestun. Stefnandi hafi aldrei samþykkt þessi síðari kaup, en bankinn hafi orðið að innleysa bankaábyrgðina. Hinn 2. desember 1974 hafi opinber ítalskur fiskmatsmaður, Antonio Guglielmi, gefið út vottorð um skreiðina eftir að hafa rannsakað hana í viðurvist Stefáns Gunnlaugssonar, deildarstjóra í viðskiptaráðuneytinu, og Sigfúsar A. Magnússonar yfirfiskmatsmanns. Hafi ítalski

fiskmatsmaðurinn talið skreiðina svo skemmda, að hún væri óhæf til neyslu. Væri um að ræða hulinn galla, er komi ekki í ljós fyrr en við sérstaka meðferð skreiðarinnar. Af þessum sökum eigi stefnandi kröfu úr hendi stefnda.

Fjárhæð upphaflegrar dómkröfu stefnanda var sundurliðuð þannig:

300 pakkar af skreið í Bologna:		
Fjárhæð vörureiknings, dags. 19. sept. 1974	£	29.342.50
Tollur	—	53.30
Flutningskostnaður frá Chiasso til Bologna	—	48.72
Bankakostnaður vegna bankaábyrgðar	—	190.12
Geymslukostnaður til 28. febrúar 1975	—	280.00
300 pakkar af skreið í Chiasso:		
Fjárhæð vörureiknings, dags. 7. nóv. 1974	—	30.592.50
Bankakostnaður vegna bankaábyrgðar	—	148.33
Geymslukostnaður til 28. febrúar 1975	—	300.00
Samtals	£	60.955.47

Verða nú málavextir raktir, eins og þeir koma fram að öðru leyti í skjölum málsins. Hinn 5. nóvember 1974 sendi stefnandi stefnda svohljóðandi fjarritaskeyti

„Við bjóðum yður að fresta afskipun síðari skreiðarsendingar sem við stofnuðum ábyrgð nr. 1059 fyrir með því skreiðin úr fyrstu sendingunni var úr mjög slæmum eða frekar laklegum gæðaflokki enda margir fiskar úldnir. Þess vegna mótmælum við þessari sendingu við yður. Biðjum við yður að senda umboðsmann yðar þegar til Florence til að fylgjast með vörunum sem við eftirlátum yður algjörlega til ráðstöfunar. Að því er síðari sendinguna varðar biðjum við yður góðfúslega að tilkynna okkur fyrst framleiðendamerkin á böllunum og munum við láta yður vita hvaða merkjum þér getið afskipað. Þegar þar að kemur munum við einnig gera ráðstafanir varðandi frestun gildistíma bankaábyrgðar okkar. Við bíðum fregna yðar þegar."

Skeyti þessu svaraði stefndi með fjarritaskeyti, dags. 6. nóvember 1974, og hljóðar það svo í íslenskri þýðingu:

„Satt að segja urðum við alveg undrandi yfir telexskeyti yðar og innihaldi þess. Sendingin fór frá Hamborg hinn 27. september þannig að meira en mánuður hlýtur að hafa liðið síðan þér móttókuð hana.

Við teljum að einhver mistök hafi orðið og að væntanlega sé

þetta önnur sending frá einhverjum öðrum seljanda sem þér hafið ranglega talið koma frá okkur.

Um margra ára skeið höfum við selt yður fisk frá sömu framleiðendunum. Aldrei minnumst við þess að borist hafi kvörtun um gæði frá yður. Fiskurinn er nú frá sömu framleiðendum. Við athugum framleiðslu þeirra alltaf og persónulega komist að raun um að gæðastaðall þeirra er nú eins og fyrr að okkar dómi einn hinn besti hér á Íslandi. Þeir eru úti á ströndinni og fólk þar hefur yfirleitt meiri tilfinningu fyrir gæðum og er strangara í flokkun að nær öllu leyti. Við reyndum að fresta afskipun síðari sendingarinnar en meginu af fiskinum hafði þegar verið skipað út svo við getum því miður ekki orðið við beiðni yðar um frest. Framleiðendur og merki eru hin sömu og í fyrstu sendingunum. Hingað til höfum við gerst fullábyrgir fyrir gæðum varningsins sem við afskipum og það gerum við einnig nú. Nær þetta til fyrri og síðari sendingar svo og frekari sendinga sem við seljum yður í framtíðinni.

Góðfúslega biðjið umboðsmann okkar Accetta að líta á gæðin þegar síðari sendingin kemur. Við munum síma honum samkvæmt því."

Svarskeyti stefnanda, sem sent var samdægurs, er svohljóðandi:

„Okkur þykir mjög leitt að við verðum að staðfesta kröfu okkar og að ekkert er rangt af okkar hálfu.

Það er satt að við fengum fyrstu skreiðarsendinguna fyrir mánuði síðan en við höfum ekki sölu á henni til viðskiptamanna okkar fyrr en nýverið. Þeir bleyttu skreiðina upp og mótmæltu henni með því hún er úldin lyktar mjög illa þannig að ógerningur er að selja hana.

Við tilkynnum yður að undanfarna daga kom íslenskur matsmaður í heimsókn til okkar og létum við hann athuga sendinguna og einnig fengum við sérfræðing frá verslunarráðinu í Genova og komust þeir báðir að raun um að við hefðum á réttu að standa varðandi kröfu okkar.

Verðum við því að bjóða yður enn einu sinni að fresta afskipun síðari sendingarinnar sem við getum ekki tekið við og greitt fyrr en krafan hefur verið afgreidd og ákvörðuð milli okkar.

Til bráðabirgða biðjum við yður að gefa umboðsmanni yðar hr. Accetta fyrirmæli um að koma til Florence til að athuga vörurnar og teljum við að besta hugmyndin væri ef þér gætuð komið sjálfur.

Við bíðum fregna yðar mjög bráðlega."

Stefndi svaraði þessu með skeyti, sem sent var næsta dag, og er það svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

„Með tilvísun til telexskeyta eruð þér góðfúslega beðnir að athuga að á þessu stigi málsins tökum við ekki afstöðu til sannleiksgildis staðhæfinga. En með tilfinningaleysi (aths. þýð. væntanl.: aðgerðarleysi = inactivity) yðar í meira en einn mánuð hafið þér sett okkur báða í heldur erfiða aðstöðu.

Það sem við höfum gert er að leiða getum að því að um einhver mistök hljóti að vera að ræða og að um fisk frá öðrum seljanda hafi verið að ræða. — Ástæðurnar fyrir athugasemdum okkar hingað til eru:

1) Áður fyrr og einnig á yfirstandandi ári hefur það verið ósveigjanleg stefna kaupenda að taka ekki ákvörðun um eða staðfesta og stofna bankaábyrgð fyrir síðari afgreiðslu/afskipun fyrr en þeir hafa samþykkt gæði fyrstu afgreiðslu/afskipunar.
2) Hinn 1. október höfðuð þér ekki tekið ákvörðun um síðari sendinguna vegna þess að þér höfðuð ekki fengið hina fyrri. Hinn 11. október voru upplýingar um bankaábyrgð póstlagðar frá Instituto Bancario San Paob di Torino í Florence. Þá hafði fyrri sendingin borist þannig að við höfðum fullkomnar ástæður til að ætla að þér stofnuðuð til síðari bankaábyrgðar eftir að hafa samþykkt gæðaárangur fyrri sendingarinnar. Síðar jók það ástæðurnar fyrir skoðun okkar þegar við fréttum hinn 2. október að fyrstu viku október hefði verið gerð alvarleg umkvörtun um aðra afgreiðslu/afskipun frá öðrum útflytjanda. Að sjálfsögðu ætluðum við að árangurinn af slíkri umkvörtun yrði þegar gaumgæfileg athugun kaupenda á öllum öðrum afgreiðslum sem bærust. En með því við höfðum ekki heyrt kvartað einu orði í meira en mánuð getið þér ekki undrast viðbrögð okkar nú.

Þótt við teljum, að með tilfinningaleysi (aðgerðarleysi?) sem að ofan segir hafið þér hrakið grundvöll kröfu yðar vegna fyrri sendingarinnar synjum við ekki — endurtökum ekki — ábyrgð okkar á vörugæðum samkvæmt samningi. En við höldum því fram að til að geta skapað formlegan grundvöll kröfu verði að bíða þess að síðari sendingin berist. Þegar að niðurstaðan er fengin, föllumst við á þann árangur þannig að hann gildi einnig um fyrri sendinguna og munum við viðurkenna fullkomna ábyrgð á hverskyns skaðabótum sem taldar eru og sannaðar réttlætanlegar

fyrir báðar sendingar. — Með því báðar sendingar eru að grundvelli til frá sömu framleiðendum mundi þetta virðast vera rýmilegt.

Okkur skilst að öðrum útflytjendum hér hafi einnig borist kvartanir frá öðrum kaupendum. Okkur skilst á yfirvöldum hér að ákvörðun í þessu efni kunni að vera tekin hér einhverntíma innan tveggja vikna. Ef svo yrði kynni það að vera samtímis komu og mati síðari sendingar yðar.

Í millitíð leyfum við okkur að fullvissa yður um einlægan góðan tilgang okkar í máli þessu."

Svarskeyti stefnanda sama dag hljóðar svo í íslenskri þýðingu.

„Við verðum að tilkynna yður að á undan sendingu yðar fengum við aðrar sendingar frá öðrum seljendum og að sjálfsögðu hófum við afgreiðslu þess varnings sem fyrr barst. Auk þess tilkynnum við yður að fljótt á litið virðist skreiðin góð og það er ekki fyrr en hún er bleytt upp fyrir smásölu hjá viðskiptamönnum okkar að árangurinn kemur óþægilega í ljós og þá bárum við fram mótmæli við yður. Stafar það af því að mestur hluti fiskanna er úldinn innra. Sannleikurinn er sá að við höfum þegar einnig mótmælt sendingunum sem borist hafa frá hinum seljendunum en við getum fulvissað yður um að engin mistök hafa orðið hjá okkur með því sending ykkar er raunverulega mjög gölluð einnig. Þegar okkur bárust mótmæli viðskiptamanna okkar einnig vegna varnings yðar bleyttum við sjálfir upp nokkra fiska og því miður urðum við að staðfesta að mjög slæman daun leggur af framleiðslunni og gerir þetta hana óseljanlega. Eins og við höfum þegar tjáð yður gengu íslenski matsmaðurinn og sérfræðingurinn frá verslunarráðinu í Genova úr skugga um þessa staðreynd en við fengum þá til Florence vegna annarra sendinga. Ofangreint atriði er ástæðan fyrir töfum á mótmælum okkar og við getum ekki réttlætt viðbrögð yðar. Þess vegna hvetjum við yður aftur til að afskipa ekki síðari sendingunni með því ella munum við biðja heilbrigðisyfirvöld í Chiasso um að stöðva vörurnar.

Við munum ekki heimila yður afskipun fyrr en íslensk stjórnvöld hafa tekið ákvörðun sem gerir kleift að skilgreina málið en við frestum gildistíma bankaábyrgðar okkar og biðjum yður að sjálfsögðu um að framkvæma væntanlega nauðsynlega flokkun vörunnar til að fjarlægja gallaða fiska.

Við bíðum fregna yðar."

Í skeyti stefnanda til stefnda 13. nóvember er tekið fram, að krafa stefnanda byggist á þeirri staðreynd, að skreiðin, sem

stefndi hafi sent, sé algerlega úldin. Aðrir íslenskir seljendur skreiðar hafa þegar sent matsmann til Ítalíu til að athuga varninginn. Sé lögð áhersla á, að stefndi sendi einhvern fulltrúa, en helst matsmann frá íslenskum stjórnvöldum, því stefnandi telji algera nauðsyn að ljúka málinu hið allra fyrsta. Er jafnframt tekið fram, að það litla, sem hafi verið selt af vörunni, hafi verið endursent af viðskiptamönnum stefnanda. Viðskiptabanki stefnanda reikni honum 20% ársvexti og auki það tjón stefnanda. Er látin í ljós von, að stefndi hafi frestað afskipun á síðari skreiðarsendingunni, með því ella neyðist stefnandi til að fella niður greiðslu, eins og hann hafi gert gagnvart öðru fyrirtæki.

Í öðru skeyti stefnanda þennan sama dag kemur fram, að banki stefnanda hafi þá rétt áður tilkynnt, að stefndi hafi notað bankaábyrgð stefnanda nr. 1059 og sent 300 skreiðarpakka. Hafi þetta komið fyrirsvarsmönnum stefnanda mjög á óvart, eftir að þeir hafi gefið í skyn með tveimur skeytum, að yrði síðari vörusendingin send, þá þýddi það, að stefndi sendi vísvitandi gallaða vöru. Hafi aldrei verið vænst slíkrar framkomu af stefnda. Fari hún í bága við heiðarleika í viðskiptum og stríði gegn viðskiptavenju. Er stefnanda í skeyti þessu boðað að stöðva vörurnar í Hamborg, enda muni stefnandi ekki taka við sendingunni, ef hún berst til Chiasso, og muni heilbrigðisstjórnvöld verða látin setja lögbann á hana. Jafnframt var stefnda boðið að afturkalla skjölin úr banka sínum. Var skorað á stefnda að staðfesta, að hann hefði gert ráðstafanir til að afturkalla skjölin og fresta greiðslum.

Í svarskeyti stefnda sama dag er skýrt frá því, að hann hafi þá um daginn sent skeyti til umboðsmanns síns Accetta og tilkynnt afskipun síðari sendingarinnar samkvæmt samningi aðilja. Geti þetta ekki komið stefnanda á óvart, því í skeyti stefnda til stefnanda 6. nóvember hafi honum verið tilkynnt, að afskipun væri þegar á því stigi, að ekki væri hægt að fresta henni. Er og tekið fram, að við þær erfiðu aðstæður, sem séu fyrir hendi og fram hafi komið í skeytaskiptunum, virðist ekki annarra kosta völ en að halda afskipun áfram. Er tekið fram, að stefndi hafi ekki synjað staðhæfingu stefnanda varðandi vörugæði fyrri sendingar, en við aðstæður, sem stefnandi hafi skapað með vanrækslu sinni, sé ógerlegt að bera fram formlegar sannanir um vörugæðin. Við þessar aðtæður sé síðari sendingin eina leiðin til að skapa grundvöll til sönnunar því, að vörurnar séu frá sömu framleiðendum. Hafi stefndi ábyrgst, að síðari sendingin verði nýtt formlegt sönnunargagn fyrir fyrri sendingunni og sé þannig

opnuð leið til að komu að kröfu stefnanda vegna fyrri sendingarinnar, sem hann hafi samkvæmt öllum venjum fyrirgert með vanrækslu, svo sem fram komi af skeytaviðskipum aðilja.

Í skeyti stefnanda til stefnda 14. nóvember er mótmælt, að stefndi hafi ekki átt möguleika á að stöðva vörurnar í Reykjavík, því farmskírteinið sé dagsett 7. nóvember, en fyrsta skeyti stefnanda hafi verið 5. nóvember. Er jafnframt tekið fram, að banki stefnanda muni ekki inna af hendi greiðslu gegn skjölum, sem stefndi hafi sent. Er þess jafnframt farið á leit, að stefndi gefi fyrirmæli um vörurnar, því að stefnandi taki ekki við þeim, fyrr en stefndi hafi sent einhvern til að athuga þær og hafi gengið frá málinu varðandi fyrri sendingu. Er að lokum ítrekað, að stefnandi taki ekki á sig neina ábyrgð.

Í ódagsettu skeyti stefnanda til stefnda er greint frá því, að Chiasso sending með 300 pökkum af skreið sé komin til Chiasso. Er í skeytinu mælst til þess, að vegna hagsmuna sinna afturkalli stefndi vörusendingu þessa til Hamborgar eða gefi fyrirmæli um, að hún verði send til Genova, þar sem umboðsmaður stefnda taki ákvörðun um hana.

Í skeyti stefnanda til stefnda 26. nóvember kemur fram, að fyrirtækið Crow and Co. í Chiasso hafi sent stefnanda skeyti um ákvörðun stefnda varðandi sendinguna, sem borist hafi þangað. Er tekið fram, að svo sem stefnda sé kunnugt, séu starfsmenn íslenkra stjórnvalda staddir í Chiasso til að jafna allar kröfur, því allar skreiðarsendingarnar frá Íslandi hafi að geyma úldna vöru. Stefnandi haldi fast við, að hann eigi ekki að taka vörurnar, sem séu í kæligeymslu hans og séu úldnar og óseljanlegar, fyrr en ákvörðun hafi verið tekin um málið í heild. Var stefndi beðinn að taka ákvörðun um, hvort hann ætlaði að láta vörusendinguna vera í Chiasso á sína ábyrgð, áhættu og kostnað, þ. e. stefnda, eða hvort hann óskaði að fá hana aftur.

Í skeyti stefnda til stefnanda 26. nóvember, sem er svar við tveim síðustu skeytum stefnanda, er tekið fram, að ekki sé unnt að fallast á, að beiðni hans sé rétt á þessu stigi málsins. Vörusendingin sé eign stefnanda. Kröfu stefnanda varðandi fyrri sendinguna hafi ekki verið komið formlega á framfæri fyrir handvömm stefnanda. Þannig sé enginn grundvöllur fyrir að hafna skreiðinni. Er tekið fram, að stefnandi kunni að hafa haft ástæður varðandi afgreiðslu frá öðrum, en það ætti ekki að varða stefnda. Stefndi hafi lýst yfir, að hann beri ábyrgð á Saga og Edda gæðaflokkum úr fyrri sendingu eftir nýja könnun, svo fremi að sann-

anir komi fram um vörugæði síðari sendingarinnar. Þetta standi enn frá hendi stefnda.

Í skeyti stefnanda til stefnda 27. nóvember er því lýst yfir, að stefnandi geti alls ekki viðurkennt efni síðasta skeytis stefnanda og fyrri skeyti hans, þar sem þau séu ekki sannleikanum samkvæm. Fyrirsvarsmönnum stefnda sé vel kunnugt um, að öll íslenska skreiðin þetta ár sé gölluð og úldin. Fulltrúi frá viðskiptaráðuneytinu og Skreiðarmati ríkisins muni meta vörurnar hjá öllum ítölsku innflytjendunum. Þessir menn muni einnig koma til Flórens næstu daga og verði þeim þá gerð grein fyrir afstöðu stefnda. Tafir á mótmælum vegna fyrri sendingarinnar geti ekki réttlætt aðgerðir stefnda, því vörurnar hafi haft að geyma leynd-an galla, þ. e. að gallinn hafi ekki komið í ljós, fyrr en viðskiptamenn stefnanda hafi bleytt fiskinn upp til neyslu. Stefnda sé kunnugt um allt þetta og þess vegna hafi honum verið skylt samkvæmt réttum viðskiptavenjum að fresta afskipun síðari sendingarinnar. Er stefndi hafi afskipað vörunni eftir telexskeyti stefnanda, staðfesti það, að aðgerðir hans hafi ekki verið í góðri trú. Breyti stefndi ekki afstöðu sinni, muni stefnandi gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að gæta réttar síns. Er þess og getið, að síðari sendingin sé enn í Chiasso til ráðstöfunar fyrir stefnda og muni stefnandi hvorki taka við henni né greiða. Var stefnda jafnframt boðið að gefa banka sínum fyrirmæli um að krefja ekki um greiðslur, því fyrir hendi séu ástæður, sem stefnandi geti ekki viðurkennt, en einnig séu skjöl, sem stefndi hafi sent, ekki rétt. Var óskað eftir því, að stefndi gæfi fyrirmæli varðandi sendinguna, því stefnandi bæri enga ábyrgð á henni.

Í skeyti stefnanda til stefnda 30. nóvember kemur fram, að fulltrúi viðskiptaráðuneytisins og íslenskur skreiðarmatsmaður séu komnir til Flórens til að meta alla íslensku skreiðina, sem stefnandi hafi fengið. Muni þeir fara til Bologna, þar sem fyrri skreiðarsendingin, sem stefndi sendi, sé geymd. Ef stefndi hafi áhuga á, að umboðsmaður hans verði viðstaddur, skuli stefndi gefa honum fyrirmæli um að koma til Cogefriu-kæligeymslunnar í Castelmaggiore í Bologna. Þá er og tekið fram í skeyti þessu, að stefnandi annist ekki síðari skreiðarsendinguna lengur og ef stefndi hafi ekki gefið afgreiðslunni í Chiasso fyrirmæli, þá skuli hann hafa í huga, að reiknaður sé biðdagakostnaður fyrir sendinguna, sem nemi yfir 20.000 lírum hvern dag.

Í skeyti setefnanda til stefnda 3. desember 1974 er honum tjáð, að skreið sú, sem stefndi hafi sent stefnanda, sé algerlega úldin

og munu hinir íslensku embættismenn skýra stefnda frá því. Ógerlegt sé fyrir stefnanda að halda þessum vörum, sem séu óseljanlegar á markaði þar í landi. Var stefnda boðið að stofna bankaábyrgð fyrir fyrri sendingunni, sem sé enn til ráðstöfunar fyrir hann, og gefa stefnanda einnig nákvæm fyrirmæli um endursendingu síðari vörusendingarinnar, sem enn sé í Chiasso, og gefa banka stefnda þegar fyrirmæli um að beina fé, sem hana varðar, í aðra átt. Berist ekki svar innan þriggja daga til staðfestingar á því, að framangreindar ráðstafanir hafi verið gerðar, neyðist stefnandi til að leita lögfræðings. Er að lokum tekið fram í skeyti þessu, að stefndi hafi gefið ósannar yfirlýsingar í vörureikningi, þar sem sagt sé, að vörurnar séu 1. flokks að gæðum, en íslensk stjórnvöld viðurkenni, að vörurnar séu mjög slæmar og mjög úldnar. Hinn 14. janúar 1975 sendi stefnandi stefnda skeyti, sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Við bíðum enn eftir vitneskju um ákvörðun yðar varðandi uppgjör kröfu okkar.

Við minnum yður á að vörurnar eru enn í Chiasso og að við greiðum vexti er nema 20% á ári.

Við vonum að þér hafið einnig fallist á uppgjörið sem samið var um við aðra íslenska seljendur þannig að við verðum að fara fram á yfirfærslu upphæðarinnar hinsvegar verðum við að tjá yður að við munum afhenda lögfræðingi málið og þér vitið mjög vel að við höfum mjög á réttu að standa samkvæmt viðurkenningu stjórnvalda yðar og allra annarra framleiðenda.

Við bíðum fljótlegs svars."

Svarskeyti stefnda, dags. 23. janúar, hljóðar svo:

„Tilvísun telexskeyti yðar nr. 113 frá 15. jan. 1975 og beiðumst afsökunar á töfum svars sem stöfuðu af fjarvistum.

Eins og aðrir höfum við og viðkomandi framleiðendur verið að leitast við að afla stuðnings yfirvalda/banka til að reyna að gera undanþágur frá venjulegum viðskiptavenjum og koma á einhvern hátt til móts við beiðnir yðar. En hingað til hefur okkur/framleiðendum ekki tekist það. Samkvæmt því getum við á þessu stigi málsins einvörðungu endurtekið fyrri telexskeyti en þó með þeirri viðbót og samt enn á þessu stigi án skuldbindinga að við og framleiðendur munum halda áfram að leita lausnar til að koma á einhvern hátt til móts við beiðni yðar. Í millitíð ætti ef til vill að taka skýrt fram að við höfum hvorki selt né afskipað til yðar neinni skreið 1974 í stærðunum 60/70 eða 70/+ og eingöngu balla af IG. Þetta er hinsvegar ekki tilfellið varðandi aðra

íslenska útflytjendur með því þeir seldu einnig og afskipuðu til yðar nokkur hundruð balla af sérhverri stærð.

Góðfúslega athugið að við erum nú að undirbúa yfirfærslu bóta eins og samið hefur verið um við aðra ítalska innflytjendur. Látum vita þegar yfirfærsla fer fram."

Stefnandi svaraði stefnda með skeyti, dags. 27. janúar, sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Við svörum telexskeyti yðar frá 23/1 og verðum þegar að segja yður að við erum mjög svo undrandi á efni þess með því við sjáum að þér takið ekkert tillit til þess hvað gerst hefur í málinu og samninganna sem við höfum gert við aðra íslenska seljendur.

Við verðum raunar að staðfesta að á síðasta fundinum í Róm með framkvæmdastjórum íslenska og sambandi skreiðarframleiðenda og að viðstöddum embættismanni íslenskra stjórnvalda ákváðum við að skila sérhverjum seljanda aftur einni skreiðarsendingu en vegna annars móttekins varnings féllumst við á afslátt sem öðrum ítölskum innflytjendum hefði verið gefinn. Fyrirtækið íslenska og skreiðarsamlagið hafa þegar yfirfært upphæðina varðandi síðustu skreiðarsendinguna sem afskipuð var og þér verðið á sama hátt að endurgreiða okkur upphæð sendingarinnar sem þegar er komin til Chiasso og sem þér afskipuðuð þrátt fyrir að við höfðum gefið yður fyrirmæli um að fresta þeirri afskipun. Við getum alls ekki fallist á neina aðra tillögu yðar að það sé ekki í samræmi við það sem ákveðið var við aðra seljendur okkar (aths. þýð.: sic.) og við verðum að tilkynna yður að ef þér hafið ekki innan 48 klukkustunda frá því nú staðfest að greiðsla til okkar hafi farið fram neyðumst við til að leita til lögmanns í Reykjavík.

Góðfúslega athugið að í því tilfelli munuð þér skyldaðir til að endurgreiða okkur ekki aðeins eina heldur báðar tvær skreiðarsendingarnar sem þér senduð okkur með því viðurkennt hefur verið að vörurnar eru ekki í samræmi við það sem yfirlýst var af yðar hálfu og samkvæmt reikningi svo og að öll gögn eru í okkar höndum.

Einnig verðum við að tjá yður hr. Albertsson að við hefðum aldrei hugsað okkur slíka framkomu af yðar hálfu með tilliti til fyrra viðskiptasambands okkar og vináttu okkar og umboðsmanns yðar hr. Accetta og áður en þér neyðið okkur til aðgerða sem valdið gætu yður síauknu tjóni biðjum við yður að athuga allt málið á ný eins vandlega og unnt er.

Við bíðum því áríðandi svars yðar innan 48 klukkustunda".

Eftir þetta fól stefnandi lögmanni sínum meðferð málsins. Með bréfi, dags. 5. mars 1975, krafði lögmaðurinn stefnda um greiðslu á kr. 61.778.00 (svo) auk vaxta og málskostnaðar. Stefndi hafnaði kröfunni með bréfi, dags. 10. mars.

Stefndi sendi stefnanda ávísun, útgefna af Útvegsbanka Íslands 26. mars 1975, að fjárhæð £ 3.870.75, sem vera skyldi afsláttur af kaupverði skreiðarinnar. Hefur stefndi sundurliðað fjárhæðina þannig:

Skreið í fyrri sendingu:					
28 pakkar Saga IG.	£	3.570.00	15% afsl.	£	535.50
79 pakkar 50/60	£	8.295.00	10% afsl.	£	829.50
Skreið í síðari sendingu:					
30 pakkar Saga I.G.	£	3.825.00	15% afsl.	£	573.75
184 pakkar 50/60	£	19.320.00	10% afsl.	£	1.932.00
				£	3.870.75

Með bréfi, dags. 16. apríl 1975, endursendi lögmaður stefnanda lögmanni stefnda ávísunina. Kom fram, að stefnandi hafnaði greiðslunni á þeim grundvelli, að hann hefði þegar falið lögmanni sínum að höfða mál á hendur stefnda til heimtu fullra skaðabóta.

Með bréfi til stefnda sama dag kvaðst lögmaður stefnanda ítreka fyrri athugasemd um skreiðarvagn, sem geymdur væri í Chiasso. Sú skreið væri ekki í frystiklefa og hlyti að skemmast vegna vaxandi hita á Ítalíu. Lýsti stefnandi allri ábyrgð af þessu á hendur stefnda.

Í bréfum lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda, dags. 21. og 22. apríl 1975, kveðst hann telja fráleitt annað en að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir skemmdir á skreiðinni. Samþykki hann og skorar jafnframt á stefnanda að gera réttar og eðlilegar ráðstafanir í því skyni, en slíkar ráðstafanir hafi engin áhrif á réttarstöðu aðilja varðandi ágreining þann, sem risinn sé með aðiljum. Væri ávinningur að því að koma skreiðinni í verð með viðunandi kjörum og eðlilegast, að stefnandi ynni að þessu.

Hinn 22. apríl 1975 sendi stefndi Útvegsbanka Íslands tékka þann, sem stefnandi hafði endursent, og óskaði eftir, að fjárhæð hans yrði lögð á reikning lögmanns stefnanda sem geymslufé til greiðslu á umsömdum skaðabótum. Með bréfi til lögmanns stefnanda, dags. 6. maí 1975, gerði lögmaður stefnda grein fyrir þessari

ráðstöfun og tók fram, að um væri að ræða greiðslu á umsömdum skaðabótum.

Með skeyti til lögmanns síns hinn 17. september 1975 kvaðst stefnandi eiga kost á að selja skreiðina með 30% afslætti frá verði því, sem fram kom á vörureikningum stefnda. Var lögmanni gerð grein fyrir þessu, og samþykkti hann, að skreiðin yrði seld með þessum kjörum, enda liti hann á þetta sem eðlilega ráðstöfun til að firra aðilja tjóni, án þess að í henni fælist nokkur viðurkenning eða breyting á réttarstöðu aðilja til þess ágreinings, sem risinn var.

Frá stefnanda hefur komið fram svofellt uppgjör um endanlega sölu skreiðarinnar:

„SAGA I.G.	58 pakkar	— selt	L.	10.967.500
SAGA I.M.	2 pakkar	— selt	—	350.000
EDDA 50/60	263 pakkar	— selt	—	37.983.500
EDDA 40/50	91 pakkar	— selt	—	13.459.450
EDDA 20/40	66 pakkar	— selt	—	9.580.886
ASTRA 50/60	72 pakkar	— selt	—	9.919.400
ASTRA 40/50	30 pakkar	— selt	—	3.944.650
ASTRA 20/40	18 pakkar	— selt	—	2.292.964
	600		L.	88.498.350
		Vörukostnaður og útlögð gjöld	—	112.091.428
		Beint tap	L.	23.593.078

Við tapið verður að bæta:

1) 15% vegna missis ágóðavonar.
2) Málskostnaður til handa M. Thorlacius hrl. (þar af greiddar upp í kostnað L. 3.350.520 að viðbættu því, sem þarf að greiða til að ljúka málinu).
3) Ferðakostnaður okkar til að koma fyrir rétt í Reykjavík.

NB. 15% ágóðavon fyrirtækisins skiptist þannig:
11% almenn útgjöld, svo sem umboðslaun, flutningskostnaður frá skipshlið, vaxtagjöld vegna viðskiptavina, skrifstofukostnaður o. s. frv.
4% hreinn ágóði fyrirtækisins.“

Í málinu hefur komið fram skoðunargerð Antonio Guglielmi, sérfræðings fiskideildar Verslunarráðs Genova, dags. 2. desember 1974, sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Ég undirritaður, ANTONIO GUGLIELMI, löglega innritaður undir númerinu 692 á skrá Verzlunarráðsins í Genova um sérfræðinga í deildinni fiskur (geymsla, söltun, verkun fisks), hef samkvæmt beiðni fyrirtækisins SILVANO BURGASSI með aðsetur í Firenze (Flórens), Piazza dei Peruzzi nr. 2, gert eftirfarandi prófun ásamt starfsbróður mínum, opinberum íslenzkum fiskmatsmanni, og í viðurvist embættismanns frá íslenzka viðskiptaráðuneytinu.

Athuguð vara: Íslensk skreið, sem fyrirtækið Silvano-Burgassi hefur fengið á yfirstandandi vertíð frá fyrirtækinu G. Albertsson í Reykjavík, svo sem ljóst er af vörureikningi frá 19/9/74 nr. 445/74, nánar tiltekið 300 pakkar af Icelandic Stockfish, goods of very new production 1974, sound and guaranteed without defects, first quality, in the following sizes: 28 bales SAGA I.G., 2 bales SAGA I.M., 40 bales EDDA 20/40, 91 bales EDDA 40/50, 79 bales EDDA 50/60, 20 bales ASTRA 40/50, 40 bales ASTRA 50/60.

Samtals 300 pakkar, sem komu til Bologna í járnbrautarvagni hinn 3. október 1974. Staðurinn, þar sem prófunin fór fram: Bologna, í frystihúsinu CO.GE.FR.IN. — Via Angelelli — Castelmaggiore.

Niðurstaða prófunarinnar: Athugun á framleiðslunni var gerð með þeim hætti að taka úr hverjum pakka tvo eða þrjá fiska fyrir hverja gerð og merki. Allir þeir fiskar, sem út úr voru teknir, voru barðir og síðan skornir langsum.

Að dómi þess, sem þetta ritar, er ljóst orðið eftir athugun á þessum fiski, að í honum innanverðum gætir rotnunar (hundraðshluti er misjafnlega mikill eftir gæðum og stærð, og leikur hann á milli 20% og 100%). Nánar tiltekið verða hundraðshlutar svo sem hér segir: Í gerðinni Saga I.G. gætir rotnunar í 100% fiskanna. Í gerðinni Saga I.M. er hlutfallið 80% til 100%. Í gerðinni Edda 20/40 nær rotnunin til 20%. Í gerðinni Edda 40/50 er rotnunin 30%, og í gerðunum Edda 50/60, Astra 40/50 og Astra 50/60 er rotnunin 70% (Um þessa tölu er ég enganveginn viss, hún er ekki greinileg. þýð.).

Hinn alvarlegi galli, sem þannig hefur komið berlega í ljós og er að dómi undirritaðs til orðinn fyrir óheppilega þurrkun (líklega vegna þess, að þurrkunin hefur fram farið við hitastig, sem ekki voru heppileg), sýnist óbætanlegur þegar við skoðun á fisk-

inum þurrum. Sé hann svo lagður í bleyti, keyrir alveg um þverbak, og eftir tveggja daga afvötnun leggur þegar af honum mikinn óþef. Sé hins vegar haft í huga, að ítalskir afvötnunarmenn láta fiskinn liggja í vatni að minnsta kosti sjö eða átta daga, sem nauðsynlegir eru til þess, að fiskurinn verði mátulega blautur, má gera sér í hugarlund, í hvaða ástand framleiðslan kemst.

Ég tel þess vegna, að fiskurinn, sem svo er skemmdur, sé með öllu óhæfur til neyzlu handa fólki, nema því aðeins að til komi andstæð skoðun frá ítölskum heilbrigðisyfirvöldum, en telja mætti heppilegt að fara þess á leit við þau að fella sérstaklega dóm í þessu efni.

Að dómi undirritaðs ber að líta á þennan rotnunargalla í fiskinum innanverðum sem „leyndan galla", er ekki kemur í ljós nema með því að leggja fiskinn í bleyti, eða þá einnig á fiskinum þurrum, en þá eftir nákvæma athugun á fiskum, sem hafa verið pressaðir, barðir og þá opnaðir, og vil ég raunar láta þess getið, að fyrrnefndir opinberir íslenzkir fulltrúar töldu ekki nauðsynlegt að krefjast prófunar á fiskum úr háu stykkjatölunum (50/60 og I.G.), lýstu yfir því, að þeir væru skemmdir og væri ekki ómaksins vert að athuga þá frekar."

Í nóvembermánuði 1974 fóru Stefán Gunnlaugsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, og Sigfús Magnússon, deildarstjóri við Fiskmat ríkisins, til Ítalíu á vegum viðskiptaráðuneytisins til að kynna sér ástand og markaðshorfur í tilefni af kvörtunum út af göllum á íslenskri skreið, sem borist hafði frá kaupendum. Sömdu þeir skýrslu um ferð sína, og segir þar svo:

„Dagana 24. nóv. til 3. desember s.l. dvöldum við undirritaðir Stefán Gunnlaugsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, og Sigfús Magnússon, deildarstjóri í Fiskmati ríkisins, á Ítalíu til að kynnast ástandi og horfum á skreiðarmarkaði þar í landi í tilefni af kvörtunum, sem borist höfðu frá kaupendum yfir gæðum íslenskrar skreiðar, sem komið hefur þangað á markað undanfarið. Var komið í eftirtaldar borgir til skoðunar á skreið og til viðræðna við kaupendur og umboðsmenn útflytjenda og innflytjenda: Napoli, Messina, Catanzaro, aftur til Napoli, Florence, Bologna og Genova.

Þeir, sem rætt var við um skreiðarmál, voru:

Í Napoli: Eminente (umboðsmaður Samlags skreiðarframleiðenda) Aloia jr. Aloia (umboðsmaður Sameinaðra framleiðenda).

Skreiðarkaupmennina Mercurio (starfsmaður Paonessa í Cantanzaro) Sannino, Gallo og Battalia.

Í Messina: Dr. Verso og Strano (umboðsmenn SÍS og BÚR), skreiðarkaupmennina Franco Picciotto, Geovanni Picciotto, Carao og Sanni bræður (frá Albacora).

Í Catanzaro: Skreiðarkaupendurna Cesare- og Victorio Paonessa og starfsmann þeirra Mercurio.

Í Florence og Bologna: Skreiðarkaupmanninn Burgassi og syni hans, vöruskoðunarmann frá Verslunarráði Genova, Guglielmi að nafni, og Lustic (umboðsmann Samlags skreiðarframleiðenda).

Í Genova: Rizzi, aðalræðismann (umboðsmann Ísbjarnarins h.f.) Acchetta (umboðsmann G. Albertsson) og de Benedetto skreiðarkaupmann.

Á fundi, sem Stefán Gunnlaugsson hélt með skreiðarútflytjendum daginn eftir að hann kom úr þessari ferð (en Sigfús Magnússon fór til Lissabon með fulltrúa frá SÍF út af saltfiskmati) gerði hann ítarlega grein fyrir ferðalaginu, við hverja var rætt, hvar skreið var skoðuð, áliti Sigfúsar Magnússonar á gæðum skreiðarinnar, skoðunum umboðsmanna á ástandi og horfum á markaðnum svo og ábendingum og tillögum, sem frá þeim komu og miða að því að greiða fyrir lausn vandamáls, sem við er að etja við sölu skreiðar á Ítalíu um þessar mundir.

Á öðrum fundi, hinn 10. des. s.l., með skreiðarútflytjendum, þar sem Sigfús Magnússon, deildarstjóri, var mættur, skýrði hann viðhorf sitt til gæða á íslenskri skreið, sem seld hefur verið á Ítalíumarkað undanfarið og hann átti kost á að athuga í ferðinni. Er það álit hans, að stærðarflokkarnir 70/upp, 60/70 svo og Saga I.G. séu að hluta ekki af þeim gæðum, sem ætti að vera. Stærðarflokkurinn 50/60 er af skárri gæðum, en í sumum tilfellum við eða undir lágmarki. Aðrir matsflokkar virtust, þegar á heildina er litið, nokkuð eðlilegir að gæðum, að undanskildri Astraskreið, sem ekki er metin fyrir Ítalíu og var þess vegna ekki skoðuð.

Það virtist samdóma álit umboðsmanna útflytjenda á Ítalíu, að mikil verðhækkun á skreiðinni í haust miðast við s.l. ár (milli 80-90%) auk lélegri gæða en verið hefur hefði leitt til þess, að ekki hafi reynst unnt að selja hana að ráði nema með tapi fyrir innflytjendur í samkeppni við kjötvörur og kjúklinga. Minnkandi fjárráð almennings og lækkun á verði Finnmarkenskreiðar frá Noregi í s.l. mánuði, sem Edduskreið okkar er oft borin saman við og nú er orðin salsvert lægri í verði en okkar Edduskreið, hefði einnig haft veruleg áhrif í þessum efnum. Innflytjendur lægju því nú með mikinn hluta þeirrar skreiðar óselda,

sem þeir hefðu fest kaup á frá Íslandi í haust. Væri þetta mjög alvarlegt vandamál fyrir þá, en vaxtabirði væri mikil, eða um 20% bankavextir. Mjög knýjandi væri því, að Íslendingar kæmu á móts við innflytjendur, að áliti umboðsmanna, tafarlaust, með því að veita þeim afslátt á söluverðum seldrar skreiðar, auk þess sem nauðsynlegt væri að lækka verðin á óseldri skreið á Íslandi fyrir Ítalíu. Að öðrum kosti myndi ekki reynast unnt að afsetja hana á þann markað, en algjör stöðvun hefur nú orðið á skreiðarútflutningi til Ítalíu. Lauslega áætlað má gera ráð fyrir, að útflutningurinn hafi numið um 12.000 pökkum í haust, en um 6.000 pakkar fyrir umræddan markað eru taldir óseldir hér á landi.

Til þess að greiða fyrir lausn þessa vanda bentu umboðsmennirnir á leiðir. Þær hugmyndir helstar, sem fram komu í þeim efnum, voru sem hér skal greina:

1. Verð á allri skreið fyrir umræddan markað verði lækkað hlutfallslega jafnt — bæði á því, sem þegar er selt og enn er óselt í landinu.

2. Lækkun á verði Sögu I.G., 70/upp og 60/70 verði gerð um ákveðinn hundraðshluta, lækkun um lægri hundraðshluta á 50/60, en engin lækkun á verði 40/50, 20/40 og Sögu I.M. Lækkun á Astraskreið yrði þó að verða enn meiri en á Sögu I.G., 70/upp og 60/70. Ofangreindar verðbreytingar gildi jafnt fyrir selda skreið í haust og það, sem enn er óselt hér á landi fyrir Ítalíumarkað.

3. Meiri verðlækkun verði gerð á því, sem er óselt, til að greiða fyrir sölum héðan.

4. Því fleiri skreiðarvagna, sem innflytjandi kaupir, því meiri afslátt, miðað við að afskipun eigi sér stað fyrir 31. mars n.k. Gæti það verið með tvennu móti: Látið gilda einungis fyrir það, sem óselt er í landinu, eða miðað við heildarkaup innflytjenda frá byrjun útflutningstímabilsins.

Hinir ýmsu kaupendur, sem við ræddum við, kvörtuðu misjafnlega mikið yfir gæðum skreiðarinnar. Þeir, sem mest höfðu keypt, báru sig illa og kvörtuðu mest.

Tekið skal fram, að óheimilt er að selja skreið til Ítalíu nema gegn óafturkallanlegri bankaábyrgð. Andvirði seldrar skreiðar á þennan markað er því að fullu greitt.

Varðandi hugmyndir kaupenda um verðlækkun nefndu umboðsmenn eftirfarandi tölur í okkar áheyrn:

1. 20% verðlækkun á allt, sem búið er að selja, og einnig það, sem enn er óselt í landinu.

2. 12-20% verðlækkun á Sögu I.G., 70/upp og 60/70, en 8-10% verðlækkun á 50/60."

Um framhald málsins segir svo í bréfi viðskiptaráðuneytisins, dags. 26. október 1977:

„Í framhaldi af ferð Stefáns Gunnlaugssonar og Sigfúsar Magnússonar, sem greint er frá í áðurnefndri skýrslu, fóru fulltrúar framleiðenda til Ítalíu til að reyna að ná samningum við kaupendur um ágreiningsmálin. Að frumkvæði „Anipesca", sem eru félagssamtök fiskinnflytjenda á Ítalíu, fóru formlegar frumumræður fram á fundum þar. Á þeim fundum náðist ekki samkomulag. En í beinu framhaldi af þeim fundum voru teknar upp viðræður við einstaka innflytjendur, og mun þannig hafa náðst heildarsamkomulag við alla kaupendur, eftir því sem ráðuneytinu var tjáð á sínum tíma, um ákveðinn afslátt frá gildandi lágmarkssöluverði á allri Ítalíuskreið frá 50 cm stærð og þar yfir af framleiðslu ársins 1947 (svo), sem seld hafði verið og afskipuð til Ítalíu á árinu. Afsláttur, sem umrætt samkomulag tók til, var svo sem hér segir:

10% vegna Edda 50/60
50% vegna Edda 60/70
15% vegna Saga IG
20% vegna Edda 70/up

Verð á öðrum stærðum Ítalíuskreiðar skyldu óbreytt.

Varðandi þá fyrirspurn, hvenær kvartanir bárust fyrst frá ítölskum innflytjendum skreiðar út af íslenskri skreið 1974, skal upplýst, að það mun hafa verið nokkru fyrir 23. október 1974, en um málið er fjallað í bréfi Fiskmats ríkisins, dags. þann sama dag. Þá var haldinn fundur í viðskiptaráðuneytinu 31. október 1974 með skreiðarútflytjendum í tilefni af ósk Sameinaðra framleiðenda um, að Fiskmat ríkisins sendi skreiðarmatsmann til Ítalíu ásamt fulltrúum fyrirtækisins til að kanna réttmæti kvartana á skreið, sem borist hafði því fyrirtæki, og mun umrætt bréf Fiskmats ríkisins frá 23. október 1974 hafa verið ritað í tilefni af þeim kvörtunum."

Fyrirsvarsmaður stefnanda, Olinto Burgassi, hefur skýrt svo frá, að á árinu 1974 hafi stefnandi keypt skreið frá stefnda og tveimur öðrum aðiljum á Íslandi. Hafi skreiðin frá þessum þremur aðiljum komið um sama leyti og verið flutt í kælivögnum. Hafi skreiðin frá þeim öllum verið sett í sölu um sama leyti. Í

stórum dráttum hafi verið um að ræða sömu tegundir og stærðarflokka frá öllum þessum þrem seljendum, þó einhver lítils háttar munur kunni að hafa verið þar á. Hafi gæðin á skreiðinni frá þessum þremur seljendum verið nánast eins. Á þessu ári hafi stefnandi keypt venjulegt magn af skreið, svipað og á árinu áður, en eftir þetta hafi dregið úr kaupunum. Hann kvaðst einnig hafa keypt nokkra skreið frá Noregi. Öll skreiðin, sem hann hafi fengið frá Íslandi 1974, hafi verið mjög léleg og muni það hafa stafað af slæmu tíðarfari. Hann kveður neyslumarkaðinn á Ítalíu hafa verið með öllu eðlilegan á þessum tíma og hafi hvorki verið um að ræða hækkanir né lækkanir. Hins vegar hafi skreiðarsendingar þessar alls ekki selst, þegar þær komu á markaðinn, vegna upprunagalla. Hafi þær síðar verið seldar á niðursettu verði. Kveðst hann samstundis hafa kvartað yfir gallaðri vöru. Hafi hinir seljendurnir tveir viðurkennt þessa galla og hafi tekist samkomulag, sem var fólgið í því, að endursendur var einn af vögnunum frá hvorum þeirra og jafnframt hafi hann fengið afslátt af verði þess, sem eftir var. Hann kveður nokkrar umræður hafa orðið í innflytjendasamtökunum ANIPESCA, sem stefnandi sé aðili að, um íslensku skreiðina, án þess til nokkurrar sameiginlegrar ákvörðunar kæmi. Hafi fyrirtæki stefnanda því haldið sínu striki án afskipta samtakanna. Hafi samtökin komið á framfæri almennum kvörtunum við stjórnvöld á Íslandi, en muni ekki hafa staðið að samkomulagi um afslátt af skreið. Hann kveður skreiðina í seinni vögnunum hafa verið selda með 30% afslætti og muni það síðasta af henni hafa verið selt í árslok 1976. Hann kveður stefnda hafa verið ljóst af skeyti frá stefnanda, þegar flutningur á seinni farminum hófst, að stefnandi óskaði eftir því, að hætt yrði við seinni sendinguna, af því að stefndi stóð ekki við samning aðiljanna.

Hörður Albert G. Albertsson, aðaleigandi og framkvæmdastjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að aðiljar málsins hafi átt viðskipti með skreið áratugum saman og hafi aldrei áður risið ágreiningur um gæði skreiðar. Þegar um sé að ræða framleiðslu nýs árs, fari viðskiptin yfirleitt þannig fram, að seldir séu tveir eða þrír vagnar af skreið og sé samþykki kaupanda fyrir gæðum skreiðar í fyrri vagni forsenda fyrir viðskiptum um skreiðina í síðari vagni. Hann kveður heitið „Saga“ vera einkenni fyrir skreið af bestu gæðum, en þar næst komi „Edda“ og síðan „Astra“. Skammstafanirnar „I.G.“ og „I.M.“ séu stærðareinkenni og þýði „italiano grande“ og „italiano medio“. Skreið í gæðaflokkunum Saga og

Edda sé ætluð til sölu á Ítalíumarkaði, en skreið í gæðaflokknum Astra sé ætluð til sölu á Afríkumarkaði. Samkvæmt fyrirmælum viðskiptaráðuneytisins megi ekki selja þá skreið til Ítalíu, nema kaupandi afsali sér fyrirfram bótarétti vegna gæða hennar. Hörður kveður stefnanda áður hafa keypt skreið í gæðaflokknum Astra. Hann kveður mat á skreið þeirri, sem um er deilt í máli þessu, í engu hafa verið frábrugðið mati á skreið á fyrri árum og því hljóti gæði skreiðarinnar að vera sambærileg. Í umrætt sinn kveður Hörður almennar kvartanir hafa borist frá Ítalíu varðandi skreið, sem þangað hafði verið seld, áður en stefnda barst kvörtun stefnanda. Hafi kvörtun stefnanda ekki borist fyrr en eftir að hann hafði opnað bankaábyrgð fyrir skreið í síðari vagninum, sem aðiljarnir höfðu samið um. Hörður kveðst hafa beðið umboðsmann sinn á Norður-Ítalíu að vera við skoðun á skreið í síðari sendingunni og einnig hafi hann beðið stefnanda um að hafa samband við Accetta. Skoðun þessi hafi ekki farið fram, því sendingin hafi verið stöðvuð. Hafi því aldrei borist nein umsögn frá Accetta um skreiðina. Hann kveður þrjá eða fjóra af þeim seljendum, sem seldu mest af skreið til Ítalíu, að stefnda undanskildum, hafa sent fulltrúa sína til Ítalíu í samráði við viðskiptaráðuneytið. Eftir að málið virtist komið á alvarlegt stig, kveðst Hörður hafa samþykkt, að viðskiptaráðuneytið sendi fulltrúa sinn og skreiðarmatsmann til að athuga skreiðina. Hafi svo fyrirtæki þau, sem sendu fulltrúa sína til Ítalíu í samráði við viðskiptaráðuneytið, gert rammasamkomulag við ANIPESCA, heildarsamtök fiskinnflytjenda á Ítalíu, sem stefnandi sé aðili að, um ákveðinn allsherjarafslátt af verði skreiðar, sem seld var til Ítalíu af framleiðslu ársins 1974. Hafi verið gert ráð fyrir, að seljendur og kaunendur semdu sín á milli um bótafjárhæðir. Kveðst Hörður telja, að það hafi verið lækkun á verði á norskri skreið, sem hafi verið frumorsök þess allsherjarafsláttar, sem veittur var, og hafi sú ákvörðun verið tekin með hliðsjón af „goodwill" á markaðnum í framtíðinni. Hörður kveður fyrirtæki sitt hafa staðið utan við þetta samkomulag, en eftir að það var gert, hafi hann með hliðsjón af viðskiptahagsmunum fyrirtækisins ákveðið að greiða viðsemjendum fyrirtækisins á Ítalíu í samræmi við það. Hafi hann því sent fyrirsvarsmanni stefnanda ávísun að fjárhæð £ 3.870.75.

Auk þess, sem fram kemur í skýrslu hans og Sigfúsar Magnússonar, er áður hefur verið rakin, hefur Stefán S. Gunnlaugsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, skýrt svo frá fyrir dómi, að kvartanir stefnanda hafi í engu verulegu verið frábrugðnar at-

hugasemdum annarra kaupenda. Hafi hann verið viðstaddur, er skoðuð var skreið, sem stefnandi hafði fengið. Hafi skoðunin farið fram í kæligeymslu, þar sem mikið var af skreið. Hafi þar einnig verið Sigfús Magnússon og ítalskur vöruskoðunarmaður að nafni Guglielmo og hafi þeir skoðað skreiðina. Skoðun hafi farið þannig fram, að skreiðarpakkar hafi verið valdir af handahófi og skoðaðir, en einnig hafi verið skoðaðir fiskar, sem brotnir höfðu verið upp. Skreiðin, sem þarna var, hafi verið frá þremur aðiljum, Samlagi skreiðarframleiðenda, Sameinuðum framleiðendum og stefnda. Stefán, sem kveðst ekki hafa sérþekkingu á skreið, kveðst hafa fengið þá tilfinningu af því, sem fram fór, að ástand skreiðarinnar í þessu húsi væri að minnsta kosti ekki lakara en þar sem skoðað hafði verið áður, þ. e. Napoli, Messína, Catansaro og Florens. Hafi framhald málsins orðið það, að seljendur hafi talið rétt og eðlilegt að mæta þeim kvörtunum, sem borist höfðu, með því að veita afslátt frá umsömdu verði. Hafi viðskiptaráðuneytið fyrir sitt leyti samþykkt afslátt, sem verið hafi mismunandi eftir stærðum og tegundum. Hafi hann talið, að allir seljendur skreiðar hefðu leyst málið á þessum grundvelli, en hann hafi ekki athugað það sérstaklega. Hafi viðskiptaráðuneytið ekki átt beina aðild að samningum um afslátt. Stefán kveður það ekki eftir sér haft, sem fram kemur í skýrslu Antonio Guglielmo, að íslensku fulltrúarnir hafi talið fiska úr háum stykkjatölum skemmda og ekki talið ómaksins vert að rannsaka þá. Þá hafi ekki verið um að ræða, að skoðuð væru sýnishorn úr 300 pökkum, heldur hafi aðeins verið tekin sýnishorn úr nokkrum pökkum í sinni viðurvist. Kveðst Stefán ekki minnast þess, að ítalski skoðunarmaðurinn hafi minnst sérstaklega á galla í skreið frá stefnda.

Þá hefur Sigfús Magnússon, sem starfaði sem deildarstjóri hjá Fiskmati ríkisins, skýrt svo frá auk þess, sem fram kemur í skýrslu hans og Stefáns S. Gunnlaugssonar, að tilgangur farar þeirrar til Ítalíu hafi verið að kanna, hvort grundvöllur væri fyrir þeim kvörtunum, sem borist höfðu út af skreið, sem seld hafði verið þangað. Hafi tilgangurinn verið að fá heildaryfirlit yfir ástand þessarar skreiðar, en ekki að skoða sérstaklega skreið frá tilteknum aðiljum. Hann hafi verið búinn að heyra, að kvartanir höfðu borist út af skreið, sem seld var til Ítalíu, og muni stefnandi hafa kvartað einna fyrst, en sér hafi ekki verið kunnugt um, að kvartanir hans hafi varðað sérstök atriði. Áður en almennar kvartanir bárust, hafi Bjarni Magnússona, sem selt hafi skreið til Ítalíu, óskað eftir, að hann færi til Ítalíu til að kynna sér

málin. Síðan hafi borist almennar kvartanir og hafi viðskiptaráðuneytið þá ákveðið að senda þá Stefán til Ítalíu. Sigfús kveðst hafa verið viðstaddur, er skreið var skoðuð hjá stefnanda á tveimur stöðum, fyrri daginn í Florens, en síðari daginn í Bologna. Hafi verið skoðuð skreið með merki þriggja framleiðenda á hvorum stað og muni skreið frá stefnda, sem fjallað er um í málinu, hafa verið í Bologna. Hver skreiðarpakki sé merktur af framleiðandanum, en einnig merki hver útflytjandi pakka sína og muni merki stefnanda vera „Ísflak". Hafi hann skoðað þarna skreið með því merki. Skoðunin hafi farið þannig fram, að fjórir til fimm fiskar hafi verið teknir úr pökkum af handahófi. Þeir hafi síðan verið barðir og opnaðir og hafi þá sést, hvernig þeir voru inni við beinið. Hafi verið skoðuð skreið af öllum stærðum, sem stefnandi hafði keypt, misjafnlega mikið af hverri, en hann muni ekki eftir að hafa séð skreið af tegundinni I.G. Saga frá stefnda. Stefnandi kaupi yfirleitt smærri skreiðarflokka, en hann muni hafa keypt eitthvað af tegundinni I.G. Saga. Hafi skemmdirnar verið meira áberandi eftir því sem fiskarnir voru stærri. Kveður hann skreiðina hjá stefnanda í Bologna ekki hafa verið frábrugðna annarri skreið, sem þeir skoðuðu á Ítalíu, þó hafi heildarsvipurinn þarna verið heldur skárri, því þarna hafi yfirleitt verið minni stærðir af skreið. Sigfús kveður skreiðina, sem þeir skoðuðu á Ítalíu, yfirleitt hafa verið í góðum geymslum og geti hann ekki séð, að ástand skreiðarinnar hafi stafað af slæmum geymslum. Í Bologna kveður Sigfús ekki hafa verið skoðaða 300 pakka að sér viðstöddum. Hann kvaðst ekki minnast þess að hafa tjáð sig neitt um það, að fiskur með háum stykkjatölum væri skemmdur og að ekki þyrfti að skoða hann. Hann hafi ekki látið neina skoðun í ljós um ástand skreiðarinnar. Hann kveðst ekki hafa skoðað þarna neina skreið af tegundinni Astra, enda sé sú skreið ekki metin fyrir þennan markað. Þar sé um að ræða skreið fyrir Afríkumarkað. Hann hafi séð hjá stefnanda pakka með Astra-skreið og víðar, þar sem skoðað var, en sú skreið hafi ekki verið skoðuð.

Af hálfu stefnanda kemur fram, að skreið sú, sem send var með fyrri járnbrautarvagninum, hafi við fyrstu athugun virst vera óaðfinnanleg og í sama ástandi og skreið, sem stefnandi hafði áður keypt af stefnda. Hafi stefnandi því verið í góðri trú og grandalaus um, að skreiðin í vagninum væri góð og óaðfinnanleg. Hafi stefnandi því pantað annan vagn með skreið frá stefnda og útvegað bankaábyrgð fyrir kaupverðinu. Það hafi svo verið nokkr-

um dögum eftir að stefandi fór að afhenda viðskiptavinum sínum skreið úr fyrri vagninum, að farið hafi að berast kvartanir, mótmæli og riftanir og hafi viðskiptamenn hans endursent skreiðina. Hafi ástæðan verið sú, að þótt skreiðin virtist góð eftir ytra útliti, þá hafi komið í ljós við nauðsynlegan undirbúning fyrir sölu, þ. e. er fiskurinn var valsaður og bleyttur, að flestir fiskarnir voru úldnir. Stefnandi hafi í fyrstu álitið, að hér væri aðeins um algera undantekningu að ræða, en þegar kvartanir hafi borist frá öllum viðskiptavinum hans, hafi hann sent stefnda telexskeyti hinn 5. nóvember 1974, þar sem kvartað hafi verið út af göllum á skreiðinni og kaupunum rift. Hafi riftunin tekið til beggja skreiðarsendinganna, enda hafi hann mátt ætla, að gæðin yrðu þau sömu í báðum sendingunum. Hafi stefnandi óskað eftir, að stefndi sendi þegar í stað umboðsmann sinn til Flórens til að fylgjast með vörunni, sem hann hafi algerlega eftirlátið stefnda til ráðstöfunar. Einnig hafi stefnandi farið fram á, að stefndi frestaði afskipun síðari skreiðarsendingarinnar, enda mundi stefnandi gera ráðstöfun til að fresta gildi bankaábyrgðar þeirrar, sem hann hafði stofnað til. Stefndi hafi ekki orðið við þessum tilmælum og hafi hann þrátt fyrir þau sent stefnanda síðari skreiðarsendinguna 7. nóvember s. á. Hafi það þó verið á valdi stefnda að fresta sendingunni, því hún hafi ekki verið komin um borð í skip, er telexskeytið var sent 5. nóvember. Hafi svo bankinn neyðst til að innleysa ábyrgð þá, sem búið var að setja fyrir síðari sendingunni. Hafi stefndi því fengið í sínar hendur andvirði beggja skreiðarsendinganna. Hinn 2. desember 1974 hafi svo opinber ítalskur fiskmatsmaður gefið út vottorð um ástand skreiðarinnar eftir skoðun í viðurvist fulltrúa íslenskra stjórnvalda. Hafi hann talið skreiðina svo skemmda, að hún væri óhæf til neyslu. Þrátt fyrir áskorun stefnanda hafi stefndi ekki sent fulltrúa til að gæta hagsmuna sinna og ræða lausn málsins. Fulltrúar annarra skreiðarútflytjenda hafi sent fulltrúa sína til Ítalíu til viðræðna um lausn á þeim vanda, sem skapast hafði vegna galla á íslenskri skreið, sem seld var til Ítalíu á því ári, og einnig hafi fulltrúar íslenskra stjórnvalda unnið að lausn málsins. Hafi mál þessara seljenda og viðsemjenda þeirra á Ítalíu verið leyst með því, að veittur hafi verið afsláttur af verði skreiðar, sem þeir höfðu selt, mismunandi mikill eftir stærðum á skreið. Stefndi hafi hins vegar haldið að sér höndum og ekki tekið þátt í þessum viðræðum. Stefnandi sé því gagnvart stefnda algerlega óbundinn af samningum þeim, er tókust við aðra skreiðarseljendur. Geti

stefndi því ekki byggt á samningum þessum gagnvart stefnanda. Er því haldið fram samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, að skreið sú, sem stefndi seldi stefnanda, hafi verið svo stórkostlega gölluð, að stefnanda hafi verið heimilt að rifta kaupunum á báðum sendingunum. Stefnandi hafi kvartað nægilega snemma í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Gallar hafi verið viðurkenndir af stefnda. Stefnandi hafi rift kaupunum í samræmi við ákvæði 42. gr. greindra laga. Hafi riftunin verið gerð í tæka tíð og hafi stefndi samþykkt hana. Stefnandi hafi svo annast skreiðina í samræmi við ákvæði 34. og 35. gr. laganna og síðan selt hana með 30% afslætti með samþykki stefnda. Á grundvelli riftunarinnar eigi stefnandi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda, enda hafi stefnandi að öllu leyti farið að lögum í viðskiptum sínum við stefnda. Haggi það engu um rétt stefnanda, þótt hann hafi tekið út fjárhæð þá, sem stefndi hafi komið til geymslu í Útvegsbanka Íslands.

Af hálfu stefnda kemur fram, að fyrirtækið hafi um fjölda ára annast útflutning sjávarafurða fyrir fjölmarga framleiðendur um allt land. Fyrirtækið sé ekki kaupandi sjávarafurða af framleiðendum, en það komi fram sem seljandi gagnvart erlendum viðskiptavinum. Stafi þetta af því, að erlendir kaupendur vilji ekki una því að þurfa að sækja rétt sinn úr hendi hvers einstaks framleiðanda, ef um vanefndir sé að ræða. Hafi þeir því áskilið, að stefndi komi fram sem sjálfstæður aðili gagnvart þeim. Á þessum grundvelli hafi aðiljar málsins átt viðskipti um langan tíma. Þannig hafi aðiljarnir samið um, að stefndi seldi stefnanda 600 pakka af skreið, farma í tvo járnbrautarvagna, af tilteknum stærðar- og gæðaflokkum af framleiðslu ársins 1974, sem sendir skyldu í tveimur sendingum, 300 pakkar í hvorri. Alkunna sé á þessu viðskiptasviði, að markaðir í Suður-Evrópu séu háðir miklum verðsveiflum, og eigi það ekki síður við um Ítalíu en önnur lönd á þessu svæði.

Þegar markaður falli þar skyndilega, sé hagsmunum innflytjenda hætt og sé þá engan veginn óþekkt, að farið sé að hreyfa mótbárum vegna gæða vörunnar, hver sem þau séu í reynd. Í máli þessu sé þess sérstaklega að gæta, að um mánaðamót október og nóvember 1974 hafi Norðmenn lækkað verulega verð á Finnmarkenskreið, eða um 20%. Sú gæðategund seljist helst á Norður-Ítalíu og þar helst í samkeppni við íslenska skreið. Bendi flest til, að þarna sé að finna hina raunverulegu ástæðu fyrir því alvarlega ástandi, sem skapaðist um sölu á íslenskri skreið á

Ítalíu síðari hluta árs 1974, þ. e. að það hafi raunverulega verið verðmismunurinn á Finnmarkenskreið og íslenskri skreið, sem hafi valdið sölutregðu á íslenskri skreið, fremur en raunverulegur galli á íslenskri skreið. Í viðskiptum þessum sé stefnda mikill vandi á höndum við að gæta hagsmuna sinna og umbjóðenda sinna hér á landi, þegar slík ágreiningsmál rísi. Sé og á það að líta, að skreið eigi það sammerkt með öðrum sjávarafurðum, að hún sé að ýmsu leyti viðkvæm og vandmeðfarin vara. Sérstaklega geti gæðum skreiðar verið hætt, þegar hún er komin í geymslu suður í löndum. Þar séu hitar oft miklir og megi stundum lítt út af bera, svo að ekki horfi fljótlega til hins verra um ástand hennar. Af ástæðum þeim, sem að framan eru greindar, verði því að ætlast til þess, að erlendir viðsemjendur hafi í frammi skjót og örugg viðbrögð til að tryggja sem best sönnun fyrir réttlæti mótmæla sinna gegn efndum stefnda og að þeir beri að sama skapi alfarið hallan af því, sem úrskeiðis fer í því efni. Er sýknukrafa stefnda byggð á því, að skreið sú, sem aðiljarnir sömdu um og fjallað er um í máli þessu, hafi ekki borið með sér merki um galla, þegar hún var send úr landi. Sé ekki fram komið, að hún hafi verið haldin slíkum göllum, að stefnanda hafi verið réttmætt að lögum að rifta kaupunum. Þótt skreiðin hafi ekki verið gallalaus, hafi hún örugglega verið minnst gölluð af þeirri skreið, sem var á Ítalíumarkaði frá framleiðendum á Íslandi seinni hluta árs 1974. Hafi hvort tveggja verið, að um var aðallega að ræða vestfirska skeið, en þaðan hafi þótt koma einna best skreið frá Íslandi um langa hríð, og einnig hafi verið um að ræða smærri fisk, svo sem fram komi af skjölum málsins. Hafi skreið af minni stærðarflokkum ýmist reynst óskemmd eða lítt skemmd og hafi hún verið í mun betra ástandi en stærri skreið, sem seld var til Ítalíu um sama leyti. Af mats- og gæðavottorðum, sem gefin voru út hér á landi fyrir skreið þessa, verði ekki annað ráðið en að hún hafi verið í góðu ástandi.

Þá er því haldið fram, að skilyrði fyrir riftunarkröfu stefnanda skorti fyrir þær sakir, að hann hafi látið farast fyrir að framkvæma nauðsynlega og eðlilega skoðun á skreiðinni, er hún barst honum, og hafi hann dregið óhæfilega lengi að kunngera stefnda meinta galla á skreiðinni og að hann hygðist bera þá fyrir sig og með hvaða hætti það yrði gert. Hafi það fyrst verið með skeyti stefnanda hinn 5. nóvember 1974, sem fram hafi komið mótbára af hans hálfu út af göllum á fyrri skreiðar-

sendingunni af þeim tveimur, sem hann hafði pantað frá stefnda, en hún hafi farið frá Hamborg áleiðis til Ítalíu 27. september 1974 og sé fram komið, að hún hafi borist stefnanda 3. október. Hafi stefnandi því haft meira en mánuð til að átta sig og koma á framfæri mótmælum og kröfum. Sé það rétt, að stefnandi hafi ekki hafið sölu á skreiðinni fyrr en mánuði eftir móttöku hennar, sem þó sé mótmælt af hálfu stefnda, hafi verið þeim mun brýnna, að stefnandi kannaði gæði skreiðarinnar á viðhlítandi hátt, því skreið sé vandmeðfarin í heitu loftslagi og það viti stefnandi af langri reynslu sem skreiðarkaupmaður. Er bent á það af hálfu stefnda, að viðskipti aðiljanna séu verslunarkaup samkvæmt 4. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og hvíli því á stefnanda sem kaupanda rannsóknarskylda skv. 51. gr. laganna, en í 52. gr. laganna sé kveðið á um nauðsyn þess að bera fljótt fyrir sig galla. Er því haldið fram, að á grundvelli hvors þessa lagaskilyrðis fyrir sig hafi stefnandi fyrirgert þeim rétti, sem hann kunni að hafa átt vegna meintra galla.

Þá er bent á af hálfu stefnda, að stefnandi hafi lýst sig reiðubúinn til að opna umsamda bankaábyrgð fyrir síðari sendinguna, áður en fyrri sendingin var komin til hans. Hann hafi síðan skipt um skoðun og ákveðið að bíða. Megi ætla, að skýringin á þeirri breyttu afstöðu sé sú, að stefnandi hafi þá fengið skreið frá öðrum framleiðendum hér á landi, sem stefndi hafi ekki átt neinn hlut að, og sú skreið reynst töluvert gölluð. Fram sé komið, að fyrri skreiðarsendingin hafi verið komin í hendur stefnanda 3. október. Hafi stefnandi þá pantað síðari farminn og staðfest bankaábyrgð fyrir greiðslu hans 11. október og hafi hún átt að gilda til 10. nóvember. Er stefnandi staðfesti bankaábyrgðina, hafi hann verið búinn að fá sérstakt tilefni til að kynna sér tafarlaust ástand fyrri skreiðarsendingarinnar frá stefnda. Þau viðbrögð hans að hverfa frá því að opna bankaábyrgð um sinn staðfesti, að hann hafi fyllilega gert sér grein fyrir þessu. Er því haldið fram, að samkvæmt þessu verði staðfesting stefnanda á bankaábyrgð fyrir síðari sendinguna metin að lögum sem viðurkenning og staðfesting á fullnægjandi gæðum skreiðarinnar í fyrri sendingunni. Stefndi hafi því verið algerlega grandalaus, er hann fékk skeytið frá stefnanda 5. nóvember. Í því skeyti felist þó engin krafa um riftun, heldur aðeins tilmæli um frestun á afgreiðslu síðari sendingarinnar. Afgreiðsla hennar hafi þá verið það langt á veg komin, að ekki hafi verið hægt að afturkalla

hana. Stefndi, sem ekki hafi viljað fullyrða neitt um ástand skreiðarinnar, hefði beðið stefnanda um að snúa sér til umboðsmanns síns, Accetta. Það hafi stefnandi hins vegar ekki gert. Er því haldið fram, að kvörtun stefnanda í skeyti hans frá 5. nóvember sé ekki tilkynning um riftun og hafi krafa um riftun ekki komið fram fyrr en í þessu dómsmáli, en slík krafa sé of seint fram komin.

Af hálfu stefnda kemur og fram, að er ljóst hafi orðið haustið 1974, að nokkur brögð hafi orðið að því, að skreið frá Íslandi hafi verið haldin göllum, aðallega stærri skreið, hafi verið samið um það við kaupendur á Ítalíu með fulltingi opinberra aðilja hér á landi, að þeim yrði veittur afsláttur af umsömdu kaupverði, sem hafi verið 10%-18%. Mikið af skreiðinni hafi reynst ógölluð vara og hafi samningar um afslátt ekki náð til hennar. Hafi svo verið um verulegan hluta þeirrar skreiðar, sem stefndi seldi til Ítalíu. Hafi verið um að ræða heildarsamkomulag án tillits til galla. Hafi samkomulag þetta gilt fyrir alla seljendur skreiðar hér á landi og kaupendur á Ítalíu. Stefnandi hafi jafnframt fengið því til leiðar komið gagnvart Skreiðarsamlaginu og Íslensku umboðssölunni, að kaup á einum vagni af skreið frá hvorum þessara aðilja gengu til baka. Hafi í þeim vögnum verið aðallega stór skreið, sem reynst hafi verulega gölluð. Vegna fyrirgreiðslu þessara seljenda hafi stefnandi fengið þá hugmynd, að hann mundi einnig geta komið fram riftun gagnvart stefnda og það þótt öðru máli gegndi um gæði skreiðar frá honum en öðrum seljendum. Hafi stefndi aldrei léð máls á að fallast á slíkt. Stefndi hafi hins vegar viljað standa við samkomulag þetta og hafi hann í samræmi við það sent umboðsmanni stefnanda ávísun að fjárhæð £ 3.870.75, en er henni var hafnað, hafi fjárhæðin verið greidd inn á geymslureikning við Landsbanka Íslands. Er því haldið fram, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda út af þessum viðskiptum þeirra.

Þá er því að lokum haldið fram af hálfu stefnda, að með því að leysa til sín geymsluféð hjá Útvegsbanka Íslands hafi stefnandi í reynd viðurkennt sjónarmið stefnda sem lögmæt og rétt og eigi stefnandi því einnig af þeirri ástæðu ekki frekari kröfu á hendur stefnda.

Við munnlegan flutning málsins var því mótmælt af hálfu stefnda, að fram séu komin gögn um, að skreiðin hafi verið seld endanlega með 30% afslætti.

Ekki er annað fram komið, eins og rekstri máls þessa hefur verið háttað af hálfu aðilja, en að dómur skuli byggður á grundvelli íslenskra réttarreglna.

Það er ágreiningslaust með aðiljum, að stofnast hafi til viðskipta þeirra, sem hér er fjallað um, með skeytaskiptum milli þeirra á grundvelli fyrri viðskipta.

Hér að framan hefur verið rakin skýrsla Antonio Guglielmi um ástand skreiðarinnar í fyrri sendingunni frá stefnda, sem hann skoðaði. Þegar hins vegar eru virtir framburðir Stefáns Gunnlaugssonar deildarstjóra og Sigfúsar Magnússonar deildarstjóra, sem voru viðstaddir þessa skoðun, þykir ekki unnt að leggja skýrslu þessa til grundvallar um ástand skreiðarinnar, sem fjallað er um í málinu. Ekki liggur fyrir matsgerð um ástand skreiðarinnar eða aðrar upplýsingar, sem niðurstaða um gæði einstakra stærðarflokka og gæðaflokka í umræddum sendingum verði byggð á. Af hálfu stefnanda hefur því ekki verið sýnt fram á, að ástand skreiðarinnar hafi verið þannig, að grundvöllur hafi verið til að rifta kaupunum í heild eða að hluta. Hefur því ekki verið haldið fram af hálfu stefnanda, að í lýsingu vörunnar í vörureikningum hafi falist yfirlýsing stefnda um, að hann tæki ábyrgð á, að á gæðum skreiðarinnar fyndust engin frávik frá ýtrustu gæðamörkum. Það er hins vegar viðurkennt af hálfu stefnda undir rekstri málsins, að skreiðin hafi verið haldin nokkrum göllum, en jafnframt haldið fram, að hún hafi verið minnst gölluð af allri þeirri skreið, sem stefnandi keypti 1974. Í málinu liggja fyrir vottorð íslenskra yfirvalda, sem annast mat á skreið, um, að skreið sú, sem um er fjallað í málinu, hafi verið „góð, óskemmd, vel verkuð og fullþurrkuð skreið". Með hliðsjón af því er ekki í ljós leitt, að fyrirsvarsmaður stefnda, Hörður G. Albertsson, hafi mátt ætla, að skreið sú, sem hann seldi stefnanda hafi verið haldin göllum. Fyrirsvarsmaður stefnda vildi veita stefnanda sama afslátt af kaupverði skreiðarinnar og viðskiptaráðuneytið hafði veitt atbeina sinn til, að innflytjendum skreiðar á Ítalíu yrði veittur af skreið keyptri á árinu 1974. Reiknaði fyrirsvarsmaður stefnda afslátt þennan í samræmi við afslátt þann, sem staðfestur var af viðskiptaráðuneytinu, og sendi fyrirsvarsmanni stefnanda tékka fyrir þeirri fjárhæð, £ 3.870.75, áður en mál þetta var höfðað, og lét síðan leggja fjárhæðina á geymslureikning, er viðtöku tékkans var hafnað af stefnanda. Þótt tekist hafi samkomulag milli einstakra kaupenda og seljenda um, að hluta af seldri skreið yrði skilað, er ósannað, að stefnandi eigi kröfu á hendur

stefnda um það. Þykir stefnandi því ekki eiga frekari kröfur á hendur stefnda út af viðskiptum þessum. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson borgardómari og meðdómandinn Jóhann J. Ólafsson stórkaupmaður.

Dómsorð:

Stefndi, G. Albertsson, útflutningsverslun og vörumiðlun, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Silvano Burgassi, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Jóhanns Jakobssonar

Í málsskjölum kemur fram, að fyrri skreiðarsending G. Albertsson, *seljandi* til S Burgassi, *kaupandi*, hafi virst eðlileg útlits. En er dreifing hófst og meðhöndlun til undirbúnings neyslu, hafi komið fram alvarlegir gallar á skreiðinni. Varan er þá afsögð á grundvelli þessara galla, telex 5. nóvember 1974. Jafnframt er þá óskað frestunar á sendingu nr. 2 (vagn nr. 2), en pöntun á þessum síðari vagni hafði verið staðfest af S. Burgassi með bankaábyrgð, eftir að fyrri vagninn hafði verið móttekinn. Um frestun á afgreiðslu síðari vagnsins, farmskrá, dags. 7. nóvember 1974, segir seljandi í telex 6. nóvember 1974, að hann hafi reynt að fresta afskipun síðari sendingarinnar og kveður framleiðendur og merkingar vera þær sömu og á fyrri sendingu. Seljandi kveðst taka fulla ábyrgð á gæðum vörunnar, bæði fyrri og síðari sendingu. Seljandi biður kaupanda að hafa samband við umboðsmann sinn, Accetta, um skoðun á seinni sendingunni.

Í telex 7. nóvember endurtekur seljandi enn þá staðhæfingu, að hann taki fulla ábyrgð á gæðum vörusendinganna og að formleg kvörtun um ágalla verði tekin á grundvelli skoðunar á seinni vagninum og það látið gilda fyrir báða vagna „since both wagons are basically from the same producers". Með telex 13. nóvember skorar kaupandi enn á seljanda að senda skoðunarmann til að kanna gæði vörunnar í fyrri sendingunni, og jafnframt er óskað eftir, að síðari vagninn verði ekki sendur áfram, verði stöðvaður í uppskipunarhöfn, Hamborg. Í telexskeytum 26. nóvember og 27.

nóvember er fjallað m. a. um fyrirhugaða skoðun íslenskra fulltrúa á skreið, almennt, á Ítalíu- markaði. Kaupandi tilkynnir, að síðari sendingin hafi verið stöðvuð á endastöð Chiasso í Sviss og varan sé ekki á sinni ábyrgð þar.

Það liggur fyrir, að sala á skreið á markaði á Ítalíu síðari hluta árs 1974 var erfiðleikum bundin vegna vissra ágalla sem og þess að verðið var hátt. Vegna þessa ástands sendu íslensk stjórnvöld fulltrúa sína, þá Stefán Gunnlaugsson og Sigfús Magnússon, til að kanna ástand skreiðarinnar og orsakir til kvartana, sem borist höfðu. Í skýrslu þeirra, dags. 10. desember 1974, kemur fram m. a. álit Sigfúsar Magnússonar um þetta atriði. „Er það álit hans, að stærðarflokkarnir 70/upp svo og Saga I.G. séu að hluta ekki af þeim gæðum, sem ætti að vera. Stærðarflokkurinn 50/60 er af skárri gæðum, en í sumum tilfellum við eða undir lágmarki". Í vitnaleiðslu kemur fram, að Sigfús hefur skoðað, m. a. hjá Burgassi í Bologna, skreið frá G. Albertsson (Ísflak). „Vitnið segir, aðspurt, að skreiðin frá Burgassi í Bologna hafi ekki verið mikið frábrugðin annarri skreið, sem þeir skoðuðu þarna á Ítalíu, þó hafi heildarsvipurinn verið heldur skárri, því þarna hafi yfirleitt verið minni stærðir." Vitnið Sigfús staðfestir að hafa verið viðstaddur skoðun með Antonio Guglielmi.

Á grundvelli þessarar könnunar ákváðu íslensk stjórnvöld í samráði við þau fyrirtæki íslensk, sem sendu fulltrúa til Ítalíu vegna kvartana kaupenda, afslátt á skreið, mismunandi eftir flokkum. Fyrirtækið G. Albertsson stóð eigi að þessu samkomulagi, en ákveður síðar að veita afslátt í samræmi við samkomulagið án samráðs við kaupanda. Varðandi fyrri vagninn verða bætur í samræmi við fyrrnefnt samkomulag að teljast viðunandi. Um síðari vagninn gegnir öðru máli. Óskað er frestunar á afgreiðslu vegna framkominna galla á fyrri sendingunni. Sú ósk virðist eðlileg, meðan ekki er gengið frá samkomulagi um það, sem þegar er í höndum kaupanda. Yfirlýsing um að taka fulla ábyrgð á gæðum vörunnar, senda hana gegn vilja kaupanda og hafast ekki að um að framkvæma skoðun, er tæki af öll tvímæli, hlýtur að teljast misráðið og óeðlilegt af seljanda með hliðsjón af ástandinu almennt.

Að mati undirritaðs hefur seljandi fullnægt bótaskyldu sinni varðandi fyrri sendinguna. Seljanda ber hins vegar að taka fulla ábyrgð á afföllum vega síðari sendingarinnar. Skreiðin var seld síðar með samþykki beggja málsaðilja með 30% afföllum. Samkvæmt þessu og með vísan til reikninga og þegar greiddra bóta

nemur upphæð þessi £ 6.672.00, sem stefndi greiði stefnanda með 12% ársvöxtum frá 7. nóv. 1974.

Eftir atvikum málsins tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, G. Albertsson, útflutningsverslun og vörumiðlun, greiði stefnanda, Kristni Einarssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Silvano Burgassi, £ 6.672.00 með 12% ársvöxtum frá 7. nóv. 1974 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 225/1980. **Emilie J. Kvaran og Jakob S. Kvaran**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Haraldi Sæmundssyni og
Finni Kolbeinssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Lausafjárkaup. Krafa um riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefndu 10. nóvember 1980. Gera þeir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum gert aðallega að greiða áfrýjendum 69.554.82 danskar krónur eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum, en til vara lægri fjárhæð að mati dómsins, auk 4.5% dráttarvaxta frá 21. september 1979 til greiðsludags. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og

fyrir Hæstarétti, en til frádráttar þeim lið komi greiðsla stefndu, samtals 25.168.65 krónur.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt beiðni lögmanns áfrýjenda voru Sverrir Einarsson sakadómari og Jón Aðalsteinn Jónsson orðabókarritstjóri dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur 10. apríl 1981 til þess að skoða og kynna sér ágreining þann, sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, milli málsaðilja og kveða að því búnu á um það, hvort bersýnilegur mismunur væri á hagsmunum þeim, sem stefndu öðluðust samkvæmt samningi þeim, sem þeir töldu, að komist hefði á milli þeirra og Jakobs S. Kvaran, og því endurgjaldi, sem áfrýjendur skyldu fá.

Í matsgerð sinni, sem dagsett er 3. október 1981, segja matsmenn m. a.:

„Við erum þeirrar skoðunar, að ekki sé mjög verulegur munur áhagsmunum þeim, sem Haraldur og Finnur öðluðust samkvæmt umræddum samningi, og endurgjaldi því, sem hjónin áttu að fá. Þó teljum við, að við nákvæma skoðun megi segja, að samningurinn sé í mikilli verðbólgu hagstæðari kaupendum en seljendum.

Við teljum, að heildarverð frímerkjanna, sem óumdeilt er, að Haraldur og Finnur hafi fengið, sé kr. 2.280.000 (gamlar krónur), ef um staðgreiðslu hefði verið að ræða, sem ekki er óalgengt í frímerkjaviðskiptum. Miðað við hin miklu viðskipti er eðlilegt, að hluti af kaupverðinu hafi verið lánaður um einhvern tíma. Ekki er okkur kunnugt um, að gengistrygging hafi tíðkast í viðskiptum sem þessum.

Við sölu frímerkja í því magni, sem hér um ræðir, vitum við ekki til þess, að nein algild regla gildi um greiðslukjör, ef hluti af seldum merkjum er lánaður. Þó teljum við, að slíkt hljóti að leiða til hærra verðs og því hærra sem tíminn er lengri.“

Lögmaður áfrýjenda óskaði eftir dómkvaðningu þriggja manna til þess að meta að yfirmati hin sömu atriði og

greinir í fyrri matsbeiðni. Hinn 11. nóvember 1981 voru Georg Ólafsson viðskiptafræðingur, Bolli Davíðsson kaupmaður og Steinþór Ingvarsson kaupmaður dómkvaddir til þessa starfs, en Bolli var síðar leystur frá starfanum og Sveinn Sigurkarlsson dómarafulltrúi dómkvaddur í hans stað.

Í yfirmatsgerðinni, sem tímasett er í ágúst 1982, er verðlistinn Íslensk frímerki 1979 lagður til grundvallar við mat á verðmæti frímerkja þeirra, sem ágreiningslaust er, að stefndu veittu viðtöku úr hendi áfrýjanda Jakobs S. Kvaran. Heildarverð frímerkjanna er samkvæmt þeim lista talið 5.401.660 gamlar krónur, og er það miðað við sölu frímerkjanna í smásölu og söluskattur innifalinn. Þá segir, að algengt sé talið, að innkaupsverð frímerkjaverslana liggi á bilinu 35—60% af verðlistaverði. Enn fremur segir svo í yfirmatsgerðinni: „Erfitt er að setja einn mælikvarða á gæði merkjanna, sem hér eru til umfjöllunar, en almennt verður að telja, að merkin séu í betra meðallagi, og þykir okkur því ekki ósanngjarnt með hliðsjón af framansögðu að meta staðgreiðsluverðmæti þeirra í heild á 50% af verðlistaverði. Að gefnum þessum forsendum um val verðlista og hlutfall innkaupsverðs teljum við, að eðlilegt markaðsverð miðað við staðgreiðslu á þeim frímerkjum, sem Haraldur og Finnur óumdeilanlega fengu afhent, hafi í maí 1979 verið kr. 2.700.830,00."

Um það, hvers konar greiðslukjör hefðu verið eðlileg í þessum viðskiptum, segir í yfirmatsgerðinni, að ekki sé kunnugt um, að almennar reglur fyrirfinnist um greiðslukjör, heldur séu þau samningsatriði hverju sinni. Hins vegar sé hægt að bera saman það staðgreiðsluvirði, sem komist hafi verið að niðurstöðu um, að hefði verið eðlilegt, og greiðslur þær, sem stefndu telji, að samið hafi verið um. Sá samanburður leiði í ljós, að þær greiðslur feli það í sér, að Jakob S. Kvaran fái í vexti 22.4% árlega þau 5 ár, sem samningurinn nær yfir, miðað við staðgreiðsluverðið 2.700.830 gkr. í maí 1979. Síðan segir á þessa leið í niðurlagi yfirmatsgerðarinnar:

„Með öðrum orðum, ef engin verðbólga væri á samningstímabilinu, hefðu árlegir raunvextir verið jákvæðir um

22,4%. Sé hins vegar litið á þróun verðbólgunnar frá því að samningurinn var gerður í maí 1979 og gert ráð fyrir, að hún verði svipuð til loka samningstímabilsins í maí 1984, er ljóst, að vextirnir eru seljanda verulega óhagstæðir. Ef þessar nánast þekktu forsendur um þróun verðbólgunnar á samningstímabilinu eru teknar með, sýnir jafnan okkur, að greiðslukjörin fela í sér 20,4% neikvæða raunvexti á ári. Ef reiknað er áfram miðað við 20,4% neikvæða raunvexti, jafngilda þau greiðslukjör, sem Haraldur og Finnur telja, að samið hafi verið um, að staðgreiðsluvirði frímerkjanna í maí 1979 hafi verið kr. 1.491.855,93 eða kr. 1.208.974,07 lægra en það staðgreiðsluverð, sem við komumst að niðurstöðu um, að eðlilegt væri.

Okkur er ætlað að kveða á um, hvort bersýnilegur munur sé á hagsmunum þeim, sem Haraldur og Finnur annars vegar og Jakob S. Kvaran hins vegar öðluðust samkvæmt þeim samningi, sem hinir fyrr nefndu telja að komist hafi á. Ef einvörðungu er litið á kaupverð frímerkjanna, verður ekki annað séð en að það hafi verið innan eðlilegs ramma. Ef jafnframt er tekið tillit til greiðslukjaranna, sýna þeir útreikningar, sem við höfum gert hér að framan, að samningurinn hefur reynst kaupendum verulega hagstæður. Hafa verður þó í huga, að þessi niðurstaða er byggð á upplýsingum um verðlagshækkanir, sem ekki lágu fyrir við upphaf samningstímabilsins. Viðskipti á fjármagnsmörkuðum á þeim tíma, sem samningurinn komst á, gáfu á hinn bóginn til kynna, að horfur væru á áframhaldandi verðbólguskriðu. Af upplýsingum frá viðurkenndum verðbréfasala má draga þá ályktun, að gengi skuldabréfa með þeim kjörum, sem samningurinn felur í sér, hafi í maí 1979 verið um 30% af nafnverði. Samkvæmt því hefði Jakob S. Kvaran fengið um kr. 1.300.000,00 staðgreitt fyrir bréfið, ef hann hefði selt það á þeim tíma. Telja verður, að þessar upplýsingar gefi vísbendingu um, að við samningsgerðina hafi mátt sjá fyrir, að greiðslukjörin yrðu kaupendum hagstæð."

Lögmaður stefndu sendi lögmanni áfrýjenda með bréfi 22. maí 1981 tékka að fjárhæð 8.389.55 krónur, og hinn 7.

júní sl. tilkynnti hann lögmanninum, að hann hefði hinn 21. maí deponerað 8.389.55 krónum á nafn Jakobs S. Kvaran í Landsbanka Íslands. Lögmaður áfrýjenda hefur lýst yfir því, að hann hafi fengið í hendur greiðslur þessar ásamt greiðslu þeirri, sem innt var af höndum 21. maí 1980, 838.955 gamlar krónur, sem frá er greint í héraðsdómi. Hann kveðst hafa veitt greiðslum þessum viðtöku sem inngreiðslu stefndu á kröfu áfrýjenda á hendur þeim.

Lögmaður stefndu hefur lýst yfir því, að af þeirra hálfu sé viðurkennt, að þeir hafi átt að greiða Jakob S. Kvaran samtals 4.263.276 gamlar krónur, en ekki 4.194.776 gkr., eins og þeir héldu fram í fyrstu. Greiðslur þær, sem þeir hafa innt af höndum, hafa hins vegar verið miðaðar við lægri fjárhæðina, þannig að nú hafa verið greiddir samtals 3/5 af 4.194.776 krónum, en ekki af 4.263.276 krónum. Kveður lögmaðurinn þetta hafa stafað af mistökum sínum.

Stefndu komu að frumkvæði áfrýjanda Jakobs S. Kvaran til fundar við hann hinn 20. maí 1979 til viðræðna um kaup á frímerkjum. Af þeim fundi fóru þeir með allmikið af frímerkjum, sem Jakob hafði skráð á lista, en stefndi Haraldur Sæmundsson kvittað fyrir viðtöku. Á afhendingarseðilinn hefur Haraldur síðan ritað: „Greiðist með 10 ára skuldabréfi, þegar allt er afgreitt. Vextir 26%. Samþ.“ Undir yfirlýsingu þessa skrifaði Jakob S. Kvaran nafn sitt á samrit afhendingarseðilsins. Tveimur dögum síðar komu stefndu á ný á fund Jakobs og veittu viðtöku frímerkjum, sem Jakob gerði skrá yfir. Neðan við hana skrifaði hann síðan: „3 ár vaxtalaust greiðist á 5 árum 26% vextir.“ Undir þetta skrifaði Haraldur: „H. Sæm.“

Um það, hvaða frímerki stefndu fengu í hendur, eru málsaðiljar sammála að öðru leyti en því, að þá greinir á um 100 sett af líknarfrímerkjum, sem eru á reikningi J. S. Kvaran verðlögð á 635.00 danskar krónur. Á síðari afhendingarseðilinn er skráð á þessa leið um merki þessi: „100 sett Líknarm. 49 minus 10+10 Koma með frá Spáni Líknarm. 49 öll.“ Verður ekki af þessu ráðið með vissu, hvort merki þessi hafi verið afhent að nokkru eða öllu leyti.

Af hálfu áfrýjenda er því haldið fram, að enginn samningur hafi komist á milli stefndu og þeirra um kaup á frímerkjunum. Ef talið verði, að einhvers konar samningur hafi verið gerður, sé hann ógildur, þar sem stefndu hafi notað sér ellihrumleika Jakobs S. Kvaran til þess að hafa út úr honum frímerkin og bersýnilegur mismunur sé á sannvirði frímerkjanna og endurgjaldi því, sem stefndu telji, að koma hafa átt fyrir þau. Hefur lögmaður áfrýjenda vitnað um þetta til 7. gr. laga nr. 58/1960 og til 32. gr. laga nr. 7/1936.

Samkvæmt gögnum þeim (afhendingarseðlum), sem áður var lýst, verður að telja sannað, að samningur hafi komist á með stefndu og Jakob S. Kvaran hinn 20. maí 1979 um, að Jakob seldi þeim frímerki gegn greiðslu í skuldabréfi til 10 ára með 26% vöxtum, og að á öðrum fundi þeirra, hinn 22. maí, hafi orðið samkomulag um, að skilmálum þessum yrði breytt á þann veg, að kaupverðið skyldi greitt á 5 árum, vextir skyldu engir í 3 ár, en 26% í 2 ár.

Kaupverð frímerkjanna er ekki tilgreint á afhendingarseðlunum, en málsaðiljar eru sammála um, að fara hafi átt eftir verðskrá Jakobs S. Kvaran og að reikningur Jakobs sé í samræmi við hana. Þar er verð allra frímerkjanna, sem afhent voru og afhenda átti, talið 95.188.10 danskar krónur, en þá var eftir að draga frá nokkurn afslátt. Málsaðilja greinir á um það, hvort kaupverð hafi átt að greiða í dönskum krónum eða íslenskum, en miða verður við það, að skuldabréfið hafi átt að hljóða á greiðslu í íslenskum krónum.

Kaupverð það, sem telja verður, að samið hafi verið um, svo sem að framan greinir, (4.263.276 gkr.) var hærra en verð það, sem yfirmatsmenn telja, að verið hafi hæfilegt staðgreiðsluverð fyrir frímerkin á umræddum tíma, en greiðsluskilmálarnir voru hins vegar slíkir, að viðskiptin hafa verið stefndu hagstæð. Á það er þó að líta, að yfirmatsmenn hafa miðað hæfilegt staðgreiðsluverð við 50% af útsöluverði, eins og það er í verðlista, en geta þess, að innkaupsverð frímerkjaverslana liggi á bilinu 35—60% af verð-

listaverði. Samningur sá, sem hér var um að ræða, fjallaði um mikið af frímerkjum, og var eðlilegt, að það leiddi til lægra heildarverðs eða hagstæðari greiðsluskilmála en ella.

Jakob S. Kvaran hefur um árabil fengist við frímerkjaverslun. Hann kunni því skil á verðmæti frímerkja, og verður ekki talið, að nein þau atvik hafi verið fyrir hendi, er leiði til ógildingar samningsins eftir 7. gr. laga nr. 58/1960. Í gögnum málsins kemur fram, að Jakob S. Kvaran hafi verið allmjög aftur farið á þeim tíma, er hér skiptir máli, en hann var þá 82 ára að aldri. Í vottorði Kristins Björnssonar sálfræðsings kemur fram, að Jakob sé mistækur, geti aðra stundina leyst verkefni dável, en ráði ekki við að lítilli stund liðinni. Stefndu hefur að vísu verið ljóst, að um aldurhniginn mann var að ræða, en ekki verður talið, að þeir hafi haft ástæðu til að ætla, að hann væri ekki fær um að taka ákvarðanir í viðskiptum þeirra. Þeim var kunnugt um, að Jakob hafði fengist og fékkst enn við frímerkjaviðskipti, og eins og áður segir, átti Jakob frumkvæði að fundum þeirra. Verður ekki, eins og hér stendur á, talið óheiðarlegt af stefndu að bera samninginn fyrir sig, og leiðir 32. gr. laga nr. 7/1936 þannig ekki til þess, að samningurinn verði talinn ógildur. Krafa áfrýjenda í þessu máli er um bætur fyrir frímerki, sem þeir telja, að höfð hafi verið af þeim með ólögmætum hætti. Ber samkvæmt framansögðu að sýkna stefndu af þeirri kröfu. Eins og í héraðsdómi segir, er krafa um efndir á samningi Jakobs S. Kvaran og stefndu ekki til úrlausnar í máli þessu. Ber samkvæmt þessu að staðfesta niðurstöður hins áfrýjaða dóms.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda í þessu máli, telja yfirmatsmenn rétt staðgreiðsluverð frímerkjanna á þeim tíma, sem viðskiptin voru gerð, hafa verið gkr. 2.700.830, eða helmingur af heildarverði samkvæmt verðskrá (Íslensk frímerki 1979).

Kaupverð það, sem samið var um, gkr. 4.263.276, var að vísu hærra en verð það, sem yfirmatsmenn telja, að verið hafi hæfilegt staðgreiðsluverð á umræddum tíma, en þó alllangt fyrir neðan verðlistaverð. Greiðsluskilmálar voru hins vegar slíkir, að viðskiptin hafa verið stefndu mjög hagstæð. Eins og fram kemur í yfirmatsgerðinni, mundi skuldabréf þeirrar fjárhæðar, sem að ofan greinir, gkr. 4.263.236 og með þeim lánstíma og vaxtakjörum, sem telja verður hafa verið samið um, hafa verið að staðgreiðsluverðmæti um 30% nafnverðs, eða innan við gkr. 1.300.000. Hefur því raunveruleg greiðsla samkvæmt samkomulaginu ekki verið nema tæpur helmingur af eðlilegu verði frímerkjanna svo sem það er metið af yfirmatsmönnum. (47.35%). Af gögnum, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi, kemur fram, að Jakob S. Kvaran var á 83. aldursári, er hin umdeildu viðskipti áttu sér stað, að honum var mjög tekið að förlast, að hann og kona hans búa að mestu á Spáni, en hafa dvalið á Íslandi um sumartímann á öðru heimili þeirra að Sólheimum 23 í Reykjavík, að Jakob S. Kvaran hefði reynt að selja öðrum frímerki miðað við verð og greiðslu í dönskum krónum og einnig krafist slíkra kjara í samningsumleitunum við stefndu, en ekki gengið saman. Samningaumleitanir enda síðan með samningi þeim, sem á komst, þar sem nafnfjárhæð söluverðs er viðunanleg eða seljanda frekar hagstæð, ef um staðgreiðslu hefði verið að ræða, en samkvæmt yfirmatsgerðinni innan við hálfvirði, ef reiknað er til staðgreiðsluverðs. Hinn reyndi frímerkjakaupmaður virðist sökum sérþekkingar og langrar reynslu geta samið um verð í krónum talið, en þekkingarleysi á landshögum vegna fjarvista frá Íslandi, samfara

þverrandi heilsu og kröftum, virðist hafa skert dómgreind hans að því er varðar fjármunagæslu og verðbréfaviðskipti. Telja verður, að stefndu hafi gert sér þetta ljóst, einkum þegar litið er til þess, að greiðsluskilmálar þeir, sem áfrýjandi Jakob S. Kvaran gekk að, verða að teljast óeðlilegir. Þykja stefndu ekki geta borið samning þennan fyrir sig af ástæðum þeim, sem greinir í 32. gr. laga nr. 7/1936, og ber að telja hann ógildan.

Áfrýjendur eiga samkvæmt þessu rétt á bótum úr hendi stefndu. Krafa áfrýjenda, sem miðuð er við staðgreiðsluverð samkvæmt verðskrá Jakobs S. Kvaran, verður ekki tekin til greina, enda verð, sem þar er skráð, mun hærra en eðlilegt staðgreiðsluverð milli frímerkjasala er metið á umræddum tíma. Þykja bætur til áfrýjenda hæfilega ákveðnar 27.008.30 krónur, þ. e. eðlilegt staðgreiðsluverð frímerkjanna, eins og það hefur verið metið á þeim tíma, er viðskiptin fóru fram, og vextir frá 21. september 1979 til greiðsludags. Í dómi er því lýst, að stefndu hafi þrisvar innt af höndum greiðslur til áfrýjenda, samtals 25.168.65 krónur. Eftirstöðvar af höfuðstól kröfunnar eru því 1.839.65 krónur, og ber að dæma stefndu in solidum til þess að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum af 27.008.30 krónum frá 21. september 1979 til 21. maí 1980, af 18.618.75 frá þeim tíma til 22. maí 1981, af 10.229.20 krónum frá þeim tíma til 21. maí 1982 og af 1.839.65 krónum frá þeim tíma til greiðsludags. Vextir verða ákveðnir samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefndu in solidum til þess að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn samtals 27.000.00 krónur, þar með talinn hæfilegur kostnaður við mat og yfirmat, 12.000.00 krónur.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 23. október 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. október sl. (sic), hafa hjónin Emilie J. Kvaran og Jakob S. Kvaran, Sólheimum 23, Reykjavík, höfðaði fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, framlagðri í dómi 21. september 1979, á hendur Haraldi

Sæmundssyni frímerkjakaupmanni, Fljótaseli 5, Reykjavík, og Finni Kolbeinssyni lyfjafræðingi, Fljótaseli 3 í Reykjavík.

Fyrir dóminum gera stefnendur þær dómkröfur aðallega, að stefndu verði dæmt skylt að viðlagðri aðför að skila þeim því magni frímerkja, að fjárhæð danskar krónur 69.554.82, sem þeir hafi veitt viðtöku úr hendi stefnanda Jakobs á heimili hans í maímánuði 1979, en til vara verði stefndu gert að staðgreiða stefnendum andvirði þeirra frímerkja, sem ekki fáist með þessum hætti, samtals að nefndri fjárhæð, auk dráttarvaxta, 4.5% á mánuði frá þingfestingardegi til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaður að mati dómsins (sic). Kröfuna segjast stefnendur gera in solidum á hendur stefndu, og í stefnu er talið upp, hvaða frímerki hér sé um að ræða.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af aðal- og varakröfu stefnenda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi þeirra.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að Jakob S. Kvaran, annar stefnenda, hefur um margra ára skeið stundað frímerkjaviðskipti. Í bréfi, sem fram hefur verið lagt sem dskj. nr. 6, segir kona hans, að reyndar standi þau bæði að frímerkjaversluninni og reki í því skyni óskráð fyrirtæki, J. S. Kvaran. Þau hjónin búa að mestu suður á Spáni, en dvelja hér gjarnan um sumartímann á öðru heimili þeirra að Sólheimum 2 í Reykjavík. Þá er tilefni máls þessa varð, var Jakob á átttugasta og þriðja aldursári, og er því haldið fram, að heilsu hans hafi mjög hrakað síðasta misserið þá á undan. Kona hans heldur því fram í áðurnefndu bréfi, að þau séu sameigendur að fyrirtækinu.

Vitnið Reynir Ástþórsson sagði hér fyrir dómi 18. mars 1980, að Jakob S. Kvaran hefði sjálfur gert það opinbert í auglýsingu í dagblöðunum í Reykjavík, að vegna hins háa aldurs síns vildi hann selja frímerkjasafn sitt. Vorið 1979, eftir að Jakob S. Kvaran og Emilie J. Kvaran komu hingað frá Spáni, mun Jakob hafa átt viðræður við nokkra menn vegna frímerkjaviðskipta. Reynir Ástþórsson segir í áður tilvitnaðri yfirheyrslu, að hann hafi átt viðræður við hann meðal annarra, en ekki hafi gengið saman með þeim, þar sem hann, vitnið, vildi ekki sætta sig við gengistryggingu í lánsviðskiptum. Vitninu var jafnframt kunnugt, að viðræður höfðu staðið á milli Jakobs og Sigurðar Þormar, sem strandað hefðu af sömu orsökum.

Í maí 1979 hefur Jakob samband við stefndu í máli þessu, Har-

ald Sæmundsson og Finn Kolbeinsson, og býður þeim viðskipti um frímerki. Þannig stóð á hjá Haraldi og Finni, að einn félaga þeirra hafði gengið úr fyrirtækinu Frímerkjamiðstöðinni s/f og fengið greidda eign sína í fyrirtækinu að hluta til með frímerkjum. Af þessum orsökum segjast þeir hafa verið fúsir til viðskipta við Jakob. Þeir höfðu áður átt við hann viðskipti.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins, sem lögð hefur verið fram í málinu og tekin er í tilefni kæru stefnenda vegna viðskipta, sem svo urðu á milli aðilja, segjast stefndu þann 20. maí 1979 hafa farið á heimili J. S. Kvaran til að ræða við hann um viðskipti. Þau hafi þá bæði tekið á móti þeim, J. S. Kvaran og frú. Þeir hafi síðan farið með J. S. Kvaran inn á skrifstofu hans, en frúin hafi farið út af skrifstofunni, áður en gengið var að viðskiptum, eins og ávallt, er þeir hafi haft viðskipti við Kvaran. Frúin hafi aldrei viljað vera viðstödd viðskiptin, heldur látið bónda sinn algerlega um þau. Þeir hafi strax hafið viðræður við Jakob um frímerkjakaupin. Árangur þeirra viðræðna hafi orðið sá, að þeir hafi orðið sammála um kaup á ótilgreindum frímerkjum samkvæmt verðskrá J. S. Kvaran og afsláttarkjörum. J. S. Kvaran verslar samkvæmt sinni eigin verðskrá. Þeir segja, að heildarupphæð kaupanna hafi ekki átt að fara yfir íslenskar krónur 6.000.000 og kaupverðið hafi allt átt að greiða með skuldabréfi til 10 ára með 26% vöxtum og hafi fyrsti gjalddagi verið ákveðinn 20. maí 1980. Þó hafi sá fyrirvari verið settur, að öll frímerkin, sem þeir keyptu, yrðu þá afgreidd. Strax hafi komið í ljós, að ekki var mögulegt að afgreiða hluta frímerkanna, þar sem nokkuð af þeim var geymt á Spáni samkvæmt byrgðaskrá, er hann sýndi þeim. Þegar hér var komið sögu, hafi þeir byrjað að velja sér frímerki af byrgðum J. S. Kvaran og hafi hann jafnóðum skrifað niður það, er þeir tóku. Þeir tóku síðan með sér frímerkin, sem afgreidd voru þarna á staðnum, og kvittuðu fyrir móttökunni. Segja þeir J. S. Kvaran hafa undirritað afrit af afgreiðsluseðlinum og fengið þeim, en hann hafi haldið eftir frumritinu.

Næst hafi þeir heimsótt J. S. Kvaran þann 22. maí og eins og áður hafi bæði hjónin verið heima. Frúin hafi ekki haft afskipti af viðskiptum þessum frekar en áður og viðskiptin hafi farið fram sem fyrr. Kvaran hafi skrifað niður það, er þeir fengu afgreitt, en hann hafi ekki látið þá kvitta fyrir því, er þeir fengu í síðara skiptið. Þegar hér var komið sögu, hafi þeir verið búnir að fá í hendur öll þau frímerki, sem þeir vildu kaupa, að undanskildum: 800 settum, svanir 1956 (þannig), 100 settum líknarmerki 1949,

þ. e. a. s. af þeim settum hafi Kvaran aðeins afgreitt 4/5, en þá hafi vantað 100 sett og 525 x2 5 ónotuð, sem hann hafi þurft tíma til að afgreiða. Í þetta sinn hafi J. S. Kvaran farið þess á leit við þá, að þeir breyttu áður gerðum samningi, þ. e. að í stað skuldabréfs til 10 ára með 26% ársvöxtum kæmi skuldabréf til þriggja ára, vaxtalaust. Síðan hafi náðst samkomulag við J. S. Kvaran um greiðslu frímerkjanna með skuldabréfi til 5 ára, vaxtalausu fyrstu 3 árin, en með 26% ársvöxtum tvö þau síðustu.

Þann 5. júní hafi J. S. Kvaran síðan hringt til þeirra og sagst vera tilbúinn með afgreiðslu á 525 x 25 frímerkjum og væri nú tilbúinn að ljúka viðskiptunum, þ. e. að nú væri allt afgreitt nema það, sem afgreiða ætti frá Spáni (1000 svanir). Þeir hafi því farið til J. S. Kvaran á heimili hans og allt hafi verið sem áður. Hjónin hafi bæði verið heima, þegar þeir komu, en frúin ekki skipt sér af viðskiptunum frekar en áður. J. S. Kvaran hafi nú sett fram óvænta og óskiljanlega kröfu, þ. e. að hann hafi viljað fá þá til að fallast á, að allt lánið skyldi vera gengistryggt og hver afborgun reiknuð á gildandi gengi danskrar krónu. Þeir hafi vísað þessari kröfu algerlega á bug og krafist þess, að J. S. Kvaran stæði við sinn hluta samningsins. Fóru þeir við svo búið.

Af hálfu stefnenda hafa verið lögð fram samheft tvö blöð, sem svara til viðskiptafunda aðilja, sem stefndu halda fram, að hafi átt sér stað 20. maí og 22. maí 1979. Það athugast, að í greinargerð stefnenda er því ranglega haldið fram, að dómskjal þetta, sem er dómskjall nr. 11, sé ljósrit af bréfmiðum, sem Haraldur Sæmundsson hafi afhent rannsóknarlögreglu ríkisins. Hér er um frumrit að ræða. Ljósrit það, sem til er vitnað í greinargerð stefnenda og í framburði Haralds Sæmundssonar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og þar talið með áritun Jakobs S. Kvaran, hefur hins vegar ekki verið lagt fram. Þá hefur verið lagður fram sem dómskjal nr. 8 reikningur J. S. Kvaran yfir viðskipti þessi öll. Reikningur þessi er dagsettur 20. maí 1979 og stílaður á Frímerkjamiðstöðina s/f, sem er fyrirtæki í eigu stefndu. Þessi sami reikningur eða ljósrit hans er lagt fram á dskj. nr. 12. Á það dskj. eru ritaðar athugasemdir Finns Kolbeinssonar. Reikningurinn sjálfur er í dönskum krónum, en athugasemdir Finns hljóða upp á útreikning í íslenskum krónum miðað við gengistöflu nr. 92 frá 18. maí 1979. Þar í athugasemdunum eru jafnframt dregin frá ógreidd frímerki. Reikningurinn ber með sér, að hann stafar frá Jakob S. Kvaran, og hefur hann viðurkennt fyrir dóminum, að svo sé. Reikningurinn ásamt athugasemdunum hljóðar svo:

„Frímerkjamiðstöðin, sf.,
Skólavörðustíg 21 a,
Reykjavík

Reikningur:

250	sett	Evrópa	1972	21.00	525.00
372	—	Evrópa	1967	37.00	1.376.40
200	—	Evrópa	1971	22.00	440.00
450	—	Evrópa	1970	47.00	2.115.00
580	—	Evrópa	1969	40.00	2.320.00
850	—	Evrópa	1968	32.00	2.720.00
600	—	Evrópa	1965	29.85	1.791.00
100	—	Evrópa	1966	36.00	360.00
100	—	Náttúruv.	1970	15.00	150.00
500	—	Svanir	1956	1.790.00	8.950.00
75	—	Háskóli	1938	690.00	5.175.00
500	—	Reykjavík	1961	29.50	1.475.00
500	—	Sæsíminn	1962	37.00	1.850.00
420	—	Lýðveldið	1969	185.00	7.770.00
400	—	Hungur	1963	36.00	1.440.00
1300	—	Flóttaf.	1971	12.90	1.677.00
500	—	Íþróttir	1957	29.00	1.450.00
100	stk.	10 kr. Þorf. gróft			3.800.00
200	sett	Jón Sig.	1961	29.50	590.00
1150	—	Stjórnarr.	1958	47.00	5.405.00
400	—	Atv. Bygg.	1962	298.00	1.192.00
200	—	Háskólinn	1961	49.00	980.00
500	—	Islandia	1973	255.00	1.275.00
500	—	Landslag	1966	44.00	2.200.00
200	stk.	Gullfoss	1964	48.00	960.00
45	—	Himbrimi	1967	85.00	382.50
200	sett	Bókmenntafélag	1966	24.00	480.00
20	stk.	1 kr. Zeppelin ..	1931	440.00	880.00
50	—	15 aur. 2 kóngar,þj.		65.00	325.00
35	—	50 aur. Michel 72		200.00	700.00
30	—	2 kr. Michel 74			1.770.00
525	x	25 tegundir, ónot á		690.00	3.622.50
100	sett	líknarmerki	1949		635.00
150	—	Evrópa	1966	360.00	540.00
500	—	Jón Arason		720.00	3.600.00
1000	stk.	15 kr. Náttúruvernd			1.225.00
54	sett	af 25 aur. og 5 kr. Lax		58.00	313.20

350	sett Hestur 1958, — 10,2.25		155.00	542.50	
100	— Evrópa	1965		298.50	
300	— Evrópa	1963	23.00	690.00	
300	— Flug	1947	78.00	2.340.00	
300	— Flug	1959	26.50	795.00	
1000	— Svanir	1956	1.790.00	17.900.00	afgr. frá
25	stk. Lýðv. 20 ára ...		65.00	162.50	Spáni
			Dkr.	95.188.10	
20%	af 700.00 Michel nr. 72				140.00
10%	af 6.450.00				645.00
5%	88.038.10				4.401.90
Skuld			Danskar kr.		90.001.20
				95.188.10	95.188.10

Sbr. gengistöflu Nr. 92/18. maí
Dk. 90.001.20 x 61.83 = Ísl. kr. 5.564.774
Frá dragast á reikningi
óafgreidd frímerki (÷ hér að ofan)
Dkr. 22.157.50 x 61.83 = Ísl. kr. 1.369.998

Afgreitt hefur verið fyrir ísl. kr. 4.194.776“

Við munnlegan flutning málsins kom fram leiðrétting á útreikningum stefndu á þessu dskj. Leiðréttingin lítur að því, að frá upphæðinni vegna óafgreiddra frímerkja er dreginn 5% afsláttur, danskar kr. 1.107.88, þannig að óafgreitt er skv. þessum útreikningi fyrir íslenskar krónur 1.301.498 á gengi 18. maí 1979. Stefndu telja þannig, að stefnandi Jakob hafi afgreitt frímerki til þeirra fyrir íslenskar krónur 4.263.276. Af þeirri upphæð hafi þeir greitt, sbr. dskj. nr. 34, íslenskar krónur 838.955 þann 22. maí 1980. Lögmaður stefnenda hefur tekið við þessari upphæð með þeim fyrirvara, að hann haldi fast við allar kröfur sínar í dómsmálinu. Hann hefur ekki lækkað kröfu sína af því, er nemur þessari npphæð. Eftir leiðréttingu stefndu er tölulegur ágreiningur aðilja sá, sbr. bókun í þinghaldi 23. sept. sl., að stefnandi telur sig hafa afhent stefndu svokölluð líknarmerki fyrir danskar krónur 635.00, en stefndu viðurkenna ekki að hafa móttekið þau merki. Upphæðin danskar krónur 635.00 er án afsláttar.

Þann 11. júní 1979 snúa þau hjónin Emilie J. Kvaran og Jakob S. Kvaran sér til Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns og fara

fram á, að hann geri viðeigandi ráðstafanir til að endurheimta frímerkin úr höndum stefndu, að minnsta kosti sé þeim gert að greiða upp verð þeirra að fullu í gjaldgengri mynt þegar í stað, vilji þeir herma þessi viðskipti upp á stefnendur.

Þann 13. júní 1979 sendir Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður rannsóknarlögreglu ríkisins mál þetta. Hafði hann áður snúið sér til Haralds Sæmundssonar og fengið skýr svör um það, að hann mundi ekki afhenda frímerkin aftur. Í bréfinu heldur hæstaréttarlögmaðurinn því fram, að með hliðsjón af aldri og heilsufarsástandi Jakobs S. Kvaran sé með öllu ótækt og brot gegn velsæmi og lagareglum, að viðtakendur haldi frímerkjunum. Vísar hann í þessu sambandi til 7. gr. laga nr. 58/1960 og III. kafla laga nr. 7/1936. Í bréfinu segist hann vænta þess, að málið verði þegar tekið fyrir og lagt verði hald á afhent frímerki, áður en kaupendurnir láti þau af hendi til þriðja manns. Málið var síðan rannsakað af rannsóknarlögreglu ríkisins, og komu aðiljar þar fyrir til skýrslugjafar. Málið var síðan sent ríkissaksóknara til umfjöllunar, en hann taldi ekki frekari aðgerða þörf. Í framhaldi af því er mál þetta höfðað. Fram er komið, að stefndu hafa þegar selt verulegan hluta frímerkjanna.

Hér fyrir dóminum byggja stefnendur á því, að stefndu hafi notfært sér með ólögmætum hætti heilsufarsbágindi Jakobs S. Kvaran til að komast yfir frímerkin, svo að bersýnilegur mismunur sé á verðmæti frímerkjanna og endurgjaldi því, sem fyrir átti að koma skv. þeirra eigin frásögn. Þá sé þessi afhendingargerningur einnig með öllu ógildur, þó svo verði talið, að gerður hafi verið gildur löggerningur undir eðlilegum kringumstæðum, þar sem óheiðarlegt og ólöglegt hafi verið af stefndu að notfæra sér gerninginn. Í þessu sambandi er vitnað til laga nr. 58/1960, 7. gr., og laga nr. 7/1936, 32. gr., svo og 253. gr. laga nr. 19/1940. Til styrktar fullyrðingum sínum um heilsufarsástand Jakobs S. Kvaran er af hálfu stefnenda lagt fram vottorð Jóns Gunnlaugssonar læknis, dags. 11. júní 1979, þar sem það er vottað, að Jakob hafi verið heilsuveill frá unga aldri, hann hafi fengið berkla sem ungur maður og síðan asma. Síðustu árin hafi borið á æðakölkun, sem komið hafi fram sem vægur hjartasjúkdómur og minnisleysi, og hafi minnisleysið mjög mikið aukist veturinn næstan áður en vottorðið er gefið. Þá hafa stefnendur lagt fram vottorð Kristins Björnssonar sálfræðings, dags. 6. júlí 1979. Í vottorðinu kemur fram, að sálfræðingurinn hefur athugað Jakob S. Kvaran að ósk hans sjálfs. Segir í vottorðinu, að við könnun á hæfileikum

og sálrænum þáttum komi í ljós, að afturför sé mikil vegna aldurs, töluvert meiri en venjulegt sé miðað við aldur. Einkum sé það minni og geta til að draga ályktanir, sem skert sé. Þetta sé mest áberandi, ef tími umhugsunar sé takmarkaður. Maðurinn sé mjög mistækur, geti aðra stundina leyst verkefni dável, en ráði svo ekki við það sama að lítilli stundu liðinni. Hann finni þetta og geri það hann óöruggan í ályktunum sínum og gerðum. Þetta séu alkunnar afleiðingar skertrar heilastarfsemi við aldurshnignun. Í lokaniðurstöðu segir sálfræðingurinn, að með tilliti til alls þessa megi telja, að Jakob sé ekki fær um að taka mikilvægar viðskiptalegar ákvarðanir óstuddur eða á eigin ábyrgð.

Þá hafa verið lögð fram ýmis vottorð af hálfu stefnenda frá kunningjum þeirra hjóna, sem hníga í þá átt, að minni Jakobs sé mjög skert frá því, er áður var. Vottorð þessi hafa verið staðfest fyrir dómi, og jafnframt hefur Kristinn Björnsson sálfræðingur komið fyrir dóm og staðfest vottorð sitt. Þá kom fram, að Kristinn hafði ekki þekkt Jakob, áður en hann gerði athuganir á hæfileikum hans. Þau hjónin Emilie J. Kvaran og Jakob S. Kvaran hafa bæði komið fyrir dóminn. Jakob var sýnt dskj. nr. 11, og sagði hann, að sér fyndist það vel geta verið sín skrift, sem þar er ritað með rauðu. Honum var jafnframt sýnt dskj. nr. 12, og kannaðist hann við, að reikningurinn stafaði frá sér. Hann sagði reikninginn vera miðaðan við verðskrá sína. Síðan gefi hann vissan afslátt frá sínu verði. Hann kvaðst selja með sínu heildsöluverði. Hann hafi margs konar verð, eftir því hve mikið sé keypt í einu. Hann gefi þeim afslátt, sem mikið kaupa, en ekki þeim, er kaupa lítið. Smásöluverð hafi hann ekkert, hann selji allt í heildsölu. Hann sagði það vera mikinn afslátt, sem hann hefði gefið þeim Haraldi og Finni, og þeir hefðu getað lagt eitthvað á frímerkin og haft ágætan gróða af. Hann kvaðst aldrei hafa samþykkt greiðslufrest til 10 ára. Haraldur hafi viljað þvinga hann til að gera það. Þá kvaðst hann aldrei hafa samþykkt vaxtalausar greiðslur fyrstu þrjú árin, heldur 26% ársvexti fyrstu tvö árin og vaxtalausar greiðslur síðan þrjú ár. Eiginlega hafi aldrei komist á samningur, þar sem ekki hafi verið hægt að semja við Harald. Hann sagði það hafa verið ætlun sína að semja á þeim grunni, sem hér er rakinn. Hefði hann hins vegar samþykkt það, er Haraldur segi, hefði hann enga vexti fengið, því vextir á síðustu greiðslur séu engir. Vextirnir eigi að vera á fyrstu árunum, meðan upphæðin sé óskert. Hann var að því spurður, hvers vegna slitnað hafi upp úr samningaviðræðum þeirra, eins og hann

heldur fram. Hann sagði, að ekki hefði verið hægt að semja við Harald. Hann kvaðst ekki muna, um hvað þeir deildu. Þá var hann að því spurður, hvort það hefði hugsanlega verið út af gengismálum, sem að þeir hafi deilt, og svaraði hann þá: „Gengistryggingu eða svoleiðis?“ Hann var spurður að því, hvort kona hans hefði verið viðstödd viðskiptin, og svaraði hann því neitandi. Hann var spurður um, hvað stefndu komu oft til hans, og taldi hann það hafa verið tvisvar sinnum og að kona hans hefði verið í hvorugt skiptið viðstödd. Hann var að því spurður, hvort hann hefði mótmælt því, að þeir færu með frímerkin. Hann kvaðst ekki muna það, en hann myndi eftir því, að þeir hefðu farið með frumrit og eftirrit og hann hefði ekkert haft yfir þessi viðskipti í langan tíma og ekkert vitað í raun og veru, hvað þeir fóru með. Hann var að því spurður, hvort hann hefði haft viðskipti við stefndu áður, og svaraði hann því játandi. Þá var hann að því spurður, hvort þau viðskipti hefðu verið miðuð við gengi þess dags, sem samningurinn var gerður, eða þess dags, sem greiða átti skuldina. Hann sagði það hafa verið smáupphæðir, sem hann hefði lánað þeim, en það hefði verið umreiknað af honum frá hans lista á gengi því, sem gilti, þegar hann lét þá hafa frímerkin. Hann var að því spurður, hvort þau viðskipti, sem hann hafi átt hér á landi, væru lánsviðskipti, og svaraði hann því játandi. Hann var að því spurður, hvort þau viðskipti hefðu verið miðuð við gengi, þegar greiða átti, og svaraði hann því játandi og taldi, að ekk væri hægt að selja öðruvísi. Þá var hann spurður, hvort að ekki hefði verið miðað við gengi þess dags, sem samningurinn var gerður. Mátti á honum skiljast, að svo gæti hafa verið, ef greiða átti eftir eina eða tvær vikur. Hann vildi ekki gefa upp, hverjir hefðu verið viðskiptavinir hans hérlendis. Taldi sig leggja aðaláherslu á að selja til útlanda, því að hann þurfi á erlendum gjaldeyri að halda. Hann taldi minnisleysi sitt hafa ágerst hin síðari ár og að hann þyrfti alltaf meiri og meiri hjálp frá konu sinni við einfalda hluti. Hann var að því spurður, hvort hún hjálpaði honum í þessum viðskiptum yfirleitt. Hann sagði hana hjálpa sér oft við útreikninga. Hann var að því spurður, hvort hún væri yfirleitt viðstödd samninga. Hann svaraði, að það gerði hún, þegar hann bæði hana um, en ekki endilega annars.

Emilie Kvaran sagði fyrir dóminum, að yfirleitt væri hún ekki viðstödd viðskipti manns síns, en taldi, að í það sinn, er hér um ræðir, hefði það verið nauðsynlegt. Sagði hún, að þegar Haraldur og Finnur voru farnir frá Jakob, hefði hún ekki fundið neitt yfir

þau frímerki, er þeir tóku. Hún hefði hringt í Harald og hann sagt yfirlit yfir þau væru í vörslum Jakobs. Hún hefði leitað og ekki fundið. Þau hefðu að lokum fengið yfirlitið um viðskiptin hjá Haraldi. Hún sagði þau hjónin ekki geta gert sér grein fyrir því, hvort yfirlitið væri rétt.

Stefndu hafa haldið því fram bæði fyrir rannsóknarlögreglu og hér fyrir dóminum, að þá er þeir ræddu við Jakob S. Kvaran um viðskipti þau, er málið snýst um, hafi þeir ekki á nokkurn hátt merkt, að andlegt og líkamlegt ástand hans væri verra en áður. Auk þess sem hann hafi haft orð á því að fyrra bragði, að hann væri betri til heilsunnar en haustið áður, þá er hann hélt héðan til Spánar, og hafi fengið verulegan bata, sem hann tilgreindi ekki nánar. Stefndu halda fram, að þeir hafi samþykkt að greiða þá upphæð fyrir merkin, sem reikningurinn á dskj. nr. 12 greinir frá, upphæðina hafi átt að greiða með skuldabréfi, sem greiða átti á 5 árum, hafi fyrstu 3 árin átt að vera vaxtalaus, en síðan hafi átt að greiða 26% ársvexti af því, er eftir var síðustu tvö árin. Þeir halda því fram, að viðskipti þessi hafi í alla staði verið eðlileg. Þeir hafi vitað, að J. S. Kvaran hefði selt innlendum aðiljum merki og fengið greitt fyrir með skuldabréfum. Þess vegna hafi þeir ætlað að kaupa af honum merki fyrir um það bil kr. 6.000.000, næðist samkomulag um greiðslukjör, kjörin væru forsenda viðskipta sem þessara. Þegar viðskipti af þessari stærðargráðu séu gerð, leiði það af sjálfu sér, að greiðlan verði að skiptast á nokkur ár. Þeir halda fram, að samkomulag hafi orðið og munnlegur samningur gerður milli þeirra og Jakobs, áður en hann hóf að afhenda frímerkin. Samningur þessi hafi hljóðað um greiðslu kaupverðsins með skuldabréfi til 10 ára og vexti 26% á ári, sem greiðast skyldu eftir á á sömu gjalddögum og afborganirnar, fyrst 20. maí 1980. Bréfið skyldi þá fyrst afhent, þegar öll merkin væru afhent. Þessi greiðslukjör hafi J. S. Kvaran samþykkt á ljósriti dskj. 11. Þeir hafi síðan fallist á að breyta samningnum, þannig að verðið yrði greitt með 5 ára skuldabréfi vaxtalausu í fyrstu, en síðan með 26% ársvöxtum seinustu tvö árin. Á síðasta fundi þeirra hafi J. S. Kvaran sett fram nýja kröfu þess efnis, að lánsviðskiptin færu fram í dönskum krónum, þannig að allt kaupverðið yrði gengistryggt. Á þetta hafi þeir ekki getað fallist og hefðu krafist þess, að Kvaran stæði við samninginn og afhenti þeim merki þau, sem hann átti eftir að afhenda. Þeir segjast ekki hafa farið með nein merki af síðasta fundi þeirra. Þeir segja sýknukröfu sína byggða á því, að aðiljar hafi gert með

sér samning um ákveðin greiðslukjör. Sá samningur sé bindandi fyrir báða aðilja og sé ekki haldinn neinum þeim ágöllum, að hann sé ógildanlegur með vísan til lagareglu um misbeitingu. Hér sé um venjulegan samning að ræða miðað við umfang viðskiptanna, samning sem J. S. Kvaran hafi fulla yfirsýn yfir og langan tíma til þess að íhuga, þ. e. a. s. á milli heimsókna. Þeir mótmæla, að J. S. Kvaran hafi haft, þá er samningurinn var gerður, svo skert líkams- og sálarþrek, að hann hafi ekki haft dómgreind til að gera samning þennan. Þeir segjast að sjálfsögðu vera tilbúnir til þess að uppfylla sinn hluta samningsins með útgáfu veðtryggðra skuldabréfa, en þar sem engin krafa stefnenda lúti að því, krefjast þeir alfarið sýknu. Þeir mótmæla því, að varakrafa sé gerð í dönskum krónum, þar sem hér sé um að ræða viðskipti milli innlendra aðilja og slík verðtrygging sé óheimil.

Álit dómsins.

Aðild Emilie J. Kvaran sem sameiganda að óskráðu fyrirtæki þeirra hjóna er ekki mótmælt.

Frímerkjamiðstöðin s/f er sameignarfyrirtæki stefndu.

Aðiljar eru sammála um, að reikningur, sem kemur fram í ljósriti á dómskj. 8 og 12, stafi frá stefnanda Jakob og sé yfir viðskipti aðilja, eins og þau áttu að verða endanlega. Þeir eru sammála um, að eftir sé að afgreiða: 525 x 25 tegundir ónot. á 690.00 danskar kr. hvert, eða samtals danskar kr. 3.622.50, og 1000 sett svanir 1956 á 1.790.00 danskar kr. hvert, eða samtals danskar kr. 17.900.00. 5% afsláttur skuli reiknast frá þessum fjárhæðum. Þá greinir á um, hvort 100 sett líknarmerki 1949, danskar kr. 635.00 án afsláttar, séu afgreidd eða ekki. Stefnendur halda því fram, að þau séu afgreidd. Reikningurinn er saminn af stefnanda Jakob, án þessa að stefndu séu viðstaddir. Aðiljar greinir á um, hvort viðskipti þessi átti að miða við danskar krónur á afhendingardegi merkjanna eða greiðsludegi hverrar afborgunar. Þá deila þeir einnig um önnur greiðslukjör.

Stefnendur hafa lagt fram frumrit afgreiðsluseðla yfir frímerkin. Stefndu halda því fram, að þeir séu ritaðir með hönd stefnanda Jakobs að frátöldu því, er ritað er til hliðar um greiðslukjör á fyrra blaðið, en það hefur stefnandi undirritað á ljósrit fyrri afgreiðsluseðilsins, dómskj. 37. Þar, sem stefnandi Jakob segir þetta vel geta verið sína hönd, þykir mega leggja það til grundvallar. Þar sem afgreiðsluseðlarnir verða ekki öðruvísi ráðnir en

100 sett líknarmerki 1949 skuli koma úr safni stefnanda á Spáni, þykja þeir ekki hafa sannað afgreiðslu þeirra.

Þegar ofangreint er virt, þykir mega við það miða, að samningur hafi verið kominn á milli aðilja. Á síðari afgreiðsluseðilinn er ritað, að merkin skuli greiðast á fimm árum, vaxtalaust fyrstu þrjú árin, en það er í samræmi við staðhæfingar stefndu. Því er ómótmælt, að þetta sé ritað með hönd stefnanda Jakobs. Þykir því mega leggja til grundvallar, að þessi hafi kjörin átt að vera.

Stefndu halda því fram, og því er ekki mótmælt af stefnendum, að slitnað hafi upp úr með þeim varðandi afgreiðslu merkjanna vegna deilu um, hvort samið hefði verið um greiðslu í dönskum kr. á greiðsludegi afborgana. Framburðir stefndu, Finns og Haralds, og vitnisins Reynis Ástþórssonar hníga í þá átt, að stefnandi Jakob hafi áður selt með greiðslufresti miðað við danska krónu á afhendingardegi merkjanna. Vitnið Reynir segir, að slitnað hafi upp úr samningum Jakobs og sín og Jakobs og Sigurðar Þormar vorið 1979 vegna þess, að Jakob hafi viljað miða við gengi danskrar krónu á greiðsludegi merkjanna. Stefnandi Jakob hefur hér fyrir dóminum viðurkennt að hafa a. m. k. stundum selt miðað við danskar kr. við afhendingu merkjanna. Hann hefur neitað að gefa upp, hverjir séu viðskiptamenn hans hérlendis. Stefndu höfðu áður átt við hann lánsviðskipti, þar sem miðað var við danskar kr. við afhendingu merkjanna. Þegar það, sem hér hefur verið rakið, umfang viðskiptanna og frímerkjamarkaðurinn hér á landi er virtur, þykja stefnendur ekki hafa sannað, að viðskipti þessi með greiðslukjörum þeim, er stefndu halda fram og miðuð eru við gengi danskrar krónu við afhendingu merkjanna, séu óeðlileg. Ósannað þykir þannig, að bersýnilegur mismunur sé á endurgjaldi því, sem fyrir merkin átti að koma, og markaðsverði. 7. gr. laga nr. 58/1960 þykir því ekki eiga hér við. Þá er ósannað gegn staðhæfingum stefndu, að þeir hafi mátt gera sér ljósa grein fyrir heilsufari stefnanda Jakobs, eins og því er lýst af sérfræðingum og rakið er hér að framan. Þá er m. a. til þess litið, að eiginkona stefnanda Jakobs sá ekki ástæðu til að vera við samninga aðilja, enda þótt þeir ættu með sér ítrekaða fundi, sem hún vissi fullvel um. Þar sem engin krafa hefur verið gerð um efndir samningsins, eins og honum hefur hér verið lýst, verður ekki um slíka kröfu dæmt. Niðurstaða máls þessa er því sú, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnenda í máli þessu, bæði aðalkröfu og varakröfu.

Rétt þykir, að hver aðilja beri kostnað sinn af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Erni Snorrasyni sálfræðingi og Guðmundi Árnasyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Haraldur Sæmundsson og Finnur Kolbeinsson, skulu sýknir vera af kröfum stefnenda, Emilie J. Kvaran og Jakobs S. Kvaran, í máli þessu. Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Þriðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 90/1981. **Ólafur Andrésson og Samvinnutryggingar g/t**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Hjördísi Þorsteinsdóttur og Steingrími S. Gunnarssyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1981. Gera þeir þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefndu í málinu og stefndu verði dæmd til að greiða þeim in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa tvö vitni og áfrýjandinn Ólafur Andrésson gefið fyrir dómi skýrslur um málavexti.

Vitnið Berglind Valdimarsdóttir skýrði svo frá, að hún hafi hitt þá Ólaf og Ragnar Bjarna á „Hallærisplaninu", sennilega milli kl. 11 og 12, laugardagskvöldið 28. júlí 1979. Þau hafi farið að „rúnta", en síðan hafi þau farið í „partí" í húsi einu í Breiðholti. Tvisvar sinnum hafi verið ekið upp í Mosfellssveit, en vitnið áleit, að Ragnar byggi þar þá. Í bílnum hafi verið auk vitnisins og annarrar stúlku þeir Ólafur og Ragnar Bjarni í báðum ferðunum. Sóttur hafi verið matur og brugg og síðan farið aftur í „partíið". Vitnið kveður þær stúlkurnar og Ólaf hafa neytt áfengis, bæði hafi verið drukkið í bílnum og í „partíinu". Vitnið kveðst ekki muna til þess, að Ragnar Bjarni hafi drukkið þessa nótt. Hann hafi í öll skiptin ekið bifreiðinni, nema þegar vitninu var ekið heim á sunnudagsmorguninn, sennilega milli 6 og 7, þá hafi Ólafur keyrt bílinn. Vitnið tók fram, að Ólafur hafi setið frammi í bílnum, þegar Ragnar hafi verið við keyrslu. Kvað vitnið, að um töluverða ölvun hafi verið að ræða. Einnig gat það þess, „að ekki hafi farið á milli mála, að Ragnar hafi vitað, að Ólafur væri drukkinn umrædda nótt." Þá kvaðst vitnið ekki vita betur en að Ragnar hafi átt, einn eða með öðrum, brugg það, er sótt var í Mosfellssveit.

Vitnið Þóra Leósdóttir kveðst hafa hitt þá Ólaf og Ragnar Bjarna niðri í bæ á laugardagskvöldið og hafi þau keyrt um bæinn alllengi. Síðan hafi verið farið upp í Mosfellssveit og náð í vín á þeim stað, er Ragnar hafi búið. Þá hafi aftur verið farið í bæinn og í „partí" í tilgreindu húsi í Breiðholti. Þaðan hafi verið farið upp í Mosfellssveit að ná í mat og ef til vill meira vín, en síðan haldið í „partíið" aftur. Skömmu síðar hafi þeir félagar svo ekið Berglind heim og annarri stúlku. Hafi það verið það síðasta, sem vitnið sá til þeirra félaga þennan morgun, en ekki segist Þóra þá hafa verið í bílnum. Vitnið kveður, að hún og Berglind og Ólafur hafi neytt áfengis laugardagskvöldið og aðfaranótt sunnudagsins, en kveðst halda, að Ragnar Bjarni hafi ekki drukkið áfengi. Bæði hafi verið drukkið í bílnum og í „partíinu". Vitnið kveður töluvert áfengi hafa verið „innbyrt", bæði vín og bjór. Vitnið telur, að í mesta lagi átta til tíu manns hafi

verið í „partíinu“. Hafi fólkið haldið sig mest í tveimur herbergjum í húsinu. Þeir félagar, Ólafur og Ragnar Bjarni, hafi setið saman að spjalli mikinn hluta nætur, enda hafi þeir ekki þekkt aðra í „partíinu“ en vitnið og Berglind.

Áfrýjandinn Ólafur Andrésson skýrði svo frá, að hann og Ragnar Bjarni hafi laugardagskvöldið 28. júlí 1979 hitt þær Berglind og Þóru á „Hallærisplaninu“. Síðan hafi verið haldið áfram að rúnta um bæinn og farnar að minnsta kosti tvær ferðir upp í Mosfellssveit að sækja bjór. Ragnar hafi ekið bílnum, en sjálfur segist hann hafa setið frammi í við hlið hans. Farið hafi verið í „partí“ í Breiðholtinu um nóttina. Hann kveðst hafa byrjað að drekka bjór, er Ragnar Bjarni hafi gefið sér snemma kvölds, og síðan hafi verið um að ræða samfellda drykkju sína og stúlknanna alla nóttina. Ragnar Bjarni hafi ekki neytt áfengis, en hins vegar átt áfengi það, sem drukkið var. Hann tók fram, að áfengið hafi verið sterkur heimatilbúinn bjór.

Sannað þykir, að slysinu hafi valdið óvarlegur akstur áfrýjandans Ólafs Andréssonar, einkum vegna ölvunar hans, enda óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki samkvæmt rannsókn á alkóhólmagni í blóði, sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968. Eftir framburði hans sjálfs, sem studdur er vætti þeirra Berglindar Valdimarsdóttur og Þóru Leósdóttur, lagði Ragnar Bjarni heitinn honum til ölföng aðfaranótt sunnudagsins. Þá hafa þau borið, að áfengisneyslan hafi bæði farið fram í bifreiðinni og í „partíinu“ að honum viðstöddum. Þegar til þessa er litið sérstaklega og annarra atvika umrædda nótt, svo sem þeim er lýst í framangreindum skýrslum vitnanna Berglindar og Þóru, þykir verða að telja, að Ragnari Bjarna heitnum hafi verið eða mátt vera ljóst, að Ólafur væri óhæfur til að stjórna bifreiðinni í framhaldi af vínđrykkjunni. Þar sem hann við þessar aðstæður tók sér far með henni, gerði hann það á eigin ábyrgð og fyrirgerði þar með rétti sínum til bóta. Geta því stefndu eigi krafist skaðabóta úr hendi Ólafs Andréssonar. Af því leiðir jafnframt, að stefndu geta eigi krafið Samvinnutryggingar g/t um bætur.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina kröfur áfrýjenda um sýknu, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Ólafur Andrésson og Samvinnutryggingar g/t, skulu vera sýknir af kröfum stefndu, Hjördísar Þorsteinsdóttur og Steingríms S. Gunnarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 3. mars 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. f. m., hafa Hjördís Þorsteinsdóttir og Steingrímur S. Gunnarsson, Mávahlíð 9, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 28. október 1980, á hendur Ólafi Andréssyni, Laugabóli, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 498.840 gamlar krónur (4.988.40 nýkrónur) ásamt dómvöxtum frá 29. júlí 1979 til greiðsludags og hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af dómkröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefndu in solidum hæfilegan málskostnað að mati dómara.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 29. júlí 1979, kl. 0955, var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um umferðarslys, sem varð í svonefndri Ullarnesbrekku á Vesturlandsvegi við veg, sem liggur að Helgafelli í Mosfellssveit. Arnbjörn Leifsson lögreglumaður og Garðar Kristjánsson lögregluvarðstjóri fóru á vettvang. Einnig kom þangað Jóhannes Páll Jónsson rannsóknarlögreglumaður og Einar Karel Torfason bifreiðaeftirlitsmaður. Þarna hafði bifreiðin G 11447, Ford Mustang, árgerð 1968, farið út af veginum við akstur fram úr Land Rover bifreið, G 4000, og oltið nokkrar veltur, en staðnæmst á hjólunum. Bifreiðin skemmdist mikið. Eigandi bifreiðarinnar, stefndi Ólafur Andrésson, fæddur 6. apríl 1961, var ökumaður. Með honum í bifreiðinni var einn farþegi, Ragnar Bjarni Kjartansson, fæddur 27. september 1979 (sic). Hann virðist hafa setið í hægra framsæti bifreiðarinnar. Talið var, að hann hefði kastast út úr bifreiðinni í síðustu

veltunni og orðið undir henni. Er lögreglan kom á staðinn, var sjúkrabifreið lögð af stað með þá til Reykjavíkur. Báðir höfðu slasast, en þó einkum Ragnar Bjarni, sem lést sama dag, kl. 1325, af völdum þeirra meiðsla, sem hann hlaut. Hann var ókvæntur og barnlaus. Í máli þessu eru stefndu krafðir um greiðslu kostnaðar stefnenda af útför hans.

Rannsókn slyssins hófst þegar í stað. Vegna þess sætti stefndi Ólafur ákæru, sem gefin var út 23. nóvember 1979, og dómi sakadóms Kjósarsýslu 3. júlí 1980, sem gerði honum refsingu og ævilanga sviptingu ökuréttinda, en þau réttindi hafði hann öðlast 8. september 1978 og fengið ökuskírteini til eins árs. Gögn þau, sem málsaðiljar byggja á, eru m. a. endurrit nefnds dóms sakadóms Kjósarsýslu og skýrslur lögreglu, rannsóknarlögreglu og bifreiðaeftirlitsmanna. Verður nú rakið það helsta, sem þar kemur fram.

Arnbjörn Leifsson lögreglumaður skráði skýrslu um umferðarslysið og gerði uppdrátt af vettvangi. Hann lýsir verksummerkjum þannig, að bifreiðin G 11447, sem ekið var norður Vesturlandsveg, hafi farið yfir á vinstri vegarhelming og út af efst í Ullarnesbrekkunni. Síðan inn á veginn aftur og þvert yfir hann og út af að nýju, þar sem vegurinn að Helgafelli tengist Vesturlandsvegi, en þar sé um það bil 1 meters djúpur skurður eða ræsi. Þar hafi bifreiðin stungist niður og farið síðan 3—4 veltur, en hafnað á hjólunum um 40 metrum frá, en tæpum 200 metrum frá þeim stað, sem bifreiðin fór fyrst út af. Hægra afturhjól hafi brotnað undan bifreiðinni og öxull einnig verið brotinn. Svört för, sem líkst hafi hemlaförum, hafi verið eftir bifreiðina á malbikuðum afleggjara að malargryfjum. Í kantinum hafi hins vegar verið skrensför. Hægra megin vegarins hafi verið svipuð verksummerki, en þar virst sem bifreiðin hafi runnið á hlið. Hann hafi ekki orðið var við hemlaför, þar sem bifreiðinni G 11447 var ekið fram úr Land Rover bifreiðinni. Garðar Kristjánsson lögregluvarðstjóri kvað rétt greint frá í skýrslu og uppdrætti Arnbjarnar.

Jóhannes Páll Jónsson rannsóknarlögreglumaður kom á vettvang skömmu á eftir almennu lögreglunni og fór síðan á slysadeild Borgarspítalans þeirra erinda að láta taka blóðsýni úr stefnda Ólafi og Ragnari Bjarna. Var blóðsýni tekið úr stefnda Ólafi kl. 1120, og við rannsókn með gasgreiningu á súlu reyndist magn alkóhóls í því 1.59‰. Jóhannes Páll Jónsson kveður lækna hafa sagt, að þeir gætu ekki tekið blóðsýni úr Ragnari

Bjarna, þar sem hann væri mjög alvarlega slasaður. Jóhannes Páll kveður lítillega hafa verið hægt að ræða við stefnda Ólaf á slysadeildinni. Hann kveðst ekki hafa séð áfengisáhrif á honum. Hins vegar hafi hann fundið áfengislykt af andardrætti hans. Hann kveður stefnda hafa verið í miklu uppnámi og því hafi ekki verið gott að meta áfengisáhrif á honum. Hann kveður stefnda hafa sagt, að þeir félagarnir hafi verið að koma úr Breiðholti, þar sem þeir hafi verið um nóttina. Þeir hafi ekki neytt áfengis. Hann kvaðst hafa beðið bifreiðaeftirlitsmann að kanna sérstaklega stýrisbúnað bifreiðarinnar G 11447 og öxulbrotið vegna orðróms um, að þarna hefði orðið skyndibilun.

Gunnar Benedikt Adólfsson bifreiðaeftirlitsmaður hafði skoðað bifreiðina G 11447 föstudaginn 27. júlí 1979, eða 2 dögum fyrir slysið, í Bifreiðaeftirliti ríkisins í Hafnarfirði. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir þeirri skoðun. Á aðfinnslumiða, sem hann útbjó um ástand bifreiðarinnar þá, er gerð athugasemd við stýrisliði og stýrisveli (spindla — spindilkúlur) og tekið fram, að bifreiðin þarfnist viðgerðar strax og færist til endurskoðunar í síðasta lagi 8. ágúst 1979. Hann kvaðst ekki muna eftir stýri bifreiðarinnar, en gat þess, að við skoðun banni þeir notkun stýrishjóla, sem eru minni að þvermáli en 12 tommur. Hann minntist ekki hjólbarða bifreiðarinnar, en kveður hjólbarða, sem ná út fyrir aurbretti bifreiða, bannaða við skoðun.

Einar Karel Torfason bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina á slysstað. Í skýrslu hans um þá skoðun segir, að ekki hafi verið hægt að reyna bifreiðina í akstri vegna skemmda á henni. Við þá skoðun, sem hægt var að framkvæma, „var ekki að sjá, að stýrisbúnaður hefði bilað, slit var í spindilkúlum eins og aðfinnsluseðill sýnir og athugasemd á stýrisendum“ . . . „Öxull brotnaði, við það dettur hægra afturhjól undan, var hreint sár, ekki var að sjá neitt, sem benti til, að um gamalt brot væri að ræða. Hjólbarðar að aftan voru 12” breiðir, og var sprungið á hægra afturhjóli. Framhjólbarðar voru venjulegir sumarbarðar. Stýrishjól var lítið rallý. Rúður voru brotnar úr bifreiðinni, svo ekki var hægt að sjá, hvort þær voru óhreinar.“ Einar Karel kveður bifreiðina með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði. Hann kveðst hafa skoðað bifreiðina aftur í geymslu í Kópavogi með tilliti til stýrisdælu. Hann hafi orðið var við smáslit á þeim hlutum, sem gerð var athugasemd við við skoðun bifreiðarinnar þann 27. júlí 1979. Stýrisreim hafi verið heil. Hann hafi ekkert

séð athugavert við stýrisbúnað bifreiðarinnar. Lítið „rallýstýri" hafi verið á bifreiðinni, en það henti ekki amerískum bifreiðum. Hann kveður brot á öxli hafa verið nýtt.

Stefndi Ólafur Andrésson hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið í bifreiðinni til Reykjavíkur kvöldið fyrir slysið. Ragnar Bjarni heitinn, vinur hans, hafi verið farþegi. Þeir hafi farið í bíó kl. 2100. Eftir bíó hafi Ragnar Bjarni ekið, en hann drukkið heimabruggaðan bjór, sem Ragnar Bjarni átti. Ragnar Bjarni hafi ekki drukkið. Þetta hafi verið leifar frá kvöldinu áður, en þá hafi Ragnar Bjarni verið að drekka sams konar bjór. Þeir hafi ekið um bæinn. Um nóttina hafi þeir hitt tvær stúlkur niðri í bæ og boðið þeim í bifreiðina. Þær hafi vitað um „partí" í Breiðholti og þeir farið með þeim þangað um miðja nóttina. Þar hafi þeir dvalist til morguns og hann (stefndi) neytt einhvers bjórs með stúlkunum. Hann hafi fundið til einhverra áfengisáhrifa á tímabili af bjórdrykkjunni, en ekki mikilla. Síðan kveðst stefndi hafa hætt að drekka, þar sem hann hafi ætlað að aka sjálfur heim. Undir morgun hafi hann viljað fara að komast heim, en orðið að bíða lengi eftir Ragnari Bjarna. Hann hafi verið orðinn svolítið ergilegur á biðinni og svo ákveðið að aka sjálfur heim, enda talið sig vel færan um það, þó svo hann hafi drukkið þennan bjór, og talið sig ekki finna til áfengisáhrifa. Hann hafi ekkert sofið um nóttina og verið í öru skapi eftir að hafa þurft að bíða. Ragnar Bjarni og stúlkurnar hafi komið í bifreiðina. Hann hafi síðan ekið niður Breiðholtsbraut og austur Vesturlandsveg. Stúlkurnar hafi yfirgefið bifreiðina við bensínstöð Essó í Árbæjarhverfi, en hann ekið áfram Vesturlandsveg, hugsanlega með viðkomu í Þverholti í Mosfellssveit. Efst í Ullarnesbrekku hafi hann ekið fram á Land Rover bifreið og ákveðið að aka fram úr henni, en er hann beygði bifreið sinni til vinstri, hafi stýrið verið svo þungt, að hann hafi ekki náð að rétta bifreiðina af nógu snemma og hún lent út á malarkantinum fyrir utan steypta veginn og eftir það hafi hann ekkert ráðið við bifreiðina. Hann myndi eftir, er bifreiðin hafi flogið út af vegamótunum að Helgafelli, en ekkert eftir það nema köll og hróp, eftir að bifreiðin stöðvaðist. Hann kveður hvorugan hafa verið í öryggisbelti.

Stefndi kveðst hafa orðið allur stífur, er hann missti vald á bifreiðinni, og ekki muna viðbrögð sín í smáatriðum. Hann kveðst ekki vita, á hvaða hraða hann ók. Hann kveðst hafa fengið mikið

höfuðhögg við slysið og verið lengi að jafna sig eftir það. Önnur meiðsli hafi hann ekki hlotið og fengið að fara heim síðdegis sama dag.

Stefndi kveðst hafa talið sig vera ekki undir áfengisáhrifum við aksturinn, en hins vegar hafi hann verið grútsyfjaður og þreyttur. Hann hafi ekkert sofið nóttina fyrir slysið og einungis 3 tíma nóttina þar áður.

Stefndi kvaðst ekkert hafa breytt bifreið sinni, eftir að hún var skoðuð 27. júlí 1979 af Bifreiðaeftirliti ríkisins. Bifreiðin hafi verið í nákvæmlega sama ástandi, er slysið varð, bæði hjólbarðar og annað. Lítið „rallýstýri" hafi verið á bifreiðinni, er hann keypti hana í apríl 1979, og engin athugasemd verið gerð við stýrið við skoðunina. Frá því hann keypti bifreiðina, hafi hann legið í að gera við hana og skráð hana 27. júlí 1979. Hann kveðst ekki álíta, að skyndileg bilun hafi orðið í bifreiðinni, áður en slysið varð. Þó sé hugsanlegt, að vökvi hafi farið af stýristékk, því þá þyngist stýrið. Hann kveður leiðslu einu sinni hafa farið sundur í stýristékk og stýrið þá orðið mjög þungt.

Ökumaður bifreiðarinnar G 4000, sem stefndi Ólafur hugðist aka fram úr, var Vigdís Sveinsdóttir. Hún kveðst hafa ekið mjög hægt. Hún taldi sig hafa ekið á 40—50 km hraða. Hún kveður þó hugsanlegt, að hún hafi ekið á meiri hraða. Hún kveðst skyndilega hafa séð bifreið aka fram með hennar bifreið og fara út af veginum vinstra megin, þar sem hún hafi snúist, en síðan farið út af veginum hægra megin og oltið. Hún kveður mikinn hvin hafa heyrst frá þeirri bifreið við framúraksturinn og útafaksturinn. Hún kveðst hafa talið hraða þeirrar bifreiðar u. þ. b. 80—90 km miðað við hraða bifreiðar sinnar. Hún ók af slysstað, þar sem henni var tjáð, að búið væri að kalla á sjúkralið, auk þess sem hún hafi ekki viljað, að farþegarnir, danskir unglingar, færu úr bifreiðinni.

Sigurgeir Vilhelm Sigurgeirsson ók bifreið sinni, R 4211, suður Vesturlandsveg frá Þingvallavegi í umrætt sinn. Hann kveður bifreiðinni G 4000 hafa verið ekið löturhægt, á u. þ. b. 10—15 km hraða. Hann kveður það útilokað og hreina fjarstæðu, að þeirri bifreið hafi verið ekið á 50 km hraða. Hann kveður bifreiðina G 11447 skyndilega hafa komið fram með jeppabifreiðinni vinstra megin. Farið þar eftir kantinum og runnið í lausamöl. Er bifreiðin hafi komið á malbikaðan afleggjara og fengið fast undir hjólin, hafi hún farið rakleitt yfir veginn og út af hægra megin og oltið 4—5 veltur. Hann hafi þegar kallað til

lögreglu og sjúkrabifreið í gegnum talstöð. Hann taldi hraða bifreiðarinnar G 11447 hafa verið mikinn með hliðsjón af því, hve snöggt hún hafi skotist út frá Land Rover bifreiðinni. Svo hafi virst sem ökumaður bifreiðarinnar G 11447 hafi ekki áttað sig á, hve hægt Land Rover bifreiðinni var ekið. Hann kveðst hafa stoppað, er hann sá, hvað verða vildi, þar sem honum hafi ekkert litist á akstur bifreiðarinnar G 11447. Hann hafi ætlað að vera við öllu búinn og ekki vitað, hvaða stefnu bifreiðin tæki. Hann kveðst þegar hafa farið að bifreiðinni G 11447, þar sem hún stöðvaðist. Þá hafi farþeginn legið utan við hana og inni í bifreiðinni ökumaðurinn, meðvitundarlaus og skorðaður milli framsætanna. Hurðirnar á bifreiðinni hafi verið fastar. Hann hafi teygt sig inn um afturrúðuna, sem farin var úr, og tekið spjald ofan af ökumanninum til að gæta betur að honum. Þá hafi hann séð reyk upp úr vélarhúsi bifreiðarinnar og þegar hlaupið í bifreið sína til að ná í skiptilykil til að aftengja rafgeymi bifreiðarinnar. Hann hafi beðið mann, sem þarna var staddur, að huga að ökumanninum og farþeganum, meðan hann aftengdi rafgeymi bifreiðarinnar, og hafi maður þessi verið búinn að ná ökumanninum út úr bifreiðinni og ökumaðurinn kominn til meðvitundar, þegar hann hafði lokið aftengingu. Hann kveðst þá hafa farið og hlúð að farþeganum. Síðan hafi hann beðið á staðnum, þar til sjúkrabifreið kom, og hjálpað til við að koma hinum slösuðu af staðnum. Hann kveðst ekki hafa fundið vínlykt af þeim. Hann kveðst ekki hafa orðið var ölvunareinkenna á þeim.

Lík Ragnars Bjarna var krufið. Rannsóknastofa í lyfjafræði rannsakaði blóðsýni úr hinum látna, og reyndist magn alkóhóls í því minna en svo, að mælt yrði.

Í máli því, sem höfðað var gegn stefnda Ólafi fyrir sakadómi Kjósarsýslu með ákæru, útgefinni 23. nóvember 1979, var honum gefið að sök að hafa „ekið bifreiðinni G 11447, sem búin var of litlu stýrishjóli, undir áhrifum áfengis frá Breiðholtshverfi í Reykjavík sem leið liggur norður Reykjanesbraut og austur Vesturlandsveg með viðkomu í Árbæjarhverfi og síðan áfram norður Vesturlandsveg óvarlega og of hratt miðað við aðstæður með þeim afleiðingum, að hann missti stjórn á bifreiðinni í Ullarnesbrekku í Mosfellssveit, hún fór út af veginum, valt margar veltur, og farþegi ákærða, Ragnar Bjarni Kjartansson, fæddur 27. september 1959, hlaut innvortis meiðsli, sem leiddu hann til dauða kl. 13:25 þennan dag.

Telst þetta atferli ákærða varða við 215. gr. almennra hegn-

ingarlaga nr. 19/1940, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978."

Í niðurstöðum dóms sakadóms Kjósarsýslu frá 3. júlí 1980 segir:

„Ekkert hefur komið fram, sem bendir til þess, að orsök slyssins hafi stafað af skyndilegri bilun á ökutæki ákærða. Veðurskilyrði voru góð.

Sannað þykir með niðurstöðu alkóhólákvörðunar og framburði ákærða, að hann hefur verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hann var auk þess illa sofinn og þreyttur.

Ósannað þykir, að stýri bifreiðar ákærða hafi verið ólöglegt, enda ekki mælt. Verður því að sýkna ákærða fyrir brot á 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga.

Á hinn bóginn er það álit dómsins, að orsök slyssins megi fyrst og fremst rekja til of hraðs aksturs ákærða og þess, að hann var undir áhrifum áfengis og illa fyrirkallaður, og hafa viðbrögð hans því mótast af þessu ástandi hans.

Telst því sannað með eigin framburði ákærða, skýrslum lögreglu og vitna og niðurstöðu alkóhólákvörðunar, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, að öðru leyti en því, að ósannað þykir, að stýri bifreiðarinnar hafi verið of lítið. Háttsemi ákærða er rétt færð til refsiákvæða."

Stefnendur byggja dómkröfur sínar á því, að stefndi Ólafur Andrésson beri alla ábyrgð á slysinu. Beri honum því að bæta fjárhagslegt tjón þeirra samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Stefndi Ólafur hafi, er slysið varð, verið undir áhrifum áfengis samkvæmt dómi sakadóms Kjósarsýslu. Telja stefnendur þann dóm hafa res judicata verkanir fyrir úrlausn þessa máls, sbr. 2. mgr. 197. gr. einkamálalaganna. Stefndi Ólafur hafi sýnt vítavert gáleysi við aksturinn og culpa-reglan eigi því einnig hér við. Stefnendur telja, að með þeim breytingum, sem gerðar höfðu verið á bifreiðinni G 11447, hafi verið brotið gegn ákvæðum 4. gr. umferðarlaganna og bifreiðin eftir það ekki uppfyllt öryggiskröfur. Í því sambandi benda stefnendur einkanlega á, að sérstakt „rallýstýri" hafi verið sett á bifreiðina, en það henti ekki amerískum bifreiðum samkvæmt framburði Einars Karels Torfasonar bifreiðaeftirlitsmanns. Samkvæmt framburði stefnda Ólafs hafi stýri bifreiðarinnar orðið

svo þungt, er hann beygði til vinstri til að aka fram úr bifreiðinni G 4000, að hann náði ekki að rétta bifreiðina af nógu snemma. Þessir ágallar á bifreiðinni séu ekki í samræmi við þær öryggiskröfur, sem gerðar séu í II. kafla umferðarlaga. Með athugasemdarmiða Bifreiðaeftirlits ríkisins um skoðun bifreiðarinnar þann 27. júlí 1979 sé fyrir hendi lögfull sönnun um ágalla bifreiðarinnar, er slysið varð.

Stefnendur mótmæla því, að dómar Hæstaréttar Íslands, sbr. dómasafn XL (1969), bls. 180, og LXVII (1976), bls. 1080, hafi fordæmisgildi í máli þessu. Þar sé ekki um hliðstæð úrlausnarefni að ræða og þetta mál um margt frábrugðið hinum tveimur. Engin sönnun liggi fyrir um, að Ragnari Bjarna hafi verið kunnugt um, að stefndi Ólafur hafi verið undir áhrifum áfengis, er slysið varð. Eingöngu sé við framburð stefnda Ólafs sjálfs að styðjast, um hvort Ragnari Bjarna hafi verið kunnugt um ölvun hans, og gegn mótmælum stefnanda verði framburður hans ekki lagður til grundvallar. Engar sannanir séu fyrir því, að Ragnari Bjarna hafi verið kunnugt um áfengisneyslu stefnda Ólafs. Þann morgun, sem slysið varð, hafi ekki verið sjáanlegt, að stefndi Ólafur væri með áfengisáhrifum samkvæmt framburðum vitnanna Jóhannesar Páls Jónssonar og Sigurgeirs Vilhelms Sigurgeirssonar. Af því verði að ályktа, þar sem ekki var alkóhól í blóði Ragnars Bjarna, að honum hafi ekki verið unnt að vita, að stefndi Ólafur væri undir áhrifum áfengis. Þá hafi stefndi Ólafur skýrt frá áfengisneyslu á tvo vegu. Fyrst, að þeir félagarnir hefðu ekki verið að drekka áfengi. Því verði það ekki lagt til grundvallar, sem hann segi síðar um áfengisneyslu. Ekkert liggi fyrir um, að í umræddu húsi í Breiðholti hafi stefndi Ólafur drukkið áfengi í viðurvist Ragnars Bjarna. Jafnvel geti verið, að áhrif áfengisneyslu stefnda Ólafs hafi fyrst verið að koma fram eftir slysið. Allt leiði þetta til þess, að hafna beri sýknukröfu stefndu. Auk þess hafi bifreiðin G 11447 ekki uppfyllt öryggiskröfur eftir þær breytingar, sem gerðar voru á henni, og ástand hennar ekki í samræmi við 4. gr. umferðarlaga.

Stefnendur byggja kröfur sínar gegn meðstefnda Samvinnutryggingum g/t á heimild í 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968, þar sem bifreið stefnda hafi verið ábyrgðartryggð hjá tryggingarfélaginu.

Stefndu reisa sýknukröfuna á því, að ekki séu skilyrði til þess að lögum að leggja á þá bótaábyrgð á tjóni því, sem krafist er bóta fyrir í málinu. Þessu valdi þátttaka Ragnars Bjarna í að-

draganda slyssins og þar með meðábyrgð á því og afleiðingum þess. Augljós og mikil áhætta hafi verið samfara því að vera farþegi í bifreiðinni, eins og ástandi bifreiðastjórans var háttað samkvæmt því, sem rakið hefur verið. Það ekki getað farið hjá því, að Ragnar Bjarni gerði sér fullkomlega grein fyrir þessari áhættu, þar sem hann hafi verið með stefnda Ólafi föstudagskvöldið fyrir slysið, laugardagskvöldið og alla aðfaranótt sunnudagsins, lagt honum til drykkinn, sem olli ölvun hans, en ekki neytt áfengis sjálfur, a. m. k. ekki þá nótt. Það megi ætla, að áfengismagn í blóði stefnda Ólafs hafi verið talsvert meira, er slysið varð, en niðurstaða alkóhólrannsóknar gefi til kynna, þar sem liðið var mikið á aðra klukkustund frá slysinu, er blóðsýni var tekið. Vísindaleg rannsókn hafi leitt í ljós, að alkóhól hverfi almennt úr blóði manns sem nemi 0.15‰ pr. klst. Samkvæmt 4. mgr. 24. gr. umferðarlaga teljist maður óhæfur til að stjórna bifreið, ef vínandamagn í blóði hans nemur 1.20‰. Sé því ljóst, að stefndi Ólafur hafi verið algerlega óhæfur til aksturs bifreiðar, er umrætt slys varð. Slysið og næsti aðdragandi þess sé dæmigert fyrir ölvunarakstur. Öll eftirtalin atriði hafi reynt á í umræddu tilviki: Of mikill ökuhraði, óörugg stjórn á ökutækinu, dómgreindarskortur við framúrakstur, úrræðaleysi, þegar í óefni stefndi, akstur út fyrir veg. Stefndu halda því fram, að hér reyni á hina þekktu reglu í skaðabótarétti um samþykki áhættu. Öll skilyrði séu fyrir hendi, til að henni verði hér beitt, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Bent er á, að reynt hafi á mjög hliðstæð tilvik í nefndum dómum Hæstaréttar Íslands.

Stefndu mótmæla málsútlistun og málsástæðum stefnenda. Það sé reyndar rétt, sem stefnendur haldi fram um ölvun stefnda Ólafs og ógætilegan akstur. Um það sé ekki deilt. En þessar staðreyndir dugi ekki til bótaábyrgðar stefndu, eins og málið sé vaxið að öðru leyti. Stefndu mótmæla sérstaklega, að búnaður bifreiðarinnar eða ástand hafi nokkru um slysið valdið. Hið gagnstæða sé algerlega leitt í ljós. Bent er á ólögmæta vaxtakröfu.

Þá halda stefndu því fram, að ekki sé líklegt eða sennilegt, að frásögn stefnda Ólafs sé tilbúningur hans. Hann hafi alls ekki fegrað sinn hlut og ekki ástæða til að ætla, að hann hafi hallað réttu máli. Vegna samvista Ragnars Bjarna við stefnda Ólaf umrædda nótt hafi Ragnar Bjarni vitað eða átt að vita um áfengisneyslu stefnda Ólafs.

Í máli þessu hafa ekki komið fram önnur gögn eða nánari

skýrslur um málsatvik en lágu fyrir sakadómi Kjósarsýslu, er áðurgreindur dómur var þar upp kveðinn.

Það er ósannað, að framangreint slys hafi orsakast af skyndilegri bilun í bifreiðinni G 11447 eða verði rakið til galla á stjórntækjum hennar.

Sannað þykir, að slysið hafi orðið vegna óvarlegs aksturs stefnda Ólafs. Ekki er um það deilt, að hann hafi þá verið undir áhrifum áfengis. Ekkert er fram komið um, að Ragnari Bjarna heitnum hafi verið kunnugt um þá áfengisneyslu, sem stefndi Ólafur hefur viðurkennt „með stúlkunum" í ótilgreindu húsi í Reykjavík, sem þeir hafi komið í „um miðja nóttina" fyrir slysið. Ekki er upplýst, hve langur tími leið, frá því stefndi Ólafur hætti þeirri neyslu, eins og hann hefur skýrt frá, þar til Ragnar Bjarni heitinn kom í bifreið hans. Gegn mótmælum stefnenda verður að telja ósannað, að Ragnari Bjarna heitnum hafi verið kunnugt um aðra þá áfengisneyslu, sem stefndi Ólafur hefur viðurkennt þessa nótt og kvöldið áður. Í því sambandi er einnig á það að líta, að stefndi Ólafur kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa af þeirri neyslu, og ekki er upplýst, hve mikil hún var. Samkvæmt framangreindu verður ekki talið upplýst, að Ragnar Bjarni heitinn hafi vitað eða átt að vita, að stefndi Ólafur væri vegna undanfarandi áfengisneyslu, svefnleysis og þreytu óhæfur til að aka bifreið umræddan morgun.

Hvernig það atvikaðist, er Ragnar Bjarni heitinn kom þá í bifreiðina, er óljóst. Á því virðist mega byggja, að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis.

Stefndi Ólafur hefur ekki vefengt, að 1.59‰ alkóhóls hafi mælst í blóðsýni því, sem honum var tekið í umrætt sinn.

Samkvæmt áðurgreindum framburðum Sigurgeirs Vilhelms Sigurgeirssonar og Jóhannesar Páls Jónssonar er ósannað, að stefndi Ólafur hafi eftir slysið borið sýnileg ölvunareinkenni. Fyrrnefnda vitnið fann ekki vínlykt af honum á slysstað. Síðarnefnda vitnið fann áfengislykt af andardrætti hans, er vitnið ræddi við hann á slysadeild Borgarspítalans. Er það hið eina, sem fram er komið um áfengiseinkenni, sem vitni merktu á stefnda Ólafi eftir slysið. Samkvæmt þessu og því enn fremur, að ekkert er hægt að fullyrða um samsvörun milli niðurstöðu greindrar alkóhólmælingar og ölvunareinkenna stefnda Ólafs á þeim tíma, sem hér skiptir máli, þykja ekki fram komin næg gögn og upplýsingar um þau atvik, sem þýðingu hafa, til þess að sýknukrafa stefndu verði tekin til greina.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnendum hina umkröfðu fjárhæð, 4.988.40 nýkrónur, sem ekki er tölulegur ágreiningur um.

Dæma ber stefndu til að greiða stefnendum vexti sem hér segir: 22% ársvexti af 4.988.40 nýkrónum frá 29. júlí 1979 til 1. september s. á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvexti frá þeim degi til 10. nóvember s. á. og hæstu innlánsvexti, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1979, frá þeim degi, þ. e. miðað við 12 mánaða vaxtaaukalán, 46% ársvexti frá 10. nóvember 1980 til 1. mars 1981, 46.4% ársvexti frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Dæma ber stefndu til að greiða stefnendum 2.500.00 nýkrónur í málskostnað.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppkvaðningu dómsins, stafar af önnum dómarans við önnur embættisverk.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Andrésson og Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnendum, Hjördísi Þorsteinsdóttur og Steingrími S. Gunnarssyni, 4.988.40 nýkrónur ásamt 22% ársvöxtum frá 29. júlí 1979 til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 46.4% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og 2.500.00 nýkrónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 73/1980. **Landbúnaðarráðherra f. h.**
Jarðasjóðs ríkisins og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Kjartani Stefánssyni
Skúlínu Stefánsdóttur
Höskuldi Stefánssyni
Páli A. R. Stefánssyni og
Össuri Stefánssyni
og gagnsök
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Forkaupsréttur að jörð. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1980 og gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir og þeim tildæmdur málskostnaður óskipt úr hendi gagnáfrýjenda. Til vara krefjast þeir þess, að dómkrafan verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Gagnáfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1980.

Þeir gera þær dómkröfur aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða þeim óskipt 82.592.00 nýkrónur með 13% ársvöxtum af 44.786.00 nýkrónum frá 11. mars 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979,

31% ársvöxtum frá þeim degi til 7. janúar 1980 og dómvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 18. janúar 1980, en af 82.592.25 nýkrónum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefjast gagnáfrýjendur þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti að óskiptu úr hendi aðaláfrýjenda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Gagnáfrýjendum var áskilinn forkaupsréttur að jörðinni Kirkjubóli í Korpudal, Mosvallahreppi, í afsali föður þeirra til Halldórs Guðbjartssonar frá 17. apríl 1964. Hinn 21. nóvember 1969 seldi Halldór Guðbjartsson Jarðeignasjóði ríkisins nefnda jörð. Kaupverð jarðarinnar með eyðibýlinu Efstabóli var samkvæmt mati, dagsettu 1. september 1969, ákveðið 650.000.00 gamlar krónur, þar af húsaverð á Kirkjubóli 225.000.00 gamlar krónur.

Með dómi Hæstaréttar frá 8. desember 1975 í máli gagnáfrýjenda á hendur landbúnaðarráðherra f. h. Jarðeignasjóðs ríkisins og Halldóri Guðbjartssyni var forkaupsréttur gagnáfrýjenda að jörðinni viðurkenndur og heimiluð riftun á sölunni til Jarðeignasjóðs ríkisins frá 21. nóvember 1969.

Hinn 11. mars 1976 var gagnáfrýjendum veitt afsal fyrir jörðinni í fógetarétti Ísafjarðarsýslu, eftir að þeir höfðu staðið skil á kaupverði jarðarinnar, sem taldist 552.800.00 gamlar krónur á grundvelli matsgerðarinnar frá 1. september 1969 og samkomulags, sem orðið hafði með aðiljum á dómþingi 26. júní 1972. Þetta afsal sem slíkt er ekki til álita í þessu máli.

Með óáfrýjuðum dómi aukadómþings Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 1. mars 1977, í máli Mosvallahrepps á hendur gagnáfrýjendum og Halldóri Guðbjartssyni og til réttargæslu Jarðeignasjóði ríkisins var viðurkenndur forkaupsréttur Mosvallahrepps að jörðinni og hreppnum heimilað að kaupa hana með sömu kjörum og hún var seld Jarðeignasjóði ríkisins með afsalinu frá 21. nóvember 1969.

Hinn 30. mars 1977 féll Mosvallahreppur frá forkaupsrétti sínum að jörðinni gagnvart gagnáfrýjendum.

Er gagnáfrýjendum var veitt afsal fyrir jörðinni í fógetarétti Ísafjarðarsýslu hinn 11. mars 1976, og þeir greiddu kaupverð hennar, verður að telja, að þeir hafi vitað eða mátt vita um ástand mannvirkja á jörðinni, eins og það var þá orðið. Gagnáfrýjendur fengu mannvirkin þá keypt á sama verði og þau höfðu verið metin skv. matsgerðinni frá 1. september 1969, þ. e. 225.000.00 gamlar krónur. Greiddu þeir kaupverðið án fyrirvara, og verður að telja, að þar með hafi þeir fyrirgert öllum rétti til að hafa síðar uppi skaðabótakröfur á hendur aðaláfrýjendum vegna ástands mannvirkjanna.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna aðaláfrýjendur af öllum kröfum gagnáfrýjenda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ástæðulaust var að stefna fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í máli þessu.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, landbúnaðarráðherra f. h. Jarðasjóðs ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af öllum kröfum gagnáfrýjenda, þeirra Kjartans Stefánssonar, Skúlínu Stefánsdóttur, Höskulds Stefánssonar, Páls A. R. Stefánssonar og Össurar Stefánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Með dómi aukadómþings Ísafjarðarsýslu 1. mars 1977 var dæmt, að forkaupsréttur gagnáfrýjenda, sem viðurkenndur hafði verið með dómi Hæstaréttar 8. desember 1975 gagn-

vart Jarðeignasjóði ríkisins (nú Jarðasjóði ríkisins), stæði að baki forkaupsrétti Mosvallahrepps, sbr. 21. gr. jarðalaga nr. 65/1976, er leysti af hólmi ákvæði 2. gr. laga nr. 40/1948.

Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað. Verður hann því lagður til grundvallar í málinu að því leyti, að litið verður svo á, að á þeim tíma, sem Jarðeignasjóður ríkisins hafði jörðina í umráðum sínum, hafi Mosvallahreppur átt betri forkaupsrétt að henni en gagnáfrýjendur. Leiddi þá einnig af því, að það var hreppurinn, sem rétt átti til heimtu skaðabóta úr Jarðeignasjóði vegna meðferðar sjóðsins á jörðinni þann tíma, sem hún var í umráðum hans, ef skaðabótaábyrgð vegna þeirrar meðferðar var á annað borð til að dreifa og hreppurinn kaus að neyta forkaupsréttarins.

Mosvallahreppur sýndi með málshöfðun sinni á hendur gagnáfrýjendum, að hann vildi halda til streitu betri rétti sínum gagnvart þeim. Nú féll hreppurinn hinn 30. mars 1977 með sérstakri yfirlýsingu gagnvart gagnáfrýjendum frá hinum betri forkaupsrétti sínum, þeim er hreppnum hafði verið dæmdur með hinum óáfrýjaða dómi. Þegar litið er til efnis og hins sérstaka aðdraganda yfirlýsingar þessarar, verður hún ekki með vissu skilin á þann veg, að gagnáfrýjendur hafi með henni jafnframt átt að eignast skaðabótakröfur hreppsins á hendur Jarðasjóði, ef einhverjar kynnu að vera.

Ég fellst á atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað og er því samþykkur dómsorði þeirra með framangreindum forsendum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hafa Kjartan Stefánsson, Bólstaðarhlíð 54, Reykjavík, Skúlína Stefánsdóttir, Norðurvangi 40, Hafnarfirði, Höskuldur Stefánsson, Nýbýlavegi 24 C, Kópavogi, Páll A. R. Stefánsson, Blikahólum 12, Reykjavík, og Össur Stefánsson, Hjallabraut 41, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 11. janúar 1977 á hendur landbúnaðarráðherra f. h. Jarðasjóðs, en á bæjarþingi 22. febrúar 1978 gekk fjármálaráðherra inn í málið f. h. ríkissjóðs, varnarmegin við hlið landbúnaðarráðherra.

TILDRÖG MÁLSINS.

Þann 21. nóvember 1969 seldi Halldór Guðbjartsson Jarðeignasjóði ríkisins jörðina Kirkjuból í Korpudal í Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu. Jörðina hafði Halldór keypt af Stefáni Pálssyni, föður stefnenda, þann 17. febrúar 1964. Í afsali til Halldórs er svohljóðandi ákvæði: „Er kaupandi síðar selur jörðina, er börnum seljanda áskilinn forkaupsréttur að henni".

Með hæstaréttardómi 8. desember 1975 var forkaupsréttur stefnenda viðurkenndur. Sala til Jarðeignasjóðs fór fram samkvæmt lögum nr. 54/1967, og samkvæmt ákvæðum þeirra var kaupverð jarðarinnar ákveðið á grundvelli matsgerðar dómkvaddra manna 1. september 1969 650.000 kr., þar af húsaverð 225.000 kr.

Stefnendum var veitt afsal fyrir jörðinni í fógetadómi Ísafjarðarsýslu 11. mars 1976 eftir að hafa staðið skil á kaupverði jarðarinnar.

Þann 9. júlí 1976 fór fram úttekt á jörðinni að beiðni stefnenda, og þann 12. september s. á. mátu dómkvaddir matsmenn „skemmdir þær, sem orðið hafa á húsum og mannvirkjum á jörðinni Kirkjubóli í Korpudal, Mosvallahreppi", auk áætlaðs kostnaðar við hreinsun húsa samtals á 4.478.600 kr., sem er upphafleg stefnukrafa máls þessa.

Með dómi héraðsdóms 1. mars 1977 var Mosvallahreppi dæmdur forkaupsréttur að jörðinni, en þann 30. mars s. á. féll hreppsnefndin frá þeim rétti.

Jarðasjóður ríkisins hefur tekið við af Jarðeignasjóði, sbr. V. kafla laga nr. 65/1976.

Þann 7. janúar 1980 höfðuðu stefnendur framhaldssök til breytinga á vaxtakröfu. Stefndu kröfðust frávísunar á málinu í heild sinni og á framhaldssökinni sérstaklega. Frávísunarkröfunni var hrundið með úrskurði 14. janúar sl.

Þann 18. janúar sl. var enn höfðuð framhaldssök í málinu af hálfu stefnenda, og var stefnufjárhæðin nú hækkuð í 8.259.225 kr.

KRÖFUR.

Endanlegar kröfur stefnenda eru þær, að þeim verði dæmdar að óskiptu úr hendi stefndu 8.259.225 kr. auk vaxta, eins og hér greinir: af 4.478.600 kr. 13% ársvextir frá 11. mars 1976 til 21. nóvember 1977, 16% p. a. frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% p. a. frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% p. a. frá þeim degi

til 1. september 1979, 27.5% p. a. frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% p. a. frá þeim degi til 7. janúar 1980 og dómvextir af sömu fjárhæð samkvæmt lögum 56/1979 frá þeim degi til 18. janúar 1980, en af 8.259.225 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins, þar með talins útlagðs kostnaðar, 197.340 kr.

Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar að óskiptu úr hendi stefnenda. Sérstaklega er þess krafist til vara, að ef dómvextir verði dæmdir, þá verði kveðið svo á, að áfrýjun fresti áfalli þeirra. „Til ítrustu vara" er þess krafist, að stefnufjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna, en að málskostnaður verði látinn falla niður.

MÁLSÁSTÆÐUR.

Af hálfu stefnenda er á því byggt, að stefndu beri ábyrgð á þeim skemmdum, sem urðu á mannvirkjum jarðarinnar á þeim tíma, sem Jarðeignasjóður taldist eigandi hennar og jörðin var í hans vörslu og umsjá. Því er haldið fram, að Jarðeignasjóður hafi haldið jörðinni á ólögmætan hátt fyrir stefnendum og þeir hafi borið ábyrgð á því, að öllum mannvirkjum jarðarinnar yrði haldið í eigi síðra ástandi en þau voru í, þegar Jarðeignasjóður tók við þeim árið 1969.

Hækkun stefnukröfunnar er vegna kostnaðar við endurbyggingu rafstöðvar, sem enn hefur ekki farið fram. Telja stefnendur, að ef þeir ekki fengju áætlaðan kostnað við rafstöðina úr hendi stefndu, mundu þeir ekki fá fullar bætur.

Stefndu hafa lagt aðaláherslu á þá málsástæðu, að stefnendur hafi ekki verið orðnir eigendur jarðarinnar, þegar málið var höfðað, heldur hafi hreppsnefnd Mosvallahrepps þá með réttu átt sakaraðild, svo sem staðfest hafi verið í óáfrýjuðum héraðsdómi 1. mars 1977 og ráð fyrir gert í dómi Hæstaréttar 8. desember 1975, þar sem stefnendum sé dæmdur forkaupsréttur að geymdum betri rétti. Af þessu dregur lögmaður stefndu þá ályktun, að stefnendur geti ekki að réttu lagi beint kröfum sínum að öðrum en hreppsnefndinni f. h. sveitarsjóðs.

Í annan stað er því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnendur hafi ekkert tjón beðið, þeir hafi fengið jörðina langt undir sannvirði og þannig stórhagnast á kaupunum, en ekki tapað. Þá er því haldið fram, að ósatt og ósannað sé, að það, sem mannvirkjum á jörðinni kunni að vera áfátt, eigi rót sína að rekja til atvika, sem gerst hafi, meðan Jarðeignasjóður hafði umráð jarð-

arinnar, annarra en náttúruhamfara, eðlilegs slits og hrörnunar, sem stefndu geti engan veginn borið ábyrgð á. Því er haldið fram, að auk þessara atvika eigi tjón það, sem stefnendur krefja um bætur fyrir, rót sína að rekja til atvika, sem gerst hafi, áður en Jarðasjóður tók við umráðum jarðarinnar eða jafnvel eftir að hann lét af þeim. Þá er því haldið fram, að bótakrafan sé miðuð við, að allt sé gert sem nýtt, þótt húsin hafi þegar verið orðin hálfónýt árið 1969. Varðandi sönnun tjónsins er því sérstaklega haldið fram, að ekki verði byggt á úttektargerð og mati dómkvaddra manna, þar sem stefndu hafi ekki verið gefið færi á að gæta réttar síns við þessar gerðir.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að bótagrundvöll skorti, stefndu hafi ekki gerst sekir um neitt ólögmætt atferli.

Enn er því haldið fram af hálfu stefndu, að þar sem stefnendur hafi ekki gert áskilnað um bætur við úttekt og viðtöku jarðarinnar, hafi þeir fyrirgert hugsanlegum bótarétti.

SÖNNUNARGÖGN.

Í matsgerðinni frá 9. júní 1969 segir, að íbúðarhús hafi verið byggt 1912, en að síðar hafi verið steypt utan um það. „Ásigkomulag hússins er þannig, að verði jörðin seld í ábúð, þarf að byggja af nýju, því að stofn hússins er svo lélegur, að gagngerð viðgerð á húsinu kemur vart til greina.“ Um fjós segir, að það sé úr blönduðu efni, steinsteypu og timbri, byggt 1937, léleg bygging, nothæf, en ekki varanleg. Hlaða er sögð hlaðin, en með timburveggjum að hluta, byggð 1920, mjög léleg bygging, sem mætti nota enn um fáein ár, en að ef hún stæði ónotuð, mundi hún strax ganga úr sér. Þá segir, að tvær votheysgryfjur, byggðar 1937 og 1940, séu vel nothæfar og varanlegar byggingar. Þá er getið um haughús og mjólkurhús, sem sagt er allsæmilegt, byggt 1948. „Allar aðrar peningsbyggingar eru þannig sambyggðar, að við endurbyggingu er vart grundvöllur fyrir öðru en að þær verði að endurbyggja samtímis, þó að ljóst sé, að þær hafi mismunandi endingartíma.“ Rafstöðvarhús er sagt stæðileg bygging, steinsteypt með járnþaki, og loks er getið um vélageymslu úr timbri og járni. „Byggingar á jörðinni í heild hafa mjög tímabundið notagildi, en hagnýta mætti þær vel þann tíma, sem þarf til þess að hýsa jörðina að nýju.“

Í fasteignamatinu frá 1957 er húsaverð talið 18.900 kr.

Þann 25. apríl 1964 fór fram virðingargerð á jörðinni í tilefni af umsókn jarðareiganda um lán úr Búnaðarbankanum, og mátu

þá virðingarmenn bankans rafstöðvarbygginguna á 150.000 kr., en aðrar byggingar á 400.000 kr.

Í úttektargerð frá 9. júlí 1976 segir svo: „Íbúðarhús: Ástand þess er á þá leið, að snemma s.l. vetur fauk allt þak af kvistinum á húsinu. Þetta orsakaði leka, sem skemmt hefur allmikið í lofti og veggjum niður undan kvistinum. Einnig hafa gólfdúkar eyðilagst af vatni í kvistherbergi og tveim herbergjum á gangi á jarðhæð. Loftklæðning í sömu herbergjum — nema ganginum — er einnig ónýt. Fjórir gluggar á jarðhæð eru ónýtir af fúa og tveir á rishæð. Leki frá skorsteini hefur skemmt hluta af loftklæðningu í eldhúsi. Klæðning á útvegg í norðurherbergi svo og gólfdúkur hafa skemmst af vatni, líklega frá klósetti. Handlaug og klósettskál í klósettherbergi eru sundursprungin og ónýt. Stofnrör í miðstöðvarkerfi á jarðhæð er orðið götótt af ryði, en ekki vitað, að miðstöðvarkerfi sé skemmt að öðru leyti. Vatn hefur komist í einangrun í frystiklefa í kjallara, og má telja líklegt, að hún sé ónýt. Olíupanna í miðstöðvarkatli ónýt.

Þak hússins, umfram það sem áður er nefnt, virðist vera lélegt, járn allmikið ryðgað og lítið naglahald í klæðningu. Skorsteinn upp úr þaki mikið sprunginn og þarf að endurnýjast. Sprungur í útveggjum áberandi á suðurgafli, en lítið annars staðar. 9 rúður eru brotnar úr gluggum í húsinu.

Viðbygging virðist hafa gengið allmikið úr sér, veggir sprungnir á kafla og svignir frá íbúðarhúsi. Járn á þaki farið að ryðga, og þakið bungar niður á einum stað. Einn gluggi er að mestu ónýtur.

Húsið er illa umgengið, mikið rusl og óþrif á gólfum.

Útihús: Hlaða er fallin og ónýt, einnig ónýtt súgþurrkunartæki og kerfi, sem var í hlöðunni.

Fjós orðið lélegt, járn á þaki ónýtt, en viðir nothæfir, steypuveggir mikið sprungnir, hvergi gler í gluggum.

Mjólkurhús í allgóðu standi, sömuleiðis tvær votheysgryfjur.

Umgengni í þessum húsum afar slæm, a. m. k. eins árs húsdýraáburður hefur ekki verið hreinsaður og innréttingar mjög illa farnar.

Verkfærahús: Járn á þaki ónýtt, en viðir nothæfir, annar gafl úr steinsteypu mjög sprunginn.

Rafstöðvarhús svo til óskemmt. Vélar þar, rafall talinn ónýtur, stoppkrani frostsprunginn, ekki fullvitað um ástand túrbinu. Þrýstivatnsrör ónýt af ryði. Inntaksþró hálffull af framburði og

farin að gróa upp, affall niðurgrafið af vatni. Fjögur skörð í aðfærsluskurði, þar sem vatn kemst út úr."

Í úttektargerðinni kemur fram, að umboðsmaður stefnenda hefur verið viðstaddur, en ekki kemur fram, að nokkur hafi verið viðstaddur af hálfu stefndu.

Lagt hefur verið fram í málinu símskeyti frá 25. ágúst 1976 svohljóðandi: „Tilkynni hér með mat á húsum og fleiru að Kirkjubóli, Korpudal, Önundarfirði, laugardag 28. ágúst 1976", undirritað: „matsmenn".

Í símskeyti Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, umboðsmanns stefndu, frá 26. ágúst 1976, er matsgerðinni mótmælt fyrirfram á þeim grundvelli, að matsbeiðnin sé byggð á röngum forsendum og ótímabær, auk þess sem hún sé óframkvæmanleg að mestum hluta og ósannað, að skemmdir og gallar séu frá þeim tíma, þegar Jarðeignasjóður hafði jörðina í umsjá sinni, „en til ítrustu varúðar mun sjóðurinn láta mæta, ef eða þegar til kemur. Stop. Óskum fyrirtöku frestað að sinni. Skrifum." Matsgerðin fór þó fram að kröfu umboðsmanns stefnenda.

Þann 16. september 1976 var Bjarna Kristinssyni byggð jörðin. Í byggingarbréfinu er vísað til úttektar. Leigutíminn er 12 ár með framleigurétti í 5 ár til viðbótar.

Í byggingarbréfinu segir m. a.:

„4. Endurbætur og nýbygging húsa á jörðinni hafa aðilar komið sér saman um að gera sem hér segir:

A. Lagfæra íbúðarhús og gera það íbúðarhæft, og skal því lokið fyrir árslok 1977.

B. Byggja nýja hlöðu og fjárhús fyrir 400 fjár.

C. Koma á vatnsaflstöð aftur í gang, nema lög eða reglugerðir hamli.

Um greiðslu kostnaðar fer sem hér segir:

A. Leigusalar greiða kostnað við lagfæringu á íbúðarhúsi, vinnu/efni.

B. Leigusalar leggja til allt efni til byggingar á fjárhúsi, komið staðinn, svo og aðkeypta vélavinnu. Þessar framkvæmdir eru af hálfu leigusala háð þeim fyrirvara, að nauðsynleg stofnlán fáist til þeirra.

C. Leigusalar leggja til allt efni til að koma vatnsaflstöðinni í gang aftur, en leigutaki alla vinnu, sbr. 5. gr.

5. Leigugreiðslur fyrir jörðina greiðir leigutaki með vinnuframlagi sínu við byggingu hlöðu og fjárhúss og lagfæringu á vatnsaflsstöðinni. Alla fagvinnu varðandi rafmagn

svo og frágang á vatnspípum skal leigusali sjá um. Er það samkomulag aðila að meta þetta vinnuframlag leigutaka sem fullnaðarafgjald fyrir jörðina allan leigutímann, þ. e. frá 1. sept. 1976 til 1. júní 1988. . . .

6. Viðhald á húsum, girðingum, ræktun og öðrum mannvirkjum jarðarinnar skal leigutaki annast á sinn kostnað og skila því öllu í eigi lakara ástandi en hann tekur við því, eða leigusalar fá honum í hendur, nýtt eða endurbætt eftir að leigan hefst, nema að því leyti sem stafar af eðlilegri notkun eða honum og hans fólki verði eigi um kennt."

Þann 14. febrúar 1977 komu matsmennirnir, sem unnu matið frá 1976, fyrir dóm til að staðfesta matsgerð. Annar matsmaðurinn sagði, að eignirnar hefðu verið metnar eins og þær voru, þegar matið fór fram, og í samræmi við matsútnefninguna. Hinn matsmaðurinn svaraði þeirri spurningu neitandi, hvort miðað hafi verið við nokkurn ákveðinn tíma. Fram kom, að hvorugur matsmannanna minntist þess að hafa séð álitsgerð frá 1. september 1969.

Þann 28. október 1978 sömdu matsmennirnir nýja álitsgerð að kröfu stefnenda gegn mótmælum stefndu eftir að hafa kynnt sér matsgerðina frá 1969. Er niðurstaða álitsgerðarinnar, að atriði þau, sem þeir mátu, hefðu á engan hátt orðið önnur, þótt þeir hefðu haft hliðsjón af matsgerðinni frá 1969. Þó taka þeir fram, að ekki sé minnst á hjall í matsgerðinni frá 1969 og að samkvæmt upplýsingum hreppstjóra sé hjallur þessi ekki skráður í fasteignamati, þótt hann hafi verið til 1. september 1969. Þá segir, að kunnugir menn telji, að hjallur þessi hafi eyðilagst í snjóflóði aðfaranótt 11. febrúar 1974.

Samkvæmt yfirliti endurskoðunarskrifstofu Sveins Jónssonar, dags. 15. janúar 1980, hefur endurbygging íbúðarhúss kostað 4.381.611 kr. og bygging fjárhúss 5.973.997 kr. Bygging hlöðu hefur kostað 8.902.545 kr., en kostnaður stefnenda af hlöðubyggingunni lækkar í 6.672.351 kr., þegar jarðræktarframlag hefur verið dregið frá.

Höskuldur Stefánsson rafvélavirkjameistari og Kjartan Stefánsson, löggiltur rafverktaki, hafa þann 15. janúar 1980 gert „Kostnaðaráætlun v/rafstöð, aðveitu og frárennsli . . .," og er niðurstaða þeirra, að þessar framkvæmdir muni kosta 6.197.538 kr.

Í aðiljaskýrslu Páls Stefánssonar segir, að hægt hafi verið að

nota útihús um veturinn 1976 til 1977 með óverulegum viðgerðum, sem fram hafi farið um haustið 1976, ábúandi hafi haft 80—100 fjár á fóðrum þann vetur, en engar kýr. Um vorið 1977 segir hann, að hafist hafi verið handa um byggingu fjárhúss fyrir 400 kindur og fjárhúshlöðu á árinu 1978. Þá segir hann, að gamla hlaðan hafi verið fallin. Hann kannast við, að hún muni hafa fallið að hluta í snjóflóði. Á árinu 1979 segir hann, að sett hafi verið nýtt súgþurrkunarkerfi í fjárhúshlöðu. Hann virðist telja, að nú sé fullbyggt á jörðinni, þótt ekki hafi enn farið fram úttekt á vegum landbúnaðaryfirvalda. Hann kannast við, að hjall hafi tekið af í snjóflóði.

Halldór Kristjánsson, fyrrverandi bóndi og alþingismaður á Kirkjubóli, hefur borið vitni fyrir dóminum. Hann var spurður um ástand húsa á árinu 1969. Hann sagði, að steypa hefði staðist ágætlega, en látið nokkuð á sjá, þakviðir hafi verið orðnir gallaðir og útihús gömul og farin að láta á sjá. Þá segir hann, að sumar votheyshlöður hafi verið nýlegar, einnig rafstöðvarhús, sem hann kveðst halda, að hafi verið vönduð bygging. Hann segir, að um það leyti sem Halldór seldi jörðina Jarðeignasjóði, hafi hann selt frystitæki, sem var í kjallara, öðrum aðilja. Hann segir, að snjóflóð hafi valdið skemmdum á hlöðu og hjalli. Hann kvaðst halda, að grindur hefðu verið látnar í húsin á árabilinu 1974—1975, en að á þeim tíma hafi kálfar verið í þeim. Hann kvað trúlega hafa verið nokkuð slæglega mokað undan kálfunum.

ÁLIT DÓMSINS.

Dómkröfur stefnenda virðast byggðar á þeirri skoðun, að landbúnaðarráðherra hafi f. h. Jarðeignasjóðs ríkisins vanrækt að gæta þess, að hús á jörðinni og verðmæti tengd þeim spilltust ekki, meðan hann hafði hana í umráðum sínum. Tjón, sem af slíkri vanrækslu kann að hafa leitt, kemur niður á stefnendum, sem eru nú endanlega orðnir viðurkenndir eigendur jarðarinnar. Þykja stefnendur eiga ótvíræðan rétt til að fá skorið úr um rétt sinn í þessu efni, og þykir þá ekki skipta máli í því sambandi, að hreppsfélagið kann á einhverjum tíma að hafa átt betri rétt til að fá jörðina keypta. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á þá málsástæðu stefndu, að stefnendur eigi ekki aðild.

Ekki þykir verða fallist á það með lögmanni stefndu, að stefnendur hafi við úttekt eða viðtöku afsals eða við nokkurt annað tækifæri afsalað sér hugsanlegum bótarétti.

Varðandi sönnunargildi matsgerðarinnar frá 1976 þykir verða að fallast á það með lögmanni stefndu, að matið sé ekki að öllu leyti miðað við, að húsum jarðarinnar sé komið í það horf sem var 1969, heldur í annað og betra ástand. Hins vegar hefur ekki verið leitt í ljós, að boðun til matsstefnu hafi verið svo áfátt, að matið verði af þeim sökum ekki talið hafa þýðingu fyrir málið.

Þrátt fyrir þá annmarka, sem þannig þykja vera á sönnunargögnum, telja dómendur, að með því að bera saman matið frá 1969 og úttektargerðina og matið frá 1976 og með því að hafa hæfilega hliðsjón af öðrum gögnum, einkum virðingargerðinni frá 1964 og álitsgerðinni um kostnað við endurbyggingu rafstöðvarinnar frá 1980, megi ráða í það með sæmilegu öryggi, hverjar breytingar á verðmæti og notagildi húsanna hafi orðið á þeim tíma, sem jörðin var í umráðum Jarðeignasjóðs, og hversu miklu mundi hafa þurft til að kosta að koma húsunum í fyrra horf.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir verða að leggja til grundvallar, að þegar Jarðeignasjóður tók við umráðum jarðarinnar síðla árs 1969, hafi jarðarhúsin yfirleitt verið orðin gömul og úr sér gengin, íbúðarhús, fjós og hlaða svo léleg, að tæplega hefði komið til greina að gera þau upp, og aðrar byggingar þannig, að endurbygging þeirra hafi verið nauðsynleg. Einungis votheysgryfjur tvær, mjólkurhús og rafstöðvarhús svo og vélageymsla virðast hafa verið sæmilegar byggingar. Í heild virðast byggingar á jörðinni hafa haft mjög tímabundið notagildi, þótt þær hafi verið í því lagi þá, að þær hefði vel mátt nýta þann tíma, sem þyrfti til að hýsa jörðina að nýju.

Á tímabilinu frá 1969 til 1976 virðast þessar byggingar yfirleitt hafa gengið úr sér. Bæði hefur tímans tönn unnið á þeim og viðhaldsskortur og notkunarleysi leitt til verðrýrnunar og spjalla. Þá virðist nokkuð tjón hafa orðið á húsum vegna veðurs og náttúruhamfara, en tjón af þessum sökum virðist hafa orðið meira en þurft hefði að vera, vegna þess að þess mun ekki hafa verið gætt að takmarka tjón af þessum ástæðum. Á þetta sérstaklega við um íbúðarhúsið og hlöðu.

Telja verður, að samkvæmt forkaupsréttarákvæðinu í samningnum frá 1964 hafi stefnendur mátt vænta þess að fá jörðina í því lagi sem hún var, þegar sala til Jarðeignasjóðs var afráðin, fyrir það verð, sem sjóðurinn átti að gjalda fyrir hana, sbr. hæstaréttardóminn frá 8. desember 1975. Þykir verða að fallast á það með stefnendum, að með því að halda jörðinni gegn

betri rétti stefnenda hafi forráðamenn Jarðeignasjóðs bakað ríkisvaldinu bótaábyrgð á því tjóni, sem af því leiddi fyrir stefnendur.

Við ákvörðun skaðabótanna þykir bera að hafa í huga matsverð húsanna samkvæmt matinu frá 1969, en jafnframt þykir bera að líta til þess, að stefnendur höfðu ekki aðstöðu til þess að hefja viðgerðir á húsunum fyrr en á árinu 1976. Í þessu sambandi þykir þó verða að leggja áherslu á, að stefnendur eiga í aðalatriðum einungis rétt til bóta miðað við, að húsunum verði komið í það horf, að hagnýta mætti þau þann tíma, sem þurfti til að hýsa jörðina að nýju, en þó verður ekki hjá því komist að taka tillit til þess, að ætla má, að kostnaður við að koma verðmætum, sem höfðu spillst, meðan jörðin var í eyði, í fyrra lag, hefði í sumum tilvikum numið allháum fjárhæðum miðað við það verð, sem var lagt til grundvallar við ákvörðun kaupverðsins, og ætlað verðmæti mannvirkja miðað við verðlag 1976. Þetta á einkum við um rafstöðina.

Samkvæmt þessum sjónarmiðum og með hliðsjón af grunnreglu 5. mgr. 11. gr. laga 19/1887 þykja bæturnar hæfilega ákveðnar 2.250.000 krónur.

Stefndi fjármálaráðherra varð aðili að málinu samkvæmt ábendingu umboðsmanns stefndu. Hvorugur varnaraðilja hefur stutt sýknukröfu þeim rökum, að dómkröfum væri réttilega beint gegn meðstefnda, en ekki sér. Málflutningur hefur ekki beinst að því að greiða úr því álitaefni, hvort bæturnar beri að greiða úr Jarðasjóði eða ríkissjóði, og þykir þá, þar sem þetta kann að vera álitamál, eftir atvikum verða að fallast á kröfu stefnenda um, að þessir aðiljar verði dæmdir til að greiða tildæmdar kröfur að óskiptu.

Vextir ákveðast þannig af dómkröfunni: 13% ársvextir frá 11. mars 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 7. janúar 1980, en dómvextir, sem nú eru 43.5% ársvextir, sbr. lög 56/1979, 5. gr. laga 58/1960 og auglýsingu Seðlabankans 29. nóvember 1979, frá þeim degi til greiðsludags. Hvorki lög 56/1979 né aðrar réttarheimildir þykja veita heimild til, að svo verði kveðið á, að áfrýjun fresti áfalli vaxta.

Samkvæmt þessum málalokum þykir bera að dæma stefndu

til að greiða stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 550.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, Stefán Hermannsson verkfræðingur og Gísli Andrésson hreppstjóri kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, landbúnaðarráðherra f. h. Jarðasjóðs ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnendum, Kjartani Stefánssyni, Skúlínu Stefánsdóttur, Höskuldi Stefánssyni, Páli A. R. Stefánssyni og Össuri Stefánssyni, 2.250.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 11. mars 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 7. janúar 1980, en dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk 550.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 108/1981. **Nýja bílasmiðjan h/f**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Þóri Sæmundssyni
og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Skaðabótamál. Brottvikning úr starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. apríl 1981. Hann krefst þess aðallega, að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 500.05 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan með hæstu dómvöxtum, eins og þeir verða hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags, en gagnáfrýjanda verði gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 4.195.68 krónur með vöxtum eins og í aðalkröfu, en þá verði málskostnaður felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann þess, að hann verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 12.908.54 krónur auk 19% ársvaxta frá 1. febrúar 1979 til 1. júní s. á. og síðan eins og í aðalkröfu, en um málskostnað fari eins og í varakröfu.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 32.983.61 krónu með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan með hæstu dómvöxtum, eins og þeir verða hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi réðst til aðaláfrýjanda sem framkvæmda-

stjóri 15. maí 1978. Aðiljar eru sammála um, að rætt hafi verið um það, áður en gagnáfrýjandi var ráðinn, að hann mundi taka sér launalaust orlof. Eins og í héraðsdómi er rakið, var hann frá störfum frá 19. til 31. júlí að eigin sögn, og er ósannað, að hann hafi verið frá störfum lengur. Hann hefur ekki krafist launa fyrir þennan tíma. Hinn 29. ágúst 1978 gerðu málsaðiljar skriflegan ráðningarsamning.

Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi verið einn dag frá vinnu vegna áfengisneyslu í októbermánuði. Af því tilefni hafi sér verið sagt upp störfum, en sú uppsögn hafi verið afturkölluð. Hann kveðst ekki hafa fengið aðra áminningu en þessa uppsögn, áður en honum var sagt upp endanlega.

Gagnáfrýjandi kveðst hafa veikst 30. október og þá hafa átt símtal við lækni, er hafi sagt sér, að um væri að ræða inflúensu. Þann dag segir hann, að einhver hafi hringt frá aðaláfrýjanda og talað við son sinn, er hafi sagt frá veikindum sínum. Hann kveðst hafa unnið fyrstu tvo dagana, eftir að hann veiktist, en ekkert eftir það, þar til honum var sagt upp. Ekki tilkynnti hann aðaláfrýjanda um veikindi sín, og forsvarsmenn aðaláfrýjanda hafa skýrt svo frá, að þeir hafi gert árangurslausar tilraunir til að ná til hans, eftir að hann forfallaðist, og ekki fengið vitneskju um, að hann væri veikur.

Samkvæmt 3. gr. í ráðningarsamningi gagnáfrýjanda var kjarasamningur Verslunarmannafélags Reykjavíkur hluti af ráðningarkjörum hans. Í grein 7.4. í þeim samningi segir m. a. svo: „Ef starfsmaður veikist og getur af þeim sökum eigi sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirboðara sínum, sem ákveður, hvort læknisvottorðs skuli krafist". Þetta vanrækti gagnáfrýjandi, og tilraunir aðaláfrýjanda til að ná tali af honum báru engan árangur, eins og að framan segir. Ekki sendi hann aðaláfrýjanda vottorð læknis þess, sem áður getur. Það er ekki gefið út fyrr en 2. janúar 1979. Ekki hafði læknir þessi skoðað gagnáfrýjanda í veikindum hans að því er séð verður, og með hliðsjón af því verður vottorðið, sem aðaláfrýjandi hefur mótmælt, ekki talið hafa

sönnunargildi um heilsufar gagnáfrýjanda. Af þessum ástæðum þykir ekki sannað, að gagnáfrýjandi hafi haft gild forföll, frá því að hann lét af störfum að eigin sögn í lok októbermánaðar. Hann hefur og viðurkennt, að eftir 7. nóvember hafi hann verið við drykkju.

Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi fengið áminningu frá aðaláfrýjanda í október vegna áfengisneyslu. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi haft gild forföll eftir 30. október. Hann telst því hafa brotið svo gegn starfsskyldum sínum, að aðaláfrýjanda hafi verið rétt að víkja honum úr starfi án uppsagnarfrests, sbr. 2. mgr. í grein 12.1. í kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Vegna fjarvista sinna frá starfi í nóvember þykir hann ekki eiga rétt til launa fyrir þann tíma.

Krafa gagnáfrýjanda um laun fyrir yfirvinnu kom ekki fram, fyrr en eftir að honum hafði verið sagt upp störfum. Hann reiknaði sér ekki laun fyrir yfirvinnu í lok hvers mánaðar. Með hliðsjón af þessum ákvæðum ráðningarsamnings aðilja og því, að upplýsingar gagnáfrýjanda um yfirvinnu hans eru mjög ófullnægjandi, verður krafa hans um hana ekki tekin til greina.

Fallist er á niðurstöðu héraðsdóms um greiðslu fyrir afnot húsnæðis og síma.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda í samræmi við reikningsgerð þess síðarnefnda:

Laun fyrir maí — október 1978	21.077.05 krónur
Orlof 8.33%	1.755.72 krónur
Þóknun fyrir afnot af húsnæði og síma ..	1.800.00 krónur
	24.632.77 krónur
Þar af er greitt	23.289.00 krónur
Ógreitt	1.343.77 krónur

Þessa fjárhæð greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda ásamt vöxtum, svo sem gagnáfrýjandi krefst og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Nýja bílasmiðjan h/f, greiði gagnáfrýjanda, Þóri Sæmundssyni, 1.343.77 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. febrúar 1981.

Mál þetta, sem var dómtekið 13. janúar 1981, hefur Þórir Sæmundsson auglýsingastjóri, Engihjalla 3, Kópavogi, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 3. maí 1979 gegn Nýju bílasmiðjunni h/f, Hamarshöfða 5, Reykjavík, sem lét mæta við þingfestingu málsins án stefnu.

Málið er höfðað til greiðslu skaðabóta vegna meintrar ólögmætrar starfsuppsagnar, eftirstöðva launa og þóknunar vegna afnota af húsnæði og síma.

Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu 1. desember 1980.

Þann 15. maí 1979 réðst stefnandi framkvæmdastjóri til stefnda fyrir milligöngu Hagvangs h/f og hóf störf þá þegar. Stefnandi lét þess getið við ráðninguna, að hann mundi taka sér launalaust leyfi um sumarið. Starfsaðstaða stefnanda var heima hjá honum, og einkasími hans var notaður í þágu fyrirtækisins. Hann kom reglulega á verkstæði stefnanda og ræddi við starfs-

menn þar, auk þess sem hann heimsótti viðskiptamenn fyrirtækisins ýmsum erindum.

Þann 18. júlí 1979 fór stefnandi út að skemmta sér að kvöldlagi og neytti áfengis. Upp frá því var hann ölvaður um nokkurt skeið og sinnti ekki starfsskyldum sínum. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi komið aftur til starfa 31. júlí, en af hálfu stefnda er staðhæft, að hann hafi ekki komið aftur til starfa fyrr en eftir verslunarmannahelgi.

Þann 29. ágúst 1978 var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda. Uppsagnarfrestur var ákveðinn 3 mánuðir, starfssvið yfirumsjón með rekstri fyrirtækisins í umboði stjórnar þess og í fullu samræmi við verkstjóra, sérstaklega varðandi tæknileg efni. Stefnandi skyldi sjá um fjármálastjórn, bókhald í hendur endurskoðanda, áætlanagerð og eftirlit, bankaviðskipti, prókúrurétt, inn- og útgreiðslur, reglubundið kassauppgjör, launagreiðslur, starfsmannamál, sölumál, innkaup, verksamninga og aðra samningagerð, svo sem um leigu húsnæðis, kaup og sölu fasteigna, meiri háttar véla og verkfæra og þess háttar. Nánari verkaskipting og samvinna skyldi ákveðin frekar af framkvæmdastjóra, verkstjóra og stjórn. Daglegur vinnutími var ákveðinn 8 klukkustundir fimm virka daga vikunnar, „en þó skal framkvæmdastjóri vinna utan þess tíma, ef nauðsyn krefur. Orlof, veikindi og almenn atriði, er varða réttindi og skyldur vinnuveitenda og launþega, þ. e. framkvæmdastjóra, fara eftir kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur."

Laun voru ákveðin kr. 380 þúsund á mánuði og þar innifalinn bílstyrkur. Launin skyldu fylgja almennum meðaltalshækkunum samkvæmt samningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur, en takast að öðru leyti til endurskoðunar að sex mánuðum liðnum frá 15. maí 1978 að telja. Lokaákvæði samningsins er svohljóðandi:

„Þórir hefur ákveðið að takast á við starf sitt af áhuga og fullum starfskröftum, og um leið eru eigendur, stjórn og starfsmenn Nýju bílasmiðjunnar ákveðnir í að veita Þóri alla þá aðstoð og aðstöðu, sem möguleg er, til þess að hann geti leyst starf sitt farsællega af hendi."

Í fyrstu viku októbermánaðar bar það aftur til, að stefnandi var frá vinnu vegna ölvunar. Hann heldur því fram, að hann hafi einungis verið frá vinnu í einn dag, þann 4. október, en af stefnda hálfu er því haldið fram, að um frekari brögð hafi verið að ræða að fjarvistum hans þessa viku. Þann 10. október 1978

ákvað stjórn fyrirtækisins að víkja stefnanda úr starfi, og var stefnanda tilkynnt um þá ákvörðun. Á hluthafafundi 24. október var ákvörðun þessari breytt og uppsögnin felld úr gildi.

Frá 30. október 1978 mætti stefnandi ekki á verkstæði stefnda. Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram læknisvottorð, þar sem segir, að hann hafi verið með öllu óvinnufær frá 30. október til 9. nóvember 1978 vegna sjúkdóms. Þann 6. nóvember var þess krafist af hálfu stefnda, að stefnandi afhenti þau gögn, sem hann hefði frá fyrirtækinu, og var þeim að mestu skilað næsta dag.

Þann 9. nóvember 1978 var stefnanda sent símskeyti svohljóðandi:

„Hér með tilkynnist, að yður er vikið úr starfi framkvæmdastjóra Nýju bílasmiðjunnar h.f. frá og með síðustu mánaðamótum, þar sem þér hafið ekki mætt til vinnu, án þess að ástæðu sé getið. Vinsamlegast skilið af yður þeim gögnum, sem þér hafið undir höndum, þegar í stað.

Stjórn Nýju bílasmiðjunnar h.f.
Tómas Ol. Ingimundarson."

Nýr framkvæmdastjóri tók svo við starfi stefnanda þann 15. nóvember 1978. Í framhaldi af þessu fóru fram nokkrar umræður milli aðilja um uppgjör, en ekki náðist samkomulag. Stefnandi var atvinnulaus allt til byrjunar aprílmánaðar 1979. Hann greiddi sjálfum sér laun, meðan hann var framkvæmdastjóri stefnda, 2.108.900 kr. í föst laun og 220.000 kr. í orlof.

Samkvæmt vottorði Sjúkrasamlags Reykjavíkur var stefnandi vistaður á sjúkrastofnun í Bandaríkjunum frá 1. júní til 9. júlí og 14. — 17. júlí 1977 vegna drykkjusýki. Þeim, sem annaðist ráðningu stefnanda á vegum Hagvangs h/f, var um þetta kunnugt, og fyrirsvarsmönnum stefnanda var fljótlega kunnugt um þetta, eftir að stefnandi hóf störf.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 37.158.63 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar og vaxta og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Af stefnda hálfu er þess krafist, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnanda kr. 500.05 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags, en að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína þannig:

Laun í maí 1978	nýkr.	1.900.00
Laun í júní 1978	nýkr.	4.099.23
Laun í júlí 1978	nýkr.	2.587.23
Laun í ágúst 1978	nýkr.	4.099.23
Laun í september 1978	nýkr.	4.195.68
Laun í október 1978	nýkr.	4.195.68
Laun í nóvember 1978	nýkr.	4.195.68
	Nýkr.	25.272.73
8.33% orlof af nýkr. 25.272.73	nýkr.	2.105.21
	Nýkr.	27.377.94

Laun í uppsagnarfresti.

Laun í desember 1978	nýkr.	4.356.43
Laun í janúar 1979	nýkr.	4.356.43
Laun í febrúar 1979	nýkr.	4.356.43
8.33% orlof af kr. 13.069.29	nýkr.	1.088.67

Yfirvinna í maí.

11 klst. eftirvinna			
á nýkr. 33.25 pr. klst.	nýkr.	365.75	
19 klst. næturvinna			
á nýkr. 42.75 pr. klst.	nýkr.	812.25	

Yfirvinna í júní til ágúst.

73½ klst. eftirvinna			
á nýkr. 35.87 pr. klst.	nýkr.	2.636.45	
76½ klst. næturvinna			
á nýkr. 46.12 pr. klst.	nýkr.	3.528.18	

Yfirvinna í sept. til okt.

52 klst. eftirvinna			
á nýkr. 36.71 pr. klst.	nýkr.	1.908.92	
57 klst. næturvinna			
á nýkr. 47.20 pr. klst.	nýkr.	2.690.40	
	Samtals yfirvinna nýkr.	11.941.95	
8.33% orlof af kr. 11.941.95	nýkr.	994.76	
	Samtals nýkr.	12.936.71	12.936.71

Leiguafnot húsnæðis í 6 mán. frá 15. maí 1978
— 15. nóvember 1978 á nýkr. 300.00 pr. mánuð 1.800.00

Samtals kr. 56.272.61
Mínus áður greitt til Þóris Sæmundssonar .. .... — 23.289.00
Eftirstöðvar ..... Samtals kr. 32.983.61

Niðurstaða stefnda er fengin þannig:
1) Laun mánuðina júní — okt.

maí	kr.	1.900.00
júní	—	4.099.23
júlí	—	4.099.23
ágúst	—	4.099.23
sept.	—	4.195.68
okt.	—	4.195.68
Samtals	kr.	22.589.05
2) Húsnæðiskostnaður	—	1.200.00
Samtals	kr.	23.789.05
3) Áður greitt	kr.	23.289.00
Eftirstöðvar nýkr.		500.05

Málsástæður stefnanda byggjast fyrst og fremst á ráðningarsamningi og samningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur við atvinnurekendur frá 22. júní 1977. Samkvæmt þessum samningum telur stefnandi, að hann hafi átt rétt á því, að uppsögn miðaðist við næstu mánaðamót, 30. nóvember 1978, og að hann ætti uppsagnarfrest í þrjá mánuði þaðan í frá, enda hafi hann ekkert það til saka unnið, sem heimilaði uppsögn án bóta. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann sé alkóhólisti, alkóhólismi sé sjúkdómur og að ekki sé heimilt að segja starfsmanni upp störfum án bóta vegna sjúkdóms. Því er sérstaklega haldið fram, að hann hafi ekki leynt sjúkdómi þessum. Til vara er á því byggt, að fjarvistir stefnanda hafi verið óverulegar, hann hafi aðeins verið 8 virka daga frá vinnu í júlí og látið vita um, að hann tæki sumarfrí fyrsta daginn. Þá heldur hann því fram, að hann hafi aðeins verið frá vinnu í einn dag í október, en að hann hafi orðið lasinn þann 30. október, haft samband við lækni og lýst fyr-

ir honum sjúkdómi sínum þann dag. Hann kveður lækninn hafa sagt, að hann mundi vera með innflúensu. Hann segist hafa getað unnið þann 30. og 31. október, en kveður sjúkdóminn hafa þyrmt yfir sig 1. nóvember. Hann segir, að gögn hafi verið tekin af sér með þeim hætti, að hann hafi litið svo á, að sér hefði verið sagt upp störfum, og segist þá fyrst hafa byrjað drykkju, eða þann 7. október. Varðandi eftirvinnu heldur stefnandi því fram, að hann hafi einkum orðið að vinna fram yfir venjulegan vinnutíma vegna þess, að bókhald hafi verið í ólestri, þegar hann kom að fyrirtækinu.

Krafa um orlof byggist á ákvæði í kjarasamningi.

Meginmálsástæða stefnda er, að forsendu hafi brostið fyrir framhaldi samningssambands aðiljanna, því hafi valdið drykkjuskaparóregla stefnanda, sem hafi farið ítrekað frá verki án þess að láta vita eða gefa skýringar. Hann hafi þannig horfið frá störfum í ca þrjár vikur í júlí og ágúst, eina viku í október og loks í byrjun nóvember, en á því tímabili telur stefndi, að ekki hafi verið hægt að ná sambandi við stefnanda. Því er sérstaklega haldið fram, að stefnandi hafi sjálfur lýst því yfir eftir fjarvistir í júlí og ágúst, að ef þetta kæmi fyrir aftur, þýddi það, að ráðningu hans væri lokið. Varðandi eftirvinnu er því haldið fram, að vinnuframlag stefnanda hafi ekki verið meira en svo, að dagvinna hafi nægt til þeirra afkasta. Við munnlegan málflutning var því hreyft af hálfu stefnda, að stefnanda hafi borið að vinna nokkra aukavinnu án greiðslu samkvæmt ráðningarsamningi. Varðandi orlof er því haldið fram, að stefnandi hafi tekið út orlof sitt með fjarvistum. Kröfu vegna afnota af húsnæði og síma er mótmælt sem of hárri.

Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu fyrir dóminum. Hann segist hafa mætt flesta morgna á verkstæði stefnda og yfirleitt einnig á kvöldin svo og um hádegið.

Kristján Þorkelsson bifreiðasmiður var starfsmaður stefnda í forstjóratíð stefnanda og er enn. Hann er nú stjórnarformaður. Hann segir, að þegar stefnandi var við störf, hafi hann gjarna komið í smiðjuna um 9 leytið á morgnana og drukkið þá kaffi með forráðamönnum félagsins og starfsmönnum, en stundum hafi hann þó byrjað á útréttingum.

Hrafnkell Þórðarson var verkstjóri og stjórnarformaður í tíð stefnanda. Hann segir, að stefnandi hafi komið flesta daga á verkstæðið eða hann sjálfur haft samband við stefnanda símleiðis til að ræða vandamál, sem upp á báru, og annað. Stefnandi segist

flesta morgna hafa mætt á verkstæði stefnda og yfirleitt einnig á kvöldin svo og í hádegi.

Stefnandi skýrir svo frá, að að morgni fyrsta dags, sem hann var frá vinnu í júlí, hafi hann haft samband við Hrafnkel og sagt honum, að hann mundi taka sér nokkurra daga frí. Hann segir, að þetta tímabil hafi orðið ein og hálf vika, samtals 7 eða 8 vinnudagar í endaðan júlí. Hann segist hafa verið við drykkju á þessu tímabili. Hrafnkell segir, að hann hafi horfið frá störfum án þess að láta vita áður og að hann hafi ekki komið til starfa aftur fyrr en eftir verslunarmannahelgi. Hann segist hafa talað við stefnanda í vikunni fyrir verslunarmannahelgina og þá hafi sér virst hann vera ódrukkinn. Hann kveður þá hafa talað um, að stefnandi byrjaði að vinna þá eftir helgina. Kristján segir, að stefnandi hafi hætt að mæta um eða upp úr miðjum júlí, og kveður árangurslaust hafi verið reynt að ná í hann. Hann segir, að stefnandi hafi ekki haft samband við neinn út af fjarveru sinni, en kveðst hafa verið í leyfi, þegar stefnandi kom aftur. Bæði Hrafnkell og Kristján segja, að um það hafi verið talað á stjórnarfundi í ágúst, þar sem stefndi var viðstaddur, að ef það kæmi fyrir oftar, að stefnandi væri frá vinnu vegna áfengisneyslu, þá væri ráðningu hans lokið. Þeir segja, að stefnandi hafi sjálfur lýst þessu yfir, og Kristján telur, að orðið hafi samkomulag að þessu lútandi á fundinum. Hrafnkell segir, að stefnandi hafi beðist undan, að þetta væri bókað, og að það hafi verið látið eftir honum. Stefnandi kveður þessa staðhæfingu ranga.

Þann 10. október 1978 var haldinn stjórnarfundur, og voru mættir þar fjórir stjórnarmenn. Til umræðu var, hvort stefnandi hefði gerst brotlegur í annað sinn samkvæmt ráðningarsamningi hans við fyrirtækið og munnlegum samningi hans við stjórn þess. Var ekki talinn vafi á, að um brot hefði verið að ræða, og því ákvað stjórnin að víkja honum úr starfi. Þann 24. október var haldinn hluthafafundur, eins og áður greinir. Stefnandi lýsti því yfir á fundinum, að hann mótmælti því, að han væri talinn brotlegur í starfi. Vék hann síðan af fundi, en umræður héldu áfram um mál hans, og voru menn ekki á eitt sáttir. Eftir að atkvæði höfðu verið greidd, var ákveðið að biðja um hluthafafund með stefnanda fljótlega og ræða framtíðarmálin nánar. Í aðiljaskýrslu skýrði stefnandi svo frá, að hann hefði mætt til vinnu á mánudegi, en forfallast um miðja viku, líklega á miðvikudegi. Hann hafi verið alveg frá í einn dag, en mætt hina dagana. Hann

hafi smakkað vín að kvöldi þriðjudags og því ekki verið fær um að mæta á miðvikudegi, en á fimmtudegi segist hann hafa verið mættur til innheimtustarfa í starfhæfu ástandi og annast útborganir á föstudegi. Hrafnkell segist ekki vera viss um, hvort stefnandi mætti á mánudegi, en hann kveðst hafa haft símasamband við hann þann dag. Á þriðjudegi segist hann ekki hafa náð í stefnanda og ekki á miðvikudegi. „ . . . og hann segist sjálfur hafa farið á ról á fimmtudeginum — ég skal ekki staðhæfa það. Það er allavega þriðjudag — miðvikudag . . .". Hrafnkell segist hafa haft samband við stefnanda á föstudagsmorgni í síma og telur sér hafa virst, að allt væri í lagi með hann þá, stefnandi hafi sagst treysta sér til að ganga frá launum, sonur stefnanda hafi síðan komið með launauppgjörið eðlilega unnið og ekkert við það að athuga. „Svo mætir hann ekki aftur til vinnu fyrr en á þriðjudag, þannig að ég er ekki dómbær á það, hvað skeði á því tímabili, enda kom það ekki við okkar störfum með þennan mánudag, hvað hann hafði sér til afsökunar þar."

Við samprófun sagði Hrafnkell, að hann hefði talað tvisvar við stefnanda á föstudeginum, í fyrra skiptið hafi sér virst hann allsgáður, en í síðara skiptið, seinna um daginn, að hann mundi vera undir áhrifum. Stefnandi segist hafa sótt stimpilkort á fimmtudegi og reiknað út launin sjálfur. Kristján segist vera viss um, að það hafi verið meira en einn dag, sem stefnandi var fjarverandi í byrjun október. Hann kvaðst ekki muna, hvaða dagar þetta voru. Ítrekað hafi verið reynt að ná í stefnanda, bæði að degi til og á kvöldin.

Í stefnu og greinargerð stefnanda er atvikum varðandi endanlega uppsögn hans lýst þannig, að hann hafi veikst af flensu eða einhverri umgangspest hinn 30. október. Þann 1. nóvember hafi verið hringt frá stefnda og spurt, hvort stefnandi væri veikur, og sagt, að svo væri. Þann 6. nóvember hafi síðan enn verið hringt frá stefnda og stefnandi krafinn um gögn, er væru í fórum hans varðandi rekstur stefnda, og því hótað, að lögreglan kæmi og næði í gögnin, væru þau ekki send tafarlaust. Sonur stefnanda muni hafa orðið fyrir svörum. Stefnandi hafi ekki séð sér annað fært en afhenda gögnin og þau verið að meginhluta til send til stefnda daginn eftir. Framkoma þessi hafi komið stefnanda afar mikið á óvart og fengið mjög á hann. Honum hafi síðan verið sent uppsagnarskeyti tveimur dögum síðar, en hann hafi fengið það í hendur þann 10. nóvember og hætt þá störfum samstundis samkvæmt fyrirmælum í skeytinu. Í aðilja-

skýrslu stefnanda segir, að hann hafi kennt lasleika þann 30. október og þá haft strax samband við lækni, sem hafi sagt sér, að hann mundi vera með innflúensu, sem væri að ganga. Hann kveður þó sjúkdóminn ekki hafa náð því marki, að hann væri með öllu óvinnufær, fyrr en miðvikudaginn 1. nóvember. Hann hafi verið að störfum 30. og 31. október þrátt fyrir lasleikann.

Hrafnkell segir, að stuttu eftir mánaðarlok (október) hafi tekið fyrir samband við stefnanda. Hann segir, að þeir hafi reynt í marga daga að ná sambandi við hann án árangurs. Hann segist sjálfur loks hafa náð sambandi við son stefnanda, sem ekkert sagðist vita. Hann segir sér algerlega ókunnugt um lögregluhótanir, ef um þær hafi verið að ræða, hafi þá einhver annar staðið að því. Hann segir, að símaþjónustan hafi átt erfitt með að afhenda símskeytið og að talið hafi verið, að stefnandi væri ekki á landinu. Við samprófun sagði stefnandi, að sonur sinn hefði flutt meginhlutann af gögnunum til stefnda þann 7. nóvember eftir lögregluhótanir og hann þá byrjað að drekka. Kristján segir, að ábyggilega hafi verið reynt að hringja í stefnanda á þeim tíma, hann hafi sjálfur ábyggilega reynt það. Hann hafi einu sinni farið heim til stefnanda, en ekki náð sambandi, líklega fyrstu dagana í nóvember. Hann segir, að stefnandi hafi ekki tilkynnt veikindi. Hann segist aldrei hafa heyrt um, að honum hafi verið hótað lögregluaðgerðum. Hann segir, að ekki sé ósennilegt, að einn af forráðamönnum stefnda, Ólafur að nafni, hafi reynt að hafa tal af stefnanda.

Þann 9. nóvember 1978 var haldinn stjórnarfundur og bókað, að árangurslaust hefði verið reynt að hafa samband við Þóri þann 1. nóvember, bæði símleiðis og farið heim til hans, og vegna ítrekaðra brota var talið, að ekki væri fært að hafa hann í starfi lengur. Stefnandi hefur lagt fram dagbók sína, þar sem skráðir eru vinnutímar hans og sundurliðun í dagvinnu, eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu. Á tímabilinu frá 19.—25. júlí eru skráðar vinnustundir með svörtu bleki, en leiðrétt með rauðu. Stefnandi segist ekkert hafa unnið fyrir fyrirtækið á þessu tímabili, kveður það, sem skráð er með rauðu, eiga að gilda. Þann 30. og 31. október eru skráðir yfirvinnutímar. Stefnandi segist hafa unnið þessa tíma. Hann segir, að bókhald hafi verið í hörmungarástandi, þegar hann kom að fyrirtækinu. Ársreikninga fyrir árið 1977 hafi vantað, þar sem þeir hafi verið hjá sérstökum bókhaldara, sem hafi unnið sjálfstætt að gerð bókhalds fyrir árið 1977. Skjölum fyrir tímabilið frá 1. janúar —

15. maí 1979 hafi verið óraðað, þegar hann kom að fyrirtækinu, og yfir höfuð ekkert farið að vinna að bókhaldi ársins, hafi tvímælalaust kostað mikla vinnu að koma röð og reglu á bókhaldsgögnin. Hann hafi unnið bókhaldslykil í samvinnu við Hagvang, en kveður sér hafa gengið illa að koma houm saman. Hann hafi dregið að færa bókhaldsbækur af þessum sökum. Bókhaldslykillinn hafi ekki verið fullsaminn fyrr en í ágúst eða september og ekki fært að hefja merkingu fylgiskjala fyrr en í október. Hann hafi skilað fylgiskjölum öllum uppfærðum í möppu fyrir allan þann tíma, sem hann vann hjá fyrirtækinu, og til þess tíma, er hann hætti. Ekki hafi verið færð önnur bók á þessu tímabili en sjóðbók. Loks tekur hann fram, að mikið starf hafi farið í innheimtustörf.

Hrafnkell segir, að kröfur um yfirvinnuborgun hafi aldrei komið til greina fyrr en eftir á, þegar farið var að tala um uppgjör. Hann segist hafa litið svo á, að þótt um einhverja yfirvinnu hafi verið að ræða, hafi ekki átt að greiða sérstaklega fyrir hana. Hins vegar, ef um sérstaklega mikla yfirvinnu hefði verið að ræða, þá hefði komið til greina, að hún yrði greidd.

Eins og að framan er rakið, byggist málsvörn stefnda aðallega á því, að stefnandi hafi brotið svo gegn skyldum sínum gagnvart stefnda, að stefnda hafi verið rétt að rifta samningi aðiljanna einhliða án bóta. Að því leyti sem staðhæfingu stefnda um þetta efni hefur verið andmælt þykir sönnunarbyrðin fyrir ávirðingum stefnanda hvíla á stefnda, en af hans hálfu hefur annað ekki verið fært fram til sanninda en aðiljaskýrslur og endurrit úr gerðabók félagsins. Gögn þessi eru þess eðlis og þess efnis, að þau þykja almennt ekki geta hnekkt sennilegum staðhæfingum stefnanda um umdeild sönnunaratriði.

Stefndi átti þess kost samkvæmt VII. kafla kjarasamninga (7.4.) að krefjast vottorðs trúnaðarlæknis um veikindi stefnanda, en lét ógert að tryggja sér sönnun með þessum hætti.

Samkvæmt þessu þykir þannig verða að byggja á því, að stefnandi hafi aðeins verið frá störfum frá 19.—31. júlí, 4. október og síðan frá 1. nóvember. Hins vegar þykir mega leggja til grundvallar samkvæmt yfirlýsingum stefnanda, að hann hafi verið ölvaður, meðan hann var frá störfum í júlí og október og frá 7. nóvember 1978.

Ósannað verður að telja, að samkomulag hafi orðið um það í ágústmánuði 1978, að stefnandi yrði að hlíta uppsögn án bóta, ef honum yrðu forföll oftar vegna áfengisneyslu.

Það þykir verða að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi verið óvinnufær vegna veikinda frá 1. nóvember til 9. s. m. Stefnandi hefur gert það sennilegt, að forráðamenn stefnda hafi fengið þá vitneskju á heimili hans þann 1. nóvember, að hann væri veikur. Þá þykir verða að byggja á því, að stefnandi hafi verið krafinn um gögn með þeim hætti, að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að um einhliða slit starfssamnings væri að ræða.

Ekki þykir verða fallist á það með stefnanda, að drykkjusýki verði lögð að jöfnu við veikindi í skilningi kjarasamnings þess, sem ráðningarsamningur stefnanda byggist á. Þessi skoðun stefnanda þykir heldur ekki eiga næga stoð í lögum eða ráðningarsamningi. Af þessum sökum þykir stefnandi ekki eiga rétt á launum fyrir þann tíma, sem hann var frá störfum vegna ölvunar í októbermánuði. Hins vegar þykir ölvun hans frá 7. nóvember ekki eiga að hafa áhrif á úrslit þessa máls, og þykir í því efni bæði verða að líta til þess, að leggja verður til grundvallar, að hann hafi verið veikur á þeim tíma, og eins til þess, að hann hafði þá verið sviptur aðstöðu til að gegna störfum sínum að kröfu stefnda.

Kemur þá til álita, hvort frávikning stefnanda hafi af öðrum ástæðum réttlæst af atvikum, sem hann varða.

Ljóst er, að stefnandi hætti störfum fyrirvaralaust 19. júlí 1978. Stefnandi hefur ekki stutt þá staðhæfingu gögnum, að hann hafi tilkynnt um, að hann tæki sér launalaust leyfi þann dag, og ljóst er, að stefnandi hefur ekki valið tíma til orlofs með samkomulagi við stefnda, sbr. IV. kafla ráðningarsamningsins (4.1.1.). Hins vegar virðist hafa orðið samkomulag um, að stefnandi tæki sér launalaust orlof, og eðlilegast að gera ráð fyrir, að það yrði á þeim tíma, þegar starfsemi félagsins lá að verulegu leyti niðri vegna almennra sumarfría, en það virðist hafa verið frá miðjum júlí til 7. ágúst. Forráðamenn stefnda máttu því vænta þess, að stefnandi tæki sér orlof á þessum tíma. Í þessu efni þykir einnig verða að hafa í huga, að stefnandi hlaut sem framkvæmdastjóri að hafa mest um það að segja, hvernig sumarleyfum hans og annarra starfsmanna yrði skipað. Loks er á það að líta, að stefnandi var fastráðinn eftir þetta, þannig að hann mátti ætla, að hann yrði ekki látinn gjalda þessarar yfirsjónar, nema honum yrði alvarlega á að nýju. Með hliðsjón af niðurstöðu hluthafafundar þykir verða að byggja á því, að stefnandi hafi mátt treysta því, að hann fengi að halda stöðu sinni þrátt fyrir fjarvist í októbermánuði, ef ekki kæmi meira til, en eins

og að framan er rakið, verður ekk talið sannað, að stefnandi hafi brotið af sér varðandi forföll í nóvember. Samkvæmt þessu þykir stefnandi eiga rétt á bótum vegna óréttmætrar uppsagnar.

Samkvæmt XII. kafla kjarasamnings og 1. gr. starfssamnings þykir stefnandi hafa mátt vænta þess, þegar honum var sagt upp störfum, að uppsögn miðaðist við lok nóvember 1978 og að uppsagnarfrestur væri þrír mánuðir frá þeim tíma.

Því hefur verið haldið fram, ómótmælt, af hálfu stefnanda, að hann hafi ekki verið búinn að útvega sér nýtt starf, fyrr en í apríl 1979. Stefndi virðist ekki hafa gefið stefnanda kost á að gegna störfum lengur en raun varð á. Því hefur ekki verið haldið fram, að stefnandi hafi verið búinn að nýta veikindadaga skv. VII. kafla kjarasamningsins.

Samkvæmt þessu þykir verða að fallast á kröfu stefnanda um laun fyrir nóvembermánuð og bætur, sem miðast við þriggja mánaða laun frá lokum þess mánaðar.

Er litið er til stöðu stefnanda hjá fyrirtækinu, fyrirkomulags varðandi starfsaðstöðu, starfsskyldna hans skv. ráðningarsamningi og upplýsinga um bókhald stefnda, þykir verða að leggja til grundvallar skýrslu stefnanda um yfirvinnu.

Eins og að framan er rakið, verður talið rétt, að stefnandi sæti frádrætti launa vegna vanrækslu á starfsskyldum í október. Málflutning stefnda þykir mega skilja svo, að ef ekki verði fallist á sjónarmið hans varðandi kröfu til orlofsfjár, eigi þó stefnandi ekki að fá laun fyrir þann tíma, sem hann var frá störfum vegna áfengisneyslu. Frádráttur af þessum ástæðum þykir hæfilega ákveðinn ein daglaun, eða 19.362 gkr.

Samkvæmt því, sem rakið er að framan, þykir ekki verða fallist á, að stefnandi hafi fyrirgert rétti til orlofsfjár, en samkvæmt IV. kafla kjarasamnings átti stefnandi rétt á 8.33% í orlofsfé ofan á allt kaup, sbr. 7. gr. laga nr. 87/1971.

Ekki hefur verið leitt í ljós, að krafa stefnanda fyrir afnot af síma og húsnæði sé óhæfilega há, og verður hún því tekin til greina.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir stefnandi hafa átt rétt á greiðslum frá stefnda eins og hér greinir:

Laun fyrir tímabilið frá 15. maí til 30. nóvember:

	2.527.273 gkr.
÷ ein daglaun	19.362 —
	2.507.911 gkr.

Bætur vegna ólögmætrar uppsagnar	1.306.929 gkr.
Laun fyrir yfirvinnu	1.194.195 —
	5.009.035 gkr.
Orlof 8.33%	417.253 —
	5.426.288 gkr.
Þóknun fyrir afnot húsnæðis og síma	180.000 gkr.
	5.606.288 gkr.
÷ greitt	2.328.900 —
	3.277.388 gkr.

Samkvæmt þessu þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 32.774.00, sbr. 2. gr. laga nr. 35/1979, 9. gr. sömu laga og 2., 6. og 19. gr. reglugerðar nr. 253/1980.

Af þessari fjárhæð ber stefnda í samræmi við kröfu stefnanda að greiða honum 19% ársvexti frá 1. mars 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 6.250.00.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, cand. juris, kr. 6.250.00, greiðist úr ríkissjóði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Nýja bílasmiðjan h/f, greiði stefnanda, Þóri Sæmundssyni, kr. 32.774.00 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags og kr. 6.250.00 í málskostnað.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, cand. juris, kr. 6.250.00, greiðist úr ríkissjóði.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 232/1982. **Sigurbjörn Sveinbjörnsson**
gegn
Gylfa Gunnarssyni
Sigurjóni Jónssyni og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Synjað um útgáfu vitnastefnu og aðiljafyrirkalls. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með vísan til 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Neskaupstaðar 10. nóvember 1982, í bæjarþingsmálinu nr. 6/1981: Sigurbjörn Sveinbjörnsson gegn Gylfa Gunnarssyni, Sigurjóni Jónssyni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Sóknaraðili lýsti kærunni með bókun í þingbók á dómþingi nefndan dag og áréttaði hana með kæru og greinargerð 17. s. m., sem barst Hæstarétti 24. s. m. ásamt öðrum gögnum málsins. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og „lagt fyrir héraðsdómarann að:

1. Að kveðja stefndu Gylfa og Sigurjón fyrir dóm og taka af þeim skýrslu.
2. Að gefa út vitnastefnur á hendur þeim Boga Nílssyni, sýslumanni, sbr. dskj. nr. 33, Stefáni Skaftasyni lækni, sbr. dskj. nr. 35, og Ólafi F. Bjarnasyni lækni, sbr. dskj. nr. 36".

Sóknaraðili krefst ekki málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Hinn kærði úrskurður er svohljóðandi:

„Hafnað er kröfu lögmanns stefnanda um, að hinir stefndu aðilar verði að frumkvæði dómarans kvaddir fyrir dóm til skýrslugjafar.

Hafnað er kröfu lögmanns stefnanda um, að nú verði gefnar út réttarstefnur á hendur þeim vitnum, sem hann hefur óskað eftir að leiða í máli þessu."

Úrskurður þessi sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt c lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 að því er varðar síðara atriði hans, en samkvæmt niðurlagsákvæði sömu greinar að því er fyrra atriði hans varðar.

Hinum kærða úrskurði fylgja ekki forsendur, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973.

Mál það, sem hér er til umfjöllunar, höfðaði sóknaraðili á bæjarþingi Neskaupstaðar með stefnu, birtri 11. júní og 16. júlí 1981. Krefur sóknaraðili stefndu um skaðabætur fyrir líkamsáverka, sem hann kveðst hafa hlotið á lögreglustöðinni í Neskaupstað að morgni 14. september 1975 af völdum varnaraðiljans Gylfa, þáverandi varalögreglumanns, í viðurvist varnaraðiljans Sigurjóns yfirlögregluþjóns.

Sóknaraðili hafði verið færður á lögreglustöðina til að gefa skýrslu um ökuóhapp.

Mál út af sama sakarefni hafði sóknaraðili áður höfðað með réttarstefnu, útgefinni 25. apríl 1977, en það mál var hafið með dómi, uppkveðnum 15. janúar 1981, vegna útivistar af hálfu sóknaraðilja.

Opinber rannsókn fór fram út af ásökunum sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum Gylfa og Sigurjóni. Með ákæruskjali, útgefnu 2. mars 1976, var höfðað opinbert mál á hendur varnaraðiljanum Gylfa fyrir að gerast offari í starfi með því að hafa við yfirheyrslu Sigurbjörns Sveinbjörnssonar sjómanns, Urðarteigi 27, Neskaupstað, að morgni sunnudagsins 14. september 1975 slegið hann allt að fjórum hnefahöggum í andlitið með þeim afleiðingum, að nef hans skaddaðist, vinstri nös stíflaðist auk þess sem hann fékk glóðarauga.

Að tilhlutan dómara þess, er með það mál fór, var aflað umsagnar Læknaráðs um tiltekin atriði varðandi meiðsli sóknaraðilja.

Fyrir Læknaráði lágu vottorð Jóhannesar Björnssonar, setts héraðslæknis, um skoðun hans á sóknaraðilja að morgni 14. september 1975 svo og vottorð Ólafs F. Bjarnasonar, læknis á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans, um ástand sóknaraðilja og meðferð þá, sem hann hlaut á deildinni við aðgerð á nefi hans í febrúar 1976. Einnig lá fyrir Læknaráði framburður Jóhannesar, er hann kom fyrir sakadóm Neskaupstaðar við rannsókn þá, sem fram hafði farið.

Með dómi sakadóms Neskaupstaðar 22. september 1978 var Gylfi sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Mál það, sem hér er til umfjöllunar, var þingfest á bæjarþingi Neskaupstaðar 13. ágúst 1981.

Hinn reglulegi dómari vék sæti í málinu með úrskurði, uppkveðnum 31. ágúst 1981, og var Ragnar Halldór Hall borgarfógeti skipaður setudómari í því hinn 21. september 1981. Hann hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Í athugasemdum héraðsdómara til Hæstaréttar 23. nóvember 1982 segir m. a. svo:

„1. Með bréfi, dags. 29. mars 1982, sem mér barst 31. sama mánaðar, tilkynnti lögmaður stefndu Gylfa og Sigurjóns, að umbjóðendur hans neituðu að koma frekar fyrir rétt vegna máls þessa. Ljósrit af bréfi þessu afhenti ég lögmanni stefnanda, Árna Halldórssyni hrl., fyrir upphaf þinghalds í máli þessu í Neskaupstað 13. maí 1982 og hafði nokkru áður símleiðis tjáð honum efni bréfsins. Bréf þetta hefur ekki verið lagt fram í málinu, en frumrit þess fylgir greinargerð þessari.

2. Í upphafi þinghalds 13. október 1982 er bókað um tilkynningar, sem dómarinn hafði sent lögmönnum málsaðilja um ákvarðanir sínar um meðferð málsins. Er í sjálfu sér litlu við það að bæta, sem þar kemur fram, en í þinghaldi 26. mars s.l. hafði lögmaður stefnanda lýst yfir, að hann hygðist leiða tvö vitni í málinu. Síðar hefur lögmanninum hugkvæmst að nefna til fleiri vitni, er hann hyggist leiða í málinu, og tel ég hann hafa haft ærinn tíma til að fá vitni þessi fyrir dóminn, en ekki var óskað atbeina dómarans í því sambandi fyrr en tveimur dögum áður en vitnaskýrslur

skyldu teknar. Var stefnufrestur þá þegar orðinn of skammur og því ekki efni til að verða við beiðni um útgáfu réttarstefna á hendur umræddum vitnum. Hafði lögmaður stefnanda þó haft margar vikur til að undirbúa þessar stefnur, en ekki notfært sér þann tíma. Í þinghaldi 13. október 1982 var ósk stefnanda um frestun þess þinghalds hafnað með bókun. Var þá ekki krafist úrskurðar um þá synjun.

3. Hvergi hefur komið fram, fyrr en þá í greinargerð lögmanns stefnanda, sem fylgir kæru hans, hvaða atriði það séu, er hann hyggst upplýsa með margnefndum vitnaskýrslum. Ekki hefur, svo séð verði, reynt á það, hvort vitni þessi séu reiðubúin til að mæta óstefnd til að bera vitni í málinu".

Héraðsdómari tilkynnti lögmanni sóknaraðilja með bréfi 27. ágúst, að aðalflutningur málsins mundi fara fram 15. september. Jafnframt óskaði hann eftir, að lögmaðurinn léti sig vita, ef hann óskaði eftir vitnaleiðslu, áður en málið yrði flutt. Með bréfi 4. september tjáði lögmaðurinn dómaranum, að hann óskaði eftir að stefna tilteknum mönnum til að bera vitni í málinu, þar á meðal þeim Boga Nilssyni sýslumanni og Stefáni Skaftasyni lækni. Ekki fór hann þó fram á, að dómarinn gæfi út vitnastefnur á hendur þeim. Héraðsdómarinn tilkynnti lögmanninum 9. september, að aðalflutningi málsins væri af þessu tilefni frestað til 13. október og jafnframt, að hann væri reiðubúinn til viðtals um tilhögun vitnaskýrslna, hvenær sem væri.

Með bréfi 5. október sendi lögmaður sóknaraðilja héraðsdómara réttarstefnur á hendur þremur vitnum, er hann kvað nauðsynlegt að leiða fyrir dóm til vitnisburðar í málinu. Voru meðal þeirra Bogi Nílsson sýslumaður og Stefán Skaftason læknir. Þessar stefnur endursendi dómarinn lögmanninum óútgefnar með bréfi 13. október. Með bréfi 20. október fór lögmaðurinn þess á leit við dómarann, að hann kveddi varnaraðilja fyrir dóm.

Á dómþingi 13. október krafðist lögmaðurinn þess, að dómarinn viki sæti. Þeirri kröfu hafnaði dómarinn með úrskurði sama dag. Var málinu að því búnu frestað. Síðar tilkynnti dómarinn umboðsmönnum aðilja skriflega, að aðal-

flutningur málsins skyldi fara fram 10. nóvember. Á dómþingi þann dag óskaði lögmaður sóknaraðilja eftir því, að dómarinn kveddi varnaraðiljana Gylfa og Sigurjón fyrir dóm og gæfi út vitnastefnu á hendur Ólafi F. Bjarnasyni lækni. Enn fremur ítrekaði hann ósk sína um útgáfu vitnastefna á hendur Boga Nílssyni og Stefáni Skaftasyni. Dómarinn hafnaði þessari ósk með hinum kærða úrskurði.

Eins og segir í athugasemdum héraðsdómara, tilkynnti hann lögmanni sóknaraðilja, áður en þinghald fór fram hinn 13. maí, að varnaraðiljarnir Gylfi og Sigurjón neituðu að koma fyrir dóm. Var þá sérstök ástæða fyrir lögmanninn að leita án undandráttar eftir atbeina dómara samkvæmt 2. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936 til að kalla varnaraðilja fyrir dóm, ef hann hugðist gera það. Hann lét það hins vegar hjá líða þar til með bréfi 20. október 1982. Var héraðsdómara því rétt að hafna þessari beiðni lögmannsins.

Héraðsdómari hafði að beiðni lögmanns sóknaraðilja frestað aðalflutningi málsins til 13. október. Það var þó ekki fyrr en með bréfi 5. október, sem héraðsdómarinn fékk í hendur 11. október, að lögmaðurinn óskaði eftir, að gefnar yrðu út vitnastefnur til tveggja af vitnum þeim, sem í kröfu hans greinir. Var þá svo stuttur tími til þinghaldsins 13. október, að vitnastefnur urðu ekki birtar með lögmæltum stefnufresti. Í þinghaldinu 10. nóvember, þegar aðalflutningurinn átti að fara fram, ítrekaði lögmaðurinn fyrri óskir sínar um útgáfu vitnastefna, eins og áður segir. Ekki verður séð, að lögmaðurinn hafi sjálfur reynt að fá vitnin til að koma fyrir dóm eða fá atbeina dómarans til þess fyrr en með bréfinu 5. október, þó að til þess væri nægur tími. Var héraðsdómara rétt, eins og á stóð, að hafna beiðni lögmannsins.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sératkvæði

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, að ég tel, að vísa eigi kröfu sóknaraðilja um, að „lagt verði fyrir héraðsdómarann að kveðja stefndu Gylfa og Sigurjón fyrir dóm og taka af þeim skýrslur," frá Hæstarétti, þar sem sá þáttur í úrskurði héraðsdómara er ekki kæranlegur samkvæmt 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Miðvikudaginn 22. desember 1982.

Nr. 87/1980. **Almennar tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Sverri Gauki Ármannssyni
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)
og
Sverrir Gaukur Ármannsson
gegn
dánarbúi Karls Smára Magnússonar
Almennum tryggingum h/f
Rögnu Lindberg Magnúsdóttur og
Hagtryggingu h/f
(Hjörtur Torfason hrl.)
og
dánarbú Karls Smára Magnússonar
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Sverri Gauki Ármannssyni.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðmund-

ur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1980. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Sverrir Gaukur Ármannsson áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. október 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 29. s. m. Útivistardómur gekk í þeirri gagnsök 4. maí 1981. Áfrýjaði gagnáfrýjandi að svo komnu héraðsdóminum að nýju 5. maí 1981 samkvæmt heimild í 36. gr. framangreindra laga. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, og gagnáfrýjandi dánarbú Karls Smára Magnússonar svo og stefndu, Ragna Lindberg Magnúsdóttir (sem ranglega er nefnd Ragna Lindberg Marusdóttir í hinum áfrýjaða dómi) og Hagtrygging h/f, verði dæmd til að greiða honum óskipt 1.602.557.00 krónur (nýkr.) með 13% ársvöxtum frá 29. september 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi allra framangreindra aðilja, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og hefur fengið gjafvörn og gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 20. október 1981.

Framangreinda kröfugerð hefur gagnáfrýjandi Sverrir Gaukur bundið þeirri sérstöku takmörkun, að hann hefur lýst yfir því, að hann krefjist ekki, að sér verði dæmd önnur og hærri fjárhæð úr dánarbúi Karls Smára Magnússonar en aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, kunni að verða dæmt skylt að greiða. Á sama hátt takmarkar hann fébótakröfur sínar á hendur stefndu Rögnu Lindberg Magnúsdóttur við þær fjárhæðir, sem stefnda Hagtryggingu h/f kunni að reynast skylt að greiða honum.

Stefndu, Ragna Lindberg Magnúsdóttir og Hagtrygging h/f, krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi dánarbú Karls Smára Magnússonar áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 27. nóvember 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 25. nóvember 1981. Gerir dánarbúið að öllu leyti sömu dómkröfur og aðaláfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, þ. e. að það verði sýknað af öllum kröfum gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar og því dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 15. nóvember 1982, um tjón gagnáfrýjanda Sverris Gauks vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku. Er hinn nýi útreikningur reistur á sömu forsendum og þeir útreikningar, sem áður hafa verið lagðir fram í málinu, að öðru leyti en því, að tekið er tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa á tímakaupi Dagsbrúnar, frá því að fyrri útreikningar voru gerðir. Einnig er þar hið áætlaða tekjutap, reiknað til höfuðstólsandvirðis á slysdegi, eigi aðeins miðað við 9% og 13% ársvexti, heldur einnig 5% og 7% ársvexti.

Niðurstöður tryggingafræðingsins eru þessar í nýkr.:

	„Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað tekjutap
1. árið eftir slysið	12.622	12.186
2. — — —	17.796	13.347
3. — — —	22.969	17.227
4. — — —	37.080	27.810
5. — — —	51.100	38.330
6. — — —	76.520	57.390
7. — — —	122.980	92.240
8. — — —	185.580	139.190
Síðan árlega	235.140	176.350

Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps á slysdegi:

	Tímabundin örorka	Varanleg örorka	Alls nýkr.
5% ársvextir	2.670	2.341.800	2.344.470
7% ársvextir	2.650	1.511.000	1.513.650
9% ársvextir	2.635	1.215.100	1.217.735
13% ársvextir	2.600	729.500	732.100

Höfuðstólsandvirði dagpeninga, örorkulífeyris- og tekjutryggingar reiknast mér nema á slysdegi:

	Dag-peningar	Örorku-lífeyrir	Tekju-trygging	Alls nýkr.
5% ársvextir	1.813	357.100	391.900	750.813
7% ársvextir	1.796	242.300	264.500	508.596
9% ársvextir	1.780	184.100	199.800	385.680
13% ársvextir	1.747	111.300	119.800	232.847“

Með hliðsjón af þessum útreikningum telur gagnáfrýjandi Sverrir Gaukur örorkutjón sitt nema 1.593.557.00 (ætti að vera 1.593.657.00) krónum (2.344.470.00 ÷ 750.813.00), sem að viðbættum þeim 9.000.00 krónum, er hann krefst í bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, nemur dómkröfu hans, svo sem hún hefur verið hækkuð fyrir Hæstarétti.

Á þeim tíma, er slys það varð, sem málið er af risið, nam fjárhæð ábyrgðartrygginga bifreiðanna Y 4469 og G 6628 hjá vátryggjendum þeirra, aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, og stefnda Hagtryggingu h/f, 6.000.000 krónum (gkr.) vegna hvorrar bifreiðar, sbr. 70. gr. laga nr. 40/1968, svo sem því ákvæði hafði verið breytt með 1. gr. laga nr. 25/1974. Af hendi gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar er því þó haldið fram til skýringar á hækkun bótakröfunnar fyrir Hæstarétti, að hámark bóta, er vátryggingarfélögin ábyrgist gagnvart honum — og þar með einnig eftir kröfugerð hans fébótakröfurnar á hendur gagnáfrýjanda dánarbúi Karls Smára Magnússonar og stefndu Rögnu Lindberg Magnúsdóttur — takmarkist þó ekki af framangreindri fjárhæð, heldur einungis af þeirri fjárhæð ábyrgðartrygginga, sem lögboðin sé fyrir sams konar bifreiðar á þeim degi, er dómur verði lagður á mál þetta. Sú fjárhæð sé 2.700.000.00

krónur (nýkr.), sbr. auglýsingu nr. 281/1981, sem sett er með heimild í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1978.

Á þessa lögskýringu verður ekki fallist. Verður að telja, að bótaábyrgð vátryggingarfélaganna, ef dæmd yrði, gæti ekki farið fram úr hámarki þeirra ábyrgðartrygginga vegna bifreiðanna, sem í gildi voru, er slysið varð. Þegar af þessari ástæðu og eftir kröfugerð gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar að öðru leyti er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, til að hann megi hafa uppi hærri kröfur fyrir Hæstarétti en hann gerði í héraði.

II.

Um kröfur gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar á hendur gagnáfrýjanda dánarbúi Karls Smára Magnússonar og aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f.

Fallast ber á, að ökumaður bifreiðarinnar Y 4469, Karl Smári Magnússon, hafi átt sök á slysinu með því að hafa ekki nægilegt vald á bifreið sinni og veita bifreiðinni G 6628 ekki eftirtekt, fyrr en í óefni var komið.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, tóku rannsóknarlögreglumenn skýrslur eftir slysið af allmörgum mönnum, sem hitt höfðu Karl Smára ýmist á dansleiknum í veitingahúsinu Sigtúni eða að dansleik loknum fyrir utan húsið. Þær skýrslur benda ákveðið til verulegrar áfengisneyslu Karls Smára á dansleiknum svo og þess, að hann hafi sjáanlega verið ölvaður, er hann hóf aksturinn. Þykir nauðsynlegt að greina frá því helsta, sem fram kom í skýrslum þessum um framangreind atriði.

Fyrir rannsóknarlögreglu skýrði Steinn Steinsen m. a. svo frá, að Karl Smári hefði verið „talsvert drukkinn" á dansleiknum. Tryggva Stefánssyni sagðist svo frá, að um miðnættið hefði sér fundist Karl Smári „ölvaður, en þó ekki mikið". Valdimar Örn Karlsson sagðist hafa séð Karl Smára drekka af stút úr tveimur hálfflöskum af hvítvíni á dansleiknum, í einum teig úr hvorri flösku. Sagðist hann hafa séð, að Karl Smári hefði verið undir áfengisáhrifum, þó að

hann treysti sér ekki til að segja hve miklum. Daníel Gísli Friðriksson greindi frá því, að hann hefði séð Karl Smára drekka úr hálfflösku af hvítvíni í einum teig, en taldi sig ekki geta sagt, að hann hefði séð á honum áfengisáhrif, þó að svo kynni að hafa verið. Þá sagðist Árna Ásmundssyni svo frá, að hann hefði þreytt kappdrykkju við Karl Smára. Hefðu þeir hvor um sig tæmt hálfflösku af hvítvíni í einum teig. Taldi hann Karl Smára hafa verið eitthvað undir áfengisáhrifum, er kappdrykkja þessi var þreyttt. Heimir Fannar og Stefán Hans Stephensen greindu báðir frá því, að þeir hefðu horft á slíka kappdrykkju Karls Smára. Taldi hinn fyrrnefndi Karl Smára hafa verið orðinn mjög ölvaðan milli kl. 0115 og 0130 um nóttina, en í skýrslu hins síðarnefnda kom fram, að skömmu fyrir kl. 0115 hefði hann séð Karl Smára og hann þá virst nokkuð drukkinn.

Að dansleik loknum sáu þeir Oddgeir Jónsson og Guðmar Hafberg Hauksson Karl Smára og gagnáfrýjanda fyrir utan veitingahúsið. Sáu þeir þá, að Karl Smári var drukkinn, og reyndu af þeirri ástæðu að telja hann ofan af því að aka bifreið sinni frá veitingahúsinu, þó að hann væri þeim ókunnugur. Er þær fortölur báru engan árangur, varð þetta þeim tilefni til að fylgjast með bifreið hans, uns slysið varð, svo sem nánar er frá greint í hinum áfrýjaða dómi.

Þegar skýrslur allra þessara manna eru virtar í heild, verður að telja nægilega sannað, að Karl Smári hafi verið svo mjög undir áhrifum áfengis, er hann hóf akstur að loknum dansleiknum, að augljóst hafi verið, að ótækt væri, að hann æki bifreið. Þykir ólíklegt, að þetta hafi mátt dyljast gagnáfrýjanda Sverri Gauki, er hann þáði far með Karli Smára og fór upp í bifreið hans, og það því fremur sem hann var vel kunnugur Karli Smára. En jafnvel þó að svo hefði verið, er á það að líta, að gagnáfrýjandi Sverrir Gaukur var inni í bifreið Karls Smára, þegar þeir Oddgeir Jónsson og Guðmar Hafberg Hauksson reyndu árangurslaust að telja hann ofan af því að aka. Hafði hann þannig aðstöðu til að fylgjast með því, hvað þeim fór á milli. Að vísu hefur því verið hreyft af hálfu gagnáfrýjanda Sverris Gauks, að

á þessum tíma muni hann hafa verið rænulaus vegna ofurölvunar. Sú staðhæfing er þó ósönnuð og raunar ósennileg. Kemur þar hvort tveggja til, að Sverrir Gaukur hefur að öðru leyti getað gefið nokkuð greinargóða lýsingu á því, sem fram fór utan dyra við Sigtún, og hann virðist tvisvar hafa fært sig milli sæta í bifreiðinni, áður en ekið var af stað.

Þar sem gagnáfrýjandi Sverrir Gaukur tók sér far með Karli Smára við framangreindar aðstæður, verður að telja, að hann hafi tekið á sig áhættu, sem valdi því, að hann geti ekki krafið dánarbú hans um skaðabætur vegna tjóns síns. Ber því að sýkna það af kröfum hans í málinu. Leiðir þá einnig af því, að kröfur gagnáfrýjanda Sverris Gauks á hendur aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, verða ekki til greina teknar, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður milli þessara aðilja falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

III.

Um kröfur gagnáfrýjanda Sverris Gauks á hendur stefndu, Rögnu Lindberg Magnúsdóttur og Hagtryggingu h/f.

Eins og í héraðsdómi greinir, er Sogavegur um 9 m breið gata fyrir umferð í báðar áttir, og var götunni skipt í tvo vegarhelminga með brotinni línu. Vörubifreiðinni G 6628 hafði verið lagt við hægri brún götunnar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er stefndu varðar, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti milli þeirra og gagnáfrýjanda Sverris Gauks falli niður.

IV.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað. Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 14.000.00 krónur.

Það er athugavert, að mál þetta var fyrst flutt munnlega

og dómtekið í héraði 26. júní 1979. Það var síðan endurupptekið til frekari gagnaöflunar og flutt og dómtekið að nýju 12. mars 1980, án þess að fram hefði farið nein gagnaöflun, er gerði nauðsynlegan svo langan drátt á málsmeðferðinni.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, gagnáfrýjandi dánarbú Karls Smára Magnússonar og stefndu, Ragna Lindberg Magnúsdóttir og Hagtrygging h/f, eiga að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda Sverris Gauks Ármannssonar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Þórólfs Kristjáns Beck hæstaréttarlögmanns, 14.000.00 krónur.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda aftur að III. kafla atkvæðisins.

Tvístefnuakstur var á Sogavegi. Samkvæmt uppdrætti lögreglu var breidd akbrautar á slysstað um 9 m. Akreinalína samkvæmt 22. gr. reglugerðar nr. 61/1959 skipti akbrautinni eftir miðju. Vörubifreiðin G 6628 var 2.35 m á breidd að því er ráða má af málflutningi. Bifreiðar gátu þess vegna ýmist illa eða alls ekki ekið fram hjá henni á eðlilegum umferðarhraða án þess að fara yfir akreinalínuna. Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglumannsins Grétars Sæmundssonar, sem rannsakaði slysstað, endurköstuðu afturljós bifreið-

arinnar ekki ljósi og glitmerki á pallhornum, fyrr en komið var allnærri bifreiðinni. Fram er og komið, að lögreglumaðurinn Haukur Ásmundsson hafði föstudagskvöldið fyrir slysið gagngert farið á heimili ökumannsins til að óska þess, að bifreiðin yrði færð úr stað, þar sem hann taldi hana valda hættu, þar sem hún stóð.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja verulega umferðarhættu hafa stafað af vörubifreiðinni. Var ótækt af ökumanni hennar að leggja henni ógangfærri, þar sem hún stóð, og láta hana standa þar svo lengi sem gert var, sbr. 1. mgr. og e lið 5. mgr. 51. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Verður vegna þessa að líta svo á, að stefndu, sem ekki vefengja aðild sína, beri að nokkru fébótaábyrgð vegna slyssins. Þykir mega við það miða, að sök eigi að skipta þannig, að ábyrgð þeirra á tjóninu sé að 1/3 hluta.

Í atkvæði meiri hluta dómenda er greint, hvernig gagnáfrýjandi Sverrir Gaukur sundurliðar kröfur sínar fyrir Hæstarétti. Þegar litið er til hinna stórfelldu meiðsla hans og örorku, svo sem hún hefur verið metin, og ætlunar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings um tjón hans vegna örorkunnar og loks haft í huga, að stefndu fallast á fjárhæð hins ófjárhagslega tjóns, svo sem það er tiltekið í kröfugerðinni, má telja tvímælalaust, að tjón gagnáfrýjanda Sverris Gauks, það, er stefndu beri að bæta, sé, hvað sem öðru líður, eigi minna en þær 60.000.00 krónur, sem hámarksábyrgð beggja stefndu nemur, eftir því sem nánar greinir í atkvæði meiri hluta dómenda. Tel ég því, að dæma beri stefndu til að greiða gagnáfrýjanda Sverri Gauki þá fjárhæð óskipt ásamt vöxtum frá 29. september 1974 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Hvorugt er þó ástæða til að tiltaka nánar, þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri stefndu í málinu.

Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. mars 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Sverrir Armanns-

son, Digranesvegi 64, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. febrúar 1978, á hendur dánarbúi Karls Smára Magnússonar, Nýbýlavegi 28 C, Kópavogi, Almennum tryggingum h/f, Reykjavík, Rögnu Lindberg Marusdóttur (sic), Flekkudal, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu, og Hagtryggingu h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta.

Kröfur stefnanda eru nú þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda kr. 18.916.982 með 13% ársvöxtum frá 29. september 1974 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. september 1978, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndu hafa krafist sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að aðfaranótt sunnudagsins 29. september 1974 ók Karl Smári Magnússon bifreið sinni, Y 4469, frá veitingahúsinu Sigtúni við Suðurlandsbraut áleiðis til Kópavogs. Stefnandi var farþegi í bifreiðinni. Er Karl Smári ók austur Sogaveg, lenti bifreiðin á pallhorni vörubifreiðarinnar G 6628, þar sem hún stóð kyrrstæð við hægri brún þeirrar götu á móts við húsið nr. 88. Við áreksturinn hlaut Karl Smári meiðsl, er leiddu til dauða hans, en stefnandi hlaut meiðsl, sem leiddu til varanlegrar örorku hans, sem metin hefur verið 75 af hundraði. Ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Y 4469 var Almennar tryggingar h/f. Eigandi vörubifreiðarinnar G 6628 var stefnda Ragna Lindberg og ábyrgðartryggjandi þeirrar bifreiðar var stefndi Hagtrygging h/f. Telur stefnandi sig eiga kröfu á hendur öllum hinum stefndu til bóta vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir við umrætt slys, samkvæmt almennum skaðabótareglum og ákvæðum umferðarlaga þar um.

Allítarlegar skýrslur hafa verið teknar af aðiljum og vitnum vegna slyss þessa, fyrst hjá rannsóknarlögreglu strax eftir slysið og einnig hér fyrir dómi. Af þessum skýrslum er ljóst, að kvöldið 28. september og fram á nóttina 29. september 1974 var dansleikur í veitingahúsinu Sigtúni við Suðurlandsbraut hér í borginni. Á þeim dansleik var stefnandi og einnig Karl Smári.

Þeir voru jafnaldra og þekktust, frá því er þeir voru í sama skóla og bjuggu í nágrenni í Kópavogi. Einnig voru á dansleiknum fleiri skólabræður þeirra félaga og kunningjar úr Kópavogi. Verða skýrslur þessar þessara aðilja nú raktar að því leyti sem máli þykir skipta.

Stefnandi kvaðst hafa verið góður kunningi Karls Smára heitins í og eftir skólagöngu þeirra saman í Kópavogi svo og Guðjóns Magnússonar. Hafi þeir félagar haldið hópinn og m. a. oft farið saman út til skemmtana, dansleiki. Allir hafi þeir haft umráð bifreiða, ef á þurfti að halda, og þá bifreiðar foreldra sinna. Það hafi verið venja þeirra, að þá er þeir fóru út til skemmtana, hafi einn þeirra haft bifreiðaumráð og tekið það verkefni að sér að vera ökumaður fyrir alla og jafnframt tekið á sig að neyta ekki áfengis á skemmtuninni, en allir hafi neytt áfengis á þessum tíma. Hafi þetta verið ákveðin verkaskipting milli þeirra. Þetta hér umrædda kvöld kvaðst stefnandi ekki hafa verið með þessum tilteknu félögum sínum. Hann hafi komið til dansleiksins einn síns liðs eitthvað eftir kl. 2330, þegar húsinu hefði átt að hafa verið lokað. Karl Smára hafi hann hitt við fatageymslu hússins, þá er hann hafi verið kominn inn, en ekki rætt við hann sérstaklega nema skipst á kveðjum. Er hann kom í húsið, hafi hann verið undir áhrifum áfengis. Hafi hann skemmt sér á dansleiknum, en ekki hafa haft fast sæti, heldur notið sætis á ýmsum stöðum eftir atvikum, aldrei þó við það borð, sem Karl Smári kynni að hafa sest við, þar sem hann kvaðst ekki hafa hitt hann frekar inni í húsinu. Stefnandi kvaðst ekki hafa merkt það, þá er hann hitti Karl Smára við komu sína í húsið, að hann væri undir áhrifum áfengis, enda þá sjálfur í því ástandi, að hann hafi ekki gefið slíku gaum. Stefnandi kvaðst hafa neytt áfengis á dansleiknum og því hafa verið töluvert undir áhrifum þess, þá er honum lauk. Er hann hafi komið út úr húsinu að honum loknum, hafi hann lent í einhverri rimmu við mann þar utan dyra. Hafi Karl Smári þá komið þar að og boðið sér far með sér heim í Kópavog og með því leyst deilu sína við viðkomandi mann. Hafi hann þá ekki séð nein merki þess, að Karl Smári væri undir áhrifum áfengis. Hafi stefnandi þá sest inn í bifreið Karls Smára. Gat stefnandi ekki gert sér grein fyrir því, hvernig kunni hafa verið skiptum sínum á flutningi úr fram- eða aftursæti bifreiðarinnar, en taldi sig í upphafi hafa sest í framsæti hennar, síðar ef til vill í aftursæti og síðan aftur í framsæti, þar sem hann sat, er slysið skeði. Hann mundi þó til þess,

að eftir að hann kom inn í bifreiðina, hafi einhverjir menn rætt við Karl Smára, án þess að stefnandi hafi fylgst með þeim viðræðum, en mundi þó, að einn þeirra hafi verið Steinn Steinsen, sem hann kvaðst kannast við. Um akstur Karls Smára frá veitingahúsinu og til þess, er slysið skeði, gat stefnandi ekki borið, þar sem hann hafi ekki vegna ölvunar sinnar getað fylgst með því.

Úr skýrslum rannsóknarlögreglunnar af framburðum nokkurra pilta, sem saman voru við borð á umræddum dansleik og þekktu eða könnuðust við bæði Karl Smára heitinn og stefnanda, kemur fram, að Karl Smári hafi neytt áfengis að þeim sumum ásjáandi í veitingahúsinu og að hann hafi að mati annarra verið undir áfengisáhrifum á dansleiknum. Þykir ekki ástæða til að rekja, hvern framburð fyrir sig að því leyti.

Daníel Friðriksson skýrði svo frá, að hann hefði farið með nokkrum kunningjum sínum á dansleikinn, en þar sem hann hafi verið bílstjóri þetta kvöld, hafi hann ekki neytt áfengis. Hins vegar hafi hann séð Karl Smára heitinn neyta þess við borð þeirra félaga.

Stefán H. Stephensen skýrði svo frá, að hann hefði ekið Steini Steinsen í bifreið hans til dansleiksins og um hafi samist, að hann sækti hann þangað við lokin. Hafi hann síðan komið þeirra erinda og þá farið inn í húsið. Hafi hann auk Steins hitt nokkra félaga og kunningja úr Kópavogi, sem þar voru, þar á meðal Karl Smára heitinn, en ekki stefnanda. Flestir pilta þessara hafi þá verið undir áfengisáhrifum, þó ekki Daníel Friðriksson.

Steinn Steinsen skýrði svo frá, að hann hefði komið til dansleiksins í bifreið sinni, en þar sem hann hafi ætlað að neyta þar áfengis, hafi hann fengið félaga sínum umráð bifreiðarinnar. Sá hafi ekki verið á dansleiknum, en ætlað að sækja sig að honum loknum, sem og varð. Hann hafi á dansleiknum verið með ýmsum kunningjum sínum og að borði þeirra félaga hafi komið meðal annars Karl Smári heitinn. Hafi þeir haft vín um hönd, og taldi hann meðal annars, að Karl Smári heitinn hefði gert það einnig. Ekki kvaðst hann muna eftir því, að stefnandi hefði komið að borði þeirra félaga, en kvað það þó kunni að hafa verið, enda hafi þeir þekkst svo og aðrir félagar sínir við borðið. Alla vega hafi hann vitað um tilvist stefnanda á dansleiknum. Er dansleiknum var lokið hafi hann komið að bifreið Karls Smára heitins, enda hafi Karl Smári verið búinn að skýra sér frá því, að hann ætti vín í bifreið sinni. Hafi stefnandi þá ver-

ið í aftursæti bifreiðarinnar og að því er sér hafi virst mjög ölvaður. Kvaðst Steinn hafa þegið vín hjá Karli Smára, en er hann hafi heyrt á honum, að hann ætlaði sér að aka heim, þá hafi hann reynt að fá hann ofan af þeirri ætlan og boðið honum far með sér. Sér hafi hins vegar ekki tekist að breyta ákvörðun Karls Smára. Á sama tíma hafi tveir menn, sem Steinn kvaðst ekki hafa þekkt, verið að reyna að fá Karl Smára til að hætta við akstursákvörðun sína. Ekki taldi Steinn stefnanda hafa getað fylgst með þessum viðræðum vegna ölvunar. Steinn gat þess, að oft hefði verið, þá er þeir félagarnir ætluðu út að skemmta sér, hafi þeir hist á undan og neytt áfengis. Algengt hafi verið, að einn þeirra neytti ekki áfengis, hvorki þar né á væntanlegum dansleik, heldur tæki að sér að vera ökumaður þeirra og fengi þá til umráða þá bifreið, sem þeir hverju sinni höfðu til umráða. Slíkt fyrirkomulag hafi verið þegjandi samkomulag millum þeirra og hafi þeir treyst viðkomandi hverju sinni. Hafi sá hins vegar farið að neyta áfengis síðar, þá hafi yfirleitt verið tekinn leigubíll frá dansleik, viðkomandi bifreið verið skilin eftir og sótt þá daginn eftir, enda hafi þeir haft næg bifreiðaráð.

Þeir Oddgeir Jensson og Guðmar Hafberg Hauksson, kennarar, voru saman á dansleiknum. Báðir skýrðu þeir svo frá, að þeir hefðu séð stefnanda töluvert ölvaðan á dansleiknum. Er honum var lokið, hafi þeir verið utan dyra nokkra stund. Hafi þeir veitt athygli, að Karl Smári og stefnandi hafi verið við bifreið Karls Smára og augsýnilegt, að Karl Smári hafi ætlað að aka bifreiðinni. Hafi þeir haft tal af Karli Smára, bent honum á ölvunarástand hans og reynt að fá hann til þess að aka ekki bifreiðinni. Hafi allar fortölur þeirra engan árangur borið, en Karl Smári ekið af stað. Þá hafi stefnandi sýnilega verið mikið ölvaður, meir en Karl Smári, og nefndi Guðmar það, að stefnandi hefði legið í aftursætinu. Þeir félagar hafi síðan fylgt bifreið Karls Smára eftir, þar sem henni var ekið austur Suðurlandsbraut, suður Grensásveg og síðan austur Sogaveg. Hafi aksturslag Karls Smára borið þess merki, að hann væri ekki að fullu fær til aksturs. Hafi hann skyndilega vikið frá lítilli bifreið, sem var kyrrstæð að hluta uppi á gangstétt, á Sogaveginum eins og hann hafi ekki séð hana, fyrr en í þann mund er hann kom að henni. Þar skammt fyrir austan hafi vörubifreiðin staðið, og kváðust þeir báðir hafa greinilega séð hana. Virtist sama hafa orðið uppi eins og við litlu bifreiðina, að Karl Smári

hafi ekki séð hana, fyrr en hann var fast að henni kominn, því hann reyndi þá að sveigja frá henni, sem honum ekki tókst.

Haukur Ásmundsson lögreglumaður skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði föstudagskvöldið 28. september 1974, er hann hafi verið á venjulegri eftirlitsvakt, veitt athygli vörubifreiðinni G 6628, þar sem hún stóð við hægri akbrún Sogavegar gegnt húsinu nr. 88. Þar sem hann hafi talið hættu geta stafað af bifreiðinni, hafi hann farið þarna í hús, hitt þar ungan mann og eftir að hafa fengið vitneskju, að þar væri að finna umráðamann bifreiðarinnar, hafi hann óskað eftir því, að bifreiðin yrði fjarlægð. Hafi þeim óskum verið vel tekið og hafi hann treyst því, að slíkt yrði gert, en ekki hafa haft frekari afskipti af framkvæmd.

Guðmundur Magnússon var umráðamaður vörubifreiðarinnar og skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að miðvikudagskvöldið fyrir umrætt slys hefði komið upp eldur í rafkerfi bifreiðarinnar og gert hana ógangfæra. Hafi hann látið draga bifreiðina á þann stað, sem hún var, er slysið skeði, og hafi hann fengið lögreglubifreið til að fylgja þeim drætti eftir, þar sem ljós hafi engin verið á bifreiðinni. Engar athugasemdir hafi lögreglumennirnir gert við stöðu bifreiðarinnar. Hann kvaðst í þetta skipti hafa þurrkað af glitmerkjum og ljósum aftan á bifreiðinni. Næstu daga hafi hann ekki verið í borginni, en komið heim til sín seint á laugardagskvöldinu 28. september 1974. Hafi hann þá fengið þau skilaboð, að lögreglumaður hefði komið með ósk um það, að bifreiðin yrði flutt. Þar sem svo áliðið hafi verið kvöldsins, hafi hann ekki haft tök á að verða við þeirri ósk, en ætlað að gera ráðstafanir til þess daginn eftir, en um nóttina hafi slysið orðið.

Grétar Sæmundsson lögreglumaður kom á slysstaðinn umrædda nótt. Hann kvað vettvang hafa verið slíkan, að á götunni hafi verið nýlegt malbik og um það bil á miðri akbrautinni hafi verið vel merkt varúðarlína. Veður var kalt, þurrt og kyrrt og gatan þurr. Myrkur var, en rafmagnslýsing góð eftir því sem gerist. Ljósastaurar staðsettir norðan götunnar, og næsti staur við slysstaðinn var rétt austan hans, en annar skammt vestan hans. Taldi hann aksturssskilyrði hafa verið góð eftir því sem getur verið á þessum stað að nóttu til. Grétar kvaðst hafa kannað, hvernig vörubifreiðin sæist lengra að, og í ljós hafi komið, að hún var greinilega sjáanleg alllangt frá. Glitmerki undir pall-

hornum bifreiðarinnar hafi verið hrein svo og afturljósið hægra megin, en vinstra afturljós var brotið. Hann kvaðst hafa kannað, hvernig þessi glitmerki svöruðu ljósum frá bifreið þeirri, er hann ók, og í ljós hafi komið, að afturljós endurkastaði ekki ljósi, og glitmerkin á pallhornum endurköstuðu ekki ljósi, fyrr en komið var allnærri bifreiðinni, en miðað við það, hve þau voru hátt frá jörðu, mætti segja, að það væri eðlilegt. Grétar kvaðst hafa farið í slysavarðstofuna og fengið að tala við stefnanda. Hafi hann verið með meðvitund, en sjáanlega drukkinn.

Með skýrslu rannsóknarlögreglu liggur fyrir uppdráttur af slysstað. Samkvæmt þeim uppdrætti virðist heildarbreidd Sogavegar vera nálægt 9 metrum, sem skipt er í tvær akreinar með brotnandi strikum til helminga fyrir hvora aksturssstefnu. Akreinaskipti eru ekki merkt á hvorum helmingi akbrautarinnar. Á uppdrættinum er ljóst, að vörubifreiðin G 6628 er staðsett við jaðar hægri akbrautar, og vegna breiddar hennar tekur hún um helming þeirrar brautar miðað við miðlínu alls vegarins. Engin bannmerki voru eða eru til lagningar bifreiða á Sogavegi. Dómarinn hefur farið á vettvang nú til könnunar aðstæðum. Sást þá engin miðlínumerking.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda dánarbúi Karls Smára eru byggðar á hinni almennu skaðabótareglu, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ljóst sé, að Karl Smári heitinn hafi með gálauslegum akstri sínum í umrætt sinn verið valdur að árekstrinum. Vitað sé, að Karl Smári neytti áfengis á dansleiknum, og skýrslur sýni, að hann muni hafa borið þess einhver merki, áður en hann hóf akstur bifreiðar sinnar frá staðnum og einnig við akstur hennar. Áfengismagn í blóði hans var hins vegar ekki sannreynt. Stefnandi hins vegar var samkvæmt eigin framburði, sem einnig styðst við framburði vitna, mjög ölvaður á dansleiknum og að honum loknum. Stefnandi og Karl Smári voru kunningjar og skemmtu sér stundum saman, en í hér umrætt sinn hafi þeir ekki verið saman. Ekkert sé fram komið í málinu, að þeir hafi séð hvor til annars um neyslu áfengis á dansleiknum, en að því er best verður séð hafi þeir aðeins hist til skipta á kveðjum, er stefnandi kom í samkomuhúsið. Að dansleiknum loknum, er stefnandi lenti í rimmu þar utanhúss, hafi Karl Smári, ef svo má segja, bjargað honum frá frekari afleiðingum og komið honum í bifreið sína til aksturs heim. Verði að ætla, að stefnandi hafi þá ekki getað eða mátt geta ætlað, að Karl Smári væri með áfengisáhrifum. Afskipti aðilja þess efnis

að fá Karl Smára til að hætta við akstur bifreiðar sinnar hafi vegna ölvunarástands stefnanda farið fram hjá honum, svo sem allir framburðir þar að lútandi leiði í ljós. Af þessu leiði, að ekki verði með neinu móti lagt á stefnanda sjálfan að bera hluta tjóns síns fyrir það að hafa gerst farþegi með ölvuðum ökumanni, sem þá ekki var fær um akstur á öruggan hátt. Verði að gera mjög ríkar kröfur um sönnun af hálfu skaðvalds um það atriði.

Kröfur stefnanda á hendur stefndu Rögnu Lindberg eru byggðar á 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Vörubifreiðinni G 6628 hafi verið lagt við syðri akbrautarbrún Sogavegar gegnt húsinu nr. 88. Sé það algerlega ólögleg staðsetning, og stafaði veruleg hætta af henni fyrir umferð um veginn, svo sem og raun varð á. Vekur stefnandi athygli á því, að kvöldið fyrir slysið hafi lögreglumaður óskað eftir því, að umráðamaður bifreiðarinnar fjarlægði hana vegna þeirrar hættu, sem af henni stafaði. Þrátt fyrir loforð um að gera slíkt, var því ekki sinnt. Sé hér um að ræða vítavert kæruleysi af hálfu umráðamanns vörubifreiðarinnar og megi rekja orsakir slyssins m. a. til hinnar háskalegu stöðu vörubifreiðarinnar, en á því beri stefnda Ragna Lindberg ábyrgð sem eigandi hennar.

Kröfur stefnanda á hendur hinum stefndu vátryggingarfélögum byggir hann á 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Sýknurök stefndu dánarbús Karls Smára og Almennra tryggginga h/f eru fyrst og fremst þau, að stefnandi hafi hlotið að vita, að ökumaður Y 4469, Karl Smári, hafi vegna ölvunarástands verið óhæfur til aksturs bifreiðarinnar í umrætt sinn. Þeir stefnandi og Karl Smári voru kunningjar og þó þeir í þetta sinn hafi ekki farið saman á dansleikinn, þá sé ljóst af framburðum vitna, að þeir hittust þar og þá í félagahóp. Verði að ætla, að stefnanda hafi verið kunnugt um áfengisneyslu Karls Smára. Eftir að dansleiknum lauk og stefnandi var kominn inn í bifreið Karls Smára, hafi bæði kunnugir og ókunnugir aðiljar reynt að fá Karl Smára til að láta af fyrirætlan sinni um akstur bifreiðarinnar. Stefnandi hlaut að verða þessa var. Jafnvel þótt hann haldi því fram, að hann hafi verið með skerta dómgreind sökum eigin áfengisneyslu, þá geti það á engan hátt leyst hann undan þeirri ábyrgð á sínu eigin lífi og limum, sem hann af fúsum og frjálsum vilja tekur á sig með því að setjast upp í bifreið hjá drukknum manni. Hann hafi þá sjálfur vitandi vits komið sér í slíkt ástand. Af þessu leiði, að stefnandi verði að bera tjón

sitt alfarið sjálfur, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Til ýtrustu vara mótmæla þessir stefndu kröfufjárhæð stefnanda sem of hárri, og bent er á, að á þessum tíma, sbr. lög nr. 25/1974, hafi hámark ábyrgðartryggingar bifreiða verið kr. 6.000.000. Tryggingarfélagið geti því ekki borið meiri solidariska ábyrgð með dánarbúinu en sem þeirri fjárhæð nemur, sbr. 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga.

Sýknukrafa stefndu Rögnu Lindberg og Hagtryggingar h/f er í fyrsta lagi studd þeim rökum, að orsakir slyssins verði alfarið raktar til stórfellds gáleysis ökumanns Y 4469, Karls Smára, með vítaverðum akstri sínum undir áhrifum áfengis, er trufluðu gerðir hans. Í annan stað telja þessi stefndu stefnanda eiga sjálfan að bera ábyrgð á tjóni því, er hann hlaut í slysinu, þar sem hann hafi mátt vita, þá er hann gerðist farþegi í bifreið Karls Smára, að hann væri með áfengisáhrifum og því óhæfur til aksturs. Hníga þessi rök hans til hins sama og hinna fyrrtöldu stefndu að þessu leyti. Þessi stefndu benda á það í öðru lagi, að hér umrætt slys sé ekki árekstur bifreiða í merkingu 68. gr. umferðarlaga. Verði því ábyrgð á hendur sér eingöngu byggð á hinni almennu skaðabótareglu, sbr. 1. mgr. 69. gr. laganna. Engu slíku sé til að dreifa í hér umræddu tilviki. Vörubifreiðin G 6628 var löglega staðsett við hægri götubrún Sogavegar og breyti þar eigi um, þótt hún hafi verið nokkru fyrirferðarmeiri en venjuleg einkabifreið gerðar sinnar vegna. Ekkert bannaði lagningu bifreiðarinnar á umræddum stað til bráðabirgða, og allt var gert af hálfu umráðamanns hennar, til að hún væri sýnileg annarri umferð, svo sem hrein glitmerki og ljósker. Einnig hafi lýsing götunnar verið góð, þannig að öll akstursskilyrði á staðnum voru góð þrátt fyrir rökkur. Er og bent á það, að Karl Smári hafi áður nær rekist á aðra bifreið við sömu götubrún og mátt því gera sér ljóst þrátt fyrir allt, að hann þyrfti að varast slíkar hindranir á þessum stað. Hið sama megi og segja um stefnanda sjálfan, sem sat við hlið hans í bifreið Karls Smára. Af þessu sé því ljóst, að engin sú sök sé af hálfu umráðamanns G 6628, sem leitt geti til bótaábyrgðar gagnvart stefnanda á tjóni hans. Til ýtrustu vara mótmæla þessi stefndu kröfufjárhæð stefnanda sem allt of hárri, og bent er á, að tryggingarfélagið geti ekki borið hærri fjárskyldu en sem nemur kr. 6.000.000 með sama grundvelli og hið fyrrtalda tryggingarfélag.

Til niðurstöðu dóms um bótaskyldu í málinu verður að taka

afstöðu til eftirfarandi þriggja þátta: a) Karls Smára, b) umráðamanns vörubifreiðarinnar og c) stefnanda sjálfs.

Blóðsýni var ekki tekið úr Karli Smára til ákvörðunar um áfengisáhrif. Það þykir hins vegar nægilega sannað með framburðum þeim, sem hér að framan eru raktir, að Karl Smári var með áfengisáhrifum, þá er hann ók bifreið sinni frá veitingahúsinu. Af framburðum þeirra Oddgeirs Jenssonar og Guðmars Hafberg, sem fylgdust með akstri Karls Smára frá veitingahúsinu og þá leið fram að því, er slysið skeði, þykir ljóst, að allt aksturslag hans hafi verið með þeim hætti, að hann hafi ekki haft nægilegt vald á akstri bifreiðar sinnar. Af þeim sökum telur dómarinn Karl Smára hafa með þeim akstri átt sök á slysinu. Er dánarbú hans því bótaskylt gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann varð fyrir í umrætt sinn samkvæmt almennum skaðabótareglum og ákvæðum umferðarlaga.

Eins og fyrr segir, byggir stefnandi kröfur sínar á hendur stefndu Rögnu Lindberg á því, að slysið megi að hluta rekja til stöðu vörubifreiðarinnar. Umráðamaður vörubifreiðarinnar hafði lagt henni á umræddan stað vegna bilunar tveim til þrem dögum fyrir slysið og hafi lögregla fylgst með þeim aðgerðum að hans sögn og sem ekki hefur verið vefengt. Hann gætti þess, að glitljós á bifreiðinni og ljósker væru hrein til svörunar ljósgeisla að henni. Staðfestir framburður lögreglumanns þess, er kom á vettvang, að svo hafi verið. Sogavegur er akbraut fyrir umferð í báðar áttir. Var umráðamanni vörubifreiðarinnar heimil lagning hennar við hægri brún akbrautarinnar, svo sem gert var. Stöður bifreiða á akbraut eru í eðli sínu ávallt hindrun fyrir aðra umferð, en óhjákvæmileg og kunn öllum ökumönnum. Hindrunin verður því meiri sem ökutækið tekur meira rými af akbrautinni. Í hér umræddu tilviki var um vörubifreið að ræða, sem tók um fjórðung akbrautarinnar til stöðunnar. Þrátt fyrir það var umferð um götuna greið. Það er því álit dómarans með tilliti til þess, sem segir um akstur Karls Smára hér að framan, að frágang umráðamanns vörubifreiðarinnar við lagningu hennar, svo og aðstæðna allra, að eigi verði sérstök sök á slysinu lögð vegna stöðu vörubifreiðarinnar.

Það er ljóst af gögnum málsins, að stefnandi og Karl Smári voru kunningjar, eða jafnvel vinir, og svo var um aðra félaga stefnanda, sem á dansleiknum voru saman eða hittust saman. Stefnandi kom einn til dansleiksins og neytti þar áfengis. Virðist af framburðum þar um, að hann hafi orðið alldrukkinn og

verið svo að dansleiknum loknum. Af þeim framburðum, sem fyrir liggja, verður ekki ráðið, að þeir stefnandi og Karl Smári hafi sameiginlega neytt áfengis á dansleiknum eða hist þar sérstaklega. Þykir verða að leggja til grundvallar þar um skýrslu stefnanda. Að dansleiknum loknum losaði Karl Smári stefnanda frá útistöðum við aðra aðilja og tók hann inn í bifreið sína til aksturs heim til þeirra í Kópavog. Því hefur verið haldið fram af stefnanda, að þá er þeir félagar hafi neytt áfengis og farið til dansleikja, hafi jafnan einn þeirra ekki neytt áfengis, en tekið að sér akstur á þeim félögum, enda virðist sem þeir hafi allir haft umráð bifreiða, annað hvort eigin eða að láni. Framburður Steins Steinsen hnígur og til þess. Einnig kemur fram, að Daníel Friðriksson, einn þeirra félaga, hafi ekki neytt áfengis á dansleiknum, þar sem hann hafi verið „bifreiðarstjóri þetta kvöld". Ljóst er, að eftir að stefnandi kom inn í bifreið Karls Smára, hafi aðiljar rætt vlð Karl Smára í þeim tilgangi að fá hann til að láta af ætlun sinni til aksturs, þar á meðal Steinn Steinsen. Ber þeim aðiljum saman um, að stefnandi hafi þá verið öfurölvi. Að þessu öllu athuguðu, sem nú hefur verið rakið, þá telur dómarinn, að stefnandi hafi ekki vitað, mátt vita eða hefði átt að vita, að Karl Smári var með áfengisáhrifum við aksturinn og af þeim sökum ekki verið fær um akstur bifreiðar sinnar. Verður hluti sakar því ekki lagður á stefnanda sjálfan af völdum slyssins.

Niðurstaða er því sú, að stefnandi á óskertan bótarétt úr hendi dánarbúi Karls Smára og Almennum tryggingum h/f, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, með þeim takmörkunum, sem síðar verða greindar varðandi tryggingarfélagið. Ber hins vegar að sýkna aðra stefndu í málinu, þ. e. Rögnu Lindberg og Hagtryggingu h/f.

Stefnandi sundurliðar nú bótakröfur sínar þannig:

1. Vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku kr. 18.016.982
2. Bætur vegna miska, óþæginda og sársauka .. — 900.000

Kr. 18.916.932

Um 1.

Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda, og í mati hans eru teknar upp læknisskýrslur varðandi meðferð stefnanda eftir slysið. Fyrst vitnar hann til vottorðs Bjarna Hannessonar, heilaskurðlæknis við skurðdeild Borgarspítalans, dags. 29. september 1976, en þar segir orðrétt:

„Sverrir Gaukur Ármannsson, f. 9/2 '52, Digranesvegi 67, Kópavogi, var fluttur á Slysadeild Borgarspítalans kl. 03.10 að nóttu

þ. 29/9 '74. Samkv. upplýsingum frá sjúkrabílstjórum var sjúkl. farþegi í bifreið, sem var ekið undir vörubílpall. Við komu á Slysadeild var sjúkl. með fullri meðvitund. Það fannst, að hann var með tveggja cm skurð hæ. megin á hnakka og skrámur á báðum hnjám, aðrir ytri áverkar sáust ekki. Við neurologiska skoðun fannst, að sjúkl. var með quadriplegiu, þannig að hann hafði góða krafta í biceps vöðvum báðum megin, en tricpes vöðvinn hæ. megin var gjörsamlega lamaður. Sjúkl. var með smá hreyfingu í vi. triceps vöðva. Hann var með algjöra lömun þar fyrir neðan og hafði t. d. enga krafta við grip og engan mátt í fótleggjum. Hann hafði góða biceps reflexa bilateralt, en það voru engir triceps reflexar og engir reflexar í fótum. Hann hafði enga tilfinningu fyrir neðan viðbein, og við skoðun fannst, að það var sensoriskt tap við VII. cervical dermatome. Það voru engin merki um áverka á brjóstholi, kviðarholi eða útlimum. Teknar voru rtg. myndir af sjúkl., sem sýndu, að hann var með brot á VI. hálslið, en brotið hafði ekki gengið teljandi til.

Sjúkl. var síðan meðhöndlaður með hálsstrekki, og það var lagður upp hjá honum þvagleggur. þar sem hann gat ekki losnað við þvag vegna mænuskemmda. Hann var síðan tekinn til aðgerðar þ. 10/10 '74 og gerð fremri spenging, sem náði frá V.—VII. hálsliðar. Spengingin heppnaðist vel, þannig að sjúkl. greri með góða legu á brotunum, og hann sýndi síðan bata smám saman. Hann fékk fyrst kraft í vi. triceps vöðva og fór að geta hreyft fingurna vi. megin. Síðan fékk hann mátt í vi. fótlegg. Það tókst að losa hann við þvaglegginn þ. 28/10, og sjúkl. losnaði eðlilega við þvag eftir það.

Þann 29/10 '74 var neurologiskt ástand sjúkl. þannig, að hann var búinn að fá góðan kraft í triceps vi. megin, hann gat hreyft fingur allvel, hann hafði töluverðan kraft í vi. fótlegg, og hann gat hreyft fingur hæ. megin, en triceps vöðvinn var enn máttlaus, og hann var með algjöra lömun í hæ. fótlegg. Þá fannst, að sjúkl. var búinn að fá tilfinningu hæ. megin í líkamanum bæði fyrir sársauka-, hita- og snertiskyn, en hann hélt áfram að vera tilfinningalaus vi. megin frá C VII. dermatome.

Ástand sjúkl. hélt síðan áfram að lagast. Spengingin var góð, og sjúkl. fluttis á Endurhæfngardeild Borgarsp. við Grensásveg þ. 18/11 '74, og þá var sjúkl. kominn í hjólastól og hafði eðlileg þvaglát, og síðan hefur þessi sjúkl. verið í umsjá og undir eftirliti lækna Endurhæfingardeildar Borgarspítalans, og varðandi frekara ástand sjúkl. vísast til þeirra. Áverkar sjúkl. voru því: Brot

á VI. hálslið með alvarlegri skemmd á mænu með afleiðingum, sem lýst hefur verið að ofan".

Þá vitnar Björn Önundarson til vottorðs Ásgeirs B. Ellertssonar, yfirlæknis við endurhæfingardeild Borgarspítalans, dags. 22. desember 1975, en þar segir til viðbótar: „Í stórum dráttum er ástand sjúkl. óbreytt frá því, sem það var við útskrift frá endurhæf.d. Bsp. í ágúst '75. Hann er sjálfbjarga og fer allra sinna ferða með stuðningi eins hækjustafs.

Hann hefur væga verul. tetraparesis. Paresan vart merkjanleg í v. ganglim og væg í v. handl., nema fingurhreyfingar, sem eru talsv. skertar. Hann getur þó spilað með öllum fingrum v. handar á móti þumalfingrinum. Því sem næst algjör paresa í h. hendi og h. fæti. Spastiskir refl. í ganglimum, en bæði patellar og fótklonus bilat. og pos. Bab. bil. Eðlilegur tonus í handleggjum. Væg — veruleg húðskynstruflun distalt við C.-VIII. bilat., þ. e. a. s. ulnart á dig. IV og V á báðum höndum svo og neðan við clavicula bilat. Talsvert dissociation er á þessari húðskynstruflun, þannig að sársauka- og hita- og kuldaskynið er verulega skert á v. hluta bógs og v. ganglim. Snertiskynið er mjög vægt skert. Vibratonsskynið er upphafið í v. ganglim og minnkað á h. ganglim. Stöðuskyn horfið á h. fæti, minnkað á v. fæti, og djúpa sársaukaskynið er til staðar h. megin, en upphafið á v. fæti.

Meðf. Læknar skurðlækningadeildar og endurhæfingardeildar Borgarspítalans í Reykjavík hafa stundað sjúkl. auk mín.

Hjúkrun og meðferð tel ég fullnægjandi eins og er.

Starfsgeta: Frá því slysið varð, þann 29/9 '74, og þar til nú, hefur sjúkl. ekki stundað nein störf. Starfsgeta ums. er verulega skert og mun verða það í framtíðinni. Með þeirri lömun, sem Sverrir hefur, ætti hann að geta stundað ýmiss konar léttari störf, eða haldið áfram námi innan ákveðins ramma, t. d. með kennslustörf í huga.

Ums. hefur fengið gr. dagpeninga frá Sjúkrasamlagi til september 1975.

Pilturinn kemur til með að vera verulegur öryrki það sem eftir er ævinnar. Ætti samt að geta innt af hendi ýmiss konar störf, og vinnur hann nú að því ásamt ættingjum að fá hentugt starf, á meðan hann er að velta því fyrir sér, hvort hann ætti að halda áfram framhaldsnámi."

Enn liggur fyrir vottorð, undirritað af Lárusi Helgasyni, yfirlækni við Kleppsspítalann í Reykjavík, dags. 30. júlí 1976, svohljóðandi:

„Að beiðni tryggingayfirlæknis, Björns Önundarsonar, var Sverrir Gaukur Ármannsson, Digranesvegi 67, Kóp., f. 9/2 '52, n.nr. 8776-8147, rannsakaður með tilliti til afleiðinga bifreiðaslyss á andlegt heilsufar hans.

Foreldrar Sverris Ármann J. Lárusson, verkamaður, og Björg Árnadóttir, verkstjóri í frystihúsi. Sverrir er fæddur í Reykjavík, ólst upp hjá foreldrum, en þau fluttust fljótlega til Kópavogs. Hann á 3 árum yngri systur, sem nú er í skóla. Sverrir telur, að nokkurt ósamkomulag hafi verið milli foreldranna, og mun það ástand hafa haft einhver áhrif á sig. Hann fór í barnaskóla og gekk vel, en í gagnfræðaskóla og menntaskóla fór námið að ganga misjafnlega, reyndar var hann þá ekki viss um, hvort hann ætlaði sér menntaveginn. Stúdentseinkunn hans mun hafa verið nokkuð fyrir neðan meðallag. Á þessum árum undi hann mest við íþróttir og ferðalög, auk þess sem hann spilaði allmikið. Eitthvað mun hann líka hafa gutlað við vín. Svo virðist sem hann þegar á menntaskólatímabilinu hafi viljað komast hjá því að taka ákvörðun um framtíðarverkefni. Að loknu stúdentsprófi hóf hann vinnu á vinnuvélum án þess þó að hafa það sem framtíðarstarf í huga. Hann hafi þá gælt við þá hugsun að halda áfram námi í Háskólanum í stærðfræði eða eðlisfræði. Segja má, að hann hafi verið í nokkurs konar bið að loknu stúdentsprófi, áður en að hann fyndi hjá sér getu eða löngun til þess að taka ákvörðun um, hvers konar verkefni hann ætti að taka að sér í framtíðinni. Slík bið er ekki óalgeng og oft skynsamleg.

Þann 28/9 1974 lenti Sverrir í mjög alvarlegu bílslysi og lamaðist mikið. Læknar sjúkrahúss þess, er hann dvaldi á, bentu honum fljótlega á, að hann mætti reikna með að verða mikið varanlega lamaður. Hann skoðaði það hins vegar sem „staðreynd", að hann mundi verða aftur því sem næst, ef ekki alveg, fullfrískur. Til þess að styrkja þessa skoðun bendir hann á, að læknarnir hafi þegar spáð rangt til um horfur hans. Skerðing hans í hreyfingum er mjög veruleg, göngugetan takmörkuð, hægri hönd næstum ónýt, og getur hann engan veginn skrifað með henni, en vinstri hönd verulega skert og óvíst um, hvort hann geti þjálfað hana upp til þess að geta notað til skrifta. Fyrir ungan stúdent, sem naut íþrótta, göngu og ferðalaga, hlýtur slík skerðing að sjálfsögðu að vera mjög alvarleg. Hann tekur ekki á málinu með því hugarfari, að því er virðist í viðtali. Hann telur líkamlegu skerðingu sína núna vera aðeins millibilsástand, þar sem staðreyndin mun vera sú, að hann ætti eftir að verða miklu betri, ef ekki

alveg góður. Hann ræðir jafnframt um að fara í Háskólann til þess að nema lögfræði eða stærðfræði eða eðlisfræði.

Þegar á sjúkrahúsinu eftir slysið fór hann að verjast tilfinningavandamálum með því að sleppa tímanum, hugsa aðeins það jákvæða og stefna að því að verða friskur og sanna fyrir sjálfum sér, læknum og öðrum, að hann muni ná því takmarki. Hann virðist því forðast að sjá framtíð sína öðru vísi en sem meira eða minna með friskan líkama.

Í viðtalinu tjáir Sverrir einlægt skoðanir sínar. Hann er opinskár innan vissra marka. Hann virðist forðast að taka ákveðna afstöðu til neins áforms, sennilega í og með til þess að þurfa ekki að láta reyna á getu sína til þess að mæta kröfum þeim, sem þarf til þess að ná því markmiði. Hann er því enn sjúkl., sem ekki hefur náð sér og stríðir við að ná bata. Það er því óvíst, hvernig hann muni bregðast við, þegar veikindatímabilinu lýkur og hann þarf að mæta takmörkunum sínum.

Þá gæti svo farið, að hann lenti í óþægilegu og jafnvel alvarlegu áfalli. Vegna þessa taldi ég rétt að fá sálfræðing til þess að prófa persónuleikastyrk hans, ef ske kynni, að svar fengist við því, hvort Sverrir muni geta mætt líkamsskerðingu sinni og afleiðingum hennar síðar.

Í prófinu, sem tekið var af Ingólfi Guðjónssyni, segir m. a. „.... ef hann fær raunverulegan áhuga, þá er líklegt, að hann upplifi sínar líkamlegu takmarkanir. Líklegt er, að honum líði illa undir niðri og að þá komi fram aggressionir, kvíði og örvílnan, ef þær koma einhvern tímann upp á yfirborðið". Ennfremur segir í niðurstöðu: „Hann virðist mjög aktifur, en krafti hans er líklega beint stefnulaust og án tillits til framtíðarinnar og líkamlegrar og andlegrar getu í dag."

Sverrir er myndarlegur maður, snyrtilegur og vel klæddur, en með skertar ganghreyfingar. Hann er fremur einlægur, sæmilega opinskár og virðist öruggur í framkomu. Hann er vel greindur, þekking og orðaforði í samræmi við menntun. Hugsanagangur og tjáningaform er skýrt og nærminni jafnt sem fjærminni gott. Meðvitund greinileg, athygli góð, engar skyntruflanir eða ofskynjanir koma fram. Ekki koma fram nein einkenni, sem benda til heilaskaða.

Niðurstaða: Hér er um að ræða 24 ára pilt, sem hefur fengið alvarlegar líkamsskerðingar af völdum bílslyss. Viðbrögð hans gagnvart slysinu hafa í vissum skilningi verið sterk, en hann

hefur byggt upp vörn á þeim forsendum og forðast að hugsa til afleiðinga slyssins og viðurkenna, að líkamsskerðing verði nokkur að ráði. Þannig hefur hann ekki enn horfst í augu við það ástand eða bata, sem hann varanlega verður að sætta sig við og taka afstöðu til tilverunnar út frá því. Ég tel því ekki rétt, að gengið sé nú endanlega frá mati á andlegu heilsufari og viðbrögðum hans gagnvart slysinu, þar sem svo virðist sem hann hafi ekki enn horfst í augu við líkamlegar takmarkanir sínar og að hann geti fengið, þegar að því kemur, langvinna og þjáningarfulla taugaveiklun."

Loks liggur fyrir sálfræðileg athugun á stefnanda, framkvæmd af Ingólfi Guðjónssyni sálfræðingi. Skýrslan er ódagsett. Eftir fræðilega útlistun, sem nánar vísast hér til skýrslunnar, er samantekt sem hér segir: „Sverrir kom til sálfræðingsins brynjaður mjög, en sagði þó aðeins frá sér í síðasta viðtali. Prófin benda til þess, að Sverrir afneiti ógnandi tilfinningum og umhverfisþáttum í formi mikilla varna, enda virðast þær hafa almennt verið ríkur þáttur í persónuleika hans. Hvort hann finnur nokkurn tíma fyrir tilfinningum undir niðri, virðist mikið háð þáttum í hinu ytra umhverfi hans.

Samkvæmt úrslitum nú er líklegt, að hann geti ráðið við tilfinningar sínar vegna tiltölulega trausts persónuleika. Hann virðist mjög aktivur, en krafti hans er líklega beint stefnulaust og án tillits til framtíðarinnar og líkamlegrar og andlegrar getu í dag".

Síðan segir í mati Björns Önundarsonar, að stefnandi hafi verið óvinnufær frá slysdegi til 5. ágúst 1975. „Eftir það er starfsgeta að sjálfsögðu mjög verulega skert, enda þótt talið sé, að hann mundi geta unnið einhver létt skrifstofustörf eða því um lík störf. Varanleg starfsgeta slasaða að sjálfsögðu einnig mikið skert. Varanlegar afleiðingar þessa slyss eru margvíslegar og ef til vill ekki að fullu séð fyrir endann á þeim. Svo sem fram er komið, kemst slasaði allra sinna ferða við einn hækjustaf. Hann hefur þó nokkra tetraparesis. Paresan er þó vart merkjanleg í vinstri ganglim og væg í vinstri handlegg, nema hvað fingurhreyfingar eru töluvert skertar. Hann hefur þó grip með öllum fingrum vi. handar á móti þumalfingri. Svo til algjör paresa í hæ. hendi og hæ. fæti. Spastiskir reflexar í ganglimum, en bæði patellar og fótklonus bilat. og pos. Bab bilateralt. Eðlilegur tonus er í handleggjum. Allveruleg húðskynstruflun er distalt við C-VII bilat., þ. e. a. s. ulnart dig IV og V á báðum höndum svo og neðan við Clavicula bilat. Að öðru leyti vísast til neurologiska skoðunnar Ásgeirs B.

Ellertssonar yfirlæknis, sem kemur fram í vottorði hans, sem að framan er skráð.

Hvað geðheilsu þessa pilts eftir áðurnefnt slys varðar, er talið erfitt að spá um. Hann virðist ekki hafa beðið neins andlegs hnekkis á þann veg að tapa t. d. minni eða því um líkt, en hver viðbrögð hans tilfinningalega síðar kunna að vera, er erfitt að spá. Það er því rétt, að fram komi, að hugsanlegt er, að endurskoða þurfi mat þetta síðar meir.

Þar sem nú er ekki talið, að um verulegar breytingar til batnaðar vegna afleiðinga áðurnefnds slyss verði hér eftir að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 10½ mánuð 100%
Varanleg ..... 75%"

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur út örorkutjón stefnanda, fyrst 23. október 1976 og síðar 6. janúar 1978. Útreikningar tryggingastærðfræðingsins eru byggðir annars vegar á skattframtalstekjum stefnanda árin 1972—1974 og áætluðum vinnutekjum miðað við umreiknaðar meðaltekur kvæntra verkamanna samkvæmt úrtakstölum (meðaltal áranna 1971—1975) hækkað um hlutfallið milli taxta fyrir stjórn stórvirkra vinnuvéla, en við slíkt starfaði stefnandi á árunum 1972—1974, og vegins meðaltals allra taxta Dagsbrúnar. Síðan reiknar hann út árlegt tap vinnutekna í samræmi við örorkumatið, notandi annars vegar 9% ársvexti og hins vegar 13% ársvexti.

Þetta mat umreiknar síðan Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur með tilliti til verðlagsbreytinga, dags. 21. júní 1979, en byggir að öðru leyti á útreikningum Þórir Bergssonar. Eru niðurstöðutölur hans þessar:

	9% p. a.	13% p. a.
Vegna tímabundinnar örorku .	kr. 263.526	kr. 259.982
Vegna varanlegrar örorku	— 38.830.000	— 25.847.000
	Kr. 39.093.526	kr. 26.106.982

Frá 1. október 1975 var stefnanda úrskurðaður fullur örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins og janframt full tekjutrygging. Reikna tryggingastærðfræðingarnir verðmæti örorkulífeyris-

ins og tekkjutyggingarinnar (reiknað til 67 ára aldurs), og eru niðurstöðutölur í endurreikningi Jóns Erlings þessar:

	9% p. a.	13% p. a.
Örorkulífeyrir	kr. 6.059.000	kr. 4.235.000
Tekjutrygging	— 5.845.000	— 3.855.000
	Kr. 11.904.000	kr. 8.090.000

Það er á þessum niðurstöðutölum, sem stefnandi byggir fjárhæð kröfu sinnar samkvæmt þessum lið. Miðar hann þá við 13%, eða

kr. 26.106.982

að frádregnum — 8.090.000 kr. 18.016.982

Í útreikningum tryggingastærðfræðinganna kemur fram, að stefnandi fékk greitt í dagpeninga frá sjúkrasamlagi kr. 186.880. Verðmæti þess nemur á slysdegi í útreikningunum kr. 178.037, ef miðað er við 9% ársvexti, og kr. 174.673, ef miðað er við 13% ársvexti.

Þegar allt það er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, tillit tekið til þess, að tryggingastærðfræðingarnir reikna ekki frádrátt vegna opinberra gjalda í útreikningum sínum, svo og annarra þeirra atriða, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta af þessu tagi, þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið með kr. 13.000.000.

Um 2.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Samkvæmt henni og öðru því, sem skipta þykir máli, þykir mega taka þennan kröfulið stefnanda til greina óskertan.

Tjón stefnanda telst því nema kr. 13.900.000 (13.000.000 + 900.000), og með vísan til þess, er áður greinir um bótaskyldu, ber að dæma stefnda dánarbú Karls Smára Magnússonar til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, eins og krafist er.

Stefndi Almennar tryggingar h/f er bótaskyldur in solidum með dánarbúinu samkv. ákvæði 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga. Hins vegar er ljóst, að á þeim tíma, er slysið skeði, var trygging félagsins sem ábyrgðaraðilja bifreiðarinnar Y 4469 að hámarki kr. 6.000.000. Af þeim sökum takmarkast hin solidariska ábyrgð þess við þá fjárhæð að viðbættum vöxtum, eins og þeir eru dæmdir í málinu.

Samkvæmt þeirri niðurstöðu, sem að framan er rakin, ber að

dæma hina dæmdu stefndu til greiðslu málskostnaðar. Í málinu liggur fyrir sundurliðaður málskostnaðarreikningur. Samkvæmt honum nemur útlagður kostnaður af rekstri málsins kr. 128.775. Heildarmálskostnaður í málinu þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.828.775, þar af hljóti skipaður talsmaður stefnda, Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, kr. 1.700.000. Málskostnaður þessi renni í ríkissjóð. Hin solidariska ábyrgð Almennra trygginga h/f takmarkast að hluta málskostnaðar við kr. 890.000.

Málskostnað að því er varðar stefndu Rögnu Lindberg og Hagtryggingu h/f þykir eftir atvikum bera að fella niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu Ragna Lindberg Marusdóttir (sic) og Hagtrygging h/f eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sverris Ármannssonar, í máli þessu, en málskostnaður að því er þau varðar fellur niður.

Stefndu dánarbú Karls Smára Magnússonar og Almennar tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 13.900.000, báðir stefndu in solidum kr. 6.000.000, en stefndi dánarbúið eitt kr. 7.900.000, hvorar tveggja fjárhæðirnar með 13% ársvöxtum frá 29. september 1974 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu dánarbú Karls Smára og Almennar tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 1.828.775 í málskostnað, báðir stefndu in solidum kr. 890.000, en stefndi dánarbúið eitt kr. 938.775, og renni fjárhæðir þessar í ríkissjóð. Kostnaður stefnanda af rekstri málsins, kr. 1.828.775, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.700.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. desember 1982.

Nr. 170/1980. **Gunnar Davíð Jones**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Sigurði Stefánssyni
Margréti Lilju Guðmundsdóttur og
(Ingi Ingimundarson hrl.)
Hilmari Þór Leifssyni
(Kristinn Einarsson hrl.).

Skaðabótamál. Líkamsárás. Sátt í opinberu máli. Vanreifun. Kröfu að hluta vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1980. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér 2.028.00 krónur með 13% ársvöxtum af 2.928.00 krónum frá 28. ágúst 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 18. maí 1978, en með 19% ársvöxtum af 2.028.00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 8. desember 1982 og með áframhaldandi dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Sigurður Stefánsson og Margrét Lilja Guðmundsdóttir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara krefjast þau lækkunar á kröfum áfrýjanda og niðurfellingar málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hilmar Þór Leifsson krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og fram er komið í skjölum málsins, var af ákæruvaldsins hálfu ekki krafist frekari aðgerða gagnvart stefnda Hilmari Þór vegna árásar þeirrar, sem áfrýjandi varð fyrir. Ríkissaksóknari heimilaði að ljúka málinu gagnvart stefndu Sigurði og Margréti Lilju með dómssátt gegn greiðslu hæfilegrar sektar og sanngjarnra skaðabóta til áfrýjanda, sem sett hafði fram bótakröfu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á hendur stefnda Sigurði, að fjárhæð 252.808 gamlar krónur. Sátt var gerð við stefnda Sigurð í sakadómi Reykjavíkur 5. maí 1978, þar sem hann gekkst undir sektargreiðslu og samþykkti að greiða áfrýjanda 90.000 gamlar krónur, sem áfrýjandi fékk sendar í ávísun 19. maí 1978.

Stefndi Sigurður heldur því fram, að sátt sú, sem gerð var 5. maí 1978, sé bindandi fyrir áfrýjanda og geti hann ekki haft uppi frekari kröfur vegna árásarinnar.

Ekki verður talið, að sakadómarinn hafi haft heimild til að lækka bótakröfu áfrýjanda með sátt án samþykkis hans. Samkomulag varð ekki um bótakröfuna, eins og boðið er í 1. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974, og er áfrýjandi því óbundinn af sáttinni.

II.

Áfrýjandi sundurliðar tjón sinn þannig:

1. Fataskemmdir	gkr.	17.000
2. Lækniskostnaður	—	6.000
3. Aksturskostnaður	—	10.000
4. Atvinnutap	—	59.808
5. Miski	—	200.000

6. Frádregst innborgað til sakadóms Reykjavíkur 18/5 1978	gkr.	90.000
7. Mismunur	—	202.808
Samtals	gkr. 292.808	gkr. 292.808

Um. 1.—3. Reikningar liggja fyrir um 2. lið, sem tekinn verður til greina. Engin gögn eru fyrir hinum liðunum, en hæfilegt þykir, að þeir hefðu verið teknir til greina með samtals 15.000 gömlum krónum.

Um 4. Áfrýjandi hefur sjálfur borið fyrir dómi, að hann hafi verið búinn að fá greiðslu í peningum fyrir þá veikindadaga, sem hann átti rétt á án launafrádráttar. Þrátt fyrir sérstaka áskorun lögmanns stefndu Sigurðar og Margrétar Lilju hefur áfrýjandi ekki gefið nánari skýringu á þessum kröfulið. Þykir hann svo vanreifaður, að vísa beri honum frá héraðsdómi.

Um. 5. Þegar litið er til þess, að áfrýjandi fékk greiddar skaðabætur að fjárhæð 90.000 gamlar krónur frá stefnda Sigurði þegar hinn 19. maí 1978, og haft er í huga það, sem segir um kröfuliði 1—4, þá þykir hann hafa fengið tjón sitt samkvæmt þessum kröfulið bætt með þeirri greiðslu.

Samkvæmt þessu ber að sýkna öll hin stefndu í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreindum kröfulið er vísað frá héraðsdómi.

Stefndu, Sigurður Stefánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Hilmar Þór Leifsson, skulu vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Gunnars Davíðs Jones.

Málskostnaður fellur niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, er varðar úrlausn hans á sáttinni, sem gerð var í sakadómi Reykjavíkur 5. maí 1978, svo og á 2. kröfulið áfrýjanda.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, fór fram lögregluransókn vegna atburða þeirra, sem gerðust í og fyrir utan veitingahúsið Klúbbinn aðfaranótt 28. ágúst 1977, þar sem áfrýjandi hlaut þá áverka, sem hann krefur bóta fyrir í máli þessu. Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi Sigurður ber bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem áfrýjandi varð fyrir, bæði innan dyra og utan. Stefndu Margrét Lilja og Hilmar Þór komu ekki við sögu fyrr en fyrir utan veitingahúsið. Af framburðum vitna, þeirra Elíasar Bergsveins Jóhannssonar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 19. september 1977 og fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 20. maí 1980, Pálmars Breiðfjörð fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 28. ágúst 1977 og fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 20. maí 1980, Rafns Vídalín Helgasonar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 30. ágúst 1977 og fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 19. maí 1970 svo og af framburði stefnda Sigurðar Stefánssonar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 28. ágúst 1977 og fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 19. maí 1980 þykir mér nægilega sannað, að stefndu Margrét Lilja og Hilmar Þór hafi tekið þátt í árásinni á áfrýjanda ásamt stefnda Sigurði fyrir utan veitingahúsið. Eigi er unnt með vissu að aðgreina þátt hvers hinna stefndu í árásinni og þeim áverkum, sem áfrýjandi hlaut. Verður þeim því gerð óskipt skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda.

II.

Áfrýjandi sundurliðar tjón sitt þannig:

1. Fataskemmdir	gkr.	17.000
2. Lækniskostnaður	—	6.000

3. Aksturskostnaður	gkr.	10.000		
4. Atvinnutap	—	59.808		
5. Miski	—	200.000		
6. Greitt til sakadóms Reykjavíkur 18/5 1979			gkr.	90.000
7. Mismunur			—	202.808
Samtals	gkr.	292.808	gkr.	292.808

Um 1.—3. Reikningar liggja fyrir um 2. lið, sem tekinn verður til greina. Gögn vantar að vísu fyrir hinum liðunum, en þar sem telja má þá sennilega, og þeim er í hóf stillt, verða þeir teknir til greina.

Um 4. kröfulið.

Undir þessum lið krefst áfrýjandi bóta vegna þess, að hann varð alveg óvinnufær í viku eftir árásina.

Samkvæmt vottorði frá vinnuveitanda áfrýjanda, Ýtutækni h/f, dagsettu 28. október 1977, kemur fram, að hann var frá vinnu vikuna 29. ágúst—4. september 1977, og allar launagreiðslur til hans féllu niður þann tíma.

Þær hefðu ella orðið 59.808 gamlar krónur.

Hér er því um tjón að ræða, sem er sennileg afleiðing af árásinni. Stefndu bera óskipt ábyrgð á tjóni þessu. Verða þau því dæmd til að bæta það óskipt, þar sem ekki verður séð, að áður gert samkomulag áfrýjanda við vinnuveitanda hans um greiðslu veikindapeninga skipti hina stefndu árásarmenn nokkru máli að lögum, enda verða þeir einungis krafðir bóta fyrir tjón þetta einu sinni.

Um 5. kröfulið.

Ég tel sannað, að stefndu hafi setið fyrir áfrýjanda, er hann kom út úr veitingahúsinu Klúbbnum. Þar beittu þau hann fólskulegri líkamsárás og m. a. spörkuðu í hann, þar sem hann lá á jörðinni. Þegar þetta er haft í huga svo og þau meiðsli, er hann hlaut, tel ég, að miskabætur ættu að ákveðast 1.500.00 nýkrónur.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefndu óskipt til að greiða áfrýjanda 1.528.08 nýkrónur (þ. e. nýkrónur 170.00 +

60.00 + 100.00 + 598.08 + 1.500.00 + 900.00) auk vaxta, svo sem í dómsorði mínu greinir.

Eftir þessum málalokum verða stefndu einnig dæmd til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 9.000.00 (ný)krónur.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð ætti að vera svofellt:

Stefndu, Sigurður Stefánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Hilmar Þór Leifsson, greiði áfrýjanda, Gunnari Davíð Jones, óskipt 1.528.08 (ný)krónur með 13% ársvöxtum af 2.428.08 (ný)krónum frá 28. ágúst 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 18. maí 1978, en með 19% ársvöxtum af 1.528.08 (ný)krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 8. desember 1982, og með áframhaldandi dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 9.000.00 (ný)krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið 23. þ. m., hefur Gunnar Davíð Jones bfreiðarstjóri, Álfaskeiði 78, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 20. desember 1979, á hendur Sigurði Stefánssyni bifreiðarstjóra, Hringbraut 84, Reykjavík, Margréti Lilju Guðmundsdóttur húsmóður, Brávallagötu 44, Reykjavík, og Hilmari Þór Leifssyni verkamanni, Langholtsvegi 103, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta vegna líkamsárásar, að fjárhæð 202.808 kr. með 13% ársvöxtum af 292.808 kr. frá 28. ágúst 1977 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá

þeim degi til 18. maí 1978, með 19% ársvöxtum af 202.808 kr. frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. desember 1979, en með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar, 175.420 kr. til stefndu Sigurðar og Margrétar Lilju sameiginlega og sömu fjárhæðar til stefnda Hilmars Þórs.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi var að skemmta sér í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 28. ágúst 1977 ásamt unnustu sinni, Hildi Eysteinsdóttur, en þar voru þá líka stefndi Sigurður og unnusta hans, Margrét Guðmundsdóttir, auk stefnda Hilmars og unnustu hans, og voru þau saman.

Þegar dansleiknum var í þann veginn að ljúka og stefnandi var á leið niður stiga í veitingahúsinu, lenti honum saman við stefnda Sigurð, er var að rífast við stúlku þar í stiganum og skamma hana, og einnig virðast þau hafa átt í einhverjum átökum. Gunnar fór að skipta sér af viðskiptum stefnda Sigurðar og stúlkunnar, og virðist hann hafa tekið á Sigurði. Í þessum átökum meiddist Gunnar við það, að fingur Sigurðar lenti í auganu á honum. Sigurði var vísað út úr húsinu, og fóru þau með honum stefnda Margrét og stefndi Hilmar. Sigurður kom þó inn í anddyrið aftur, og urðu þá enn átök milli hans og Gunnars. Gunnar heldur því fram, að Sigurður hafi slegið sig og styðst þar við gögn í málinu, en stefndi Sigurður neitar því.

Stefnandi fór út um bakdyr hússins, og urðu þar enn átök. Stefnandi heldur því fram, að stefndu hafi öll þrjú veist að sér og veitt sér áverka. Víst er, að þeir áttust þar við stefnandi Gunnar og stefndi Sigurður, en um þátt stefndu Margrétar og Hilmars er nokkuð óljóst eftir gögnum málsins. Svo fóru leikar, að stefnandi lá ósjálfbjarga á jörðinni, og var hann fluttur á slysadeild Borgarsjúkrahússins í sjúkrabíl. Var hann þá með töluverða bólgu á augnlokum vinstra auga, talsverður roði var á augnslímhúð og bólga og rof í slímhúðinni, sem var saumað saman. Samkvæmt vottorði vinnuveitanda stefnanda var hann frá vinnu vikuna 29. ágúst til 4. september 1977. Allar launagreiðslur féllu niður þessa viku, en þær hefðu orðið 59.808 kr.

Lögreglurannsókn fór fram út af atviki þessu, og við það tæki-

færi lagði stefnandi fram þann 30. október 1977 bótakröfu, sem sundurliðast þannig:

Fatnaður	17.000 kr.
Lækniskostnaður	6.000 —
Aksturskostnaður	10.000 —
Vinnutap	59.808 —
Miskabætur	160.000 —
Samtals	253.808 kr.

Með bréfi, dags. 21. febrúar 1978, sendi ríkissaksóknari sakadómi Reykjavíkur endurrit lögreglusannsóknarinnar ásamt fylgiskjölum og heimilaði, að málinu yrði lokið með dómssátt um greiðslu hæfilegrar sektar og sakarkostnaðar fyrir brot á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og um greiðslu sanngjarnra skaðabóta, „enda tefji ekki ágreiningur um skaðabæturnar afgreiðslu í refsiþætti málsins úr hófi".

Þann 5. maí 1978 samþykkti stefndi Sigurður að greiða 15.000 kr. í sekt til ríkissjóðs og 90.000 kr. í bætur til stefnanda. Greiðsla fór fram þann 18. maí 1978, og voru stefnanda sendar skaðabæturnar í bréfi sakadóms 19. maí 1978. Þann 15. desember 1978 krafði lögmaður stefnanda stefndu um bætur að fjárhæð 292.808 kr. að frádregnu því, sem greitt hafði verið, 90.000 kr., en mismunur þessara fjárhæða, 202.808 kr., samsvarar stefnufjárhæð málsins.

Meginmálsástæða stefnanda er, að stefndu hafi valdið honum tjóni með ólögmætum og saknæmum hætti og að þeim beri þannig að greiða honum hæfilegar skaðabætur og miskabætur skv. 264. gr. almennra hegningarlaga. Því er haldið fram, að líta beri á sáttina einungis sem samkomulag milli ríkisvaldsins og stefndu, sem stefnandi geti ekki verið bundinn af. Af stefndu hálfu er á því byggt, að sáttin feli í sér bindandi úrlausn um fullnaðarbætur til stefnanda, og er sérstaklega vitnað til 1. mgr. 146. gr. laga um meðferð opinberra mála í því sambandi .

Er gögn málsins eru virt og einkum sáttargerðin, þykir verða að leggja til grundvallar í þessu máli, að stefndi Sigurður eigi sök á því tjóni, sem leiddi af líkamsmeiðingum þeim, sem stefnandi varð fyrir í umrætt sinn. Varðandi þátt stefnda Hilmars Þórs og stefndu Margrétar Lilju þykir ástæða til að rekja það, sem fram kemur um það efni í gögnum málsins. Í því sambandi

þykir og rétt að gera nánari grein fyrir því, sem fram hefur komið um meiðsli stefnanda og tjón.

Samkvæmt læknisvottorðum kvartaði stefnandi um eymsli í höfði og sársauka í vinstra auga og verk í hægri síðu og í kvið, þegar hann kom á slysadeild Borgarspítalans. Fyrst á eftir telur hann sig ekkert hafa séð með skaddaða auganu. Skoðun við komuna á slysadeildina leiddi í ljós marflekk á enni, þrota í nefi, blóðstorku í nösum, mikið af óhreinindum í vinstra auga, rifu í slímhúð augans og bólgu og blæðingu utan á auganu og þar um kring. Einnig hafði blætt undir slímhúð augans. Vinstri kinn var bólgin og marin, varirnar sprungnar og bólgnar og talsvert af storknuðu blóði í munninum. Skrámur og marflekkir voru á herðum og fleiður á höndum, skrámur og mar á brjóstkassa og kviðvegg. Eymsli reyndust á brjóstkassa, en ekki kviðarholi. Hrufl var á mörgum stöðum á hægra læri og mikil eymsli í lærinu, hrufl var á vinstra hné, en ekki eymsli þar að ráði. Ekki var talin ástæða til sérstakrar meðferðar vegna annarra áverka en augnáverkanna, og var stefnanda vísað til augnlæknis, en skoðun hans leiddi í ljós töluverða bólgu á augnlokum vinstra auga, en ekki mar. Talsverður roði var á augnslímhúð og bólga, einkum nefmegin. Þar greindist ca 5 cm langt rof í slímhúðinni, og gapti það talsvert. Annað var ekki athugavert við augað, og sjónin var eðlileg á báðum augum. Rofið í slímhúðinni var strax saumað saman með tveimur stökum saumum. Einnig var dreypt á augað sýkladrepandi augndropum og sjúklingnum fenginn lyfseðill fyrir slíkum dropum. Sjúklingurinn kom þrisvar til eftirlits frá 30. ágúst til 5. september. Hann var þegar með eðlilega sjón þann 30. ágúst, og 5. september var slímhúðarsárið gróið og saumar fjarlægðir.

Í gögnum málsins er að finna reikninga fyrir útlagðan læknis-kostnað að fjárhæð 5.825 kr.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi viðurkennt, að hann hafi verið búinn að fá greiðslu í peningum sem svaraði þeim veikindadögum, sem hann átti rétt á án launafrádráttar. Um fataskemmdir man hann ekki nákvæmlega og virðist ekki viss um, hvort fötin séu enn til heima hjá sér.

Stefndi Hilmar synjaði fyrir það við lögreglu og einnig hér fyrir dómi, að hann hefði verið viðriðinn slagsmálin milli Sigurðar og Gunnars.

Samkvæmt lögregluskýrslu skýrði Sigurður lögreglunni svo frá, að Hilmar hefði aðstoðað sig við að berja á Gunnari og að

Hilmar hefði tjáð sér eftir slagsmálin, að hann hefði gefið manninum nokkur „trukk“. Fyrir dóminum kannaðist Sigurður ekki við, að Hilmar hefði aðstoðað sig, og hann kvaðst ekki muna, hvort hann sagðist hafa gefið manninum nokkur „trukk“, en hins vegar að Hilmar hefði sagst mundu hafa gert þetta, ef á hefði þurft að halda. Í lögregluskýrslunni er einnig haft eftir Sigurði, að hann hefði orðið var við það, meðan á átökunum stóð, að Gunnar fékk einhver högg í höfuðið, án þess að hann gæti séð, hver veitti höggin. Stefnandinn Gunnar kannast við, að hann hafi verið nokkuð drukkinn. Hann sagði hér fyrir dómi, að einhver hefði verið með Sigurði, þegar hann réðst á hann þarna fyrir utan húsið, en hann kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hver það var. Hann segist aldrei hafa séð Hilmar eða mann þann, sem veittist að honum með Sigurði.

Samkvæmt lögregluskýrslu skýrði Rafn Vídalín Helgason þjónn svo frá, að hann hefði séð Hilmar slá Gunnar nokkrum sinnum í höfuðið. Hér fyrir dómi sagði þetta vitni, að bæði Sigurður og Hilmar hefðu sparkað í Gunnar. Nánar aðspurt sagðist vitnið ekki hafa þekkt Hilmar, en áréttaði, að hann hefði séð, að maður í hvítri peysu veittist að Gunnari ásamt Sigurði.

Pálmar Breiðfjörð, stjúpbróðir Hildar, segist hafa séð tvo menn koma hlaupandi og ráðast á Gunnar, berja hann og sparka í hann. Hann kveður annan árásarmanninn aðallega hafa haft sig í frammi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda Margrét Lilja hafi ráðist á hann ásamt Sigurði og Hilmari og sparkað margsinnis í höfuðið á honum, þar sem hann lá meðvitundarlítill á jörðinni í greipum Sigurðar.

Margrét Lilja neitar því með öllu, að hún hafi sparkað í Gunnar eða komið nálægt honum, enda hefði hún kannast við að hafa verið önnum kafin við að þjarma að unnustu Gunnars, á meðan átök Sigurðar og Gunnars áttu sér stað. Hún kannast við að hafa verið mikið drukkin.

Í lögregluskýrslu er haft eftir Sigurði, að hann hafi sleppt Gunnari og Gunnar reynt að rísa á fætur, en Margrét hafi sparkað í sitjandann á honum, þannig að hann féll aftur á jörðina. Hér fyrir dómi hefur hann haldið því fram, að hann hafi ekki orðið var við, að Margrét Lilja veittist að Gunnari þarna fyrir utan.

Hilmar segir, að Margrét hafi eitthvað blandað sér í þetta. Hann segist ekki vera frá því, að hún hafi sparkað í Gunnar. Um þetta efni var hann ítarlega aðspurður fyrir dóminum, og sagðist

hann þá ekki geta fullyrt, að Margrét hefði sparkað í Gunnar. Í lögregluskýrslu er haft eftir Hilmari, að hann hafi ekki séð Margréti sparka í Gunnar.

Gunnar segist hafa heyrt, að kvenmaður kallaði: „Taktu hitt augað á honum líka".

Pálmar Breiðfjörð segist ekki hafa orðið þess var, að aðrir en Sigurður og Hilmar veittust að Gunnari, en hann segist hafa hlaupið frá, meðan átökin áttu sér stað, til að kveðja til lögreglu og kveður átökunum hafa verið lokið, þegar hann kom aftur. Í lögregluskýrslu er hins vegar haft eftir honum, að hann hafi séð Margréti sparka í Gunnar. Þegar honum var kynntur þessi framburður fyrir dóminum, sagðist hann muna, að svo hefði verið.

Rafn Vídalín Helgason segist ekki hafa séð Margréti Lilju sparka í Gunnar eða veita honum áverka, en hann kveður hana hafa eggjað karlmenina.

Vitnið Elías Bergsveinn Jónsson sjúkraliði, sem starfaði í aukavinnu á veitingahúsinu og hafði verið starfsfélagi beggja, Gunnars og Sigurðar, segist ekki muna, hvort aðrir hafi verið að skipta sér af þessu. Hann segist eitthvað muna eftir, að kvenmaður væri að skipta sér af þeim, en man ekki, hvort hún tók beinan þátt í átökunum. Eftir að lögregluskýrsla var borin undir hann, þar sem haft er eftir honum, að hann hafi séð stúlku sparka í Gunnar og heyrt hana hvetja Sigurð til að lemja Gunnar, sagði hann, að það væri rétt, að hann hefði séð stúlku sparka í Gunnar, þótt hann hefði ekki séð vel, hvernig það var.

Eins og að framan er rakið, óskaði stefnandi eftir því, að krafa yrði gerð fyrir hans hönd um greiðslu skaðabóta í sakadómi, en ríkissaksóknari heimilaði síðan, að málinu yrði lokið með dómssátt skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála og að úr bótaþætti málsins yrði leyst í þeirri úrlausn.

Þegar máli er ráðið til lykta með þessum hætti, og sökunautur samþykkir bótakröfu, og samkomulag verður um greiðslu hennar, ber skv. 146. gr. laganna að meta þann gerning sem sátt fyrir dómi. Samkvæmt þessu ákvæði þykir bera að leysa úr ágreiningi málsins að því er varðar Sigurð á sama hátt eins og gerð hefði verið sátt um málsefnið í einkamáli. Um úrlausn skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála er það þó sérstætt, að skv. 6. mgr. þeirrar greinar getur saksóknari kært til ónýtingar á ákvörðun dómara, ef sakborningur hefur verið látinn gangast undir fjarstæð málalok. Með því að fara fram á, að krafa yrði gerð fyrir sína hönd til greiðslu bóta við úrlausn refsimálsins, þykir stefn-

andi hafa undirgengist, að leyst yrði úr bótakröfu hans með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir og venja er til, þannig að hann yrði bundinn af þeim úrlausnum. Þykir hann þannig hafa orðið bundinn af sátt þeirri, sem gerð var í sakadómi, á sama hátt og sátt hefði verið gerð í einkamáli milli aðiljanna.

Dómssátt er bindandi sem samningur og verður almennt ekki hnekkt, nema á henni séu gallar, sem eigi að leiða til, að hún verði metin ógild. Þeirri málsástæðu hefur ekki verið hreyft beinlínis í málinu, að umrædd sátt sé ógild, og ekkert hefur komið fram, sem gefur til kynna, að svo sé. Þykir af þeim sökum bera að sýkna stefnda Sigurð af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, hlýtur að liggja mjög sterkur grunur á, að stefndu Margrét Lilja og Hilmar hafi tekið þátt í árásinni á stefnanda ásamt stefnda Sigurði. Hins vegar er ljóst, að þau eiga hvorugt sök á þeim áverka, sem stefnandi hlaut á vinstra auga, en meginhluti tjónsins virðist vera tengdur þeim áverka. Þá virðist ljóst, að stefnandi hafi verið búinn að fá atvinnumissi bættan fyrirfram frá vinnuveitanda sínum, en þegar þessara atriða er gætt svo og þess mats á tjóninu, sem fram kemur í sáttinni við Sigurð, þykir verða að telja, að stefnandi hafi þegar fengið allt það tjón bætt, sem stefndu Margrét Lilja og Hilmar Þór kynnu að hafa bakað honum, en eftir atvikum þykir málskostnaður milli stefnanda og stefndu Margrétar Lilju og Hilmars Þórs eiga að falla niður.

Samkvæmt 177. gr. laga nr. 85/1936 þykir stefnanda bera að greiða stefnda Sigurði málskostnað. Málskostnaðarkrafa stefnda Sigurður hefur ekki sætt andmælum sérsaklega að því er varðar fjárhæð, og ekki þykir hún sýnilega ósanngjörn, og þykir þá bera að taka hana til greina að fullu. Samkvæmt því ber stefnanda að greiða stefnda Sigurði 175.420 kr. í málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Stefánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Hilmar Þór Leifsson, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars D. Jones.

Stefnandi greiði stefnda Sigurði 175.420 kr. í málskostnað, en málskostnaður fellur niður milli stefnanda og stefndu Hilmars Þórs og Margrétar Lilju.

Greiðsla fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.